Við gerð fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1970 var fylgt þeirri meginstefnu að takmarka svo útgjöld ríkissjóðs, að fjárlög gætu orðið afgreidd greiðsluhallalaus án nokkurra nýrra skatta. Hefur þetta því aðeins getað tekizt, að allar nýjar fjárveitingabeiðnir hafa verið lagðar til hliðar, nema þegar athugun hefur leitt í ljós, að um óumflýjanleg útgjöld væri að ræða til að forðast vandræði eða til að veita brýna þjónustu og þá oft með bætt skipulag í huga. Ekki er lagt til að skerða að neinu leyti þá þjónustu, sem ríkið veitir borgurunum, og nú sem fyrr fellur meginhluti rekstrarútgjalda til þjónustugreinanna á tvo meginþætti, annars vegar menntamál og hins vegar heilbrigðis- og tryggingamál. Nemur útgjaldaauki til þessara tveggja málaflokka um helmingi allrar hinnar áætluðu hækkunar ríkisútgjalda á næsta ári, en hækkun á öðrum fjárlagaliðum er fyrst og fremst vegna hækkunar á launum opinberra starfsmanna.

Undirnefnd fjárveitinganefndar hefur að ósk fjármálaráðherra unnið áfram í samvinnu við fjárlaga- og hagsýslustofnun ráðuneytisins að ýmiss konar athugun á skipulagi ríkisrekstrarins með hagræðingu og sparnað að markmiði, og hefur ýmislegt verið fært til betri vegar og ágæt samvinna verið milli ráðuneytisins og nefndarinnar um úrlausnarefnin.

Engar fjárveitingar til framkvæmda hafa verið skertar, heldur er lagt til í frumvarpinu að auka fjárveitingar til ýmiss konar framkvæmda á vegum ríkisins um tæpar 90 millj. kr.

Við samning frumvarpsins var fylgt þeirri reglu að taka ekki inn í frumvarpið neina fjárveitingaliði á vegum hinna ýmsu ráðuneyta, þótt fé væri veitt til þeirra mála í fjárlögum þessa árs, ef viðkomandi ráðuneyti ekki gerði tillögu um þá liði.

Drög að framkvæmdaáætlun fyrir árið 1970 fylgja frumvarpinu nú sem fylgiskjal svo sem í fyrra. Er þetta gert til að draga upp mynd af óhjákvæmilegum viðfangsefnum utan ramma fjárlaga og hvaða úrræði séu til fjáröflunar. Síðar á þinginu mun framkvæmdaáætlunin að venju koma til meðferðar í frumvarpsformi.

Til þess að auðvelda þingmönnum sem mest að gera sér grein fyrir fjárlagafrumvarpinu er greinargerð þess tvíþætt. Fyrst er yfirlit um heildarbreytingar og samanburður við fjárlög 1969, og síðan eru rækilega skýrðar og sundurliðaðar allar breytingar á einstökum liðum.

Vegna greiðsluhalla ríkissjóðs síðustu árin ber sérstaklega brýna nauðsyn til þess, að fjárlög verði nú afgreidd á þann veg, að ríkisbúskapurinn verði raunverulega hallalaus á næsta ári.

Yfirlit og samanburður við fjárlög 1969.

Gjaldahlið.

Heildarútgjöld á rekstrarreikningi nema 7 826 829 þús. kr. á móti 7 000 607 þús. kr. í fjárlögum ársins 1969. Heildarhækkunin nemur þannig 826 222 þús. kr. eða 11.8%. Í þessari hækkun eru taldir tekjustofnar, sem ráðstafað er til vissra aðila eða verkefna, og nemur hækkun slíkra stofna 229 845 þús. kr. eða 15.7% frá fjárlögum 1969. Hækkun útgjalda á rekstrarreikningi að frátöldum ráðstöfuðum tekjustofnum nemur þannig 596 377 þús. kr., eða 10.8% frá fjárlögum 1969. Sýnir eftirfarandi yfirlit samanburð á fjárlögum 1969 og fjárlagafrumvarpi 1970:

	Fjárlög '69 Þús. kr.	Frumvarp '70 Þús. kr.	Hækkun Þús. kr.	Hækkun %
Útgjöld á rekstrarreikningi	7 000 607	7 826 829	826 222	11.8
Fyrirfr. ráðst. tekjustofnar	1 464 029	1 693 874	229 845	15.7
Útgj. án ráðst. tekjustofna	5 536 578	6 132 955	596 377	10.8

Sú nýbreytni er nú upp tekin, að nokkur launatengd gjöld eru færð undir launalið viðkomandi stofnana. Er hér um að ræða launaskatt og skyldutryggingar starfsfólks, sem áður hafa verið færð á liðinn önnur rekstrargjöld, svo og lífeyrissjóðsframlög, sem færð voru á sérstakan fjárlagalið undir fjármálaráðuneytinu, lið 1 06 381 02, lífeyrissjóðir, framlög, og fellur sá liður því niður. Að sjálfsögðu verður þetta til þess, að launaliðir einstakra stofnana verða ekki sambærilegir milli þessara tveggja ára, og verður þess getið hér á eftir, þegar þetta veldur verulegum mismun í samanburði á útgjöldum einstakra stofnana milli þessara tveggja ára. Þess skal getið, að í fjárlögum 1969 voru framlög til lífeyrissjóða áætluð 45 675 þús. kr., en verða nú samt. 52 282 þús. kr. Í frumvarpinu hefur enn fremur verið tekið tillit til launahækkana þeirra, er urðu í maímánuði sl., og laun einstakra stofnana hækkuð í samræmi við það. Aftur á móti eru launahækkanir frá 1. september og áætluð hækkun 1. desember vegna vísitöluuppbótar teknar á einn sameiginlegan lið undir fjármálaráðuneytinu, og gert ráð fyrir, að þessum hækkunum verði dreift á einstakar stofnanir í meðferð þingsins, þegar hækkanirnar eru endanlega kunnar.

Af þeirri 596.4 m.kr. eða 10.8% hækkun, sem verður á útgjöldum ríkissjóðs í þrengri merkingu, þ. e. án ráðstafaðra tekjustofna, eru 174.2 m.kr., eða 3.2%, aukin framlög ríkissjóðs til almannatrygginga, fyrst og fremst til sjúkratrygginga. Launahækkanir, sem urðu í maí sl., nema 95.2 m.kr. eða 1.7% og áætlaðar launahækkanir í september og desember 45.0 m.kr. eða 0.8%. Afgangurinn af hækkuninni 282.0 m.kr., eða 5.1%, dreifist á hin ýmsu svið opinberrar starfsemi.

Verður nú gerð frekari grein fyrir því, í hverju hækkun útgjalda frá fjárlögum 1969 er fólgin og jafnframt hverjar helztu lækkanir útgjalda frá því ári hafa orðið. Einnig verður sýnt sérstaklega í tölulegum yfirlitum yfir málefni einstakra ráðuneyta, hvaða tekjustofnar hafa áhrif á útgjaldaþróunina árið 1970. Á eftir þessum hluta greinargerðarinnar verður fjallað nákvæmar um fjárreiður hinna ýmsu stofnana og breytingar á fjárveitingum til einstakra málefna.

Ráðuneyti og málefnaflokkar.

00 Æðsta stjórn ríkisins. Á þessum lið kemur fram 12.4 m.kr. hækkun, einkum vegna Alþingis, 11.0 m.kr., en þar er tekið inn framlag til lífeyrissjóðs alþingismanna, 5.1 m.kr., sem var á öðrum lið fjárlaga 1969, eins og fyrr segir. Þá hafa breytingar á launum almennt og fleiri atriðum, svo sem húsaleigustyrkjum og ferðakostnaði alþingismanna, hér áhrif til hækkunar.

01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum, er undir þetta ráðuneyti heyra, í m.kr.:

	Breyt. frá fjárl. 1969	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	3.7	
Fræðslumál	139.0	1.8
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	3.3	÷1.8
Samtals	146.0	0.0

Yfirstjórn. Fyrir utan eðlilegar launahækkanir og færslu launatengdra gjalda á þennan lið, á hækkunin rætur að rekja til þess, að viðhald stjórnarráðshússins og ráðherrabústaðar á Þingvöllum er nú í fyrsta sinn fært undir aðalskrifstofu ráðuneytisins, 0.7 m.kr., og hið sama er að segja um kostnað við fálkaorðuna, 0.2 m.kr. Þá eru framlög til skólarannsókna aukin um 0.7 m.kr. vegna framhalds á rannsóknaverkefnum, sem þegar eru hafin. Loks er tekið inn framlag vegna þjóðhátíðar 1974 að fjárhæð 0.8 m.kr.

Fræðslumál. Framlög hækka um 139.0 m.kr., þar af 83.1 m.kr. til rekstrar barna- og gagnfræðaskóla og 11.1 m.kr. til byggingar barna- og gagnfræðaskóla, sem þegar

hafa fengið byrjunarfjárveitingar. Framlög til Háskóla Íslands hækka um 11.4 m.kr. og til rekstrar menntaskólanna um samtals 23.4 m.kr. Þá hækka framlög til rekstrar og byggingar Kennaraskólans og Æfinga- og tilraunaskólans um samt. 11.8 m.kr. Framlag til lánasjóðs ísl. námsmanna hækkar um 11.7 m.kr., til iðnskóla, rekstrar og bygginga, um 3.7 m.kr., til héraðsskóla um 2.7 m.kr. og til náms- og fræðimanna um 3.6 m.kr. Framlög til annarra fræðslumála hækka um 11.0 m.kr. nettó, en niður fellur sérstakt framlag, 34.5 m.kr., til endurgreiðslu rekstrarkostnaðar skóla fyrir janúar—ágúst 1968, er greitt var í eitt skipti fyrir öll í sambandi við framkvæmd nýju skólakostnaðarlaganna.

Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi. Sú 3.3 m.kr. hækkun framlaga, sem verður til þessa málefnaflokks, skýrist einkum af hækkun til Þjóðminjasafns 3.0 m.kr., Landsbókasafns 1.4 m.kr. og til lista 1.2 m.kr., en nettólækkun um 2.3 m.kr. kemur einkum fram á ýmsum ráðstöfuðum tekjustofnum.

02 Utanríkisráðuneytið. Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast þannig:

	Breyting frá fjárl. 1969
Yfirstjórn	1.4
Löggæzla á Keflavíkurflugvelli	2.7
Sendiráð	5.9
Alþjóðastofnanir	÷1.1
Samtals	8.9

Yfirstjórn. Hækkuninni, 1.4 m.kr., veldur flutningur fulltrúa og ritara heim frá sendiráðum erlendis, 0.4 m.kr., en að öðru leyti stafar hækkunin af færslu launatengdra gjalda á liðinn og af eðlilegum launahækkunum.

Löggæzla á Keflavíkurflugvelli. Þessi málefnaflokkur hækkar um 2.7 m.kr., þar af 0.9 m.kr. vegna ráðningar þriggja lögregluþjóna til löggæzlu í herstöð á Sandgerðisheiði, og að öðru leyti stafar hækkunin af launatengdum gjöldum og eðlilegum launahækkunum.

Sendiráð. Hækkunin, 5.9 m.kr., orsakast að verulegum hluta af því, að við gengisbreytinguna í nóvember 1968 voru föst laun starfsfólks sendiráðanna upphaflega hækkuð um 1.5% eins og annars staðar í ríkisrekstrinum. Eftir samþykkt fjárlaga var hins vegar tekin sú ákvörðun með samþykki fjárveitinganefndar, að eðlilegt væri að laun í erlendum gjaldeyri skyldu ekki lækka meira en sem svaraði almennri kjararýrnun launafólks hér heima, og þýddi þetta aukningu launaútgjalda vegna sendiráðanna um 3.4 m.kr. frá fjárlögum. Þá hefur verið fallizt á að hækka laun í sex sendiráðum um 3—5% vegna verðlagshækkana í viðkomandi löndum, samtals 1.1 m.kr., en afgangur hækkunarinnar er vegna almennra launahækkana og launatengdra gjalda.

Alþjóðastofnanir. Liðurinn lækkar um 1.1 m.kr. Framlag til IDA, 2.1 m.kr., fellur niður, en nettóhækkun um 1.0 m.kr. verður á öðrum liðum, svo sem skýrt verður í næsta hluta greinargerðarinnar.

03 Atvinnumálaráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. 1969	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	0.4	
Búnaðarmál	30.3	
Útvegsmál	53.4	÷ 0.2
Orkumál	64.0	48.9
Annað	2.8	
Samtals	150.9	48.7

Yfirstjórn. Hækkunin á þessum lið, 0.4 m.kr., stafar fyrst og fremst af eðlilegum launahækkunum.

Búnaðarmál. Framlög til búnaðarmála hækka um 30.3 m.kr., þar af uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 30.0 m.kr., jarðræktarframlög 8.0 m.kr., til búfjárræktar 2.0 m.kr., en á móti falla niður framlög til framleiðnisjóðs landbúnaðarins 10.0 m.kr. og framlag til bænda 5.0 m.kr., en lagaákvæði um þessi framlög náðu fram til ársins 1969. Nettóhækkun á öðrum liðum nemur samtals 5.3 m.kr.

Útvegsmál. Framlög til útvegsmála hækka um 53.4 m.kr. Útgjöld vegna byggingarsjóðs hafrannsóknaskips hækka um 28.0 m.kr. og vegna byggingarsjóðs síldarleitarskips um 2.4 m.kr. Framlög til aflatryggingarsjóðs sjávarútvegsins hækka um 9.9 m.kr., og er þá gert ráð fyrir framlengingu gildandi lagaákvæða um mótframlag ríkissjóðs, en hins vegar er tekið inn 10.0 m.kr. framlag til áhafnadeildar. Framlög til Hafrannsóknastofnunar hækka um 9.9 m.kr., einkum vegna rekstrar nýs hafrannsóknaskips, sem væntanlegt er á miðju árinu. Aðrar hækkanir í þessum málefnaflokki nema samtals 3.2 m.kr.

Orkumál. Í þessum málefnaflokki kemur fram 64.0 m.kr. hækkun. Meginhluti þeirrar hækkunar eða 47.5 m.kr. stafar af hækkun verðjöfnunargjalds, sem gerð var með bráðabirgðalögum nr. 79/1969. Hækkun vegna rafvæðingar í sveitum nemur 5.0 m.kr., og tekin er inn sérstök fjárveiting til endurgreiðslu framkvæmdalána vegna orkurannsókna, 6.3 m.kr. Öll renna framlög þessi til Orkusjóðs og nemur heildarhækkun til sjóðsins því 58.8 m.kr. Framlög til Orkustofnunar hækka um 5.2 m.kr.

Annað. Liðurinn hækkar um samtals 2.8 m.kr., og er þar helzt um að ræða byggingu og viðhald húsmæðraskóla í sveitum 0.9 m.kr., skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna 0.7 m.kr. og ýmsa aðra liði, er hækka um samtals 1.2 m.kr.

04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Málefnaflokkar á sviði þessa ráðuneytis hækka sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1969	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	1.1	
Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	32.6	
Heilbrigðismál	19.3	0.5
Þjóðkirkjan	5.2	
Annað	2.2	
Samtals	60.4	0.5

Yfirstjórn. Hækkunin á þessum lið, 1.1 m.kr., er einkum fólgin í eðlilegum launahækkunum og færslu launatengdra gjalda á liðinn.

Dómgæzla, lögreglumál o. fl. Þessi málefnaflokkur hækkar um samtals 32.6 m.kr. og eru helztu hækkunarliðir þessir: Löggæzla 11.2 m.kr., sbr. skýringar í næsta hluta greinargerðarinnar, embætti sýslumanna og bæjarfógeta samtals 7.3 m.kr., Landhelgisgæzla 3.8 m.kr., eingöngu vegna landhelgissjóðs, sbr. síðar, fangelsi í Síðumúla, nýr liður, 2.7 m.kr., Litla-Hraun 2.0 m.kr., og er þar m. a. um að ræða stækkun hælisins. Loks hækka aðrir liðir innan málefnaflokksins um samtals 5.6 m.kr.

Heilbrigðismál. Framlög hækka um samtals 19.3 m.kr., sem þó gefur ekki rétta mynd af útgjaldaþróuninni vegna heilbrigðismála, því að hækkunin er miklum mun meiri, eins og fram kemur í skýringum við Tryggingastofnun ríkisins hér á eftir, en vegna breytingar á greiðslukerfi sjúkratrygginganna, sem gerð var á sl. ári, kemur útgjaldaaukning vegna ríkissjúkrahúsanna fyrst og fremst þar fram. Framlög til rekstrar ríkisspítalanna, eins og þau koma fram á þessum lið, lækka af þessum sökum um 2.2 m.kr., en afborganir lána vegna Landspítalans hækka um 2.1 m.kr. Þá er tekið inn byggingarframlag til fæðingardeildar Landspítalans, 10.0 m.kr., framfærsla fávita hækkar um 7.8 m.kr. vegna fjölgunar legudaga og hækkaðs daggjalds, framlag til landlæknisembættis hækkar um 3.6 m.kr., en þar er nú tekið inn

hið nýja heilbrigðiseftirlit ríkisins, sem stofnað var með lögum nr. 12/1969, og loks lækka framlög til sjúkrahúsa og læknisbústaða um 4.6 m.kr., og kemur þar til framangreind breyting á greiðslukerfi sjúkratrygginganna. Framlög til annarra heilbrigðismála hækka um samtals 2.7 m.kr.

Þjóðkirkjan. Hækkunin, 5.2 m.kr., skýrist fyrst og fremst af eðlilegum launahækkunum og færslu launatengdra gjalda á liðinn.

Annað. Framlög hækka um 2.2 m.kr., þar af framlag til gæzluvistarsjóðs vegna fyrirhugaðrar aukningar húsrýmis 1.5 m.kr. og aðrir liðir um samtals 0.7 m.kr.

05 **Félagsmálaráðuneytið.** Málefnaflokkar á sviði félagsmálaráðuneytisins breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1969	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	0.4	
Almannatryggingar	224.9	50.7
Húsnæðismál	34.4	34.6
Önnur félagsmál	÷12.7	33.2
Samtals	246.8	118.5

Yfirstjórn. Framlag hækkar um 0.4 m.kr., þar af 0.2 m.kr. vegna ráðningar nýs fulltrúa á sviði vinnumála, en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launahækkanir.

Almannatryggingar. Heildarhækkun framlaga að meðtöldum atvinnuleysistryggingum nemur 224.9 m.kr., en þar af eru 50.7 m.kr. vegna almannatryggingagjalda, sem jafnframt eru færð í tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins. Afgangur hækkunarinnar, 174.2 m.kr., skýrist þannig: framlög til sjúkratrygginga, sem eru nátengd daggjaldaákvörðunum, hækka um 180.7 m.kr., framlög til atvinnuleysistrygginga hækka um 13.3 m.kr., en framlög til lífeyristrygginga lækka um 19.8 m.kr. vegna innstæðu um áramót.

Húsnæðismál. Sú 34.4 m.kr. hækkun, sem fram kemur á þessum málefnaflokki, á eingöngu rætur að rekja til ráðstafaðra tekjustofna, þ. e. launaskatts, sem hækkar um 32.0 m.kr., og annarra byggingasjóðsgjalda, er hækka um 2.6 m.kr. Hins vegar lækkar framlag til Byggingasjóðs verkamanna um 0.2 m.kr. vegna minni áætlaðs teiknikostnaðar.

Önnur félagsmál. Framlög til þessa málefnaflokks lækka um 12.7 m.kr. Sérstakt framlag til atvinnujöfnunarsjóðs, 50.0 m.kr., fellur nú niður, en í staðinn rennur þangað álgjald, 30.0 m.kr., þ. e. hluti sjóðsins af framleiðslugjaldi álverksmiðjunnar í Straumsvík. Þá er tekinn inn nýr liður, framlag til lífeyrissjóðs verkalýðsfélaganna, í samræmi við kjarasamningana fyrr á þessu ári, 6.3 m.kr., og framlög í erfðafjársjóð, þ. e. erfðafjárskattur úr tekjuhlið frumvarpsins hækkar um 2.0 m.kr. Nettólækkun á öðrum liðum nemur samtals 1.0 m.kr.

06 **Fjármálaráðuneytið.** Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum á sviði þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. 1969	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	2.1	
Toll- og skattheimta	12.6	1.6
Lífeyrissj., styrktarfé og eftirlaun	÷42.0	
Annað	86.8	÷19.0
Samtals	59.5	÷17.4

Yfirstjórn. Á þessum málefnaflokki verður 2.1 m.kr. hækkun, sem orsakast annars vegar af eðlilegum launahækkunum og launatengdum gjöldum og hins vegar

af auknum kostnaði við ríkisbókhald, en starfsemi þess eykst í samræmi við nýju lögin um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Toll- og skattheimta. Hækkunin, 12.6 m.kr., kemur þannig fram: Skattstofur að meðtöldu embætti ríkisskattstjóra hækka um 4.8 m.kr., tollstjóri og tollgæzla um 6.9 m.kr., hvort tveggja vegna eðlilegra launahækkana og færslu lífeyrissjóðsframlaga á embættin. Sameiginlegur kostnaður við tollamál, 2.0 m.kr., er nú færður sérstaklega, en ekki hafði verið gert ráð fyrir þessum lið í fjárlögum 1968 og 1969 (var á 11. gr. C eldri fjárlaga), en kostnaðarhluti ríkissjóðs við Gjaldheimtuna lækkar um 1.1 m.kr.

Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun. Á þessum málefnaflokki verður 42.0 m.kr. lækkun. Framlag til lífeyrissjóða fellur nú niður sem sérstakur liður, þar sem gert er ráð fyrir slíkum framlögum í launakostnaði einstakra stofnana. Þessi framlög námu 45.7 m.kr. í fjárlögum 1969. Uppbætur á lífeyri hækka um 3.7 m.kr.

Annað. Framlög innan þessa málefnaflokks hækka um samtals 86.8 m.kr. Vaxtagreiðslur af lánum í Seðlabanka hækka um 32.0 m.kr. Inn er tekinn sérstakur liður, 45.0 m.kr., vegna verðlagsuppbóta á laun 1. september og 1. desember, og er gert ráð fyrir, að fjárhæðinni verði skipt á launalið einstakra stofnana í meðförum þingsins, þegar vitað er með vissu, hverjar uppbæturnar verða. Framlag ríkissjóðs til ríkisábyrgðasjóðs hækkar um 8.0 m.kr. og framlag til hlutabréfakaupa um 4.2 m.kr. vegna innlausnar hlutabréfa í Áburðarverksmiðjunni. Þá hækka framlög til orlofsheimilis BSRB um 1.5 m.kr., til endurnýjunar ríkisbifreiða um 2.0 m.kr. og aðrir liðir nettó um 0.8 m.kr., en framlag til fasteignamats lækkar um 6.7 m.kr.

07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið. Málefnaflokkar á sviði þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1969	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	0.3	
Vegamál	78.2	78.9
Önnur samgöngumál	74.9	0.2
Iðnaðarmál	1.9	0.4
Annað	0.6	
Samtals	155.9	79.5

Vegamál. Framlög til vegamála hækka um 78.2 m.kr., sem skýrist af hækkun ráðstafaðra tekjustofna um 78.9 m.kr., en beint framlag ríkissjóðs til Kísilvegar lækkar um 0.7 m.kr. Þess skal getið, að tekjustofnar vegasjóðs eru í heild 23.3 m.kr. hærri en rekstrarútgjöld sjóðsins, vegna þess að hluti fjárins fer til afborgunar lána af Reykjanesbraut, þ. e. 16.5 m.kr. veggjald og 6.8 m.kr. annað vegasjóðsfé. Þá leggur ríkissjóður fram 21.0 m.kr. til afborgunar vegalána, þannig að í heild verða þessar afborganir 44.3 m.kr. á fjárlögum.

Önnur samgöngumál. Framlög til þessa málefnaflokks hækka í heild um 74.9 m.kr. Framlög til hafnamála hækka um 44.5 m.kr., þar af 29.4 m.kr. tilfærsla landshafnalána á rekstur sem framlag til B-hluta stofnana, sem áður voru talin með afborgunum lána í A-hluta, framlög til hafnabótasjóðs 9.0 m.kr. og hafnaframkvæmdir 6.1 m.kr. Þá er tekinn inn nýr liður, rekstrardeild ríkisskipa, 3.7 m.kr., sem í raun þýðir verulegan sparnað í rekstri ríkisskipa, eins og skýrt verður í næsta hluta greinargerðarinnar. Framlög til flugmála hækka um 11.6 m.kr., einkum vegna vaxta og afborgana af framkvæmdalánum, til Veðurstofu Íslands um 10.6 m.kr., að mestu vegna fyrirhugaðrar nýbyggingar fyrir stofnunina, og loks hækka aðrir liðir um samtals 4.5 m.kr.

Iðnaðarmál. Sú hækkun, sem kemur fram á þessum málefnaflokki, 1.9 m.kr., skýrist einkum af eðlilegum launahækkunum og færslu launatengdra gjalda á viðkomandi stofnanir.

08 **Viðskiptaráðuneytið.** Helztu breytingar á málefnaflokkum á sviði viðskiptaráðuneytisins eru þessar:

	Breyting frá fjárl. 1969
Yfirstjórn	0.6
Niðurgreiðslur	+18.3
Annað	1.0
Samtals	+16.7

Niðurgreiðslur. Fyrirsjáanlegt er, að niðurgreiðslur á vöruverði muni verða verulega undir áætlun fjárlaga ársins 1969 vegna minnkunar á neyzlu dilkakjöts. Á þeirri forsendu er áætlað, að á árinu 1970 verði niðurgreiðslur 18.3 m.kr. lægri en árið áður.

Annað. Liðurinn hækkar um 1.0 m.kr., þar af 0.7 m.kr. vegna eðlilegra launahækkana á verðlagsskrifstofu og 0.3 m.kr. vegna aukins framlags til vörusýninga erlendis.

09 **Hagstofa Íslands.** Hækkun 1.0 m.kr. og

10 **Ríkisendurskoðun,** hækkun 1.0 m.kr. stafar að mestu af eðlilegum launahækkunum og færslu launatengdra gjalda á launalið stofnananna.

Tekjuhlið.

Áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1970 er, eins og á undanförnum árum, gerð í Efnahagsstofnuninni. Er áætlunin byggð á þjóðhagspá Efnahagsstofnunarinnar eins og hún var endurskoðuð eftir kjarasamningana í maí sl. og með síðustu vitneskju um kauplags- og verðlagsbreytingar. Er þar gert ráð fyrir, að atvinnuástand verði ekki lakara en það mun að jafnaði verða í ár, en það er byggt á þeirri forsendu, að síldveiðarnar bregðist ekki gjörsamlega í haust, heldur verði síldarafli ársins ekki minni en 1968, eða annar afli komi í hans stað.

Á undanförnum árum hefur tekjuáætlunin verið miðuð við meðferð ríkisreikningsmeð hinu eldra sniði á þeim tekjuliðum, sem hann náði til, en áætlun annarra tekjuliða hefur víðast verið miðuð við innheimtu á almanaksári. Reikningsár hins eldra ríkisreiknings var ekki með föstum tímamörkum, heldur teygði sig ætíð nokkuð inn á næsta ár, þó mislangt eftir innheimtumönnum og gjöldum. Nú hefur verið gerð gangskör að því að miða tekjuáætlunina við innheimtu á almanaksári, eftir því sem frekast hefur verið unnt, og eyða þar með ósamræmi í áætlanagerðinni.

Heildartekjur á rekstrarreikningi eru áætlaðar 8 082.1 m.kr. á móti 7 096.5 m.kr. í fjárlögum 1969, og nemur hækkunin því 985.6 m.kr., eða 13.9%. Af heildartekjunum nema ráðstafaðir tekjustofnar á rekstrarreikningi og lánahreyfingum 1 717.2 m.kr., en voru 1 464.0 m.kr. í fjárlögum 1969, þannig að hækkun þessara tekjustofna er 253.2 m.kr., eða 17.3%. Tekjur ríkissjóðs án ráðstafaðra tekjustofna hækka því um 732.5 m.kr., eða 13.0%.

Persónuskattar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að persónuskattar hækki um 52.0 m.kr. Er hér fyrst og fremst um að ræða iðgjöld til almannatrygginga, sem hækkuð voru um sl. áramót í sambandi við hækkun bóta almannatrygginga. Gjöld þessi hækka um samtals 50.7 m.kr., en auk þess hækkar námsbókagjald um 1.3 m.kr. vegna aukins útgáfukostnaðar.

Eignarskattar. Hækkun eignarskatta nemur 14.1 m.kr., sem byggist á því, að skattgjaldseign einstaklinga er áætluð 2.3% og skattgjaldseign félaga 4.5% hærri en árið áður.

Tekjuskattar. Tekjuskattar hækka um 89.0 m.kr. Meginhluti hækkunarinnar, 82.4 m.kr., verður á tekjuskatti einstaklinga, en tekjuskattur félaga hækkar um 6.6 m.kr. Að baki þessarar áætlunar liggur m. a. það, að kauptaxtar hækki árið 1969 um 11.8% að meðaltali frá árinu áður. Þó er hækkun nettótekna áætluð lægri,

eða 10% á mann, vegna atvinnuástandsins og hækkunar stórra frádráttarliða, almannatrygginga- og sjúkrasamlagsgjalda, umfram áðurnefnd 11.8%. Þá er gert ráð fyrir 10% hækkun álagningar tekjuskatts félaga milli 1969 og 1970.

Gjöld af innflutningi. Þessi gjöld eru áætluð 346.5 m.kr. hærri en í fjárlögum 1969, og munar þar mest um aðflutningsgjöld, er hækka um 305.2 m.kr. Gert er ráð fyrir, að almennur vöruinnflutningur aukist um 6.2% frá spá 1969 og meðaltollur verði 27.0%. Tekjur vegasjóðs af innflutningsgjaldi af benzíni og gúmmígjaldi hækka um samtals 92.0 m.kr. og hagnaður af sölu varnarliðseigna um 1.8 m.kr. Á hinn bóginn hefur reynsla ársins 1969 leitt í ljós mjög verulegan samdrátt í bifreiðainnflutningi, og er fyrirsjáanlegt, að fjárlagaáætlun innflutningsgjalda af bifreiðum og bifhjólum stenzt engan veginn í ár. Er gert ráð fyrir, að á árinu 1970 lækki tekjur af þessum gjöldum um 52.4 m.kr. frá fjárlögum 1969.

Skattar af framleiðslu. Þessi flokkur skatta hækkar um 38.2 m.kr., einkum vegna þess að nú er í fyrsta sinn áætlað álgjald, þ. e. framleiðslugjald álverksmiðjunnar í Straumsvík. Er hér um að ræða þann hluta, er rennur til atvinnujöfnunarsjóðs, 30.0 m.kr. Gjald af innlendum tollvörum hækkar um 6.9 m.kr. og flöskugjald og sælgætisgjald um samtals 1.3 m.kr.

Gjöld af seldum vörum og þjónustu hækka um samtals 368.9 m.kr., þar af söluskattur til ríkissjóðs um 201.6 m.kr., og er þá gert ráð fyrir 8% aukningu söluskattsveltu. Er innheimtan miðuð við almanaksár, eða 98% af álagningu 1.—3. ársfjórðungs 1970 og 4. ársfjórðungs 1969 að viðbættum 2% af tilsvarandi tölum ári fyrr, þ. e. vegna óinnheimtra eftirstöðva. Hagnaður ÁTVR er talinn munu aukast um 133.0 m.kr., og valda hér mestu áætluð áhrif tekjubreytinga einstaklinga. Launaskattur hækkar um 32.0 m.kr. og aðrir skattar í þessum flokki um samtals 2.3 m.kr.

Aðrir óbeinir skattar. Þessi flokkur skatta hækkar um samtals 58.6 m.kr., og munar þar mest um hækkun verðjöfnunargjalds á rafmagni, skv. lögum nr. 79/1969, um 47.5 m.kr. Tekjur af stimpilgjaldi hækka um 12.5 m.kr., af þinglýsingum um 10.3 m.kr. og bifreiðaskattur, sem rennur í vegasjóð, um 8.7 m.kr. Á hinn bóginn lækka tekjur af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna um 9.5 m.kr., svo og leyfisgjald um 8.0 m.kr., hvort tveggja vegna ofáætlunar í fjárlögum 1969. Óverulegar breytingar verða á öðrum óbeinum sköttum.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta. Alls er um að ræða 18.5 m.kr. hækkun á þessum lið, þar af 17.5 m.kr. frá flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og 1.0 m.kr. frá fríhöfninni þar.

Ýmsar tekjur. Mjög óverulegar breytingar verða á þessum lið.

Lánahreyfingar.

Lánahreyfingar út, þ. e. afborganir af lánum ríkissjóðs og ríkisstofnana í A-hluta, nema samtals 186 384 þús. kr., en lánahreyfingar inn, þ. e. innheimtar afborganir af skuldabréfum ríkissjóðs, eru 2 230 þús kr., þannig að halli á lánajöfnuði nemur 184 154 þús. kr. Afborganir af lánum ríkissjóðs hækka um 96 316 þús. kr. frá fjárl. 1969, og sýnir eftirfarandi yfirlit samanburð á lánahreyfingum út þessi tvö ár:

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '69	Fjárl.frv. '70	Mism.
01 301	Menntaskólinn í Reykjavík	573	573	—
01 302	Menntaskólinn á Akureyri	282	479	197
01 303	Menntaskólinn á Laugarvatni	153	750	597
01 304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	1 651	3 236	1 585
01 321	Kennaraskólinn	2 493	1 598	÷ 895
01 422	Ríkisútgáfa námsbóka	280	320	40
01 501	Tækniskólinn	287	287	—
01 521	Hjúkrunarskóli Íslands	278	242	÷ 36
01 605	Alþýðuskólinn á Eiðum	115	115	—

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '69	Fjárl.frv. '70	Mism.
01 649	Heyrnleysingjaskólinn	100	3 767	3 667
01 841	Náttúruverndarráð	326	326	—
02 305	Sendiráðið í Osló	37	37	—
02 307	Sendiráðið í Stokkhólmi	911	861	÷ 50
02 308	Sendiráðið í Washington	229	233	4
02 309	Sendinefnd Íslands hjá Sþ.	1 011	1 047	36
02 400	Alþjóðastofnanir	772	0	÷ 772
03 230	Skógrækt ríkisins	225	263	38
04 208	Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík	2 600	3 986	1 386
04 371	Landspítalinn	4 708	8 449	3 741
06 208	Skattstofa Suðurlands, Hellu	626	7	÷ 619
06 991	Ýmis lán ríkissjóðs:			
	Lán vegna eignakönnunar 1947	374	374	—
	Sparisjóður Reykjavíkur v. Drápuhlíðar 4	1	—	÷ 1
	Seðlabankinn v. Drangsness	14	14	—
	Seðlabankinn v. nýsk. togara og Sviþjóðarbáta	196	—	÷ 196
	Seðlabankinn v. lánadeildar smáíbúða	2 344	2 344	—
	Seðlabankinn v. Vonarstrætis 12	350	350	—
	Handhafalán v. Vonarstrætis 12	351	352	1
	Seðlabankinn v. Skjaldbreiðareignar	800	800	—
	Handhafalán v. Skjaldbreiðareignar	750	750	—
	Handhafalán v. Kirkjustrætislóða	2 050	2 050	—
	Brunabótafél. v. Seyðisfjarðarhúsa	14	14	—
	Landsb. v. hlutabréfakaupa í Kísiliðjunni	200	200	—
	Lán Seðlabanka v. hægri umferðar	17 000	—	÷17 000
	Lán hjá Alþjóðabankanum	20 007	—	÷20 007
	Lán hjá I.D.A.	1 453	969	÷ 484
	PL-480 v. hlutabr.kaupa í Kísiliðjunni	—	1 803	1 803
	Afborgun skuldabréfaláns hjá Seðlab. Ísl.	—	100 000	100 000
	Áburðarsölulán	—	4 500	4 500
07 211	Vegagerð	—	44 300	44 300
07 333	Hafnamál	25 595	—	÷25 595
07 356	Landmælingar	200	200	—
07 400	Iðnaðarmálastofnun Íslands	712	788	76
	Samtals	90 068	186 384	96 316

Meginbreytingar milli þessara tveggja ára eru þessar: Inn er tekin 100 000 þús. kr. afborgun til Seðlabankans vegna yfirdráttarskuldar, sem breytt hefur verið í skuldabréfalán, og auk þess afborganir af vegalánum 44 300 þús. kr., en þessar afborganir voru taldar með almennum útgjöldum vegagerðar í fjárlögum 1969. Þá nema afborganir af láni vegna gengistaps Áburðarsölu ríkisins 4 500 þús. kr., aukning afborgana af lánum vegna viðbyggingar Landspítalans nemur 3 741 þús. kr. og vegna byggingar Heyrnleysingjaskóla 3 667 þús. kr. Á móti falla niður af þessum lið afborganir af landshafnalánum, sem voru 25 595 þús. kr. í fjárlögum 1969, en koma fram sem tilfærsla til B-hluta stofnunar á öðrum stað. Enn fremur falla niður afborganir af láni hjá Alþjóðabankanum, 20 007 þús. kr., en lánið hefur verið greitt að fullu, og af sérstöku láni í Seðlabanka 17 000 þús. kr., vegna hægri umferðar. Nettóhækkun afborgana af öðrum lánum er 2 710 þús. kr.

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins.

00 Æðsta stjórn ríkisins.

101 **Embætti forseta Íslands.** Fjárveiting hækkar um 804 þús. kr., þar af viðhald um 309 þús. kr. vegna óhjákvæmilegra viðgerða á forsetasetrinu. Launaliður hækkar um 450 þús. kr., einkum vegna verðlagsuppbóta á laun og færslu launatengdra gjalda á liðinn. Afgangurinn, 45 þús. kr., dreifist á ýmsa kostnaðarliði.

201 **Alþingi.** Fjárlagaáætlun Alþingis gerir ráð fyrir 10.954 þús. kr. útgjaldaaukningu frá fjárlögum 1969. Tæplega helmingur þeirrar hækkunar, eða 5 100 þús. kr., stafar af færslu framlaga í lífeyrissjóð alþingismanna á liðinn, en öll slík framlög voru áður á sérstökum fjárlagalið, svo sem fyrr segir. Þá voru ferða- og húsaleigustyrkir alþingismanna hækkaðir haustið 1968, en láðst hefur að taka tillit til kostnaðarauka, sem af því leiddi, á fjárlögum. Þar við bætast eðlilegar launahækkanir, þannig að þingfararkaup alþingismanna er talið 4 631 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1969, og launakostnaður starfsmanna Alþingis 1 217 þús. kr. hærri. Þá er kostnaður við nefndir, aðstoð og aukavinnu áætlaður 496 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1969, þannig að í heild vex launaliðurinn um 11 444 þús. kr., en önnur rekstrargjöld lækka á móti um 490 þús. kr.

301 **Ríkisstjórn.** Launaliður hækkar um 297 þús. kr., eingöngu vegna verðlagsuppbótar og launatengdra gjalda, en teknir eru inn sérstakir liðir vegna opinberra heimsókna til Íslands, 300 þús. kr., og gestamóttöku 17. júní, 80 þús. kr., sem áður voru greiddir af aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins, þannig að fjárveiting hækkar í heild um 677 þús. kr.

01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 3 320 þús. kr., og skiptist hækkunin á viðfangsefni sem hér segir: Yfirstjórn hækkar um 871 þús. kr., þar af 620 þús. kr. vegna verðlagsuppbóta og launatengdra gjalda og 251 þús. kr. vegna ýmiss kostnaðar. Fræðileg rannsókn á skólakerfinu hækkar um 670 þús. kr., sem auk eðlilegra launahækkana stafar af auknum rannsóknum á verkefnum, er þegar hefur verið byrjað á. Kostnaður við byggingadeild hækkar um 45 þús. kr. af eðlilegum ástæðum. Þá er tekin inn sérstök fjárveiting vegna verkefna, sem unnin eru af Efnahagsstofnuninni á sviði menntamála, 410 þús. kr., en á móti lækkar kostnaður við fjármáladeild um 286 þús. kr. Loks eru teknir inn þrír nýir liðir, viðhald stjórnarráðshúss og ráðherrabústaðar á Þingvöllum, 700 þús. kr. (áður á aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins), fálkaorðan 160 þús. kr. og vegna þjóðhátíðar 1974 750 þús. kr.

201 **Háskóli Íslands.** Fjárveiting til Háskóla Íslands hækkar um 11 354 þús. kr. skv. frumvarpinu. Skiptist hækkunin á einstök viðfangefni sem hér segir: Yfirstjórn hækkar um 737 þús. kr., þar af 293 þús. kr. vegna launauppbótar og launatengdra gjalda og 52 þús. kr. vegna flokkahækkana. Þá hefur verið heimiluð ráðning símastúlku fyrir Háskólann og stofnanir hans auk ritara í Árnagarð, samt. 300 þús. kr. Loks hækka ýmsir kostnaðarliðir á yfirstjórn um samt. 92 þús. kr. Kostnaður við guðfræðideild eykst um 215 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar á laun og launatengdra gjalda. Framlög til læknadeildar hækka um 2 755 þús. kr., þar af eðlilegar launahækkanir og launatengd gjöld 834 þús. kr., og kostnaðarauki, sem leiðir af hinni nýju kennsluáætlun, sem samþykkt hefur verið, nemur 916 þús. kr. Þá hækka framlög til tækjakaupa um 500 þús. kr., ferðakostnaður líkskurðarnema erlendis um 260 þús. kr. og annarra liða, þ. m. t. stundakennsla, um 245 þús. kr. Framlög til tannlækninga hækka um 496 þús. kr., einkum vegna launauppbótar og launatengdra gjalda, og til lyfjafræði lyfsala um 79 þús. kr. af sömu ástæðu. Kostnaður við lagadeild eykst um

714 þús. kr., þar af vegna launauppbóta o. þ. h. 346 þús. kr., aukinnar stundakennslu 162 þús. kr. og prófessorslauna fráfarandi rektors 305 þús. kr., en niður falla laun dósents 99 þús. kr. vegna tilflutnings í aðra deild. Kostnaður við viðskiptadeild eykst um 291 þús. kr., þar af 202 þús. kr. vegna verðlagsuppbóta á laun og launatengdra gjalda og 89 þús. kr. vegna stundakennslu og tækjakaupa. Framlög til heimspekideildar hækka um 433 þús. kr., einkum vegna eðlilegra launahækkana o. þ. h. Þess skal getið, að við heimspekideild hefur verið heimiluð ráðning tveggja dósenta, annars í þýzku og hins í mannkynssögu, en kostnaðarauki af því er óverulegur sökum minnkunar stundakennslu á móti. Hækkun framlaga til verkfræðideildar nemur 1 687 þús. kr. og er þá að fullu tekin til greina tillaga Háskólans um kennslulaun í náttúrufræðigreinum, en kostnaðarauki vegna þeirrar kennslu er 970 þús. kr. Að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launahækkanir o. þ. h., er nema 717 þús. kr. Framlag til bókasafns hækkar um 873 þús. kr., þar af launauppbætur o. þ. h. 146 þús. kr. og annar kostnaður 27 þús. kr. Þá eru framlög til bókakaupa hækkuð um 700 þús. kr., þar af 250 þús. kr. til bókakaupa í lestrarbókasafn stúdenta. Kostnaður við íþróttakennslu eykst um 75 þús. kr. af eðlilegum ástæðum og kostnaður við rekstur fasteigna um 2 007 þús. kr., einkum vegna reksturs Árnagarðs, þar af ræstingarlaun og húsvarðarlaun 1 256 þús. kr., launauppbætur o. þ. h. 281 þús. kr. og ýmis rekstrargjöld 470 þús. kr. Sameiginleg útgjöld aukast um 842 þús. kr. nettó, en helztu breytingar á liðnum eru eftirfarandi: Inn eru tekin laun þriggja prófessora, 873 þús. kr. Er þá að fullu haldin samþykkt um kennaraáætlun Háskólans, að frátöldum einum prófessor í læknadeild, sem koma hefði átt inn skv. áætluninni, en læknadeild hefur nú lagt fram og fengið samþykkta nýja áætlun, þar sem ekki er gert ráð fyrir nýjum prófessor á árinu 1970. Rétt þykir að taka þessa prófessora á sameiginlegan lið, en skipta þeim ekki á deildir, en sem kunnugt er hefur staðið yfir endurskoðun á kennsluháttum Háskólans og starfsemi hans yfirleitt, sem ekki er lokið við samningu fjárlagafrumvarpsins. Verður því beðið eftir tillögum Háskólans um ráðstöfun þessara embætta. Þá er gert ráð fyrir launum stúdentaráðgjafa, 300 þús. kr., og enn fremur 100 þús. kr. framlagi til byrjunarkennslu í félagsfræði. Kostnaður við þátttöku háskólakennara í fundum erlendis er áætlaður 150 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1969 og prófkostnaður, útgáfa kennslubóka og orlof háskólakennara hækkar um samtals 333 þús. kr., og loks nema verðlagsuppbætur á laun 106 þús. kr. Á móti lækka ýmis tryggingagjöld, sem færð hafa verið á viðkomandi liði, um 487 þús. kr., framlag til starfsemi stúdenta og stúdentaskiptasjóðs, sem nú er sérstakur liður á öðrum stað í frumvarpinu, um 430 þús. kr., og ýmsir liðir um 103 þús. kr. Tekjur Háskólans lækka um 150 þús. kr. vegna minni útleigu íþróttahúss. Loks er þess að geta, að í drögum að framkvæmdaáætlun ársins 1970, sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpinu, er gert ráð fyrir 30 millj. kr. framlagi til byggingar húsnæðis fyrir Háskóla Íslands.

202 **Tilraunastöð Háskólans á Keldum.** Útgjöld stofnunarinnar aukast um 1 407 þús. kr., þar af laun vegna eðlilegra uppbóta 299 þús. kr., önnur rekstrargjöld 748 þús. kr., en hér er einkum um að ræða erlendan kostnað vegna kaupa á dýralyfjum, og aukast tekjur á móti, viðhald eykst um 60 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 300 þús. kr. vegna ýmissa erlendra tækjakaupa, en liðurinn var ekki hækkaður vegna gengisbreytingarinnar sl. haust. Loks hækka tekjur um 725 þús. kr., þannig að hrein fjárveiting hækkar um 682 þús. kr.

203 **Raunvísindastofnun Háskólans.** Á þessum lið kemur fram 3 241 þús. kr. hækkun, en af því stafar 1 651 þús. kr. af tilfærslu jarðfræðirannsókna af liðnum „ýmislegt" í fjárlögum 1969 (var þar 1 464 þús. kr.). Launauppbætur og launatengd gjöld hækka um 753 þús. kr., heimiluð er ráðning nýs sérfræðings í jarðvísindum, 241 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður eykst um 100 þús. kr. og loks ýmsir rekstrarliðir um 496 þús. kr.

205 **Handritastofnun Íslands.** Hækkunin 384 þús. kr. er, auk eðlilegra launauppbóta, vegna ráðningar sérfræðings, sem látið hefur af störfum í Árnasafni, og er það í samræmi við samþykkt um tilflutning sérfræðinga úr Árnasafni til Handritastofnunar.

231 **Náttúrufræðistofnun Íslands.** Vegna leiguhúsnæðis, sem fyrirhugað er, að stofnunin taki, svo og hækkunar annarra kostnaðarliða, aukast rekstrargjöld um 373 þús. kr., en afgangur hækkunarinnar, 344 þús. kr., er vegna launauppbóta.

232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Hækkunin á þessum lið, 201 þús. kr., skýrist að mestu af eðlilegum launauppbótum. Hins vegar verður sú breyting, að niður fellur sérstök fjárveiting, 200 þús. kr., vegna hafísráðstefnu, en inn er tekin fjárveiting til þátttöku í rannsóknaráði Norðurlanda (Nordforsk).

302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Fjárveiting lækkar um 4 606 þús. kr. Fjárfestingarframlag lækkar um 7 000 þús. kr. og er nú 1 500 þús. kr. til að ljúka raunvísindabyggingu. Launaliður hækkar um 1 313 þús. kr., þar af 539 þús. kr. eðlilegar launauppbætur, 774 þús. kr. vegna vanáætlunar í fyrra. Vaxtagreiðslur hækka um 376 þús. kr. og viðhald um 176 þús. kr. Loks hækka önnur rekstrargjöld um 529 þús. kr., og er þá tekið tillit til rekstrar hins nýja raunvísindahúss.

303 **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Heildarfjárveiting eykst um 1 772 þús. kr., þar af vaxtagreiðslur um 744 þús. kr. Launaliður hækkar um 652 þús. kr., að verulegu leyti vegna eðlilegra launahækkana, viðhald eykst um 238 þús. kr., en húsakostur skólans hefur aukizt stórlega á undanförnum árum, og loks hækka önnur rekstrargjöld um 138 þús. kr.

304 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Fjárveiting hækkar um 16 071 þús. kr., þar af byggingarframlög og framlög til tækjakaupa um 7 174 þús. kr. og vaxtagreiðslur um 2 261 þús. kr. Með þessari fjárhæð til byggingarframkvæmda er áætlað, að unnt verði að ljúka fjórða áfanga, og er þá eftir síðasti áfanginn, sem er íþróttahúsnæði. Rekstrarkostnaður skólans hækkar um 6 636 þús. kr., en heill nýr bekkur bætist við haustið 1969, og er skólinn þá kominn í fulla stærð.

305 **Menntaskóli á Ísafirði.** Hér er, auk 2 500 þús. kr. byggingarframlags, gert ráð fyrir 1 000 þús. kr. framlagi til rekstrar á haustmánuðum 1970, ef hentugt húsnæði fæst til kennslunnar og aðsókn nemenda gefur tilefni til.

307 **Menntaskólinn við Tjörnina.** Ákveðið hefur verið að starfrækja byrjunarbekk á menntaskólastigi í húsnæði Miðbæjarbarnaskólans í Reykjavík, sem nú hefur verið rýmt. Hefur verið gerður leigusamningur við Reykjavíkurborg í þessum tilgangi, en ráðgert er, að þarna geti enn fremur farið fram leikfimikennsla fyrir aðra skóla, t. d. Kennaraskólann. Heildarkostnaður fyrir almanaksárið 1970 er áætlaður 7 900 þús. kr.

321 **Kennaraskólinn.** Fjárveiting til Kennaraskólans er áætluð 9 758 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1969, þar af 5 000 þús. kr. til að hefja byggingu nýrrar álmu fyrir 18 kennslustofur. Launakostnaður vex um 4 748 þús. kr. vegna launauppbóta og mikillar kennsluaukningar, en bekkjardeildir munu verða níu fleiri en fjárlög 1969 miðast við.

322 **Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraskólans.** Rekstrarkostnaður skólans í hinu nýja húsnæði er áætlaður 3 061 þús. kr., en byggingarframlag lækkar um 1 000 þús. kr. og verður 5 000 þús. kr. Með því er ætlað, að unnt verði að ljúka þeim áfanga, sem er í smíðum, kaupa nauðsynlegasta búnað og lagfæra lóðina að nokkrum hluta.

401 **Fræðslumálaskrifstofan.** Framlög lækka um 727 þús. kr. og kemur lækkunin þannig fram: Kostnaður við yfirstjórn hækkar um 307 þús. kr. vegna launauppbóta o. þ. u. l. og námsstjóra um 15 þús. kr. af sömu ástæðu. Kostnaður við landspróf hækkar um 95 þús. kr. og sundskyldu í skólum um 930 þús. kr., og er þá miðað við reynslu ársins 1968 og áætlun 1969, en kostnaður þessi greiðist eftir á. Kostnaður við skíðakennslu í barna- og gagnfræðaskólum hækkar um

80 þús. kr. og vegna unglingafræðslu eftir tillögum fræðslumálastjóra um 50 þús. kr. Á móti falla niður tryggingagjöld, 2 204 þús. kr., þar sem slíkum gjöldum hefur verið dreift á hlutaðeigandi skóla.

402 **Fjármálaeftirlit skóla.** Fjárveiting er áætluð 316 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1969, en gert er ráð fyrir, að stofnunin starfi til miðs árs 1970. Hins vegar er haldið óbreyttum launum frá fjárlögum 1969 með það í huga, að verkefnin verði unnin í aðalskrifstofu ráðuneytisins og fjárveiting flytjist þangað, þegar til kemur.

421 **Fræðslumyndasafn.** Kostnaður eykst um 638 þús. kr., en tekjur um 80 þús. kr., þannig að fjárveiting hækkar um 558 þús. kr. Auk eðlilegra launauppbóta og lítils háttar hækkunar ýmissa rekstrarliða, stafar hækkunin af auknum kostnaði við kaup fræðslumynda, 500 þús. kr., en hér er um erlendan kostnað að ræða, og var fjárveiting ekki hækkuð vegna gengisbreytingarinnar sl. haust.

422 **Ríkisútgáfa námsbóka.** Nettóhækkun á kostnaði við ríkisútgáfu nemur 2 000 þús. kr. að meðtalinni afborgun láns. Hér er um að ræða leiðréttingu vegna verðhækkana og við það miðað, að útgáfustarfsemi haldist óbreytt, en framlag var ekki hækkað vegna síðustu gengisbreytingar. Þessi aukning felur það raunar í sér, að hreint framlag ríkissjóðs eykst um 667 þús. kr. og námsbókagjald um 1 333 þús. kr. eða 16.9% og verður 491 kr. á hvern gjaldanda.

431 **Iðnfræðsluráð.** Áætluð fjárveiting hækkar um 394 þús. kr. Launauppbætur o. þ. h. hækka um 72 þús. kr. og þóknun til fræðslunefnda um 100 þús. kr. Þá er tekin inn sérstök fjárveiting 150 þús. kr., vegna eftirlits með verklegu iðnnámi, og ýmsir rekstrarliðir hækka um 72 þús. kr.

501 **Tækniskólinn.** Framlag lækkar um 817 þús. kr. vegna þess, að byggingarframlag 1 700 þús. kr. fellur niður. Á hinn bóginn eykst rekstrarkostnaður um 1 183 þús. kr. vegna þess, að nú verður tekin upp kennsla í síðari hluta byggingartækninams, og auk þess verður stofnuð raftæknideild haustið 1970. Kostnaður við þá deild er áætlaður 300 þús. kr. á næsta ári og hefur verið séð fyrir fé í því skyni og það fært sem tekjur skólans.

506 **Vélskólinn.** Fjárveiting hækkar um 1 234 þús. kr. vegna undirbúningsdeildar og námskeiðs á Akureyri auk námskeiðs í Vestmannaeyjum.

514—516 **Iðnskólar.** Kostnaður við iðnfræðslu hækkar um 3 740 þús. kr. og verður 26 832 þús. kr., þar af rekstur 19 632 þús. kr. (hækkun 2 080 þús. kr.) og byggingaframlög 7 200 þús. kr. (hækkun 1 660 þús. kr.). Hafa þá lífeyrissjóðsframlög og launatengd gjöld verið færð á skólana, og veldur það ásamt launauppbótunum í maí sl. hækkun þeirri, er verður á rekstrarkostnaði.

521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Heildarútgjöld skólans aukast um 1 043 þús. kr., enda þótt niður falli fjárfestingarframlag, 700 þús. kr. Veldur hér mestu, að launaliður hækkar um 1 482 þús. kr., vegna launauppbótar o. þ. h. 810 þús. kr., ráðningar nýs ritara 145 þús. kr. og hækkunar launa nema, stundakennslu og annarra launa um 527 þús. kr. Ýmsir rekstrarliðir að meðtöldum vöxtum hækka um samtals 261 þús. kr. Á móti hækka tekjur, einkum af fæðissölu, um 1 400 þús. kr., þannig að fjárveiting lækkar um 357 þús. kr.

601—608 **Héraðsskólar.** Framlög til héraðsskóla hækka um samtals 2 740 þús. kr., sem er öll á rekstri, en byggingaframlög eru óbreytt frá fyrra ári, samtals 16 100 þús. kr. Af hækkuninni nema verðlagsuppbætur á laun og launatengd gjöld 1 987 þús. kr., viðhald 258 þús. kr. og aðrir rekstrarliðir 495 þús. kr., einkum vegna héraðsskólans á Eiðum, en þar er olíunotkun óvenju mikil og hafði viðkomandi liður ekki verið hækkaður sem skyldi við gengisbreytinguna sl. haust.

611—648 **Gagnfræðaskólar og miðskólar.** Heildarhækkun nemur 46 159 þús. kr., er skiptist þannig, að rekstrarkostnaður hækkar um 43 178 þús. kr. og verður í heild 199 363 þús. kr., en byggingaframlög vegna skóla, sem þegar hafa fengið fjárveitingar, hækka um 2 981 þús. kr. og verða í heild 21 000 þús. kr. Um

rekstrarkostnaðinn er það að segja, að launaliður hækkar um 41 496 þús. kr., en þar af eru 10 200 þús. kr. vegna færslu launatengdra gjalda á einstaka skóla, 12 500 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar á laun og 1 500 þús. kr. vegna tilfærslu í launaflokkum. Önnur hækkun er því 17 296 þús. kr. eða 9.7%, sem felur m. a. í sér aukið kennslumagn. Liðurinn önnur rekstrargjöld lækkar um 1 545 þús. kr., þar sem sveitarfélögin greiða nú að fullu ýmsan rekstrarkostnað, sem áður var skipt milli ríkis og sveitarfélaga, en hér er einkum um að ræða ræstingu, hitun og rafmagnsnotkun. Hins vegar hækkar þátttaka ríkissjóðs í aksturskostnaði mjög verulega, og verður lækkun liðarins af þeim sökum minni en ella. Viðhaldskostnaður hækkar um 3 227 þús. kr., sem samsvarar tæplega hækkun á byggingarvísitölu.

649 **Heyrnleysingjaskólinn.** Framlag hækkar um 1 482 þús. kr., þar af vaxtagreiðslur af byggingarláni 935 þús. kr. Að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launauppbætur og hækkun ýmissa rekstrarliða, m. a. sumarnámskeiða fyrir nemendur skólans.

651—670 **Barnaskólar.** Framlag hækkar í heild um 47 950 þús. kr., þar af 39 850 þús. kr. vegna rekstrar, sem verður samtals 310 455 þús. kr., og 8 100 þús. kr. vegna byggingaframlaga, og nema þau í heild 124 755 þús. kr. Launaliður hækkar um 38 727 þús. kr., þar af launatengd gjöld 15 200 þús. kr. og verðlagsuppbætur á laun 15 000 þús. kr., þannig að önnur hækkun launa nemur 8 527 þús. kr. eða 3.3%, sem felur m. a. í sér aukið kennslumagn. Viðhald hækkar um 1 577 þús. kr., en önnur rekstrargjöld lækka um 454 þús. kr., og eiga hér við sömu skýringar og getið var í athugasemdum við gagnfræða- og miðskóla hér að framan.

702 **Vernd barna og ungmenna.** Liðurinn hækkar um 271 þús. kr., þar af styrkur vegna náms- og hælisvistar unglinga 160 þús. kr., framlag til að styrkja munaðarlausa, vanrækta eða fatlaða unglinga til náms 100 þús. kr. og launauppbætur barnaverndarráðs 11 þús. kr.

771 **Upptökuheimilið í Kópavogi.** Framlag hækkar um 579 þús. kr., vegna byggingarframlags, 500 þús. kr., og eðlilegra launahækkana o. þ. u. l. 79 þús. kr.

772 **Lánasjóður íslenzkra námsmanna.** Framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna hækka um 11 738 þús. kr. og byggist það á samkomulagi um stuðning ríkisins við sjóðinn eftir föstum reglum. Er áætlað, að fjölgun styrkhæfra námsmanna við Háskóla Íslands verði 12% og við nám erlendis 6%, auk nokkurrar fjölgunar styrkhæfra nema við Tækniskólann og Kennaraskólann. Að öðru leyti á hækkun framlagsins rætur að rekja til aukningar á námsaðstoð, þ. e. hækkunar hlutfalls lánveitingar á móti eigin tekjum námsmanna, og til áhrifa gengisbreytingarinnar sl. haust á ferðakostnað, en það hafði ekki verið gert að fullu í fjárlögum 1969, þar sem fargjöld höfðu yfirleitt verið greidd fyrir gengisbreytinguna. Loks er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram 1 500 þús. kr. til endurgreiðslu bankalána, sem sjóðurinn hefur tekið í ár. Með framlagi ríkissjóðs og fyrirhuguðum lántökum, auk aukningar eigin fjár sjóðsins, mun verða unnt að auka lánveitingar um 13 023 þús. kr. og styrkveitingar um 1 311 þús. kr.

781 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Á þessum lið kemur fram 3 634 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Styrkur til erlendra námsmanna í íslenzkum skólum hækkar um 361 þús. kr. og til félagsstofnunar stúdenta um 3 480 þús. kr., þar af eru 430 þús. kr. fluttar af Háskóla Íslands, sem fyrr segir, en afgangur hækkunarinnar er vegna aukins byggingarframlags til félagsheimilis stúdenta. Framlag til leiðbeiningar námsmanna um val á námsefni er flutt af þessum lið á Háskóla Íslands, sbr. athugasemdir við þann lið, en það var 207 þús. kr. í fjárlögum 1969.

801 **Landsbókasafn.** Fjárveiting hækkar um 1 384 þús. kr. Launaliður hækkar um 941 þús. kr., þar af 741 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar og launatengdra gjalda og flokkahækkana og 200 þús. kr. vegna ráðningar bókavarðar til að sjá um

bókaskráningarmiðstöð, sem fyrirhugað er að koma á fót í þeim tilgangi að samræma bókakaup hinna ýmsu ríkisstofnana. Ýmsir rekstrarliðir hækka um 18 þús. kr. nettó og fjárveiting til bókakaupa um 425 þús. kr., en hér er um leiðréttingu að ræða vegna gengisbreytingarinnar sl. haust.

803 **Þjóðminjasafn.** Framlag hækkar um 2 962 þús. kr., og er stærsti hluti þeirrar hækkunar 2 160 þús. kr. fólginn í viðgerðarkostnaði á hitakerfi, rakakerfi, þakbrúnum o. fl., en verulegir gallar komu þar í ljós á sl. ári. Þá eru veittar til innréttinga í húsnæði safnsins 366 þús. kr., og framlag til örnefnasöfnunar er hækkað um 150 þús. kr. Aðrir rekstrarliðir hækka um 286 þús. kr. nettó, einkum vegna launauppbóta o. þ. h.

832 **Þjóðgarðurinn, Skaftafelli.** Hér er um nýjan lið að ræða í fjárlögum, og gert ráð fyrir 500 þús. kr. rekstrarframlagi á árinu 1970.

872 **Þjóðleikhús.** Framlag hækkar um 935 þús. kr., er hér eingöngu um að ræða hluta leikhússins af skemmtanaskatti. Heildarframlag ríkissjóðs án skemmtanaskattshluta er 6 000 þús. kr., og er það byggt á tillögum nefndar, sem skipuð var til athugunar á fjárhagsgrundvelli Þjóðleikhússins. Með vissum aðgerðum í rekstri leikhússins telur nefndin, að ríkissjóðsframlagið geti verið óbreytt næstu þrjú ár, þ. e. 6 000 þús. kr. á ári.

873 **Sinfóníuhljómsveit.** Í ár mun kostnaður af rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar verða töluvert hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum, og er m. a. af þeim sökum gert ráð fyrir 1 028 þús. kr. aukningu á framlagi ríkissjóðs. Kostnaður hefði raunar orðið mun hærri, ef ekki hefði komið til samkomulag þeirra aðila, er kosta rekstur hljómsveitarinnar, um að gera sérstakar ráðstafanir til að bæta fjárhagsafkomuna. Er þar helzt um að ræða hækkun aðgöngumiðaverðs, sem hefur verið óeðlilega lágt, og nokkra lækkun kostnaðarliða.

882 **Listir, framlög.** Liðurinn hækkar um 1 195 þús. kr., og kemur hækkunin fram á eftirfarandi liðum: Tónlistarskólar 741 þús. kr., barnamúsikskólinn í Reykjavík 120 þús. kr., til listkynninga erlendis 100 þús. kr. og listamenn 234 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar.

884 **Norræn samvinna.** Á þessum lið kemur fram 120 þús. kr. lækkun, og verða breytingar sem hér segir: Framlag til norræns samstarfs hækkar um 250 þús. kr., einkum vegna síðustu gengisbreytingar, til rekstrar Norræna hússins um 25 þús. kr., til Menningarsjóðs Norðurlanda um 87 þús. kr. og til norræna læknakennslusambandsins og tölfræðistofnunarinnar um samtals 40 þús. kr. Á móti lækkar byggingarframlag til Norræna hússins um 22 þús. kr. og niður fellur sérstök fjárveiting vegna bifreiðastæða þar, 500 þús. kr.

899 **Ýmislegt.** Á þessum lið verður lækkun fjárveitingar um 2 313 þús. kr., og eru breytingar sem hér segir: Inn er tekin sérstök fjárveiting til hreindýraeftirlits, 100 þús. kr., og styrkur vegna alþjóðaskákmóta hækkar um 25 þús. kr., en kostnaður við ritun og útgáfu sögu stjórnarráðsins lækkar um 74 þús. kr. Eftirfarandi liðir falla niður: Jarðfræðirannsóknir 1 464 þús. kr. (færist á Raunvísindastofnun Háskólans), til fræðslustarfsemi á vegum Stjórnunarfélags Íslands 100 þús. kr., til Svifflugfélags Íslands 100 þús. kr., vegna Ólympíuleikanna í Mexikó 200 þús. kr., til norræns yrkisskólaþings á Íslandi 100 þús. kr., til minnisvarða um Guðmund góða og Ara fróða samtals 50 þús. kr., námskeið fyrir blaðamenn 100 þús. kr., Skíðaskólinn, Kerlingarfjöllum, 100 þús. kr., til Skáksambands Íslands vegna Olympíuskákmóts í Sviss 50 þús. kr., og til Íþróttasambands Íslands vegna landsmóta 100 þús. kr.

02 Utanríkisráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst um 1 262 þús. kr. og skiptist á viðfangsefni sem hér segir: Yfirstjórn hækkar um 1 540 þús. kr., þar af launauppbætur og launatengd gjöld 646 þús. kr., laun fulltrúa og ritara, er flytjast úr sendiráðum

erlendis samtals 404 þús. kr., og ýmsir rekstrarliðir 490 þús. kr. Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum ráðuneytisins hækkar um 138 þús. kr. og vegna kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráðin til landkynningar um 97 þús. kr., en kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum ráðuneytisins lækkar um 513 þús. kr.

201 **Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.** Kostnaður hækkar um 2 686 þús. kr., þar af 900 þús. kr. vegna ráðningar þriggja lögregluþjóna til löggæzlu í herstöð á Sandgerðisheiði, en að öðru leyti skýrist hækkunin af eðlilegum launauppbótum og færslu launatengdra gjalda á liðinn.

301—310 **Sendiráðin.** Heildarfjárveiting til sendiráðanna er áætluð 5 916 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1969. Rösklega helmingur þeirrar hækkunar, eða 3 391 þús. kr., stafar af því, að eftir samþykkt fjárlaga ársins 1969 var ákveðið með samþykki fjárveitinganefndar, að íslenzkt starfsfólk sendiráðanna skyldi taka á sig hliðstæða kjararýrnun og launþegar hér heima miðað við verðmæti launanna í erlendri mynt. Við gengisbreytinguna höfðu föstu launin hins vegar verið hækkuð um 1.5% eins og annars staðar í ríkisrekstrinum, en hin breytta ákvörðun hafði í för með sér framangreinda útgjaldaaukningu. Vegna verðlagsuppbóta á laun og færslu launatengdra gjalda á sendiráðin hækkar launaliður um 1 152 þús. kr. Þá hefur verið fallizt á hækkun launa í nokkrum sendiráðum vegna verðlagshækkana í viðkomandi löndum sem hér segir: Bonn 5%, Kaupmannahöfn 3.1%, Osló 5%, París 5%, Washington 5% og New York 5%. Kostnaðarauki af þessum sökum nemur 1 126 þús. kr. Að öðru leyti er um að ræða 247 þús. kr. nettóhækkun á ýmsum rekstrarliðum sendiráðanna.

400 **Alþjóðastofnanir.** Framlög til alþjóðastofnana lækka um 1 112 þús. kr. Eftirtaldir liðir hækka: Til alþjóðabarnahjálparsjóðsins 94 þús. kr., tillag til S.Þ. 341 þús. kr., tillag til O.E.C.D. 265 þús. kr., tillag til Evrópuráðsins 74 þús. kr., tillag til NATO 469 þús. kr., tillag til tækniaðstoðar S.Þ. 484 þús. kr., tillag til alþjóðakjarnorkumálastofnunar 90 þús. kr., tillag til UNESCO 27 þús. kr., framlag til GATT 72 þús. kr., framlag til alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar 279 þús. kr. og til alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar 50 þús. kr. Á móti lækka framlög til varnarliðs S.Þ. um 570 þús. kr., til þingmannasambands NATO um 9 þús. kr. og til heimssýningar í Japan 1970 um 9 þús. kr., og eftirtaldir liðir falla niður: Til hinnar alþjóðlegu framfarastofnunar 111 þús. kr., heimssýningin í Montreal 309 þús. kr., heimildarkvikmynd um Ísland á vegum kvikmyndadeildar Atlantshafsbandalagsins 367 þús. kr. og loks framlag til IDA 1 982 þús. kr.

03 Atvinnumálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Sú 364 þús. kr. hækkun, sem verður á kostnaði við aðalskrifstofu ráðuneytisins, skýrist að fullu af eðlilegum verðlagsuppbótum á laun og færslu launatengdra gjalda á liðinn.

201 **Búnaðarfélag Íslands.** Á liðnum kemur fram lækkun um 3 888 þús. kr., sem skýrist þannig: Laun héraðsráðunauta, 4 528 þús. kr. í fjárl. 1969, eru flutt á annan fjárlagalið, landbúnaður, framlög, jarðræktarframlög, en á öðrum liðum verður nettóhækkun um 640 þús. kr., vegna launauppbóta 482 þús. kr. og hækkunar ýmissa rekstrarliða um 158 þús. kr.

206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Áætluð fjárveiting hækkar um 1 704 þús. kr., þar af 985 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar á laun og launatengdra gjalda, en afgangurinn, 719 þús. kr., dreifist nokkuð jafnt á einstök viðfangefni stofnunarinnar.

230 **Skógrækt ríkisins.** Af þeirri 851 þús. kr. hækkun fjárveitingar, sem áætluð er til skógræktar, nema verðlagsuppbætur á laun o. þ. h. 462 þús. kr. Þá eru tekin inn full laun skógarvarðar í Eyjafirði í stað hálfra áður, framlag til Skóg-

ræktarfélags Íslands er hækkað um 250 þús. kr., en afgangur hækkunarinnar dreifist á hin ýmsu viðfangsefni.

235 **Landgræðsla.** Verðlagsuppbætur á laun og launatengd gjöld nema 218 þús. kr. og hækkun framlags til landgræðslu 500 þús. kr., þannig að fjárveiting eykst í heild um 718 þús. kr.

286 **Landbúnaður, framlög.** Heildarhækkun á þessum lið nemur 29 914 þús. kr., og breytast eftirfarandi liðir: Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækka um 30 000 þús. kr., jarðræktarframlög um 13 008 þús. kr., og er þar með talin tilfærsla launa héraðsráðunauta af Búnaðarfélagi Íslands, 5 008 þús. kr., framlög til búfjárræktar skv. lögum nr. 21/1965 um 1 956 þús. kr. og framlag til mjólkurbúa og smjörsamlaga um 800 þús. kr. Á móti falla niður framlög til framleiðnisjóðs landbúnaðarins 10 000 þús. kr. og framlag til bænda 5 000 þús. kr., en lagaákvæði um þessi framlög náðu fram til ársins 1969, og loks er framlag til sjóvarnargarða, 850 þús. kr., flutt á liðinn „Hafnamál" undir samgöngumálaráðuneytinu.

302 **Hafrannsóknastofnun.** Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 9 858 þús. kr., og má segja að til þess liggi þrjár meginorsakir. Í fyrsta lagi nema verðlagsuppbætur á laun og launatengd gjöld um 2 000 þús. kr., í öðru lagi hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 1 500 þús. kr., einkum vegna kaupa á veiðarfærum í síldarleitarskip, og í þriðja lagi skýrist afgangur hækkunarinnar af því, að á miðju ári 1970 er gert ráð fyrir, að útgerð hins nýja hafrannsóknaskips, Bjarna Sæmundssonar, hefjist, og er því um að ræða rekstrarkostnað skipsins og aukningu starfa í landi, sem af starfsemi þess leiðir.

303 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Fjárveiting er áætluð 1 069 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1969, þar af 853 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar á laun og færslu launatengdra gjalda á liðinn og 216 þús. kr. vegna ráðningar nýs tæknifræðings.

311 **Fiskmat ríkisins.** Á þessum lið kemur fram 1 926 þús. kr. hækkun fjárveitingar. Flokkahækkanir fiskmatsmanna, verðlagsuppbætur á laun og færsla launatengdra gjalda orsaka samtals 1 626 þús. kr. hækkun, og ýmsir aðrir kostnaðarliðir hækka um 300 þús. kr.

371 **Byggingarsjóður hafrannsóknaskips.** Hækkun framlags úr ríkissjóði nemur 28 000 þús. kr., en samtals eru útgjöld 34 000 þús. kr. Greiðsla til skipasmíðastöðvarinnar við afhendingu nemur 14 630 þús. kr., afborgun af lánum 8 400 þús. kr. og vextir af lánum 7 360 þús. kr. Þá eru greiðslur til eftirlitsmanna og ferðakostnaður og dagpeningar áhafnar, er skipið verður sótt, áætlað samtals 3 610 þús. kr. Á móti þessum kostnaði kemur hluti útflutningsgjalds, sem fært er í tekjuhlið frumvarpsins, 6 050 þús. kr., þannig að hreinn kostnaður ríkissjóðs verður 27 950 þús. kr. á árinu 1970.

373 **Byggingarsjóður síldarleitarskips.** Hér er um að ræða framlag til sjóðsins til að standa undir endurgreiðslum lána vegna smíði skipsins. Hækkar framlagið um 2 410 þús. kr. og nemur 12 700 þús. kr., en á móti kemur síldargjald úr tekjuhlið frumvarpsins, 3 500 þús. kr., þannig að nettóframlag ríkissjóðs á árinu 1970 er áætlað 9 200 þús. kr.

374 **Aflatryggingarsjóður sjávarútvegsins.** Hækkun framlags nemur 9 850 þús. kr., sem skýrist af því, að inn er tekið nýtt framlag til áhafnadeildar, 10 000 þús. kr., en áætlað framlag ríkissjóðs móti útflutningsgjaldi lækkar um 150 þús. kr. Er þá miðað við, að framlengt verði ákvæði laga frá síðasta Alþingi, um að framlag ríkissjóðs skuli vera fjórðungur útflutningsgjalds.

401 **Orkustofnun.** Sú lækkun á heildargjöldum og tekjum stofnunarinnar, sem fram kemur í A-hluta frumvarpsins, stafar af því, að fjárreiður jarðborana ríkisins og jarðvarmaveitu ríkisins eru dregnar út úr og birtar í B-hluta. Þá hefur verið gerð sú breyting að sameina rafmagnseftirlit ríkisins stofnuninni færslulega, og er því sú 13 244 þús. kr. hækkun framlags, sem fram kemur í frumvarpinu, ekki raunhæf, þar sem rafmagnseftirlitsgjald er fært sem almennar tekjur ríkis-

sjóðs. Er gjaldið áætlað 9 400 þús. kr. árið 1970, þannig að raunveruleg hækkun fjárveitingar til Orkustofnunar nemur 3 844 þús. kr. Skýrist hún af verðlagsuppbótum á laun og launatengdum gjöldum, samtals 2 439 þús. kr., og hækkun ýmissa rekstrarliða 1 405 þús. kr. eða 5%.

471 **Orkusjóður, framlag.** Framlag hækkar um 81 300 þús. kr., þar af 70 000 þús. kr. vegna færslu verðjöfnunargjalds á sjóðinn, en gjaldið var, sem kunnugt er, tvöfaldað fyrr á þessu ári. Þá hækkar framlag til sveitarafvæðingar um 5 000 þús. kr., og tekin er inn fjárveiting til að standa undir endurgreiðslum lána vegna virkjunarrannsókna, 6 300 þús. kr.

559 **Húsmæðraskólar utan kaupstaða, almennt.** Sú 866 þús. kr. hækkun, sem verður á þessum lið, á einkum rætur að rekja til aukinna byggingaframlaga og meiri viðhaldskostnaðar.

911 **Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.** Fjárveiting hækkar um 687 þús. kr., sem skýrist af verðlagsuppbótum á laun o. þ. h. og auknum viðhaldskostnaði bygginganna á Keldnaholti, en slíkur kostnaður er færður á skrifstofuna.

04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Útgjöld hækka um 832 þús. kr. vegna eðlilegrar hækkunar launaliðs, 619 þús. kr., en ýmsir kostnaðarliðir hækka um samtals 213 þús. kr.

202 **Hæstiréttur.** Sú 602 þús. kr. hækkun, sem fram kemur á þessum lið, skiptist þannig: Verðlagsuppbætur og launatengd gjöld 249 þús. kr., sérstök fjárveiting vegna 50 ára afmælis Hæstaréttar 350 þús. kr. og önnur útgjöld nettó 3 þús. kr.

203 **Saksóknari ríkisins.** Kostnaður hækkar um 557 þús. kr., þar af 424 þús. kr. vegna eðlilegra hækkana á launalið, 70 þús. kr. vegna nauðsynlegrar endurnýjunar á ljósprentunarvél og 63 þús. kr. nettó vegna annarra liða, einkum aukinnar sérfræðiaðstoðar.

206 **Sakadómaraembætti.** Sú 592 þús. kr. hækkun, sem fram kemur á þessum lið, á rætur að rekja til ráðningar nýs fulltrúa, 275 þús. kr., og eðlilegra launauppbóta.

208 **Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík.** Hækkunin á þessum lið, 1 045 þús. kr., er eingöngu vegna aukinna vaxtagreiðslna, en fjárveiting til byggingarframkvæmda er óbreytt frá fjárl. 1969, 3 150 þús. kr. Auk þess er ætlað, að aflað verði 7 000 þús. kr. láns til framkvæmda, sbr. drög að framkvæmdaáætlun ársins 1970, sem fylgir þessu frumvarpi.

210—234 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Í heild hækkar fjárveiting til embættanna um 7 329 þús. kr., er skýrist þannig: Verðlagsuppbætur á laun og færsla launatengdra gjalda á viðkomandi embætti nema samtals 5 262 þús. kr., framlag til bygginga embættisbústaða hækkar um 500 þús. kr., stofnkostnaður við að koma á vélabókhaldskerfi á Akureyri veldur 230 þús. kr. hækkun og afgangurinn, 1 337 þús. kr., skiptist á ýmsa kostnaðarliði hinna ýmsu embætta 24 að tölu.

244 **Vinnuhælið á Litla-Hrauni.** Hrein hækkun á áætlaðri fjárveitingu nemur 1 998 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir 1 000 þús. kr. til stækkunar hælisins, vinnulaun fanga hækka um 250 þús. kr., verðlagsuppbætur á laun og launatengd gjöld nema 548 þús. kr. og nettóhækkun á öðrum rekstrarkostnaði er 200 þús. kr., en þessi liður hefur reynzt fulllágt áætlaður í fjárlögum 1969.

246 **Fangelsið í Síðumúla.** Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða, og er áætlað, að rekstrarkostnaður allt árið 1970 nemi 2 700 þús. kr. Um næstu áramót er ráðgert að taka fangageymslur í nýju lögreglustöðvarbyggingunni í notkun, og tekur hún þá við hlutverki því, sem Síðumúlafangelsið nú gegnir, en hið síðarnefnda verður afplánunarfangelsi.

247 **Landhelgisgæzla.** Á liðnum verður 3 855 þús. kr. hækkun, en þegar tekið er tillit til þess, að framlög í landhelgissjóð hækka um 2 907 þús. kr. og verðlagsupp-

bætur á laun nema 2 331 þús. kr., kemur í ljós, að raunverulega er um 1 383 þús. kr. lækkun á rekstrarkostnaði að ræða. Skýrist það af því, að greiðsla fyrir bókhaldsþjónustu til Skipaútgerðar ríkisins, sem verið hefur 1 500 þús. kr., fellur nú niður, þar sem rekstrardeild ríkisskipa hefur tekið við því hlutverki, og auk þess hefur einn starfsmaður flutzt til rekstrardeildarinnar.

252 **Bifreiðaeftirlit.** Áætluð fjárveiting hækkar um 1 523 þús. kr., þar af 1 179 þús. kr. vegna verðlagsuppbóta á laun og launatengdra gjalda. Hækkun á ýmsum rekstrarliðum nemur samtals 344 þús. kr.

253 **Almannavarnir.** Liðurinn hækkar um 602 þús. kr., þar af 500 þús. kr. vegna framlags til almannavarnanefnda sveitarfélaga skv. lögum. Að öðru leyti er um að ræða verðlagsuppbætur á laun og eðlilegar kostnaðarhækkanir.

281 **Dómsmál, ýmis kostnaður.** Framlög hækka um 560 þús. kr. og verða eftirtaldar breytingar á einstökum liðum: Kostnaður vegna meðdómsmanna hækkar um 584 þús. kr., vegna setu- og varadómara um 86 þús. kr. og vegna útgáfu norræns dómasafns 44 þús. kr. Á móti lækkar málskostnaður um 150 þús. kr. nettó, og kostnaður við siglingadóm og próf málflytjenda um samtals 4 þús. kr.

282 **Löggæzla.** Eins og skýrt var frá í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi 1969, var með lögum nr. 5/1968 um lækkun ríkisútgjalda ákveðið að gera ráðstafanir til að draga úr löggæzlukostnaði. Málið hefur reynzt mjög umfangsmikið og m. a. komið til meðferðar í undirnefnd fjárveitinganefndar, sem nú hefur gert ákveðnar tillögur í málinu. Enda þótt frumvarpið geri ráð fyrir 11 239 þús. kr. hækkun fjárveitingar til löggæzlu frá fjárlagatölu 1969, er hér samt sem áður um mun minni hækkun að ræða en vera ætti, ef fylgt væri gildandi lögum um lögreglumenn. Hafa tillögur dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um fjárveitingar árið 1970 verið lækkaðar um tæplega 7 500 þús. kr. eftir að tillit hafði verið tekið til verðlagsuppbótar á laun. Hér er ekki um nákvæmar tölur að ræða, hvorki í heild né varðandi einstök viðfangsefni, en fjárlagatillögurnar eru, eftir því sem unnt var, byggðar á tillögum undirnefndar fjárveitinganefndar. Er málið nú í athugun hjá hlutaðeigandi ráðuneyti.

283 **Fangamál, ýmis kostnaður.** Á þessum lið verður 1 795 þús. kr. lækkun, og breytast einstök viðfangsefni sem hér segir: Framlag til fangaklefa lögreglunnar í Reykjavík lækkar um 1 922 þús. kr., þegar tekið hefur verið tillit til tekna á þessum lið (þ. e. framlags Reykjavíkurborgar til rekstrar). Þetta stafar af því, að í meðförum þingsins var fært á liðinn sérstakt byggingarframlag vegna fangaklefa í nýju lögreglustöðvarbyggingunni, 2 000 þús. kr., þannig að raunverulega er um að ræða 78 þús. kr. hækkun á rekstrarframlagi ríkissjóðs. Framlag til fangahúsa utan Reykjavíkur hækkar um 100 þús. kr. og til fangahjálpar og eftirlits með brotamönnum um 90 þús. kr. Á móti lækkar áætlaður sjúkrakostnaður refsifanga um 63 þús. kr.

301 **Landlæknisembættið.** Á þessum lið kemur fram 3 568 þús. kr. hækkun fjárveitingar, sem skýrist annars vegar af verðlagsuppbótum á laun og launatengdum gjöldum færðum á einstök viðfangsefni, eftir því sem við á, og hins vegar af liðnum „Heilbrigðis- og mjólkureftirlit", sem lögfest hefur verið. Á þann lið er einnig færður kostnaður við gisti- og veitingastaðaeftirlitið, sem áður var undir samgöngumálaráðuneytinu.

303 **Ríkisspítalar, skrifstofa.** Hækkunin, 1 203 þús. kr., stafar af verðlagsuppbótum á laun o. þ. u. l., 853 þús. kr., og aukinni aðkeyptri skýrsluvélaþjónustu 350 þús. kr.

313 **Rannsóknastofnun Háskólans.** Verðlagsuppbætur á laun o. þ. h. valda 1 084 þús. kr. hækkun og kostnaðaraukning á öðrum rekstrarliðum samtals 569 þús. kr. hækkun, en vegna tekjuaukningar um 626 þús. kr. hækkar framlag ríkissjóðs þó einungis um 1 027 þús. kr.

318 **Blóðbankinn.** Heildarútgjöld hækka um 1 270 þús. kr. en tekjur um 1 204 þús. kr., þannig að framlag ríkisins eykst um 66 þús. kr. Samþykkt hefur verið

ráðning nýs meinatæknis að stofnuninni vegna nýs verkefnis, svonefndra resus-varna, sem er ný þjónusta á fæðingardeild Landspítalans.

371—377 **Ríkisspítalar.** Framlög til rekstrar ríkisspítalanna eru miðuð við núverandi daggjöld, og sýnir eftirfarandi yfirlit breytingar á beinum framlögum ríkissjóðs til rekstrar og byggingaframkvæmda einstakra sjúkrahúsa:

	Rekstur	Byggingar og afborganir	Samtals
Landspítalinn	÷8 578	2 100	÷ 6 478
Fæðingardeild Landspítalans	2 184	10 000	12 184
Geðveikrahælið á Kleppi	3 483	—	3 483
Heilsuhælið á Vífilsstöðum	1 088	—	1 088
Heilsuhælið í Kristnesi	93	÷ 1 000	÷ 907
Fávitahælið í Kópavogi	÷ 718	—	÷ 718
Holdsveikraspítalinn í Kópavogi	228	—	228
Samtals	÷2 220	11 100	8 880

Enda þótt fram komi 2 220 þús. kr. lækkun rekstrarframlaga á þessu yfirliti, gefur það engan veginn rétta mynd af þróun sjúkrakostnaðar. Eftir þá breytingu, sem gerð var á greiðslukerfi sjúkratrygginganna á sl. ári, er nú mun meiri hluti kostnaðarins borinn uppi af daggjaldatekjum sjúkrahúsanna, og beinast fjárframlög ríkissjóðs í samræmi við það í auknum mæli til Tryggingastofnunar ríkisins, en eins og skýrt er á öðrum stað í greinargerðinni hækka framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginga um 180 700 þús. kr. frá fjárlögum 1969. Helztu breytingar á mannahaldi ríkisspítalanna eru eftirfarandi: Heimiluð er ráðning tveggja sérmenntaðra hjúkrunarkvenna á lyflæknisdeild Landspítalans, og þá gert ráð fyrir, að í stað þeirra staða, sem við það losna, en hlutaðeigandi hjúkrunarkonur munu þegar starfandi og til þess notaðar fjárveitingar vegna starfa, sem ekki er ráðið í, verði ráðnir tveir ritarar til að létta ritarastörfum af hjúkrunarliði. Ekki er gert ráð fyrir, að nýjar deildir hefji starfsemi á Landspítalanum á árinu. Á geðveikrahælinu á Kleppi hefur verið heimiluð ráðning sérfræðings og tveggja hjúkrunarkvenna vegna eftirmeðferðardeildar og á heilsuhælinu í Kristnesi er heimiluð fastráðning starfsfólks í fimm og hálfa stöðu, en viðkomandi hafa starfað þar um lengri tíma. Um byggingaframlög er það að segja, að tekin er inn 10 000 þús. kr. fjárveiting til fæðingardeildar Landspítalans, framlag til Kristness, 1 000 þús. kr., fellur niður, þar sem framkvæmd er lokið, en að öðru leyti er um óbreytt byggingaframlög að ræða. Sú 2 100 þús. kr. hækkun, sem yfirlitið sýnir til Landspítalans, er vegna afborgunar lána. Í heild hækka framlög til ríkisspítalanna þannig um 8 880 þús. kr.

381 **Til sjúkrahúsa og læknisbústaða.** Fjárveiting er áætluð 4 557 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1969, og verða eftirtaldar breytingar á einstökum viðfangsefnum: Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa skv. lögum fellur nú niður vegna áðurnefndrar breytingar á greiðslukerfi sjúkratrygginganna, en framlag ríkissjóðs var 8 420 þús. kr. í fjárlögum 1969. Framlög til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða hækka um 1 000 þús. kr. vegna endurbyggingar læknisbústaðar á Reykhólum. St. Jósefsspítali, byggingarstyrkur hækkar um 1 350 þús. kr. vegna gengistaps á áhvílandi lánum og styrkir til heilsuverndarstöðva hækka um 1 513 þús. kr.

382 **Fávitar, framfærsla.** Framlag hækkar um 7 892 þús. kr. vegna fjölgunar vistdaga, en nýtt vistheimili verður tekið í notkun á Akureyri á árinu, og hækkun daggjalda er hér áætluð 6%, enda þótt endanleg ákvörðun um það hafi ekki ennþá verið tekin.

399 **Ýmis heilbrigðismál.** Liðurinn hækkar um 866 þús. kr., og eru helztu breytingar þessar: Ráðstafaðir tekjustofnar til Hjartaverndar og Minningarsjóðs Land-

spítalans hækka um samtals 500 þús. kr., inn eru teknir nýir liðir vegna daggjaldanefndar, 450 þús. kr., og eiturefnanefndar, 200 þús. kr., framlag vegna héraðshjúkrunarkvenna hækkar um 130 þús. kr. og til að bæta héraðslæknisþjónustu um 150 þús. kr., en niður falla framlög til eyðingar meindýra, 250 þús. kr., og til heilsuhælis N.L.F.Í. 320 þús. kr.

401 **Þjóðkirkjan.** Hækkun fjárveitinga til þjóðkirkjunnar nemur 5 212 þús. kr. og kemur einkum fram á liðnum prestar og prófastar, 4 726 þús. kr. Stafar sú hækkun fyrst og fremst af verðlagsuppbótum á laun og færslu launatengdra gjalda á liðinn. Þá hækkar kostnaður við biskupsbústað um 322 þús. kr. og við yfirstjórn um 257 þús. kr., þ. á. m. vegna fyrirhugaðrar ferðar biskups á þing lútherska heimssambandsins í Brasilíu. Á móti falla niður liðirnir „bygging prestseturs í Odda" 200 þús. kr. og „til Hallgrímskirkju í Saurbæ" 25 þús. kr., en framlag til heimtaugargjalda er fært á liðinn „byggingar á prestsetrum". Nettóhækkun á öðrum liðum nemur samtals 132 þús. kr.

901 **Húsameistari ríkisins.** Liðurinn hækkar um 711 þús. kr., en skýrist af verðlagsuppbótum á laun og færslu launatengdra gjalda á liðinn.

971 **Gæzluvistarsjóður.** Hér er um að ræða hluta af hagnaði ÁTVR 7 500 þús. kr., sem er óbreytt frá fyrra ári, og auk þess nýja fjárveitingu, 1 500 þús. kr., til húsnæðisaukningar vegna drykkjusjúklinga.

05 Félagsmálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 395 þús. kr., þar af 252 þús. kr. vegna ráðningar fulltrúa til starfa á sviði vinnumála, og þar sem verðlagsuppbætur og launatengd gjöld nema samtals 300 þús. kr., verður 157 þús. kr. lækkun á öðrum kostnaðarliðum.

271 **Tryggingastofnun ríkisins.** Framlög til almannatrygginga að frátöldum atvinnuleysistryggingum hækka um 204 100 þús. kr. frá fjárlögum 1969. Í þessari tölu eru fólgnir persónuskattar til almannatrygginganna, er hækka um samtals 43 200 þús. kr., þ. e. almannatryggingagjald 24 400 þús. kr., lífeyristryggingagjald atvinnurekenda 6 800 þús. kr. og slysatryggingagjöld 12 000 þús. kr. Mismunurinn, 160 900 þús. kr., er því hækkun á hreinu framlagi ríkissjóðs og skýrist þannig: Framlag til sjúkratrygginga hækkar um 180 700 þús. kr. Áætlað framlag á fjárlögum 1969 var 616 000 þús. kr., en endurskoðuð áætlun hefur leitt í ljós, að kostnaður muni reynast 650 000 þús. kr., þannig að á vantar 34 000 þús. kr., og auk þess nam skuld í byrjun þessa árs 7 100 þús. kr. Verður því áætluð skuld ríkissjóðs til sjúkratrygginganna um næstu áramót 41 100 þús. kr. Aukning ríkissjóðsframlags árið 1970 var fyrir síðustu daggjaldabreytingu áætluð 79 000 þús. kr. (þ. e. fyrrnefnd skuld 41 100 þús. kr. og raunveruleg kostnaðaraukning 37 900 þús. kr.), en við daggjaldahækkunina jókst framlagið enn um 62 600 þús. kr. Samtals eru þetta 182 700 þús. kr., en frá dregst áætluð þátttaka héraðssamlaganna í embættiskostnaði sýslumanna, er hafa á hendi framkvæmd sjúkratryggingamála þeirra, 2 000 þús. kr., þannig að endanleg hækkun á framlagi ríkissjóðs til sjúkratrygginga verður sem fyrr segir 180 700 þús. kr. Framlag til lífeyristrygginga lækkar hins vegar um 19 800 þús. kr. Framlag í fjárlögum 1969 mun vera vanáætlað um 10 000 þús. kr., en í ársbyrjun 1969 var innstæða ríkissjóðs hjá lífeyristryggingum 45 700 þús. kr., og þegar einnig er tekið tillit til þátttöku í embættiskostnaði sýslumanna og bæjarfógeta, 6 500 þús. kr., á því ári, reynist áætluð innstæða ríkissjóðs um næstu áramót 42 200 þús. kr. Framlag ríkissjóðs árið 1970 er áætlað að hækki um 29 900 þús. kr. frá fjárlögum 1969, og þátttaka í embættiskostnaði sýslumanna og bæjarfógeta, sem kemur til frádráttar, verður 7 500 þús. kr., þannig að endanlegt framlag ríkissjóðs til lífeyristrygginga lækkar um 19 800 þús. kr., sem fyrr greinir.

272 **Framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs** hækkar um 20 800 þús. kr., en að frátöldu atvinnuleysistryggingagjaldi úr tekjuhlið frumvarpsins, sem hækkar um 7 500 þús. kr., nemur hækkunin á hreinu ríkissjóðsframlagi 13 300 þús. kr. Skýrist sú hækkun þannig, að framlag ríkissjóðs móti gjaldi atvinnurekenda hækkar um 15 000 þús. kr., vanáætlun í fjárlögum 1969 er talin 300 þús. kr., en innstæða í ársbyrjun 1969 reyndist 2 000 þús. kr.

371 **Húsnæðismálastofnun ríkisins.** Á þessum lið kemur fram 34 650 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Launaskattur hækkar um 32 000 þús. kr., byggingasjóðsgjöld af innflutningi og tekju- og eignarskatti hækka um 2 594 þús. kr. og laun húsnæðismálastjórnar og framkvæmdastjóra hækka um 56 þús. kr. vegna verðlagsuppbóta o. fl.

372 **Byggingasjóður verkamanna.** Framlag lækkar um 200 þús. kr., sem stafar af því, að teiknikostnaður er áætlaður lægri en í fjárlögum 1969 sem þessari fjárhæð nemur.

601 **Skipulagsstjóri.** Fjárveiting hækkar um 835 þús. kr., sem stafar annars vegar af verðlagsuppbótum á laun og hins vegar af nokkurri aukningu starfseminnar. Heildarframlag er 8 600 þús. kr., sem er sama fjárhæð og áætlað skipulagsgjald, sem fært er teknamegin í frumvarpið.

973 **Framlag til atvinnujöfnunarsjóðs** lækkar um 20 000 þús. kr. Niður fellur sérstök fjárveiting í fjárlögum 1969, 50 000 þús. kr., en inn er tekinn nýr liður, álgjald, þ. e. framleiðslugjald álverksmiðjunnar í Straumsvík, en hluti atvinnujöfnunarsjóðs af því er áætlaður 30 000 þús. kr. á árinu 1970.

999 **Ýmis framlög.** Fjárveiting til þessa liðar hækkar um 3 018 þús. kr., og eru helztu breytingar einstakra viðfangsefna þessar: Inn er tekinn nýr liður, „Til lífeyrissjóða verkalýðsfélaga", 6 250 þús. kr., í samræmi við samkomulag við lausn kjaradeilu fyrr á þessu ári. Liðurinn „Meðlög skv. lögum nr. 87/1947" hækkar um 1 840 þús. kr. og hækkun annarra liða nemur samtals 273 þús. kr. Á móti falla niður framlög til eftirtalinna viðfangsefna: Blindrafélagið, byggingarstyrkur, 120 þús. kr., Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, byggingarstyrkur, 1 500 þús. kr., Bandalag íslenzkra skáta, byggingarstyrkur, 100 þús. kr., dagheimili, byggingastyrkir, 525 þús. kr., Geðverndarfélagið, byggingarstyrkur, 2 000 þús. kr. og til Flugmálafélags Íslands, í tilefni af 50 ára afmæli flugsins, 100 þús. kr. Loks er framlag til orlofsheimilis BSRB flutt á fjárlagalið undir fjármálaráðuneytinu, en framlagið nam 1 000 þús. kr. í fjárlögum 1969.

06 Fjármálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Á þessum lið verður 1 329 þús. kr. hækkun. Launaliður hækkar um 1 019 þús. kr., þar af 910 þús. kr. vegna verðlagsuppbóta á laun og launatengdra gjalda og 109 þús. kr. vegna nefndakostnaðar o. þ. u. l. Aðrir kostnaðarliðir hækka um 310 þús. kr., m. a. vegna aukinnar skýrsluvélanotkunar launadeildar ráðuneytisins.

103—104 **Ríkisbókhald og ríkisféhirzla.** Á þessum liðum, sem nú eru gerðir að tveimur fjárlagaliðum í stað eins á fjárlögum 1969, verður 814 þús. kr. hækkun, þar af 579 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar á laun og launatengdra gjalda. Afgangur hækkunarinnar, 235 þús. kr., kemur eingöngu fram á ríkisbókhaldi, en nauðsynlegt er að bæta starfsaðstöðu bókhaldsins nokkuð, m. a. til þess að það geti annað því hlutverki, sem því er ætlað með lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

201—211 **Embætti ríkisskattstjóra og skattstofur.** Skv. frumvarpinu vex kostnaður við skattstjóraembættin um samtals 4 781 þús. kr. Er meginhluti þeirrar hækkunar, eða 4 571 þús. kr., fólginn í færslu launatengdra gjalda á einstök embætti og verðlagsuppbótum á laun. Að öðru leyti er um að ræða 210 þús. kr. nettóhækkun, einkum vegna aukinnar skýrsluvélanotkunar embættanna.

251 **Gjaldheimtan í Reykjavík.** Skv. áætlun Gjaldheimtunnar lækkar framlag ríkissjóðs um 1 097 þús. kr. Útgjöld lækka um 697 þús. kr., en tekjur hækka um 400 þús. kr.

261—282 **Tollamál.** Framlag til tollamála hækkar um 8 875 þús. kr., þar af 1 593 þús. kr. hækkun tollstöðvargjalds. Afgangurinn, 7 282 þús. kr., skýrist þannig, að launatengd gjöld og verðlagsuppbætur á laun nema 5 167 þús. kr., og inn er tekinn sérstakur liður vegna sameiginlegra útgjalda, þ. e. prentun eyðublaða o. þ. h. 2 000 þús. kr., en í hinu nýja formi fjárlaga hefur láðst að áætla fyrir þessum kostnaði, sem færður var á 11. gr. C í eldri fjárlögum. Að öðru leyti hækka ýmis rekstrargjöld um 115 þús. kr.

381 **Uppbætur á lífeyri.** Þessi liður lækkar um 41 995 þús. kr. Framlög til lífeyrissjóða, sem voru 45 675 þús. kr., falla nú niður af þessum lið, þar sem þau hafa verið færð á einstakar stofnanir og nema í heild 52 282 þús. kr. Hins vegar hækka uppbætur á lífeyri um 3 680 þús. kr.

402 **Fasteignamat.** Kostnaður við fasteignamat lækkar um 4 661 þús. kr., og gert er ráð fyrir tekjulið að fjárhæð 2 000 þús. kr., þannig að framlag ríkissjóðs lækkar um 6 661 þús. kr. Miðað er við, að heildarmati því, sem unnið hefur verið að á undanförnum árum, ljúki um næstu áramót.

971 **Ríkisábyrgðasjóður.** Framlag hækkar um 8 000 þús. kr., sem kemur þannig fram, að áhættuiðgjald vegna ríkisábyrgða er áætlað 2 000 þús. kr. lægra en í fjárlögum 1969, en hreint ríkissjóðsframlag hækkar um 10 000 þús. kr.

972 **Hlutabréf ríkisins.** Fjárveiting hækkar um 4 166 þús. kr. Til innlausnar á hlutabréfum í Áburðarverksmiðju ríkisins eru áætlaðar 5 900 þús. kr., en niður fellur fjárveiting til hlutabréfakaupa í Flugfélagi Íslands, sem var 1 734 þús. kr. í fjárlögum 1969.

981 **Ríkisbifreiðar, framlag.** Hækkunin nemur 2 000 þús. kr., en í meðferð fjárlagafrumvarpsins á síðasta Alþingi var áætluð fjárveiting lækkuð um þessa upphæð. Hefur þessi ráðstöfun vafalítið valdið verulegri hækkun rekstrarkostnaðar á bifreiðum ríkisins, sem ekki hefur reynzt unnt að endurnýja svo ört sem skyldi sökum ónógrar fjárveitingar.

991 **Ýmis lán ríkissjóðs.** Framlög vegna vaxtagreiðslna af ýmsum lánum ríkissjóðs hækka um 43 486 þús. kr. Er hér fyrst og fremst um að ræða vaxtagreiðslur af skuldabréfaláni ríkissjóðs í Seðlabankanum vegna breytingar yfirdráttarskuldar í fast lán, 40 000 þús. kr., og greiðslu vaxta af láni til Áburðarsölu ríkisins vegna gengismunar, 3 254 þús. kr. Nettóhækkun á öðrum vaxtagreiðslum er 232 þús. kr. Þess skal getið, að vaxtagreiðslur vegna yfirdráttarláns í Seðlabanka voru áætlaðar 11 500 þús. kr. á öðrum lið í fjárlögum 1969, þannig að raunveruleg hækkun er lægri sem því nemur, eða 31 986 þús. kr.

999 **Ýmislegt.** Á þessum lið kemur fram 35 776 þús. kr. hækkun, og breytast einstök viðfangsefni sem hér segir: Inn er tekin sérstök fjárveiting að fjárhæð 45 000 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar á laun í september og desember, en gert er ráð fyrir, að bótunum verði dreift á launaliði einstakra stofnana, þegar endanleg vissa fæst um upphæð bótanna. Þá er færð á þennan lið fjárveiting til orlofsheimilis BSRB 2 500 þús. kr., sem var 1 000 þús. kr. í fjárlögum 1969 undir félagsmálaráðuneytinu. Kostnaður við kjarasamninga eykst um 126 þús. kr., en styrkur til dagblaða lækkar um 350 þús. kr. Loks falla vaxtagreiðslur af yfirdráttarlánum hjá Seðlabanka niður af þessum lið, sbr. aths. við lið 991 hér næst á undan.

07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Sú 256 þús. kr. hækkun, sem fram kemur á þessum lið, skýrist að mestu af verðlagsuppbótum á laun og launatengdum gjöldum.

211 **Vegagerð.** Fjárlagaáætlun vegagerðar er byggð á vegaáætlun fyrir árið 1969—1972. Tekjustofnar vegasjóðs eru þessir:

	Þús. kr.
Gúmmígjald	47 600
Innflutningsgjald af benzíni	405 200
Bifreiðaskattur	130 800
Veggjald	16 500
Samtals	600 100

Útgjöld á rekstrarreikningi vegagerðar eru 584 737 þús. kr. og mismunur tekna og gjalda því 15 363 þús. kr. Þar sem 23 300 þús. kr. af tekjum vegasjóðs ganga til endurgreiðslu lána af Reykjanesbraut, þ. e. veggjald 16 500 þús. kr. og annað vegasjóðsfé 6 800 þús. kr., er raunverulega um 7 937 þús. kr. halla að ræða á rekstrarreikningi. Þessi halli er fjármagnaður með ríkissjóðsframlögum, annars vegar til Kísilvegar 7 000 þús. kr., og hins vegar til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum, til lagfæringar á bílastæðum við fjölsótta ferðamannastaði og til rekstrar snjóbíla o. fl., samtals 937 þús. kr. Endurgreiðslur lána, þ. e. lánahreyfingar út, samtals 44 300 þús. kr., eru fjármagnaðar annars vegar með fyrrnefndri fjárhæð úr vegasjóði, 23 300 þús. kr., og hins vegar með beinu ríkissjóðsframlagi, 21 000 þús. kr.

321 **Strandferðir, framlög.** Á liðnum kemur fram 700 þús. kr. lækkun. Halli Skipaútgerðar ríkisins er áætlaður 5 700 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1969, og er þá meðtalið sérstakt 2 000 þús. kr. framlag til tækjakaupa. Orsökin er annars vegar sú, að hluti af kostnaði við skrifstofuhald færist á hina sameiginlegu útgerðarstjórn, sbr. aths. við næsta lið hér á eftir, og hins vegar er lækkunin byggð á eftirfarandi forsendum: Herðubreið verði seld, þegar síðara strandferðaskipið, sem nú er í byggingu, verður tekið í notkun, væntanlega haustið 1970, og farmgjöld verði hækkuð um 10% um næstu áramót. Á hinn bóginn hækkar framlag til byggingar strandferðaskipa um 5 000 þús. kr.

325 **Rekstrardeild ríkisskipa.** Eins og kunnugt er hefur verið komið á sameiginlegri útgerðarstjórn skipa ríkisins, og annast rekstrardeild ríkisskipa það hlutverk. Er hér um að ræða sameiginlegt fjár- og reikningshald, innkaup, launamál og kjarasamninga, eftirlitsstörf með viðgerðum og önnur sameiginleg mál. Kostnaður er áætlaður 3 729 þús. kr. árið 1970. Erfitt er að gera nákvæma grein fyrir þeim sparnaði, sem af stofnun deildarinnar leiðir, enda má gera ráð fyrir, að sá sparnaður komi fyrst og fremst fram á rekstri skipanna. Eftirfarandi yfirlit gefur til kynna þá lækkun, sem leiðir af hagræðingu í útgerð skipanna, skipulagsbreytingu og stofnun rekstrardeildar ríkisskipa:

	Þús. kr.
Rekstrarhalli Skipaútgerðar ríkisins í fjárl. 1969	29 000
Rekstrarhalli Skipaútgerðar ríkisins í fjárl.frv. 1970, þ. e. 23 300 þús. kr. ÷ 2 000 þús. kr., sem er vegna tækjakaupa	21 300
Lækkun rekstrarhalla	7 700
Niður fellur greiðsla Landhelgisgæzlu fyrir bókhaldsþjónustu	1 500
Samtals	9 200
Kostnaður við rekstrardeild ríkisskipa	3 729
Nettólækkun	5 471

Eins og fyrr segir er erfitt að setja fram tölulega hreinan sparnað vegna starfsemi rekstrardeildar. Framangreind lækkunartala felur m. a. í sér vissar ákvarðanir varðandi Skipaútgerð ríkisins, sem ekki geta talizt afleiðing af

starfsemi deildarinnar, svo sem hækkun farmgjalda. Á móti því kemur, að í kostnaðartölu rekstrardeildar eru meðtaldar verðlagsuppbætur á laun o. þ. h., og auk þess má á það benda, að með tilkomu deildarinnar er verulegum störfum létt af útgerðarstjórn rannsóknaskipanna, þótt engin tala sé tiunduð þess vegna í yfirlitinu. En fullyrða má, að reynslan af starfsemi deildarinnar hafi þegar leitt í ljós, að með þessari nýskipan mála sé að vænta verulegs ávinnings í þeim sameiginlegu útgerðarmálum, sem deildin fjallar um.

331 **Vita- og hafnamál, aðalskrifstofa.** Framlag hækkar um 1 001 þús. kr., þar af verðlagsuppbætur og launatengd gjöld 588 þús. kr., en ýmsir kostnaðarliðir, þ. m. t. húsaleiga og ferðakostnaður, 413 þús. kr.

332 **Vitamál.** Á liðnum kemur fram 2 192 þús. kr. hækkun, launatengd gjöld og verðlagsuppbætur nema 646 þús. kr., en að öðru leyti á hækkunin rætur að rekja til hækkunar launasamnings við vitaverði.

333 **Hafnamál.** Fjárhagsáætlun er miðuð við hafnaáætlun, sem lögð var fyrir síðasta Alþingi með þeim undantekningum, að endurgreiðslur landshafnalána eru hækkaðar til samræmis við nýjustu upplýsingar, og framlag til hafnabótasjóðs er hækkað um 9 000 þús. kr. Helztu breytingar á einstökum viðfangsefnum eru þessar: Framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækkar um 4 415 þús. kr. Í stað liðarins „Hafnalán", sem fól í sér vaxtagreiðslur af landshafnalánum í fjárl. 1969, kemur inn nýr liður, „Landshafnir, framlag", sem inniheldur bæði vaxtagreiðslur og afborganir. Á liðnum kemur fram 29 385 þús. kr. hækkun, en þar sem afborganir af landshafnalánum voru 25 595 þús. kr. í fjárlögum, er raunveruleg hækkun 3 790 þús. kr. Liðurinn „hafnarmannvirki, eftirstöðvar framlaga", hækkar um 800 þús. kr., framlag til hafnabótasjóðs um 9 000 þús. kr., eins og fyrr greinir, og inn er tekinn nýr liður „sjóvarnargarðar", færður af atvinnumálaráðuneytinu, 850 þús. kr. Loks er smávægileg hækkun vegna hafnarannsókna og mælinga, 7 þús. kr. Á þennan hátt kemur fram 44 457 þús. kr. hækkun á framlögum til hafnamála, en sé tekið tillit til tilfærslu afborgana af landshafnalánum og framlagi til sjóvarnargarða, reynist raunveruleg heildarhækkun 18 012 þús. kr.

351 **Ferðamál.** Liðurinn hækkar um 429 þús. kr., þar af 400 þús. kr. salernisfé, þ. e. til að bæta úr slíkri aðstöðu á ferðamannastöðum. Til þess voru veittar 250 þús. kr. á liðnum „Gisti- og veitingastaðaeftirlit", sem nú er á liðnum „Heilbrigðis- og mjólkureftirlit" undir landlæknisembætti. Að öðru leyti er um að ræða eðlilegar verðlagsbætur á laun o. þ. h.

351 **Veðurstofan.** Fjárveiting er áætluð 10 626 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1969, þar af 10 000 þús. kr. framlag til að hefja byggingu nýs húss fyrir stofnunina. Er þetta orðið mjög brýnt verkefni vegna starfsemi veðurstofunnar sjálfrar, og enn fremur vegna húsnæðisvandræða annarra stofnana, er hafa starfsemi í sjómannaskólahúsinu, þar sem veðurstofan nú er. Þegar tekið er tillit til verðlagsuppbótar á laun og færslu launatengdra gjalda á liðinn, samtals 2 557 þús. kr., verður ljóst, að rekstrarframlag lækkar raunverulega um 1 931 þús. kr., en útgjöld munu nokkuð ofáætluð í fjárlögum 1969.

356 **Landmælingar.** Framlag til landmælinga hækkar um 903 þús. kr. Verðlagsuppbætur og launatengd gjöld nema 335 þús. kr., framlag til kaupa á frumgögnum Íslandskorta hækkar um 225 þús. kr., en afgangur hækkunarinnar, 343 þús. kr., kemur fram á ýmsum rekstrarliðum, þar sem fjárveiting mun vera í tæpasta lagi í fjárlögum 1969.

358 **Skipaskoðun ríkisins.** Af þeirri 827 þús. kr. hækkun, sem áætluð er til þessarar stofnunar, nema verðlagsuppbætur og launatengd gjöld 717 þús. kr., en afgangurinn, 110 þús. kr., er vegna ýmissa rekstrarliða.

371 **Flugmálastjórn.** Framlag hækkar um 11 595 þús. kr. og eru 6 197 þús. kr. af þeirri hækkun vegna endurgreiðslu framkvæmdalána. Af mismuninum, 5 398 þús. kr., nema verðlagsuppbætur og launatengd gjöld 4 009 þús. kr. Þar sem

tekjur lækka um 2 119 þús. kr., verður nettólækkun á öðrum rekstrarliðum 730 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir áframhaldandi ráðstöfunum til lækkunar kostnaðar á Reykjavíkurflugvelli, einkum hjá slökkviliði.

402 **Rannsóknastofnun iðnaðarins.** Á þessum lið verður 911 þús. kr. hækkun. Heimiluð er ráðning málmiðnaðarsérfræðings, 241 þús. kr., launatengd gjöld og verðlagsuppbætur eru 622 þús. kr., og aðrir liðir hækka um samtals 48 þús. kr.

403 **Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.** Launaliður hækkar um 1 540 þús. kr. Eru þá meðtalin laun starfsfólks, sem unnið hefur í stofnuninni, og greidd hafa verið af eigin tekjum stofnunarinnar, sem ekki hafa heldur komið fram í fjárlagaáætlunum. Er hér um að ræða launagjöld að fjárhæð 1 000 þús. kr. og eru tekjur hækkaðar að sama skapi. Launatengd gjöld og verðlagsuppbætur nema 540 þús. kr. og aðrir rekstrarliðir hækka um samtals 64 þús. kr., þannig að fjárveiting ríkissjóðs hækkar um 604 þús. kr.

499 **Iðja og iðnaður, framlög.** Liðurinn hækkar um 300 þús. kr. vegna eflingar iðnþróunar.

08 Viðskiptaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 607 þús. kr., þar af launatengd gjöld og verðlagsuppbætur 459 þús. kr. og nefndakostnaður o. fl. 148 þús. kr.

201 **Niðurgreiðslur á vöruverði** lækka um 18 290 þús. kr. og er þá tekið tillit til þeirrar neyzluminnkunar dilkakjöts, sem orðið hefur á þessu ári, en gera má ráð fyrir, að fjárveiting reynist allt að 50 millj. kr. of há í ár.

902 **Verðlagsskrifstofan.** Hækkunin, 719 þús. kr., á eingöngu rætur að rekja til verðlagsuppbóta á laun og færslu launatengdra gjalda á liðinn.

999 **Ýmis önnur mál.** Á liðnum verður 268 þús. kr. hækkun vegna vörusýninga erlendis.

09 Hagstofa Íslands.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 815 þús. kr., þar af 685 þús. kr. vegna launatengdra gjalda og verðlagsuppbóta, en að öðru leyti stafar hækkunin að mestu af kostnaðaraukningu vegna aðalmanntals, sem fara á fram árið 1970.

10 Ríkisendurskoðun.

Framlag hækkar um 950 þús. kr., og skýrist sú hækkun að fullu af verðlagsuppbótum á laun og færslu launatengdra gjalda á liðinn.

Fylgiskjal I.

EFNAHAGSSTOFNUNIN OG
FJÁRLAGA- OG HAGSÝSLUSTOFNUN

Drög að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1970 fyrir opinberar framkvæmdir.

Fjáröflun. Seðlabankinn hefur gert áætlun um fjáröflun til opinberra framkvæmda innan framkvæmdaáætlunar ársins 1970. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir, að fjáröflun geti í heild numið 260 millj. kr. PL-480 lán er áætlað 85.0 millj. kr., ný spariskírteinalán 75.0 millj. kr. og endurgreiðslur af áður útgefnum spariskírteinalánum 100.0 millj. kr. Skv. þessu hækkar PL-480 lánið um 15.0 millj. kr., spariskírteinalánið er óbreytt og endurgreiðsla spariskírteinalána hækkar um 20 millj. kr. Hækkun fjáröflunar frá 1969 er því samtals 35 millj. kr., og er hér, að áliti Seðlabankans, um hámarksfjáröflun að ræða.

Skipting lánsfjár. Við athugun á þeim opinberu framkvæmdum, sem æskilegt má teljast, að ráðizt verði í árið 1970, hefur komið í ljós, að heildarkostnaður við þær er 285 millj. kr., eða 25 millj. kr. hærri en hugsanlegri lánsfjáröflun nemur. Þar sem þannig hefur ekki verið séð fyrir nægu fjármagni til að standa undir þessum framkvæmdum með þeim hætti, sem slíkar áætlanir gera ráð fyrir, eru tveir kostir fyrir hendi: Annars vegar að taka það sem á vantar inn á fjárlög, og hins vegar að fella niður einhverjar framkvæmdanna eða hluta þeirra, þannig að jöfnuður náist. Til að varpa skýrara ljósi á þessi mál, verður hér á eftir gerð nánari grein fyrir einstökum framkvæmdum:

	Millj. kr.
Reykjanesbraut	36.0
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	12.0
Landshafnir	8.0
Rafmagnsveitur ríkisins	35.0
Orkurannsóknir	15.0
Saltrannsóknir á Reykjanesi og málmleit	4.0
Bygging á Keldnaholti	13.0
Háskólinn	30.0
Lögreglustöð í Reykjavík	7.0
Laxárvirkjun	55.0
Áburðarverksmiðjan	70.0
Alls	285.0

Reykjanesbraut. Hér er ekki um eiginlega framkvæmd að ræða, heldur endurgreiðslur lána, sem á brautinni hvíla. Vegna verðtryggingarákvæða sumra lánanna verður að áætla þann hluta endurgreiðslnanna, sem af verðlagsbreytingum kann að leiða. Afborganir eru þannig áætlaðar samtals 26.6 millj. kr. og verðlagsuppbætur og vextir 31.8 millj. kr., eða samtals 58.4 millj. kr. Til endurgreiðslnanna eru fyrir hendi annars vegar veggjald af Reykjanesbraut, sem í fjárlögum er áætlað 16.5 millj. kr., en verður 15.6 millj. kr., þegar kostnaður hefur verið dreginn frá, og hins vegar 6.8 millj. kr. framlag á vegaáætlun, eða samtals 22.4 millj. kr. Þannig er fjárvöntun 36.0 millj. kr., sem ætlað er að aflað verði innan þessarar áætlunar.

Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi. Til þess að fullnægja þegar gefnum loforðum um fjáröflun mun þurfa 12.0 millj. kr. Hér er þó aðeins um hluta af stóru verki að ræða, en ekki hafa enn verið gerðar áætlanir um heildarkostnað vegagerðar þessarar miðað við núgildandi verðlag, og þá ekki heldur gengið frá áætlun um fjáröflun.

Landshafnir. Samkvæmt hafnaáætlun er gert ráð fyrir framkvæmdum við tvær hafnir á árinu 1970. Á Rifi á að fara fram dýpkun, og er kostnaður áætlaður 4.0 millj. kr. Í Keflavík—Njarðvík er ráðgerð dýpkun, sem mun kosta allt að 4.0 millj. kr.

Rafmagnsveitur ríkisins. Rafmagnsveitur ríkisins eru enn sem fyrr háðar lánsfjáröflun vegna allra meiri háttar framkvæmda, en hækkun verðjöfnunargjalds á þessu ári gengur til þess að mæta hækkun lánagreiðslna. Gert er ráð fyrir, að heildarútgjöld rafmagnsveitnanna til framkvæmda á árinu 1970 verði 59.0 millj. kr. Þar við bætist sveitarafvæðing 30.1 millj. kr., en gert er ráð fyrir 27.1 millj. kr. framlagi á fjárlögum auk 3.0 millj. kr. stofngjalda. Helztu fyrirhugaðar framkvæmdir, fyrir utan venjulegar aukningar dreifikerfa, eru tengilínur milli orkusvæða með þeim hætti, er bæti rekstrarafkomu rafmagnsveitnanna. Fjármögnun þessara framkvæmda að viðbættri 6.0 millj. kr. endurgreiðslu vörukaupalána, eða samtals 95.1 millj. kr., er áætluð þannig: Framlag á fjárlögum til sveitarafvæðingar og heimtaugagjöld í sveitum eru 30.1 millj. kr., fjáröflun rafmagnsveitnanna af heimtaugagjöldum utan sveita, tollaláni og af rekstri er samtals áætluð 30.0 millj. kr. og fjáröflun á framkvæmdaáætlun 35.0 millj. kr.

Orkurannsóknir. Orkustofnun hefur gert ítarlega áætlun um rannsóknaverkefni á sviði vatnsorku og jarðhita. Áætlun þessi, sem nær til fimm ára, er mjög fjárfrek. Áætlunin er nýlega fram komin og hefur því ekki verið rædd af þeim aðilum, sem ber að fjalla um hana. Hefur hér verið gert ráð fyrir 15 millj. kr. fjáröflun, en hafa ber í huga, að nauðsynlegt kann að reynast að endurskoða þessa tölu, þegar viðkomandi aðilar hafa fjallað um áætlunina og gert tillögur um forgang einstakra rannsóknaverkefna.

Saltrannsóknir á Reykjanesi og málmleit. Kostnaður við að ljúka rannsóknum vegna saltvinnslu á Reykjanesi er áætlaður 2.0 millj. kr. Gerð hefur verið áætlun um almenna málmleit á Íslandi, og er áætlað að verja til hennar 2.0 millj. kr. á árinu 1970.

Bygging á Keldnaholti. Áætlað er að hefja byggingu fyrir Rannsóknastofnun iðnaðarins á Keldnaholti. Kostnaður við bygginguna er áætlaður 20.0 millj. kr., en fjáröflunaráætlun ársins 1969 gerir ráð fyrir 7 millj. kr. til þessa verkefnis, þannig að fjárvöntun verður 13.0 millj. kr.

Háskólinn. Gert er ráð fyrir, að aflað verði 30.0 millj. kr. lánsfjár til byggingarframkvæmda Háskólans. Þessi fjáröflun kæmi til viðbótar fé því, sem Háskólahappdrættið leggur fram til slíkra framkvæmda. Allmikið skortir á, að undirbúningi einstakra framkvæmda sé það vel á veg komið, að framkvæmdir þær, sem þessu lánsfé er ætlað að standa undir, geti hafizt í verulegum mæli á árinu 1970. Má því jafnvel búast við því, að fjárhæðin verði ekki öll notuð á því ári, en engu að síður þykir rétt að gera ráð fyrir þessari fjárhæð í ljósi mikillar byggingarþarfar Háskólans.

Lögreglustöð í Reykjavík. Á fjárlögum er gert ráð fyrir 3.2 millj. kr. til byggingarframkvæmda nýju lögreglustöðvarinnar, og til að flýta þessum brýnu framkvæmdum enn er ráðgerð 7.0 millj. kr. fjáröflun til viðbótar, þannig að ráðstöfunarfé til byggingarframkvæmda verður í heild 10.2 millj. kr. á árinu 1970.

Laxárvirkjun. Áætlað er að hefja nýja virkjun Laxár, svonefnda Gljúfurversvirkjun, vorið 1970. Er hér um að ræða fyrsta áfanga af fjórum í mikilli virkjun, sem nægja mun fullbyggð fyrir allt orkuveitusvæði Laxárvirkjunar til ársins 1990. Kostnaðaráætlun þessa áfanga nemur 287 millj. kr., og er gert ráð fyrir, að ríkissjóðshluti fjármögnunarinnar skv. Laxárvirkjunarlögum verði 183 millj. kr., þar af 55 millj. kr. á árinu 1970.

Áburðarverksmiðjan. Fyrirhuguð er stækkun Áburðarverksmiðjunnar, þar sem gert er ráð fyrir byggingu nýrrar blöndunar- og kornunarverksmiðju með tilheyrandi sekkjunarstöð og flutningakerfi til framleiðslu á blönduðum alhliða (NPK) áburði, kalkblönduðum köfnunarefnisáburði og grófkornuðum kjarna. Í þessu skyni er gert ráð fyrir fjáröflun innan framkvæmdaáætlunarinnar, er nemur 70 millj. kr. árið 1970.

Fylgiskjal II.

Starfsmannaskrá.

Starfsmannaskrá sú sem hér fer á eftir er gerð eftir launaskrám launadeildar fjármálaráðuneytisins, póst- og símamálastjórnarinnar og ríkisspítalanna.

Taldir eru þeir starfsmenn sem á þessum launaskrám voru í maí 1969 og laun tóku samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisstarfsmanna.

Launaupphæðir þær sem í skránni eru byggja á mánaðarlaunum eins og þau voru í maímánuði síðast liðnum áður en gekk dómur Kjaradóms sem kvað á um verðlagsuppbót. Mánaðarlaunin eru hér tólfföldud til jafngildis við árslaun.

	A-HLUTI			Laun
	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	þús. kr.
00 101	**Embætti forseta Íslands:**			
	Forseti Íslands	1	U.	
	Forsetaritari	1	24.	
	Ráðskona að Bessastöðum	1	16.	
	Bókari	1	14.	
	Bifreiðarstjóri	1	10.	
	Vinnumaður á ríkisbúi	1	08.	
	Samtals	6		1 339
00 201	**Alþingi:**			
	Skrifstofustjóri	1	28.	
	Fulltrúi	1	24.	
	Fulltrúi	1	22.	
	Eftirlitsmaður	1	18.	
	Skjalavörður	1	14.	
	Fulltrúar	2	12.	
	Húsvörður	1	08.	
	Samtals	8		1 734
00 301	**Ráðherrar:**			
	Ráðherrar	7	U.	
	Samtals	7		2 647
00 401	**Hæstiréttur:**			
	Hæstaréttardómarar	5	U.	
	Samtals	5		1 900
01 101	**Forsætis- og menntamálaráðuneytið:**			
	Ráðuneytisstjóri	1	28.	
	Deildarstjórar	4	24.	
	Fulltrúar	3	22.	
	Fulltrúi	1	20.	
	Eftirlitsmenn	3	18.	
	Bókarar	6	11.	
	Símavarðstjóri	1	11.	
	Bifreiðastjóri	1	10.	
	Húsvörður	1	08.	
	Símaverðir	2	07.	
	Samtals	23		4 400

	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun þús. kr.
01 201	**Háskóli Íslands:**			
	Rektor	1	28.	
	Prófessorar	44	26.	
	Háskólabókavörður	1	26.	
	Háskólakennarar	4	26.	
	Dósent í lyfjafræði	1	24.	
	Háskólaritari	1	24.	
	Lektorar	6	23.	
	Styrkþegi	1	22.	
	Íþróttakennari	1	21.	
	Bókavörður	1	20.	
	Fulltrúi	1	20.	
	Tanntæknir	1	18.	
	Aðalgjaldkeri	1	17.	
	Fulltrúi	1	14.	
	Ritari	1	13.	
	Ritari	1	10.	
	Húsvörður	1	08.	
	Aðstoðarkona	1	07.	
	Dósentar	30	U.	
	Lektorar	9	U.	
	Sendikennarar	6	U.	
	Samtals	114		23 051
01 202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum:**			
	Forstöðumaður	1	26.	
	Dýralæknir	1	26.	
	Læknir	1	24.	
	Sérfræðingur	1	24.	
	Sérfræðingur	1	23.	
	Efnafræðingur	1	23.	
	Bóluefnisstjóri	1	16.	
	Aðstoðarstúlka	1	15.	
	Bústjóri	1	15.	
	Meinatæknir	1	15.	
	Sérhæfður aðstoðarmaður	1	14.	
	Gjaldkeri	1	14.	
	Sérhæfðir aðstoðarmenn	4	12.	
	Aðstoðarmenn	3	10.	
	Aðstoðarmaður	1	07.	
	Samtals	20		3 875
01 203	**Raunvísindastofnun Háskólans:**			
	Deildarstjóri	1	24.	
	Sérfræðingar	7	23.	
	Skrifstofustjóri	1	20.	
	Fulltrúi	1	14.	
	Sérhæfður aðstoðarmaður	1	12.	
	Samtals	11		2 650

	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun þús. kr.
01 205	**Handritastofnun Íslands:**			
	Forstöðumaður	1	26.	
	Sérfræðingar	3	22.	
	Starfsmaður	1	19.	
	Ritari	1	10.	
	Styrkþegar	3	U.	
	Samtals	9		1 510
Í reikningshaldi er reiknað með lengri talnalykli, sem gerir frekari sundurliðun útgjalda mögulega.

Dæmi: 1 01 302 xx 027.
Menntaskólinn á Akureyri, viðhaldskostnaður. Viðfangsefnasundurliðun er ekki til og á raunar ekki við.

Dæmi: 1 02 400 02 94.
Alþjóðastofnanir, tillag til Sameinuðu þjóðanna, yfirfærsla til samtaka.

Notagildi talnalykilsins.

Í fjárlagafrumvarpinu er notagildi talnalykilsins aðallega fólgið í því, hversu aðgengilegt er að vísa til hverrar stofnunar og fjárveitingar.
Samræmd merking greiðslutegunda auðveldar sömuleiðis gerð heildaryfirlita mismunandi tegunda tekna og gjalda stofnana og fyrirtækja.
Notagildi þessa lykils verður hins vegar fyrst verulegt við reikningsfærslu, þegar rafeindatækni verður tekin í notkun við reikningshald og skýrslugerðir um fjárreiður ríkisins.

Skrá yfir stofnanir og sjóði í stafrófsröð.

A-HLUTI

1	05	999	49	Aðstoð við blinda.
1	04	399	14	Aðstoð við sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis.
1	03	374		Aflatryggingarsjóður.
1	04	253		Almannavarnir.
1	01	881		Almenningsbókasöfn.
1	00	201		Alþingi.
1	04	401	05	Alþjóðasamvinna, þjóðkirkjan.
1	02	400		Alþjóðastofnanir.
1	01	899	30	Alþjóðleg skákmót, styrkur.
1	05	981	10	Alþýðusamband Íslands.
1	01	605		Alþýðuskólinn á Eiðum.
1	05	973		Atvinnujöfnunarsjóður, framlag.
1	05	272		Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag.
1	03	101		Atvinnumálaráðuneytið, aðalskrifstofa.
1	03	286	11	Aukastyrkur til súgþurrkunar.
1	04	981	02	Áfengisvarnir.
1	03	374	04	Áhafnadeild aflatryggingarsjóðs.
1	04	401	20	Álag vegna afhendingar kirkna.
1	03	302	08	Árni Friðriksson, R/S RE 100.
1	05	999	35	Bandalag íslenzkra farfugla.
1	01	899	18	Bandalag íslenzkra leikfélaga.
1	01	899	22	Bandalag íslenzkra listamanna.
1	01	882	16	Bandalag ísl. listamanna, til að standa straum af myndlistarsýningum utanlands og innan.
1	05	999	29	Bandalag íslenzkra skáta, hjálparsveitir.
1	05	999	28	Bandalag íslenzkra skáta, styrkur.
1	05	981	12	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.
1	01	899	37	Barnaheimilið Lyngás, kennaralaun.
1	05	999	41	Barnaheimilið Sólheimar í Grímsnesi.
1	01	882	03	Barnamúsikskólinn í Reykjavík.
1	01	651–670		Barnaskólar.
1	01	702	02	Barnaverndarráð.
1	05	999	05	Barnavinafélagið Sumargjöf.
1	04	301	11	Berklavarnir.
1	04	252		Bifreiðaeftirlit.
1	04	981	03	Bindindismál, önnur.
1	04	981		Bindindisstarfsemi.
1	04	401	12	Biskups- og prestabókasöfn.
1	04	401	26	Biskupsbústaður.
1	05	972		Bjargráðasjóður.
1	03	302	10	Bjarni Sæmundsson.
1	04	971	03	Bláabandið.
1	01	899	09	Blindrastarfsemi.
1	01	899	14	Blindravinafélag Íslands vegna rekstrar blindraskóla.
1	04	318		Blóðbankinn.

1	04	204	Borgardómaraembætti.
1	04	205	Borgarfógetaembætti.
1	01	401	07 Bókmenntakynning í skólum.
1	03	581	03 Bréfaskóli SÍS og ASÍ.
1	03	286	14 Búfjárrækt skv. lögum nr. 21/1965.
1	03	286	05 Búfjártryggingar skv. lögum nr. 20/1943.
1	03	201	Búnaðarfélag Íslands.
1	03	201	22 Búreikningaskrifstofa.
1	03	372	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegs.
1	04	283	06 Bygging ríkisfangelsa og vinnuhæla.
1	07	321	05 Bygging strandferðaskipa.
1	04	401	23 Byggingaeftirlit þjóðkirkjunnar.
1	04	401	16 Byggingar á prestssetrum.
1	04	381	03 Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknabústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa.
1	03	371	Byggingarsjóður hafrannsóknaskips.
1	01	276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.
1	01	876	Byggingarsjóður safnahúss.
1	03	373	Byggingarsjóður síldarleitarskips.
1	05	371	05 Byggingarsjóðsgjald.
1	05	372	Byggingasjóður verkamanna.
1	04	211	Bæjarfógetinn, Akranesi.
1	04	232	Bæjarfógetinn, Keflavík.
1	04	234	Bæjarfógetinn, Kópavogi.
1	04	226	Bæjarfógetinn, Neskaupstað.
1	04	222	Bæjarfógetinn, Ólafsfirði.
1	04	221	Bæjarfógetinn, Siglufirði.
1	04	230	Bæjarfógetinn, Vestmannaeyjum.
1	03	532	Bændaskólinn á Hólum.
1	03	531	Bændaskólinn á Hvanneyri.
1	04	399	05 Bætt héraðslæknaþjónusta, l. 43/1965.
1	04	399	29 Daggjaldanefnd.
1	04	101	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, aðalskrifstofa.
1	04	281	Dómsmál, ýmis kostnaður.
1	05	999	38 Dýraverndunarfélag Íslands.
1	01	102	Efnahagsstofnunin.
1	01	101	05 Efnahagsstofnunin, sérstök verkefni á sviði menntamála.
1	03	299	13 Efnarannsóknastofa Norðurlands.
1	04	401	15 Eftirlaun presta og prestsekkna, viðbót.
1	06	382	Eftirlaun samkvæmt launalögum.
1	04	399	12 Eftirlit með deyfilyfjum.
1	03	399	03 Eftirlit með hvalvinnslustöðvum.
1	04	401	24 Eftirlit með kirkjugörðum.
1	01	401	11 Eftirlit með veikindaforföllum.
1	05	699	05 Egilsstaðakauptún skv. lögum nr. 58/1957.
1	04	399	28 Eiturefnanefnd.
1	05	999	02 Elliheimili.
1	00	101	Embætti forseta Íslands.
1	06	201	Embætti ríkisskattstjóra.
1	04	210	Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.
1	03	247	Embætti yfirdýralæknis.
1	05	971	Erfðafjársjóður, framlag.
1	01	781	03 Erlendir námsmenn í íslenzkum skólum, styrkir.

1 04 283 04 Fangahjálp og eftirlit með brotamönnum.
1 04 283 03 Fangahús, byggingar.
1 04 283 02 Fangahús utan Reykjavíkur.
1 04 283 01 Fangaklefar lögreglunnar í Reykjavík.
1 04 283 Fangamál, ýmis kostnaður.
1 04 246 Fangelsi í Síðumúla.
1 06 402 Fasteignamat.
1 01 101 07 Fálkaorðan.
1 04 376 Fávitahælið í Kópavogi.
1 05 999 42 Fávitahælið í Skálatúni.
1 04 382 Fávitar, framfærsla.
1 01 886 04 Ferðakennsla í íþróttum.
1 07 351 Ferðamál.
1 07 333 04 Ferjubryggjur.
1 03 299 10 Félag áhugamanna um fiskrækt.
1 05 981 02 Félagsdómur.
1 01 885 Félagsheimilasjóður.
1 05 101 Félagsmálaráðuneytið, aðalskrifstofa.
1 01 781 12 Félagsstofnun stúdenta.
1 03 301 Fiskifélag Íslands.
1 03 302 06 Fiskileit og veiðarfæratilraunir.
1 03 311 Fiskmat ríkisins.
1 01 402 Fjármálaeftirlit skóla.
1 06 101 Fjármálaráðuneytið, aðalskrifstofa.
1 07 321 04 Flóabátar, byggingastyrkur.
1 07 321 03 Flóabátar og vöruflutningar.
1 07 369 Flugbjörgunarsveitir, framlög.
1 07 371 Flugmálastjórn.
1 01 101 Forsætis- og menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa.
1 01 781 10 Framhaldsnám iðnaðarmanna erlendis.
1 05 981 04 Framkvæmd áætlunar um opinberan stuðning við samtök vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi.
1 01 401 12 Framkvæmd sundskyldu í skólum.
1 05 671 Framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga.
1 03 286 08 Framræsla.
1 01 899 26 Frjálsíþróttasamband Íslands.
1 01 101 02 Fræðileg rannsókn á skólakerfinu.
1 01 401 01 Fræðslumálaskrifstofan.
1 01 421 Fræðslumyndasafn.
1 05 999 39 Fuglaverndunarfélag Íslands.
1 03 286 03 Fyrirhleðslur.
1 04 372 Fæðingardeild Landspítalans.
1 01 781 07 Færeyskur fræðimaður, styrkur

1 01 611–648 Gagnfræða- og miðskólar.
1 03 299 02 Garðyrkjufélag Íslands.
1 03 533 Garðyrkjuskólinn á Reykjum.
1 04 373 Geðveikrahælið á Kleppi.
1 05 999 22 Geðverndarfélag Íslands.
1 04 321 Geislavarnir ríkisins.
1 06 251 Gjaldheimtan í Reykjavík.
1 03 299 11 Gróðurvernd í Búðahrauni.
1 01 781 04 Grænlenzkur stúdent, styrkur til námsdvalar.
1 04 971 Gæzluvistarsjóður, framlag.

1	03	302	02 Haf- og fiskirannsóknir.
1	07	333	07 Hafnabótasjóður, framlag.
1	07	333	Hafnamál.
1	07	333	06 Hafnarmannvirki, eftirstöðvar framlaga.
1	07	333	03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
1	07	333	02 Hafnarannsóknir og mælingar.
1	03	302	Hafrannsóknastofnun.
1	03	302	09 Hafþór R/S RE 75.
1	08	999	02 Hagráð.
1	09	101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.
1	04	401	22 Hallgrímskirkja.
1	01	205	Handritastofnun Íslands.
1	01	201	Háskóli Íslands.
1	04	243	Hegningarhúsið í Reykjavík.
1	04	301	10 Heilbrigðis- og mjólkureftirlit.
1	04	375	Heilsuhælið í Kristnesi.
1	04	374	Heilsuhælið á Vífilsstöðum.
1	05	371	03 Heilsuspillandi húsnæði.
1	01	882	11 Heimildakvikmyndir um merka Íslendinga.
1	05	699	06 Heimilishjálp skv. lögum nr. 10/1952.
1	03	299	08 Heimilisiðnaðarfélag Íslands.
1	05	999	17 Herferð gegn hungri.
1	04	399	17 Heyrnardaufir, aðstoð.
1	05	999	20 Heyrnarhjálp.
1	01	649	Heyrnleysingjaskólinn.
1	04	399	07 Héraðshjúkrunarkonur, skv. lögum nr. 43/1965.
1	04	301	02 Héraðslæknar.
1	01	608	Héraðsskólar, almennt.
1	01	607	Héraðsskólinn á Laugarvatni.
1	01	602	Héraðsskólinn á Núpi.
1	01	601	Héraðsskólinn í Reykholti.
1	01	603	Héraðsskólinn á Reykjanesi.
1	01	604	Héraðsskólinn á Reykjum.
1	01	606	Héraðsskólinn í Skógum.
1	04	401	11 Hið íslenzka biblíufélag.
1	01	899	15 Hið íslenzka náttúrufræðifélag.
1	04	399	26 Hjartavernd.
1	01	521	Hjúkrunarskóli Íslands.
1	06	972	Hlutabréf ríkisins.
1	01	899	54 Hreindýraeftirlit.
1	03	299	12 Hrossaræktarbúið að Kirkjubæ.
1	04	377	Holdsveikraspítalinn í Kópavogi.
1	03	302	04 Humar- og rækjuleit.
1	04	901	Húsameistari ríkisins.
1	01	336	Húsmæðrakennaraskóli Íslands.
1	01	544	Húsmæðraskólar í kaupstöðum almennt.
1	03	559	Húsmæðraskólar utan kaupstaða almennt.
1	01	544	Húsmæðraskólinn á Akureyri.
1	03	553	Húsmæðraskólinn á Blönduósi.
1	03	557	Húsmæðraskólinn á Hallormsstað.
1	01	542	Húsmæðraskólinn á Ísafirði.
1	03	555	Húsmæðraskólinn á Laugalandi.
1	03	558	Húsmæðraskólinn á Laugarvatni.
1	03	556	Húsmæðraskólinn á Laugum.

1	03	554		Húsmæðraskólinn á Löngumýri.
1	01	541		Húsmæðraskólinn í Reykjavík.
1	03	552		Húsmæðraskólinn á Staðarfelli.
1	03	551		Húsmæðraskólinn á Varmalandi.
1	05	371		Húsnæðismálastofnun ríkisins.
1	04	202		Hæstiréttur.
1	00	401		Hæstiréttur (laun hæstaréttardómara).
1	01	899	05	Iceland Review.
1	07	499		Iðja og iðnaður, framlög.
1	07	401		Iðnaðarmálastofnun Íslands.
1	01	431		Iðnfræðsluráð.
1	07	499	02	Iðnlánasjóður.
1	05	981	11	Iðnnemasamband Íslands.
1	07	499	03	Iðnráð.
1	01	514–516		Iðnskólar.
1	07	499	05	Iðnþróun, efling.
1	01	899	19	Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn.
1	01	899	20	Íslenzka stærðfræðifélagið.
1	01	331		Íþróttakennaraskóli Íslands.
1	01	886		Íþróttamál.
1	01	886	02	Íþróttasamband Íslands.
1	01	886	03	Íþróttasjóður.
1	01	886	05	Íþróttaskóli Sigurðar Greipssonar.
1	03	172		Jarðeignasjóður ríkisins.
1	03	171		Jarðeignir ríkisins, framlög.
1	03	286	09	Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir.
1	03	286	07	Jarðræktarframlög.
1	01	883	06	Jöklarannsóknir og mælingar.
1	01	899	34	Kanadasjóður.
1	04	401	18	Kaup á eignum á kirkjujörðum.
1	01	321		Kennaraskólinn.
1	01	899	12	K.F.U.M., styrkur til starfsemi í Vatnaskógi.
1	04	471		Kirkjubyggingasjóður.
1	04	472		Kirkjugarðasjóður.
1	04	401	02	Kirkjuráð.
1	04	401	03	Kirkjuþing.
1	06	999	05	Kjarasamningar, kostnaður.
1	04	399	01	Kostnaður skv. farsótta- og sóttvarnalögum og lögum um ónæmisaðgerðir.
1	04	399	16	Kostnaður vegna laga nr. 16/1938.
1	04	399	25	Krabbameinsfélag Íslands.
1	03	299	07	Kvenfélagasamband Íslands, laun ráðunautar.
1	03	299	06	Kvenfélagasamband Íslands til húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaðar og garðyrkju.
1	05	999	36	Kvenréttindafélag Íslands.
1	04	399	19	Kynsjúkdómavarnir skv. lögum nr. 91/1932.
1	05	672		Landakaup kaupstaða og kauptúna.
1	03	286		Landbúnaður, framlög.
1	03	235		Landgræðsla.
1	03	271		Landgræðslusjóður, framlag.
1	04	247		Landhelgisgæzla.

1	04	247	07	Landhelgissjóður.
1	04	301		Landlæknisembættið.
1	07	356		Landmælingar.
1	03	241		Landnám ríkisins.
1	07	333	05	Landshafnir, framlag.
1	07	499	04	Landssamband iðnaðarmanna.
1	03	299	04	Landssamband íslenzkra hestamannafélaga.
1	03	299	05	Landssamband ísl. hestamannafélaga til leiðbeininga um hestamennsku.
1	05	981	13	Landssamband verzlunarmanna.
1	01	801		Landsbókasafnið.
1	04	371		Landspítalinn.
1	03	286	04	Landþurrkun.
1	05	371	04	Launaskattur.
1	01	772		Lánasjóður íslenzkra námsmanna.
1	05	671		Lánasjóður sveitarfélaga.
1	03	999	06	Leiðbeiningar um starfsfræðslu utan Reykjavíkur.
1	01	899	17	Leikfélag Reykjavíkur.
1	01	882	08	Leiklistarstarfsemi.
1	01	882	14	Listamenn.
1	01	806		Listasafn Ásgríms Jónssonar.
1	01	807		Listasafn Einars Jónssonar.
1	01	808		Listasafn Íslands.
1	01	882	12	Listasöfn.
1	01	882		Listir, framlög.
1	01	882	13	Listkynning í skólum.
1	01	882	10	Listkynningar erlendis.
1	01	882	09	Listmálarahús, byggingarfé.
1	05	999	51	Lífeyrissjóðir verkalýðsfélaga.
1	04	301	09	Ljósmæðralaun
1	04	566		Ljósmæðraskóli Íslands.
1	04	399	27	Lyfjabúðaeftirlit.
1	04	399	23	Lyfjaskrárnefnd og sérlyfjaeftirlit.
1	04	399	20	Lyfjaverðlagsnefnd.
1	04	301	03	Læknaráð.
1	04	301	08	Lækningaferðir sérfræðinga.
1	04	378		Læknishéraðasjóður.
1	01	899	06	Lögberg-Heimskringla.
1	03	921		Löggildingarstofan.
1	03	581	04	Löggiltir endurskoðendur, kostnaður við próf.
1	04	282		Löggæzla.
1	04	216		Lögreglustjórinn, Bolungarvík.
1	02	201		Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.
1	04	207		Lögreglustjórinn í Reykjavík.
1	04	208		Lögreglustöð í Reykjavík, bygging.
1	03	242		Mat á landbúnaðarafurðum.
1	01	899	33	Matthíasarsafnið á Akureyri.
1	07	569		Matsveina- og veitingaþjónaskólinn.
1	04	399	03	Matvælarannsóknir.
1	01	899	39	Málnefnd, nýyrðasöfnun o. fl.
1	04	281	01	Málskostnaður.
1	04	281	02	Meðdómsmenn.
1	05	999	43	Meðlög samkvæmt 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga.
1	05	999	44	Meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1947.

1	01	899	35	Menningarsamband við Vestur-Íslendinga.
1	01	899	11	Menningarsjóður Blaðamannafélags Íslands.
1	01	875		Menningarsjóður, framlag.
1	01	884	06	Menningarsjóður Norðurlanda.
1	01	101	03	Menntamálaráðuneytið, byggingadeild.
1	01	101	04	Menntamálaráðuneytið, fjármáladeild.
1	01	306		Menntaskóli á Austurlandi, byggingarstyrkur.
1	01	305		Menntaskóli á Ísafirði.
1	01	307		Menntaskólinn við Tjörnina.
1	01	302		Menntaskólinn á Akureyri.
1	01	304		Menntaskólinn við Hamrahlíð.
1	01	303		Menntaskólinn á Laugarvatni.
1	01	301		Menntaskólinn í Reykjavík.
1	01	781	08	Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi.
1	01	401	08	Miðskólapróf í bóknámsdeild, landspróf.
1	04	399	24	Minningarsjóður Landspítalans.
1	01	899	32	Minningarlundir og skrúðgarðar.
1	03	286	12	Mjólkurbú og smjörsamlög.
1	01	702	06	Munaðarlausir, vanræktir eða fatlaðir unglingar, námsstyrkir.
1	01	561		Myndlista- og handíðaskólinn.
1	05	999	12	Mæðrastyrksnefndir.
1	03	286	15	Nautgriparæktunarsambönd.
1	01	781		Náms- og fræðimenn, framlög.
1	01	702	05	Náms- og hælisvist unglinga, styrkur.
1	04	301	07	Námsferðir héraðslækna og embættislækna.
1	01	401	09	Námsflokkar.
1	03	301	03	Námskeið í meðferð fiskileitartækja.
1	04	399	08	Námskeið sjúkraliða.
1	04	379		Námslán læknastúdenta skv. lögum nr. 43/1965.
1	01	401	02	Námsstjórar.
1	01	231		Náttúrufræðistofnun Íslands.
1	01	899	02	Náttúrugripasafn Akureyrar.
1	01	899	03	Náttúrugripasafn Neskaupstaðar.
1	01	899	04	Náttúrugripasafn Vestmannaeyja.
1	01	841		Náttúruverndarráð.
1	05	999	37	Neytendasamtökin.
1	08	201		Niðurgreiðslur á vöruverði.
1	01	883	07	Norræn rannsóknastofnun í fræðilegum atómvísindum.
1	01	884		Norræn samvinna.
1	04	399	21	Norræn samvinna í lyfsölumálum.
1	03	299	03	Norræna búfræðifélagið.
1	01	884	03	Norræna félagið.
1	01	884	51	Norræna húsið, bygging.
1	01	884	04	Norræna húsið, rekstur.
1	01	884	08	Norræna læknakennslusambandið.
1	01	884	07	Norræna tölfræðistofnunin.
1	01	884	02	Norrænt samstarf.
1	01	899	44	Northern Scholars Committee.
1	01	206		Orðabók Háskólans.
1	03	471		Orkusjóður, framlag.
1	03	401		Orkustofnun.
1	06	999	02	Orlofsheimili BSRB.
1	05	981	06	Orlofsheimili verkalýðssamtakanna.

1	05	999	48	Orlofssjóður húsmæðra.
1	06	999	09	Óviss útgjöld.
1	04	473		Prestakallasjóður.
1	04	401	13	Prestar og prófastar.
1	04	401	17	Prestsembættisbústaðir, viðhald.
1	04	281	04	Próf málflytjenda.
1	01	232		Rannsóknaráð ríkisins.
1	04	313		Rannsóknastofa Háskólans.
1	07	403		Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins.
1	03	303		Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
1	07	402		Rannsóknastofnun iðnaðarins.
1	03	206		Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
1	05	999	19	Rauðikross Íslands.
1	01	203		Raunvísindastofnun Háskólans.
1	03	301	02	Reikningaskrifstofa sjávarútvegsins.
1	01	271		Reiknistofnun Háskólans.
1	07	325		Rekstrardeild ríkisskipa.
1	01	899	21	Rithöfundasamband Íslands.
1	01	881	06	Rithöfundasjóður Íslands.
1	01	899	40	Ritun og útgáfa sögu stjórnarráðsins.
1	06	971		Ríkisábyrgðasjóður, framlag.
1	06	981		Ríkisbifreiðar, framlag.
1	06	103		Ríkisbókhald.
1	10	101		Ríkisendurskoðun, aðalskrifstofa.
1	06	104		Ríkisféhirzla.
1	02	201	03	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli.
1	04	303		Ríkisspítalar, skrifstofa.
1	00	301		Ríkisstjórn.
1	01	422		Ríkisútgáfa námsbóka.
1	01	871		Ríkisútvarp, sjónvarp, aðflutningsgjöld.
1	01	805		Safnahúsið.
1	04	206		Sakadómarinn í Reykjavík.
1	04	203		Saksóknari ríkisins.
1	01	899	23	Samband íslenzkra barnakennara til menningar- og félagsstarfsemi.
1	01	671		Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni.
1	07	101		Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið, aðalskrifstofa.
1	03	581	02	Samvinnuskólinn.
1	03	243		Sauðfjárveikivarnir.
1	05	981	03	Sáttanefndir í vinnudeilum.
1	02	310		Sendinefnd Íslands hjá NATO, Brussels.
1	02	309		Sendinefnd Íslands hjá S.Þ., New York.
1	02	301		Sendiráðið í Bonn.
1	02	302		Sendiráðið í Kaupmannahöfn.
1	02	303		Sendiráðið í London.
1	02	304		Sendiráðið í Moskvu.
1	02	305		Sendiráðið í Osló.
1	02	306		Sendiráðið í París.
1	02	307		Sendiráðið í Stokkhólmi.
1	02	308		Sendiráðið í Washington.
1	04	281	03	Setu- og varadómarar.
1	07	374		Sérleyfissjóður.
1	04	281	05	Siglingadómur.

1	01	873		Sinfóníuhljómsveitin.
1	05	999	26	S.Í.B.S., læknislaun.
1	05	999	27	S.Í.B.S., styrkur.
1	03	302	05	Síldarleit.
1	03	312		Síldarmat ríkisins.
1	06	999	04	Símakostnaður og símastöð fyrir stjórnarráðið.
1	05	999	21	Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra.
1	05	999	15	Sjómannaheimili, rekstrarstyrkir.
1	07	571		Sjómannaskólahúsið.
1	05	999	14	Sjómannastofur, byggingar.
1	07	357		Sjómælingar og sjókortagerð.
1	07	333	08	Sjóvarnargarðar.
1	05	999	08	Sjúkraflug.
1	04	401	14	Sjúkrahúsaprestur.
1	04	283	05	Sjúkrakostnaður refsifanga.
1	06	207		Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum.
1	06	206		Skattstofa Norðurlandsumdæmis eystra, Akureyri.
1	06	205		Skattstofa Norðurlandsumdæmis vestra, Siglufirði.
1	06	210		Skattstofa Reykjanesumdæmis, Hafnarfirði.
1	06	202		Skattstofan í Reykjavík.
1	06	208		Skattstofa Suðurlands, Hellu.
1	06	204		Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði.
1	06	209		Skattstofa Vestmannaeyja.
1	06	203		Skattstofa Vesturlandsumdæmis, Akranesi.
1	06	211		Skattstofur, sameiginleg útgjöld.
1	01	899	10	Skáksamband Íslands.
1	04	401	21	Skálholtsstaður, framlag.
1	07	358		Skipaskoðun ríkisins.
1	07	321	02	Skipaútgerð ríkisins.
1	05	601		Skipulagsstjóri.
1	01	401	13	Skíðakennsla í barnaskólum.
1	01	401	14	Skíðakennsla í gagnfræðaskólum.
1	03	230		Skógrækt ríkisins.
1	03	999	04	Skólabátur, framlag.
1	04	301	04	Skólayfirlæknisembættið.
1	03	911		Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.
1	05	999	50	Slysavarnafélag Íslands.
1	04	381	05	St. Franciscusarreglan, Stykkishólmi, byggingarstyrkur sjúkrahúss.
1	04	381	05	St. Jósefsspítali, byggingarstyrkur.
1	01	781	11	Starfsemi stúdenta.
1	03	399	02	Starfsfræðsla sjávarútvegsins.
1	01	101	06	Stjórnarráðshús og ráðherrabústaður á Þingvöllum, viðhald.
1	04	102		Stjórnartíðindi.
1	03	374	03	Stofnfé almennrar deildar togaraflotans.
1	03	286	06	Stofnlánadeild landbúnaðarins.
1	04	981	05	Stórstúka Íslands.
1	07	321		Strandferðir, framlög.
1	04	381	06	Styrkir til heilsuverndarstöðva.
1	05	999	13	Styrktar- og sjúkrasjóðir.
1	06	384		Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur og börn.
1	06	383		Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn.
1	05	999	24	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.
1	05	999	23	Styrktarfélag vangefinna.
1	05	999	40	Styrktarfélag vangefinna, dagheimili.

1	05	974	Styrktarsjóður fatlaðra.
1	05	975	Styrktarsjóður vangefinna.
1	06	999 03	Styrkur til dagblaða.
1	01	781 05	Styrkur til Íslendings til að læra tungu Grænlendinga.
1	01	882 07	Styrkur til lúðrasveita samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins.
1	01	782	Styrkur til myndlistarskóla.
1	04	399 13	Styrkur til sjúklinga eftir úthlutun tryggingaráðs, að fengnum tillögum landlæknis, gegn tvöföldu framlagi frá Tryggingastofnun ríkisins.
1	01	781 09	Styrkur til útgáfustarfa.
1	07	568	Stýrimannaskólinn.
1	07	582	Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum.
1	04	401 10	Sumarbúðir þjóðkirkjunnar.
1	05	999 06	Sumardvalarheimili, dagheimili og vistheimili fyrir börn úr bæjum og kauptúnum.
1	01	883 04	Surtseyjarfélagið.
1	05	699	Sveitarfélög, framlög.
1	01	882 15	Sýningarskáli á Miklatúni, bygging.
1	04	223	Sýslumaður og bæjarfógeti, Akureyri.
1	04	233	Sýslumaður og bæjarfógeti, Hafnarfirði.
1	04	224	Sýslumaður og bæjarfógeti, Húsavík.
1	04	217	Sýslumaður og bæjarfógeti, Ísafirði.
1	04	220	Sýslumaður og bæjarfógeti, Sauðárkróki.
1	04	225	Sýslumaður og bæjarfógeti, Seyðisfirði.
1	04	219	Sýslumaðurinn, Blönduósi.
1	04	212	Sýslumaðurinn, Borgarnesi.
1	04	214	Sýslumaðurinn, Búðardal.
1	04	227	Sýslumaðurinn, Eskifirði.
1	04	218	Sýslumaðurinn, Hólmavík.
1	04	229	Sýslumaðurinn, Hvolsvelli.
1	04	215	Sýslumaðurinn, Patreksfirði.
1	04	231	Sýslumaðurinn, Selfossi.
1	04	213	Sýslumaðurinn, Stykkishólmi.
1	04	228	Sýslumaðurinn, Vík í Mýrdal.
1	04	401 04	Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar.
1	01	899 29	Taflfélag Reykjavíkur.
1	04	981 04	Templarahöllin, byggingarstyrkur.
1	05	999 45	Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis.
1	01	401 16	Til fyrrverandi barnakennara eftir tillögum fræðslumálastjóra.
1	01	783	Til lektora í íslenzku við erlenda háskóla.
1	04	399 06	Til lækningatækja skv. lögum nr. 43/1965.
1	04	381	Til sjúkrahúsa og læknabústaða.
1	01	401 19	Til unglingafræðslu eftir tillögum fræðslumálastjóra.
1	01	202	Tilraunastöð Háskólans á Keldum.
1	01	899 07	Tímaritið Veðrið.
1	06	282	Tollamál, sameiginlegur kostnaður.
1	02	201 02	Tollgæzla á Keflavíkurflugvelli.
1	06	263	Tollgæzla utan Reykjavíkur.
1	06	262	Tollgæzla í Reykjavík.
1	06	261	Tollstjórinn í Reykjavík.
1	06	281	Tollstöðvar, framlag.
1	01	882 02	Tónlistarskólar.
1	01	882 04	Tónlistarstarfsemi.

1 05	271		Tryggingastofnun ríkisins.
1 03	999	02	Tækninýjungar.
1 01	501		Tækniskólinn.
1 04	399	15	Umbúðasmíði vegna fatlaðra.
1 01	899	36	Umbætur við Geysi í Haukadal.
1 07	373		Umferðarmiðstöð.
1 05	999	31	Ungmennafélag Íslands, skógrækt í Þrastaskógi.
1 05	999	30	Ungmennafélag Íslands, styrkur.
1 03	299	09	Ungmennafélag Íslands til starfsíþrótta.
1 06	381		Uppbætur á lífeyri.
1 03	286	13	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.
1 01	702	07	Uppeldisheimili fyrir ungar stúlkur.
1 01	771		Upptökuheimilið í Kópavogi.
1 04	401	08	Utanfarir presta.
1 02	101		Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa.
1 01	886	06	Útgáfa handbóka um skólaíþróttir.
1 04	281	06	Útgáfa norræns dómasafns.
1 04	401	06	Útgáfustarfsemi, þjóðkirkjan.
1 06	481		Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum.
1 04	401	27	Útihús á prestssetrum.
1 02	102		Varnarmáladeild.
1 02	201	04	Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar.
1 05	699	02	Vatnsveitur skv. lögum.
1 07	352		Veðurstofan.
1 07	211		Vegagerð.
1 03	246		Veiðimálaskrifstofan.
1 03	205		Veiðistjóri.
1 03	244		Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða.
1 03	321		Verðlagsráð sjávarútvegsins.
1 08	902		Verðlagsskrifstofan.
1 07	405		Verkstjórnarnámskeiðin.
1 04	971	04	Vernd.
1 01	702		Vernd barna og ungmenna.
1 03	581		Verzlunarskólar.
1 03	581	01	Verzlunarskóli Íslands.
1 04	401	07	Vestur-íslenzkar kirkjur.
1 03	272		Vélasjóður, framlag.
1 01	506		Vélskólinn.
1 01	888		Viðeyjarstofa, endurbætur.
1 04	401	17	Viðhald prestssetra.
1 08	101		Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa.
1 04	245		Vinnuhælið á Kvíabryggju.
1 04	244		Vinnuhælið á Litla-Hrauni.
1 05	981		Vinnumál.
1 05	699	07	Vinnumiðlun.
1 01	701		Vistheimilið Breiðavík.
1 07	331		Vita- og hafnamál, aðalskrifstofa.
1 07	332		Vitamál.
1 04	399	18	Vírusrannsóknir.
1 01	883	03	Vísinda- og fræðimenn.
1 01	899	42	Vísindarannsóknir.

1 01	874		Vísindasjóður.
1 06	999	10	Vísitöluuppbætur á laun sept.—des. 1969.
1 08	999	03	Vörusýningar erlendis.
1 05	999		Ýmis framlög, félagsmálaráðuneytið.
1 04	399		Ýmis heilbrigðismál.
1 06	991		Ýmis lán ríkissjóðs.
1 03	299		Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála.
1 01	883		Ýmis vísindaleg starfsemi.
1 08	999		Ýmis önnur mál, viðskiptaráðuneytið.
1 03	999		Ýmislegt, atvinnumálaráðuneytið.
1 06	999		Ýmislegt, fjármálaráðuneytið.
1 01	899		Ýmislegt, forsætis- og menntamálaráðuneytið.
1 03	399		Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.
1 01	899	25	Zontaklúbbur Akureyrar vegna kaupa á Nonnahúsi.
1 01	899	13	Þjóðdansafélagið.
1 01	831		Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd.
1 01	832		Þjóðgarðurinn, Skaftafelli.
1 01	101	08	Þjóðhátíð 1974.
1 04	401		Þjóðkirkjan.
1 01	872		Þjóðleikhús, framlög.
1 01	803		Þjóðminjasafnið.
1 01	804		Þjóðskjalasafnið.
1 09	102		Þjóðskráin.
1 01	322		Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraskólans.
1 05	999	33	Æskulýðsnefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
1 05	999	34	Æskulýðsnefnd Eyjafjarðar.
1 05	999	32	Æskulýðssamband Íslands.
1 04	401	09	Æskulýðsstörf, þjóðkirkjan.
1 07	403		Öryggiseftirlit.

B-HLUTI

2 03	374	Aflatryggingarsjóður sjávarútvegsins.
2 06	931	Arnarhvoll.
2 05	973	Atvinnujöfnunarsjóður.
2 05	272	Atvinnuleysistryggingasjóður.
2 03	211	Áburðarsala ríkisins.
2 06	911	Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
2 07	211	Áhaldahús vegagerðarinnar.
2 04	332	Bifreiðalánasjóður héraðslækna.
2 05	972	Bjargráðasjóður Íslands.
2 01	881	Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
2 05	931	Brunabótafélag Íslands.
2 03	372	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins.
2 03	371	Byggingarsjóður hafrannsóknaskips.
2 01	808	Byggingarsjóður Listasafns Íslands.
2 01	276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.
2 05	371	Byggingarsjóður ríkisins.
2 01	876	Byggingarsjóður safnahúss.
2 03	373	Byggingarsjóður síldarleitarskips.

2 05 372 Byggingasjóður verkamanna.
2 03 532 Bændaskólabúið á Hólum.
2 03 531 Bændaskólabúið á Hvanneyri.

2 05 971 Erfðafjársjóður.

2 04 376 Fávitahælið í Kópavogi.
2 07 372 Ferðaskrifstofa ríkisins.
2 03 311 Fiskimálasjóður.
2 07 371 Flugmálastjórn.
2 02 111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli.
2 03 236 Fóður- og fræframleiðsla í Gunnarsholti.
2 02 101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli.
2 04 372 Fæðingardeild Landspítalans.

2 03 533 Garðyrkjuskólabúið á Reykjum.
2 04 373 Geðveikrahælið á Kleppi.
2 03 235 Gunnarsholtsbúið.
2 04 971 Gæzluvistarsjóður.

2 07 333 Hafnabótasjóður.
2 01 201 Happdrætti Háskólans.
2 01 211 Háskólabíó.
2 04 375 Heilsuhælið í Kristnesi.
2 04 374 Heilsuhælið á Vífilsstöðum.
2 06 972 Hlutabréf ríkisins.
2 04 377 Holdsveikraspítalinn í Kópavogi.

2 08 101 Innkaupastofnun ríkisins.

2 03 473 Jarðboranir ríkisins.
2 03 172 Jarðeignasjóður ríkisins.
2 03 171 Jarðeignir ríkisins.
2 03 474 Jarðvarmaveitur ríkisins.

2 04 471 Kirkjubyggingasjóður.
2 04 472 Kirkjugarðasjóður.
2 04 922 Kópavogsbúið.

2 05 672 Landakaup kaupstaða og kauptúna.
2 03 271 Landgræðslusjóður.
2 04 247 Landhelgissjóður.
2 07 323 Landshöfn, Keflavík, Njarðvík.
2 07 324 Landshöfn, Rifi.
2 07 322 Landshöfn, Þorlákshöfn.
2 04 371 Landspítalinn.
2 03 431 Landssmiðjan.
2 03 411 Landsvirkjun.
2 03 412 Laxárvirkjun.
2 03 246 Laxeldisstöð í Kollafirði.
2 01 772 Lánasjóður íslenzkra námsmanna.
2 05 671 Lánasjóður sveitarfélaga.
2 06 912 Lyfjaverzlun ríkisins.
2 04 378 Læknishéraðasjóður.
2 04 101 Lögbirtingablaðið.

2 01 875 Menningarsjóður.

2 04 379 Námslán læknastúdenta.

2 03 471 Orkusjóður.

2 11 Póstur og sími.
2 04 473 Prestakallasjóður.

2 03 472 Rafmagnsveitur ríkisins.
2 01 271 Reiknistofnun Háskólans.
2 06 971 Ríkisábyrgðasjóður.
2 04 911 Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
2 01 422 Ríkisútgáfa námsbóka, skólavörubúð.
2 01 870 Ríkisútvarp, hljóðvarp.
2 01 871 Ríkisútvarp, sjónvarp.

2 02 121 Sala varnarliðseigna.
2 06 923 Sameignir ríkisins.
2 01 671 Sameignir skólanna á Laugarvatni.
2 03 432 Sementsverksmiðja ríkisins.
2 07 374 Sérleyfissjóður.
2 01 873 Sinfóníuhljómsveit.
2 03 331 Síldarútvegsnefnd.
2 03 321 Síldarverksmiðjur ríkisins.
2 07 571 Sjómannaskólahúsið.
2 07 321 Skipaútgerð ríkisins.
2 06 922 Skuldabréf ríkisins.
2 05 974 Styrktarsjóður fatlaðra.
2 05 975 Styrktarsjóður vangefinna.

2 03 206 Tilraunabúið á Hesti.
2 03 208 Tilraunastöðin á Akureyri.
2 03 207 Tilraunastöðin á Reykhólum.
2 03 210 Tilraunastöðin á Sámsstöðum.
2 03 209 Tilraunastöðin á Skriðuklaustri.
2 05 271 Tryggingastofnun ríkisins, lífeyris- og sjúkratryggingar.
2 05 271 Tryggingastofnun ríkisins, slysatryggingar.
2 03 323 Tunnuverksmiðjur ríkisins.

2 07 373 Umferðarmiðstöð.
2 01 771 Upptökuheimilið í Kópavogi.

2 03 272 Vélasjóður ríkisins.
2 04 321 Vistheimilið í Gunnarsholti.
2 07 331 Vitamálastjórn, áhaldahús.
2 04 921 Vífilsstaðabúið.
2 01 874 Vísindasjóður.

2 06 932 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.

2 01 872 Þjóðleikhúsið.
2 04 311 Þvottahús ríkisspítalanna.

Efnisyfirlit.

	Bls.
A-hluti: Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana	1
Greiðsluyfirlit ríkissjóðs	1
Rekstrarreikningur	2
Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda	8
Æðsta stjórn ríkisins	8
Forsætis- og menntamálaráðuneytið	9
Utanríkisráðuneytið	31
Atvinnumálaráðuneytið	35
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	45
Félagsmálaráðuneytið	58
Fjármálaráðuneytið	62
Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið	67
Viðskiptaráðuneytið	73
Hagstofa Íslands	74
Ríkisendurskoðun	74
B-hluti: Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign	75
Heimildir	112
Sérstök yfirlit	114
1. Heildarútgjöld eftir tegund útgjalda. A-hluti	114
2. Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta	114
3. Samandregið yfirlit yfir útgjöld ríkisins eftir tegundum útgjalda	115
4. Skipting ríkisútgjalda eftir hagrænu eðli	115
5. Hlutfallsleg skipting útgjalda eftir ráðuneytum og málefnaflokkum	116
6. Tekjustofnar, sem ráðstafað er til sérstakra þarfa. Skipting eftir tekjustofnum	117
7. Tekjustofnar, sem ráðstafað er til sérstakra þarfa. Skipting eftir viðtakendum	118
8. Hlutfallsleg skipting tekna eftir tegundum skatta og gjalda	120
9. Skipting á lögbundnum og ólögbundnum eftirlaunum og styrktarfé	121
Athugasemdir	128
Yfirlit og samanburður við fjárlög 1969	128
Gjaldahlið	128
Tekjuhlið	134
Lánahreyfingar	135
Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins	137
Fylgiskjöl: I. Drög að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1970 fyrir opinberar framkvæmdir	154
II. Starfsmannaskrá	157
III. Talnalykill	204
Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni í stafrófsröð	207

Ed. **2. Frumvarp til laga** [2. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætist nýr stafliður svo hljóðandi:

3. Lán þau, sem íbúðaeigendum hafa verið veitt, samkvæmt 2. mgr. C-liðar 7. gr. laganna og eiga að greiðast upp á árunum 1969 og 1970 skulu greiðast upp með jöfnum afborgunum á næstu 6 árum, 1970—1975, með gjalddaga 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1970. Jafnframt skulu vextir af lánum þessum lækka í 5% p. a. og greiðast 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að fjárhagserfiðleikar þess láglaunafólks innan verkalýðsfélaganna, sem keypt hefur íbúðir þær, sem framkvæmdanefnd byggingaráætlunar í Reykjavík hefur látið byggja á vegum ríkisins, séu almennt svo miklir, að yfirvofandi sé innan skamms nauðungarsala á íbúðunum, ef lánakjörum verði ekki breytt til hagsbóta fyrir það.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið.

1. gr.

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætist nýr stafliður svo hljóðandi:

3. Lán þau, sem íbúðaeigendum hafa verið veitt, samkvæmt 2. mgr. C-liðar 7. gr. laganna og eiga að greiðast upp á árunum 1969 og 1970 skulu greiðast upp með jöfnum afborgunum á næstu 6 árum, 1970—1975, með gjalddaga 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1970. Jafnframt skulu vextir af lánum þessum lækka í 5% p. a. og greiðast 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. júní 1969.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1970 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölul. sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1970 með sömu viðaukum og verið hefur undanfarin ár.

Nd. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um breyting á lögum nr. 66 13. maí 1966, um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Aftan við 2. grein laganna bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Einnig er Framkvæmdasjóði heimilt að breyta lánum í hlutafé eða leggja fram hlutafé, ef nauðsynlegt er talið vegna endurskipulagningar á fjárhag þjóðhagslega mikilvægra fyrirtækja.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við þær aðstæður, sem ríkjandi eru í íslenzku atvinnulífi, þegar eigið fjármagn fyrirtækja er lítið í samanburði við heildareignir þess, er virkasta leiðin til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja einatt sú að auka hlutafé þess. Viðaukinn við lagagreinina, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, miðar að því, að Framkvæmdasjóði sé heimilt að taka þátt í slíkri endurskipulagningu fyrir sitt leyti, ef svo ber undir.

Ed. **5. Frumvarp til laga** [5. mál]

um skipamælingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Skip í lögum þessum tekur til hvers fljótandi fars, sem er 6 metra langt eða meira og skráð er eða skrá skal hér á landi.

2. gr.

Skip skal mæla samkvæmt þeim alþjóðasamþykktum, sem á hverjum tíma gilda um mælingu skipa og Ísland er aðili að.

Heimilt er að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt þá um mælingu skipa, sem undirrituð var í London 23. júní 1969 (International Convention on Tonnage Measurement of Ships, 1969). Þar til sú samþykkt tekur hér gildi, skal mæla skip samkvæmt Alþjóðareglum um mælingu skipa (International Regulations for Tonnage Measurement of Ships), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi, undirrituðum í Osló 10. júní 1947, að viðbættum breytingum á honum, undirrituðum í Osló 21. maí 1965.

Ráðherra getur undanþegið skip mælingu eftir tillögum siglingamálastjóra, ef alveg sérstaklega stendur á.

3. gr.

Gjald fyrir mælingu á skipi sé miðað við brúttórúmlestatal þess og samkvæmt mælingu, gerðri eftir ákvæðum 2. gr.

4. gr.

Nú er skip smíðað hér á landi, og skal þá skipasmiður eða fyrirsvarsmaður hans senda mælingamanni í umdæminu (í Reykjavík siglingamálastjóra) skriflega tilkynningu um skipasmíð með uppdráttum af skipi og einstökum hlutum þess og þeim öðrum gögnum, sem siglingamálastjóri getur ákveðið, svo tímanlega, að mæla megi jafnskjótt sem þilfar er lagt og innanborðsþiljur hafa verið settar. Vistarverur og önnur hýsi ofan þilfars skal mæla svo fljótt sem unnt er, áður en mælibréf er út gefið.

5. gr.

Nú er skipi breytt þannig, að rúmlestatal breytist, og er þá skylt að tilkynna það samkvæmt 4. gr., eftir því sem við á, enda skal þá, þegar er unnt er, ný mæling fara fram að því leyti sem hún er nauðsynleg til ákvörðunar rúmlestatali skips. Síðan skal gefa út nýtt mælibréf, ef breyting hefur orðið á rúmlestatali.

Skila skal jafnan mælibréfi, er nýtt er gefið út.

6. gr.

Nú verða breytingar á stærð þeirra rúma, sem eru undanþegin mælingu eða dregin eru frá, þegar rúmtak er reiknað, eða breyting er gerð á notkun slíkra rúma, og ber skipstjóra eða eiganda að tilkynna það samkvæmt 4. gr. Skal þá mæla skip að nýju, að því leyti sem það er nauðsynlegt til ákvörðunar lestatals þess, og nýtt mælibréf gefið út eða tilgreint á fyrra mælibréfi, hvað breytzt hafi, ef stærðin er hin sama og áður á alla vegu.

7. gr.

Nú er skipt um nafn á skipi, og skal þá mæla það að nýju, áður en nýtt mælibréf er gefið út, nema sannað sé, að engin sú breyting hafi verið gerð á skipinu, er máli skipti um rúmlestatal þess eða greinargerð í mælibréfi varðandi það.

8. gr.

Samkvæmt ósk eiganda skips eða skipstjóra skal mæla skip að nýju, nema siglingamálastjóri telji slíka mælingu algerlega ástæðulausa.

Nú er skip mælt upp, og fer á um útgáfu mælibréfs eftir 7. gr.

9. gr.

Siglingamálastjóri getur, hvenær sem honum þykir ástæða til, látið mæla skip. Nú kemur það fram, að breytingar, er í þessu efni skipta máli, hafa orðið á skipi, eftir að það var mælt og ekki hefur verið sagt til þeirra, og skal þá mæling fara fram á kostnað eiganda skips. Annars kostar fer mæling fram á kostnað ríkissjóðs. Ef breytingar samkvæmt framanskráðu hafa orðið, fer um útgáfu mælibréfs eftir 7. gr.

10. gr.

Nú er skip smíðað hér, eða því er breytt fyrir erlendan aðila, og má þá mæla það hér og gefa út mælibréf. Svo má og mæla hér hvert erlent skip eftir beiðni hlutaðeigandi ríkisstjórnar og gefa út mælibréf, enda sé henni þegar sent eftirrit af því ásamt mælingarskýrslum.

Heimilt er að mæla erlend skip, er þau koma hingað, hafi þau ekki gilt alþjóðamælibréf samkvæmt alþjóðasamþykkt, sem Ísland er aðili að, eða skip er frá ríki, sem Ísland er samningi bundið um gagnkvæma viðurkenningu mælibréfa.

11 gr.

Nú verða eigendaskipti að skipi, og það skal skrá í öðru ríki, og skal þá senda mælingayfirvöldum þess ríkis eftirrit af mælingabréfi ásamt mælingarskýrslum, ef það ríki er bundið við alþjóðasamþykkt um mælingar skipa, sem Ísland er aðili að, eða við gagnkvæman samning um viðurkenningu mælibréfa.

12. gr.

Nú er skip smíðað erlendis fyrir íslenzka aðila eða því er breytt, sbr. 5. gr., eða íslenzkur aðili verður eigandi erlends skips, og ber þá að mæla það hér, áður en mælibréf er gefið út, nema það ríki, sem skipið hefur fengið mælingu og mælibréf í, sé aðili að alþjóðasamþykkt um mælingar skipa, sem Ísland er aðili að. Skal þá íslenzka mælibréfið gefið út samkvæmt því, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi til þess að mæla skipið upp að nýju.

13. gr.

Skip, sem mælt hefur verið samkvæmt lögum þessum, skal fá alþjóðlegt mælibréf („International Tonnage Certificate"), og skal texti þess vera bæði á íslenzku og ensku.

14. gr.

Skipasmið, eiganda og skipstjóra er skylt að liðsinna skipamælingamönnum, létta þeim starf þeirra og ryðja úr vegi eftir föngum öllu, sem því kann að tálma.

15. gr.

Gjöld í ríkissjóð fyrir mælingar skipa samkvæmt lögum þessum, dagpeninga og ferðakostnað mælingamanna ábyrgist eigandi skips. Ráðherra setur eftir tillögum siglingamálastjóra gjaldskrá um mælingagjald og dagpeninga og úrskurðar ferðakostnaðarreikninga mælingamanna, ef þörf gerist. Gjöld, dagpeningar og ferðakostnaður eru tryggð með lögveði í skipi með sama hætti sem lestagjald.

16. gr.

Brot skipasmiða, eiganda eða fyrirsvarsmanna hans og skipstjóra á skyldum þeim, sem mæltar eru á hendur þeim í lögum þessum, varða sektum í ríkissjóð frá 2000 til 20 000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög um skipamælingar nr. 23. 20. marz 1950, svo og önnur ákvæði í lögum, er fara í bág við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilskipun um skipamælingar frá 25. júní 1869 hafði gildi hér á landi, unz sett voru núgildandi lög um skipamælingar nr. 23 20. marz 1950.

Alþjóðareglur um mælingu skipa (International Regulations for Tonnage Measurement of Ships) voru gefnar út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939. Til þeirra er vísað sem gildandi reglna í alþjóðasamþykkt um samræmda aðferð við skipamælingar (Convention on a Uniform System of Tonnage Measurement of Ships), sem gerð var í Osló 10. júní 1947. Breytingar á þeirri samþykkt voru gerðar í Osló 21. maí 1965.

Samþykktin, sem gerð var í Osló 1947, var staðfest af Íslands hálfu, sbr. augl. nr. 80/1948. Breytingarnar, sem gerðar voru í Osló 1965, voru einnig staðfestar af hálfu Íslands, sbr. augl. nr. 18/1967 (í C-deild Stj.tíð.).

Ný alþjóðasamþykkt um mælingar skipa (International Convention on Tonnage Measurement of Ships) var undirrituð í London, m. a. af Íslands hálfu, 23. júní 1969, en hún hefur ekki enn öðlazt alþjóðlegt gildi.

Í frumvarpi til laga um Siglingamálastofnun ríkisins, sem lagt verður fyrir Alþingi samhliða þessu frv., eru tekin upp efnisatriði 1.—3. gr. laga nr. 23/1950. Vegna þessa, svo og þeirra breytinga, sem gerðar eru á lögunum með frv. þessu, þykir rétt, að þau verði gefin út að nýju sem heildarlög um mælingu skipa.

Um einstakar greinar athugast:

Um 1. gr.

Hér eru óbreytt ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 23/1950.

Um 2. gr.

Heimilað er að staðfesta fyrir Íslands hönd fyrrgreinda alþjóðasamþykkt um mælingu skipu, sem gerð var í London 23. júní 1969. Þegar sú staðfesting hefur farið fram, og samþykktin tekið gildi hér á landi, skal eftir henni farið um mælingu skipa, án þess að til nýrrar lagasetningar um það þurfi að koma, sbr. ákvæði 1. mgr. 2. gr. frv. En þar til svo verður, skal farið eftir Oslóarsamþykktinni frá 1947 og breytingum á henni frá 1965, svo sem nánar segir í greininni.

Um 3.—9. gr.

Ákvæði 5.—11. gr. laga nr. 23/1950 eru tekin hér upp óbreytt að efni.

Um 10. gr.

Greinin svarar til 12. gr. laga nr. 23/1950. Orðalagi 1. mgr. er haldið óbreyttu, en 2. mgr. er orðuð um og gerð skýrari, án þess að veruleg breyting sé gerð á efnisákvæðum hennar.

Um 11. og 12. gr.

Í stað þess að vísa til Oslóarsamþykktarinnar frá 1947, eins og gert er í 13. og 14. gr. laga nr. 23/1950, er hér vísað til alþjóðasamþykkta eða gagnkvæmra millirikjasamninga, sem Ísland er bundið við.

Um 13. gr.

Þessi grein svarar til 15. gr. laga nr. 23/1950. Greinin er orðuð um, og fullnægir hinn nýi texti frv. þeim kröfum, sem eftir alþjóðlegum reglum eru gerðar til útgáfu alþjóðlegra mælibréfa.

Um 14. gr.

Hér eru óbreytt ákvæði 16. gr. laga nr. 23/1950

Um 15. gr.

Greinin svarar til 17. gr. laga nr. 23/1950. Felld er niður ábyrgð skipstjóra á greiðslu mæligjalda.

Um 16. gr.

Refsiákvæðum 18. gr. laga nr. 23/1950 er hér aðeins breytt um upphæðir sekta.

Ed. 6. Frumvarp til laga [6. mál]

um skráningu skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Skráningarskylt eftir lögum þessum er sérhvert skip, sem er 6 metrar á lengd eða stærra, þegar eignarrétti að því er svo háttað, sem hér segir:

1. Ef skip er eign íslenzka ríkisins, íslenzks sveitarfélags eða opinberrar stofnunar.
2. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann vera íslenzkur ríkisborgari og eiga heimilisfang á Íslandi.
3. Ef skip er eign félags með ótakmarkaðri ábyrgð, þar á meðal þegar félagsútgerð er á skipi, þá skulu allir félagsmenn vera íslenzkir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi.
4. Ef skip er eign skráðs samlagsfélags, þá skulu stjórnendur og þeir félagsmenn, er fulla ábyrgð bera, allir vera íslenzkir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi og þrír fimmtu hlutar félagseigna hið minnsta vera í eign íslenzkra ríkisborgara.
5. Ef skip er eign hlutafélags, þá skal félagið eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi og vera skráð í hlutafélagaskrá. Stjórnendur skulu allir vera íslenzkir ríkisborgarar, sem heimilisfang eiga á Íslandi, enda eigi íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eiga sjálfstæðan rétt til að fá skip skráð hér á landi, hluti í félaginu, sem samsvari þremur fimmtu hlutafjár, og fari á hluthafafundum með að minnsta kosti þrjá fimmtu hluta allra atkvæða.
6. Ef skip er í eign félags, samtaka eða stofnunar, sem ákvæði 1. og 3.—5. tölul. taka ekki til, þá skal félagið, samtökin eða stofnunin eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi. Stjórnendur skulu allir vera íslenzkir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi, enda eigi íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eiga sjálfstæðan rétt til að fá skip skráð hér á landi, að minnsta kosti þrjá fimmtu af eign félags, samtaka eða stofnunar.

2. gr.

Skip, sem fullnægja þjóðernisskilyrðum 1. gr., teljast íslenzk skip og hafa rétt til að sigla undir þjóðfána Íslands. Óheimilt er þeim að sigla undir þjóðfána annars ríkis.

3. gr.

Svifskip teljast til skipa samkvæmt lögum þessum.

Siglingamálastjóri ákveður, að hverju leyti för eða tæki, sem á sjó fljóta, en eru ekki knúin af hreyfiafli í þeim sjálfum, skuli tekin á skipaskrá.

Bráðabirgðaskráning má fara fram á skipum, sem eru í smíðum eða ófullgerð að öðru leyti, eftir reglum, sem siglingamálastjóri setur.

4. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins heldur aðalskipaskrá yfir öll skip, sem skráð eru samkvæmt lögum þessum. Skráin má vera lausblaðabók.

Aðalskipaskrá skal greina um hvert skip sér:

1. Skipaskrárnúmer, sem helzt óbreytt, meðan skipið er skráð á Íslandi.
2. Nafn.
3. Einkennisbókstafi (kallmerki).
4. Umdæmisbókstafi og tölu.
5. Heimilisfang.
6. Gerð og aðalmál.
7. Smíðastöð og hvenær smíðað.
8. Hvenær mælibréf er gefið út.
9. Gerð og stærð aðalvélar.
10. Fullt nafn og heimilisfang eiganda. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn, og skal þá greina, hversu mikinn hluta hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er í eign félags eða stofnunar, skal greint nafn þess eða hennar, nöfn og heimili stjórnenda og nafn framkvæmdastjóra eða útgerðarstjóra.
11. Hvar og hvenær eignarskilríki eiganda er út gefið, eða eigenda, ef fleiri eru en einn.
12. Skráningardag og ár.

Siglingamálastofnunin gefur árlega út skipaskrá yfir skráð íslenzk þilskip.

5. gr.

Heimahöfn skráðs skips skal vera þar, sem eigandi eða eigendur ætla því heimilisfang.

Siglingamálastjóri getur veitt eiganda þilskips einkarétt til nafns á skipinu. Sama gildir um einkarétt til reykháfsmerkja og annarra einkenna á skipum, þar á meðal sérfána. Bannað er öðrum að nota skipanöfn eða einkenni, sem einkaréttur hefur verið veittur á, eða svo lík nöfn eða einkenni, að villu geti valdið. Þó má haldast óbreytt nafn og einkenni skips, sem skráð hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, meðan það helzt í eigu sama aðila. Einkaréttur til nafns eða einkennis fellur úr gildi fimm árum, eftir að skip hefur verið afmáð af skipaskrá, ef eigandi heitisins eða einkennisins hefur ekki endurnýjað það á öðru skipi. Siglingamálastofnunin heldur skrá yfir nöfn og einkenni skipa, sem einkaréttur hefur verið veittur á, og birtir jafnóðum í Lögbirtingablaðinu allar einkaleyfisveitingar svo og í árlegri skipaskrá.

6. gr.

Um frumskráningu skips fer, sem hér segir: Ný skip, sem smíðuð eru hér á landi, skal tilkynna Siglingamálastofnuninni til skráningar, áður en þau eru tekin til notkunar. Önnur skip, sem óskráð eru hér á landi, skal tilkynna um leið og þau komast í eign íslenzks aðila samkvæmt 1. gr., enda fari ekki fram bráðabirgðaskráning samkvæmt 9. gr.

Eigandi skips eða eigendur senda Siglingamálastofnuninni beiðni um skráningu, ritaða á eyðublaði frá stofnuninni, eins og getið er í 17. gr.

Siglingamálastjóri ákveður, hvaða upplýsingar um skip, sem um getur í 4. gr., skuli vera í skráningarbeiðni, enda skal eyðublað fyrir beiðnina bera það með sér.

Fylgja skal skráningarbeiðni skipasmíðaskírteini eða annað eignarheimildarbréf skráningarbeiðanda. Ef notað skip er flutt hingað til lands frá útlöndum, skal fylgja vottorð hlutaðeigandi erlends skráningaryfirvalds um, að skipið hafi annaðhvort ekki verið skráð þar eða að öðrum kosti afmáð þar af skipaskrá.

Siglingamálastofnunin sendir hlutaðeigandi þinglýsingadómara tilkynningu um skráningu, þegar hún hefur farið fram.

Siglingamálastjóri getur veitt leyfi og einkarétt til nafns skips og annarra einkenna, þó að skilyrði til skráningar séu ekki enn fyrir hendi.

7. gr.

Siglingamálastjóri gefur út þjóðernisskírteini handa skráðum skipum, sem eru 30 rúmlestir brúttó eða stærri. Fari skip, sem er minna en 30 rúmlestir brúttó, milli Íslands og annarra landa, skal þjóðernisskírteini gefið út handa því.

Skráningarskyld skip, sem minni eru en 30 rúmlestir brúttó, skulu hafa mælibréf, eins og greinir í lögum um skipamælingar.

Í þjóðernisskírteini skal greina aðalmál skips, brúttó- og nettó-rúmlestatölu, gerð, nafn, heimahöfn, einkennisbókstafi, nafn eiganda eða eigenda og hvenær eignarskilríki er út gefið, nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild, hvenær hún er dagsett og hvar út gefin, svo og, sé um fiskiskip að ræða, umdæmisbókstafi og tölu.

8. gr.

Á hvert skráð skip, sem þjóðernisskírteini hlýtur, skal marka einkennisstafi þess á þiljubita við aðallestaropið, ef það má verða, en ella annars staðar, þar sem vel fer á því.

Setja skal nafn skips og heimili aftan á skip og nafnið á bóg þess. Ef skipið er fiskiskip, skal einnig setja umdæmisbókstafi og tölu á bóg þess.

Marka skal beggja megin að framan og aftan á skip, hversu djúpt það ristir í desimetrum.

Siglingamálastjóri ákveður, hvernig haga skuli merkingu á skipum, sem minni eru en 30 rúmlestir brúttó.

Nafnbreytingu á skipi má því aðeins leyfa, að allir eigendur þess séu því samþykkir. Breyta má nafni á skipi, þegar eigendaskipti verða að því, en þó svo, að ekki fari í bág við einkarétt á nafni, sbr. 5. gr. Ella verður nafni skips ekki breytt, nema leyfi siglingamálastjóra komi til. Þó að nafnbreyting verði, skulu einkennisstafir skips haldast óbreyttir.

Bannað er að leyna nafni skips eða heimili eða nema brott. Ekki má heldur merkja skip öðru nafni en það er skráð undir.

9. gr.

Nú er skip smíðað erlendis fyrir aðila, er hér má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og getur þá fulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands, sem til þess hefur fengið heimild, gefið út þjóðernisskírteini handa skipinu til bráðabirgða.

Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og hvers konar skip það sé.
2. Hvar og hvenær skip sé smíðað eða keypt og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt skipasmíðaskírteini eða öðru eignarheimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild.
4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um rúmlestatal skips, lögun þess og lýsingu.

Beiðni um útgáfu þjóðernisskírteinis til bráðabirgða skulu fylgja fullnægjandi gögn um atriði þau, sem greina skal í skírteininu, svo og vottorð hlutaðeigandi erlends skráningaryfirvalds um, að skipið hafi annaðhvort ekki verið skráð þar eða að öðrum kosti afmáð þar af skipaskrá.

Jafnskjótt sem fulltrúi Íslands gefur út þjóðernisskírteini, skal hann senda Siglingastofnuninni staðfest endurrit af því og gögnum þeim, sem útgáfubeiðni fylgdu.

Bráðabirgðaþjóðernisskírteini skal gilda sem venjulegt þjóðernisskírteini, en þó eigi lengur en einn almanaksmánuð frá útgáfudegi, nema sérstök heimild siglingamálastjóra komi til.

10. gr.

Þjóðernisskírteini skal ávallt fylgja skipi, enda skal sýna það yfirvöldum, þegar þess er krafizt.

Þegar skipstjóraskipti verða á íslenzku skipi, sem þjóðernisskírteini hefur hlotið, ritar lögskráningarstjóri, sbr. 22. gr. laga um lögskráningu sjómanna nr. 63 29. marz

1961, nafn skipstjóra þess, er við tekur, á þjóðernisskírteini og getur jafnframt skipstjórnarheimildar hans. Sama gildir um fulltrúa Íslands erlendis, sbr. 9. gr., ef skipstjóraskipti verða í erlendri höfn. Að öðru leyti er bæði handhafa þjóðernisskírteinis og öllum öðrum en Siglingamálastofnuninni bannað að rita nokkuð á skírteinin eða breyta nokkru í þeim.

11. gr.

Nýtt þjóðernisskírteini skal gefa út í stað eldra, þegar svo stendur á, sem hér segir, enda sé þá eldra skírteini skilað, nema glatað sé:

1. Ef breytt er nafni skips.
2. Ef breytt er heimilisfangi skips.
3. Ef skipi er breytt svo, að það svarar ekki lengur til þess, er í þjóðernisskírteini stendur, um gerð þess, aðalmál eða rúmlestatölu.
4. Ef eigendaskipti verða að skipi.
5. Ef þjóðernisskírteini hefur glatazt. Nú hefur skip, sem statt er erlendis, glatað þjóðernisskírteini sínu, og getur þá fulltrúi Íslands gefið því þjóðernisskírteini stendur um gerð þess, aðalmál eða rúmlestatölu.

reglum 9. gr.

Ákvæði 1. mgr. um þjóðernisskírteini skulu einnig gilda um mælibréf.

12. gr.

Þegar nýr eigandi að skráðu skipi eða skipshluta lætur þinglýsa eignarheimild sinni, skal hann í viðurvist þinglýsingadómara birta beiðni um skráningu á viðeigandi eyðublað, sbr. 17. gr. Þinglýsingadómari skal innan þriggja virkra daga senda Siglingamálastofnuninni skráningarbeiðnina ásamt staðfestu endurriti af hinni þinglesnu eignarheimild.

Óheimilt er nýjum eiganda að láta lögskrá skipshöfn á skipið í sínu nafni, fyrr en skráningarbeiðnin hefur borizt Siglingamálastofnuninni, skipið skráð á aðalskipaskrá og nauðsynleg skjöl gefin út því til handa, enda skulu þau sýnd lögskráningarmanni.

Þegar eigendaskipti verða samkvæmt framanskráðu, ber hinn fyrri eigandi ábyrgð á skoðunargjöldum vegna skipsins, unz umskráning hefur farið fram.

13. gr.

Ef eigandi skráðs skips vill fá því nýtt nafn eða nýtt heimilisfang, skal hann senda Siglingamálastofnuninni tilkynningu um það, sbr. 17. gr. Óheimilt er að breyta nafni eða heimilisfangi, fyrr en Siglingamálastofnunin hefur skráð hið nýja nafn eða heimilisfang á aðalskipaskrá.

Nú er nafni skips eða heimilisfangi breytt á aðalskipaskrá, og tilkynnir Siglingamálastofnunin það þá þegar í stað þinglýsingadómara í því þinglýsingaumdæmi, þar sem skip á eða átti heimilisfang, en hann skal án tafar tilkynna breytinguna veðhöfum eða öðrum óbeinum rétthöfum í skipinu, ef þeir eru kunnir.

Nú veldur hið nýja heimilisfang því, að skip er flutt milli þinglýsingaumdæma, og skal Siglingamálastofnunin þá einnig tilkynna flutninginn þinglýsingadómara í því umdæmi, sem skip er flutt í. Þinglýsingadómari í því umdæmi, þar sem skipið átti áður heimilisfang, skal tafarlaust senda þinglýsingadómara í því umdæmi, sem skip er flutt í, staðfest endurrit af öllum þinglýstum skjölum, sem í gildi eru um skipið, og enn fremur eignar- og veðbókarvottorð. Skulu skjöl þessi þinglesin í hinu nýja umdæmi skipsins, enda rofna réttaráhrif þinglýsingar ekki vegna flutningsins. Fyrir hinn nýja þinglestur skal ekkert gjald greiða.

14. gr.

Nú verður breyting á einhverjum atriðum, sem skrá skal á aðalskipaskrá samkvæmt 4. gr., en er ekki þegar getið í 12. eða 13. gr., og ber þá eiganda eða eigendum skips að tilkynna Siglingamálastofnuninni breytinguna þegar í stað, sbr. 17. gr.

15. gr.

Afmá skal skip af aðalskipaskrá:

1. Ef það fullnægir ekki lengur þjóðernisskilyrðum 1. gr.
2. Ef það hefur farizt, svo að um sé kunnugt, og sömuleiðis ef það hefur horfið, án þess að til þess hafi spurzt í 6 mánuði.
3. Ef það er rifið, metið ónýtt eða ekki talið þess virði, að við það sé gert.
4. Ef það hefur legið ónotað í höfn eða skipalægi eða staðið á landi í 3 ár samfleytt hérlendis eða erlendis.
5. Ef um opinn bát er að ræða og aðalskoðun hefur ekki farið fram á honum í 5 ár samfleytt.

Framangreind atriði skulu sönnuð með opinberu vottorði, skoðun eða á annan þann hátt, sem siglingamálastjóri telur fullnægjandi.

Nú eru líkur til, að bætt verði úr skorti á þjóðernisskilyrðum, sbr. 1. tölul., að skipi verði bjargað eða það komi fram, sbr. 2. tölul., að gert verði við skip, sbr. 3. tölul., eða að skip verði að nýju tekið í notkun, sbr. 4. og 5. tölul., og getur siglingamálastjóri þá ákveðið, að afmáningu skips af aðalskipaskrá skuli frestað um tiltekinn tíma, er hann metur eftir aðstæðum hverju sinni. Aldrei má þó veita lengri frest en 6 mánuði til að bæta úr skorti á þjóðernisskilyrðum.

Þegar eiganda skips verður kunnugt um einhver atriði, sem eiga að valda afmáningu þess af skipaskrá samkvæmt 1. mgr., skal hann þegar í stað tilkynna Siglingamálastofnuninni það á viðeigandi eyðublaði, sbr. 17. gr. Ef skipið hefur hlotið þjóðernisskírteini, skal eigandi afhenda það Siglingamálastofnuninni, nema glatað sé.

16. gr.

Nú er skip afmáð af aðalskipaskrá, og tilkynnir Siglingamálastofnunin það þá þegar í stað hlutaðeigandi þinglýsingadómara, en hann tilkynnir það án tafar þinglesnum rétthöfum í skipinu, sem um er kunnugt. Ef skipið er ekki fellt úr þinglýsingabókum, skal afmáningar af skipaskrá getið þar á blaði skips og einnig á veðbókarvottorðum um skipið.

17. gr.

Skráningarbeiðnir og tilkynningar samkvæmt 6. gr., 12. gr., 1. mgr. 13. gr., 14. gr. og 15. gr. skal rita á viðeigandi eyðublöð, sem Siglingamálastofnunin lætur í té og fá má hjá henni og þinglýsingadómurum.

18. gr.

Ef siglingamálastjóri telur vafa leika á því, að skip fullnægi skilyrðum um skráningu hér á landi, eða hann telur einhver önnur atriði, sem skráningu varða, ekki nægilega í ljós leidd, getur hann æskt þess, að héraðsdómari rannsaki málið að hætti opinberra mála. Að rannsókn lokinni getur siglingamálastjóri borið undir úrskurð ráðherra, hvernig með málið skuli fara.

Hvort sem rannsókn samkvæmt 1. mgr. hefur fram farið eða ekki, getur eigandi skips eða annar aðili, sem réttar hefur að gæta, en telur rétti sínum hallað með úrlausn siglingamálastjóra eða ráðherra, borið mál sitt undir úrlausn dómstóla.

19. gr.

Siglingamálastjóri getur, þegar sérstök ástæða er til, veitt skipi, sem heima á hér á landi, leiðarbréf til að fara hér hafna á milli, áður en það er skráð á aðalskipaskrá. Hefur þá leiðarbréf sama gildi hér á landi sem þjóðernisskírteini.

Siglingamálastjóra er einnig heimilt, ef nauðsyn ber til, að skip fari þegar til útlanda, að veita því þjóðernisskírteini til bráðabirgða til siglingar þangað, enda þótt eitthvað bresti á til þess, að skráning á aðalskipaskrá megi þegar fram fara.

20. gr.

Fyrir útgáfu þjóðernisskírteinis, útgáfu mælibréfs, áritun á þjóðernisskírteini, áritun á mælibréf, endurrit þjóðernisskírteinis, endurrit mælibréfs, einkaleyfi á

skipsnafni eða öðrum einkennum samkvæmt 5. gr. og nafnbreytingu á skipi skal eigandi greiða gjöld í ríkissjóð samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur.

21. gr.

Hver, sem með röngum, villandi eða ófullnægjandi skýrslum kemur því til leiðar, að gefið er út þjóðernisskírteini samkvæmt 7. gr., 9. gr., 11. gr. eða 19. gr. til handa skipi, sem fullnægir ekki þjóðernisskilyrðum 1. gr., svo og hver sá, sem lætur skip sigla með íslenzku þjóðernisskírteini, eftir að honum er kunnugt um, að það fullnægir ekki lengur þjóðernisskilyrðum 1. gr., enda hafi ekki verið veittur frestur samkvæmt 15. gr., skal sæta sektum, ekki minni en 100 000 krónum, varðhaldi eða fangelsi.

22. gr.

Hver, sem lætur skip sigla án lögmæltra merkja samkvæmt 8. gr., nemur ranglega af skipi slík merki, setur rangt merki á skip eða leynir ranglega nafni skips eða heimili, skal sæta sektum, ekki minni en 30 000 krónum, eða varðhaldi.

23. gr.

Hver, sem í skráningarbeiðni eða tilkynningu til Siglingamálastofnunarinnar samkvæmt lögum þessum veitir rangar eða villandi upplýsingar eða skýrslur eða vanrækir að senda stofnuninni lögboðnar skráningarbeiðnir eða tilkynningar, skal sæta sektum, ekki minni en 10 000 krónum, eða varðhaldi.

Hver, sem lætur skip, sem skylt er að hafa þjóðernisskírteini, sigla án þess, sbr. 10. gr., skal sæta sektum, ekki minni en 4000 krónum. Sömu refsingu varðar að skila ekki þjóðernisskírteini, þegar slíkt er skylt, sbr. 11. og 15. gr. Enn varðar sömu refsingu að rita nokkuð á þjóðernisskírteini heimildarlaust, sbr. 10. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. gr. um notkun þjóðfána og brot gegn ákvæðum 5. gr. um einkarétt til nafns eða einkenna, varða sektum.

24. gr.

Um brot samkvæmt 21.—23. gr. skal beita reglum almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild, þar á meðal gagnvart skipstjórnarmönnum.

Nú er brot, sem um getur í 21.—23. gr., framið með verknaði, svo sem skjalafalsi, sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum, og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

25. gr.

Skip er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði vegna brota eftir 21.—23. gr.

Taka má sektir fjárnámi í búi hinna seku.

Sektir renna í ríkissjóð.

26. gr.

Skip, sem löglega hafa verið skráð, þegar lög þessi öðlast gildi, halda skráningarrétti sínum.

Lög þessi hagga ekki við neinum ákvæðum laga um rétt til fiskveiða í landhelgi nr. 33 19. júní 1922.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi fjórum mánuðum eftir að þau hafa hlotið staðfestingu forseta Íslands. Falla þá jafnframt úr gildi:

1. Lög um skráning skipa nr. 17 8. marz 1948 ásamt lögum um breyting á þeim nr. 100 11. des. 1961.
2. 4. gr. siglingalaga nr. 66 31. desember 1963.
3. 13. gr. laga um Stofnfjársjóð fiskiskipa nr. 58 1. maí 1968.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Opinber skipaskráning hófst hér á landi, er út var gefin tilskipun um skrásetningu skipa 25. júní 1869. Þar var boðið, að skrá skyldi öll skip, sem mælingarskyld væru, en samkvæmt tilskipun frá sama degi um skipamælingar tók mælingarskylda til allra skipa og báta, sem heima áttu á Íslandi og voru að stærð meira en 12 tonn að rúmmáli. Auk skilyrða um stærð og heimilisfang skyldu skipin einnig fullnægja þeim þjóðernisskilyrðum, að eigandi hefði réttindi innborinna danskra manna og ætti bólfestu innan Danaveldis.

Skráning skyldi fara fram á 6 tilteknum stöðum, Reykjavík, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri og Eskifirði, en ríkisstjórnin ákveða stærð skráningarumdæma. Var lögreglustjórum á stöðum þessum falið að halda skrárnar og rita þar þær upplýsingar um skip, sem nánar greinir í tilskipuninni. Að skráningu lokinni bar lögreglustjóra að senda stiftamtmanni öll skráningargögn, en hann kannaði nánar, hvort skilyrði til skráningar væru fyrir hendi. Ef ekkert þótti athugavert, gaf stiftamtmaður út þjóðernisskírteini til bráðabirgða handa skipum, sem stærri voru en 30 rúmlestir (tonn), en um skip milli 12 og 30 rúmlestir var látið nægja, að þau hefðu mælibréf. Stiftamtmaður sendi því næst hlutaðeigandi lögreglustjóra bráðabirgðaþjóðernisskírteinið til afhendingar handa skipinu, en skráningargögnin sendi hann til viðkomandi stjórnarráðuneytis í Danmörku, og þaðan gengu þau til skráningarstofunnar (Registreringskontoret) í Kaupmannahöfn. Þar var endanlega rannsakað, hvort skip fullnægði skráningarskilyrðum, og væri svo talið, var skipið skráð þar á aðalskipaskrá. Gaf Skráningarstofan þá jafnframt út fullnaðarþjóðernisskírteini og sendi stiftamtmanni, en hann framsendi það til hlutaðeigandi lögreglustjóra til afhendingar handa skipi. Samkvæmt þessu hlaut það, er á umdæmisskrár var ritað, þá fyrst gildi, er Skráningarstofan hafði staðfest það eða samþykkt og tekið skipið á aðalskipaskrá. Sams konar fyrirgreiðslu hlutu allar síðari breytingar, sem á umdæmisskrár voru ritaðar, svo sem eigendaskipti, nafnbreyting á skipi og breyting á heimilisfangi þess.

Tilskipunin frá 1869 um skrásetningu skipa var leyst af hólmi með lögum um skrásetningu skipa nr. 31 13. des. 1895. Fyrirkomulag um skráningu hélzt þó svipað að öðru leyti en því, að nú var hvert lögsagnarumdæmi landsins gert að sérstöku skráningarumdæmi og að í stað stiftamtmanns kom landshöfðingi. Þegar landshöfðingjaembættið var lagt niður með lögum nr. 17/1903, voru störf þess viðvíkjandi skráningu lögð til stjórnarráðsins (fjármálaskrifstofunnar). Aðalskráning fór sem áður fram í Kaupmannahöfn, og þar voru fullnaðarþjóðernisskírteini gefin út.

Eftir að sambandslögin nr. 39 30. nóv. 1918 gengu í gildi, var nauðsynlegt að breyta ýmsum ákvæðum um skráningu skipa. Voru því gefin út ný lög um skrásetningu skipa nr. 70 28. nóv. 1919. Þjóðernisskilyrði voru nú miðuð við íslenzka ríkisborgara, sbr. lög um ríkisborgararétt nr. 21 6. okt. 1919. Störf dönsku Skráningarstofunnar viðvíkjandi íslenzkum skipum voru flutt til fjármálaráðuneytisins. Þar skyldi haldin aðalskipaskrá og út gefin fullnaðarþjóðernisskírteini í stað þjóðernisskírteina til bráðabirgða, sem ráðuneytið hafði áður gefið út, eins og fyrr var getið.

Næst voru sett ný heildarlög um skráningu skipa nr. 29 27. júní 1925. Breytingar, sem með þeim voru gerðar, snertu einkum þjóðernisskilyrði, sem gerð voru ýtarlegri en áður, Þá var og ákveðið, að skipaskrár í héruðum skyldu vera tvær, önnur fyrir skip 12—30 rúmlestir brúttó, en hin fyrir stærri skip.

Með lögum um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra nr. 58 14. júní 1929 var sett á stofn embætti skipaskoðunarstjóra ríkisins. Samkvæmt nýjum heildarlögum um skráningu skipa nr. 37 19. maí 1930 var stofnuð sérstök deild við skipaskoðunarstofuna, sem nefnist Skráningarstofa ríkisins. Þar skyldi haldin aðalskipaskrá fyrir allt landið og skipaskoðunarstjóri jafnframt vera skipaskráning-

arstjóri. Þjóðernisskírteini voru þó fyrst um sinn gefin út af fjármálaráðuneytinu, en með lögum nr. 26 13. júní 1937 var skipaskráningarstjóra falið að gefa þau út. Í lögunum frá 1930 var ákveðið, að skipaskrár í héruðum skyldu vera þrjár, þ. e. ein fyrir opna báta, stærri en 12 rúmlestir brúttó, svo og fyrir báta, þótt minni séu, ef þeir stunda fiskveiðar að staðaldri, önnur fyrir skip og báta með þilfari, allt að 30 rúmlestum brúttó, og hin þriðja fyrir stærri skip.

Loks voru gefin út heildarlög um skráningu skipa nr. 17 8. marz 1948, og eru þau enn í gildi. Urðu nú skráningarskyld öll skip 6 metrar á lengd eða stærri. Skipaskrár í héruðum skyldu áfram vera þrjár, en breytt var ákvæðum um flokkun skipa á skrárnar. Að öðru leyti var hin eldri tilhögun á skráningu látin haldast í aðalatriðum.

II.

Nauðsynlegt er af tvenns konar aðalástæðum að halda opinberar skrá yfir skip.

1. Annars vegar er um að ræða gæzlu opinberra hagsmuna. Þar kemur fyrst til greina, að ákveðið sé með öruggri vissu, hvaða skip skuli teljast íslenzk og hafa rétt og skyldu til að sigla undir íslenzkum fána. Skráningu skips á íslenzka skipaskrá fylgja margs konar réttindi og skyldur, meðal annars atvinnuréttindi, skylda til að halda skipi haffæru, meðan það er í notkun, tilteknar gjaldskyldur o. s. frv. Einnig er sérstök þörf fyrir, að ekki leiki vafi á, til hvaða skipa nái reglur íslenzkra laga um eftirlit með öryggi skipa. Þá er nauðsynlegt, að skip geti ávallt, bæði innan lands og utan, gert grein fyrir þjóðerni sínu og sannað á sér deili. Ýmsir fleiri hagsmunir koma til greina, þó að hér séu ekki raktir.

Í lögum um skráningu skipa ber að hafa reglur um gæzlu hinna opinberu hagsmuna, sem hér var getið. Verður það nánar rætt í umsögn um einstakar greinar frv., en hér skal að því vikið, hvernig skráningunni verði haganlegast fyrir komið, þannig að hún verði sem óbrotnustu og ódýrust í framkvæmd, án þess þó að slakað sé á kröfum um öryggi það, sem hún á að veita.

Frá því að skráning skipa var fyrst upp tekin fyrir réttum 100 árum, hefur henni verið hagað þannig, að haldnar væru tvenns konar skrár um hið sama efni, annars vegar skipaskrár í héruðum eða umdæmisskrár, sbr. 5. og 6. gr. núgildandi skráningarlaga, og hins vegar aðalskipaskrá á skráningarstofu fyrir allt landið. Eins og lögunum er háttað, verður framkvæmd skráningar í aðalatriðum þannig: Þegar eigandi skips þarf að láta skrá það eða einhver atriði viðvíkjandi því, skal hann snúa sér til viðkomandi lögreglustjóra, sem þá rannsakar skráningarskilyrði. Ef hann er í vafa um, hvort skrá megi atriðið í umdæmisskrána, skal hann leita um það úrlausnar Skráningarstofu ríkisins, sbr. 9. gr. skráningarlaganna. Telji lögreglustjóri atriðið hins vegar vafalaust, skal hann rita það í skrána til bráðabirgða, en ekki fær skráningin gildi, fyrr en Skráningarstofan hefur staðfest réttmæti hennar, tekið atriðið upp á aðalskipaskrá og gefið út viðeigandi skipsskjöl, sem hún sendir lögreglustjóra til afhendingar handa skipi. Áður en málið er komið í rétt horf, þarf Skráningarstofan oft að afla nýrra gagna, ýmist fyrir milligöngu lögreglustjóranna eða beint frá skipaeigendum. Þessi tilhögun laganna gerir framkvæmd skráninganna óþarflega margbrotna og tafsama.

Það er ljóst, að þau 50 ár, sem aðalskráning fór fram í Kaupmannahöfn, var óhjákvæmilegt, að tvenns konar skrár væru haldnar. Aðalskipaskrá í öðru landi gat ekki fullnægt þörfum landsmanna. Og þó að aðalskráningin væri flutt hingað til lands árið 1919, var eðlilegt, eins og samgöngum innanlands var þá háttað, að sams konar tilhögun væri látin haldast. Nú má aftur á móti fullyrða, að með tilliti til greiðra samgangna og fjarskiptasambanda sé ekki lengur ástæða til þess tvíverknaðar að skrá í umdæmisskrár þau sömu atriði, sem með fullkomnara hætti eru rituð í aðalskipaskrá. Fyrir skipaeigendur verður einnig fljótvirkara og brotaminna í framkvæmd að geta fengið alla fyrirgreiðslu skráningarmála sinna hjá einni og sömu stofnun, enda er ávallt skilyrði gildrar skráningar, að hún sé gerð á aðalskipaskrá. Núverandi tilhögun hefur í för með sér aukinn kostnað, bæði

fyrir einstaklinga og hið opinbera, og margs konar óþarfa fyrirhöfn fyrir lögreglustjórana og Skráningarstofuna, meðal annars vegna stöðugra bréfaskrifta, símtala og símskeytasendinga. Með því að aðalskipaskráin getur að öllu leyti fullnægt skráningarþörfinni, án tillits til þess, hvar skip eða eigandi þess á heimili, er ráðgert í frv., að skráningarstörfum verði létt af lögreglustjórunum, en að öll skráningarstarfsemin verði eingöngu í höndum Siglingamálastofnunarinnar.

2. Í öðru lagi eru opinberar skrár um skip nauðsynlegar af ástæðum, sem varða einstaklingsréttindi. Fyrir viðskiptalífið og vernd eignarréttar almennt eru haldnar þinglýsingaskrár, sem á hverjum tíma geta veitt upplýsingar um eignarrétt að skipi og þau veð eða önnur eignarhöft, sem á skipi kunna að hvíla vegna samninga eða réttargerða.

Skráning réttinda yfir skipum er ákveðin í þinglýsingalögum, sbr. nú lög nr. 30 7. maí 1928. Með frv. þessu eru lagðar tilteknar smávægilegar starfsskyldur á þinglýsingadómendur í því skyni að tryggja fullkomna samræmingu milli aðalskipaskrár og þinglýsingabóka um þau sameiginlegu atriði, sem þar skulu standa, en ekki er með ákvæðum frv. haggað við efnisákvæðum þinglýsingalaga né réttaráhrifum þinglýsingar.

Í skipaskráningarlögum hefur aldrei verið vikið að þinglýsingarreglum né gert ráð fyrir sambandi skipaskráa í héruðum við þinglýsingabækur. En með lögum um veð í skipum nr. 20 16. nóv. 1907 var komið á tengslum þar á milli. Þar segir í 2. gr.: „Á blaðsíðu skipsins í skipaskrá umdæmisins skal getið þeirra heimildarskjala, veðsetninga og eignarhafta, er þinglesin hafa verið viðvíkjandi skipinu". Með því að skipaskrárhald í héruðum og þinglýsingar voru í höndum hinna sömu embættismanna, þ. e. sýslumanna og bæjarfógeta, var hér aðeins um hagkvæma starfstilhögun að ræða, sem hafði ekki í för með sér neinar efnisbreytingar, hvorki um skipaskráningu né þinglýsingu.

Lögin frá 1907 voru felld úr gildi með siglingalögum nr. 63/1913, en skipaskrárnar voru samt notaðar áfram í sambandi við þinglýsingar. Þegar svo núgildandi þinglýsingalög voru sett árið 1928, var gert ráð fyrir því, að þinglýsingaskrár yrðu aðgreindar frá skipaskránum, því að í 11. gr. laganna segir: „Þangað til fengin er í lögsagnarumdæminu ný eða nýjar skrár samkvæmt lögum þessum. má um skip nota skipaskrárnar, eins og segir í 2. gr. laga nr. 20 10. nóv. 1907". Hin ráðgerða aðgreining hefur þó ekki einn komizt á. Þess má geta, að í Reykjavík heyrði skráning skipa á umdæmisskrá undir lögreglustjóraembættið fram til ársins 1939, sbr. lög nr. 26/1917 og 67/1928, en með lögum nr. 67/1939 var skráningin flutt til þáverandi lögmannsembættis, sem annaðist þinglýsingar, og nú heyrir hún undir borgarfógeta, sbr. lög nr. 98/1961.

Þó að núverandi tengsl milli skipaskráningar og þinglýsingar hverfi úr sögunni, ef frv. þetta verður að lögum, verða þó áfram nokkur sameiginleg atriði, sem bæði ber að skrá á aðalskipaskrá og í þinglýsingabækur. Svo er um eiganda eða eigendur skipa, heimilisfang skips, nafn þess og fleiri auðkenni. Er þá nauðsynlegt, að fullt samræmi haldist um þessi atriði milli skránna. Af þeim sökum hafa verið sett í frv. eftirgreind ákvæði, sem eiga að koma í veg fyrir ósamræmi.

Samkvæmt 6. gr. frv. skulu skip, sem ekki hafa áður verið skráð hér á landi, frumskráð hjá Siglingamálastofnuninni, áður en þau eru tekin í þinglýsingabækur. Það er þá fyrst, er Siglingamálastofnunin hefur tekið ákvörðun um, að skrá megi skip á aðalskipaskrá, sem kannað hefur verið til hlítar, hvort það fullnægir skilyrðum til að teljast íslenzkt skip, sem megi hafa skráð heimilisfang hér á landi. Þar er líka skráð heimilisfang skipsins og fullnaðarathugun gerð um heimild til nafns, sem því er gefið. Samkvæmt 5. mgr. 6. gr. frv. ber Siglingamálastofnuninni svo að senda tilkynningu um skráninguna til þinglýsingadómara í því umdæmi, þar sem skipið hefur hlotið heimilisfang, og er þá unnt að skrá skipið í þinglýsingabækur, sbr. 4. gr. þinglýsingalaganna.

Ef síðar verða eigendaskipti að skráðu skipi, gilda samkvæmt 12. gr. frv. aðrar

reglur en um frumskráningu. Þá verða eigendaskiptin ekki skráð á aðalskipaskrá, fyrr en eignarheimild hins nýja eiganda hefur verið þinglesin. Ef þinglestur væri ekki gerður að skilyrði fyrir umskráningu, en það eitt látið nægja, að aðili kæmi með óþinglesna eignarheimild, mundi um óákveðinn tíma verða ósamræmi milli aðalskipaskrárinnar og þinglýsingabóka um eignarheimild að skipinu, en það gæti valdið misskilningi og ef til vill réttarspjöllum. Að vísu gæti svo farið, að þrátt fyrir þinglesin eigendaskipti neitaði Siglingamálastofnunin að skrá hinn nýja eiganda á aðalskipaskrá, vegna þess að hann fullnægði ekki þjóðernisskilyrðum, en þá mundi um málið fara eftir ákvæðum 15. og 16. gr. frv., sem ættu beint við um slíkt tilvik.

Ef breyting verður á heimilisfangi skips, nafni þess eða öðrum auðkennum, sem getið er í þinglýsingabókum, þá skal samkvæmt 13. gr. frv. fyrst skrá breytingu á aðalskipaskrá, enda ber Siglingamálastofnuninni að kanna, hvort fyrir hendi séu skilyrði til breytinga. Ef breyting er skráð, skal Siglingamálastofnunin tilkynna það hlutaðeigandi þinglýsingadómara eða dómurum, eins og nánar verður getið í umsögn um 13. gr.

Loks er svo ákvæði 16. gr. um, að þegar Siglingamálastofnunin hefur samkvæmt ákvæðum 15. gr. afmáð skip af aðalskipaskrá, þá skuli hún þegar í stað tilkynna það hlutaðeigandi þinglýsingadómara. En nú getur verið, að þó að skilyrði til afmáningar af aðalskipaskrá hafi verið fyrir hendi, þá skorti samt skilyrði samkvæmt reglum þinglýsingalaga til að fella skipið þegar í stað úr þinglýsingabókum. Til þess að koma í veg fyrir misskilning, sem af þessu gæti stafað, er ákveðið, að þinglýsingadómari skrái athugasemd um afmáninguna á blað skips í þinglýsingabók, sbr. 11. gr. þinglýsingalaga. Ber honum þá einnig að geta um afmáninguna á veðbókarvottorðum. Til enn frekari tryggingar skal þinglýsingadómari tilkynna afmáninguna þinglesnum rétthöfum að skipi, sem um er vitað.

III.

Framangreind aðalbreyting á fyrirkomulagi skráningar, að umdæmisskrár hverfa úr sögunni, ef frv. verður að lögum, leiðir til þess, að niður falla ýmis ákvæði núgildandi skráningarlaga og að öðrum verður að breyta til mikilla muna. Auk þess eru felld burtu nokkur úrelt og óþörf fyrirmæli. Niðurskipun ákvæða og orðalagi hefur einnig verið breytt, eftir því sem bezt þótti á fara.

Við samningu frv. hefur fyrst og fremst verið stuðzt við þá reynslu, sem fengizt hefur við framkvæmd laganna að undanförnu. Einnig hafa um sum atriði verið höfð til hliðsjónar dönsk „Lov om skibsregistrering nr. 93 af 29. marts 1957" og norskt „Utkast med motiver til lov om endring av skipsregisterlovgivningen m. m." frá 1966.

Verður þá vikið að umsögn um einstakar greinar frv.

Um 1. gr.

Hér eru greind þau skilyrði, sem skip þarf að fullnægja, til þess að það sé tekið á íslenzka skipaskrá. Skilyrðin eru tvenns konar, eins og í núgildandi skráningarlögum, annars vegar um stærð skips og hins vegar um eignarrétt að því.

Um stærðina gildir hið sama og í núgildandi lögum, sbr. 3. gr. þeirra. Miðað er við, að skip sé 6 metrar á lengd hið minnsta, og er það í samræmi við núgildandi lög um skipamælingar nr. 23/1950.

Eignarréttarskilyrðin eða þjóðernisskilyrðin eru mikilvægustu ákvæði skráningarlaga. Undir þeim er komið, hvort skip skuli talið íslenzkt, sbr. 2. gr. frv. Það virðist ljóst, að skip geti ekki í þessu sambandi talizt íslenzkt, nema það sé að meiri hluta í eign íslenzkra ríkisborgara. Til þess að gera tryggara, að þeirri kröfu sé fullnægt, þykir rétt að miða við nokkuð aukinn meiri hluta. Er því lagt til, að sé skip í félagseign, þá skuli það vera að þremur fimmtu hlutum hið minnsta eign íslenzkra ríkisborgara eða aðila, sem settir eru á bekk með þeim, sbr. umsögn um 5. tölul. Í nýlegum lögum um skyld efni eru þjóðernisskilyrði höfð nokkuð strang-

ari en hér er gert, sbr. um loftferðir f-lið 7. gr. laga nr. 34/1964 og um eignarrétt að fasteignum 4. tölul. 1. gr. laga nr. 19/1966.

Þeirri reglu er fylgt um eignarrétt að skipum, að aðilar, sem ótakmarkaða ábyrgð bera, skuli vera íslenzkir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi. Sömu skilyrði eru sett um stjórnendur félaga, samtaka eða stofnana, en niður felld sú krafa 3. og 4. tölul. 1. gr. núgildandi laga, að stjórnendur skuli eiga hlut í félögunum. Um félög, þar sem takmörkuð ábyrgð kemur til greina (4.—6. tölul.), er gert að skilyrði, auk þess sem áður segir um stjórnendur, að íslenzkir ríkisborgarar, án tillits til heimilisfangs, eða aðilar, sem settir eru á bekk með þeim, eigi þrjá fimmtu hluta félagseigna.

Með aðgreiningu 1. gr. í töluliði er ætlazt til, að tekin sé tæmandi afstaða til hinna mismunandi eignaraðildarforma, sem til greina koma samkvæmt íslenzkri löggjöf.

Ákvæði 1. tölul. þarfnast ekki skýringar.

Fyrirmæli 2. tölul. eru í samræmi við 1. tölul. 1. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því, að fellt er niður, að fimm ára heimilisfang erlendra ríkisborgara hér á landi jafngildi í þessu sambandi íslenzkum ríkisborgararétti. Ákvæði þetta, sem kom fyrst inn í skráningarlög árið 1919, samtímis hinum fyrstu íslenzku ríkisborgaralögum, virðist ekki lengur eiga rétt á sér.

Í 3. tölul. ræðir um félög með ótakmarkaðri ábyrgð, þar á meðal þegar félagsútgerð er á skipi með þeirri sérstöku tegund ábyrgðar með öllum eignum, sem ákveðin er í 9. gr. siglingalaga nr. 66/1963. Í 2. tölul. 1. gr. núgildandi laga er látið nægja, að ⅔ félagsmanna fullnægi skilyrðum um ríkisborgararétt og heimilisfang, en hér er fylgt hinni almennu reglu, sem áður er getið, sbr. og samsvarandi ákvæði loftferðalaga og laga um eignarrétt að fasteignum, þar sem þátttaka erlendra ríkisborgara er útilokuð í slíkum félögum.

Ákvæði 4. tölul. varða samlagsfélög, þar sem einn eða fleiri félagsmenn bera fulla, en aðrir takmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins, sbr. skýrgreiningu í 9. gr. firmalaganna nr. 43/1903. Skilyrði um ríkisborgararétt og heimilisfang þeirra félagsmanna, er fulla ábyrgð bera, er óbreytt frá því, sem nú gildir. Sama er um skilyrði varðandi ríkisfang og heimilisfang stjórnenda, en í stað þess, að þeir skuli eiga hluti í félaginu, kemur hér hið almenna skilyrði um, að ⅗ hlutar félagseigna séu í eign íslenzkra ríkisborgara.

Í 5. tölul. er fjallað um hlutafélög. Haldið er því skilyrði 4. tölul. 1. gr. núgildandi laga, að félagið eigi heimili og varnarþing á Íslandi, og við er bætt, að það sé skráð á hlutafélagaskrá, sbr. 10. gr. hlutafélagalaga nr. 77/1921. Skilyrði um ríkisfang og heimilisfang stjórnenda eru einnig hin sömu og í núgildandi lögum. Skilyrði um hlutafjáreign íslenzkra ríkisborgara og atkvæðamagn þeirra á hluthafafundum eru hins vegar ný. Er um það, eins og áður greinir, höfð hliðsjón af ákvæðum loftferðalaganna og laga um eignarrétt að fasteignum. Þegar meta skal, hvort hlutafjáreign sé að ⅗ hlutum í höndum Íslendinga, eru aðilar, sem sjálfstætt hafa rétt til að fá skip skráð hér á landi samkvæmt 1. gr., settir á bekk með íslenzkum ríkisborgurum. Hér er átt við félög, samtök eða stofnanir, sem njóta skráningarréttar samkvæmt 3.—6. tölul., enda þótt þau kunni að vera allt að ⅖ hlutum í erlendri eign.

Loks eru í 6. tölul. ákvæði um félög, samtök eða stofnanir, sem ekki falla undir ákvæði 1. eða 3.—5. tölul. Skilyrði um heimilisfang og varnarþing félagsskapar eða stofnunar, svo og um ríkisfang og heimilisfang stjórnenda, eru hin sömu og nú gilda samkvæmt 4. tölul. 1. gr. laganna. Í stað skilyrðis um hlutareign stjórnenda kemur hér hið almenna skilyrði um, að félagseign samtaka eða stofnunar skuli vera að ⅗ hlutum hið minnsta í eign íslenzkra ríkisborgara eða aðila, sem settir eru á bekk með þeim, sbr. umsögn um 5. tölul.

Um 2. gr.

Þessi grein svarar til 2. gr., sbr. og upphaf 1. gr., núgildandi skráningarlaga. Í lögum um þjóðfána Íslands nr. 34/1944 ræðir um notkun fánans, þar á meðal, hvernig fánastöngum skuli komið fyrir á skipum.

Um 3. gr.

Hugtakið skip er ekki skilgreint sérstaklega í frv. Sú skilgreining í 3. gr. núgildandi skráningarlaga, að skip merki „hvert það far eða fleytu, sem skylt er að skrásetja", gefur í rauninni enga leiðbeiningu. Víða er tekið fram í lögum, að skip merki „fljótandi far", en á því er einnig lítið að græða.

Í 1. mgr. er ákveðið, að svifskip skuli teljast til skipa samkvæmt skráningarlögum. Þykir þetta eðlilegast, þar sem ætla má, að notkun þeirra verði að miklum mun meira tengd sjó en þurru landi, og vart munu þau heldur verða talin til loftfara, sbr. 1. gr. loftferðalaga nr. 34/1964. Í áðurgreindu uppkasti frá 1966 um breytingu á norskri skipaskráningarlöggjöf eru reglur um skipaskráningu látnar taka til svifskipa.

Af 2. mgr. má ráða, að för eða tæki, sem á sjó fljóta og knúin eru af hreyfiafli í því sjálfu, skuli talin til skipa í sambandi við skráningarreglur. Um önnur för eða tæki, sem á sjó fljóta, er lagt á vald siglingamálastjóra að ákveða, hvort þau séu tekin á skipaskrá. Um það mun væntanlega miklu ráða, hversu nauðsynlegt telst, að reglur um eftirlit með öryggi skipa og báta nái til þessara fara eða tækja, sem geta verið margs konar og ólík sín á milli, svo sem flutningaprammar, flotkvíar, flotkranar, fljótandi geymar o. s. frv. Er ekki unnt að gefa á því neina tæmandi upptalningu.

Í 3. mgr. ræðir um bráðabirgðaskráningu skipa, sem smíði er ekki enn lokið á eða þau eru ófullgerð að öðru leyti. Þó að skip sé enn í smíðum, getur verið þörf fyrir eiganda þess og jafnvel einnig fyrir skipasmíðastöðina, einkum í sambandi við lántökur og veðsetningar, að það sé opinberlega skráð til bráðabirgða. Og þó að þetta taki aðallega til þinglýsingareglna, þá er samt rétt að hafa í lögum heimild um, að bráðabirgðaskráning geti einnig átt sér stað hjá Siglingamálastofnuninni, enda rannsakar hún og tekur ákvörðun um, hvort eignarrétti að hinum ófullgerða skipi sé þannig háttað, að skrá megi það hér á landi. Ef til þessa kemur, er siglingamálastjóra falið að setja reglur þar að lútandi, meðal annars um, hversu smíði skips þarf að vera langt komið, til þess að skráning geti farið fram.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um aðalskipaskrána og hvaða upplýsingar um skip hún skuli greina, sbr. 6. gr. og 3. mgr. 5. gr. núgildandi laga. Til þess að auðvelda skráninguna er heimilað, að skráin megi vera lausblaðabók.

Þau atriði, sem skrá skal samkvæmt 2. mgr. á aðalskipaskrána, eru að mestu í samræmi við núgildandi lög og framkvæmd þeirra. Í 1. tölul. er þó sú regla, sem er ekki í núgildandi lögum, að hvert skip, sem tekið er á aðalskipaskrá, skuli hafa þar sitt sérstaka skipaskrárnúmer, unz það er afmáð af skránni. Gerir þetta auðveldara að fylgjast með hverju skipi, frá því að það er fyrst á skrá tekið, þó að síðar verði að því eigendaskipti eða breytt verði nafni þess eða heimilisfangi.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir lögfestingu þeirrar reglu í samræmi við langvarandi framkvæmd, að árlega skuli gefin út skipaskrá yfir skráð íslenzk þilskip.

Um 5. gr.

Samkvæmt 1. mgr. ræður eigandi skips, hvar hann lætur skrá heimilisfang þess, en þó svo, að skipið verður að hafa tiltekna heimahöfn. Ber því að neita um skráningu heimilisfangs á stað, þar sem skipið getur ekki til hafnar komið. Er þetta í samræmi við erlend skráningarlög. Um heimilisfang verður nánar rætt í umsögn um 13. gr. frv.

Í 2. mgr. eru tekin upp óbreytt að efni ákvæði 2. mgr. 7. gr. núgildandi skrán-

ingarlaga um veitingu einkaleyfa til nafns og annarra einkenna á skipum. Þessi ákvæði komu fyrst í skráningarlög með lögum nr. 26/1937.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um skráningu skipa, sem eru ekki þegar fyrir á aðalskipaskrá, en undanskilin eru þó þau skip, sem skráð hafa verið til bráðabirgða samkvæmt 9. gr.

Undir ákvæði 1. mgr. falla skip, sem nýsmíði hefur farið fram á fyrir íslenzka aðila hér á landi eða erlendis. Sömuleiðis erlend skip, sem komizt hafa í eign íslenzkra aðila, hvort heldur við kaup, arf, vegna hjúskapar eða með öðrum hætti. Þar til heyra m. a. erlend skip, sem komizt hafa í eign íslenzkra aðila, eftir að þau hafa verið gerð upptæk hér, bjargað af strandstað o. s. frv.

Í 2.—4. mgr. ræðir um skráningarbeiðnir og hvaða gögn skuli fylgja þeim. Þegar frumskrá skal nýsmíðað skip, segir skipasmíðaskírteinið venjulega til um, hver sé eigandi þess, en beri skírteinið það ekki með sér, verður sérstakt eignarheimildarbréf að fylgja beiðninni, og sama er ávallt, þegar frumskrá skal notuð skip.

Um efni 5. mgr. hefur verið rætt í II, 2, hér að framan.

Oft getur verið nauðsynlegt, að skip fái nafn og önnur auðkenni, áður en fullnaðarskráning fer fram. Hefur þetta komizt á í framkvæmd, en hér er í 6. mgr. gert ráð fyrir, að regla um það verði lögfest.

Um 7. gr.

Í 1. og 2. mgr. eru efnislega óbreytt fyrirmæli 1. mgr. 12. gr. núgildandi skráningarlaga um útgáfu þjóðernisskírteina og mælibréf. Í 3. mgr. eru ákvæði um, hvað greina skuli í þjóðernisskírteini, og eru þau um sumt ýtarlegri en samsvarandi ákvæði 2. mgr. 12. gr. laganna.

Um 8. gr.

Í 1.—4. mgr. eru ákvæði um mörkun á skip. Samkvæmt 13. gr. núgildandi laga eiga fyrirmæli þeirra um merkingu við um öll skrásett skip, en hér er sú breyting gerð, að ákvæði frv. um merkingu taka ekki beint til annarra skipa en þeirra, sem eru 30 rúmlestir brúttó eða stærri og þjóðernisskírteini hljóta. Með því að mörkunarreglurnar henta ekki að sumu leyti um smærri skip, er lagt á vald siglingamálastjóra að ákveða merkingu þeirra.

Fyrirmæli 5. og 6. mgr. taka til allra skráðra skipa. Í stað ráðherraleyfis til nafnbreytingar á skipi kemur hér leyfi siglingamálastjóra. Að öðru leyti vísast nánar um nafnbreytingu til umsagnar um 13. gr.

Um 9. gr.

Hér eru tekin upp efnisatriði 14. gr. núgildandi skráningarlaga um þjóðernisskírteini til bráðabirgða. Ákvæði frv. eru lítið eitt fyllri, en breytingar frá lögunum smávægilegar. Aðalbreytingin er að gildistími þjóðernisskírteinis til bráðabirgða er styttur úr tveimur árum í einn mánuð. Tveggja ára gildistíminn var upphaflega ákveðinn í tilskipuninni frá 1869, en vegna breyttra tíma er það ákvæði nú fyrir löngu orðið úrelt.

Um 10. gr.

Greinin kemur í stað 15. gr. núgildandi skráningarlaga. Í þeirri grein er lögreglustjórum og fulltrúum Íslands erlendis veitt almenn heimild til að rita á þjóðernisskírteini, en í frv. er heimildin veitt lögskráningarmönnum, sbr. lög nr. 63/1961, og fulltrúum Íslands erlendis, og er hún nú takmörkuð við ritun nafns og skipstjórnarheimildar skipstjóra, þegar skipstjóraskipti verða.

Um 11. gr.

Í grein þessari segir, hvenær gefa skuli út nýtt þjóðernisskírteini í stað eldra. Úr samsvarandi 16. gr. núgildandi laga eru felld atriði þau, sem þar greinir í 2.

og 5. tölulið, með því að telja verður þau óþörf, en við er bætt í 4. tölul. 11. gr. frv. því atriði, að gefa skal út nýtt þjóðernisskírteini, ef eigendaskipti verða að skipi, enda er það í samræmi við undanfarandi framkvæmd laganna.

Um 12. gr.

Um efni 1. mgr. hefur þegar verið rætt í II, 2, hér að framan, og vísast til þess.

Ákvæði 2. mgr. eiga að útiloka, að skip séu í notkun í nafni óskráðra eigenda. Það bryti í bág við tilgang skráningarlaga og það öryggi, sem þau eiga að veita, m. a. um þjóðernisskilyrði, ef aðilar, sem ekki væri getið á aðalskipaskrá, hefðu skip í förum í eigin nafni. Þess vegna ber lögskráningarmönnum samkvæmt lögum nr. 63/1961 að gæta þess vandlega að lögskrá ekki á skip í nafni annars aðila en þess, sem samkvæmt skipsskjölum er skráður eigandi.

Ákvæði 3. mgr. eru sett til að gera ljóst, hvaða aðili ber gagnvart hinu opinbera ábyrgð á greiðslu skipaskoðunargjalda á hverjum tíma. Þegar eigendaskipti verða að skipi, má innheimta hjá hinum fyrri eiganda þau gjöld, sem á hafa fallið fram að umskráningartíma, og skiptir ekki máli í því sambandi, hvernig háttað kann að vera samkomulagi milli hins fyrri og hins síðari eiganda um greiðslu gjaldanna.

Um 13. gr.

Hér ræðir í 1. mgr. um breytingu á nafni eða heimilisfangi skips, sem skráð er á aðalskipaskrá.

Heimilisfangi skips ræður eigandi þess samkvæmt 1. mgr. 5. gr. frv., en þó svo, að það sé á stað, þar sem skipið getur til hafnar komið, eins og getið er í umsögn um 5. gr. Ekki þarf opinbert leyfi til að fá skipi nýtt heimilisfang, sem fullnægir skilyrði 5. gr., en breyting getur ekki að neinu leyti komið til framkvæmdar, fyrr en hún hefur verið skráð á aðalskipaskrá og viðeigandi skipsskjöl út gefin.

Um nafnbreytingu eru ákvæði í 5. mgr. 8. gr. frv. auk þeirra, sem hér eru í 1. mgr. Rétt til að gefa skipi nýtt nafn hafa eigendur þess, þegar eigendaskipti verða að því, enda brjóti hið nýja nafn ekki í bág við einkarétt samkvæmt 2. mgr. 5. gr. Ef skip er hins vegar áfram í eign hins sama eða hinna sömu aðila, verður nafni þess því aðeins breytt, að siglingamálastjóri veiti leyfi til þess. Nafnbreyting getur ekki farið fram, nema allir eigendur þess samþykki það. Ef skip er í eign félags, er nægilegt, að ákvörðun um nafnbreytingu hafi verið gerð með þeim meiri hluta atkvæða, sem eftir samþykktum þess er skilyrði fyrir gildum ákvörðunum. Nafnbreyting kemur til framkvæmdar eftir sömu reglum og áður greinir um breytingu á heimilisfangi.

Í lögum um veð í skipum nr. 20/1907 var í 2. mgr. 4. gr., svofellt ákvæði: „Nafnbreyting á skipi eða flutning þess í annað skrásetningarumdæmi má því aðeins leyfa, að allir þeir, sem þinglesinn veðrétt hafa í skipinu, samþykki það". Eins og sjá má af umræðum á Alþingi, er frumvarp til laganna var þar til meðferðar, var tilefni ákvæðisins það, að fram til þess tíma var um veð í skipum farið eftir reglum um veð í lausafé og veðskjöl þinglesin þar, sem eigandi skips átti heima, án tillits til þess, hvar skip var skrásett. Þótti veðhöfum því erfitt að fylgjast með veðinu, ef breyting varð á nafni skips eða heimilisfangi. Þegar lögin frá 1907 voru úr gildi felld, var umrædd regla tekin upp í siglingalögin, sbr. 9. gr. laga nr. 56/1914, en með þeirri breytingu, að í stað orðanna: „sem þinglesinn veðrétt hafa í skipinu", kom: „sem eiga þinglesin réttindi yfir því". Samsvarandi regla hefur aldrei verið tekin í siglingalög annarra Norðurlandaþjóða. Umrætt ákvæði siglingalaganna frá 1914 var fellt úr gildi með núgildandi siglingalögum nr. 66/1963, en í þess stað tekið svofellt ákvæði í 1. mgr. 4. gr. laganna: „Nafnbreytingu á skipi má því aðeins leyfa, að allir eigendur þess séu því samþykkir". Hefur það ákvæði verið tekið upp í 5. mgr. 8. gr., eins og áður var getið.

Með siglingalögunum 1963 var samkvæmt framansögðu fellt niður, að samþykki veðhafa þyrfti til breytinga á nafni skips eða heimilisfangi. Nú hefur vænt-

anlega vegna áhrifa frá eldra rétti verið tekið upp í 13. gr. laga um Stofnfjársjóð fiskiskipa nr. 58/1968 svofellt ákvæði: „Óheimilt er að breyta nafni skips, sem aðild á að Stofnfjársjóði, umdæmisbókstöfum eða umdæmisnúmeri, nema að fengnu skriflegu leyfi stjórnar Fiskveiðasjóðs". Lagt er til í frv., sbr. 27. gr., að ákvæði þetta sé fellt niður. Það gengur, eins og samsvarandi fyrirmæli laganna frá 1907 og 1914, mjög inn á eðlilegt athafna- og umráðasvið skipaeigenda, þar sem tekið er fram fyrir hendur þeirra um rétt til að ráða nafni skips síns og heimilisfangi, en síðara atriðið (heimilisfangið) getur verið mjög þýðingarmikið fyrir atvinnurekstur útgerðarmanna. Reglur um skráningu skipa á aðalskipaskrá og í þinglýsingabækur veita veðhöfum nú auðvelda og örugga leið til að staðreyna, ef á þarf að halda, til hvaða skips veðréttur þeirra taki, þó að breyting nafns eða heimilisfangs hafi farið fram, eftir að veð var stofnað. Til frekari tryggingar er svo í 2. mgr. 13. gr. boðið, að þinglýsingadómarar tilkynni veðhöfum, sem um er kunnugt, umræddar breytingar.

Um efni 2. mgr. 13. gr. hefur þegar verið getið í II, 2, hér að framan.

Í 3. mgr. ræðir um flutning skips milli þinglýsingaumdæma. Eru hér tekin upp ákvæði 2. mgr. 4. gr. siglingalaganna 1963 með þeim breytingum, sem af því leiðir, að umdæmisskrár falla niður. Þess má geta, að í 9. gr. siglingalaganna frá 1914 var sett það skilyrði um skip, sem flutt voru milli umdæma, að þinglesin skjöl viðvíkjandi því yrðu að vera innrituð í veðmálabækur í hinu nýja umdæmi innan mánaðar frá flutningnum, ef þau áttu að halda gildi sínu. Þetta ákvæði var fellt niður með siglingalögunum 1963, og í 3. mgr. 13. gr. frv. er beint tekið fram, að réttaráhrif þegar þinglesinna skjala rofni ekki vegna flutningsins.

Um 14. gr.

Um skyldu til að tilkynna Siglingamálastofnuninni eigendaskipti að skipi ræðir í 12. gr. frv., og um sams konar skyldu, þegar breytt er nafni skips eða heimilisfangi, er fjallað í 13. gr. Hér er svo almennt ákvæði um tilkynningarskyldu, þegar breyting verður á öðrum atriðum, sem skrá skal á aðalskipaskrá. Samsvarandi almenn regla er í 1. mgr. 17. gr. núgildandi skráningarlaga.

Um 15. gr.

Ákvæði um afmáningu skips af aðalskipaskrá eru hér gerð ýtarlegri en nú er samkvæmt 18. gr. skráningarlaganna.

Í 1. tölul. ræðir um missi þjóðernisskilyrða, og er þar haldið óbreyttri þeirri reglu, sem nú er í 2. tölul. 18. gr. laganna.

Í 2. tölul. er tekið upp það skilyrði 1. tölul. 18. gr., að skip hafi farizt, en við er bætt því skilyrði, að skip hafi horfið, án þess að beint sé sannað, að það hafi farizt. Lengd frestsins, 6 mánuðir, er aðallega miðuð við, að skip hafi horfið erlendis. Eins og greinir í 3. mgr., má lengja frestinn, ef líkur eru til, að skip geti komið fram, t. d. ef það hefur horfið í fjarlægum löndum á styrjaldartímum

Ákvæði 3. tölul. svara til fyrirmæla í 1. tölul. 18. gr. laganna. Skilyrðið um, að skip sé ekki talið þess virði, að við það sé gert, á meðal annars við það, er skip er metið óbætandi samkvæmt 2. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Ákvæði 4. og 5. tölul. eru nýmæli. Ekki þykir ástæða til að halda skipum á skipaskrá, þegar þau hafa fallið úr notkun í svo langan tíma, sem í töluliðunum greinir, enda hefur reynslan sýnt, að yfirleitt eru skip, sem þannig er ástatt um, ekki tekin síðar til notkunar.

Í 2. mgr. ræðir um sönnun fyrir því, að skilyrði til afmáningar séu fyrir hendi. Sönnunin er ekki að neinu leyti formbundin, en nefnd eru sérstaklega sem dæmi opinber vottorð og skoðun. Hentugt kann að vera að afla opinberra vottorða frá embættismönnum, þar sem heimilisfang skips er skráð, eða frá fulltrúum Íslands erlendis. Að því er skoðun varðar, getur komið til greina skoðun skipaskoðunarmanna, dómkvaddra manna o. fl.

Í 3. mgr. er siglingamálastjóra veitt heimild til að fresta afmáningu af skipaskrá, þegar sérstaklega stendur á. Að því er 1. tölul. snertir, er einkum haft í huga, að skip glati þjóðernisskilyrðum vegna eignaryfirfærslu, sem stafar af hjúskaparstofnun, búskiptum, m. a. vegna erfða, eða sökum þess að erlendur aðili, sem veð á í skipi, verður kaupandi að því á nauðungaruppboði. Ef hinn nýi eigandi óskar í þessum eða öðrum álíka tilvikum að koma skipinu aftur í íslenzka eign, má veita honum frest til þess, en þó ekki lengri en 6 mánuði. Að því er tekur til 2.—5. tölul., þá eru ekki sett takmörk fyrir lengd fresta, en líkur eiga að vera fyrir hendi til þess, að skip komi aftur í notkun, t. d. að því verði bjargað af strandstað, að gert verði við það o. s. frv.

Um 16. gr.

Um efni þessarar greinar hefur þegar verið rætt í II, 2, hér að framan, og vísast til þess.

Í 6. gr. siglingalaga nr. 66/1963 er ákveðið, að í gjalddaga falli skuld, sem tryggð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er fellt úr skrá yfir íslenzk skip. Gert er ráð fyrir, að samhliða frv. því, sem hér liggur fyrir, verði lagt fyrir Alþingi sérstakt frv. um breytingu á umræddri 6. gr., þar sem ákvæðið verði þrengt þannig, að það taki aðeins til skipa, sem afmáð eru af aðalskipaskrá sökum þess, að þau fullnægi ekki lengur þjóðernisskilyrðum.

Ekki er frv. þessu ætlað að hagga neitt við ákvæðum 5. gr. siglingalaganna.

Um 17. gr.

Ákvæði greinarinnar þarfnast ekki skýringar.

Um 18. gr.

Efnisákvæði 1. mgr. um rannsókn svara til ákvæða í 8.—10. gr. núgildandi skráningarlaga.

Samkvæmt 11. gr. núgildandi laga er heimild til að bera mál undir úrskurð dómsstóla bundin við það, að fyrst hafi gengið úrskurður ráðherra eftir 9. eða 10. gr. Hér er í 2. mgr. mælt fyrir um almenna heimild, hvort heldur er um úrlausnir siglingamálastjóra eða ráðherra að ræða. Getur þá aðili, sem telur lagalegum rétti sínum hallað, leitað um það úrlausnar dómstóla í venjulegu einkamáli.

Um 19. gr.

Hér er tekið upp það efni úr 20. gr. núgildandi skráningarlaga, sem ástæða þykir til, að í lögum haldist.

Um 20. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 100/1961 um breytingu á 21. gr. skráningarlaganna eru hér tekin upp, að undanteknum fyrirmælum um gjöld fyrir eftirlitsbækur og fyrir mælingu skipa. Heimild til að setja reglur um gjöld fyrir mælingu eru nú í 17. gr. laga nr. 23/1950.

Um 21.—24. gr.

Refsiákvæði þessara greina koma í stað refsifyrirmælanna í 22., 23. og 25. gr. skráningarlaganna. Ekki þykir ástæða til, að upphæð sekta sé tengd stærð skips, eins og gert er í lögunum.

Um 25. gr.

Hér eru tekin upp ákvæði úr 24. og 26. gr. skráningarlaganna með viðeigandi breytingum.

Um 26. gr.

Að því er snertir ákvæði 1. mgr., þá þykir sjálfsagt, að nýmæli og breytingar samkvæmt frv. þessu raski ekki skráningarréttindum þegar skráðra skipa.

Frv. þessu er ekki ætlað að fara neitt inn á það svið, sem markað er með lögum nr. 33/1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi. Ef nauðsyn ber til að breyta ákvæðum þeirra, er eðlilegast, að það verði gert með heildarendurskoðun laganna.

Um 27. gr.

Viðvíkjandi 2. og 3. tölul., sjá umsögn um 13. gr. frv.

Ed. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um sameiningu sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga stuðla að eflingu sveitarfélaganna með því að koma á sameiningu tveggja eða fleiri sveitarfélaga í eitt sveitarfélag, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Félagsmálaráðuneytið felur sérstökum erindreka að annast framkvæmd laga þessara undir umsjón ráðuneytisins og í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga og hlutaðeigandi sveitarstjórnir.

Hlutverk erindrekans skal vera:

a. að eiga frumkvæði að því, að athuguð verði skilyrði fyrir sameiningu einstakra sveitarfélaga um allt land.
b. að afla upplýsinga eftir föngum um allt það, sem máli skiptir í sambandi við sameiningu sveitarfélaga.
c. að vera samstarfsnefndum, sbr. 3. gr., til ráðuneytis og aðstoðar við störf þeirra.
d. að annast fyrirgreiðslu við stjórnvöld um þau mál, sem varða sameininguna.
e. að vera sveitarstjórnum til aðstoðar við ákvörðun þeirra atvika, sem um ræðir í 5. gr.

Erindrekinn skal gera skýrslu um störf sín ársfjórðungslega, sem hann lætur ráðuneytinu og Sambandi íslenzkra sveitarfélaga í té.

3. gr.

Þegar tvær eða fleiri sveitarstjórnir hafa ákveðið að rannsaka möguleika á sameiningu, skulu þær kjósa samstarfsnefnd til þess að annast rannsóknina. Sæti í samstarfsnefnd eiga fulltrúar, sem hver sveitarstjórn kýs, sem hlut á að máli. Nefndin kýs formann úr sínum hópi, en heimilt er að fela erindreka formennsku nefndarinnar.

Samstarfsnefndir skulu haga störfum sínum í samráði við erindreka, sbr. 2. gr. Hann getur kvatt þær saman til funda og leitað umsagnar þeirra og álits um atriði, sem hann telur máli skipta um framgang sameiningar.

Samstarfsnefndir geta falið erindreka stjórn funda og framkvæmd ályktana, sem þær hafa samþykkt.

Að lokinni rannsókn þessari skal samstarfsnefnd skila áliti til hlutaðeigandi sveitarstjórna.

4. gr.

Erindreki getur af sjálfsdáðum gert tillögu um sameiningu tilgreindra sveitarfélaga, og er þá sveitarstjórnum þeim, sem hlut eiga að máli, skylt að kjósa samstarfsnefndir, sbr. 3. gr., og fela þeim að rannsaka möguleika á sameiningunni.

Ákvæði 3. gr. gilda um slíkar nefndir.

5. gr.

Þegar samstarfsnefnd hefur skilað áliti sínu um sameiningu, skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveða, hvort og hvernig sameiningin skuli vera. Hafa skal tvær umræður í sveitarstjórn um málið samkvæmt 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.

Nú verður ágreiningur innan sveitarstjórnar um afgreiðslu málsins, og er þá sveitarstjórn heimilt að láta fara fram atkvæðagreiðslu innan sveitarfélagsins um sameininguna. Sveitarstjórn ákveður, hvenær atkvæðagreiðsla skuli fara fram. Erindreka er og heimilt að ákveða, að fram skuli fara atkvæðagreiðsla um sameiningu í sveitarfélagi, ef sveitarstjórn þess hefur fellt ályktun um sameiningu og ákveður hann þá jafnframt, hvenær atkvæðagreiðsla skuli fara fram. Sveitarstjórn lætur gera atkvæðaseðil til afnota við atkvæðagreiðsluna í samráði við erindreka. Um atkvæðagreiðslur, samkvæmt þessari málsgrein, fer eftir því, sem við getur átt, samkvæmt lögum nr. 5 frá 1962, um sveitarstjórnarkosningar. Ef meiri hluti atkvæðisbærra íbúa sveitarfélags hefur synjað sameiningu við slíka atkvæðagreiðslu, verður það sveitarfélag ekki sameinað öðrum sveitarfélögum að svo stöddu.

Hafi sameiningin hlotið samþykki, annaðhvort með eða án atkvæðagreiðslu, skulu sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, ákveða um gildistöku sameiningar, fjárhagsmálefni sveitarfélaganna og önnur atriði, sem um ræðir í 9. gr. laga þessara.

Ályktanir samkvæmt grein þessari skulu sendar erindreka til frekari fyrirgreiðslu.

6. gr.

Þegar erindreka hafa borizt ályktanir sveitarstjórna, sbr. 5. gr., skal hann leita álits hlutaðeigandi sýslunefnda eða sýslumanna fyrir þeirra hönd um málið. Rétt er erindreka að ákveða hæfilegan frest til þess að skila áliti.

Að fenginni álitsgerð, sbr. 1. mgr., sendir erindreki málið til ráðuneytisins með tillögum sínum.

7. gr.

Þegar félagsmálaráðuneytinu hafa borizt samþykktir sveitarstjórna um sameiningu, sbr. 5. gr., ásamt álitsgerðum og tillögum, sbr. 6. gr, getur það ákveðið, að sameining skuli fram fara.

Ráðuneytinu er heimilt að skipta hreppi, ef slík skipting telst nauðsynleg, til þess að sameining á hluta eða hlutum úr hreppnum við nágrannasveitarfélag eða nágrannasveitarfélög geti orðið með þeim hætti, að hinn nýi hreppur eða hreppar fái eðlileg hreppamörk frá staðháttalegu sjónarmiði. Slík hreppsskipting getur þó ekki farið fram, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd samþykki hana. Leita skal umsagnar sýslunefndar um skiptinguna, áður en hún verður framkvæmd.

Samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess að sameina sveitarfélög, eða hluta af sveitarfélögum, sem eru sitt í hvoru lögsagnarumdæmi.

Félagsmálaráðuneytið hlutast til um, að samþykktir og reglugerðir, sem gilda í þeim sveitarfélögum, sem sameina skal, verði endurskoðaðar og samræmdar og út gefnar nýjar samþykktir og reglugerðir, sem gilda í hinu nýja sveitarfélagi.

8. gr.

Þegar ráðuneytið hefur staðfest sameiningu sveitarfélaga samkvæmt 7. gr., skal það gefa út tilkynningu um sameininguna, sem birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Þar skal greint frá nafni hins nýja sveitarfélags, hvaða sveitarfélög hafi verið sameinuð, frá hvaða tíma sameiningin gangi í gildi, tölu sveitarstjórnarmanna svo og, hvort kosning samkvæmt 9. gr. skuli fram fara og hvenær.

9. gr.

Þegar tvö eða fleiri sveitarfélög hafa verið sameinuð í eitt, getur ráðherra ákveðið, að sveitarstjórnarmenn verði fleiri í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags en ráð er fyrir gert um tölu sveitarstjórnarmanna í 13. og 14. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961, ef þess er óskað af sveitarstjórnum þeirra sveitarfélaga, sem sameinuð eru. Samkvæmt ósk sömu aðila getur ráðherra og ákveðið, að kosningar skuli fara fram til hinnar nýju sveitarstjórnar þegar við sameiningu svo og kjördag slíkra aukakosninga. Kjörtími er þá til næstu almennra sveitarstjórnakosninga.

10. gr.

Hreppsnefndir, sem skipaðar eru níu hreppsnefndarmönnum eða fleirum, geta ákveðið að setja fastar nefndir til að fara með einstök hreppsmál og hreppsráð, er hafi með höndum framkvæmd tiltekinna málefna hreppsins ásamt sveitarstjóra. Um slíkar nefndir og hreppsráð gilda ákvæði 36.—37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961, eftir því, sem við á.

Heimilt er hreppsnefndum, sbr. 1. mgr., að setja samþykktir um stjórn hreppsmála, sbr. 38. gr. laga nr. 58/1961, og gilda þá ákvæði þeirrar greinar eftir því, sem við á.

11. gr.

Ráðuneytið getur ákveðið, að Jöfnunarsjóður veiti fjárhagslega aðstoð til þess að greiða fyrir sameiningu hreppa umfram þá aðstoð vegna skuldabyrða, sem heimiluð er í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 51/1964, þegar sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, eiga við óvenjulega erfiðleika að stríða vegna framfærsluþunga eða annarra hliðstæðra verkefna.

12. gr.

Þegar hreppar, sem eru í dreifbýli, verða sameinaðir kaupstað eða kauptúni, er sveitarstjórn hinna sameinuðu sveitarfélaga heimilt að ákveða um tiltekinn tíma, þó ekki lengur en 10 ár frá sameiningu:

1. að innheimta skuli fasteignaskatt, sbr. 5. gr. laga nr. 51/1964 með allt að 400% álagi. Ákvæði þetta gildir þó ekki um bújarðir með tilheyrandi jarðarhúsum.
2. að útsvör, sem lögð eru á gjaldendur, sem eiga lögheimili á bújörðum og hafa meirihluta tekna sinna af landbúnaðarstörfum þar, verði lægri en annarra gjaldenda, þannig að frávik frá útsvarsstiga verði hagstæðara fyrir þá.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að sameina hrepp nágrannasveitarfélagi samkvæmt tillögu erindreka, án þess að fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna og sýslunefnda, ef íbúatala hreppsins hefur síðastliðin þrjú ár verið lægri en 50.

Til þess að koma í veg fyrir, að sveitarfélag, sem til verður samkvæmt 1. mgr. greinar þessarar, búi við óeðlilega mikla fjárhagsbyrði vegna sameiningarinnar, getur ráðherra veitt sveitarfélaginu árlegan styrk úr Jöfnunarsjóði í allt að fimm ár.

Birta skal tilkynningu um sameiningu samkvæmt grein þessari á sama hátt og fyrir er mælt í 8. gr.

14. gr.

Kostnaður, sem leiðir af framkvæmd laga þessara, greiðist sem hér segir:

a. Laun og kostnaður vegna starfa erindreka greiðist úr ríkissjóði.
b. Kostnaður við störf samstarfsnefnda greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Samstarfsnefndir þær, sem eru starfandi, skulu starfa áfram eftir gildistöku laga þessara, þar til að þær hafa lokið störfum, eða hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa kosið nýjar samstarfsnefndir, samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi Eggerts G. Þorsteinssonar, félagsmálaráðherra, dags. 27. maí 1966, var skipuð níu manna nefnd til þess að endurskoða skiptingu landsins í sveitarfélög með það fyrir augum að sameina sveitarfélögin, einkum hin smærri þeirra, og stækka þau þannig. Jafnframt skyldi nefndin athuga, hvort ekki væri rétt að breyta sýsluskipaninni með það fyrir augum að taka upp stærri lögbundin sambönd sveitarfélaga en sýslufélögin eru nú. Nefndin skyldi skila tillögum sínum í frumvarpsformi eigi síðar en á árinu 1968.

Formaður nefndarinnar er Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, skipaður án tilnefningar. Samkvæmt tilnefningu Sambands íslenzkra sveitarfélaga eiga þessir þrír menn sæti í nefndinni: Jónas Guðmundsson, fyrrv. form. sambandsins, Páll Líndal, formaður sambandsins og Jón Eiríksson, oddviti í Skeiðahreppi. Samkvæmt tilnefningu Dómarafélags Íslands var Ásgeir Pétursson, sýslumaður í Borgarnesi skipaður í nefndina. Loks voru svo eftirtaldir fjórir menn skipaðir í nefndina eftir tillögum þingflokka: Af hálfu Alþýðubandalagsins Bjarni Þórðarson, bæjarstjóri í Neskaupstað, af hálfu Alþýðuflokksins Unnar Stefánsson, viðskiptafræðingur, af hálfu Framsóknarflokksins Daníel Ágústínusson, fyrrverandi bæjarstjóri á Akranesi og af hálfu Sjálfstæðisflokksins Jón Árnason, alþingismaður, Akranesi.

Nefndarskipun þessi var gerð samkvæmt áskorun fulltrúaráðsfundar Sambands íslenzkra sveitarfélaga 1966.

Um störf nefndarinnar vísast til skýrslu, sem út var gefin í apríl 1967 og framhaldsskýrslu, sem hvorar tveggja fylgja þessu frumvarpi.

Verkefni nefndarinnar má aðgreina í tvö málefni, sem að áliti nefndarinnar eru þó mjög tengd hvort öðru. Annars vegar er um að ræða sameiningu sveitarfélaga, en hins vegar breytta sýsluskipan. Störf nefndarinnar hafa einkum lotið að hinu fyrrnefnda. Nefndin er þeirrar skoðunar, að breytingar á sýsluskiptingunni velti að miklu á því, hver árangur geti náðst við stækkun sveitarfélaganna. Til þess að unnt verði að koma á stærri yfirumdæmum en sýslurnar eru, virðist augljóst, að þau verði að taka til hreppa og kaupstaða. Þó að hreppar og kaupstaðir hafi sameiginlega heitið „sveitarfélög", er verulegur munur á valdsviði hreppa og kaupstaða. Stór sjálfsstjórnarumdæmi, t. d. eins og núverandi kjördæmi, í stað sýslna, ná bæði yfir hreppa og kaupstaði. Stjórn slíkra stórra umdæma yrði kosin af sveitarfélögum í umdæminu, t. d. með svipuðum hætti og sýslunefndir eru nú kosnar. Að vísu mætti hugsa sér misjafna fulltrúatölu eftir fólksfjölda sveitarfélaganna. Því aðeins getur skapazt alveg sameiginlegur vettvangur til úrlausnar málefna í stjórnum stórra umdæma (fylkja), að valdsvið sveitarfélaganna, sem að fylkinu standa, sé eins hjá öllum, m. ö. o. valdsvið hreppa og kaupstaða verður að vera hið sama. Þetta virðist hins vegar ekki geta orðið, nema gjörð hafi verið róttæk breyting á skiptingu landsins í sveitarfélög, þannig að hreppunum verði fækkað mjög og þeir stækkaðir með sameiningu fleiri hreppa í einn hrepp. Þá ætti að vera fært að auka valdsvið hreppanna til jafns við valdsvið kaupstaða. Meðan tilraunir til þess að koma á sameiningu sveitarfélaga með frjálsu samkomulagi á milli fulltrúa sveitarfélaga bera ekki árangur, þykir nefndinni ekki tímabært að gera tillögur um breytta sýsluskipan.

Í þessu sambandi má þó geta þess, að stofnað hefur verið til sambands sveitarfélaga og sýslunefnda í landshlutum, á Austurlandi, í Reykjaneskjördæmi og víðar. Má segja, að þar sé um að ræða vísi að stærri umdæmum en sýslur eru. Þessi við-

leitni ber þess vott, að með þjóðinni leynist vilji til fylkja- eða þingamyndunar og vitund um, að slík skipan getur átt mikilvægu hlutverki að gegna á sínum tíma.

Sameiningarnefndin hefur kannað möguleika á frjálsri sameiningu samkvæmt starfsreglum, sem nefndin setti sér á fundi hinn 20. október 1966. Fyrsta verkefnið var að gera sér grein fyrir möguleikum á sameiningu hreppa í hverri sýslu.

Eftir að starfsmaður nefndarinnar og hlutaðeigandi sýslumaður hafa komið sér saman um að athuga sameiningu tiltekinna sveitarfélaga, hefur verið boðaður fundur með sveitarstjórnum þeirra sveitarfélaga. Þar hefur hugmyndin um hið nýja sveitarfélag verið kynnt og rædd og síðan borin undir atkvæði tillaga um, að sveitarstjórnirnar létu fram fara athugun á sameiningu hlutaðeigandi sveitarfélaga í eitt. Á öllum þessum fundum hafa tillögur um slíka athugun á sameiningu hlotið samþykki. Jafnframt er ákveðið, að hver sveitarstjórn, sem aðild á að slíkum fundi, kjósi fulltrúa í viðræðunefnd til að annast athugun á sameiningunni.

Samstarfsnefndir þessar hafa lítið starfað fram að þessu. Kann það að þykja vottur um takmarkaðan áhuga sveitarstjórna fyrir framgangi málsins og að þessi leið gefi ekki vonir um skjótan árangur.

Með samþykkt tillögu um slíka athugun á sameiningu og tilnefningu fulltrúa í samstarfsnefndir hafa sveitarstjórnir þó í raun fallizt á, að sameining hlutaðeigandi sveitarstjórna geti komið til greina. Jafnframt felst í samþykki um athugun á sameiningu viðurkenning á því, að mörk hins nýja sveitarstjórnarumdæmis séu eðlileg, ef um sameiningu yrði að ræða á annað borð. Í framhaldsskýrslu nefndarinnar er skrá um þau sveitarfélög, þar sem slíkum samstarfsnefndum hefur þegar verið komið á fót eða fyrirhugað er að koma á fót, en fundir hafi enn ekki verið haldnir með öllum þessum sveitarstjórnum.

Skráin sýnir þá mynd af hugsanlegri nýskipan sveitarstjórnarumdæma í landinu, sem mótazt hefur í störfum nefndarinnar fram að þessu með nánu samstarfi við hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Í nokkrum tilvikum er þó um að ræða breytingu, sem núverandi hreppsnefndum myndi þykja of róttækt að gera fyrst um sinn að óbreyttum aðstæðum. Ef til vill mætti í þeim tilvikum hugsa sér sameiningu færri sveitarfélaga innan svæðis sem áfanga að því marki, sem stefnt er að.

Ef skipan þessi hlyti samþykki, myndi sveitarfélögum á landinu fækka úr 227, sem þau eru nú, í 66. Nefndin telur, að þróun í þessa átt væri til mikilla bóta. Lögfesting slíkrar skiptingar er viðkvæmt stjórnmál, sem ríkisstjórn og Alþingi verða að meta, hvort rétt sé að framkvæma. Nefndin telur því ekki rétt að leggja til, að slík lögfesting fari fram. Þó að lítill árangur sé enn sýnilegur af tilraunum nefndarinnar til þess að koma á sameiningu með frjálsu samkomulagi, telur nefndin þó enn ekki fullreynt um, að árangur náist með þeim hætti. Litlar líkur eru þó til þess, nema málinu sé fylgt eftir með festu af hálfu ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenzkra sveitarfélaga.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, eru ýmis ákvæði, sem greitt gætu fyrir sameiningu sveitarfélaga, ef að lögum yrði. Enn fremur eru ákvæði um það, hvernig með skuli fara, ef til sameiningur kemur, samkvæmt frumvarpinu. Þá er gert ráð fyrir erindreka til þess að fylgja málinu eftir, sem kostaður yrði af ríkissjóði.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að haldið verði áfram athugunum á möguleikum til að sameina sveitarfélög með frjálsu samkomulagi á milli sveitarstjórna. Hins vegar er ekki að vænta árangurs, nema ríkisvaldið haldi málinu vakandi og eigi frumkvæði að nauðsynlegri athugun. Lagt er til, að íhlutun ríkisvaldsins um þessi efni verði gerð í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga.

Um 2. gr.

Starfsmaður sameiningarnefndar hefur þegar lagt grundvöll að því starfi, sem lagt er til, að erindrekinn annist, samkvæmt þessari grein. Hér er um svo mikið verkefni að ræða, að það verður ekki unnið til hlítar sem aukastarf. Það er því lagt til, að framkvæmd málsins verði falin erindreka. Reynslan hefur þegar sýnt, að lítið verður um störf hjá samstarfsnefndum, sem kosnar eru, ef ekki kemur til hvatning og ráð frá aðila, sem hæfur er til að veita slíka þjónustu.

Hins vegar leiðir það af tilgangi þessa lagafrumvarps, sem stefnir að frjálsu samkomulagi sveitarstjórna um sameiningu, að starf erindreka verður tímabundið. Eftir tveggja til þriggja ára starf verður ljóst, hvort árangur næst eða að hve miklu leyti megi vænta árangurs, samkvæmt frumvarpinu, ef að lögum verður.

Um 3. gr.

Samstarfsnefndum hefur þegar verið komið á fót á ýmsum stöðum, samkvæmt starfsreglum sameiningarnefndar, sjá bls. 33—34, í fyrri skýrslu um störf sameiningarnefndar sveitarfélaga. Lagt er til, að meginstefnan í þessum starfsreglum verði lögfest. Þar eð sameiningarnefndin og undirnefnd hennar hefur nú lokið störfum, er gert ráð fyrir, að erindrekinn, sbr. 2. gr., hafi afskipti af athugunarstörfunum, svo sem nánar segir í grein þessari. Til þess að greiða fyrir störfum nefndanna, er lagt til, að hann geti af sjálfsdáðum kvatt þær saman til funda, þegar hann telur þess þörf. Einnig er gert ráð fyrir, að samstarfsnefndir geti kosið hann sem formann sinn.

Um 4. gr.

Ákvæðum þessarar greinar er ætlað að tryggja það, að athugun fari fram um land allt, sbr. 2. gr. a. Einstakar sveitarstjórnir, sem mótfallnar eru sameiningu, eiga ekki að standa í vegi fyrir því, að athugun nái fram að ganga. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir, að sveitarfélög verði sameinuð gegn vilja hlutaðeigandi sveitarstjórna, sbr. þó 13. gr., svo að athugun, sem hér er gert ráð fyrir, jafnvel gegn vilja sveitarstjórna, felur ekki í sér skerðingu á löghelguðu sjálfsforræði þeirra.

Um 5. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir heimild til þess að láta fara fram almenna atkvæðagreiðslu í sveitarfélagi um sameiningu. Samkvæmt núgildandi lögum er ekki gert ráð fyrir slíkri atkvæðagreiðslu, áður en sameining fer fram, sbr. 4. og 5. gr. laga nr. 58/1961. Einföld samþykkt sveitarstjórnar, meðmæli eða tillaga sýslunefndar nægir, til þess að sameining nái fram að ganga. Undirnefnd sú, sem starfað hefur á vegum sameiningarnefndar að sameiningu sveitarfélaga, hefur hins vegar orðið þess vör, að ýmsar sveitarstjórnir, sem annars hafa jákvæða afstöðu til sameiningar, hafa talið nauðsynlegt að bera málið undir almenna kjósendur, áður en sameining fari fram. Því er lagt til, að sveitarstjórnum verði heimilað að láta slíka atkvæðagreiðslu fara fram, ef ágreiningur er innan sveitarstjórnar um málið. Einnig er lagt til, að erindreki geti ákveðið, að atkvæðagreiðsla fari fram, ef sveitarstjórn hefur fellt ályktun um sameiningu. Þá eru höfð í huga tilvik, sem eru þannig vaxin, að nokkrar sveitarstjórnir hafa kannað sameiningu og sumar samþykkt hana, en aðrar fellt. Virðist þá eðlilegt, að fá úr því skorið með atkvæðagreiðslu, hvort þær sveitarstjórnir, sem skerast úr leik, hafi meiri hluta almennra kjósenda með sér.

Efnahagur þeirra sveitarfélaga, sem samkomulag er um að sameina, getur verið ólíkur, svo að nauðsynlegt sé að semja um þau efni. Sama gæti átt sér stað um framfærslubyrði. Afréttarlönd, veiðivötn og ýmsar eignir aðrar geta einnig gefið tilefni til ýmissa samninga. Um öll slík atriði verður að ákveða, áður en gengið verður formlega frá sameiningu. Gert er ráð fyrir, að erindrekinn verði sveitarstjórnum til aðstoðar í þessum efnum, sbr. 2. gr. e.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í 3. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir því, að samþykki dómsmálaráðuneytisins þurfi til þess að sameina sveitarfélög, eða hluta af sveitarfélögum, sem eru sitt í hvoru lögsagnarumdæmi. Tæplega er rétt að gera ráð fyrir því, að einu sveitarfélagi sé skipt á milli tveggja lögsagnarumdæma.

Slík sameining leiddi því til breytinga á lögsagnarumdæmum, sem eðlilegt er, að sé háð samþykki dómsmálaráðuneytisins.

Í síðustu málsgrein er rætt um samþykktir og reglugerðir, sem gilda í einstökum sveitarfélögum. Þegar sveitarfélög eru sameinuð, þarf að samræma þessi ákvæði, svo að þau hæfi hinu nýja sveitarfélagi. Lagt er til, að ráðuneytið hlutist til um, að slík samræming fari fram.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9.—12. gr.

Í greinum þessum eru nokkur ákvæði, sem ætlað er að greiða fyrir samkomulagi um sameiningu. Er því reynt að skýra ákvæði þessi í einu lagi.

Í 9. gr. er lagt til, að heimilt sé að fjölga sveitarstjórnarmönnum umfram það, sem sveitarstjórnarlög ákveða, þegar um er að ræða sameiningu tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Það má búast við því, að fjölgun sveitarstjórnarmanna í 9, 11 eða 13 eftir atvikum, geti skipt máli um það, hvort samkomulag næst um sameiningu eða ekki. Kjörtími sveitarstjórna er fjögur ár. Í flestum tilfellum getur sameining ekki orðið endanleg, fyrr en kosið hefur verið í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags. Það er því lagt til, að ákveða megi aukakosningar, þegar samkomulag hefur náðst um sameiningu. Að öðrum kosti getur sameining dregizt allt að þrem til fjórum árum.

Í 10. gr. er gert ráð fyrir, að koma megi á fót nefndum og hreppsráði með líkum hætti og tíðkast í kaupstöðum, þegar sameining sveitarfélaga hefur farið fram. Sem dæmi um nauðsyn slíkrar skipunar mætti nefna það, ef Austur-Skaftafellssýsla yrði sameinuð í einn hrepp. Þetta er raunar einnig dæmi um þörf fleiri sveitarstjórnarmanna en lög gera ráð fyrir.

Í 11. gr. er lagt til, að rýmkuð verði heimild gildandi laga um aðstoð Jöfnunarsjóðs til þess að greiða fyrir sameiningu. Þegar um er að ræða sameiningu fámennra hreppa, eins og flestir hreppanna eru nú, gæti tiltölulega lítil fjárhagsaðstoð um ákveðið árabil skipt mjög miklu máli til þess að koma á sameiningu.

Hér kæmi til greina kostnaður við framfærslu, fjallskil, refaeyðingu o. fl., sem gæti verið misjafn í hlutaðeigandi sveitarfélögum.

Með ákvæðum 12. gr. er leitazt við að finna lausn á þeim vanda, sem fyrir hendi er um sameiningu, þegar þéttbýli og dreifbýli eiga hlut að máli. Möguleikar sveitarstjórna á að veita þegnum sveitarfélags margvíslega þjónustu eru miklu meiri í þéttbýli en í dreifbýli. Þessi staðreynd á áreiðanlega drjúgan þátt í þeirri þróun, sem átt hefur sér stað í þá átt að skipta hreppum. Í grein þessari er lagt til, að heimilt verði að ákveða fasteignaskatt og útsvör hærri í þéttbýli. Með því móti má koma í veg fyrir það, að sameining valdi því, að betri þjónusta við íbúa þéttbýlisins verði framkvæmd á kostnað þeirra, sem í dreifbýli búa. Sumir telja, að dreifbýli og þéttbýli eigi ekki saman í einu sveitarfélagi. En þetta er vafasamt. Það virðist þvert á móti vera eðlilegt, að þéttbýliskjarni, sem innir af hendi margvíslega þjónustu fyrir dreifbýlið, verði innan þess sveitarfélags, sem hann byggir afkomu sína á. Þegar betur er að gáð, verða hagsmunir slíkra tveggja hópa ekki aðskildir án óhagræðis fyrir báða aðila. Eins og fyrr segir, verða þjónustustörf slíkra sveitarfélaga meiri fyrir íbúa þéttbýliskjarnans en þeirra, sem búa í dreifbýlinu, en þann mismun má jafna með því að nota þær heimildir, sem felast í frumvarpsgreininni.

Um 13. gr.

Með grein þessari er vikið frá meginstefnu frumvarpsins. Lagt er til, að ráðherra fái heimild til þess að sameina hrepp nágrannahreppi eða kaupstað gegn vilja hlutaðeigandi sveitarstjórna, ef íbúar hreppsins hafa verið færri en 50 síðastliðin þrjú ár. Ef sameiningin hefur í för með sér aukna fjárhagsbyrði fyrir það sveitarfélag, sem tekur við hreppnum, að dómi erindreka, er heimilt að veita árlegan styrk úr Jöfnunarsjóði í allt að fimm ár til þess að jafna þann halla. Það er nauðsynlegt að ákveða eitthvert lágmark íbúafjölda, sem skilyrði fyrir því, að sveitarfélag geti starfað samkvæmt tilgangi sínum. Hér er þó lagt til, að varlega verði farið, þar eð krafa um 50 íbúa er vitanlega langt fyrir neðan eðlilega íbúatölu hrepps.

Samkvæmt skýrslu Hagstofu Íslands um mannfjöldann í landinu 1. des. 1967 voru aðeins 10 hreppar í landinu með færri en 50 íbúa.

1.	Klofningshreppur	með 35	íbúa
2.	Múlahreppur, A-Barð.	— 36	—
3.	Ketildalahreppur, V-Barð.	— 35	—
4.	Auðkúluhreppur, V-Ís.	— 44	—
5.	Snæfjallahreppur, N-Ís.	— 45	—
6.	Flateyjarhreppur, S-Þing.	— 41	—
7.	Fjallahreppur, N-Þing.	— 29	—
8.	Loðmundarfjarðarhreppur, N.-Múl.	— 2	—
9.	Seyðisfjarðarhreppur, N-Múl.	— 44	—
10.	Selvogshreppur, Árness.	— 28	—

Um 14. gr.

Kostnaður við framkvæmd þessara laga ætti ekki að þurfa að vaxa neinum í augum. Lagt er til, að kostnaður við starf erindrekans verði greiddur úr ríkissjóði og að kostnaði við störf samstarfsnefnda greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum.

Um ákvæði til bráðabirgða:

Nú hafa þegar verið settar á fót samstarfsnefndir í landinu. Lagt er til, að þær nefndir haldi áfram störfum sínum, þó að frumvarp þetta verði að lögum, þangað til þær hafa lokið störfum eða nýjar nefndir hafa verið kosnar í þeirra stað.

Eins og áður er fram komið, var frumvarp þetta samþykkt á seinasta fundi sameiningarnefndarinnar 22. október 1968.

Jónas Guðmundsson, fyrrverandi formaður Sambands íslenzkra sveitarfélaga, óskaði, að fram kæmi í skýrslu nefndarinnar, að hún teldi, að miklu nánari athugun þyrfti að fara fram á breyttri sýsluskipun. Taldi hann þessum síðari þætti í störfum nefndarinnar hafa verið gerð svo lítil skil fram að þessu, að full ástæða væri til að framlengja störf nefndarinnar, einkum að því er snerti endurskoðun á yfirstjórn sveitarmálefna. Taldi hann vel koma til álita að leggja sýslurnar niður í núverandi mynd, en gera kjördæmin að héraðsstjórnarumdæmum. Þannig myndaðist sterkt héraðsstjórnarvald í einstökum landshlutum, sem gæti leyst af hólmi sýslur og skapað grundvöll að endurskoðaðri skipan sveitarfélaga innan hvers kjördæmis.

Ed. **8. Frumvarp til laga** [8. mál]

um stækkun lögsagnarumdæmis Seyðisfjarðarkaupstaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Loðmundarfjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu skal lagður undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Seyðisfjarðarkaupstaðar.

2. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar skal sjá um, að fjallskil verði framkvæmd á eyðilöndum í Loðmundarfirði. Kostnaður við þau skiptist þannig, að eigendur eyðijarða bera ¼, sveitarfélög þau, er fjárvon eiga í löndum þessum, sameiginlega ½ og ríkið ¼. Kostnaður eyðijarðaeigenda skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við landverð eyðijarðanna samkvæmt gildandi fasteignamati. Sá hluti fjallskilakostnaðarins, sem kemur í hlut sveitarfélaganna samkvæmt grein þessari, skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þess fjár, sem kemur af fjalli og tilheyrir íbúum hvers þeirra fyrir sig.

Verði ágreiningur um fjallskilakostnað skal Búnaðarfélag Íslands úrskurða kostnaðarreikningana.

3. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar skal sjá um grenjaleitir í Loðmundarfirði samkvæmt lögum nr. 52 5. júní 1957.

Kostnaður kaupstaðarins af þessum sökum endurgreiðist næstu fimm árin úr ríkissjóði, enda verði framkvæmd grenjaleitar hagað í samráði við veiðistjóra ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðustu árin hefur byggð að kalla lagzt af í Loðmundarfjarðarhreppi, því að þar hefur aðeins dvalizt einn maður, bóndinn að Sævarenda.

Á aukafundi sýslunefndar Norður-Múlasýslu, sem haldinn var 3. júlí 1969, var því samþykkt með samhljóða atkvæðum svofelld ályktun:

„Með því að Loðmundarfjarðarhreppur er nú orðinn allt of fámennur til að geta rækt þær skyldur við íbúa sína, sem sveitarfélagi ber að rækja, mælist sýslunefnd Norður-Múlasýslu til þess við félagsmálaráðuneytið, að gerðar verði ráðstafanir til að sameina hreppinn öðru sveitarfélagi".

Hinn 11. ágúst 1969 samþykkti bæjarstjórn svo hljóðandi ályktun með samhljóða atkvæðum:

„Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar samþykkir fyrir sitt leyti, að Loðmundarfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður verði sameinaðir í eitt sveitarfélag, er beri nafn Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Það er skilyrði bæjarstjórnar fyrir sameiningunni, að ríkissjóður greiði kostnað við fjallskil og grenjaleit í Loðmundarfirði, a. m. k. næstu 5 ár".

Samkvæmt þessum ályktunum sýslunefndar Norður-Múlasýslu og bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar er með frumvarpi þessu lagt til, að Loðmundarfjarðarhreppur verði sameinaður Seyðisfjarðarkaupstað.

Í 2. gr. frumvarpsins eru ákvæði um fjallskil, sem ætlað er að tryggja það, að Seyðisfjarðarkaupstaður verði ekki fyrir fjárhagsbyrðum vegna þeirra. Ákvæðin um skiptingu kostnaðar eru sniðin eftir ákvæðum 38. gr. laga nr. 42 12. maí 1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl. Hér er þó lagt til, að fjallskilakostnaður, sem

leggst á eigendur eyðilanda, verði aðeins fjórðungur, en ekki helmingur, eins og fyrir er mælt í lögum nr. 42/1969. Er þetta gert með tilliti til þess, að ætla má, að nytjar eigenda eyðijarðanna séu hverfandi litlar. Virðist því sanngjarnara að auka hlutdeild þeirra, sem njóta sumarbeitar á eyðijörðunum, og er því lagt til, að þeir beri sameiginlega helming fjallskilakostnaðar, en ekki fjórðung, eins og lög nr. 42/1969 ákveða. Hlutdeild ríkisins er hins vegar hin sama og téð lög ákveða. Með þessari breytingu verður minni þörf á að beita ákvæði 2. mgr. 44. gr. laga nr. 42/1969 en ella væri, en þessi ákvæði kynnu að hafa í för með sér nokkurt málaþras, ef beitt væri. Þá eru í 2. gr. frumvarpsins ákvæði um skiptingu kostnaðar á milli eigenda eyðijarðanna svo og um skiptingu þess hluta kostnaðarins, sem kemur í hlut hreppa þeirra, sem fjárvon eiga í löndum þessum.

Í 3. gr. eru ákvæði um grenjaleitir, sem einnig er ætlað að firra Seyðisfjarðarkaupstað kostnaði vegna þeirra mála um næstu fimm ár. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 52 5. júní 1957, um eyðing refa og minka er verulegur hluti kostnaðarins greiddur úr ríkissjóði. Hér er sem sagt lagt til, að kostnaður við framkvæmd þessara laga verði að fullu greiddur úr ríkissjóði næstu fimm árin.

Nd. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um breyting á lögum nr. 96 22. desember 1965, um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Þeir aðilar, sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða selja raforku beint til notenda frá aðalorkuveitu, skulu greiða í Orkusjóð verðjöfnunargjald, sem verja skal til ráðstafana til bóta á fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

2. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Verðjöfnunargjald samkvæmt 4. gr. skal vera, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar:

Aflgjald: 420.00 kr. fyrir hvert kW.

Orkugjald 2 aurar fyrir hverja kWh.

Fyrir fyrsta dag septembermánaðar ár hvert lætur ráðherra áætla tekjur af verðjöfnunargjaldi næsta almanaksárs. Skal verðjöfnunargjaldið endurskoðað til lækkunar í samræmi við þessa áætlun og við það miðað, að heildartekjur af gjaldinu verði 70 milljónir króna.

Við lækkun verðjöfnunargjalds samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar ákveður ráðherra, hvernig sú lækkun deilist milli aflgjalds og orkugjalds.

3. gr.

Í stað orðanna „50 krónur“ í 2. mgr. 6. gr. laganna komi: 100 krónur.

4. gr.

8. gr. laganna orðist þannig:

Verðjöfnunargjald greiðist mánaðarlega eftir á með gjalddaga 15. hvers mánaðar.

Orkugjald miðast við mælaálestur seljanda og útreikning, sem sendur skal orkumálastjóra strax að álestri loknum.

Aflgjald miðast við áætlun um gjaldskylt afl, sem seljandi eða orkumálastjóri áætla eigi sjaldnar en hálfsárslega fyrir fram. Mismunur á áætluðu og afhentu afli hvers almanaksárs gerist upp eigi síðar en 1. febrúar næsta árs, með gjalddaga 15. sama mánaðar.

Gjaldendum verðjöfnunargjalds er skylt að hafa fullnægjandi mælitæki til að mæla afl og orku til ákvörðunar á gjaldskyldu. Þeim er einnig skylt að veita allar upplýsingar og aðgang að mælitækjum og skjölum, sem þarf til þess að ákveða verðjöfnunargjald.

5. gr.

Á árinu 1969 skal aflgjald samkvæmt 5. gr. reiknast þannig, að greiða skal 167 kr. fyrir hvert kW af helmingi mesta afhents afls almanaksársins og 420 kr. fyrir hvert kW af helmingi aflsins.

6. gr.

Aftan við 11. gr. laganna komi ný grein svo hljóðandi:

Ráðherra sá, er fer með raforkumál, skipar þrjá menn til að eiga sæti í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins, og skal einn þeirra skipaður samkvæmt tillögum Sambands íslenzkra rafveitna. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar. Stjórnin hefur á hendi stjórn Rafmagnsveitna ríkisins undir yfirstjórn ráðherra. Ráðherra ákveður starfshætti og starfskjör stjórnarmanna.

Til þess að skuldbinda Rafmagnsveitur ríkisins þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1969.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 96 22. desember 1965, um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að fjárhagur Rafmagnsveitna ríkisins hafi farið versnandi, og var um síðastliðin áramót skipuð nefnd til að kanna hag þeirra og rekstur, og hefur nefndin nú skilað tillögum til úrbóta.

Enda þótt ráðstafanir hafi verið gerðar til að draga úr kostnaði og bæta rekstrarafkomuna, þá vega þær ekki á móti auknum tilkostnaði Rafmagnsveitnanna á síðastliðnu ári, og ber þess vegna brýna nauðsyn til að afla Rafmagnsveitum ríkisins aukinna tekna og hækka verðjöfnunargjald til Rafmagnsveitnanna samkvæmt lögum nr. 96 22. desember 1965.

Þá þykir rétt, að skipuð sé sérstök stjórn, er fari með málefni Rafmagnsveitna ríkisins undir yfirstjórn ráðherra.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Þeir aðilar, sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða selja raforku beint til notenda frá aðalorkuveitu, skulu greiða í Orkusjóð verðjöfnunargjald, sem verja skal til ráðstafana til bóta á fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

2. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Verðjöfnunargjald samkvæmt 4. gr. skal vera, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar:

Aflgjald: 420.00 kr. fyrir hvert kW.

Orkugjald 2 aurar fyrir hverja kWh.

Fyrir fyrsta dag septembermánaðar ár hvert lætur ráðherra áætla tekjur af verðjöfnunargjaldi næsta almanaksárs. Skal verðjöfnunargjaldið endurskoðað til lækkunar í samræmi við þessa áætlun og við það miðað, að heildartekjur af gjaldinu verði 70 milljónir króna.

Við lækkun verðjöfnunargjalds samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar ákveður ráðherra, hvernig sú lækkun deilist milli aflgjalds og orkugjalds.

3. gr.

Í stað orðanna „50 krónur“ í 2. mgr. 6. gr. laganna komi: 100 krónur.

4. gr.

8. gr. laganna orðist þannig:

Verðjöfnunargjald greiðist mánaðarlega eftir á með gjalddaga 15. hvers mánaðar.

Orkugjald miðast við mælaálestur seljanda og útreikning, sem sendur skal orkumálastjóra strax að álestri loknum.

Aflgjald miðast við áætlun um gjaldskylt afl, sem seljandi eða orkumálastjóri áætla eigi sjaldnar en hálfsárslega fyrir fram. Mismunur á áætluðu og afhentu afli hvers almanaksárs gerist upp eigi síðar en 1. febrúar næsta árs, með gjalddaga 15. sama mánaðar.

Gjaldendum verðjöfnunargjalds er skylt að hafa fullnægjandi mælitæki til að mæla afl og orku til ákvörðunar á gjaldskyldu. Þeim er einnig skylt að veita allar upplýsingar og aðgang að mælitækjum og skjölum, sem þarf til þess að ákveða verðjöfnunargjald.

5. gr.

Á árinu 1969 skal aflgjald samkvæmt 5. gr. reiknast þannig að greiða skal 167 kr. fyrir hvert kW af helmingi mesta afhents afls almanaksársins og 420 kr. fyrir hvert kW af helmingi aflsins.

6. gr.

Aftan við 11. gr. laganna komi ný grein svo hljóðandi:

Ráðherra sá, er fer með raforkumál skipar þrjá menn til að eiga sæti í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins og skal einn þeirra skipaður samkvæmt tillögum Sambands íslenzkra rafveitna. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar. Stjórnin hefur á hendi stjórn Rafmagnsveitna ríkisins undir yfirstjórn ráðherra. Ráðherra ákveður starfshætti og starfskjör stjórnarmanna.

Til þess að skuldbinda Rafmagnsveitur ríkisins þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1969.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

Ed. **10. Frumvarp til laga** [10. mál]

um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Flutningasjóður síldveiða. Sjávarútvegsmálaráðherra setur reglugerð um stjórn og rekstur sjóðsins, og skal kostnaður af stjórn og rekstri hans greiðast af fé sjóðsins.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán og endurlána Flutningasjóði eða takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni, sem Flutningasjóður tæki, svo og að veita Flutningasjóði lán úr ríkissjóði, að fjárhæð allt að 30 milljónum króna eða jafnvirði hennar í erlendri mynt, til greiðslu útgjalda samkvæmt lögum þessum. Stjórn Flutningasjóðs annast lántökur þessar fyrir hönd sjóðsins.

2. gr.

Stjórn Flutningasjóðs skal annast flutninga saltaðrar síldar af fjarlægum miðum til íslenzkra hafna sumarið 1969. Er henni heimilt að taka á leigu allt að fimm flutningaskip í þessu skyni og gera aðrar ráðstafanir, er nauðsynlegar teljast til að tryggja flutningana, þ. á m. að ráða nauðsynlegt starfsfólk vegna flutninganna, svo og til að veita söluleyfi á fersksíld í umboði viðskiptamálaráðuneytisins. Í reglugerð, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur skal kveðið nánar á um þessi atriði. Kostnaður af þessum ráðstöfunum skal greiðast úr Flutningasjóði. Enn fremur skal setja í reglugerð ákvæði um sölu og afhendingu á tunnum og salti úr flutningaskipum á miðunum og greiðslur fyrir þær vörur.

Greiða skal úr Flutningasjóði styrki til flutninga á sjósaltaðri og ísvarinni síld samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur. Stjórn Flutningasjóðs skal annast greiðslu flutningastyrkja.

3. gr.

Tekjur Flutningasjóðs er gjald, að fjárhæð kr. 100.00 á tunnu, er greiða skal af útflutningsandvirði hverrar tunnu saltaðrar síldar, sem unnin er úr síld veiddri á Norður-, Norðaustur- og Austurmiðunum á árinu 1969. Sé síldin notuð til niðurlagningar eða flökunar til útflutnings greiðist tilsvarandi gjald. Gjaldið er miðað við heiltunnu. Skal Síldarútvegsnefnd draga gjald þetta frá útflutningsandvirði hverrar útfluttrar tunnu, áður en kemur til greiðslu andvirðisins til síldarsaltenda og greiða það í Flutningasjóð, svo fljótt sem unnt er. Aðrir útflytjendur skulu á sama hátt inna tilsvarandi gjald af hendi í Flutningasjóð. Tekjum Flutningasjóðs samkvæmt þessari grein skal varið til greiðslu útgjalda samkvæmt 1. og 2. gr. og endurgreiðslu lána ásamt vöxtum samkvæmt 1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal, við ákvörðun fersksíldarverðs sumarið 1969, taka fullt tillit til þessa gjalds til Flutningasjóðsins samkvæmt 1. mgr., þannig að helmingur gjaldsins sé borinn uppi af sjómönnum og útvegsmönnum, en hinn helmingurinn af síldarsaltendum.

4. gr.

Nú reynist inneign í Flutningasjóði, eftir að endurgreidd hafa verið lán ásamt vöxtum samkvæmt 1. gr., svo og útgjöld samkvæmt 1. og 2. gr., og skal hún þá geymd á sérstökum reikningi til næsta árs. Inneign þessari skal varið til greiðslu kostnaðar vegna ráðstafana, er gerðar kynnu að verða vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar sumarið 1970, svo sem sjávarútvegsmálaráðherra kveður á um með reglugerð. Verði ekki gerðar slíkar ráðstafanir, skal inneigninni ráðstafað samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Reynist tekjur Flutningasjóðs samkvæmt 3. gr. ekki nægja til endurgreiðslu lána ásamt vöxtum samkvæmt 1. gr., svo og útgjalda samkvæmt 1. og 2. gr., skal sá mismunur (skuld) greiddur af útflutningsandvirði saltsíldarframleiðslunnar úr síld veiddri á Norður-, Norðaustur- og Austurmiðunum á árinu 1970. Síldarútvegsnefnd skal draga mismun þennan (skuld) frá útflutningsandvirðinu og greiða í Flutningasjóð, áður en kemur til greiðslu andvirðisins til síldarsaltenda, en stjórn Flutningasjóðs skal verja fénu til endurgreiðslu á skuldum sem safnazt hafa. Verðlagsráð sjávarútvegsins skal taka fullt tillit til þessa mismunar (skuldar), ef til kemur, við verðákvörðun sumarsíldar til söltunar vorið 1970, og skipta honum til helminga milli útgerðarmanna og sjómanna annars vegar og síldarsaltenda hins vegar.

5. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um framkvæmd söltunar um borð í veiðiskipum, flutninga, losun flutningaskipanna, löndunarstaði o. fl.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1969.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að gera ráðstafanir vegna framleiðslu sjósaltaðrar sumarsíldar á miðunum norðaustur og austur af Íslandi til að koma í veg fyrir rýrnun markaða fyrir saltsíldarframleiðslu landsmanna, svo og til hagsbóta fyrir þá, sem hlut eiga að saltsíldarframleiðslunni á sjó og í landi.

Nefnd, sem skipuð var hinn 2. apríl s. l. til að gera tillögur um hagnýtingu síldar á fjarlægum miðum sumarið 1969, hefur gert tillögur um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum á komandi sumri. Nefndin, sem skipuð var fulltrúum samtaka sjómanna, útvegsmanna, síldarsaltenda, síldar- og fiskimjölsverksmiðja og Síldarútvegsnefndar, stóð einróma að tillögum þessum, eftir að hver fulltrúi hafði ráðfært sig við samtök sín.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Flutningasjóður síldveiða. Sjávarútvegsmálaráðherra setur reglugerð um stjórn og rekstur sjóðsins og skal kostnaður af stjórn og rekstri hans greiðast af fé sjóðsins.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán og endurlána Flutningasjóði eða takast

á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni, sem Flutningasjóður tæki, svo og að veita Flutningasjóði lán úr ríkissjóði, að fjárhæð allt að 30 milljónum króna eða jafnvirði hennar í erlendri mynt, til greiðslu útgjalda samkvæmt lögum þessum. Stjórn Flutningasjóðs annast lántökur þessar fyrir hönd sjóðsins.

2. gr.

Stjórn Flutningasjóðs skal annast flutninga saltaðrar síldar af fjarlægum miðum til íslenzkra hafna sumarið 1969. Er henni heimilt að taka á leigu allt að fimm flutningaskip í þessu skyni og gera aðrar ráðstafanir, er nauðsynlegar teljast til að tryggja flutningana, þ. á m. að ráða nauðsynlegt starfsfólk vegna flutninganna, svo og til að veita söluleyfi á fersksíld í umboði viðskiptamálaráðuneytisins. Í reglugerð, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur, skal kveðið nánar á um þessi atriði. Kostnaður af þessum ráðstöfunum skal greiðast úr Flutningasjóði. Enn fremur skal setja í reglugerð ákvæði um sölu og afhendingu á tunnum og salti úr flutningaskipum á miðunum og greiðslur fyrir þær vörur.

Greiða skal úr Flutningasjóði styrki til flutninga á sjósaltaðri og ísvarinni síld samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur. Stjórn Flutningasjóðs skal annast greiðslu flutningastyrkja.

3. gr.

Tekjur Flutningasjóðs er gjald, að fjárhæð kr. 100.00 á tunnu, er greiða skal af útflutningsandvirði hverrar tunnu saltaðrar síldar, sem unnin er úr síld veiddri á Norður-, Norðaustur- og Austurmiðunum á árinu 1969. Sé síldin notuð til niðurlagningar eða flökunar til útflutnings, greiðist tilsvarandi gjald. Gjaldið er miðað við heiltunnu. Skal Síldarútvegsnefnd draga gjald þetta frá útflutningsandvirði hverrar útfluttrar tunnu, áður en kemur til greiðslu andvirðisins til síldarsaltenda og greiða það í Flutningasjóð, svo fljótt sem unnt er. Aðrir útflytjendur skulu á sama hátt inna tilsvarandi gjald af hendi í Flutningasjóð. Tekjum Flutningasjóðs samkvæmt þessari grein skal varið til greiðslu útgjalda samkvæmt 1. og 2. gr. og endurgreiðslu lána ásamt vöxtum samkvæmt 1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal, við ákvörðun fersksíldarverðs sumarið 1969, taka fullt tillit til þessa gjalds til Flutningasjóðsins samkvæmt 1. mgr., þannig að helmingur gjaldsins sé borinn uppi af sjómönnum og útvegsmönnum, en hinn helmingurinn af síldarsaltendum.

4. gr.

Nú reynist inneign í Flutningasjóði, eftir að endurgreidd hafa verið lán ásamt vöxtum samkvæmt 1. gr., svo og útgjöld samkvæmt 1. og 2. gr., og skal hún þá geymd á sérstökum reikningi til næsta árs. Inneign þessari skal varið til greiðslu kostnaðar vegna ráðstafana, er gerðar kynnu að verða vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar sumarið 1970, svo sem sjávarútvegsmálaráðherra kveður á um með reglugerð. Verði ekki gerðar slíkar ráðstafanir, skal inneigninni ráðstafað samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Reynist tekjur Flutningasjóðs samkvæmt 3. gr. ekki nægja til endurgreiðslu lána ásamt vöxtum samkvæmt 1. gr., svo og útgjalda samkvæmt 1. og 2. gr., skal sá mismunur (skuld) greiddur af útflutningsandvirði saltsíldarframleiðslunnar úr síld veiddri á Norður-, Norðaustur- og Austurmiðunum á árinu 1970. Síldarútvegsnefnd skal draga mismun þennan (skuld) frá útflutningsandvirðinu og greiða í Flutningasjóð, áður en kemur til greiðslu andvirðisins til síldarsaltenda, en stjórn Flutningasjóðs skal verja fénu til endurgreiðslu á skuldum sem safnast hafa. Verðlagsráð sjávarútvegsins skal taka fullt tillit til þessa mismunar (skuldar), ef til kemur, við verðákvörðun sumarsíldar til söltunar vorið 1970, og skipta honum til helminga milli útgerðarmanna og sjómanna annars vegar og síldarsaltenda hins vegar.

5. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um framkvæmd söltunar um borð í veiðiskipum, flutninga, losun flutningaskipanna, löndunarstaði o. fl.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 2. júní 1969.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

I. KAFLI
Um skipun prestakalla og prófastsdæma.

1. gr.

Prestaköllum og prófastsdæmum skal skipað þannig:

I. *Norður-Múlaprófastsdæmi:*
1. Skeggjastaðir: Skeggjastaðasókn.
   Prestssetur: Skeggjastaðir.
2. Hof í Vopnafirði: Hofs- og Vopnafjarðarsóknir.
   Prestssetur: Hof.
3. Egilsstaðir: Egilsstaða-, Hofteigs- og Eiríksstaðasóknir.
   Prestssetur: Egilsstaðir.
4. Eiðar: Eiða-, Hjaltastaðar-, Kirkjubæjar- og Sleðbrjótssóknir.
   Prestssetur: Eiðar.
5. Vallanes: Vallaness-, Valþjófsstaðar-, Áss- og Þingmúlasóknir.
   Prestssetur: Vallanes.
6. Desjarmýri: Borgarfjarðar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir.
   Prestssetur: Desjarmýri.
7. Seyðisfjörður: Seyðisfjarðar- og Klyppsstaðasóknir.
   Prestssetur: Seyðisfjörður.

II. *Suður-Múlaprófastsdæmi:*
8. Norðfjörður: Norðfjarðar- og Brekkusóknir.
   Prestssetur: Neskaupstaður.
9. Eskifjörður: Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir.
   Prestssetur: Eskifjörður.
10. Kolfreyjustaður: Kolfreyjustaðar- og Fáskrúðsfjarðarsóknir.
    Prestssetur: Kolfreyjustaður.
11. Heydalir: Heydala- og Stöðvarfjarðarsóknir.
    Prestssetur: Heydalir.
12. Djúpivogur: Djúpavogs-, Beruness-, Berufjarðar- og Hofssóknir.
    Prestssetur: Djúpivogur.

III. *Skaftafellsprófastsdæmi:*
13. Bjarnanes: Bjarnaness-, Stafafells- og Hafnarsóknir.
    Prestssetur: Bjarnanes.

14. Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar-, Brunnhóls- og Hofssóknir.
Prestssetur: Kálfafellsstaður.
15. Klaustur: Prestsbakka- og Kálfafellssóknir.
Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.
16. Ásar: Grafar-, Þykkvabæjar- og Langholtssóknir.
Prestssetur: Ásar.
17. Vík: Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir.
Prestssetur: Vík.

IV. *Rangárvallaprófastsdæmi:*

18. Holt: Eyvindarhóla-, Ásólfsskála- og Stóradalssóknir.
Prestssetur: Holt.
19. Bergþórshvoll: Akureyjar- og Krosssóknir.
Prestssetur: Bergþórshvoll.
20. Breiðabólsstaður: Breiðabólsstaðar- og Hlíðarendasóknir.
Prestssetur: Breiðabólsstaður.
21. Oddi: Odda-, Stórólfshvols- og Keldnasóknir.
Prestssetur: Oddi.
22. Kirkjuhvoll: Kálfholts-, Hábæjar- og Árbæjarsóknir.
Prestssetur: Kirkjuhvoll.
23. Fellsmúli: Skarðs-, Haga- og Marteinstungusóknir.
Prestssetur: Fellsmúli.

V. *Árnesprófastsdæmi:*

24. Hruni: Hruna- og Tungufellssóknir.
Prestssetur: Hruni.
25. Stóri-Núpur: Stóranúps-, Hrepphóla- og Ólafsvallasóknir.
Prestssetur: Skarð.
26. Skálholt: Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðasóknir.
Prestssetur: Skálholt.
27. Mosfell í Grímsnesi: Mosfells-, Stóruborgar-, Búrfells-, Miðdals- og Úlfljótsvatnssóknir.
Prestssetur: Mosfell.
28. Selfoss: Selfoss-, Hraungerðis-, Laugardæla- og Villingaholtssóknir.
Prestssetur: Selfoss.
29. Eyrarbakki: Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir.
Prestssetur: Eyrarbakki.
30. Hveragerði: Hveragerðis-, Kotstrandar-, Hjalla- og Strandarsóknir.
Prestssetur: Hveragerði.

VI. *Kjalarnessprófastsdæmi:*

31. Grindavík: Grindavíkur- og Kirkjuvogssóknir.
Prestssetur: Grindavík.
32. Útskála: Útskála- og Hvalsnesssóknir.
Prestssetur: Útskálar.
33. Keflavík: Keflavíkur-, Ytri-Njarðvíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir.
Prestssetur: Keflavík.
34. Hafnarfjörður: Hafnarfjarðarsókn.
Prestssetur: Hafnarfjörður.
35. Garðar: Garða-, Bessastaða- og Kálfatjarnarsóknir.
Prestssetur: Garðahreppur.
36. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells-, Þingvalla- og Viðeyjarsóknir.
Prestssetur: Mosfell.

37. Reynivellir: Reynivalla-, Saurbæjar- og Brautarholtssóknir.
Prestssetur: Reynivellir.
38.—39. Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn.
Prestssetur: Vestmannaeyjar.

VII. *Borgarfjarðarprófastsdæmi:*

40. Saurbær á Hvalfjarðarströnd: Saurbæjar-, Leirár- og Innrahólmssóknir.
Prestssetur: Saurbær.
41. Akranes: Akranesssókn.
Prestssetur: Akranes.
42. Hvanneyri: Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir.
Prestssetur: Staðarhóll.
43. Reykholt: Reykholts-, Stóraáss-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.
Prestssetur: Reykholt.
44. Stafholt: Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og Norðtungusóknir.
Prestssetur: Stafholt.
45. Borg: Borgar-, Borgarness-, Álftaness-, Álftártungu- og Akrasóknir.
Prestssetur: Borg.

VIII. *Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi:*

46. Söðulsholt: Rauðamels-, Kolbeinsstaða-, Staðarhrauns- og Fáskrúðarbakkasóknir.
Prestssetur: Söðulsholt.
47. Staðastaður: Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir.
Prestssetur: Staðastaður.
48. Ólafsvík: Ólafsvíkur-, Ingjaldshóls- og Brimilsvallasóknir.
Prestssetur: Ólafsvík.
49. Setberg: Setbergssókn.
Prestssetur: Grundarfjörður.
50. Stykkishólmur: Stykkishólms-, Helgafells-, Bjarnarhafnar-, Narfeyrar- og Breiðabólsstaðarsóknir.
Prestssetur: Stykkishólmur.
51. Kvennabrekka: Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns-, Snóksdals- og Hjarðarholtssóknir.
Prestssetur: Kvennabrekka.
52. Hvoll: Staðarhóls-, Skarðs-, Dagverðarness-, Staðarfells- og Hvammssóknir.
Prestssetur: Hvoll í Saurbæ.

IX. *Barðastrandarprófastsdæmi:*

53. Reykhólar: Reykhóla-, Garpsdals-, Gufudals-, Flateyjar- og Múlasóknir.
Prestssetur: Reykhólar.
54. Sauðlauksdalur: Sauðlauksdals-, Saurbæjar-, Brjánslækjar-, Haga- og Breiðuvíkursóknir.
Prestssetur: Sauðlauksdalur.
55. Patreksfjörður: Patreksfjarðar- og Stóra-Laugardalssóknir.
Prestssetur: Patreksfjörður.
56. Bíldudalur: Bíldudals-, Selárdals-, Hrafnseyrar- og Álftamýrarsóknir.
Prestssetur: Bíldudalur.

X. *Ísafjarðarprófastsdæmi:*

57. Þingeyri: Þingeyrar-, Hrauns-, Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir.
Prestssetur: Þingeyri.

58. Holt í Önundarfirði: Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir.
Prestssetur: Holt.
59. Staður: Staðarsókn.
Prestssetur: Staður í Súgandafirði.
60. Bolungarvík: Hólssóknir og Staðarsókn í Grunnavík.
Prestssetur: Bolungarvík.
61. Ísafjörður: Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknir og Eyrarsókn í Seyðisfirði.
Prestssetur: Ísafjörður.
62. Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar-, Nauteyrar-, Unaðsdals- og Ögursóknir.
Prestssetur: Vatnsfjörður.

XI. *Húnavatnsprófastsdæmi:*

63. Hólmavík: Árness-, Kaldrananess-, Drangsness-, Staðar-, Hólmavíkur- og Kollafjarðarnesssóknir.
Prestssetur: Hólmavík.
64. Prestsbakki í Hrútafirði: Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.
Prestssetur: Prestsbakki.
65. Melstaður: Melstaðar-, Hvammstanga-, Staðarbakka- og Efranúpssóknir.
Prestssetur: Melstaður.
66. Breiðabólsstaður: Tjarnar-, Vesturhópshóla-, Breiðabólsstaðar- og Víðidalstungusóknir.
Prestssetur: Breiðabólsstaður í Vesturhópi.
67. Þingeyrarklaustur: Þingeyrar-, Undirfells- og Blönduósssóknir.
Prestssetur: Blönduós.
68. Bólstaðarhlíð: Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Auðkúlu-, Svínavatns- og Holtastaðasóknir.
Prestssetur: Bólstaður.
69. Höfðakaupstaður: Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir.
Prestssetur: Höfðakaupstaður.

XII. *Skagafjarðarprófastsdæmi:*

70. Sauðárkrókur: Sauðárkróks-, Hvamms- og Ketusóknir.
Prestssetur: Sauðárkrókur.
71. Glaumbær: Glaumbæjar-, Víðimýrar- og Reynistaðarsóknir.
Prestssetur: Glaumbær.
72. Mælifell: Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir.
Prestssetur: Mælifell.
73. Miklibær: Miklabæjar-, Silfrastaða-, Flugumýrar- og Hofsstaðasóknir.
Prestssetur: Miklibær.
74. Hólar: Hóla-, Viðvíkur- og Rípursóknir.
Prestssetur: Hólar.
75. Hofsós: Hofsóss-, Hofs-, Fells-, Barðs- og Knappsstaðasóknir.
Prestssetur: Hofsós.

XIII. *Eyjafjarðarprófastsdæmi:*

76. Siglufjörður: Siglufjarðarsókn.
Prestssetur: Siglufjörður.
77. Ólafsfjörður: Ólafsfjarðarsókn.
Prestssetur: Ólafsfjörður.
78. Dalvík: Valla-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir.
Prestssetur: Dalvík.
79. Hrísey: Hríseyjar- og Stærra-Árskógssóknir.
Prestssetur: Hrísey.

80. Möðruvellir í Hörgárdal: Möðruvalla-, Glæsibæjar-, Bakka- og Bægisársóknir.
Prestssetur: Möðruvellir.
81.—82. Akureyri: Akureyrar-, Lögmannshlíðar- og Miðgarðasóknir.
Prestssetur: Akureyri. Annar hvor prestur Akureyrar skal jafnan hafa með höndum þjónustu Miðgarðasóknar í Grímsey.
83. Laugaland: Munkaþverár-, Kaupangs-, Grundar-, Möðruvalla-, Saurbæjar- og Hólasóknir.
Prestssetur: Laugaland.

XIV. *Þingeyjarprófastsdæmi:*

84. Laufás: Laufáss-, Svalbarðs- og Grenivíkursóknir.
Prestssetur: Laufás.
85. Háls: Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasóknir.
Prestssetur: Háls.
86. Staðarfell: Ljósavatns-, Þóroddsstaða- og Lundarbrekkusóknir.
Prestssetur: Staðarfell.
87. Skútustaðir: Skútustaða-, Reykjahlíðar-, Víðihóls- og Möðrudalssóknir.
Prestssetur: Skútustaðir.
88. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarsstaða- og Nessóknir.
Prestssetur: Grenjaðarstaður.
89. Húsavík: Húsavíkur- og Flateyjarsóknir.
Prestssetur: Húsavík.
90. Skinnastaður: Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir.
Prestssetur: Skinnastaður.
91. Raufarhöfn: Raufarhafnarsókn.
Prestssetur: Raufarhöfn.
92. Sauðanes: Sauðaness- og Svalbarðssóknir.
Prestssetur: Sauðanes.

XV. *Reykjavíkurprófastsdæmi:*

Í Reykjavíkurprófastsdæmi skulu jafnan vera svo margir prestar, að sem næst 5000 manns komi á hvern að meðaltali. Ráðherra ákveður takmörk sókna og prestakalla að fengnum tillögum biskups og safnaðaráðs Reykjavíkur (sbr. 2. gr.), og velur þeim heiti.

2. gr.

Í Reykjavík skal vera safnaðaráð. Skal það skipað formönnum safnaðarnefnda og safnaðarfulltrúum í prófastsdæminu og prestum þess. Prófastur er formaður ráðsins og kallar það saman. Skylt skal að kalla safnaðaráð saman til fundar, þegar fullur þriðjungur safnaðaráðsmanna óskar þess. Verkefni ráðsins eru:

1. Að gera tillögur um skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll og um breytingar á þeim svo oft sem þörf er, og skal sú skipting að jafnaði miðuð við það, að einn prestur sé í hverju prestakalli.
2. Að sjá um kosningu safnaðarnefnda í prestaköllum eftir skiptingu. Ein safnaðarnefnd sé fyrir hvert prestakall, og hefur hún á hendi störf söknarnefnda, eftir því sem við á, og er kosin með sama hætti. Þar, sem fleiri en einn söfnuður eiga sömu kirkju, skulu nefndirnar hafa sameiginlega stjórn á afnotum og fjármálum kirkjunnar.
3. Að vinna að eflingu kirkjulegs starfs og kristilegrar félagsstarfsemi innan prófastsdæmisins.

3. gr.

Í kaupstöðum utan Reykjavíkurprófastsdæmis skulu prestar vera svo margir, að sem næst 4000 manns komi á hvern. Heimilt er að skipta prestaköllum, þar sem eru tveir eða fleiri prestar, á hliðstæðan hátt og ákveðið er í 1. tölulið 2. gr.

4. gr.

Nú er skipt prestakalli, þar sem er einn prestur, í tvö eða fleiri prestaköll, og hefur þá presturinn rétt til að velja, hvaða hluta þess hann hyggst að þjóna.

5. gr.

Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi. Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni, og er þá sveitarfélagið skylt að leggja til ókeypis lóð undir íbúðarhús hans, ef um embættisbústað í eigu ríkissjóðs er að ræða.

6. gr.

Biskupi er heimilt að ráða prestvígðan mann til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða prestakallið prestslaust af öðrum ástæðum. Ef þörf krefur, er biskupi heimilt með samþykki ráðherra að ráða fleiri prestavígða menn til starfa skv. þessarri grein.

7. gr.

Biskupi er heimilt að ráða prestsvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar til þess að aðstoða og leiðbeina við æskulýðsstörf í söfnuðum landsins. Ráðningartími skal vera allt að þremur árum í senn.

Þá er biskupi og heimilt með samþykki ráðherra að ráða tvo aðstoðaræskulýðsfulltrúa til starfa með æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar.

8. gr.

Biskupi er heimilt með samþykki ráðherra að ráða prestsvígða menn til sérstakrar sjúkrahúsaþjónustu. Biskup setur þeim erindisbréf.

9. gr.

Heimilt er biskupi með samþykki ráðherra að ráða prestsvígðan mann til kirkjulegra starfa meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn og annars staðar á Norðurlöndum eftir því sem við verður komið. Ráðherra setur honum erindisbréf, og skal ráðningatími vera allt að þremur árum í senn.

10. gr.

Laun og annar kostnaður við embætti þau, er upp eru talin í 6.—9. gr., greiðist úr ríkissjóði skv. úrskurði ráðherra, og skulu prestar þeir, sem þeim gegna, taldir þjónandi prestar þjóðkirkjunnar.

11. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða takmörkum prestakalla, flytja sókn eða hluta úr sókn úr einu prestakalli í annað, leggja niður kirkju eða færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, þar sem ákvæði 2. og 3. gr. eiga ekki við, og skal það mál koma fyrir safnaðarfund, eða safnaðarfundi, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin viðkemur aðeins einum söfnuði, ræður meiri hluti atkvæða á lögmætum safnaðarfundi. Séu söfnuðir tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Séu söfnuðir fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Samþykki síðan héraðsfundur (eða héraðsfundir, ef breytingin nær til fleiri en eins prófastsdæmis) tillögurnar, taka þær gildi, þegar ráðherra staðfestir þær, að fengnum tillögum biskups.

12. gr.

Nú er við breytingar þær, sem um ræðir í 11. gr., aðeins um tilfærslu gjaldenda milli sókna að ræða, og kirkjur eru í báðum sóknum, og skal þá sóknarkirkja sú, er nýja gjaldendur fær við sóknarbreytinguna, gjalda kirkju þeirrar sóknar, er gjaldendur missir, sem svarar þriggja ára lögboðnu sóknargjaldi fyrir hvern gjaldanda. Upphæðin greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum, en án vaxta.

Nú er sókn skipt og tekin upp ný sókn og kirkjubygging hafin, og skal þá ráðherra, ef honum berst krafa um það, skipa þrjá menn í samráði við biskup til þess að meta skuldlausar eignir sóknarkirkjunnar. Er kirkjunni síðan skylt að greiða vaxtalaust og með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum þann hluta eignanna, er hinni nýju sókn ber að tiltölu réttri við tölu gjaldenda í báðum sóknum, þegar skiptin fara fram, að frádregnu þriggja ára sóknargjaldi þeirra gjaldenda, er kirkjan missir við skiptinguna.

Þegar ný sókn er löglega upp tekin, er presti þess prestakalls, þar sem guðsþjónustuhús sóknarinnar er, skylt að annast þar guðsþjónustur án sérstaks endurgjalds.

13. gr.

Þegar sóknarkirkja er lögð niður, skulu eignir hennar og andvirði renna til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, er sóknin hverfur til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þeirra gjaldenda, er hverri sókn bætist við niðurlagningu sóknarinnar.

Nú eyðist kirkjusókn gersamlega af fólki eða söfnuður er orðinn svo fámennur, að hann getur ekki haldið kirkju messufærri að dómi hlutaðeigandi sóknarprests og prófasts, og skal þá prófastur taka við sjóði kirkjunnar og umsjón hennar. Ráðherra ákveður síðan, að fengnum tillögum biskups og héraðsprófasts, hvort kirkjan skuli lögð niður. Ef svo verður, varðveitist andvirði hennar og sjóður í Hinum almenna kirkjusjóði. Þau heimili, sem eftir kynnu að vera í sókninni, skulu lögð til annarrar sóknar eða sókna eftir ákvörðun ráðherra. Byggist sóknin á ný og sóknarmenn ákveða að endurreisa kirkju, skal veita henni sóknarréttindi að nýju og afhenda sjóð hinnar niðurlögðu kirkju.

14. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða, að fenginni umsögn biskups og hlutaðeigandi héraðsprófasts, sóknarnefndar og sóknarprests, að flytja skuli prestssetur á hentugri stað í prestakallinu. Ákvörðun um þetta efni skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

15. gr.

Biskup hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem ákvæði 1. greinar hafa í för með sér, komist á svo fljótt, sem við verður komið eftir gildistöku þessara laga. Þó missi prestar, sem nú þjóna í þeim prestaköllum, sem lögð skulu niður, ekki tekjur af þeim sökum.

16. gr.

Þegar eftir gildistöku þessara laga skulu ákvæði 1. greinar um skipun prófastsdæma koma til framkvæmda, og skulu starfandi prestar í hinum einstöku prófastsdæmum tilnefna prófasta hið fyrsta.

17. gr.

Kostnaður við embættisferðir prófasta innan hvers prófastsdæmis greiðist úr ríkissjóði eftir reikningum, sem ráðherra úrskurðar.

II. KAFLI
Um kristnisjóð.

18. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist kristnisjóður.

19. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

a) Kirkjujarðasjóður. Skal sá sjóður lagður niður og renna í kristnisjóð.
b) Andvirði kirkjujarða, annarra en prestssetursjarða, sem seldar verða eftir gildistöku laga þessara.
c) Prestakallasjóður. Skal sá sjóður lagður niður og renna í kristnisjóð.

20. gr.

Tekjur kristnisjóðs skulu vera:

a) Arður af stofnfé kristnisjóðs.
b) Árlegt framlag úr ríkissjóði, er samsvari hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum, sem lögð eru niður samkvæmt lögum þessum.
c) Laun þau, sem sparast á hverjum tíma, þegar prestakall er prestslaust, svo að ekki komi til greiðslu prestslauna eða hluta þeirra, og skal þá miðað við hámarkslaun presta.
d) Önnur framlög, sem ákveðin kunna að vera með lögum.
e) Frjáls framlög safnaða, einstaklinga og fyrirtækja.

21. gr.

Hlutverk kristnisjóðs skal vera:

1. Að launa aðstoðarþjónustu presta og guðfræðinga í víðlendum eða fjölmennum prestaköllum. Biskup gerir ráðstöfun um þessa þjónustu í samráði við hlutaðeigandi sóknarpresta og héraðsprófasta.
2. Að launa starfsmenn, sem ráðnir eru til sérstakra verkefna í þágu þjóðkirkjunnar samkvæmt ákvörðun kirkjuþings. Slíkir starfsmenn skulu ráðnir af biskupi með samþykki kirkjuráðs.
3. Að styrkja söfnuði, er ráða vilja starfsmenn til starfa á sínum vegum á sviði æskulýðsmála, líknarmála eða að öðrum mikilvægum verkefnum.
4. Að veita fátækum söfnuðum starfsskilyrði, einkum á þeim stöðum, þar sem prestaköll hafa verið sameinuð og kirkjuleg þjónusta er sérstökum erfiðleikum háð.
5. Að kosta búferlaflutning guðfræðinga, sem settir eru til þjónustu samkvæmt 1. tölulið.
6. Að styrkja námsmenn til undirbúnings undir prestsstarf og önnur kirkjuleg störf.
7. Að styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú og siðgæði með þjóðinni, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristilegu fræðsluefni, enn fremur félög og stofnanir, sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum.
8. Að sinna að öðru leyti eftir þörfum þeim verkefnum, sem prestakallasjóður hefur gegnt til þessa.

22. gr.

Fastir starfsmenn kirkjunnar, sem ráðnir eru til fullrar vinnu skv. 21. gr., skulu njóta réttinda og bera skyldur opinberra starfsmanna.

23. gr.

Kirkjuráð hinnar íslenzku þjóðkirkju hefur á hendi umsjá og stjórn kristnisjóðs og ber ábyrgð fyrir kirkjuþingi á stjórn hans. Reikningsleg endurskoðun skal framkvæmd af ríkisendurskoðuninni.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Fyrirsögn laga nr. 98 19. júní 1933 um læknishéraða- og prestakallasjóði orðist þannig: Lög um læknishéraðasjóði.

25. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi eftirtalin lög: nr. 31 4. febr. 1952, nr. 68 24. apríl 1954, nr. 18 21. febr. 1956, nr. 17 20. apríl 1959, nr. 20 21. apríl 1960 og nr. 66 27. apríl 1962, svo og 5. gr. laga nr. 98 19. júní 1933 og önnur lagaákvæði, er kunna að brjóta í bág við lög þessi.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1970.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð var lagt fyrir Alþingi 1966, en varð eigi útrætt.

Frumvarpið er nú flutt að nýju, nokkuð breytt, og hefur þá m. a. verið höfð hliðsjón af ýmsum athugasemdum, sem fram hafa komið við frumvarpið.

Í frumvarpi því, sem hér er lagt fyrir Alþingi, er byggt í meginatriðum á tillögum prestakallanefndar, sem kirkjumálaráðherra skipaði hinn 23. apríl 1965, en ýmsar breytingar hafa á orðið í meðferð ráðuneytisins eftir athugun málsins hjá prestastefnu, kirkjuráði og á kirkjuþingi.

Núgildandi lög um skipun prestakalla og prófastsdæma eru lög nr. 31 4. febrúar 1952 með breytingum skv. l. nr. 68/1954, 18/1956, 17/1959, 20/1960 og 66/1962. Samkvæmt lögum þessum eru prófastsdæmi nú 21, prestaköll utan Reykjavíkur 109 og prestaköll í Reykjavík 18 (af 18 prestaköllum í Reykjavíkurprófastsdæmi er þó aðeins búið að skipa í 15, sbr. auglýsingu nr. 154/1963).

Með lagafrumvarpi því, er hér liggur fyrir, er lagt til, að prófastsdæmum verði fækkað úr 21 í 15, en prestaköllum utan Reykjavíkur úr 109 í 92.

Þrátt fyrir fækkun þessa og sparnað í launagreiðslum og öðrum greiðslum, sem er samfara henni, er ekki ætlunin að skerða starfsfé þjóðkirkjunnar.

Í fyrsta lagi eru ákvæði í 6.—9. grein frumvarpsins um að fjölga þeim prestsembættum, sem ekki eru bundin við sérstök prestaköll, og í öðru lagi er lagt til, að beinn sparnaður, sem hlýzt af fækkun prestakalla, renni til kristnisjóðs, sem nánar er getið um hér á eftir.

Þá ber einnig að geta þess, að mörg þeirra prestakalla, sem nú er lagt til að sameina öðrum köllum, hafa verið prestslaus árum eða jafnvel áratugum saman. Þannig má segja, að meginstefna frumvarpsins sé í raun og veru sú að viðurkenna staðreyndir, sem þegar liggja fyrir, og samræma skipulag þjóðkirkjunnar í verulegum atriðum því þjóðfélagsástandi, sem fyrir hendi er í dag.

Annar kafli þessa frumvarps fjallar um *kristnisjóð*.

Kafli þessi er saminn með hliðsjón af ályktun IV. kirkjuþings, sem háð var í Reykjavík 25. október til 6. nóvember 1964, en ályktun þessi var lögð fyrir kirkjuþing af biskupi, og var jafnframt ætlazt til þess, að kirkjuþing tæki afstöðu til þess, hvort rétt þætti að fækka prestaköllum með því að sameina þau öðrum. Kirkjuþing tók þá ekki afstöðu til þess síðarnefnda atriðis, og skipaði kirkjumálaráðherra nefnd til að gera tillögur um framtíðarskipun prestakalla vorið 1965, svo sem áður er rakið.

Þriðji kafli frumvarpsins hefur inni að halda almenn ákvæði um gildistöku og um það, hvaða lagaákvæði skuli felld úr gildi, ef frumvarpið verður samþykkt að öðru leyti.

Eins og áður segir er frumvarp þetta byggt á frumvarpinu, sem flutt var á Alþingi 1966. Helztu breytingar, sem gerðar eru, eru þessar:

1. Ásprestakall (nr. 16) er tekið upp að nýju.
2. Fellsmúlaprestakall (nr. 23) er tekið upp að nýju.
3. Í Árnesprófastsdæmi er Stóra-Núpsprestakall (nr. 25) tekið upp að nýju.
4. Tekin er inn í frumvarpið ný sókn, Ytri-Njarðvíkursókn (skipt úr Keflavíkursókn í Keflavíkurprestakalli (nr. 33)). Þá er gert ráð fyrir því, að Árbæjarsókn, sem mynduð hefur verið úr hluta Lágafellssóknar, verði lögð til Reykjavíkurprófastsdæmis.
5. Í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi fellur Fáskrúðarbakkasókn til Söðulsholts, þ. e. frá tölulið 47 í tölulið 46.
6. Narfeyrar- og Breiðabólsstaðarsóknir, sem gert var ráð fyrir, að yrðu sameinaðar Miklaholti (nú Söðulsholti), eru lagðar til Stykkishólmsprestakalls.
7. Í Húnavatnsprófastsdæmi flyzt prestssetur í Þingeyrarklausturssprestakalli á Blönduós.
8. Felld er niður heimild til að ráða prestvígðan mann til sérstakra starfa í Skálholti.
9. Biskupi er veitt heimild, með samþykki ráðherra, til þess að ráða fleiri en einn farprest.
10. Gert er ráð fyrir því, að sjúkrahúsaprestar geti og starfað utan Reykjavíkur.
11. Felld er niður sérstök heimild til að ráða prest til starfa meðal sjómanna, en heimilt mundi kirkjuþingi að ákveða ráðningu slíks prests samkvæmt 2. tölulið 21. gr. frumvarpsins. Frá gildandi lögum felast í frumvarpinu heimildir til þess að ráða í eftirtalin ný störf um lengri eða skemmri tíma: tvo aðstoðaræskulýðsfulltrúa, fleiri farpresta, sjúkrahúsapresta og prestvígðan mann til kirkjulegra starfa meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn og annars staðar á Norðurlöndum eftir því sem við verður komið.
12. Fellt er niður ákvæði, þar sem heimild var veitt til að greiða staðaruppbót á laun presta.
13. Fellt er niður ákvæði þess efnis, að guðfræðingar megi ekki sækja um prestsembætti innan þjóðkirkjunnar, fyrr en þeir hafa gegnt aðstoðarþjónustu í a. m. k. 6 mánuði.
14. Í kaflanum um kristnisjóð er breytt ákvæðum um tekjur sjóðsins. Er gert ráð fyrir því, að árlegt framlag ríkissjóðs (b-liður 21. gr.) verði sem svarar hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum, sem lögð verða niður, og að auki framlag úr ríkissjóði (c-liður 20. gr.) vegna þeirra launa, sem sparast, þegar prestakall er prestslaust, svo að ekki kemur til greiðslu prestslauna eða hluta þeirra. Miðað við núverandi laun presta verður árlegt framlag ríkissjóðs samkvæmt b-lið rúmlega 4.4 millj. kr., þegar skipun prestakalla verður komin í það horf, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Á meðan núverandi prestar þjóna prestaköllum þar sem sameining fer fram verður þó ekki um að ræða aukningu á framlagi úr ríkissjóði umfram það, sem runnið hefur til prestakallasjóðs. Framlag til prestakallasjóðs árið 1968 var rúmlega 1.9 millj. kr., en verður rúmlega 2.1 millj. kr. vegna ársins 1969. Vegna fækkunar prestakalla verða tekjur samkvæmt c-lið að líkindum ekki miklar.
15. 18. gr. fyrra lagafrumvarps er felld niður, en hún var þess efnis, að ef ekki tókst að fá prestakall skipað, var ráðherra heimilt að sameina það öðru prestakalli eða öðrum, en heimilt var að taka það upp að nýju, ef tala íbúa og aðrar aðstæður gerðu það eðlilegt.
16. Loks er í þessu frumvarpi kveðið nánar á um það en áður, hvert sé hlutverk ráðherra og hvert hlutverk biskups, í stað þess að áður var notað orðið kirkjustjórn, sem er bæði lagalega vafasamt og óljóst í vitund manna.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir ástæða til að gera þessar athugasemdir:

Um 1. gr.

Í þessari grein er meginefni frumvarpsins, skrá um prófastsdæmi og prestaköll.

Prófastsdæmi eru nú 21 að tölu, en lagt er til, að þau verði framvegis 15, enda var skipun prófastsdæma ekki breytt á árinu 1952, þegar allmiklar breytingar voru gerðar á skipun prestakalla. Með frumvarpinu eru lagðar til eftirfarandi breytingar á skipun prófastsdæma: Norður-Múlaprófastsdæmi verði stækkað um 1 prestakall (3 sóknir), þ. e. Vallaness-, Þingmúla- og Egilsstaðasóknir í núverandi Vallanessprestakalli, þannig að allt Fljótsdalshérað verði framvegis í prófastsdæmi þessu. Suður-Múlaprófastsdæmi minnkar vegna stækkunar á Norður-Múlaprófastsdæmi.

Skaftafellsprófastsdæmin tvö verði sameinuð í eitt prófastsdæmi.

Mýra- og Borgarfjarðarprófastsdæmi verði sameinuð.

Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi verði sameinuð.

Ísafjarðarprófastsdæmin verði sameinuð.

Stranda- og Húnavatnsprófastsdæmin verði sameinuð.

Þingeyjarprófastsdæmin tvö verði sameinuð.

Prestaköll utan Reykjavíkur eru nú 109, en samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að þau verði 92, þ. e. gert er ráð fyrir því, að 17 prestaköll verði sameinuð öðrum. Af þessum prestaköllum eru 14 prestslaus, en þó gegnt af nágrannaprestum. Í 3 situr prestur í embætti (Þingvellir, Tjörn og Hvammur). Þess ber þó að gæta, að presturinn á Tjörn gegnir jafnframt Breiðabólsstað, en gert er ráð fyrir því, að þessi prestaköll verði sameinuð. Þau prestaköll, sem gert er ráð fyrir að verði sameinuð öðrum, eru þessi:

Kirkjubær (sameinað Eiðum og Egilsstöðum),
Hof í Öræfum (sameinað Kálfafellsstað),
Þingvellir (sameinað Mosfelli í Grímsnesi og Mosfelli í Mosfellssveit),
Staðarhraun (sameinað Borg og Söðulsholti),
Breiðabólsstaður (sameinað Stykkishólmi),
Hvammur í Dölum (sameinað Hvoli í Saurbæ og Kvennabrekku),
Flatey á Breiðafirði (sameinað Reykhólum),
Brjánslækur (sameinað Sauðlauksdal),
Hrafnseyri (sameinað Bíldudal),
Núpur (sameinað Þingeyri),
Staður í Grunnavík (sameinað Bolungarvík),
Ögurþing (sameinað Ísafirði og Vatnsfirði),
Árnes (sameinað Hólmavík),
Tjörn á Vatnsnesi (sameinað Breiðabólsstað í Vesturhópi).
Hvammur í Laxárdal (sameinað Sauðárkróki),
Barð í Fljótum (sameinað Hofsósi) og
Grímsey (sameinað Akureyri).

Auk framangreindra breytinga felur frumvarpið í sér nokkrar tilfærslur á sóknum milli prestakalla, svo og flutning nokkurra prestssetra.

Um 2. gr.

Samhljóða núgildandi lögum, nema að því leyti, að bætt er við ákvæði um skyldu til að kalla saman safnaðaráð, ef þriðjungur safnaðaráðsmanna krefst þess.

Um 3. gr.

Óbreytt frá núgildandi lögum, nema Reykjavíkurprófastsdæmi kemur í stað Reykjavíkur.

Um 4. gr.

Óbreytt.

Um 5. gr.

Bætt við núverandi reglur ákvæði um að kirkjur skulu undanþegnar gatnagerðargjaldi.

Um 6. gr.

Heimild er veitt til að fjölga farprestum.

Um 7. gr.

Bætt við heimild til að ráða tvo menn til aðstoðar æskulýðsfulltrúa.

Um 8. gr.

Nýmæli, heimild til að ráða presta til sjúkrahúsaþjónustu. Við slíka þjónustu hefur undanfarið starfað einn fyrrverandi prestur gegn lítils háttar þóknun til viðbótar eftirlaunum.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að lögfesta embætti prests í Kaupmannahöfn, er starfi meðal Íslendinga þar og annars staðar á Norðurlöndum. Til þessara starfa hefur verið ráðinn prestur frá miðju ári 1964, og laun hans og embættiskostnaður greitt skv. sérstökum fjárveitingum.

Um 10. gr.

Rétt þykir að skýrt ákvæði sé varðandi greiðslu launa og embættiskostnaðar presta, sem gegna ekki sérstökum prestaköllum.

Um 11. gr.

Efnislega samhljóða 9. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Samhljóða 10. gr. í gildandi lögum.

Um 13. gr.

Efnislega samhljóða 11. gr. í gildandi lögum.

Um 14. gr.

Efnislega samhljóða 1. mgr. 12. gr. í gildandi lögum, þó þannig að í stað tillagna sóknarnefnda komi framvegis umsögn sóknarnefnda.

Um 15.—17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 18.—23. gr.

Greinar þessar fjalla um hinn nýja kristnisjóð, sem gert er ráð fyrir að stofnaður verði. Er hlutverk sjóðsins skírgreint í 22. gr., en að öðru leyti vísast til hinna almennu athugasemda hér að framan. Er gert ráð fyrir því, að kirkjuráð hafi á hendi umsjá og stjórn sjóðsins, en beri ábyrgð fyrir kirkjuþingi á stjórn hans.

Um 24.—26. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. **12. Frumvarp til laga** [12. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Fyrirsögn VIII. kafla orðist svo: **VIII. Um Umferðarmálaráð, umferðarfræðslu o. fl.**

2. gr.

Í stað 82.—84. gr. komi níu greinar (82.—90. gr.), svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

a. (82. gr.) Almenningi skal veitt fræðsla í umferðarlöggjöf og öðru því, er stuðlað getur að umferðaröryggi og umferðarmenningu.

b. (83. gr.) Dómsmálaráðherra skipar 16 menn í Umferðarmálaráð til þriggja ára í senn.

Eftirtaldir aðilar skulu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver og annan til vara í ráðið:

Bandalag íslenzkra leigubifreiðastjóra.
Bifreiðaeftirlit ríkisins.
Bindindisfélag ökumanna.
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
Félag íslenzkra bifreiðaeigenda.
Fræðslumálastjórn.
Landssamband vörubifreiðastjóra.
Landssamtök klúbbanna „Öruggur akstur".
Reykjavíkurborg.
Ríkislögregla.
Samband íslenzkra sveitarfélaga.
Samband íslenzkra tryggingarfélaga.
Slysavarnafélag Íslands.
Vegagerð ríkisins.
Ökukennarafélag Íslands.

Dómsmálaráðherra skipar formann Umferðarmálaráðs án tilnefningar, en varaformann skipar hann úr hópi ráðsmanna.

c. (84. gr.) Hlutverk Umferðarmálaráðs skal vera sem hér segir:

1. Að beita sér fyrir því, að haldið sé uppi umferðarfræðslu í landinu.
2. Að vera fræðsluyfirvöldum, umferðarnefndum sveitarfélaga og samtökum, er vinna að bættri umferðarmenningu, til hjálpar og ráðuneytis eftir því sem óskað er og aðstæður leyfa.
3. Að standa fyrir útgáfu fræðslurita og bæklinga um umferðarmál og hafa milligöngu um útvegun kennslutækja og annarra gagna til nota við fræðslustarfsemi.
4. Að hafa milligöngu um umferðarfræðslu í Ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og öðrum fjölmiðlunartækjum.
5. Að beita sér fyrir bættum umferðarháttum.
6. Að sjá um, að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu.
7. Að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál.
8. Að fylgjast með þróun umferðarmála erlendis og hagnýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á því sviði.
9. Að leitast við að sameina sem flesta aðila til samstilltra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættri umferðarmenningu.

Umferðarmálaráði ber að hafa samvinnu við fræðsluyfirvöld, lögregluyfirvöld, umferðaryfirvöld sveitarfélaga, Slysavarnafélag Íslands, samtök bifreiðaeigenda og bifreiðastjóra, vátryggingarfélög, svo og öll önnur félög og stofnanir, sem fjalla um umferðarmál í landinu og láta sig umferðaröryggi skipta.

d. (85. gr.) Innan Umferðarmálaráðs skal starfa þriggja manna framkvæmdanefnd, sem dómsmálaráðherra skipar til eins árs í senn, og skiptir ráðherra störfum með framkvæmdanefndarmönnum, eftir því sem þurfa þykir.

Framkvæmdanefnd skal vinna að gagnasöfnun, tillögugerð og öðrum undirbúningi mála, sem Umferðarmálaráð fjallar um. Hún hefur einnig eftirlit með starfsemi þeirri, sem unnin er á vegum þess.

e. (86. gr.) Dómsmálaráðherra ákveður þóknun formanns og framkvæmdanefndar, en að öðru leyti eru störf í Umferðarmálaráði ólaunuð. Framkvæmdanefnd getur ráðið sér nauðsynlegt starfsfólk með heimild ráðherra.

Um kostnað af störfum Umferðarmálaráðs skal gera áætlun, sem sendist ráðuneytinu til staðfestingar, svo og árleg reikningsskil.

f. (87. gr.) Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um störf Umferðarmálaráðs.

g. (88. gr.) Sveitarstjórnum ber að fræða almenning um umferðarmál eftir því, sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur, er gilda á hverjum stað.

Sveitarstjórn getur skipað umferðarnefnd til þess að stuðla að umferðarfræðslu og vinna að bættu skipulagi umferðarmála í sveitarfélaginu. Sveitarstjórnum er og heimilt að stofna sameiginlega umferðarnefnd, er hafi með höndum framangreind verkefni.

Sveitarstjórn eða sveitarstjórnir setja nánari reglur um skipun og starfssvið slíkra umferðarnefnda.

h. (89. gr.) Kennsla í umferðarreglum skal fara fram í barna- og unglingaskólum. Menntamálaráðherra setur að fenginni umsögn Umferðarmálaráðs reglugerð um tilhögun kennslunnar og prófkröfur.

i. (90. gr.) Skólastjórum er skylt í samráði við lögreglustjóra og sveitarstjórn að gera ráðstafanir til þess að vernda skólabörn gegn hættu, er stafar af umferð í næstu grennd við skóla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eitt af þeim verkefnum, sem framkvæmdanefnd hægri umferðar hafði með höndum í sambandi við umferðarbreytinguna 26. maí 1968, var að annast víðtæka fræðslu- og upplýsingastarfsemi, bæði um umferðarmál almennt og vegna umferðarbreytingarinnar sérstaklega. Starfsemi þessi fór ýmist fram á vegum nefndarinnar sjálfrar eða þannig, að nefndin samræmdi og studdi starfsemi þeirra aðila annarra, sem að umferðarmálum höfðu starfað. Til að vinna að þessum málum kom framkvæmdanefndin, í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands, á fót nær eitt hundrað umferðaröryggisnefndum utan höfuðborgarsvæðisins. Á því svæði annaðist hins vegar sérstök skrifstofa á vegum umferðarnefndar Reykjavíkur umferðarfræðsluna í samvinnu við samstarfsnefnd um umferðarfræðslu, sem skipuð var fulltrúum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Sérstök samstarfsnefnd, skipuð fulltrúum fræðsluyfirvalda og lögregluyfirvalda, sá um umferðarfræðslu í skólum landsins.

Fram til þess tíma að undirbúningur hægri umferðar hófst, hafði lítið verið um samræmda umferðarfræðslu, þótt fjölmargir aðilar hafi lagt þar nokkuð af mörkum. Í Reykjavík hafði umferðarnefnd og lögreglan með höndum mikinn hluta almennrar umferðarfræðslu, m. a. í útvarpi, en þar hafði verið unnið markvisst að uppbyggingu umferðarfræðslukerfis. Utan Reykjavíkur var ekki um jafn skipulagða og samræmda umferðarfræðslu að ræða, en að þeirri fræðslu höfðu þó ýmis félög átt aðild.

Má þar fyrst og fremst nefna Slysavarnafélag Íslands, en auk þess ýmis önnur félög, svo sem Félag íslenzkra bifreiðaeigenda, Bindindisfélag ökumanna, vátryggingafélögin og samtökin Varúð á vegum. Fræðsluyfirvöld önnuðust umferðarfræðslu í samræmi við ákvæði reglugerðar um umferðarfræðslu í skólum.

Eigi fer milli mála, að sú víðtæka og samræmda umferðarfræðsla, sem fram fór í sambandi við umferðarbreytinguna, átti mjög ríkan þátt í því, hversu vel hún tókst. Til þess að viðhalda og styrkja þau áhrif, sem fræðslustarfsemin hafði, var nauðsynlegt, að áframhald yrði á skipulagðri umferðarfræðslu.

Til að tryggja slíkt áframhald var því af hálfu dómsmálaráðuneytisins undirbúin skipan mála, er tæki við, þegar framkvæmdanefnd hægri umferðar léti af störfum 24. janúar síðast liðinn. Þann dag var því gefin út reglugerð fyrir Umferðarmálaráð, þar sem mótuð var hin nýja skipan þessara mála. Þótti henta að stofna Umferðarmálaráð með slíkri reglugerð, en jafnframt var haft í huga, að vel gæti þótt ástæða til síðar að setja löggjöf um Umferðarmálaráð á grundvelli þeirrar reynslu, sem fengist í mótun mála við framkvæmd þeirra.

Hlutverk Umferðarmálaráðs er fyrst og fremst á sviði umferðarfræðslu, en beinist einnig að því að vinna að almennum umbótum í umferðarmálum. Við skipulagningu umferðarfræðslu er nauðsynlegt að hafa glöggar upplýsingar um umferðina, og í hverju henni er áfátt. Var því gert ráð fyrir, að Umferðarmálaráði skyldi einnig ætlað það hlutverk að sjá um, að á hverjum tíma væri til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu. Að þessu hafði eigi verið unnið skipulega, þótt framkvæmdanefnd hægri umferðar og rannsóknarnefnd umferðarslysa hafi safnað nokkrum upplýsingum um umferðarslys, og var gert ráð fyrir því, að Umferðarmálaráð fengi í hendur gögn þeirra um það efni. Þriðji þáttur verkefnis Umferðarmálaráðs er loks sá að samræma og samstilla atorku og viðleitni sérhverra aðila, sem hafa áhuga á og vinna að bættri umferðarmenningu.

Ljóst er, að fjárreiður Umferðarmálaráðs þurfa að vera viðunandi, ef starfsemi þess á að bera tilætlaðan árangur. Er gert ráð fyrir því í sambandi við framlengingu á umferðarbreytingargjaldi samkvæmt lögum nr. 65/1966 um hægri handar umferð, að kostnaður við Umferðarmálaráð verði fyrst um sinn greiddur af því gjaldi.

Umferðarmálaráð hefur nú starfað um nokkurra mánaða skeið, og reynsla fengizt af starfi þess. Hefur uppbygging ráðsins gefið það góða raun, að tímabært þykir að festa skipan þess með löggjöf.

Rétt hefur þótt, að ákvæði um þetta verði í umferðarlögum, og þá í VIII. kafla þeirra, sem fjallar um umferðarfræðslu. Einstök ákvæði frumvarpsins um verkefni og tilgang Umferðarmálaráðs þarfnast ekki skýringa, en þau eru í samræmi við reglugerðina frá 24. janúar síðast liðnum. Jafnframt þessu eru gerðar nokkrar lítilsháttar breytingar á núgildandi ákvæðum til samræmingar og sett nýtt ákvæði um skipun umferðarnefnda í sveitarfélögum, en reynslan hefur sýnt, að starfsemi þeirra nefnda, sem stofnaðar hafa verið, hefur gefið góða raun, sem og starfsemi umferðaröryggisnefnda, er víða starfa og ná til fleiri en eins sveitarfélags.

Nd. 13. Frumvarp til laga [13. mál]

um breyting á lögum nr. 65 13. maí 1966, um hægri handar umferð.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Á árunum 1967—1972 skal greiða í ríkissjóð sérstakan skatt (umferðarbreytingargjald) af bifreiðum sem hér segir:

a. Af fólksbifreiðum, 1—8 farþega: 240.00 kr. árið 1967, en 360.00 kr. árin 1968—1972 hvert ár.
b. Af öðrum bifreiðum: 420.00 kr. árið 1967, en 660.00 kr. árin 1968—1972 hvert ár.

Skatti þessum skal varið til að greiða kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara, svo og kostnað vegna starfsemi Umferðarmálaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í greinargerð umferðarlaganefndar, dags. 8. nóvember 1965, sem fylgdi frumvarpi til laga um hægri handar umferð, var gert ráð fyrir því, að kostnaður vegna umferðarbreytingarinnar yrði 49.4 millj. kr. miðað við þáverandi verðlag.

Til að standa undir kostnaði þessum var ákveðið að leggja á bifreiðir sérstakan skatt, sem greiddur skyldi á árunum 1967—1970. Var bifreiðum skipt í tvo flokka. Annars vegar voru fólksbifreiðir fyrir 8 farþega eða færri og var gjald af þeim 240.00 kr. árið 1967, 360.00 kr. árin 1968 og 1969 og 180.00 kr. árið 1970. Hins vegar voru aðrar bifreiðir, og var gjald af þeim 420.00 kr. árið 1967, 660.00 kr. árin 1968 og 1969 og 300.00 kr. árið 1970. Miðað við áætlun Efnahagsstofnunar um bifreiðafjölda í lok hvers árs var gert ráð fyrir því, að tekjur af skatti þessum yrðu 56 millj. kr., en þá var ekki tekið tillit til lækkunar eða endurgreiðslu skatts vegna innilegu skráningarmerkja.

Gert er nú ráð fyrir því, að heildarkostnaður vegna umferðarbreytingarinnar verði nálægt 71 millj. kr. Helztu ástæður þess, að kostnaðurinn varð þetta meiri en gert var ráð fyrir 1965, eru eftirfarandi: Framkvæmdanefnd hægri umferðar var heimilað að verja allt að 10 millj. kr. til fræðslu- og upplýsingastarfsemi, sem ekki var gert ráð fyrir í upphaflegri áætlun. Kostnaðarauki vegna gengisbreytinga er áætlaður nær 3 millj. kr. Bótagreiðslur vegna breytinga á sérleyfisbifreiðum utan þéttbýlis urðu meiri en áætlað hafði verið, og var sá kostnaðarauki áætlaður rúmlega 5 millj. kr. Auk þess varð kostnaður við breytingar á vega- og gatnakerfinu nokkru hærri en áætlað var og svo skrifstofu- og undirbúningskostnaður ýmis. Kostnaður vegna breytinga á strætisvögnum varð hins vegar talsvert lægri en áætlað hafði verið.

Til þess að standa undir heildar kostnaði við umferðarbreytinguna er með frumvarpi þessu lagt til, að umferðarbreytingargjaldið verði framlengt óbreytt eins og það hefur verið 1968 og 1969, og verði það innheimt til ársins 1972. Miðað við núverandi áætlun Efnahagsstofnunar um bifreiðafjölda og áætlaða endurgreiðslu skattsins er gert ráð fyrir því, að skatturinn verði alls um 88 millj. kr. Með frumvarpinu er jafnframt lagt til, að fé því, sem innheimtist með skatti þessum, verði varið til greiðslu kostnaðar vegna starfsemi Umferðarmálaráðs, sem sett var á fót með reglugerð 24. janúar síðast liðinn, um leið og framkvæmdanefnd hægri umferðar lét af störfum. Á vissan hátt má því segja, að Umferðarmálaráð taki við veigamiklum þætti framkvæmdanefndar hægri umferðar á sviði fræðslu og upplýsinga í umferðarmálum, og með öllu óverjandi að láta hann niður falla eða draga úr þeirri starfsemi, svo góða raun, sem hún hafði gefið.

Nd. 14. Frumvarp til laga [14. mál]

um breyting á lögum nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Við lög nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám, bætist:

VIII. KAFLI
Framhaldsdeildir.

65. gr.

Heimilt er með leyfi menntamálaráðuneytisins að stofna til allt að tveggja ára framhaldsdeilda við gagnfræðaskóla, er taki við nemendum að loknu gagnfræðaprófi eða landsprófi miðskóla samkvæmt nánari ákvæðum, er sett verði í reglugerð.

66. gr.

Kostnaður við framhaldsdeildir skal greiddur af ríki og sveitarfélögum í samræmi við lög nr. 49/1967 um skólakostnað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að Skólarannsóknir menntamálaráðuneytisins hafi um nokkurt skeið unnið að athugun á framhaldsnámi í gagnfræðaskólum fyrir þá, sem lokið hafa landsprófi miðskóla eða gagnfræðaprófi. Nefnd, sem skipuð var 4. júlí s. l., hefur nú athugað málið nánar, haft um það samband við sveitarfélög og skilað tillögum um, að þegar í haust verði efnt til slíks framhaldsnáms í tilraunaskyni í samráði við þau sveitarfélög, sem lýsa sig reiðubúin til þess að eiga aðild að þessu skólahaldi.

Gildandi lög um gagnfræðanám gera ekki ráð fyrir framhaldsnámi í gagnfræðaskólum. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við lög nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám, bætist:

VIII. KAFLI
Framhaldsdeildir.

65. gr.

Heimilt er með leyfi menntamálaráðuneytisins að stofna til allt að tveggja ára framhaldsdeilda við gagnfræðaskóla, er taki við nemendum að loknu gagnfræðaprófi eða landsprófi miðskóla samkvæmt nánari ákvæðum, er sett verði í reglugerð.

66. gr.

Kostnaður við framhaldsdeildir skal greiddur af ríki og sveitarfélögum í samræmi við lög nr. 49/1967 um skólakostnað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. ágúst 1969.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um menntaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

I. KAFLI
Skólarnir, markmið þeirra og skipulag.

1. gr.

Menntaskólar skulu vera svo margir sem þörf er á, þar á meðal a. m. k. þrír í Reykjavík, einn á Akureyri, einn á Laugarvatni, einn á Ísafirði og einn á Austurlandi. Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

2. gr.

Það er markmið menntaskóla að efla þroska nemenda sinna, veita þeim almenna menntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám og þátttöku í lífi og starfi þjóðfélagsins.

3. gr.

Menntaskólar eru fjögurra ára skólar. Í skipulagi skólanna skal að því stefnt, að nemendur eigi völ á námsefni og kennslu í samræmi við þarfir sínar og óskir, ekki síst með tilliti til framhaldsnáms í háskóla.

4. gr.

Skólarnir eru jafnt fyrir pilta og stúlkur.

5. gr.

Setja má á stofn í tilraunaskyni menntaskóla, er séu óháðir tilteknum ákvæðum þessara laga, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum, sem lögin setja um stúdentspróf og rétt til inngöngu í háskóla.

II. KAFLI
Um inntöku nemenda í skólann.

6. gr.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar.

7. gr.

Í hinu samfellda skólakerfi taka menntaskólar við af bóknámsdeildum miðskóla, og veitir próf úr þeim deildum rétt til inngöngu í 1. bekk menntaskóla með þeim skilyrðum, er sett eru í reglugerð. Heimilt skal að taka í 1. bekk nemendur af öðrum skólastigum, enda sé undirbúningur þeirra fullnægjandi að dómi skólastjórnar, og skulu nánari fyrirmæli um þetta sett í reglugerð.

8. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki menntaskóla þarf nemandi að fullnægja inntökuskilyrðum 1. bekkjar (sbr. 7. gr.) og námskröfum allra bekkja fyrir neðan þann, er sótt er um inngöngu í. Enn fremur skal hann standast öll lokapróf í lægri bekkjum (sbr. 10. gr.).

III. KAFLI
Um námsefnið.

9. gr.

a) Námsefni skólanna skal metið í einingum, og skal hver eining jafngilda einni meðalkennslustund á viku í eitt skólaár. Meðalkennslustund er 45 mínútur. Heildarnámsefni skólanna skal vera sem næst 144 einingar.

b) Námsefni skólanna skal vera þríþætt: kjarni, kjörsvið og valgreinar.

Kjarninn er það námsefni, sem sameiginlegt er öllum nemendum skólans, hvaða námsbraut sem þeir velja sér innan skólans. Þetta námsefni má nema allt að 100 einingum.

Kjörsviðin eru grundvöllur deildaskiptingar innan skólans. Þau eru flokkar samstæðra greina, og skal hver nemandi velja einn slíkan flokk í heild. Þetta námsefni skal nema 24 einingum hið fæsta.

Valgreinar eru allt það námsefni hvers nemanda, sem eigi telst til kjarna eða til kjörsviðs nemandans. Nemendum skal eftir föngum gefinn kostur á að nýta sér valfrelsið jafnt til að efla kunnáttu sína í skyldugreinum sínum sem til að auka almenna menntun sína með því að leggja stund á nýjar greinar. Þetta námsefni skal nema 14 einingum hið fæsta.

Hlutverk kjarnans er að leggja breiðan almennan grundvöll að náminu, hlutverk kjörsviðs að tryggja nokkra dýpt á ákveðnu sviði. Kjarni og kjörsvið skulu til samans tryggja þá kunnáttu og þann þroska, er geri nemendur hæfa til að takast á hendur nám í háskóla.

Í námsskrá og reglugerð skal nánar ákveðið um efnisinnihald kjarna, kjörsviða og valgreina.

Um val námsgreina skulu nemendur jafnan hafa samráð við skólastjóra og kennara eða þá starfsmenn skólanna, er til slíks eru settir. Setja má í reglugerð nánari ákvæði um valið.

IV. KAFLI
Um námsáfanga og próf.

10. gr.

Skipulagsgrundvöllur kennslunnar er skólaárið, en heimilt er að skipta því í námsáfanga (annir) eftir því, sem henta þykir. Í lok hvers námsáfanga skal úrskurða um hæfni nemenda til að hefja nám á næsta áfanga. Í þeim tilgangi má eftir þörfum halda yfirlitspróf í námsefni áfangans eða skólaársins.

Lokapróf skal halda í hverri grein, er kennslu í henni lýkur til fulls.

Nánari ákvæði um lokapróf, mat á hæfni og einkunnir skal setja í reglugerð.

11. gr.

Nemandi hefur lokið stúdentsprófi, þegar hann hefur staðizt öll lokapróf á kjörsviði sínu og lokið prófi í kjarna og öllum öðrum greinum samkvæmt þeim fyrirmælum, er sett eru í reglugerð. Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í Háskóla Íslands, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerðum.

Setja má í reglugerð ákvæði um námsefni og prófkröfur, er heimili, að menntaskólanámi ljúki með öðru fullnaðarprófi en stúdentsprófi.

12. gr.

Umsjón með lokaprófum skal falin prófdómendum, er yfirstjórn skólanna skipar eftir tillögum skólastjóra að fenginni umsögn háskólaráðs. Um verksvið prófdómenda skal nánar kveðið á í reglugerð.

V. KAFLI
Um starfslið skólanna.

13. gr.

Menntaskólar skulu svo vel búnir starfsliði, að þeir geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um. Því skal við hvern menntaskóla auk skólastjóra og kennara skipað í eftirtalin störf m. a:

A. Umsjónar- og ráðgjafastörf.

1. **Aðstoðarskólastjóri** (konrektor), er skal vera skólastjóra til aðstoðar í daglegu starfi og staðgengill hans.
2. **Bókavörður,** er hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsölum hans.
3. **Deildarstjórar,** er hafa umsjón með kennslu, námsefni og tækjum í einstökum námsgreinum eða greinaflokkum.
4. **Yfirkennarar,** sem gegnt hafa fullri kennslu við menntaskóla í 16 ár, en eru þó eigi deildarstjórar.
5. **Námsráðunautar,** er liðsinni nemendum í námsvali og námsvanda, svo og um einkamál í námi og lífi.
6. **Félagsráðunautar,** er skulu vera nemendum til ráðuneytis um félagsstörf og hafa með höndum umsjón með framkvæmd þeirra.

Þeir starfsmenn, er taldir eru í þessum lið, mega allir vera úr hópi kennara, og má fela sama starfsmanni fleiri en eitt þessara starfa, ef henta þykir.

B. Störf á skrifstofu.

1. **Fulltrúi,** er sé skólastjóra og yfirkennara til aðstoðar við dagleg störf. Hann stjórnar þeim störfum, sem unnin eru á skrifstofu skólans, og annast þau eftir því, sem við verður komið. Honum skal fengin aðstoð eftir þörfum.
2. **Gjaldkeri,** er annast reikningshald skólans og bókhald.

C. Önnur störf.

1. **Húsvörður,** er hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörzlu, ræstingu, ljósi og hita. Hann annast einnig eftirlit með lóð skólans.
2. **Tækjavörður,** er aðstoðar við verklega kennslu og hefur umsjón með kennslutækjum, nýtingu þeirra og vörzlu. Hann annast viðhald og viðgerðir á tækjakosti skólans.

Í heimavistarskólum skulu auk þess vera:

3. **Húsbóndi og húsfreyja,** er hafa með höndum umsjón og stjórn í heimavistum pilta og stúlkna.

Fela má sama starfsmanni fleiri en eitt þeirra starfa, er talin eru í lið B og lið C.

Nánari ákvæði um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna skólanna skal setja í reglugerð.

14. gr.

Fastir starfsmenn menntaskóla eru embættismenn ríkisins. Skólastjóri skal skipaður af forseta Íslands. Fastir kennarar og aðrir fastir starfsmenn skólanna skulu skipaðir af ráðherra, og skal áður leita umsagnar skólastjóra.

Tölu fastra kennara skal miða við það, að eigi komi fleiri en 20 nemendur á hvern þeirra.

Skólastjórar skulu ráða stundakennara og annað starfsfólk skólanna með samþykki ráðuneytis.

15. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólanna, er lokið hafa háskólaprófi í þeim aðalgreinum, sem þeir eiga að kenna. Þeir, sem lengri hafa eðlilegan námstíma, ganga fyrir, ef umsóknir eru sambærilegar að öðru leyti.

Kennarar skulu hafa lokið prófi í uppeldis- og kennslufræðum.
Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna.
Undanþágu frá þessum ákvæðum má veita, er sérstaklega stendur á. Þess skal vandlega gætt, að hver skóli hafi á að skipa nægilegum fjölda kennara með fyllstu menntun til að stjórn kennslu í hverri grein.
Setja má í reglugerð ákvæði um frekari kröfur til kennara í einstökum greinum.

16. gr.

Skylt er kennara að kenna allt að 27 kennslustundum á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og 17, er hann verður 60 ára.
Kennari skal starfa með nemendum sínum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka kennslustundum kennara með hliðsjón af slíkum aukastörfum. Yfirstjórn skólanna ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

17. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskað að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda yfirstjórn skólanna beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef yfirstjórn skólanna telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal senda með árs fyrirvara. Yfirstjórn skólanna veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.
Yfirstjórn skólanna setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

18. gr.

Fastir kennarar á menntaskólastigi, er eigi fullnægja gildandi kröfum um menntun kennara, skulu, þegar skólastjórn mælir með því, eiga rétt á orlofi í allt að tvö ár til að ljúka fullgildu prófi. Á þessu tímabili skulu þeir njóta launa eftir mati á aðstæðum hverju sinni. Að náminu loknu skal þeim skylt að kenna a. m. k. þrjú ár við skóla á menntaskólastigi.
Kennarar á menntaskólastigi skulu eiga þess kost, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, að sækja námskeið í aðalkennslugreinum sínum, sér að kostnaðarlausu, til að auka og endurnýja þekkingu sína. Skal þeim skylt að sækja slík námskeið, ef eigi koma til lögleg forföll að dómi skólastjórnar.

19. gr.

Heimilt er yfirstjórn skólanna að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna.

VI. KAFLI
Um húsrými og tæki.

20. gr.

Í hverjum menntaskóla skal séð fyrir húsrými, á skólalóð eða í næsta nágrenni, er nægi til allrar starfsemi hans, svo sem kennslustofum af viðeigandi gerðum, bókhlöðu (sbr. 21. gr.), samkomusal, íþróttahúsi, kennarastofum, félagsherbergjum

nemenda, skrifstofum, eldhúsi og borðstofum og geymslum. Yfirstjórn skólanna skal setja sérstaka reglugerð, þar sem kveðið er á um lágmarkskröfur í þessum efnum og hlutfall milli húsrýmis og nemendafjölda.

21. gr.

Við hvern menntaskóla skal vera safn bóka og annarra kennslugagna, er nemendur eigi aðgang að jafnt á kennslutíma sem utan hans. Í tengslum við bókasafnið skulu vera lestrarsalir, og skal kveðið á um stærð þeirra í reglugerð þeirri, er um getur í 20. gr.

Kennslustofur skólanna skulu eftir föngum vera fagkennslustofur, og skulu þær búnar þeim kosti handbóka, hjálpargagna og kennslutækja, sem þörf er á.

Yfirstjórn skólanna skal, strax eftir gildistöku laganna, semja skrá um nauðsynleg og æskileg rit og tæki. Skrána skal endurskoða í heild eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

VII. KAFLI

Um stjórn skólanna.

22. gr.

Yfirstjórn skólanna er menntamálaráðuneytið. Skólastjórn er skólastjóri og skólaráð undir forsæti hans. Skólaráð skipa aðstoðarskólastjóri, fulltrúar almenns kennarafundar og nemenda (sbr. 23. gr.). Hlutverk skólaráðs er að vera skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur. Skólastjóri kveður skólaráð til fundar með reglulegu millibili og auk þess eftir þörfum. Skólastjórn fer með öll þau málefni skólans, sem ekki eru sérstaklega falin skólastjóra einum eða almennum kennarafundi í reglugerð. Um skipan skólaráðs, starfstíma þess og starfsháttu skal að öðru leyti kveðið á í reglugerð.

23. gr.

Í hverjum skóla skal starfa nemendaráð, er sé fulltrúi nemenda gagnvart skólastjórn og henni til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kýs fulltrúa í skólaráð með þeim réttindum, sem tiltekin eru í ákvæðum reglugerðar um það. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólastjórnar og staðfestingu yfirstjórnar skólanna.

24. gr.

Samstarfsnefnd fyrir menntaskólastigið mynda skólastjórar menntaskólanna, skólastjórar Verzlunarskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands og Tækniskóla Íslands og sambærilegra skóla á menntaskólastigi, er stofnaðir kunna að verða, svo og ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins, sem er formaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að tryggja eftir þörfum samvinnu og samstiga þróun skóla á menntaskólastiginu.

VIII. KAFLI

Um heilsuvernd.

25. gr.

Yfirstjórn skólanna skipar, í samráði við skólayfirlækni og skólastjórn, skólalækna og skólahjúkrunarkonur og ákveður þeim þóknun fyrir starfann. Þau skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum. Setja skal í reglugerð sérstök ákvæði um heilsuvernd í heimavistarskólum.

IX. KAFLI
Um reglugerð fyrir skólana.

26. gr.

Menntamálaráðuneytið setur skólunum, að höfðu samráði við skólastjórnir, reglugerð um framkvæmd þessara laga strax eftir gildistöku þeirra, og skal þar meðal annars kveðið nánar á um þessi atriði:

1. Inntöku nemenda (sbr. 7. gr.).
2. Efnjsinnihald kjarna, kjörsviða og frjálsra valgreina (sbr. 9. gr.).
3. Val námsgreina (sbr. 9. gr.).
4. Lokapróf og mat á námsárangri og hæfni til að flytjast milli námsáfanga (sbr. 10. gr.).
5. Stúdentspróf og annað fullnaðarpróf frá menntaskóla (sbr. 11. gr.).
6. Prófdómendur og verksvið þeirra (sbr. 12. gr.).
7. Starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna (sbr. 13. gr.).
8. Störf kennara utan kennslustunda (sbr. 16. gr.).
9. Orlof (sbr. 17. gr.).
10. Skipan skólaráðs, starfshætti þess og starfstíma, og almennan kennarafund (sbr. 22. gr.).
11. Nemendaráð (sbr. 23. gr.).
12. Heilsuvernd í heimavistarskólum (sbr. 25. gr.).
13. Skólatíma og leyfi.
14. Reglu og aga.
15. Vinnudag nemenda og kennara í skólanum.

X. KAFLI
Um gildistöku laganna.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Eru með þeim numin úr gildi lög nr. 58/1946, um menntaskóla, og önnur ákvæði, er fara í bág við þessi lög. Þó skulu gilda ákvæði eldri laga og reglugerða um námsefni og námstilhögun fyrir þá nemendur, er þegar hafa gengið inn í skólana.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um menntaskóla var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð þá eigi útrætt. Er það nú lagt fram á ný með þeim breytingum, sem á því höfðu verið gerðar í meðförum Alþingis.

Í 1. gr. frv. eftir breytingar Alþingis segir, að menntaskólar skuli vera svo margir sem þörf sé á, „þar á meðal tveir í Reykjavík“ o. s. frv. Þessu hefur menntamálaráðuneytið breytt þannig, að í stað „tveir“ kemur: „a. m. k. þrír“. Þessi breyting er gerð vegna þess, að í sumar var stofnaður þriðji menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Tjörnina.

Þegar frumvarpið var fyrst lagt fram fylgdi því svofelld greinargerð:

„Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði snemma árs 1963 til þess að endurskoða gildandi laga- og reglugerðarákvæði um menntaskóla. Nefndin skilaði ráðuneytinu tillögum í frumvarpsformi með bréfi, dags. 20. nóvember 1968. Fylgdi frumvarpinu svofelld greinargerð:

„Hinn 7. marz 1963 skipaði menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, nefnd „til þess að endurskoða gildandi laga- og reglugerðar ákvæði um menntaskóla.“ Í nefndina voru skipaðir: Kristinn Ármannsson, rektor Menntaskólans í Reykjavík, formaður, Ármann Snævarr, háskólarektor, Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, dr. Broddi Jóhannesson, skólastjóri Kennaraskóla Íslands, Jóhann S. Hannesson, skóla-

meistari Menntaskólans á Laugarvatni, dr. Jón Gíslason, skólastjóri Verzlunarskóla Íslands, og Þórarinn Björnsson, skólameistari Menntaskólans á Akureyri. Árna Gunnarssyni, fulltrúa í menntamálaráðuneytinu, var falið að vera ritari nefndarinnar. Sumarið 1964 var Magnús Magnússon, prófessor, skipaður varamaður háskólarektors, og gegndi hann því starfi þar til í janúar 1966. Hinn 1. september 1965 skipaði ráðherra í nefndina þá Einar Magnússon, rektor, er tekið hafði við stöðu rektors Menntaskólans í Reykjavík, og Guðmund Arnlaugsson, rektor hins nýstofnaða menntaskóla við Hamrahlíð. Loks tók Steindór Steindórsson sæti í nefndinni haustið 1967, er hann hafði verið settur skólameistari Menntaskólans á Akureyri.

Kristinn Ármannsson gegndi formennsku í nefndinni, þar til hann lézt í júní 1966. Þá var Þórarinn Björnsson skipaður formaður, en vegna veikinda hans tók Jóhann S. Hannesson við formennsku í ágúst 1966, og var hann skipaður formaður eftir lát Þórarins Björnssonar í febrúar 1968.

Í árslok 1965 tók þáverandi formaður, Kristinn Ármannsson, saman „Stutta bráðabirgðaskýrslu um störf menntaskólanefndar“ (fskj. 1). Vísast til þeirrar skýrslu um störf nefndarinnar fram að þeim tíma. (Þó með þeim sjálfsagða fyrirvara, að hugmyndir og skoðanir nefndarinnar hafa ekki staðið í stað síðan skýrslan var samin.) Nefndin hafði þá haldið 39 fundi. Síðan hafa verið haldnir 17 einstakir fundir í nefndinni auk samfellds fundahalds að Laugarvatni dagana 26.—31. ágúst 1968.

Í fyrrnefndri bráðabirgðaskýrslu er lýst undirbúningi að störfum nefndarinnar og m. a. rakin stuttlega þróun lagasetningar og reglugerða um menntaskóla á Íslandi, svo og skýrt nokkuð frá skipan hliðstæðra skólastiga annars staðar á Norðurlöndum og víðar.

Í lok bráðabirgðaskýrslunnar eru rakin helztu atriði, sem nefndin hafði þá rætt til nokkurrar hlítar, og gerð grein fyrir nokkrum helztu málefnum, sem ráðgert var að taka til frekari athugunar og meðferðar. Samkvæmt lauslegri verkaskiptingu, sem þá hafði verið gerð, sömdu nefndarmenn greinargerðir um nokkur þessara málefna. Af þessum álitsgerðum eru þær, sem beinast varða lagafrumvarp það, er nefndin hefur samið, birtar sem fylgiskjöl með nefndarálitinu.

Frá því árið 1965 hafa menntaskólarnir í sívaxandi mæli tekið upp margvíslega nýbreytni um ýmis þau atriði, er nefndin hefur tekið til athugunar á fundum sínum, og á sumt af því upptök sín í umræðum nefndarinnar. Ber þar ekki sízt að nefna Menntaskólann við Hamrahlíð, sem frá upphafi hefur troðið nýjar slóðir, enda óbundinn af hefðum og venjum, en raunar er nú svo komið, að í öllum menntaskólunum standa yfir einhverjar breytingar á tilraunastigi, allt frá niðurfellingu einstakra skyldugreina til stofnunar nýrra deilda. Nefndin telur, að slíkar tilraunir verði um sinn heillavænlegasta leiðin til þeirra umbóta á námsefni og kennsluháttum sem augljóslega er þörf á, og hljóti að verða undanfari allsherjar endurskoðunar á námsskrá skólanna. Margar kennslugreinar í menntaskólunum eru að vísu óumdeildar, og að endurskoðun námsefnis þeirra má vinda bráðan bug undir leiðsögn sérfróðra manna í hverri grein. Þess er hins vegar að gæta, að þótt augljós sé nauðsynin á því, að auka fjölbreytnina í námsefni skólanna og fjölga námsleiðum í samræmi við æ margvíslegri þarfir þjóðfélagsins jafnt sem einstaklinga, er engan veginn augljóst hverju af hefðbundnu námsefni skólanna skuli varpa fyrir borð, eða hvað taka skuli upp í stað þess, sem brott er numið. Einnig ber að benda á það, að fyrir ýmsu af því, sem augljóslega skortir á námsskrá skólanna, verður ekki séð í einu vetfangi. Sem eitt dæmi af mörgum má nefna kennslu í þjóðfélagsfræðum, en til hennar skortir bæði menntaða kennara og kennslubækur og raunar, ef svo má að orði kveða, „íslenzkun“ fræðigreinarinnar sjálfrar. Loks má benda á það, að meðan á bæði fyrri og síðari skólastigum er svo margt í deiglunni sem raun er á (t. d. færsla námsefnis niður á lægri aldursstig í barna- og gagnfræðaskólum, hugmyndir um almennt inngangsnám við Háskóla Íslands og endurskoðun á námskröf-

um einstakra deilda), er ekki tímabært að setja kennslu menntaskólanna of þröngar skorður. Meðan svo er ástatt, eru nýjungar og áframhaldandi tilraunir vænlegasta leiðin til umbóta.

Nefndin telur því eðlilegast af stað farið með því að setja lög um menntaskóla, er geri hvort tveggja í senn: a) að tryggja þeim þá aðbúð og það svigrúm, sem þörf er á til áframhaldandi tilrauna, endurskoðunar og umbóta í hverjum skóla um sig, og b) að setja þeim markmið og leggja megindrög að skipulagi þeirra, þannig að eigi skorti sameiginleg umgjörð um starf þeirra allra, þótt þeir haldist eigi í hendur um hvaðeina.“

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. kafli.

Við 1. gr.

Nútímaþjóðfélag krefst æ fleiri manna með þá menntun, sem menntaskólanám er undirbúningur að, einkum vegna vaxandi sérhæfingar á öllum sviðum. Þessar þarfir þjóðfélagsins, sem almenningur í landinu hefur fyrir löngu fundið og skilið, verður ríkisvaldið að uppfylla. Það er þjóðhagsleg nauðsyn, að ætíð sé nægilegum fjölda sérmenntaðra manna á að skipa, en sýna fram á, að við höfum í þessum efnum dregizt aftur úr öðrum sambærilegum þjóðum.

Að því leyti sem þörf þjóðfélagsins á háskólamenntuðum mönnum byggist á efnahagslegum og tæknilegum aðstæðum, er hugsanlegt, — þótt það sé ósennilegt — að hana megi áætla svo nákvæmlega, að hægt sé að tiltaka þann fjölda menntaskóla, sem landið þarfnast. Slík áætlunarframleiðsla á menntamönnum leggur hins vegar þjóðfélaginu þann vanda á herðar um val ungmenna til framhaldsnáms, er naumast yrði leystur í fullu samræmi við hefðir okkar og hugmyndir um sjálfræði þjóðfélagsþegnanna, jafnvel þótt ekki brysti þekkingu og tæki til að spá um það á gelgjuskeiði, yfir hvaða getu til þroska og frama hver og einn býr. Enn fremur er þess að gæta, að útreiknanlegar þarfir þjóðfélagsins eru engan veginn einhlítar til stefnumótunar í menntamálum, óskir og vilji þegnanna, sem renna af fleiri rótum en hinni efnahagslegu einni saman, koma hér eigi síður til greina. Á síðustu áratugum hefur eftirspurn eftir menntun allt fram til 18 eða 19 ára aldurs aukizt gífurlega á öllu því menningarsvæði, sem við teljumst til — og raunar um víða veröld — og er ekki annars að vænta en að sú eftirspurn muni enn fara vaxandi. Í skólamálum, ekki síður en á öðrum sviðum þjóðlífsins kann að reynast nauðsynlegt að sætta og samræma þarfir og getu þjóðfélagsins annars vegar og vilja og óskir þegnanna hins vegar. Í lýðræðisþjóðfélagi hlýtur það að gerast þannig, að mönnum sé með fræðslu og fortölum beint inn á æskilegar námsbrautir, en ekki með því að lokað sé nokkurri leið til mennta. Af þessum sökum telur nefndin óæskilegt, að fjöldi menntaskóla í landinu sé bundinn í lögum. Hins ber þó jafnan að gæta, ekki síst er velja skal nýjum skólum stað, að menntaskóli, er fullnægi öllum kröfum um starfslið, húsrými og tækjabúnað, er dýr stofnun og því dýrari hlutfallslega, sem hann er minni.

Þótt það sé meginstefna, að ríkisvaldið kosti menntaskólana, sakir þess hve dýrar og umfangsmiklar stofnanir þeir eru, er sá möguleiki hugsanlegur, að sveitarfélög eða einstaklingar (félagssamtök) hefðu bolmagn til að stofna og reka menntaskóla. Telur nefndin því rétt, að lagaleg heimild sé þar fyrir hendi, en gæta yrði þess vandlega, að slíkir skólar yrðu á engan hátt verr úr garði gerðir en ríkisskólarnir.

Við 2. gr.

Starf menntaskólanna er umfram allt þáttur í viðleitni samfélagsins til að sjá ungmennum fyrir sem hentugustu og hagstæðustu umhverfi svo langt fram eftir þroskaskeiði sínu, sem hver og einn þarfnast. Almennt hlutverk menntaskólanna er að auka við þá menntun, er nemendur hafa hlotið á fyrri skólastigum, sérhlutverk þeirra er að búa nemendur undir háskólanám. Þetta tvöfalda hlutverk merkir engan veginn klofning eða tvískiptingu í starfi skólanna. Það verður æ ljósara, að bezta undirbúningsmenntunin, hvort heldur undir æðra nám eða líf og starf, felst

síður í öflun tiltekinnar þekkingar en í almennri andlegri þjálfun, hæfilega skipulagðri reynslu af margháttuðum vitsmunalegum viðfangsefnum, og, ekki sízt, þeim vinnubrögðum og hugsunarhætti, sem til þess þarf að tileinka sér nýja þekkingu og ný sjónarmið í síbreytilegu umhverfi.

Við 3. gr.

Nefndin telur, að eins og nú horfir sé hvorki æskilegt né gerlegt að stytta heildarnámstíma menntaskólanna, heldur hljóti þeir að verða fjögurra ára skólar, svo sem verið hefur. Nefndin er á einu máli um nauðsyn þess, að nemendur hefji háskólanám fyrr en nú á sér stað, en telur, að úrræða í þessu efni sé fremur að leita í endurskipulagningu yngri skólastiga, einkum miðskólastigsins.

Svo sem vikið er að í athugasemdum við 2. gr., ber ekki að einskorða skilgreiningu þeirrar almennu menntunar, er menntaskólarnir veita, við tiltekið þekkingarefni. Sama máli gegnir um undirbúning undir háskólanám: hinar ýmsu tegundir háskólanáms krefjast margvíslegri undirbúnings en séð verður fyrir í einni sameiginlegri námsskrá allra menntaskólanema. Allt ber því að sama brunni um réttmæti og nauðsyn þess, að nemendur skólanna eigi um að velja svo margar námsbrautir, að þörfum og áhuga sem allra flestra sé gert til hæfis.

Við 4. gr.

Það virðist sjálfsagt, að fylgt sé í menntaskólunum þeirri venju, sem tíðkazt hefur þar jafnt og á öðrum skólastigum, að piltar og stúlkur sæki sömu skóla. Hér er ekki aðeins um að ræða jafnrétti kynjanna, heldur er álitlegs hluta af hinum ónýtta gáfna- og getuforða þjóðarinnar að leita hjá kvenþjóðinni, og starfssvið menntaðra kvenna í þjóðfélaginu enn mikilstil of þröngt.

Tveir nefndarmenn, þeir Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, og dr. Jón Gíslason, töldu ósækilegt, að fyrir það væri byggt í lögum, að skóli ætlaður öðru kyninu eingöngu gæti orðið menntaskóli, ef það væri í samræmi við sögu og þróun skólans og stuðlaði að aukinni fjölbreytni á menntaskólastiginu. Kom þetta álit fram í umsögn nefndarinnar um tilmæli Kvennaskólans í Reykjavík um leyfi til að brautskrá stúdenta. Skiluðu fyrrgreindir nefndarmenn þar séráliti, er studdi umleitan Kvennaskólans.[1])

Við 5. gr.

Miklum og vaxandi hluta þjóðarteknanna er varið til skólahalds. Rannsóknir og tilraunir, er beinast að því, að það fjármagn, sem varið er í þessu skyni, skili sem mestum og beztum arði, eiga sér bein fordæmi og hliðstæður á flestum sviðum atvinnulífsins. Hinar öru breytingar, sem verða á öllum sviðum þjóðlífsins — í atvinnuháttum, búsetu og menningu — krefjast sífelldrar endurskoðunar á starfsemi skólanna. Þótt svo sé til ætlazt, að rúm sé til tilraunastarfsemi í öllum menntaskólum, þykir rétt að opna heimildarleið til að setja á stofn sérstaka menntaskóla í tilraunaskyni. Ýmsar tilraunir — einkum þær er lúta að meiriháttar breytingum á skipulagi menntaskólanna og tengslum þeirra við önnur skólastig — yrðu auðveldari í framkvæmd í slíkum skólum en í þeim skólum, sem sniðnir eru við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

II. kafli.

Við 6. gr.

Í þessu ákvæði felst fyrst og fremst það, að umsóknir um inngöngu skulu sendar skólunum sjálfum en ekki yfirstjórn skólanna eða annarri miðstöð, er síðan dreifi nemendum á skólana. Enn fremur er svo til ætlazt, að skólarnir skeri sjálfir úr um öll hversdagsleg vafaatriði varðandi rétt einstakra nemenda til inngöngu í þá.

Við 7. gr.

Í 6. grein gildandi laga um menntaskóla er kveðið á um lágmarksaldur til inngöngu. Einsætt virðist að fella beri niður þetta ákvæði og greina á milli skilyrða

1) Sjá fylgiskjal 6.

um undirbúningsmenntun og aldursskilyrða. Staða menntaskólanna í skólakerfinu segir til um það, hverrar undirbúningsmenntunar er krafizt. Að miða þá undirbúningsmenntun við tiltekinn aldur er hins vegar óhyggilegt, bæði vegna einstakra nemenda og vegna kerfisins í heild. Í samfelldu skólakerfi mun að vísu flutningur milli skólastiga jafnan í raun verða tengdur við tiltekinn aldur í langflestum tilfellum, með því að lögbinda þann aldur virðist hins vegar of lítið tillit til þess tekið, hve mishraður er þroski nemenda á þessu aldursskeiði, jafnvel þótt heimilað sé að veita undanþágu frá ákvæðum laganna. Eins og nú er ástatt í skólamálum landsins, virðist nauðsynlegt, að opnar leiðir liggi til endurskoðunar og breytinga á einstökum þáttum og stigum skólakerfisins (sbr. athugasemd við 3. gr. hér að framan), en aldursákvæði núgildandi laga getur aðeins torveldað æskilega þróun af þessu tagi.

Þótt boðleiðir hljóti að liggja milli allra stiga samfellds skólakerfis, verður jafnan að minnast þess, að meginhlutverk slíkra boðleiða er að auðvelda samgöngur, þeim er ekki ætlað að útiloka aðrar leiðir. Nauðsyn jafnt þjóðfélagsins sem einstaklingsins krefst þess, að hæfileikar allra ungmenna komi til skila, en af því leiðir, að engin skólaleið má enda í blindgötu. Verður því að telja sjálfsagt, að fleiri leiðir liggi að menntaskólanámi en boðleiðin um bóknámsdeild miðskóla. Með því einu móti verður það tryggt, að námsleiðarval á gelgjuskeiði hafi ekki í för með sér afsal réttinda, er nemandinn með vaxandi þroska reynist fullhæfur til að færa sér í nyt. Af fjölmennum hópum ungmenna, sem hér kynnu að eiga hlut að máli, vill nefndin einkum benda á gagnfræðinga, en einmitt nú stendur yfir endurskoðun og endurbót á gagnfræðaprófinu, er sennilegt má telja, að auðveldi mjög mat á hæfni gagnfræðinga til að hefja menntaskólanám. Meðal einstaklinga, er tryggð yrðu nauðsynleg réttindi með ákvæðinu um inngöngu af öðrum skólastigum, ber einkum að nefna unglinga, er stundað hafa nám við skóla í öðrum löndum vegna búsetu foreldra sinna þar.

Ef til þess kynni að koma, að tiltekin próf innan skólakerfisins yrðu viðurkennd sem inntökupróf í menntaskóla, svo sem próf úr bóknámsdeild miðskóla er nú, yrðu að sjálfsögðu sett í reglugerð nákvæm fyrirmæli þar að lútandi. Um úrskurð í einstökum og sjaldgæfum tilfellum virðist hins vegar henta bezt, að skólastjórn hafi sem frjálsastar hendur.

Við 8. gr.

Svo kann að vera ástatt um fjárhag eða heilsufar nemanda, að honum henti bezt að stunda nám sitt utan skóla um lengri eða skemmri tíma, og er þá sanngjarnt, að hann eigi greiða leið inn í skólann aftur. Sama máli gegnir um þá, sem flytjast í menntaskóla úr hliðstæðum skólum. Orðalagi greinarinnar er ætlað að gefa skólastjórn nauðsynlegt svigrúm í meðferð slíkra tilfella.

III. kafli.

Við 9. gr.

Ákvæði gildandi laga um námsefnið og kennsluna felast í skrá um þær greinar, er kenna skal, og heimild til að fjölga þeim eða fækka. Að baki þessum ákvæðum liggur sú hugmynd, sem á sér langa sögu og langa hefð, að almenn menntun felist umfram allt í kynnum af tilteknum námsgreinum, og jafnframt að tilteknar námsgreinar hafi almennt menntunargildi umfram aðrar greinar. Í tímanna rás hafa greinar horfið af menntaskránni og aðrar komið í þeirra stað, einkum vegna breyttra hagnýtra þarfa, en grundvallarhugmyndin hefur lítið breytzt. Merkasta breytingin er sú, er fram kemur í skiptingu skólanna í máladeild og stærðfræðideild. Þar er gert ráð fyrir samhliða jafngildum námsbrautum, en á hvorri brautinni um sig er eftir sem áður hvert spor ófrávíkjanlega fyrirskipað. Um nokkurt skeið hefur þótt ljóst, að nauðsynlegt væri að fjölga slíkum námsbrautum innan menntaskólanna, og hefur þá einkum verið rætt um náttúrufræðideild. En jafnframt hefur það álit rutt sér til rúms, að innan menntaskólanna sé ekki aðeins um of fáar námsbrautir að ræða,

heldur sé einnig námsskráin á hverri braut of ósveigjanleg til þess, að hægt sé að sinna misjöfnum þörfum og hæfileikum nemenda að því marki, sem réttmætt og nauðsynlegt má teljast.

Nefndin er einhuga um, að ekki sé hægt að stofna til nauðsynlegra umbóta á námi og kennslu í menntaskólunum með því einu, að breyta námsgreinaskránni eða auka við hana. Annars vegar telur hún það vafasama framför í uppeldislegu tilliti að setja eitt ósveigjanlegt kerfi í annars stað, jafnvel þótt fjölgað sé námsbrautum innan skólans. Hins vegar lítur hún svo á, að vegna hinna öru þjóðfélagsbreytinga, sem yfir standa og telja má víst að framundan séu, væri það að tjalda til einnar nætur að binda það nú í lögum, hvaða greinar séu nauðsynlegar til undirbúnings undir háskólanám eða í hvaða námsefni felist sú almenna menntun, sem þegnar þjóðfélagsins þurfi á að halda.

Af þessum sökum leggur nefndin til, að felld sé brott úr lögum skrá um kennslugreinar skólanna og að tekin séu upp í hennar stað ákvæði, er myndi almenna umgjörð um námsefni, námsmagn og námskröfur skólanna, en setji í þessum efnum starfsemi þeirra þær skorður einar, er nauðsynlegar þykja til að tryggja það, að markmiði þeirra verði jafnan náð.

Um einstök atriði greinarinnar skal þetta tekið fram:

Einingar námsefnis. Kennsla í menntaskólunum hefur að undanförnu því nær undantekningalaust farið fram í 45 mínútna kennslustundum, og hefur seta nemenda í slíkum kennslustundum verið lögð til grundvallar við mat á námsefni og við skiptingu námstímans milli greina. Nefndin væntir þess, að breytingar og umbætur á kennsluháttum skólanna muni fyrr en síðar raska töluvert þessu einfalda hlutfalli milli námsefnis og fjölda kennslustunda, t. d. með því móti, að teknar verði upp mislangar kennslustundir, eftir því, sem henta þykir í hverri grein, eða með því, að ætlaður verði til sjálfstæðrar vinnu nemenda utan kennslustunda meiri tími en nú tíðkast. Í samræmi við þetta er hér lagt til, að námsefnið verði ekki mælt í kennslustundum heldur í einingum er **jafngildi** kennslustundum að yfirferð, þannig að námsefnið sé ákvarðað án þess að sagt sé fyrir um starfshætti í námi eða kennslu. Einingu námsefnis mætti skilgreina á ýmsar lundir, en hentugast virðist að leggja þar til grundvallar meðalkennslustund af því tagi, er tíðkazt hefur. Annars vegar er þess að vænta, að allmikið af kennslu skólanna fari jafnan fram í slíkum kennslustundum, hins vegar er öllum, er hlut eiga að máli, hægðarauki að því, að haldið sé því orðalagi, er nemendum og kennurum er tamast, er þeir meta verkefni sín og afköst.

Kjarni, kjörsvið og frjálsar valgreinar. Sú þrískipting námsefnisins, sem hér er um að ræða, er í samræmi við markmið skólanna eins og það er sett fram í 2. gr. laganna. Kjarnanum er ætlað að vera grundvöllur hinnar almennu menntunar nemenda, á kjörsviði búa þeir sig undir sérnám í háskóla, og í frjálsum valgreinum fær hver þeirra og einn nokkurt svigrúm til að fullnægja einkaþörfum sínum og óskum. Ástæða er til að leggja ríka áherzlu á samhengið milli hinna þriggja þátta námsefnisins. Sú almenna menntun, sem í kjarnanum felst, er að sjálfsögðu jafnframt almennur undirbúningur undir háskólanám, allrækileg kynni af einhverju **einu** þeirra sviða mannlegrar þekkingar, sem kjörsviðin eiga að vera fulltrúar fyrir, er ómissandi þáttur almennrar menntunar, og þótt svo sé til ætlazt, að hinar frjálsu valgreinar geti orðið allsundurleitar, er þeim þó öllum ætlað, hverri á sinn hátt, að efla andlegan þroska nemandans. Þótt allir þættir námsefnisins myndi þannig samfellda heild fyrir sérhvern nemanda, er hverjum þætti engu að síður ætlað sitt sérstaka hlutverk. Hlutverk **kjarnans** er tvíþætt: annars vegar á hann að þjálfa nemendur í meðferð vitsmunalegra tækja — umfram allt móðurmálsins — og kenna þeim vitsmunaleg vinnubrögð, þ. e. a. s. gera þá læsa, talandi, skrifandi og reiknandi í meira en yfirborðslegri merkingu þessara orða, hins vegar á hann, á sem flestum sviðum, að sjá nemendum eftir megni fyrir þeirri þekkingu, sem er grund-

völlur samneytis menntaðra manna, og þeim kynnum af ólíkum fræðilegum viðhorfum og starfsaðferðum, sem eru forsenda gagnkvæms skilnings og samvinnu milli sundurleitra starfshópa menntamanna í fjölskrúðugu menningarþjóðfélagi.

Þegar hlutverki kjarnans er þannig lýst, verður ljósara, hvers vegna hlutur hans í námsefninu er svo stór, sem raun er á. Nefndin lítur eindregið svo á, að ekki beri að auka sérhæfingu í menntaskólunum, heldur muni það reynast fullnægja bezt bæði kröfum háskóla og vinnuveitenda og þörfum þjóðfélagsins og einstaklingsins, að efla umfram allt almenna menntun nemenda, í þeim skilningi, sem hér að framan er lagður í þau orð.

Kjörsviðin hafa einnig sínu sérstaka hlutverki að gegna, og rýrir það, sem að framan er sagt um mikilvægi kjarnagreina, á engan hátt gildi þeirra, þar eð þau hljóta öll að verða efnislega tengd kjarnagreinum. Svo sem áður hefur verið drepið á, er sá þroski, sem vinnst við að einbeita sér á afmörkuðu sviði, veigamikill þáttur almennrar menntunar. En jafnframt er sérhæfing á menntaskólastiginu óhjákvæmileg til undirbúnings undir framhaldsnám í háskóla. Kjörsviðinu er því einnig — og ekki sízt — ætlað að gefa nemendum tækifæri til að fullnægja inntökuskilyrðum einstakra háskóladeilda og búa sig eftir þörfum undir það sérnám, er bíður þeirra í háskólunum.

Frjálsar valgreinar. Þótt hlutverk þessa þáttar sé meðal annars að auka fjölbreytni námsefnisins, er það ekki efnisinnihald greinanna sem skilur hann frá kjarna og kjörsviði. Að sjálfsögðu er svo til ætlazt, að meðal frjálsra valgreina séu greinar, sem hvorki er að finna í kjarna eða á kjörsviðum, og telur nefndin því næsta lítil takmörk sett, hvers konar námsefni kynni hér að reynast boðlegt og eftirsóknarvert. En jafnframt er gert ráð fyrir því, að valfrelsið taki ekki síður til viðbótarnáms í kjarnagreinum og í kjörsviðsgreinum, bæði á kjörsviði nemandans og á öðrum kjörsviðum. Einkum virðist mikilvægt, að nemendur eigi kost á viðbótarnámi á kjörsviði sínu. Enda þótt nefndin sé frábitin aukinni sérhæfingu í menntaskólunum, er henni ljóst, að einstökum nemendum kann að vera bæði hollt og hentugt að afla sér á einu sviði rýmri eða rækilegri þekkingar en almennt er krafizt til stúdentsprófs.

Önnur atriði. Í umræðunum um valfrelsi í skólum hefur þess orðið vart, að ýmsir óttast, að valfrelsið kunni að hafa það í för með sér, að slegið verði af námskröfum, gildi fullnaðarprófa rýrni og los komist á hugmyndir manna um markmið skólanna. Nefndin telur því rétt að benda á það, að auk þess sem hlutur frjálsra valgreina í námsefninu er mjög lítill, eru með ákvæðum um kjarna og kjörsvið reistar öflugar skorður gegn hvers kyns upplausn í náminu. Að því er varðar hæfni nemenda til að velja sér sjálfir námsefni, skal á það bent, að samkvæmt þeim lögum, sem í gildi eru, velja nemendur menntaskólanna sjálfir hömlulaust um deildir, og hefur ekki verið talinn skaði að því. Hversu litla ábyrgð það valfrelsi, sem hér er um að ræða, leggur nemendum á herðar, sézt glöggt, þegar þess er minnzt, að unglingum er nú gert að velja, þegar við 15 eða 14 ára aldur, milli námsbrauta er aldrei koma saman aftur.

IV. kafli.

Við 10. gr.

Þótt sjálfsagt sé að miða við skólaárið um allt ytra skipulag skólanna, rekstur þeirra og fyrirkomulag kennslunnar í stórum dráttum, getur af uppeldis- og kennslufræðilegum orsökum reynzt æskilegt að skipta því í námsáfanga. Slík skipting hefur þegar verið reynd í tveimur menntaskólum og gefið þar góð fyrirheit; er ljóst, að hún getur, er fram líða stundir, stóraukið tækifæri til margs konar umbóta á kennsluháttum. Umfram allt er þess að vænta, að með styttri námsáföngum veitist skólunum léttara að rækja þá skyldu sína, er þeir hingað til hafa af margvíslegum ástæðum ekki rækt sem skyldi, að fylgjast jafnt og þétt með framgangi nemendanna, tryggja jafnan og stöðugan árangur af náminu, afstýra óþörfu falli og náms-

töf, aðstoða þá, sem aftur úr dragast, og beina í tæka tíð inn á aðrar námsbrautir þeim, sem ekki eiga sér viðreisnar von í menntaskóla.

Segja má, að til þessa hafi prófin verið helzta, ef ekki eina tæki skólanna til þess bæði að fylgjast með framgangi nemenda og meta endanlegan árangur af námi þeirra. Með fleiri eða færri prófum á námsárinu — jólaprófum, miðsvetrarprófum og rangnefndum skyndiprófum á ýmsum tímum — hafa kennarar leitazt við að kanna þekkingu nemenda og gefa þeim vitneskju um framgang sinn í náminu. En hlutverk þessara prófa hefur í sívaxandi mæli orðið það eitt, að dæma um námsárangur nemenda og leggja grundvöll að einkunnagjöf. Vetrareinkunnir kennara, sem ætlað er að vega upp það, sem prófin skortir á um öryggi og nákvæmni, byggjast nú iðulega að langmestu leyti á prófum. Meginþunginn í þessu efni hefur þó hvílt á ársprófinu, en samkvæmt gildandi ákvæðum á það að skera úr um rétt nemandans til að setjast í næsta bekk. Kennslugildi og leiðbeiningargildi hafa prófin nú lítið sem ekkert, enda vafasamt að þau hafi nokkurn tíma haft það. Hitt hefur ekki síður verið alvarlegur ágalli á skólunum, að þeir hafa ofmetið úrskurðargildi prófanna. Að kennurum sé þegar orðið þetta ljóst, má sjá af því, að allir skólarnir hafa á undanförnum árum breytt að einhverju marki reglum sínum um vorpróf og flutning milli bekkja, einkum í þá átt að leyfa nemendum að endurtaka ársróf. Í þessum breytingum felst augljós réttarbót fyrir nemendur, en umbætur á sjálfum prófunum og prófakerfinu hafa þær að sjálfsögðu ekki haft í för með sér.

Óumdeilanlegt er, að um allt er lýtur að mati á hæfni nemenda og námsárangri þeirra, höfum við dregizt langt aftur úr sambærilegum þjóðum, ekki sízt á framhaldsskólastigum. Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir því, að til slíks mats eigi skólarnir í framtíðinni yfir að ráða fleiri tækjum en nú, og að hverju slíku tæki — þar á meðal prófum af svipuðu tagi og nú tíðkast — verði ætlað sitt sérstaka hlutverk í heildarmati skólans á hæfni nemandans. Leggja ber áherzlu á, að skilyrði til þess, að svo megi verða, er annars vegar stórbætt starfsaðstaða kennaranna, bæði um vinnuálag og vinnustaði, og hins vegar fræðslu- og upplýsingastarfsemi þeim til handa, af því tagi, sem nú er nánast óþekkt á menntaskólastiginu.

Við 11. gr.

Af sögulegum ástæðum og vegna tengsla við frændþjóðir og háskóla grannlanda er heitinu „stúdentspróf“ haldið, þótt í nokkuð breyttri merkingu sé. Það merkir hér hvorki einstök lokapróf né flokk lokaprófa á síðasta námsári nemandans, heldur er heildarheiti á menntun og lærdómi nemandans, er hann hefur uppfyllt allar námskröfur skólans.

Um þann greinarmun, sem hér er gert ráð fyrir á því að standast próf í grein og ljúka prófi í henni, ber að taka þetta fram: Að standast próf merkir að sjálfsögðu að ná lágmarkseinkunn. Það er álit nefndarinnar, að meðaleinkunn eigi ekki að skera úr um það, hvort nemandi hefur á prófum staðizt námskröfur skólans. Yfirgnæfandi meirihluti nefndarinnar er því þó mótfallinn að krefjast skilyrðislaust lágmarkseinkunnar í hverri grein. Telur hann, að með því væri gengið fram hjá þörfum þeirra nemenda, sem hafa til að bera óvenjulega hæfileika á sumum sviðum, þótt þeir eigi í örðugleikum á öðrum, en slíkir menn eru oft á meðal þeirra, sem þjóðfélagið hefur sízt ráð á, að verði af góðri menntun. Hins vegar er nefndin sammála um, að sjálfsagt sé að setja lágmarkskröfur um einkunn í öllum greinum á kjörsviði nemenda, þar eð svo er til ætlazt, að nemendur velji sér kjörsvið í samræmi við hæfileika sína og áhuga. Af þessum sökum er gert ráð fyrir því, að í reglum um prófkröfur til stúdentsprófs verði nemanda leyft að ljúka prófi í einstökum greinum utan kjörsviðs síns án þess að ná þar lágmarkseinkunn.

Tillaga nefndarinnar um heimild til að taka upp í menntaskólunum annað fullnaðarpróf en stúdentspróf er algjört nýmæli og krefst nokkurrar skýringar. Á undanförnum árum hefur það farið í vöxt, að stúdentar hættu námi eftir stúdentspróf eða innrituðust í háskóla til skammrar dvalar og án þess að hyggja á lokapróf. Er

þannig þegar um að ræða nokkurn hóp nemenda í skólunum sem ýmist þarf ekki á að halda rétti sínum til inngöngu í háskóla eða færir hann sér ekki í nyt. Bendir margt til þess, að fyrir þörfum þessara nemenda yrði bezt séð með því að gefa þeim kost á menntaskólanámi, sem ekki sé bundið af inntökuskilyrðum háskólanna, heldur fyrst og fremst sniðið við hina sívaxandi þörf á mönnum með góða almenna menntun til starfa á fjölmörgum þjóðfélagssviðum. Kæmi þá mjög til greina að bjóða slíkum nemendum kjörsvið almennara eðlis en þau, sem ætluð eru til háskólaundirbúnings, þar á meðal kjörsvið hagnýtra greina. Til að þreifa fyrir sér við undirbúning slíkra almennra eða hagnýtra kjörsviða, gætu skólarnir sem bezt notfært sér það svigrúm, er hinum frjálsu valgreinum er ætlað að gefa þeim.

Loks skal á það bent, að sú breikkun á starfssviði menntaskólanna, sem hér er um að ræða, getur, með því að leggja til bæði fordæmi og fyrirmynd, opnað greiðari leiðir til þess, að öllum almennum framhaldsskólum verði smátt og smátt breytt í menntaskóla — með stúdentsprófi eða án þess — eftir því sem krafan um skólagöngu flestra eða allra þegna þjóðfélagsins til 18 eða 19 ára aldurs vex, svo sem vænta má, að hún geri.

Við 12. gr.

Skólunum sjálfum, nemendum þeirra og þeim skólum, sem við nemendunum eiga að taka, er öllum jafnt þörf á því öryggi, sem umsjón utanaðkomandi prófdómenda með lokaprófum veitir. Hins vegar er þess að gæta, að með vaxandi nemendafjölda verður umsjón prófdómenda, eins og störfum þeirra er nú háttað, æ kostnaðarsamari, auk þess sem reynsla sumra annarra landa bendir til þess, að beinlínis geti orðið hörgull á hæfum mönnum, er hafi tíma aflögu til að sinna slíkum störfum. Þykir því ekki rétt að kveða nánar á í lögum en hér er gert um verksvið og starfsháttu prófdómenda. Hlutverk prófdómenda ákvarðast nú einkum af gamalli hefð, sem ekki er lengur öflugri en svo, að talsverður munur er á störfum prófdómara frá grein til greinar og frá skóla til skóla. Er því brýn nauðsyn, að sett séu í reglugerð, og e. t. v. einnig í erindisbréfi, skýr ákvæði um verksvið prófdómenda.

V. kafli.

Við 13. gr.

Svo kann að virðast, sem upphafsákvæði þessarar greinar sé sjálfsagt og þar með óþarft. Nefndin telur hins vegar, að reynslan sýni annað. Með sívaxandi aðsókn að mentaskólunum verður að telja sennilegt, að þeir hljóti á stundum af illri nauðsyn að taka að sér til skamms tíma umfangsmeiri hlutverk en þeir í rauninni hafa aðstæður til. Er þá þessu ákvæði ætlað að girða fyrir þá hættu, sem sífellt vofir yfir mennsku samfélagi, að neyðarúrræði og bráðabirgðaráðstafanir verði smám saman talin viðunanleg til frambúðar.

Nefndin telur, að aldrei verði of mikil áherzla lögð á það, að meginforsenda fyrir öllum öðrum umbótum á menntaskólunum og jafnframt fyrir áframhaldandi heilbrigðri þróun þeirra er stórfelld umbót á starfsskilyrðum skólanna. Á engri umbót er þar brýnni þörf en þeirri, að skólunum sé betur en nú gerist séð fyrir því fjölbreytta starfsliði, sem þeim er nauðsynlegt. Í starfsmannaskrá þeirri, sem tekin er upp í greinina, er að sjálfsögðu höfð nokkur hliðsjón af þeim kröfum, sem í grannlöndum okkar eru gerðar um starfslið skóla. Hitt er þó meira um vert, að í skránni eru ekki talin önnur störf en þau, sem þannig eru vaxin, að skólastjórar menntaskólanna, ýmist hver um sig eða allir saman, telja sig af daglegri reynslu geta fullyrt, að skortur á sérstökum mönnum til að gegna þessum störfum hái því alvarlega, að skólastjóri geti gert skyldu sína við skóla og nemendur.

Nefndin vill sérstaklega benda á það, að enda þótt fjöldi starfsmanna fari að nokkru eftir stærð skólanna, er fjöldi þeirra starfa, sem gegna þarf, alls staðar hinn sami eða því sem næst.

Við 14. gr.

Með breyttu skipulagi og nýjum kennsluháttum er þess að vænta, að riðlist sú skipting í fastar bekkjardeildir, sem tíðkazt hefur til þessa. Þykir því hentara að miða tölu fastra kennara við tiltekinn nemendafjölda, en ekki við bekkjardeildir eins og gert er í gildandi lögum.

Við 15. gr.

Nefndin telur óhjákvæmilegt, að haldið sé ákvæðum eldri laga um fullgilda undirbúningsmenntun menntaskólakennara, meðal annars til þess að jafnan sé ljóst, hvers eðlis og á hvaða lærdóms- og þekkingarstigi kennslu í menntaskólunum er ætlað að vera, virðist þá eðlilegast að miða kröfur um menntun kennaranna við námsgráðu, sem háskóli landsins veitir. Þó virðist ekki síður óhjákvæmilegt, að heimil sé undanþága frá þessum ákvæðum. Nú þegar er nokkur skortur á fullmenntuðum menntaskólakennurum — einkum í þeim greinum, þar sem skólarnir keppa um starfsmenn við aðra vinnuveitendur (þar á meðal aðrar ríkisstofnanir), sem bjóða betri launakjör — og er í þessu efni lítil von um breytingu til batnaðar, sízt af öllu meðan aðsókn nemenda að skólunum vex svo ört, sem hún gerir nú. Má því telja fullvíst, að skólarnir verði að vera við því búnir, hvort sem þeim líkar betur eða verr, að talsverðan hluta kennaraliðs þeirra skorti þá fyllstu menntun, sem æskileg er. Nefndin lítur svo á, að allmikinn hluta þeirrar kennslu, sem fram fer í menntaskólunum, megi án nokkurrar áhættu fela kennurum, sem ekki hafa fullgilda undirbúningsmenntun, hefur hún þar af augljósum ástæðum einkum í huga kennara með BA-próf frá Háskóla Íslands. Hins vegar telur hún, að ekki verði með góðu móti öðrum en fullmenntuðum kennurum falið að skipuleggja kennsluna í hverri grein, meta hlut hennar í heildarnámsefni skólanna, fylgjast með nýjungum og stýra tilraunum, og setja kennslunni á hverjum tíma mið í samræmi við breyttar kröfur og þarfir. Lágmarksfjöldi fullmenntaðra kennara við hvern skóla er sá fjöldi, sem til þess þarf, að þessum þætti í starfi kennaranna sé jafnan fullur sómi sýndur.

Við 16. gr.

Ákvæði þessarar greinar um kennsluskyldu kennara og skólastjóra eru tekin óbreytt úr gildandi lögum og ákvæðin um vinnu kennara utan kennslustunda án teljandi breytinga. Þar eð þessi ákvæði varða kjaramál, treystir nefndin sér ekki til þess — enda telur það tilgangslaust — að leggja til um breytingar á þeim. Tvennt skal þó tekið fram. Varðandi þann hámarksstundafjölda, sem kennurum er nú gert að kenna, vill nefndin leggja áherzlu á, að hann er að hennar dómi stórum of hár og samræmist illa þeim kröfum, sem gera verður um eðli og gæði menntaskólakennslu. Varðandi hin nokkuð óljósu ákvæði um vinnu kennara utan kennslustunda er rétt að benda á það, að til greina kemur að fella þau niður með öllu, þar eð skýr og ótvíræð ákvæði 13. greinar hér að framan leysa þau að mestu eða öllu af hólmi.

Við 17. gr.

Það er einróma álit nefndarinnar, að skólarnir megi ekki án vera ákvæðanna um orlof kennara og að frekar beri að rýmka þau en þrengja. Að öðru leyti leggur nefndin ekki til efnislegar breytingar á gildandi ákvæðum, enda er hér um að ræða kjaramál.

Við 18. gr.

Tilefni og tilgangur fyrri hluta greinarinnar skýrist af því, sem þegar er sagt í athugasemdum við 15. grein. Varðandi síðari hlutann skal aðeins á það minnzt, sem lýðum er ljóst, að á okkar dögum getur engin stétt, kennarar sízt allra, menntað sig til starfs í eitt skipti fyrir öll.

Við 19. gr.

Þess eru dæmi, að beðið hafi verið jafnvel áratugum saman eftir kennslubók fyrir menntaskólastigið, vegna þess að enginn hefur haft tíma til að semja hana.

Það er mikil vandi að semja góða kennslubók, og verður það ekki gert í hjáverkum. Auk þess krefst nú hin öra þróun í vísindum og kennsluháttum tíðari endurnýjunar kennslubóka en þörf hefur verið á til þessa. Þykir því rétt, að heimild sé til þess að veita kennurum orlof sérstaklega í þessu skyni.

VI. kafli.

Við 20. gr.

Um húsnæði skólanna gegnir sama máli og um starfslið þeirra, að stórfelld aukning umfram það, sem tíðkazt hefur, er algjört skilyrði fyrir öllum umbótum og framförum. Vegna hraðvaxandi aðsóknar er ekki ósennilegt, að skólarnir hljóti iðulega um stundarsakir að búa við þröngan húsakost. Ríður þá á því, að starfsmönnum þeirra og stjórnendum falli eigi úr minni, hvað æskilegt er í þessum efnum, né heldur hvað það er, sem með engu móti verður komizt af án. Er því þörf skýrra lagaákvæða um þörf skólanna og rétt á húsnæði. Ákvæðið um sérstaka reglugerð um þessi efni er sett með hliðsjón af því starfi, sem þegar er hafið í byggingadeild menntamálaráðuneytisins. Gera verður ráð fyrir því, að skólar í örum vexti þurfi að grípa til þess óyndisúrræðis að leigja sér húsnæði, og er þá nauðsynlegt, að því séu takmörk sett, hversu langt burt frá skólalóð megi leita um slíkt.

Við 21. gr.

Af öllu því, sem nú tefur umbætur á starfsemi menntaskólanna og hamlar því, að upp séu teknir kennsluhættir í samræmi við beztu vitund kennaranna um fræðslu og uppeldi, er fátt eins áþreifanlegt og skorturinn á bókasöfnum og lestrarsölum. Má til dæmis benda á það, að kröfunni um meiri sjálfstæða vinnu nemenda, sem segja má, að sé orðin eins konar samnefnari fyrir almenna óánægju með vinnubrögð skólanna, verður með engu móti sinnt, meðan bókakostur skólanna og vinnurými nemenda í húsakynnum skólans er svo gjörsamlega ófullnægjandi sem raun er á.

Leggja ber áherzlu á það, að allar greinar, sem kenndar eru í menntaskóla, eru sérgreinar í þeim skilningi, að til kennslu í sérhverri þeirra þarf í flestum eða öllum kennslustundum á að halda sérstökum bókakosti, sérstökum hjálpargögnum og sérstökum kennslutækjum. Þess vegna er hér lagt til, að kennslustofur skólanna verði eftir föngum sérkennslustofur, búnar til kennslu í einstökum greinum eða flokkum skyldra greina.

Skrá sú um nauðsynleg rit og tæki, sem hér er lagt til að skólunum verði séð fyrir, á sér fyrirmyndir um víða veröld. Er skólunum brýn nauðsyn á þeim leiðbeiningum, er slík skrá myndi veita, meðal annars um það, hvernig bezt verði varið þeim fjármunum, er til þessara þarfa eru ætlaðir á hverjum tíma.

VII. kafli.

Við 22. gr.

Sú breyting á skipan skólastjórnar, sem hér er lögð til, miðar fyrst og fremst að hagnýti og hagræði. Ótal margt í stjórn skólanna, frá agamálum til fjármála, er þannig vaxið, að almennur kennarafundur í stórum skóla er illa til þess fallinn að fjalla um þau fljótt og vel, bæði fyrir stærðar sakir og ókunnugleika. Er því hentugra að fela megnið af framkvæmdastjórn skólanna fámennari hópi, sem þannig sé skipaður, að tryggð sé sú hlutdeild kennaranna í stjórn skólans, sem réttmæt er og skólanum nauðsynleg.

Samkvæmt gildandi ákvæðum laga og reglugerðar er stjórn skólanna að mestu í höndum kennarafundar. Í framkvæmd hefur hins vegar úrskurðarábyrgð um mikinn fjölda mála verið lögð á herðar skólastjóra eins. Er því nauðsyn, að í reglugerð sé skýrt kveðið á um valdsvið skólastjóra og verkaskiptingu milli hans, skólaráðs og almenns kennarafundar.

Við 23. gr.

Hvarvetna þar, sem vikið er að breyttum og bættum kennsluháttum í þessari greinargerð, hefur nefndin ekki aðeins í huga afkastameiri og árangursríkari þekkingarmiðlun, heldur vakir það einnig, og umfram allt, fyrir henni að breyta skólunum í þá átt, að starf þeirra megi verða öflugri þáttur í lífi nemendanna, og þá um leið hlutur nemendanna í skólastarfinu miklu meiri en nú á sér stað, þannig að með rétti og einhverri von um árangur megi krefjast af nemendum meiri áhuga, meiri ábyrgðar og virkari samvinnu en nú er almennt að vænta af þeirra hálfu. Tillaga nefndarinnar um nemendaráð er af þessum toga spunnin. Með því að veita nemendum hlutdeild í stjórn skólanna er enn fremur komið til móts við vaxandi kröfu æskufólks um samábyrgð á þeim málefnum, er það varðar sérstaklega. Réttmæti þeirrar kröfu má meðal annars marka af framtaki og dugnaði nemenda í félagsmálum sínum, og er það athyglisvert, hversu mjög skortir á eðlileg tengsl milli félagsstarfs nemenda og náms þeirra og hversu lítinn stuðning þessir tveir meginþættir í skólalífinu hafa hvor af öðrum. Loks má benda á það, að úr nemendaráði getur, ef vel tekst til, orðið mikilvægt tæki til þjóðfélagsleg uppeldis nemenda. Í lýðræðisþjóðfélagi er nauðsynlegt að beina sem fyrst inn á þroskavænlegar brautir heilbrigðri tortryggni og mótþróa þess, sem stjórnað er, gegn stjórnandanum, til dæmis með því að leyfa honum eftir föngum að kynnast því af eigin raun, í hverju felst ábyrgð þeirra, sem stjórna skulu.

Félagssamtök nemenda eru skipulögð með sínu móti í hverjum skóla, enda aðstæður og sögulegar forsendur hvergi hinar sömu. Við suma skólana er þegar sprottinn vísir að sjálfstjórn nemenda, svo að með nýmælinu um nemendaráð er ekki stofnað til neinnar byltingar. Virðist því henta bezt að setja ekki almennar reglur um skipan og störf nemendaráðs, heldur láta hefðir og venjur á hverjum stað ráða sem mestu um þróun mála.

Við 24. gr.

Nefndin telur æskilegt og eðlilegt, að skólar á menntaskólastigi séu af mörgu tagi, svo sem nú er, og síður en svo nauðsynlegt, að allir skólar af sama tagi séu eins um allt. En þótt nefndin mæli ekki með samræmingu skólanna umfram það, sem nauðsyn krefur, telur hún að þeim gæti öllum orðið margvíslegt gagn að nánari og skipulegri samvinnu en nú á sér stað milli þeirra. Augljós þörf er á slíkri samvinnu um allt er lýtur að verkaskiptingu milli einstakra skóla eða skólagerða, svo sem ráðgjöf um skólaval og flutning nemenda milli skóla, tilraunir og nýjungar í kennsluháttum, framboð á námsgreinum, sem lítil eftirspurn er eftir o. s. frv. Einnig mætti, að því er skóla í Reykjavík varðar, benda á hugsanlega sameign skólanna á dýrum bókum og tækjum og jafnvel byggingum, og er með því á engan hátt dregið úr fyrri ummælum um þarfir hvers skóla um sig í þeim efnum.

VIII. kafli.

Við 25. gr.

Um heilsuvernd nemenda hafa heimavistarskólar utan þéttbýlis algjöra sérstöðu, sem af eðlilegum ástæðum er ekki tekin til greina í gildandi reglugerð. Til heilsugæzlu í slíkum skólum þarf hjúkrunarkonu í fullu starfi, eins þótt héraðslæknir kunni að sitja í grennd við þá. Að öðrum kosti er lögð á skólastjóra þyngri ábyrgð um líf og heilsu nemenda en sanngjarnt verður talið.

IX. kafli.

Við 26. gr.

Frumvarp þetta felur að mestu leyti í sér almenna umgerð um menntaskóla, stöðu þeirra í skólakerfinu, hlutverk, kennslu, starfslið og starfshætti. Ef frumvarpið verður að lögum, verða þau lög því fyrst og fremst rammalög. Fjölmörgum atriðum, sem greind eru í frumvarpinu, þarf að gera frekari skil í reglugerð, og sum-

um þarf að skipa þar að stofni til. Mælir þessi grein frv. því fyrir um setningu reglugerðar. Er ljóst, að mjög þarf til hennar að vanda. Núgildandi reglugerð um menntaskóla heldur gildi eftir því sem við getur átt, unz ný reglugerð er sett.

Jóhann S. Hannesson. Steindór Steindórsson. Birgir Thorlacius.
Broddi Jóhannesson. Guðm. Arnlaugsson. Ármann Snævarr. Jón Gíslason.

Með fyrirvara:
Einar Magnússon.

Fylgiskjöl:

1. „Stutt bráðabirgðaskýrsla um störf menntaskólanefndar" tekin saman af Kristni Ármannssyni, des. 1965. (Fyrri hluti.)
2. Álit sérnefndar, er falið var að athuga um tengsl menntaskóla og lægri skólastiga, dags. 29. okt. 1964.
3. „Könnun á tengslum háskóla og menntaskóla" (álit sérnefndar), sept. 1965.
4. „Vinnuaðstaða nemenda, kennara og skólastjóra", álitsgerð dr. Jóns Gíslasonar, dags. 6. des. 1965.
5. „Eiga hagnýtar námsgreinar heima í menntaskóla?", álitsgerð dr. Jóns Gíslasonar, dags. 6. des. 1965."
6. Tilmæli Kvennaskólans í Reykjavík um réttindi til að brautskrá stúdenta:
   a) Umsögn meiri hluta menntaskólanefndar.
   b) Sérálit Birgis Thorlacius, stutt af dr. Jóni Gíslasyni.

Fylgiskjal I.

Stutt bráðabirgðaskýrsla um störf menntaskólanefndar.

(Tekin saman af Kristni Ármannssyni í desember 1965. — Seinni hluti skýrslunnar ekki birtur hér.)

Störf nefndarinnar.

A.

a. Yfirlit og upphaf.

Með bréfi, dags. 7. marz 1963, skipaði menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, 7 manna nefnd „ til þess að endurskoða gildandi laga- og reglugerðarákvæði um menntaskóla". Þessir voru í nefndinni: Ármann Snævarr, háskólarektor, Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, Broddi Jóhannesson, skólastjóri, Jóhann Hannesson, skólameistari, Jón Gíslason, skólastjóri, Kristinn Ármannsson, rektor, og Þórarinn Björnsson, skólameistari. Auk þess var skipaður ritari nefndarinnar Árni Gunnarsson, fulltrúi í Menntamálaráðuneytinu. Sumarið 1964 var Magnús Magnússon, prófessor, skipaður varamaður háskólarektors í nefndinni að beiðni rektors. Og 1. sept. 1965 skipaði ráðherra rektorana Einar Magnússon og Guðmund Arnlaugsson einnig í nefndina. —

Eins og kunnugt er, starfa menntaskólarnir — eins og flestir íslenzkir skólar — samkvæmt fræðslulögunum frá 1946—47, menntaskólarnir, nánar tiltekið, samkv. lögum nr. 58 7. maí 1946. Merkustu ártöl í sögu menntaskólanna á þessari öld að því, er breytingar snertir, eru þessi: 1904, þegar ný reglugerð var sett fyrir Latínuskólann í samræmi við breytingu á latínuskólum í Danmörku og víðar á Norðurlöndum 1903. Þar komu í stað gömlu latínuskólanna fjögurra ára miðskólar (mellemskoler) og þriggja ára menntaskólar (gymnasier). Á Íslandi var gamla 6 ára Latínuskólanum breytt í Hinn almenna menntaskóla með þriggja ára gagnfræðadeild og

þriggja ára lærdómsdeild. Næsti merkisviðburður var 1919, þegar lærdómsdeildinni var skipt í máladeild og stærðfræðideild. Árið 1937 var samin og samþykkt ný reglugerð fyrir Hinn alm. menntaskóla, sem nú hlaut sitt núverandi nafn, Menntaskólinn í Reykjavík. Aðalbreytingin, sem þessi reglugerð gerði á skólanum, var sú að gera tvo fyrstu bekkina gagnfræðadeild, en hina fjóra menntadeild, sem lyki með stúdentsprófi. Auk þess var nokkur tilfærsla á einstöku námsgreinum. Loks koma svo 1946 ofangreind lög um menntaskóla og í framhaldi þeirra Reglugerð fyrir menntaskóla 1951. Lögin (og reglugerðin) héldu sömu skipan um tímalengd menntaskóla, þó að þessir skólar séu víðast hvar á Norðurlöndum þriggja ára, aðallega af því að ekki þótti fært að komast yfir sama námsefni á þremur árum, þar sem námstíminn í íslenzku skólunum er svo miklu styttri en í erlendu skólunum. —

Fræðslu- og kennslumál hafa mjög verið á döfinni síðustu áratugi í nálega öllum menningarlöndum. Jafnvel þegar **Bretar** áttu mest í vök að verjast á síðari heimsstyrjaldarárunum, létu þeir sig fræðslumálin miklu skipta og settu ný lög um þau mál árið 1944 (The Butler Act). Mikilvægustu ákvæði þessara laga voru hækkun á skólaskyldualdri (upp í 16 ár) og breyting á deildaskiptingu framhaldsskólanna (11—16). Framhaldsskólarnir (Secondary Schools) skiptast í 3 deildir eða flokka: 1) Secondary Grammar Schools, sem leggja áherzlu á bóklegt nám og eru einkum ætlaðir nemendum, sem ætla að stunda háskólanám; 2) Secondary Technical Shools, þar sem lögð er áherzla á raunvísindi og 3) Secondary Modern Schools, sem ætlaðir eru þeim, sem ekki eru tækir í hina tvo flokkana. Þessir skólar samsvara að mestu leyti gagnfræðastiginu hér. Menntaskólarnir (The Sixth Form, eða 6. bekkur) eru tveggja til þriggja ára. Þeir leggja áherzlu á undirbúning undir háskólanám og skiptast aðallega í tvær deildir, hugvísinda- og raunvísindadeild. Nemendur hafa aðeins fáar höfuðnámsgreinar, en geta svo valið sér aukagreinar. Þeir vinna oft saman í smáhópum (6—8). Í Bretlandi hefur mjög færzt í aukana skólafyrirkomulag, sem Bandaríkin og Svíþjóð hafa tekið upp, hinir svonefndu Comprehensive Schools. Þessir skólar eru tiltölulega nýtilkomnir (sá fyrsti var stofnaður 1957). Hafa þeir naumast fengið fulla reynslu og eru því enn nokkuð umdeildir. Eins og nafnið gefur til kynna eru þeir „yfirgripsmeiri" og fjölbreyttari en aðrir framhaldsskólar og innganga í þá er auðveldari en í aðra framhaldsskóla. Fyrsta árið eru nemendur í smáhópum, 4—16 í hóp, á meðan verið er að reyna þá. Eftir fyrsta árið eru þeir svo greindir í bekki og nám eftir mismunandi hæfileikum, en tilfærslur milli bekkja og námsefnis eru þeim síðar auðveldaðar. Þetta eru mjög fjölmennir skólar, oft með 2000—3000 nemendum.[1])

Næstir koma svo **Íslendingar** með skólalöggjöf sína frá 1946.

Danir höfðu þegar árið 1937 gert allveigamiklar breytingar á skólalöggjöf sinni, einkum að því, er varðaði „miðskólann" (Mellemskolen). Frekari breytingar töfðust af síðari heimsstyrjöldinni, og ný fræðslulög voru ekki sett fyrr en 1958 með leiðbeiningum og reglum („rauðu bókinni", 1960). Samkvæmt ákvæðum þessara laga er í framhaldi „aðalskóla" (hovedskole) þriggja ára gagnfræðaskóli, sem veitir inntöku í 3ja ára menntaskóla. Fyrsti bekkur hans skiptist í 2 deildir, máladeild og stærðfræðideild, en efri bekkirnir 2 skiptast aftur annars vegar í fornmáladeild, nýmáladeild og þjóðfélagsfræðideild og hins vegar í stærðfræðideild, náttúrufræðideild og þjóðfélagsfræðideild. Auk þess eru kjörgreinar, (einkum í málum). Nokkrar greinar eru sameiginlegar (fælles) í öllum deildum og mynda eins konar kjarna.

Þessi ákvæði eru nú í þann veginn að komast í framkvæmd, nema helzt þjóðfélagsfræðideildirnar, enda vantar enn bæði kennara og kennslubækur.

Danir hafa ekki enn séð sér fært að hækka skólaskyldualdurinn, sem er enn einungis til 14 ára.

Stúdentaviðkoman er sú lægsta á Norðurlöndum; 1960 var hún 5.8% af aldursflokkunum, 1965 var gert ráð fyrir 7.8% og 1970 er gert ráð fyrir 9.0% til 10.7%.

1) Sbr. Teaching in Comprehensive Schools. A First Report. Cambridge 1960.

Meðaltala stúdenta af aldursflokki á Norðurlöndum er nú talin h. u. b. 15%.

Svíar hafa haft sig mjög frammi í skólamálum á síðari árum, og að því er snertir rannsóknir á þeim sviðum eru þeir taldir standa einna fremst í Evrópu.

Á grundvelli tillagna skólanefndarinnar frá 1957 var árið 1962 sett ný löggjöf um skyldunámið (grundskolan), sem komin skal til fullra framkvæmda 1972. Nýskipan menntaskólastigsins var ákveðin 1964 á grundvelli tillagna sérstakrar menntaskólanefndar frá 1960 og svo nefndrar „fagskólanefndar" frá 1962. Þessi nýskipan á að koma til framkvæmda árið 1966. Samkvæmt henni verða menntaskólarnir þriggja ára skólar (tæknideildir þó fjögurra ára) í beinu framhaldi af hinum 9 ára skyldunámsskóla. Fyrsta menntaskólaárið er námið að miklu leyti óskipt, en á öðru ári greinist það í fimm aðalnámsbrautir, þ. e. hugvísinda-, þjóðfélagsfræði-, hagfræði-, raunvísinda- og tæknideild (-„linje"). Hagfræði- og tæknideild greinast síðar innbyrðis í kvíslir, og í öllum deildum er gert ráð fyrir nokkru valfrelsi um námsgreinar og námsefni. Hins vegar skulu þær allar hafa sameiginlegan kjarna undirstöðugreina. Miklar breytingar eru gerðar á próffyrirkomulagi og stúdentspróf afnumið í núverandi mynd.

Auk hinna eiginlegu menntaskóla verða á menntaskólastigi svo nefndir fagskólar, tveggja ára. Eiga þeir ýmislegt sameiginlegt menntaskólunum, en stefna beinna að því að veita tiltekna starfsmenntun eða undirbúning undir frekari sérhæfingu. Í fagskólunum verða þrjár aðaldeildir: þjóðfélags-, hagfræði- og tæknideild.

Hugsunin með þessu kerfi er, að sem flestir unglingar fái notið hæfileika sinna að fullu, hver á sínu sviði. Afleiðingin verður m. a. sú, að stúdentaviðkoman eykst óðfluga, enda gera Svíar ráð fyrir, að um 1970 gangi um 50% af hlutaðeigandi aldursflokki í skóla menntaskólastigsins, þar af um 30% í menntaskólana sjálfa, en um 20% í fagskólana.

Því er ekki að neita, að allar þessar breytingar hafa valdið allmiklum deilum, ekki aðeins í Svíþjóð, heldur og á Norðurlöndum yfirleitt.

Norðmenn hafa haft sig miklu minna frammi en t. d. Svíar í skólamálum. Fræðslulöggjöf þeirra er frá 1935, 1959 og nú síðast 12. júní 1964 lög um gagnfræða- og menntaskóla. Samkvæmt síðastnefndum lögum eru gagnfræðaskólar 3ja eða 2ja ára og eru í framhaldi 7. bekkjar barnaskóla. Samkvæmt nýjustu tilskipan er barnaskólinn nú 6 ára og 3ja ára unglingaskóli. Þeir, sem óska, geta einnig verið 10. árið í unglingaskóla. Menntaskólar eru þriggja ára og eru annaðhvort framhald á 9 ára unglingaskóla eða 2. bekk gagnfræðaskóla. Auk þess getur menntamálaráðuneytið veitt ýmiss konar undanþágur, svo sem fjögurra ára menntaskóla í framhaldi 7 ára barnaskóla með viðbótarnámsskeiði, svo og 3ja ára verzlunardeild o. fl. Að öðru leyti eru engin ákvæði um deildaskiptingu í lögunum, en sennilega falið einstökum skólum í samráði við menntamálaráðuneytið að ákveða það. Sú deildaskipting, sem hingað til hefur verið ríkjandi er: Raunvísindadeild (Reallinjen), enskudeild (e. k. nýmáladeild) latínudeild, náttúrufræðideild, norrænudeild og „ökonomisk" deild eða skole (e. k. millistig milli verzlunarskóla og þjóðfélagsfræðadeildar). Annars hefur hið mjög áhrifamikla Félag menntaskólakennara (Lektorlaget), sem hallast heldur að fjögurra en þriggja ára menntaskólum, stungið upp á eftirfarandi skiptingu, hvort sem bekkirnir eru 3 eða 4: Fyrsti bekkur sé sameiginlegur, efri bekkirnir (2 eða 3) skiptist í a) 1. eðlis- og stærðfræðideild; 2. líffræði- og stærðfræðideild og 3. þjóðfélagsfræðideild og b) 1. nýmáladeild, 2. þjóðfélagsfræðideild og 3. fornmáladeild. Nokkuð svipað og í Danmörku, en ennþá í deiglunni.

Í **Finnlandi** eru menntaskólar venjulega þriggja ára í framhaldi 5 ára miðskóla. Um það bil 75% menntaskólanna eru í einkaeigu eða sveitarfélaganna. Árið 1963 gaf finnska þingið út tilskipun um þá breytingu á skólakerfinu, að miðskólinn hverfi í núverandi mynd, en í hans stað komi 9 ára samfelldur skóli (líkt og 9 ára unglingaskólinn, sem nú á að komast á í Noregi), en af honum taki svo við þriggja eða fjögurra ára menntaskóli. Samband finnskra menntaskólakennara er andvígt þess-

ari breytingu; segir, að of mikið muni þá verða slakað á kröfum, enda vanti tilraunir og reynslu. Í fyrra var því skipuð skólamálanefnd til þess að rannsaka málið, og er því skólafyrirkomulagið í Finnlandi einnig í deiglunni.

Einnig í **Vestur-Þýzkalandi** hafa skólamálin verið mikið rædd upp á síðkastið, enda er stúdentaviðkoman talin vera alltof lítil til þess að fullnægja sívaxandi þörfum. Það, sem gerir þar erfiðara fyrir, er, að hin einstöku „Länder" hafa rétt til þess að ákveða hvert sitt skólakerfi. Hingað til hafa víðast hvar verið 9 ára menntaskólar og þá oftast með 3 deildum (eða skólum): 1) Nýmáladeild, 2) fornmáladeild og 3) stærðfræði-náttúrufræðideild. Árið 1959 komu menntamálaráðherrar der Länder sér saman um að stinga upp á svonefndu „rammakerfi" (Rahmenplan). Samkvæmt því er um tvenns konar menntaskóla að ræða, lengri („Langform"), frá 5. til 13. námsárs, og svarar nokkurn veginn til fornmáladeildar, og styttri („Kurzform"), sem er 7 ára og er framhald 6 ára barnaskóla. Síðari skólategundin skiptist í 3 síðustu bekkjunum í stærðfræði- og náttúrufræðideild og máladeild; auk þess er eins konar verzlunar- og þjóðfélagsdeild (Wirtschaftsgymnasium). Fyrirkomulagið er mjög umdeilt og enn ekki komið fyllilega til framkvæmda.

Í **Frakklandi** hafa skólarnir hingað til að miklu leyti starfað eftir svo nefndu Langevin-Wallon-kerfi frá 1947. Að vísu var gefin út tilskipun 1959 með allmiklum breytingum, en eftir henni hefur ekki verið farið nema að nokkru leyti, einkum að því er námsefni snertir. Tilskipunin á að koma til framkvæmda 1967. Aðalbreytingin var hækkun á skólaskyldualdri úr 14 í 16 ár. Skólakerfið á að vera þannig:

1. 5 ára barnaskóli fyrir 6 til 11 ára börn („le cycle elementaire").
2. Tveggja ára millistig („le cycle d'observation"), þar sem á að aðgreina börnin til framhaldsnáms.
3. Á eftir „le cycle d'observation" koma:
   a) Þriggja ára unglingaskóli, sem undirbýr undir ýmis störf, t. d. barnakennslu, og
   b) Fjögurra ára menntaskóli (le lycée), sem skiptist í tvennt:
      1) fornmáladeildir með mismunandi mikla áherzlu á forntungurnar og mikla áherzlu einnig á raunvísindi, og
      2) nýmáladeildir (les modernes), þar sem lögð er áherzla á nýmál og eðlisstærðfræði. Þær njóta minna álits en „les lycées".

Efsta bekk (classe terminale) lýkur með „baccalauréat", sem tekið er í tvennu lagi með eins árs millibili (fyrri og síðari hluti af baccalauréat).

Að lokum verður hér gerð örstutt grein fyrir skólafyrirkomulaginu í Bandaríkjunum og í Ráðstjórnarríkjunum, en á báðum stöðum er það mjög frábrugðið því, sem gerist á Norðurlöndum og í V.-Evrópu.

Í **Bandaríkjunum** eru menntaskólar ekki á sama hátt og í Evrópu, en ónákvæmt má segja, að í Bandaríkjunum svari til þeirra efstu bekkirnir í „senior high school" + 1 til 2 ár í „college".

Barnaskóla- og gagnfræðastig samsvara að nokkru í U. S. A. stigunum elementary og high (junior og senior). Um þrenns konar fyrirkomulag er að ræða:

8 ára „elementary" + 4 ára „high"

6 ára „elementary" + 6 ára „high"

6 ára „elementary" + 3 ára „junior high" + 3 ára „senior high"; 6 + 6 var algengast, en 6 + 3 + 3 er að vinna á.

Segja má, að nálega allir unglingar geti sótt high school. Námsgreinar eru afar margar, og nemendur hafa mjög frjálst val um þær. Lágmarkskröfur til lokaprófs (graduation) eru litlar, þó að mjög sé það misjafnt eftir skólum. Í sumum skólum er teikning, sönglist og bílaakstur skyldugreinar, og mikil áherzla er lögð á íþróttir. Til nemenda, sem ætla sér í fjögurra ára college (háskóla), eru þó gerðar talsvert meiri kröfur.

Aðsóknin bæði að high schools og colleges heldur áfram að aukast, t. d. er gert

ráð fyrir, að 40% af aldursflokkunum 18—21 árs sæki college. Að vísu er námsefnið í bandarískum háskólum miklu fjölbreyttara en í evrópskum.

Eins og high schools eru misjafnir í U. S. A., eru háskólarnir það ekki síður, enda er aðsóknin að hinum beztu og frægustu svo mikil, að árlega verður að vísa fjölmörgum frá.

Ekki hefur skort á ádeilur á fræðslukerfið í sjálfum Bandaríkjunum. Meðal hinna mörgu, sem fundið hafa að, eru þeir James B. Conant og J. Lloyd Trump. Hinn síðarnefndi hefur borið fram mjög róttækar tillögur um kennsluformið. Hann vill annaðhvort kenna í fyrirlestrum, 100 nemendum eða fleiri í einu, eða í smáhópum, 12—15 eða 2—3, í samræðum eða sjálfsnámi.

Í **Ráðstjórnarríkjunum** tóku skólamálin miklum framförum eftir síðari heimsstyrjöldina. Fyrsta takmarkið var að koma á 7 ára skóla fyrir alla, og 1951 var ákveðið, að eftir 1955 skyldi vera 10 ára skólaskylda í borgum og eftir 1960 í sveitum.

Khrusjtsjov gerði nokkrar breytingar á þessu með lögum frá 1958. Samkvæmt þeim er skólaskylda í 8 ár, og á kennslan að vera almennt menntandi og „polytekn-isk", þ. e. jafnframt bóknámi eiga nemendur einnig að stunda erfiðisvinnu, sem hæfir þeirra aldri. Síðan kemur 3ja ára framhaldsskóli, sem virðist ekki vera skylda, og er með þrenns konar sniði:

1. Almennur verknámsskóli, þar sem nemendur fá kennslu annaðhvort á sérstökum skólavinnustöðum, í næstu verksmiðju eða búi.
2. Kvöldskólar fyrir ungmenni, sem eru í vinnu á daginn og
3. Sérstakir tækniskólar, þar sem minni háttar tæknisérfræðingar geta fengið menntun sína.

Auk þess eru sérskólar allt frá barnaskólastigi fyrir sérstaklega gáfuð börn, t. d. í stærðfræði, hljómlist o. s. frv.

Eiginleg deildaskipting er ekki eftir námsefni og prófkröfum, en munur er gerður á þeim eftir héruðum. Námsefnið er ekki mjög frábrugðið því, sem gerist í vestlægum löndum, en lögð er áherzla í sífellt ríkara mæli á raunvísindagreinar og einnig á rússneskar bókmenntir og eitt erlent mál.

Eftir 11 ára nám verða flestallir nemendur að vinna venjulega vinnu, og próflaust fá ekki nema beztu nemendur inngöngu í háskóla, enda eru mikil þrengsli í þeim eins og í öðrum æðri skólum. Er lögð mikil áherzla á að greiða veg hinna gáfuðustu ungmenna.

Eitt sovézkt einkenni eru hinir mörgu bréfaskólar. Um 400 **háskóladeildir víðsvegar um landið hafa hver sína bréfakennsludeild.** —

Loks skal hér nefndur meðalaldur stúdenta við stúdentspróf í sömu löndum (nema Bandaríkjunum og Ráðstjórnarríkjunum; samkv. upplýsingum OECD, 1960):

Bretland	18 ára
Ísland	19—20 —
Danmörk	18½ —
Svíþjóð	20 —
Noregur	19 —
Finnland	19 —
V.-Þýzkaland	20 —
Frakkland	19 —

Eins og þetta örstutta og ófullkomna yfirlit yfir skólafyrirkomulag nokkurra landa (Norðurlanda og fáeinna stórvelda) sýnir, eru skólamál nú hvarvetna með menningarþjóðum mjög á döfinni, hvarvetna eru þau breytingum undirorpin, ýmist er ný skólalöggjöf nýlega komin á, en ekki komin fyllilega í framkvæmd, eða hún er í undirbúningi, eða hún er svo ný, að naumast er komin full reynsla fyrir henni. En þetta sýnir bezt hinn aukna skilning bæði almennings og yfirvalda á hinu sívaxandi gildi skóla og kennslu. Í mjög stórum dráttum má e. t. v. segja, að stefnan í skólamálum, beinist nú meir en áður að því að leita uppi hæfileika hvers einstakl-

ings, á hvaða stigi og á hvaða sviðum, sem þeir hæfileikar eru, og þroska þá og efla, svo að þeir komi bæði einstaklingnum og heildinni að sem mestum notum.

Eftir þennan „útúrdúr" verður nú aftur snúið að nefndinni og hennar störfum. Hún hefur hingað til (nóvember 1965) haldið alls 39 fundi. Af þeim var einn haldinn með menntamálaráðherra, tveir með byggingarnefnd Menntaskólans í Reykjavík og auk þess nokkrir með einstaklingum og smáhópum eða nefndum, sem þessi nefnd hefur unnið með.

Þegar í upphafi var nefndinni vel ljóst, hve mjög skólamál voru á döfinni í nágrannalöndunum og því nauðsynlegt að afla sér sem fyrst sem mestra og beztra upplýsinga og gagna frá nágrannaþjóðunum og e. t. v. fleiri þjóðum.

Var víðtækra upplýsinga af þessu tagi aflað með atbeina menntamálaráðuneytisins.

Tvennt var það annað, sem nefndin óskaði svars við þegar á fyrsta fundi (12. júlí 1963). Annað var það, að þar sem allir nefndarmenn væru bundnir við umsvifamikil embættisstörf, og sumir búsettir utan Reykjavíkur, væri illmögulegt eða ómögulegt að halda tíða og reglulega fundi, og því ómögulegt að leysa verkið af hendi í skyndi. Svar ráðuneytisins var, að ekki væri til þess ætlazt, að verkið yrði unnið í miklum flýti, enda hefðu hliðstæð fundarstörf hjá hinum Norðurlandaþjóðunum tekið langan tíma. Hitt atriðið, sem nefndin óskaði úrskurðar um, varðaði samband og samstarf við önnur skólastig. Taldi nefndin ómögulegt að einangra menntaskólastigið án þess að hafa samband og samráð við háskóla-, gagnfræða- og barnaskólastig. Var svar ráðherra við því jákvætt.

Þá var rætt og ákveðið að útbúa og senda út spurningaskrá til ýmissa skólamanna, stúdenta og samtaka varðandi nokkur helztu vandamál nefndarinnar. Skrá þessi var tilbúin í desember 1963 og hljóðaði á þessa leið:

1. Teljið þér breytingar á skipulagi íslenzkra menntaskóla aðkallandi, og að hverju ættu þær þá að stefna?
2. Hvaða galla teljið þér helzta á núverandi skipulagi?
3. Hvernig ætti tengslum milli a) miðskólastigs og menntaskóla b) menntaskóla og háskóla að vera háttað?
4. Eiga menntaskólar að vera þriggja eða fjögurra ára skólar?
5. Hvert á að vera höfuðverkefni menntaskóla?
6. Eiga menntaskólar að skiptast í deildir eftir námsefni, og þá hverjar?
7. Er rétt að hafa jafnframt kjörgreinar?
8. Á að gera breytingar á núverandi námsefni skólanna, og þá hverjar?
9. Á að gera breytingar á núverandi kennsluháttum skólanna, t. d. veita nemendum meira svigrúm til sjálfstæðra vinnubragða?
10. Eiga kennslustofur að vera eingöngu sérkennslustofur eða bæði almennar og sérstakar?
11. Aðrar athugasemdir og tillögur.

Spurningarnar voru sendar eftirfarandi aðilum:

a) Háskólakennurum.
b) Kennurum við menntaskóla, Kennaraskóla Íslands, Verzlunarskóla Íslands.
c) Félögum og samtökum háskólamanna (svo sem: Bandalagi háskólamanna, Félagi B.A.-prófsmanna, Félagi ísl. fræða, Fél. ísl. náttúrufr., Tannlæknafél. Ísl., Verkfr.fél. Ísl.), deildarfélögum stúdenta í H. Í.
d) Samtökum kennara, skólastjórum gagnfræðastigs og barnaskólastigs.

Skömmu síðar var einnig ákveðið að senda þessar spurningar

e) Fulltrúum íslenzkra stúdenta við háskólanám erlendis.

Nefndin mæltist til þess, að svör bærust ritara nefndarinnar fyrir 15. febrúar 1964. Það reyndist þó of mikil bjartsýni, og var fresturinn framlengdur til 1. maí sama árs.

Allmörg svör bárust, og voru þau fjölrituð og þeim útbýtt meðal nefndarmanna og nokkurra fleiri. Síðan hefur verið gerður stuttur útdráttur úr þeim, og fylgir hann

hér með. Svör bárust frá miklum mun færri en búizt hafði verið við, en þó komu fram margar mjög athyglisverðar athugasemdir og tillögur. Verður þeirra að nokkru getið síðar, þegar hin einstöku atriði og vandamál verða rædd, og nokkur afstaða tekin til þeirra af nefndarinnar hálfu.

b. Fundarhöld og samstarf við önnur skólastig.

Eins og áður er getið, hefur verið vandkvæðum bundið að halda reglulega fundi í nefndinni. Hún hefur oftast stillt svo til að halda fundi, þegar nefndarmenn utan Reykjavíkur hafa átt bezt með að sækja. Fundirnir hafa oftast verið haldnir í húsakynnum Menntaskólans í Reykjavík og nokkrum sinnum í Arnarhvoli. Til þess að flýta afgreiðslu málsins stakk nefndin upp á því að hafa sama hátt á fundarhöldum og skólamálanefndin frá 1945 hafði, en hún sat mikinn hluta sumars á sífelldum fundum á Laugarvatni. Þessu fékkst þó ekki framgengt. En tvisvar tókst samt að halda nokkra samfellda fundi, í ágúst 1964 og í byrjun september þ. á. Hefði verið ákjósanlegt, að fleiri slíkir fundir hefðu verið haldnir.

Á fundunum var oftast sá háttur hafður á, að það mál eða þau mál voru rædd, sem ákveðin höfðu verið á fundinum á undan. Var þá mjög oft fenginn einhver sérfræðingur eða sérfræðingar til þess að koma á fundinn, reifa málið og skýra og svara spurningum nefndarmanna. Stundum voru það líka heilar nefndir eða fulltrúar þeirra, sem nefndin var í samstarfi við. Engar samþykktir voru gerðar á þessum fundum, en málin skýrðust á þennan hátt.

Eins og áður er getið taldi nefndin óhjákvæmilegt að hafa samráð og samstarf við hin skólastigin, og væri ákjósanlegt, að þau settu á laggirnar nefndir, a. m. k. tvær, aðra fyrir háskólann og hina fyrir barnaskóla- og gagnfræðastigið. Ástæðurnar fyrir þessu samstarfi liggja í augum uppi: þar sem skólakerfið er samfellt og áframhaldandi, og þar sem verksvið menntaskólanna er að öðrum þræði að búa nemendur undir háskólanám, verða menntaskólarnir að þekkja til hlítar þær kröfur, sem háskólinn (og að vissu marki erlendir háskólar) gerir. Jafnframt ber menntaskólunum að kynnast vandlega, hvernig háttað er undirbúningi nemenda á lægri stigunum, og hvaða tilfærslur og breytingar geta átt sér stað, svo að hægt sé að fullnægja síbreytilegum kröfum háskólans.

Eitt atriði enn er rétt að nefna, þegar rædd eru tengsl hinna fjögurra skólastiga, en það er stúdentsaldurinn. Í mörgum svörum við spurningum nefndarinnar kemur það fram, að mikill galli er það talið vera, hve gamlir nemendur eru, þegar þeir ljúka stúdentsprófi, nefnilega 19—20 ára, einkum þegar tekið er tillit til hins langa háskólanáms (sem í sumum greinum er að lengjast ískyggilega mikið). Að vísu má segja, að stúdentsaldur hér er ekki svo ýkja hærri en annars staðar (sbr. skrá á bls. 22), en sumarleyfi (sbr. síðar) miklu lengra, og loks losna íslenzkir unglingar við herþjónustu, en samt væri það kostur, ef lækka mætti stúdentsaldurinn um a. m. k. eitt ár. Mætti helzt gera það með tilfærslum milli stiga. —

Fyrir tilstilli prófessors Ármanns Snævarr, háskólarektors, útnefndi háskólaráð eftirtalda menn í nefnd til þess að kanna tengslin milli menntaskóla og háskóla: Prófessorana Magnús Magnússon (formann), Bjarna Guðnason, Guðlaug Þorvaldsson, Steingrím Baldursson, svo og Eyþór Einarsson, náttúrufræðing. Verður störfum og tillögum þessarar háskólanefndar lýst stuttlega hér á eftir:

Eftir nokkur fundarhöld gerði háskólanefndin eftirfarandi samþykkt, sem hún afhenti menntaskólanefnd á sameiginlegum fundi:

„Nefndin hefur orðið sammála um, að strax þurfi að gera eftirfarandi:

1. Að láta fara fram könnun meðal háskólakennara eða háskóladeilda á þeim kröfum, sem þeim þykir tilhlýðilegt að gera til menntaskólanáms.
2. Að láta hliðstæða könnun fara fram meðal ýmissa stofnana. Við kannanir þessar mætti hafa hliðsjón af spurningalistum þeim, er Svíar hafa notað, sbr. Kraven på gymnasiet (Sth. 1963).
3. Að láta semja spjaldskrá, er greindi frá ferli stúdenta að loknu stúdentsprófi.

Augljóst er, að gagnasöfnun þessi og sú tölfræðilega úrvinnsla, sem fara þarf fram, er allmikið verk. Fer háskólanefndin þess á leit við menntaskólanefndina að fá starfslið um nokkurra mánaða skeið til að inna verk þessi af hendi".

Jafnframt kom sú skoðun fram, „að nauðsyn sé á fastri rannsóknarnefnd eða -stofnun á sviði skólamála".

Svipuð skoðun og tillaga kemur einnig fram frá hinni nefndinni (sjá síðar).

Menntaskólanefndin taldi mjög nauðsynlegt, að slík könnun færi fram, eins og getið er í ofangreindri samþykkt, 1.—2 tölulið, frá 30. okt. 1964. Og með samþykki ráðherra var Valdimar Kristinsson, viðskiptafræðingur, ráðinn til þess að hjálpa til að semja spurningaskrá og síðan vinna úr svörunum í samráði við háskólanefndina. Spurningaskráin var samin með hliðsjón til spurninga Svíanna, eins og áður getur, en gerð einfaldari og að nokkru sniðin eftir íslenzkum aðstæðum. Síðan var hún prentuð og send út til 116 háskólakennara. Alls komu svör frá 55% aðspurðra, og var því þátttakan naumast eins góð og búizt hafði verið við. Svörin voru síðan fjölrituð, eftir að unnið hafði verið úr þeim (í september 1965). Er hér vísað til þeirrar úrvinnslu, en hennar getið síðar, er ýmis einstök atriði verða rædd. —

Eins og áður getur þótti rétt, að auk háskólanefndar starfaði einnig nefnd fyrir barnaskóla- og gagnfræðastigið. Ræddi formaður menntaskólanefndar þetta við Helga Elíasson, fræðslumálastjóra, og bað hann um að hafa forustu í slíkri nefnd og tilnefna menn í hana. Brást hann vel við þessu og kaus sér til aðstoðar þá skólastjórana Árna Þórðarson, Kristján Gunnarsson og Benedikt Sigvaldason, svo og Bjarna Vilhjálmsson, formann landsprófsnefndar. Voru þeir á sameiginlegum fundi með menntaskólanefndinni og tóku síðan til starfa. Aftur var haldinn fundur með þessari nefnd í nóvember 1964, og hafði hún þá skilað áliti sínu og tillögum. Hafði fræðslumálastjóri orð fyrir þeim. Hann taldi m. a., að ekki væri ástæða til að hafa áhyggjur af háum stúdentsaldri. Gott væri, að nemendur væru þroskaðir, þegar þeir kæmu í háskólann. Einnig taldi hann hæpið að lengja skólaárið í menntaskólunum, betra, að það stæði árinu lengur en að sumarleyfið yrði stytt.

Eins og álitsgerð nefndarinnar ber með sér, er hún tvíþætt: 1) annars vegar svör við beiðni menntaskólanefndar „að athuga tengsl menntaskóla og lægri skólastiga og hverra breytinga sé þörf í því efni" og 2) hins vegar sérstakar nýjar tillögur.

Hvað fyrra atriðið snertir telur nefndin, að kennsla bæði í tungumálum og eðlis- og efnafræði eigi að hefjast fyrr en nú og geti byrjað í efstu bekkjum barnaskólanna. Jafnframt þurfi að breyta kennsluaðferðum og bæta allan aðbúnað og tæki. Yrði þá að breyta námsskrá þessara skólastiga, svo og undirbúningsmenntun kennara í þessum greinum.

Um síðara atriðið, nýjar tillögur, er það að segja, að þeir koma inn á svipað atriði og háskólanefndin, nefnilega rannsóknarstofnun skólamála. Segja þeir orðrétt: „Af þessu tilefni viljum við leyfa okkur að vekja athygli á, hversu aðkallandi það er, að komið verði upp rannsóknarstofnun skólamála, sem stöðugt vinni að athugunum og tilraunum á sviði skóla- og uppeldismála" og aftur: „Til þess að standa undir kostnaði við þá rannsóknarstofnun, sem hér er gert ráð fyrir, leggjum við til, að henni verði árlega ætlaður ákveðinn hundraðshluti af því fjármagni, sem varið er til skólamála í landinu".

Menntaskólanefnd hefur mælzt til þess, að þessi nefnd geri nánari tillögu um tilfærslur á lægstu stigunum tveimur, og hefur fræðslumálastjóri tekið þeim tilmælum vel.

26. janúar 1965 var menntaskólanefndin boðuð til fundar við menntamálaráðherra til þess að ræða störf nefndarinnar. Formaður gerði í upphafi stuttlega grein fyrir þeim og starfi undirnefnda hennar. Magnús prófessor Magnússon jók nokkru við, að því er varðaði störf þeirrar nefndar, er fjallar um tengsl háskóla og menntaskóla. Skýrði ráðherra síðan frá því, að hann hefði að undanförnu hugleitt, hvort ekki væri ástæða til að efna til víðtækrar endurskoðunar á fyrri skólastigum samhliða því, að fjallað væri um nýskipan menntaskóla. Kvaðst hann hallast að því, að hent-

ugast mundi vera að fela sérfróðum mönnum, t. d. einum fyrir hvert skólastig, að vinna verkið í fullu starfi, en að bakhjarli hefðu þeir tiltölulega fjölmennar nefndir, er kæmu saman öðru hverju til að fjalla um greinargerðir sérfræðinganna. Upp úr þessu starfi gæti e. t. v. vaxið rannsóknarstofnun. Spunnust síðan nokkrar umræður um það, hvernig skyldi háttað sambandi sérfræðinganna og nefndanna, en ekki var komizt að neinni niðurstöðu. En ráðherra kvaðst mundu ræða við meðráðherra sína um að ráða fasta starfskrafta til að vinna að endurskoðunarstarfinu.

c. Gallar á núverandi skipulagi menntaskólanna.

Í spurningaskrá þeirri, er nefndin sendi út og áður er getið, er með 2. spurningu spurt um gallana á núverandi fyrirkomulagi menntaskólanna. Bárust allmörg svör þar að lútandi. Þá hefur einn nefndarmanna (Jóhann Hannesson, skólameistari) ritað stutta greinargerð um það atriði, og loks er dálítið, einkum óbeint, komið inn á það í rannsókn háskólanefndar á tengslum háskóla og menntaskóla.

Á þessum stað verða aðeins allra helztu gallar, sem taldir eru, stuttlega raktir, en ekki ræddir fyrr en komið er að því að ræða niðurstöður og ályktanir nefndarinnar.

1. Of fáar deildir og valfrelsi of lítið í einstökum greinum.
2. Kennslubókum og kennsluaðferðum ábótavant.
3. Nemendur venjast ekki nóg sjálfstæðum vinnubrögðum, en of mikill tími færi í yfirheyrslur.
4. Of mörg tungumál séu kennd, einkum í stærðfræðideild.
5. Kennslu í ýmsum mikilvægum greinum (svo sem listum og heimspeki) vanti.
6. Yfirleitt séu námsgreinar of margar og engin kennd til hlítar.
7. Of hár stúdentsaldur.

Nokkrir fleiri gallar eru til nefndir, en þessir eru hinir helztu.

Nokkur huggun er það í þessum hörðu dómum, að í allmörgum bréfum frá íslenzkum stúdentum, er stunda nám við erlenda háskóla, er það tekið fram, að yfirleitt standi íslenzku stúdentarnir hinum innlendu stúdentum fyllilega á sporði. Það sé aðeins á vissum sviðum, sem eitthvað vanti á undirbúning, og svo — e. t. v. eðlilega — ekki sé nóg æfing í talmáli hlutaðeigandi lands.

Hvað skólakerfið íslenzka sjálft snertir, hefur það sætt minna aðkasti í ræðu og riti, en framkvæmd þess aftur á móti talsverðu, eins og alltaf má búast við. Margir erlendir skólamenn, er hafa kynnt sér það, hafa látið þau orð falla í eyru þess, er þetta ritar, að kerfið væri að mörgu leyti skynsamlegt, frjálslegt og að ýmsu leyti á undan sínum tíma. Það séu einkum tveir kostir við það: 1) Það veiti flestum unglingum á skyldunámsaldri nokkurn veginn jafna aðstöðu til náms og 2) þeir þurfi ekki að taka ákvörðun um framhaldsnám fyrr en 15 ára gamlir, en erlendis hafi þeir hingað til orðið að gera það 11—12 ára gamlir, sem sé of snemmt yfirleitt. Einmitt m. a. þessu sé nú verið að breyta með nýrri skólalöggjöf í öðrum löndum.

Fylgiskjal II.

Tengsl menntaskóla og lægri skólastiga. Álit sérnefndar.

Með bréfi menntaskólanefndar, dags. 10/7 1964, var þess farið á leit, að við undirritaðir tækjum sæti í „sérnefnd til að athuga tengsl menntaskóla og lægri skólastiga og hverra breytinga sé þörf í því efni".

Við, sem undirnefnd þessa skipum, höfum rætt málið á breiðum grundvelli og orðið sammála um, að ýmissa breytinga sé þörf á námsefni og námstilhögun í barna- og gagnfræðaskólum. Til dæmis viljum við sérstaklega nefna eftirtalin atriði:

a. Tungumálakennsla hefjist fyrr en nú er og byrji í efstu bekkjum barnaskólans.
b. Kennsluaðferðir við tungumálanám séu jafnframt endurskoðaðar.
c. Eðlis- og efnafræðikennsla hefjist fyrr en nú er, eigi síðar en í efsta bekk barnaskóla og sé stórum aukin í gagnfræðaskólum. Í þeirri grein skortir nú að mestu kennsluaðstöðu, kennslutæki og kennara. Í sambandi við aukna kennslu í eðlis- og efnafræði þarf einnig að endurskoða stærðfræðikennsluna í barna- og framhaldsskólum (tilfærslur námsefnis milli aldursflokka o. fl.).
d. Flestar breytingar, sem gerðar kynnu að vera í skólunum skv. ofangreindu eða á öðrum sviðum, myndu leiða til þess, að þörf væri einhverra breytinga á menntun kennara, m. a. með aukinni æfingakennslu.
e. Ef námsefni væri fært niður í barnaskóla eins og hér hefur verið rætt um, myndi það óhjákvæmilega leiða til endurskoðunar og breytinga á námsskrá og tilflutnings námsefnis milli barna- og gagnfræðaskóla og e. t. v einnig milli gagnfræða- og menntaskóla.
f. Athuga þarf í grundvallaratriðum próf og einkunnagjafir í barna- og gagnfræðaskólum.
g. Athugun fari fram á því, hvort hlutfall þeirra nemenda, sem standast ekki millibekkjapróf í menntaskóla, sé ekki óeðlilega hátt. Enn fremur verði athugað, hvort ekki sé hægt að veita framangreindum nemendum tækifæri til að ljúka hagnýtu framhaldsnámi, t. d. tækni- eða verzlunarnámi.

Okkur virðist, að þau fáu atriði, sem hér hefur verið drepið á, leiði í ljós annars vegar, hversu umfangsmikið verkefnið er, og hins vegar hvernig fræðslukerfið er allt samofið, þannig að hver einstök lausn hlýtur oft að leiða til breytinga víðar en á einu skólastigi.

Af því leiðir að okkar áliti, að allar breytingar á námsefni, kennslutilhögun og tengslum milli skólastiga krefjast mikils undirbúnings og vinnu, sem tæplega verður framkvæmd nema á löngum tíma með skipulagðri vinnu og sérhæfðum starfskröftum.

Þar sem við höfum hvorki starfsaðstöðu til að láta slíka vinnu í té né sérþekkingu til að leysa verkefnið af hendi, treystum við okkur ekki til að leggja fram ákveðnar tillögur um breytingar innan barna- og gagnfræðaskólanna. Slíkar tillögur myndi algerlega skorta nauðsynlegan grundvöll í rannsóknum á skólastarfinu á öllum skólastigum og þeirri heildarsýn yfir hugsaða uppbyggingu þess, sem þyrfti að vera forsenda þeirra.

Af þessu tilefni viljum við leyfa okkur að vekja athygli á, hversu aðkallandi það er, að komið verði upp rannsóknarstofnun skólamála, sem stöðugt vinni að athugunum og tilraunum á sviði skóla og uppeldismála.

Meðal nokkurra óleystra verkefna, sem slík stofnun ætti að vinna að eða fá unnin (t. d. af Hagstofu Íslands og Efnahagsstofnuninni), má nefna þessi:

1. Uppeldishlutverk skólans í þjóðfélagi, sem tekur örum breytingum, þ. e. hvernig skólinn getur gert æskuna sem hæfasta til að lifa í nútímaþjóðfélagi.
2. Hvernig varðveitir skólinn bezt sérkenni íslenzks þjóðernis?
3. Athugun á mannfjölda og aldursflokkaskiptingu þjóðarinnar.
4. Áætlun um þróun atvinnuveganna og skiptingu vinnuaflsins milli starfsgreina.
5. Áætlun um menntunarkröfur innan hinna einstöku starfsgreina.
6. Mannaflaáætlun. Hve margra sérhæfðra einstaklinga þarfnast hver starfsgrein?
7. Samsvörun milli menntunarstigs og starfsgreinavals. Leiðbeiningar skólans um starfsval og undirbúningsmenntun (sérhæfingu) til starfs.
8. Hvernig getur sú viðleitni skólans, að allir einstaklingar fái sem jafnasta aðstöðu til að njóta sín og komast til menntunar og þroska, eftir því sem hæfnin leyfir, orðið sem raunhæfust í framkvæmd?
9. Kennaraþörf (fjöldi kennara) og kennaramenntun, sem fullnægt geti ofangreindum þörfum skólans og þjóðfélagsins.
10. Skólastofnanir, nauðsynlegur fjöldi þeirra og stærðgreining.

11. Fjármagnsþörf og nýting þess í skólakerfinu. Athuganir á hagræðingu. Rannsakað verði sambandið milli menntagæða landsmanna og aukinnar framleiðni þjóðarbúsins.
12. Rannsóknir (og tilraunir) á mörgum innri þáttum skólastarfsins, svo sem uppbyggingu skólanna og tengslum milli skólastiga, kennslutækni, námsefni, prófum og prófkröfum, lengd skólatíma o. m. fl.

Ofangreindar áætlanir þyrftu yfirleitt að ná 15—20 ár fram í tímann, þ. e. ná yfir þau ár, sem það tekur nemendur að ljúka skyldunámi og sérnámi til undirbúnings starfi.

Þeim verkefnum, sem bíða úrlausnar og óhjákvæmilegt virðist, að verði a. m. k. að einhverju leyti leyst í sambandi við endurskoðun skólakerfisins, hafa hér ekki verið gerð nein fullnægjandi skil.

Þau atriði, sem nefnd hafa verið, benda þó til þess, að víðtækar rannsóknir í skólamálum séu orðnar mjög aðkallandi.

Til þess að standa undir kostnaði við þá rannsóknarstofnun, sem hér er gert ráð fyrir, leggjum við til, að henni verði árlega ætlaður ákveðinn hundraðshluti af því fjármagni, sem varið er til skólamála í landinu.

Reykjavík, 29. október 1964.

Helgi Elíasson. Kristján J. Gunnarsson. Bjarni Vilhjálmsson
Árni Þórðarson.

Til menntaskólanefndar.

Fylgiskjal III.

Könnun á tengslum háskóla og menntaskóla.

Könnun sú, sem hér er gerð grein fyrir, var gerð af sérnefnd, sem háskólaráð kaus í júlí 1964 að tilmælum menntaskólanefndar. Verksvið nefndarinnar var „að kanna tengsl menntaskóla og háskóla". Nefndarmenn: próf. Magnús Magnússon, formaður, próf. Guðlaugur Þorvaldsson, próf. Steingrímur Baldursson, Eyþór Einarsson, grasafræðingur, og próf. Bjarni Guðnason. Valdimar Kristinsson, viðskiptafræðingur, vann að könnuninni á vegum nefndarinnar. Nefndin skilaði áliti í september 1965.

1. Almennar skýringar.

1.1 **Tilgangur og lýsing könnunar.** Tilgangurinn með könnuninni var að fá fram skoðanir háskólakennara varðandi nám í menntaskólum. Var miðað við fjölda greina og atriða, og mati hvers og eins gefið tölulegt gildi, þannig að reikna mætti út meðaltöl og gera grein fyrir niðurstöðunum á einfaldan hátt.

Í svörum við lið A skyldu kennararnir aðeins taka tillit til náms í sínum greinum við háskólann, en við lið B jafnframt taka tillit til ýmissa þátta þjóðlífs og menningarlífs. Liður C fjallaði svo um þekkingu og starfsleikni stúdenta. Fleiri spurningar voru lagðar fyrir, og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

Spurningaformið var í aðalatriðum gert eftir sænskri fyrirmynd, en þar í landi hefur einmitt farið fram könnun meðal háskólakennara varðandi tengslin milli háskóla og menntaskóla til undirbúnings gagngerðri breytingu á menntaskólanáminu. Spurningarnar hér voru þó aðlagaðar innlendum aðstæðum. Var í greinum og atriðum tekið allt með, er koma þótti til greina, að kennt yrði í íslenzkum menntaskólum miðað við núverandi aðstæður.

1.2 **Hverjum sent?** Spurningaformið var sent til allra þeirra, er kenna við Háskóla Íslands, eða alls til 116 kennara.

1.3 **Hverjir svöruðu?** Alls svöruðu 64 kennarar eða 55% aðspurðra. Átta hinna spurðu voru erlendir sendikennarar, og af þeim svaraði einn. Svör bárust því frá 63 af 108 innlendum kennurum. Af þeim komu tvö ekki til álita, þar eð þau bárust svo seint. Var því um að ræða 61 svar frá 108 spurðum eða rúm 56%. Svarendur skiptast þannig, að 4 kenna við guðfræðideild, 30 við læknadeild (þar af 7 til upphafsprófs og I. hluta, 8 í tannlækningafræði og 3 í lyfjafræði), 6 við viðskiptadeild, 6 við íslenzk fræði, 8 við B.A. deild og 7 við verkfræðideild. Aðeins eitt svar barst frá lögfræðideild, frá aukakennara, og kom það ekki, fyrr en úrvinnslu var nær lokið. Unnið var úr 49 svörum eða rúmum 45% aðspurðra.

1.4. **Úrvinnsla.**

1.4.1 Niðurstöður þessarar könnunar verður að taka með töluverðri varúð. Þetta er fyrsta könnun af þessu tagi hér á landi, og hafa því spyrjendur og svarendur ef til vill ekki áttað sig á öllu sem skyldi. Einnig eru svörin fá, en hér er heldur ekki nema einn háskóli og hann lítill. Enn fremur barst ekkert svar frá einni deild, lögfræðideild, nema þetta eina, sem kom of seint. Æskilegt hefði verið, að fleiri hefðu svarað, en þó má árangurinn teljast viðunandi. Má og hafa í huga, að svarendur hafa vegna stöðu sinnar betri skilyrði til að leysa úr þessu verkefni en flestir aðrir.

Unnið var úr svörum þeirra kennara, sem kenna á fyrstu þremur árum háskólanámsins, þar sem gera má ráð fyrir, að kröfur þeirra um undirbúningsnám beinist að verulegu leyti að menntaskólanáminu. Hins vegar eru kröfur þær, sem gerðar eru á síðari árum háskólanáms, miðaðar að nokkru leyti við nám á fyrri háskólaárunum. M. a. af þessum sökum var ekki unnið úr svörum kennara við II. og III. hluta læknisfræði, þó að svör þeirra við spurningum IX, XI og að verulegu leyti III B séu jafngild svörum annarra kennara. Rétt væri að vinna að nýju úr svörum við þessum spurningum og taka þennan hóp með.

Unnið var úr svörum við spurningum III, A, III B, V C, IX og XI. Hér að framan var minnzt á spurningar A, B og C, en að öðru leyti vísast til spurningaformsins.[1]) Spurning IX fjallaði um, á hvað mætti leggja aukna áherzlu og á hvað minni áherzlu í menntaskólanáminu, og spurning XI laut að því að ganga úr skugga um, hvort ýmsar breytingar á námstilhögun myndu verða nemendum í hag eða óhag.

Ekki var unnið úr svörum við fleiri spurningum, enda var ekki öllum svarað og sum svör sundurlaus.

1.4.2 Fyrst var unnið úr svörum við spurningum A, B og C á þann hátt, að svar við hverri grein var sett í dálk eftir þeirri einkunn, sem hver og einn hafði gefið. Síðan var fundin meðaleinkunn hverrar greinar, með því að meðaleinkunn deildarinnar var vegin með fjölda innritaðra stúdenta í viðkomandi deild haustið 1964. Þetta gilti um svör A og B, en meðaleikunn fyrir C var ekki reiknuð.

Meðaleinkunn greinar í deild j

$$\bar{e}j = \frac{\sum_{i=o}^{4} kij \; ei}{\sum_{i=o}^{4} kij}$$

þar sem kij = fjöldi kennara í deild j, sem gefur einkunn i og einkunnin ei = i, i = o, 1, 2, 3, 4.

1) Ekki birt hér.

Meðaleinkunn greinar fyrir allar deildir

$$\bar{e} = \frac{\sum_j n_j \bar{e}_j}{\sum_j n_j}$$

þar sem n_j = fjöldi innritaðra stúdenta í deild j haustið 1964.

1.5 **Stofnanir og fyrirtæki.** Samtímis þessu var með lítilli fyrirhöfn látin fara fram aukakönnun meðal allmargra fyrirtækja og stofnana. En þessir aðilar voru spurðir hliðstæðra spurninga og háskólakennararnir. Í þessu sambandi voru einkum hafðir í huga stúdentar, sem fara beint út í atvinnulífið. Ekki var unnið úr svörunum, þar sem þau bárust ekki mörg og voru vart fullnægjandi.

2. Niðurstöður.

2.1 **Hvað segja III A, III B, V C og IX og XI?** Í dálki A skyldi svarandi aðeins taka tillit til náms í sínum greinum og gefur því heildarmeðaltalið ($\bar{e}$) til kynna meðalkröfur háskólans í dag. Í þessum dálki ber þó einkum að gefa gaum að meðaltölum innan deilda ($\bar{e}_j$), þar sem kröfurnar eru mjög misjafnar til hinna ýmsu námsgreina. Í dálki B átti **einnig** að taka tillit til ýmissa þátta þjóðlífs og menningarlífs og þar gefur heildarmeðaltalið ($\bar{e}$) vísbendingu um almennar kröfur þjóðfélagsins.

Úr C var ekki hægt að reikna meðaltal, eins og áður segir, en úr frumvinnslunni er hægt að lesa álitið á þekkingu og starfsleikni meiri hluta stúdenta.

Ef einkunn í B dálki er mun hærri en í A dálki ($\triangle\bar{e} = \bar{e}_B - \bar{e}_A \geq 1$) bendir það til, að kröfur þjóðfélagsins séu þeim mun meiri en háskólans sérstaklega. Þetta gildir einkum um eftirfarandi greinar: Bókmenntir, stafsetningu, samningu ritgerða, Íslandssögu, mannkynssögu, náttúrulandafræði, þjóðfélagslandafræði, þjóðfélagsfræði, líffræði, sálarfræði, bókfærslu, vélritun, stjörnufræði, eðlisfræði, dýrafræði, grasafræði, líkamsrækt, myndlistarkynningu og tónlist. Eðlilegt sýnist, að kjarni menntaskólanámsins sé einkum byggður upp af þeim greinum, sem fá hæsta einkunn í B ($\bar{e} \geq 2$), en þær eru: Bókmenntir, íslenzk málfræði, setningafræði og merkjasetning, stafsetning, samning ritgerða, danska, enska, þýzka, Íslandssaga, mannkynssaga, náttúrulandafræði, þjóðfélagslandafræði, þjóðfélagsfræði, almennur reikningur, algebra, vélritun, eðlisfræði, efnafræði, almenn líffræði, líkams- og heilsufræði, og síðast en ekki sízt **ætti að haga náminu þannig, að það þjálfaði almenna starfsleikni og sjálfstæð vinnubrögð,** þar á meðal leikni í að tjá sig skipulega í rituðu og mæltu máli.

2.2 **Skipting greina og atriða í hópa.** Greinarnar og atriðin, sem spurt var um, þ. e. helztu námsgreinar menntaskólanna í framtíðinni, skiptast í allmarga flokka eftir skyldleika. Verður nú gerð nokkur grein fyrir hverjum flokki fyrir sig og þeim einkunnum, sem hann hefur hlotið.

2.2.1 **Bókmenntir (nr. 1—4).** Bókmenntir fá heldur lágt í A, nema helzt íslenzk bókmenntasaga. Deildarmeðaltal, $\bar{e}_j$, er frá 0 upp í 2.8 fyrir íslenzkar bókmenntir og bókmenntasögu. En þessar greinar fá hátt í B. Kröfur þjóðfélagsins eru þá mun meiri en háskólans.

2.2.2 **Íslenzk tunga (nr. 5—9).** Greinar íslenzkrar tungu fá nokkuð hátt í A og enn hærra í B. Deildarmeðaltöl, $\bar{e}_j$, í A eru t. d. frá 1.1. upp í 2.6 fyrir setningafræði og merkjasetningu, frá 1.0 upp í 3.0 fyrir stafsetningu og frá 0.9 upp í 3.8 fyrir íslenzkar ritgerðir. Hæst í B eru stafsetning og íslenzkar ritgerðir.

2.2.3 **Nýmál (nr. 10—17).** Tungumálin fá mjög misháar einkunnir. **Danska** er há, **sænska** lítið lægri í sumum deildum. **Enska** er mjög há; fær reyndar bæði í A og B hæstu meðaleinkunn, sem gefin er fyrir einstakar námsgreinar. **Þýzka** er há í A og B, deildarmeðaltöl, ēj, í A frá 0.3 upp í 3.0, og **franska** er allhá í B, en lág í A, deildarmeðaltöl, ēj, frá 0.2 upp í 1.3. Spænska, ítalska og rússneska eru aftur á móti mjög lágar, bæði í A og B.

2.2.4 **Fornmál (nr. 18—20). Latína** er lág bæði í A og B og **gríska** mjög lág. Deildarmeðaltöl, ēj, í A eru fyrir latínu frá 0 upp í 3.2 (guðfræðideild) og fyrir grísku frá 0 upp í 3.7 (guðfræðideild). Aftur á móti er **orðmyndunarfræði** lítið eitt hærri en latína. Hugmynd spyrjenda var sú, að sænskri fyrirmynd, að kanna hvort orðmyndunarfræðin gæti ekki komið í stað fornmálanna. Er ekki víst, að allir svarendur hafi áttað sig á þeirri hugmynd.

2.2.5 **Trúarbrögð og heimspeki (nr. 21—22 og 30—31).** Þessar greinar fá allar lágt í A, en verulega hærra í B og þar eru heimspeki og sálarfræði hærri en trúarbrögð og kristinfræði.

2.2.6 **Saga (nr. 23—26).** Íslandssaga og mannkynssaga eru lágar í A en miklum mun hærri í B. (Deildarmeðaltöl, ēj, í A eru frá 0 upp í 3.0, og heildarmeðaltöl í B, ē, hærri en 2).

2.2.7 **Þjóðfélagsfræði (nr. 28—29).** Þjóðfélagslandafræði og þjóðfélagsfræði eru lágar í A, en hins vegar háar í B.

2.2.8 **Stærðfræði (nr. 32—38 og 43).** Stærðfræðigreinarnar eru lágar í A að heildarmeðaltali nema almennur reikningur, algebra og líkindareikningur. Deildarmeðaltöl eru nokkuð mismunandi, en eftirtektarvert er þó, að líkindareikningur fær svipuð meðaltöl í öllum deildur, frá 07 til 2.0. Í B eru þessar greinar mun hærri. Þar er almennur reikningur mjög hár, algebra há og líkindareikningur og tölfræði, ásamt notkun reiknistokks allhá.

2 2.9 **Viðskiptagreinar (nr. 39—42).** Þessar greinar eru mjög lágar í A, en mun hærri í B, einkum vélritun og í minna mæli bókfærsla.

2.2.10 **Eðlisfræðilegar greinar (nr. 27 og 44—46).** Náttúrulandafræði og stjörnufræði eru lágar í A í öllum deildum, en eðlis- og efnafræði eru háar í læknadeild og verkfræðideild. Allar eru þessar greinar háar í B, en stjörnufræði þó lægst.

2.2.11 **Líffræðilegar greinar (nr. 47—50).** Þessar greinar eru lágar í A nema í læknadeild, en háar í B, einkum almenn líffræði og líkams- og heilsufræði.

2.2.12 **Líkamsrækt (nr. 51).** Líkamsrækt er lág í A, en há í B.

2.2.13 **Listir (nr. 52—55).** Þessar greinar eru mjög lágar í A nema teikning. Aftur á móti eru þær mun hærri í B.

2.2.14 **Almenn starfsleikni (nr. 56—66).** Þessi atriði um almenna starfsleikni og sjálfstæð vinnubrögð fá yfirleitt mjög hátt bæði í A og B, en athugun á C sýnir, að stúdentum er ábótavant í þessum efnum og því úrbóta þörf.

2.3. **Spurning IX.** Í þessari spurningu voru svarendur beðnir að segja, hvort þeir vildu að meiri eða minni áherzla yrði lögð á ákveðnar greinar eða atriði. Þegar svörin hafa verið vegin með fjölda nýinnritaðra nemenda í hverri deild verða niðurstöðurnar, sem hér segir: **Íslenzka,** svipuð áherzla, **erlend nýmál,** svipuð, **erlend fornmál,** minni, með 5.6 í einkunn, svipaða 2.0 og aukna 0.0, **stærðfræði,** svipuð áherzla, **almenn fræðsla í hugvísindum,** svipuð, **almenn fræðsla í raunvísindum,** meiri, með 6.9, svipuð 1.1 og minni ekkert, **almenn fræðsla í þjóðfélagsfræðum,** meiri áherzla, með 4.4, svipuð 3.6 og minni 0.0, **tæknilegar greinar,** meiri, með 4.8, svipuð 1.8 og

minni 0.5, **viðskiptalegar greinar**, svipuð, **trúarbrögð** og **siðfræði**, svipuð, **listir**, meiri, með 3.6, svipuð 3.1 og minni 0.0, **líkamleg þjálfun**, svipuð og **þjálfun við sjálfstætt nám**, meiri áherzla með 8.3, svipuð 0.1 og minni ekkert.

2.4 **Spurning XI.** Í þessari spurningu voru svarendur beðnir að segja til, hvort þeir álitu ákveðnar breytingar á náminu verða menntaskólanemendum í hag eða óhag. Niðurstöðurnar urðu sem hér segir: **Aukið almennt nám og minni sérhæfing** töldu langflestir í óhag (24 á móti 6). Mikill meirihluti (28 á móti 8) taldi **aukið frjálsræði í vali námsgreina** í hag, og miðuðu þá fleiri við **fasta deildaskiptingu**, en margir virtust einnig geta hugsað sér **valfrelsið án fastrar deildarskiptingar** (19 í hag, 13 í óhag). Allir voru fylgjandi **auknum sjálfstæðum verkefnum** (40 á móti 0). Mikill meirihluti (24 á móti 6) taldi það í hag, að **á hverjum tíma væri lögð áherzla á fáar námsgreinar.** Meirihluti (21 á móti 11) taldi það í hag, að **fyrirlestrar og umræður kæmu að miklu leyti í stað yfirheyrslu við nám.** Mikill meirihluti (20 á móti 6) taldi það í hag, að **vinna yrði aukin í skólunum á kostnað heimavinnu** og að stuðlað yrði að **meiri hópvinnu nemenda** (19 á móti 5). Meirihluti vildi láta **takmarka skyndipróf** (19 á móti 13). Og mikill meirihluti (24 á móti 6) var því einnig fylgjandi, að **síðasti bekkur menntaskóla taki á sig háskólabrag varðandi kennslutilhögun og afstöðu kennara til námsefnis.**

3. Ályktanir.

Hér fara á eftir helztu ályktanir, sem unnt er að draga af úrlausnunum, en frekari athugun gagna gæti leitt sitthvað fleira í ljós.

3.1. **Deildaskipting með valfrelsi.** Eins og áður segir, vildi mikill meirihluti spurðra, að aukið yrði frjálsræði í vali námsgreina, svo og voru þeir fleiri, sem vildu fasta deildaskiptingu. Niðurstaðan er því deildaskipting með valfrelsi. Eitt meginverkefni í skipulagningu menntaskólanámsins hlýtur að vera að koma þessari nýju skipan haganlega fyrir.

3.2 **Deildir.** Hér á eftir verður vikið að einstökum deildum í menntaskólunum. En almennt má segja, að skoðanakönnunin styðji eindregið myndun þriggja deilda, þ. e. máladeildar, stærðfræðideildar og náttúrufræðideildar, og bendi til þess, að fjórða deildin, þjóðfélagsfræðideild, ætti að koma síðar. Á sama hátt mælir skoðanakönnunin á móti fornmáladeild, þar sem kröfur til fornmála virðast ekki réttlæta, að sérstök deild sé sett upp með þau að meginstofni.

3.2.1 **Máladeild.** Tungumálanám hlýtur alltaf að verða ein meginuppistaða einnar deildar. Og reyndar er nám erlendra tungumála svo mikilvægt, að mikinn tíma hlýtur að taka í öllum deildum. Ef vikið er almennt að tungumálanámi, þá sýnast kröfurnar annars vegar og tíminn, sem eyða má hins vegar, benda til þess, að dönskuna skuli kenna meir á fyrri skólastigum. Kröfur þær, sem gerðar eru til sænsku, benda til, að æskilegt væri, að a. m. k. máladeildarnemendur fengju einhverja hugmynd um grundvallarmuninn á dönsku og sænsku (og jafnvel norsku).

Á **ensku** þarf að leggja sérstaka áherzlu, enda eru kröfurnar þar miklar. Ensku þarf vitaskuld að kenna vel í öllum deildum, en það liggur í hlutarins eðli, að máladeildarnemendur öðlist þar mesta þekkingu, m. a. í bókmenntum. Óþarfi er að taka það fram, að lögð er áherzla á ensku eingöngu vegna þess, að stúdentar verða að hafa vald á einhverju heimsmáli, og er þá enskan óumdeilanlega hagnýtust.

Þýzka fær það háa einkunn, að hana þyrfti að kenna allmikið í öllum deildum.

Frönsku mætti hugsa sér sem skyldunámsgrein í máladeild, en valgrein í öðrum deildum.

Latína sýnist ekki koma til greina nema í **máladeild** og jafnvel þar ætti varla að leggja mikla áherzlu á hana. Réttara er að **leggja áherzlu á nýmálin** milliliða-

laust. Til þess bendir m. a., að kröfur heimspekideildar (íslenzk fræði) og B.A. deildar til þýzku eru verulega hærri en til latínu. Hins vegar eru kröfur þessara deilda í A verulega lægri til frönsku en latínu, en almennar kröfur allra deilda (í B) verulega hærri til frönsku. **Orðmyndunarfræðin** gæti komið að nokkru leyti í staðinn, eins og bent hefur verið á.

3.2.2. **Stærðfræðideild.** Stærðfræðin yrði undirstaða stærðfræðideildar, og þar yrði einnig lögð áherzla á eðlis- og efnafræði. Að tungumálunum er áður vikið. Stærðfræðideildin yrði hreinni stærðfræðideild með tilkomu náttúrufræðideildar heldur en nú er.

3.2.3 **Náttúrufræðideild.** Könnunin styður myndun náttúrufræðideildar. Nám í læknadeild gerir verulegar kröfur til efnafræði (3.2), eðlisfræði (2.5) og líffræði (2.0) og nokkrar til líkams- og heilsufræði (1.3), dýrafræði (1.0) og grasafræði (0.7). Kröfur deildarinnar til stærðfræðigreina eru töluverðar, en þó aðrar og töluvert minni en kröfur verkfræðideildar. Af sænsku könnuninni, sem könnun þessi er byggð á, má sjá, að kröfur til háskólanáms í líffræðilegum greinum eru svipaðar og í læknadeildum, hvað snertir ofantaldar greinar. Virðist því grundvöllur vera fyrir deild, sem leggur höfuðáherzlu á líffræðilegar greinar, svo og efnafræði, eðlisfræði, náttúrulandafræði með jarðfræði og stærðfræði.

3.2.4 **Þjóðfélagsfræðideild.** Líkur benda til, að eðlilegt yrði síðar að stefna að myndun þjóðfélagsfræðideildar, en það er ekki tímabært að sinni. Aðaluppistaðan í þjóðfélagsfræðideild yrði sennilega almenn félagsfræði, þjóðhagfræði, stjórnskipunarfræði og þjóðfélagslandafræði.

3.2.5 **Verzlunarskólinn og Kennaraskólinn.** Nauðsynlegt er að afmarka svið Verzlunarskólans og Kennaraskólans innan eða utan þeirrar deildarskiptingar, sem ákveðin verður í hinum almennu menntaskólum. En það er utan sviðs þessarar könnunar að gefa til kynna, hvernig það skuli gert.

3.3 **Kjarni menntaskólanámsins.** Hér að framan (í niðurlagi 2.1) er rætt um, hvaða greinar sé eðlilegast, samkvæmt skoðanakönnuninni, að myndi kjarna menntaskólanámsins. Þessi kjarni ætti þá að vera meira og minna sameiginlegur fyrir allar deildir allra menntaskólanna. Er þá fyrst og fremst miðað við kröfur þjóðfélagsins (há einkunn í B) og einnig, ef allar deildir gefa allháa einkunn í A, sem þá sýna nokkuð samhljóða kröfur frá háskólanum. Greinar kjarnans yrðu þá skyldugreinar og að mestu utan valgreinakerfisins, nema þegar gefa ætti nemendum kost á frekara námi í sumum greinanna. Könnunin bendir til, að eftirfarandi greinar eða svið verði í kjarnanum: Íslenzkar og erlendar bókmenntir, íslenzka, danska, enska, þýzka, saga, náttúrulandafræði, þjóðfélagslandafræði, þjóðfélagsfræði, almennur reikningur, algebra, líkindareikningur, vélritun, eðlisfræði, efnafræði, líffræði, líkams- og heilsufræði, dýra- og grasafræði.

3.4 **Valgreinar.** Flestir virðast vera þeirrar skoðunar, að sjálfsagt sé að gefa nemendum kost á að velja á milli vissra greina. Einkum yrðu þetta greinar utan við kjarnann, en einnig áframhald á kjarnagreinunum. Mætti hugsa sér í þessu sambandi, að nemendur stunduðu í sumum tilvikum eitthvert nám í öðrum deildum. Valgreinarnar yrðu nemendur að velja í samráði við kennara eða sérstaka umsjónarmenn, er sæju um, að valið félli í skynsamlegt kerfi og ekki yrði valin of létt eða of þung samsetning. Í sambandi við hið síðastnefnda ætti að hafa hliðsjón af getu nemandans, t. d. í öðrum tungumálum, þegar um tungumál væri að ræða.

Heimilt skal að styðja einstök verkefni í þágu æskufólks, þ. á m. nýjungar og tilraunir í æskulýðsstarfi, svo og ráðstafanir, sem miða að lausn sérstakra æskulýðsvandamála, er skapast kunna.

IV. KAFLI

Stuðningur bæjar- og sveitarfélaga við æskulýðsmál.

10. gr.

Samband íslenzkra sveitarfélaga semur í samráði við sveitar- og bæjarstjórnir og borgarstjórn Reykjavíkur reglur um stuðning þessara aðila við æskulýðsmál, en menntamálaráðherra staðfestir reglurnar. Skal stuðningur þessara aðila m. a. ná til þátttöku í kostnaði við störf leiðbeinenda, tækjakaup og húsnæði.

V. KAFLI

Reglugerð og gildistaka.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd þessara laga.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, skipaði 20. desember 1963 nefnd til að semja frumvarp til laga um æskulýðsmál. Var frumvarp það, sem nefndin samdi, lagt fyrir Alþingi 1967—68, en hlaut ekki afgreiðslu. Málið var tekið upp sem þingmannafrumvarp á þinginu 1968—69, en hlaut ekki heldur afgreiðslu.

Frumvarpið hefur nú verið endurskoðað og gerðar á því nokkrar breytingar. Eru þær í samræmi við það, sem samkomulag virtist vera um í menntamálanefnd neðri deildar, er hún fjallaði ítarlega um málið. Einnig er tekið tillit til fjárhagssjónarmiða með því að draga úr þeim kostnaði, sem frumvarpið gæti haft í för með sér, ef að lögum yrði.

Helztu beytingar, sem nú hafa verið gerðar frá upphaflega frumvarpinu, eru þessar:

Við 1. gr.

Felld hefur verið niður málsgrein, sem var í frv. og hljóðaði svo: „Heimilt er að styðja frjálsa félags- og tómstundastarfsemi í skólum, sem ekki er takmörkuð við nemendur viðkomandi skóla.“ Hefur þetta ákvæði eigi þótt fullljóst, en í þess stað er lagt til, að félags- og tómstundastarfsemi í skólum verði bætt við næstu málsgrein. Segir þar, að lögin taki til „íþrótta- og bindindisstarfsemi og félags- og tómstundastarfsemi í skólum, að svo miklu leyti sem við á og önnur lög eða aðrar reglur gilda ekki þar um.“

Þá hefur aldursmarkinu 21 árs í síðustu málsgrein verið breytt í 20 ár með tilliti til nýlegra lagabreytinga um kosningarétt o. fl.

Við 5. gr.

Í 5. gr. upphaflega frv. var ákvæði um stofnun æskulýðsráða í öllum kjördæmum landsins. Þessi hugmynd hefur þótt orka tvímælis, þar sem kjördæmin séu yfirleitt ekki hentugar einingar fyrir æskulýðsstarfsemi. Þessi grein hefur því verið felld niður.

Í 6. gr. frv., sem nú verður 5. gr., var ákvæði um æskulýðsnefndir sveitarfélaga. Hefur henni verið breytt, þannig að heimilt skuli að stofna æskulýðsnefndir „eins eða fleiri sveitarfélaga". Hér er gert ráð fyrir, að sveitarfélög geti sameinazt um starfsemi í æskulýðsmálum, eins og þegar eru dæmi um. Er þá ekkert því til fyrirstöðu, að sveitarfélag heils kjördæmis geti tekið saman höndum, ef það þykir henta. Með þessari skipan eru mestar líkur á, að skipulag æskulýðsstarfseminnar verði í samræmi við aðstæður á hverjum stað um land allt.

Aðrar breytingar á 5. gr. (áður 6. gr.) eru afleiðing af niðurfellingu fyrri 5. gr.

Við 6. gr.

Í 7. gr. upphaflega frumvarpsins, sem er 6. gr. þessa frumvarps, var stofnað til allmikilla hugsanlegra útgjalda fyrir ríkissjóð með þeim orðum, að stefnt skuli að því, að ríkissjóður greiði allt að 50% af kostnaði við þjálfun leiðbeinenda og 50% af launagreiðslum til þeirra.

Enda þótt þetta sé æskileg skipan mála, verður af fjárhagsástæðum að ganga skemmra að þessu sinni. Er því lagt til, að greinin orðist svo:

„Stuðningur ríkissjóðs við félags- og tómstundastarfsemi skal meðal annars fólginn í þátttöku í kostnaði við þjálfun leiðbeinenda.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um leiðbeinendaþjálfun, að fengnum tillögum Æskulýðsráðs ríkisins.

Við 8. gr.

Í 8. gr., sem var áður 9. gr., er felld niður önnur málsgrein, sem hljóðaði svo:

„Enn fremur skal heimilt að styrkja landssambönd til þátttöku í alþjóðlegum æskulýðsmótum og öðru æskulýðsstarfi, þegar ástæða þykir til og fjárveitingar leyfa."

Breyting á fyrirsögn er í samræmi við þetta.

Sþ. 17. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

Flm.: Benedikt Gröndal.

um Vesturlandsáætlun.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera framkvæmdaáætlun fyrir Vesturland í þeim tilgangi að bæta afkomu einstaklinga og atvinnugreina og auka byggð á svæðinu á næstu árum.

Greinargerð.

Alþingi samþykkti vorið 1963 þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun fyrir Vestfirði. Næsta ár var hafizt handa um gerð byggðaáætlunar fyrir það svæði og fengin aðstoð norskra sérfræðinga. Var gengið frá samgönguáætlun fyrir Vestfirði og hefur verið aflað mikils fjár til framkvæmda samkvæmt henni. Síðan 1966 hefur Efnahagsstofnunin unnið að byggðaáætlun fyrir Norðurland og hefur einnig verið aflað fjár til framkvæmda samkvæmt henni.

Í áliti og tillögum um áætlunargerð, sem stjórn Efnahagsstofnunarinnar lét frá sér fara 26. marz 1968, segir: „Nægileg reynsla hefur ekki enn fengizt af því hér á landi, hvernig sé bezt að haga gerð byggðaáætlana og að hvaða notum hún geti komið. Þýðingarmikið er að ljúka sem fyrst því starfi, sem unnið hefur verið að Norðurlandsáætlun, og taka jafnframt til athugunar í ljósi reynslunnar, er af því starfi fæst, hvernig skuli unnið að byggðaáætlunum framvegis."

Ekki verður dregið í efa, að Íslendingar muni halda áfram gerð byggðaáætlana, en sjálfsagt er að læra af reynslunni, eins og stjórn Efnahagsstofnunarinnar benti á. Ýmsar ástæður, sem nánar verður getið hér á eftir, hníga að því, að tími sé kominn til að gera slíka áætlun fyrir Vesturland.

Þegar rætt er um Vesturland, er átt við þau héruð, sem mynda Vesturlandskjördæmi. Kæmi þó til greina að bæta við Austur-Barðastrandarsýslu, sem ekki var tekin með við gerð Vestfjarðaáætlunar. Í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar um Vestfjarðaáætlun í apríl 1969 sagði: „A.-Barðastrandarsýsla var talin eiga samleið með byggðunum í norðurhluta Vesturlands, og yrði með því svæði, ef áætlun fyrir þann landshluta yrði gerð."

Þeir erfiðleikar í efnahagsmálum, sem dunið hafa á þjóðinni undanfarin ár, hafa lagzt með miklum þunga á ýmsar byggðir Vesturlands. Kom þá í ljós, hve atvinnuöryggi er þar lítið og hve rík þörf er á aðgerðum til að tryggja og bæta afkomu einstaklinga og atvinnugreina.

Hæg fólksfjölgun.

Íbúafjöldi Vesturlands hefur aukizt mjög hægt á undanförnum árum. Sem dæmi má nefna, að á tveim áratugum, frá 1940 til 1960, fjölgaði á svæðinu aðeins um 1846 manns, en á sama tíma fjölgaði þjóðinni í heild um 54 206 manns. Á árabilinu 1960 til 1968 var fjölgun á Vesturlandi aðeins 1409, en þau ár var heildarfjölgun þjóðarinnar 26 511.

Í þessum efnum vita kunnugir meira en fram kemur í skýrslum. Allmikill tilflutningur á fólki hefur verið um Vesturland, þannig að margt fólk hefur flutzt þaðan til höfuðborgarsvæðisins, en annað komið í staðinn frá fjarlægari héruðum. Er því rík ástæða til að stemma stigu við brottflutningi fólks frá Vesturlandi, m. a. til að létta á höfuðborgarsvæðinu, sem nú stendur verr að vígi en áður til að taka á móti aðstreymi.

Samgöngumál.

Reynsla af landshlutaáætlunum bendir til þess, að hægast sé að gera slíkar áætlanir um samgöngumál og greiðastur vegur að gera á því sviði framkvæmdir, sem geta veitt viðkomandi byggðum alhliða efnahagsstyrk. Er ástæða til að ætla, að sama gildi um Vesturland. Þar bíða mikil verkefni óleyst á sviði samgöngumála, en lausn þeirra mundi stórbæta aðstöðu veigamikilla byggðarlaga og veita þeim aukna atvinnu og tekjur.

Af hinum stærri verkefnum á þessu sviði má nefna lausn Hvalfjarðarmálsins, brú yfir Borgarfjörð, fullgerð Heydalsvegar, veg yfir Laxárdalsheiði, endurnýjun gamalla brúa á miklum umferðarbrautum og ýmislegt fleira. Þegar greiðar samgöngur fást yfir Hvalfjörð, mun aðstaða Akurnesinga og raunar alls sunnanverðs héraðsins stórbreytast, og er því rík ástæða til að hraða athugun á lausn þess máls, sem nú stendur yfir. Brú yfir Borgarfjörð, sem þegar hefur verið mælt fyrir, mundi stórbæta aðstöðu Borgarness sem samgöngu- og verzlunarmiðstöðvar og stytta leiðina vestur og norður. Mundu ýmis fleiri samgöngumannvirki á Vesturlandi hafa áþekk áhrif á umhverfi sitt.

Vesturland hefur enn ekki getað notað flugsamgöngur að marki. Þarf að stækka flugbrautir, t. d. í Stykkishólmi og á Hellissandi, til þess að hagkvæmari flugvélar geti lent var. Þá þarf að fylgjast vel með þróun í þyrlutækni og öðrum nýjungum, sem kunna að verða framtíðarlausn á samgöngum milli Akraness og Reykjavíkur.

Hafnamál eru mikilvæg fyrir mörg byggðarlög á Vesturlandi, sem lifa nær eingöngu á sjávarútvegi og fiskiðnaði. Þar bíða aðkallandi verkefni. Flóabátar hafa mikla þýðingu fyrir kjördæmið, bæði á Breiðafirði og Faxaflóa, og er nauðsynlegt að tryggja starfsemi þeirra, að minnsta kosti um fyrirsjáanlega framtíð.

Ferðamannastraumur.

Vesturland hefur feiknmikla möguleika sem ferðamannaland, og mun verða unnt að hagnýta þá mun betur, þegar samgöngur batna. Á þetta ekki sízt við fólk

af höfuðborgarsvæðinu, sem hlýtur að sækja í hraðvaxandi mæli til útivistarsvæða norðan Hvalfjarðar, þegar leiðin styttist. Þarf að gera þjóðgarða og fólkvanga á Vesturlandi til að vernda það, sem vernda þarf í náttúrunni, en opna almenningi aðgang að þeim fjölmörgu stöðum, sem til þess henta.

Athuga þarf, hvort ekki er unnt að gera áætlun eða áætlunarkafla um þróun ferðamála á Vesturlandi í heild. Yrði þá að sameina krafta allra þeirra, sem að þeim málum hafa unnið, og gera skipulegt átak, sem er einstökum sveitum eða aðilum um megn.

Framleiðsla.

Að sjálfsögðu skipta framleiðsluatvinnuvegir meginmáli fyrir framtíð Vesturlands eins og annarra landshluta. Vandamál eru þar hin sömu og allir Íslendingar þekkja. Mörg byggðarlög lifa eingöngu á fiskveiðum og fiskvinnslu og verða fyrir allt að því óbærilegum áföllum, þegar afli bregzt eða verðfall skellur á. Önnur byggðarlög hafa komið upp meiri eða minni iðnaði og búa við nokkru meira öryggi, en þó skortir þar mikið á. Loks eru byggðir, sem byggja afkomu sína á samgöngum og þjónustu.

Á öllum þessum sviðum er umbóta þörf, en þessi mál verða að leysast á landsmælikvarða og kann að vera óhyggilegt að gera sér of miklar vonir um árangur af landshlutaáætlun á þessum sviðum. Þó geta samgöngubætur og aðrar framkvæmdir gerbreytt aðstöðu framleiðslufyrirtækja, t. d. iðnfyrirtækja, en þannig gerir áætlunin í heild hvað mest gagn.

Aðrir málaflokkar.

Nefna mætti fleiri málaflokka, sem þurfa að koma við sögu í alhliða byggðaáætlun. Þar eru skólamál efst á baugi, en þau munu á komandi árum hafa mikil áhrif á flutninga fólks frá einum stað til annars. Fjölskyldur munu flytjast þangað, sem börnin geta fengið nútíma framhaldsmenntun. Þess vegna er það stórmál, að sú menntunaraðstaða verði ekki öll á einum eða tveim stöðum í landinu, heldur dreifist eins mikið og með góðu móti er unnt.

Vesturland hefur að ýmsu leyti búið vel hvað skóla snertir, sérstaklega byggingu heimavistar barna- og unglingaskóla í sveitum. En mikið skortir enn á. Menntaskóli verður fljótlega að koma á þetta svæði, og sama má segja um ýmsa sérskóla. Margar byggðir skortir beinlínis menntastofnanir til þess að öðlast svo alhliða félagslíf, að nútímafólk geti við unað.

Nefna mætti raforkumál, heilbrigðismál og margt fleira, þótt því verði sleppt að sinni.

Að lokum er rétt að minna á, að íslenzka þjóðin getur ekki ætlað allri stóriðju, sem komið verður upp á næstu árum, stað á höfuðborgarsvæðinu. Tilvalið er að reisa ýmsar gerðir stóriðjuvera á norðurströnd Hvalfjarðar. Þar er hafnaraðstaða fyrir stærstu skip og virðist unnt að reisa nýja byggð, sem hefði Akranes, Borgarfjarðarsýslu og raunar allt Vesturland að bakhjalli. Slíkt skref mundi reynast þýðingarmikill liður í skynsamlegri byggðastefnu fyrir þjóðina á næstu áratugum, en verða Vesturlandi ómetanlegur styrkur.

Ed. 18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á sveitastjórnarlögum, nr. 58 frá 29. marz 1961.

Flm.: Jón Þorsteinsson.

1. gr.

94. gr. laganna hljóði svo:

Í sýslunefnd eiga sæti auk sýslumanns, sem er oddviti nefndarinnar, sýslunefndarmenn, sem kosnir eru í hverju sveitarfélagi innan sýslufélagsins. Í sveitar-

félögum með 400 íbúa eða færri skal kjósa einn sýslunefndarmann, en í sveitarfélögum með yfir 400 íbúa skal kjósa tvo sýslunefndarmenn.

2. gr.

2. mgr. 95. gr. laganna hljóði svo:

Ákvæði 15.—19. gr. laga þessara gilda, eftir því sem við á, um kosningu sýslunefndarmanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú regla mun hafa gilt, frá því sýslunefndaskipan var tekin upp hér á landi, að hver hreppur kýs einn fulltrúa í sýslunefnd án tillits til þess, hvort hreppurinn er fámennur eða fjölmennur. Áhrif sýslubúa á úrlausn þeirra málefna, er sýslunefnd fjallar um, hafa því verið ærið misjöfn eftir því, hvar menn hafa búið í hreppi, og finna má þess fjölmörg dæmi, að minni hluti sýslubúa eigi meiri hluta í sýslunefnd. Úr þessu misrétti þarf að bæta og er það tilgangur þessa frumvarps, sem kveður svo á, að hreppar með yfir 400 íbúa skuli kjósa tvo fulltrúa í sýslunefnd. Þessi leiðrétting er enn nauðsynlegri nú en áður sökum þess, að á síðustu áratugum hefur fólksfjöldamisræmið innan hreppanna sífellt farið vaxandi, þannig að þeim hreppum fjölgar stöðugt, sem eru annars vegar mjög fámennir og hins vegar mjög fjölmennir.

Til að skýra mál þetta betur fara hér á eftir tölur yfir íbúafjölda í fámennasta og fjölmennasta hreppi í nokkrum sýslum landsins miðað við manntalsskýrslur 1. desember 1968:

Gullbringusýsla:		
Garðahreppur	2539	íbúar
Hafnahreppur	175	—
Mýrasýsla:		
Borgarnes	1100	íbúar
Þverárhlíðarhreppur	95	—
Snæfellsnessýsla:		
Stykkishólmur	1054	íbúar
Fróðárhreppur	32	—
V.-Barðastrandarsýsla:		
Patreksfjörður	1031	íbúar
Ketildalahreppur	38	—
N.-Ísafjarðarsýsla:		
Hólshreppur	946	íbúar
Snæfjallahreppur	45	—
A.-Húnavatnssýsla:		
Blönduós	676	íbúar
Vindhælishreppur	87	—
N.-Þingeyjarsýsla:		
Raufarhöfn	459	íbúar
Fjallahreppur	25	—
S.-Múlasýsla:		
Eskifjörður	912	íbúar
Helgustaðahreppur	50	—

Árnessýsla:

Selfoss	2405 íbúar
Selvogshreppur	26 —

Þessar tölur sýna glöggt, hversu ranglátt það er og fjarlægt heilbrigðri lýðræðiskennd að láta alla hreppa í sömu sýslu, án tillits til íbúafjölda þeirra, hafa sömu áhrif innan sýslunefndar.

Sþ. 19. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um vísitölu byggingarkostnaðar.

Flm.: Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða lög nr. 25 frá 1957, um vísitölu byggingarkostnaðar. Jafnframt verði Hagstofu Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins falið að reikna út nýjan vísitölugrundvöll, er taki gildi eigi síðar en á árinu 1971.

Greinargerð.

Núgildandi byggingarvísitala er að stofni til frá árinu 1955, en lögin um vísitölu byggingarkostnaðar eru frá árinu 1957. Grundvöllur vísitölunnar er löngu úreltur og þarfnast róttækrar endurskoðunar, en samfara útreikningi nýs grundvallar er óhjákvæmilegt að endurskoða lög um vísitölu byggingarkostnaðar, enda er þar að finna ákvæði, sem eiga ekki lengur við.

Byggingarvísitalan er miðuð við byggingarkostnað sambýlishúss í Reykjavík, sem er tvær hæðir og að auki ris og kjallari, en slík hús eru ekki byggð nú á dögum. Í byggingarvísitöluna vantar ýmsa veigamikla kostnaðarliði, og hún tekur ekkert tillit til margvíslegra breytinga á byggingarháttum, sem átt hafa sér stað síðasta áratuginn. Vísitalan í sinni núverandi mynd getur því verið mjög villandi og ber brýna nauðsyn til að breyta grundvelli hennar.

Byggingarvísitalan er notuð til að meta breytingar á byggingarkostnaði, auk þess sem hún er mjög höfð til viðmiðunar í verksamningum og í vísitölubundnum skuldabréfum. Þá hefur vísitalan og áhrif á brunabótamat fasteigna. Síðast, en ekki síst, hefur byggingarvísitalan áhrif á framfærsluvísitöluna. Af þessu má glöggt sjá mikilvægi þess, að grundvöllur byggingarvísitölunnar sé ætíð sem traustastur.

Sþ. 20. Fyrirspurnir. [20. mál]

I. Til heilbrigðismálaráðherra um fæðingardeild Landsspítalans.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvað líður undirbúningi að stækkun fæðingar- og kvensjúkdómadeildar Landsspítalans?

II. Til dómsmálaráðherra um úthaldsdaga varðskipanna.

Frá Jónasi Árnasyni og Geir Gunnarssyni.

Hve margir voru úthaldsdagar íslenzkra varðskipa í mánuði hverjum á síðastliðnu ári og það sem af er þessu?

Nd. **21. Frumvarp til laga** [21. mál]

um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins og ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Jón Kjartansson, Halldór E. Sigurðsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ágúst Þorvaldsson, Sigurvin Einarsson.

I. KAFLI
Um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs að loknum alþingiskosningum hverju sinni sjö manna Byggðajafnvægisnefnd og jafnmarga til vara. Nefndin velur sér formann og ritara.

3. gr.

Byggðajafnvægisnefnd heldur fundi a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þörf krefur.

4. gr.

Byggðajafnvægisnefnd lætur safna efni til skýrslugerðar og gera ársskýrslur um þau efni, er henni þykja máli skipta í sambandi við starfssvið sitt, svo og áætlanir samkv. 7. gr. Hún stjórnar Byggðajafnvægissjóði ríkisins og ráðstafar eignar- og umráðafé hans samkv. II. kafla þessara laga. Nefndinni er heimilt að ráða menn til starfa um lengri eða skemmri tíma, eftir því sem nauðsyn krefur og með samþykki ríkisstjórnarinnar, og að semja við aðrar opinberar stofnanir um að leysa tiltekin áætlunarverk af hendi. Kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, en endurgreiðist að hálfu úr Byggðajafnvægissjóði.

5. gr.

Stofnun sú og starfsemi, er Byggðajafnvægisnefnd veitir forstöðu, nefnist: Byggðajafnvægisstofnun ríkisins.

6. gr.

Opinberar stofnanir skulu, ef Byggðajafnvægisnefnd óskar þess, hver á sínu sviði, láta henni í té aðstoð og upplýsingar, sem henni eru nauðsynlegar til skýrslugerðar samkv. 4. gr. og áætlanagerðar samkv. 7. gr.

7. gr.

Byggðajafnvægisnefnd lætur, þegar þörf þykir til þess, gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðarlögum eða landshlutum, enda séu þær við það miðaðar, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Áætlanir þessar skulu að jafnaði gerðar í samráði við sýslunefnd, bæjarstjórn eða hreppsnefnd, eina eða fleiri, eða samband sveitarfélaga. Lán og framlög úr Byggðajafnvægissjóði, sbr. II. kafla, skulu ákveðin með hliðsjón af slíkum áætlunum, séu þær fyrir hendi.

II. KAFLI
Um Byggðajafnvægissjóð ríkisins o. fl.

8. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Byggðajafnvægissjóður ríkisins, undir stjórn Byggðajafnvægisnefndar.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Stofnfé Atvinnujöfnunarsjóðs samkv. a-, c- og d-lið 2. gr. laga nr. 69 1966, um Atvinnujöfnunarsjóð.
2. Aðrar eignir Atvinnujöfnunarsjóðs.

Hlutverk Byggðajafnvægissjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang laganna samkvæmt 1. gr. Framkvæmdasjóður Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins eftir nánari fyrirmælum Byggðajafnvægisnefndar, gegn þóknun, sem ráðherra ákveður.

Endurskoðendur Framkvæmdasjóðs annast endurskoðun reikninga Byggðajafnvægissjóðs. Skulu reikningarnir birtir árlega í Stjórnartíðindum ásamt skrá um lántakendur og upphæðir lána svo og um óafturkræf framlög á sama hátt.

Sjóðurinn er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, og skuldabréf vegna lána úr sjóðnum eru undanþegin stimpilgjaldi og þinglýsingargjaldi.

9. gr.

Tekjur Byggðajafnvægissjóðs eru:

1. 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1971, sem greiðist sjóðnum í byrjun hvers mánaðar af innheimtum tekjum næsta mánaðar á undan, í fyrsta sinn í byrjun febrúarmánaðar 1971.
2. Skattgjald samkv. a-lið 3. gr. laga nr. 69 1966, um Atvinnujöfnunarsjóð, enda haldi ákvæði þeirrar lagagreinar um skattgjaldið og skiptingu þess gildi sínu.
3. Vaxtatekjur.

10. gr.

Úr Byggðajafnvægissjóði má veita lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnar (Byggðajafnvægisnefndar) eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins samkv. 1. gr., þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, enda séu aðrir lánsmöguleikar fullnýttir. Skal áður leitað álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sé hún ekki sjálf umsækjandi. Veita má sveitarfélögum lán til að koma upp eða stuðla að því, að komið verði upp íbúðum, til viðbótar lánum, sem aðrar lánastofnanir veita út á sömu íbúðir. Um tryggingu fyrir láni, vexti og afborganaskilmála fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar (Byggðajafnvægisnefndar) hverju sinni.

11. gr.

Óafturkræf framlög má veita, ef sérstaklega stendur á og a. m. k. fimm nefndarmenn samþykkja.

12. gr.

Byggðajafnvægisnefnd er heimilt að afla sjóðnum lánsfjár til starfsemi sinnar, allt að 250 millj. kr. á ári næstu fimm árin eftir gildistöku laga þessara, gegn ábyrgð ríkissjóðs.

13. gr.

Nú ákveða sveitarstjórnir, sýslunefndir eða samband þeirra að koma upp sérstökum byggðajafnvægissjóði til starfa í umdæmi sínu, og getur þá Byggðajafnvægisnefnd, ef stofnandi eða stofnendur óska, löggilt slíkan sjóð sem byggðajafnvægissjóð þess svæðis, sem um er að ræða. Hafi sjóður fengið slíka löggildingu, er Byggða-

jafnvægisnefnd heimilt að veita honum sem lán eða framlag þá fjárupphæð árlega, sem rétt telst að úthluta á starfssvæði hans. Stjórn slíks sjóðs ber að fylgjast með áætlunum Byggðajafnvægisnefndar um framkvæmdir á hlutaðeigandi landssvæði, enda þarf, ef nefndin hefur veitt honum lán eða framlag, samþykki hennar til ráðstöfunar þess fjár samkvæmt reglum, er hún setur.

14. gr.

Nú ákveða sveitarstjórnir eða sýslunefndir eða samband sveitar- eða sýslufélaga að skipa sérstaka svæðisáætlunarnefnd til þess að gera áætlun um framkvæmdir á starfssvæði sínu í samræmi við tilgang þessara laga, og er Byggðajafnvægisnefnd þá heimilt að veita slíkri áætlunarnefnd fé úr Byggðajafnvægissjóði til að greiða kostnað eða hluta af kostnaði við áætlunargerðina.

15. gr.

Heimilt er Byggðajafnvægisnefnd, ef sérstaklega stendur á, að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót í samræmi við tilgang þessara laga, enda séu a. m. k. 5 nefndarmenn því samþykkir og að þeirra dómi og hlutaðeigandi sveitarstjórnar ekki unnt að koma fyrirtækinu á fót á annan hátt.

16. gr.

Þegar komið er upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkisvaldsins, skal ríkisstjórnin leita álits Byggðajafnvægisnefndar um staðsetningu þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal Byggðajafnvægisnefnd kosin í fyrsta sinn á Alþingi því, er samþykkir lög þessi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 69 1966, um Atvinnujöfnunarsjóð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Byggðajafnvægisnefnd skal þegar eftir gildistöku þessara laga, í samráði við Landnám ríkisins, gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fari í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar að dómi Landnámsins vel viðunandi atvinnurekstrarskilyrði frá náttúrunnar hendi á landi eða sjó. Leita skal, eftir því sem þurfa þykir, álits Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Landssambands iðnaðarmanna um úrræði á hverjum stað. Til framkvæmdar bráðabirgðaáætluninni er nefndinni heimilt að veita óafturkræf framlög úr sjóðnum, allt að þriðjungi tekna hans fyrstu þrjú árin eftir gildistöku laga þessara. Framlögin skulu veitt sveitar- og sýslufélögum með fyrirmælum, sem nefndin setur um notkun þeirra.

Greinargerð.

Það mun almennt talið, að þá sé jafnvægi í byggð landsins, ef íbúum einstakra landshluta fjölgar á tilteknum tíma um sama eða svipaðan hundraðshluta og þjóðinni í heild. Með landshluta er þá yfirleitt átt við landsfjórðung eða stóran hluta úr landsfjórðungi, sbr. mannfjöldaskýrsluna hér á eftir. Einnig mætti segja, að jafnvægi í byggð landsins sé sú dreifing þjóðarfjölgunarinnar, sem að því miðar, að öll lífvænleg byggð haldist og eflist um land allt, að þjóðin haldi áfram að byggja alla björgulega staði í landi sínu.

Við manntal 1938, árið fyrir heimsstyrjöldina síðari, var mannfjöldinn á öllu landinu 118 888. Hinn 1. des. 1968 var hann 202 191. Fjölgun á 30 árum 83 303 eða rétt um 70%.

Hér fara á eftir manntalstölur í einstökum landshlutum 1938 og 1968, og þar að auki þær manntalstölur, sem fram hefðu komið 1968, ef fólki hefði fjölgað jafnt, þ. e. um 70%, í hverjum landshluta á 30 árum:

	1938	1968	1938 + 70% ca.
Kjalarnesþing (vestan fjalls)	46047	117929	78280
Vesturland sunnan Gilsfjarðar	9683	13191	16461
Vestfirðir	12991	10263	22085
Norðurland	26577	31832	45130
Austurland	10175	11244	17298
Suðurland (austan fjalls)	13415	17922	22906

Þessar tölur sýna hina gífurlegu röskun, sem orðið hefur á jafnvæginu milli landshlutanna á tímabilinu 1938—68. Viðbótin í Kjalarnesþingi umfram eðlilega fólksfjölgun er nál. 40 þús. manns. Af þessum nál. 40 þús. eru rúml. 13 þús. af Norðurlandi, nál. 12 þús. af Vestfjörðum, rúml. 6 þús. af Austurlandi, nál. 5 þús. af Suðurlandi austan fjalls og rúml. 3 þús. af Vesturlandi sunnan Gilsfjarðar. Hér er að sjálfsögðu ekki aðeins um þá að ræða, sem flutt hafa búferlum milli landshluta, heldur einnig afkomendur þeirra, að því leyti sem þeir koma inn í útreikninginn. Í sjö samliggjandi sveitarfélögum, milli Straumsvíkur og Kollafjarðar, sem hagfræðingar kalla Stór-Reykjavík, voru íbúar 1968 taldir 106 842 eða mun meira en helmingur þjóðarinnar, en í öllum öðrum landshlutum samtals var íbúatalan 95 349.

Þessi þróun er mjög varhugaverð, svo að ekki sé meira sagt, fyrir land og þjóð, ekki aðeins þá landshluta, sem eiga við beina eða hlutfallslega fólksfækkun að stríða, heldur einnig fyrir höfuðborgina og nágrenni hennar, sem á erfitt með að valda sumum þeim verkefnum, sem á hana hlaðast vegna of mikils vaxtarhraða, og getur af þeim sökum orðið örðugra en ella að byggja þar upp nægilega traust atvinnulíf í framtíðinni. Það ætti því að vera sameiginlegt áhugamál allra landsmanna að stuðla að því, að fólksfjölgunin dreifist meir um landið en hún hefur gert hingað til á þessari öld. En til þess að svo megi verða, þarf fyrst og fremst að útvega fjármagn til að efla atvinnulíf hinna einstöku landshluta og koma í veg fyrir, að skortur á íbúðarhúsnæði hamli því, að fólk setjist að í þessum landshlutum, t. d. faglærðir menn eða sérfróðir á einhverju sviði, sem víða vantar tilfinnanlega um þessar mundir. Fleira kemur þó til greina.

Alllangt er nú síðan byrjað var að komast svo að orði á Alþingi og víðar á opinberum vettvangi, að nauðsyn bæri til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og hefja á vegum ríkisvaldsins sérstaka og sjálfstæða starfsemi í því skyni. Það var um það leyti kunnugt orðið, að Norðmenn höfðu gert framkvæmdaáætlun mikla fyrir Norður-Noreg, sem þá var orðinn hlutfallslega mun mannfærri en aðrir landshlutar þar og hafði dregizt aftur úr á ýmsum sviðum. Framkvæmd þessarar Norður-Noregsáætlunar er fyrir nokkru lokið, en ráðstafanir af sama tagi hafa verið gerðar á breiðara grundvelli. Mikilvægi þessa máls virðist vera ráðamönnum Noregs vel ljóst, og sýna þeir það í verki. Í fleiri löndum eru nú gerðar opinberar ráðstafanir til að draga úr vexti stórborga og efla landsbyggð utan þeirra.

Sú var á síðasta áratug framkvæmd þessara mála hér á landi, að tekin var upp sú regla að veita á fjárlögum sérstakt fjárframlag úr ríkissjóði til „að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu," sem aðallega var notað til lánveitinga í sambandi við uppbyggingu atvinnulífs í sjávarplássum á Norður-, Austur- og Vesturlandi. Í sveitunum var að sjálfsögðu haldið áfram að framkvæma hina eldri löggjöf um nýbýli og aðstoð við ræktunarsambönd, svo og aðrar ráðstafanir, sem Landnám ríkisins hefur umsjón með og að því áttu að miða að koma í veg fyrir eyðingu býla. Atvinnuaukningarfjárveitingin varð hæst árið 1957, þá 15 millj. kr. Stjórnskipaðar nefndir störfuðu um skeið að rannsóknum á aðstöðu einstakra landshluta og byggðarlaga, einkum á sviði atvinnumála, og gerðu skýrslur og áætlanir um þau efni. Byggðajafnvægismálið hefur legið fyrir Alþingi í ýmsum myndum, um það verið

rætt þar og stundum gerðar um það ályktanir. Af hálfu Framsóknarflokksins voru á Alþingi 1959—60 og 1960—61 flutt frv. um Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en fengu ekki afgreiðslu. Á þingi 1961—62 voru sett lög um Atvinnubótasjóð. Með þeim lögum var í rauninni ákveðið, að atvinnuaukningarféð skyldi vera 10 millj. kr. á ári í 10 ár, sem er mjög lág upphæð, miðað við það, sem áður var, og hækkandi verðlag, og það fé lagt í sjóðinn ásamt útistandandi lánum af atvinnuaukningarfé frá öndverðu, en þau lán hafa a. m. k. til skamms tíma verið innheimt vægilega. Yfir sjóðinn var sett sérstök stjórn, er Alþingi kaus, en síðustu árin þar áður hafði þingið kosið nefnd ár hvert til þess að úthluta atvinnuaukningarfénu.

Í lögunum um Atvinnubótasjóð og framkvæmd þeirra fólst engin ný skapandi lausn þessara mála, enda varla vakað fyrir stjórnarvöldum, að svo yrði, heldur aðeins lögfest aðferð til að úthluta atvinnuaukningarfénu og upphæð þess ákveðin 10 ár fram í tímann, á þann hátt, sem þarna var gert. Árið 1966 voru þessi lög afnumin og jafnframt sett ný lög um svonefndan Atvinnujöfnunarsjóð. Sú löggjöf var til nokkurra bóta, en gefur fyrst og fremst til kynna, að skilningur sé nú vaxandi á þeirri hættu, sem yfir landsbyggðinni vofir. Er þá mikilsvert, að áfram sé haldið sókn í málinu, enda mun ekki af veita, þar sem orkulindum landsins og útlendu stóriðjufjármagni er nú í stórum stíl veitt til stórborgarsvæðisins og ný áform uppi um sömu þróun á næstu árum. Atvinnujöfnunarsjóður gerir gagn, en betur má, ef duga skal.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er byggt á þeirri skoðun, að koma þurfi á fót sjálfstæðri og skipulagðri starfsemi til frambúðar í því skyni að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og að sú starfsemi verði að hafa við það fjárframlag að styðjast, að verulegs árangurs megi vænta. Hér þarf að koma til föst landsbyggðar- eða byggðajafnvægisstofnun með starfskröftum, sem geta helgað sig viðfangsefninu. Byggðajafnvægisnefnd verður að afla sér nauðsynlegrar þekkingar á hverjum tíma með því að ferðast um landið, ræða við sveitarstjórnir og aðra þá, er forustu hafa á hverjum stað, gera skýrslur og semja áætlanir, sem úthlutun fjármagns byggist á. Ella er hætt við, að hún verði fálmkennd og atvikum háð og komi ekki að fullu gagni. Hér þarf að koma til fjármagn, sem um munar.

Gert er ráð fyrir, að Byggðajafnvægissjóður ríkisins fái til umráða 2% af tekjum ríkissjóðs ár hvert. Miðað við áætlun fjárlaga fyrir 1967 hefðu þessar árstekjur sjóðsins það ár orðið um 94 millj. kr., en breytast í hlutfalli við tekjur ríkissjóðs, sem á að tryggja það, að starfsgeta sjóðsins haldist, þótt verðlag breytist. Einhverjum kann að þykja þetta há upphæð við fyrstu sýn, en að vel athuguðu máli verður það varla talið frekt í sakirnar farið, þó að lagt sé til, að ríkið verji árlega 2 aurum af hverri krónu til að skipuleggja á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, sókn gegn þeirri öfugþróun, sem tölurnar hér að framan bera vitni um, og tryggja framtíð þeirra byggða, sem alið hafa upp mikinn hluta þess fólks, sem starfað hefur að uppbyggingu landsins til þessa eða nú er á starfsaldri. Hér er um að ræða svipaðan hundraðshluta af ríkistekjum og veittur var til að „bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu“ árið 1957. Rétt er líka að hafa það í huga, að ýmis framlög ríkisins til verklegra framkvæmda víðs vegar um land hafa farið hlutfallslega lækkandi í seinni tíð, miðað við umsetningu fjárlaga. Í 12. gr. frv. er gert ráð fyrir, að sjóðurinn fái lántökuheimild allt að 250 millj. kr. á ári í 5 ár, og er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist þau lán, sem sjóðsstjórnin tekur samkv. þeirri heimild, og greiði fyrir útvegun lánsfjár.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í tveim köflum. Fjallar fyrri kaflinn um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins og þá m. a. störf Byggðajafnvægisnefndar, sem gert er ráð fyrir, að kjörin verði af Alþingi og haldi fund a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þurfa þykir. Nefndinni er heimilað að tryggja sér starfskrafta, eftir því sem nauðsyn krefur, enda komi til samþykki ríkisstjórnar. Byggðajafnvægisstofnunin á samkvæmt frumvarpinu að hafa með höndum rannsóknarstörf, áætlana-

gerð og ráðstöfun fjármagns til uppbyggingar á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Í því skyni eru henni fengin umráð yfir Byggðajafnvægissjóði ríkisins, en um hann er II. kafli frumvarpsins. Gert er ráð fyrir, að fjárframlög úr Byggðajafnvægissjóði verði aðallega veitt sem lán, þegar aðrir lánsmöguleikar hlutaðeigandi aðila eru fullnýttir, og að stjórn sjóðsins ákveði sjálf lánskjörin hverju sinni. Geta þau þá farið að verulegu leyti eftir greiðslugetu. Samkvæmt frumvarpinu má veita slík lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi Byggðajafnvægisnefndar eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum. Er þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að sveitir landsins geti einnig notið þar góðs af, að því leyti sem stuðningur sá, sem veittur er samkvæmt landbúnaðarlöggjöfinni, leysir ekki þau viðfangsefni, sem um er að ræða. Meðal annars er gert ráð fyrir, að Byggðajafnvægisnefnd geti aðstoðað sveitarfélög við að koma upp íbúðum, þar sem íbúðaskortur kemur í veg fyrir æskilega fólksfjölgun, og það mál verður ekki leyst á annan hátt. Er áður að því efni vikið. Sjóðsstjórninni er heimilt að gerast meðeigandi í atvinnufyrirtæki, ef sérstaklega stendur á og fullnægt er tilteknum skilyrðum.

Rétt þykir að gera ráð fyrir þeim möguleika, að sveitarstjórnir eða sýslunefndir eða samband þeirra kunni að hafa hug á og telja sér fært að leggja sjálfar fram eða útvega nokkurt fé til þeirrar uppbyggingar á sínu svæði, sem frumvarp þetta tekur til, og hafa sjálfar meiri forustu en yfirleitt er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Þykir þá sanngjarnt og eðlilegt, að þær geti, ef þannig er að farið, fengið fé úr Byggðajafnvægissjóði á þann hátt, sem nánar er tiltekið, enda verði þá yfirleitt ekki um aðrar beinar lánveitingar úr Byggðajafnvægissjóði að ræða á því svæði, sem hér er um að ræða. Í 14. gr. er gert ráð fyrir, að sýslunefndir, sveitarstjórnir eða samband þeirra geti tekið sér fyrir hendur að gera svæðis- eða landshlutaáætlun og fengið til þess fjárhagslegan stuðning hjá sjóðnum.

Algengt er, að komið sé upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkissjóðs, t. d. með ríkisábyrgð eða ríkisláni. Æskilegt er, að Byggðajafnvægissjónarmið komi til greina við staðsetningu slíkra fyrirtækja og að fjárhagsleg aðstoð ríkisins sé hverju sinni því skilyrði bundin, að Byggðajafnvægisnefnd hafi látið í ljós álit sitt um möguleika á því að koma staðsetningunni í samræmi við tilgang þessa frv., ef að lögum verður.

Lagt er til, að Framkvæmdasjóður Íslands annist daglega afgreiðslu og reikningshald fyrir Byggðajafnvægissjóð.

Er tímar líða, kemur til greina að setja með lögum nánari reglur um þá starfsemi til stuðnings jafnvægi í byggð landsins, sem hér ræðir um. Í frumvarpinu eru ákvæði um tilgang hennar og meginatriði, en að öðru leyti verður hún að mótast smám saman af rannsóknum og reynslu og áætlunum þeim, sem gerðar verða á vegum Byggðajafnvægisnefndar. Hér er um að ræða ráðstafanir, sem verða munu allri þjóðinni til hagsbóta. Einnig sá landshluti, sem fjölmennastur er eða verður, mun — eins og fyrr var að vikið — njóta hér góðs af í ríkum mæli, ef takast mætti að stöðva eða minnka fólksstrauminn þangað, því að hið mikla aðstreymi fólks, sem þar hefur átt sér stað áratugum saman, hefur skapað þessum landshluta ýmiss konar erfiðleika og ekki verið honum hentugt, enda á sumum sviðum haft í för með sér mikil fjárútlán fyrir borgarana. Í öðrum landshlutum mundi Byggðajafnvægissjóður með beinum fjárframlögum og þá einkum útlánum styðja þá uppbyggingarstarfsemi, sem að undangenginni athugun telst til þess fallin á hverjum tíma að draga úr fólksstraumnum þaðan eða stöðva hann og koma í veg fyrir yfirvofandi eyðileggingu verðmæta. Hér er ekki um það að ræða, að hvergi megi leggja niður byggt ból eða flytja á hagkvæmari stað. Uppbygginguna ber að miða við það að hagnýta sem bezt gæði náttúrunnar til lands og sjávar, þar sem þau eru til staðar. Björgulega staði ætti ekki að yfirgefa, heldur stefna að því þar að gera mönnum kleift að koma atvinnurekstri sínum og aðstöðu í samræmi við það, sem hæfilegt má teljast og óhjákvæmilegt á hverjum tíma. En jafnframt ber að hafa það í huga, að ráðið til þess að hindra beina

eða hlutfallslega fólksfækkun í einhverjum landshluta getur verið m. a. í því fólgið að koma þar upp þéttbýlishverfum eða efla kaupstaði og kauptún, sem fyrir eru, og ber þá Byggðajafnvægisstofnuninni að sjálfsögðu að greiða fyrir uppbyggingu og vexti slíkra staða, jafnhliða annarri uppbyggingu þar um slóðir. Aukning fólksfjölda á slíkum þéttbýlisstöðum, þótt hún í bili dragi til sín eitthvað af fólki úr umhverfi sínu, getur verið brýnt hagsmunamál hlutaðeigandi landshluta, ef hún ræður úrslitum um það, að hann sem heild haldi sínum hlut. Í bæjum og þorpum skapast líka markaður og ýmsir aðrir slíkir möguleikar fyrir nálægar sveitir. Af þessu leiðir, að byggðajafnvægismálið verður ekki leyst, svo að vel sé, nema á það sé litið frá heildarsjónarmiði hinna stóru landshluta, en þá jafnframt haft í huga, að björgulegar byggðir, þótt nú séu af einhverjum ástæðum fámennar og eigi í vök að verjast, dragist ekki aftur úr í sókn þjóðarinnar til bættra atvinnuhátta og betri lífskjara. Byggðajafnvægisstarfsemin á ekki að vera fólgin í „atvinnuleysisráðstöfunum" eða örvun þjóðhagslega óhagkvæmrar framleiðslu, heldur í því að gera börnum landsins kleift — með aðstoð fjármagns og tækni — að grundvalla búsetu sína, lífsafkomu og menningu á náttúrugæðum til lands og sjávar, hvar á landinu sem þau eru, — að koma með skynsamlegum ráðum í veg fyrir, að landsbyggðin eyðist eða dragist svo aftur úr, að framtíðarvonir hennar verði að engu gerðar. Koma þarf í veg fyrir þann misskilning, sem stundum ber á, að hin fámennari byggðarlög og atvinnurekstur þeirra sé yfirleitt byrði á þjóðarbúskapnum. Athuganir hafa leitt í ljós, að í sumum fámennum sjávarplássum t. d. skilar hver íbúi að meðaltali svo mikilli gjaldeyrisvöruframleiðslu í þjóðarbúið, að athygli vekur við samanburð. Víða í sveitum er framleiðslan líka án efa mjög mikil, ef reiknað er á þennan hátt. En þar sem fjármagn skortir og tækni er af skornum skammti, verður þetta oft á annan veg. Þess ber einnig að geta, að engin stétt í þjóðfélaginu mun leggja hlutfallslega eins mikið fram af eigin tekjum og með vinnu sinni til uppbyggingar í landinu og bændastéttin. Óhætt mun að gera ráð fyrir, að hagnýt þjóðarframleiðsla minnki ekki, heldur vaxi við aukið jafnvægi í byggð landsins.

Í ákvæði til bráðabirgða er svo fyrir mælt, að Byggðajafnvægisnefnd skuli þegar eftir gildistöku frv., ef að lögum verður, gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fari í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar frá náttúrunnar hendi vel viðunandi skilyrði til atvinnurekstrar á landi eða sjó. Til þess er ætlazt, að bráðabirgðaáætlunin sé gerð í samráði við Landnám ríkisins, sem hefur þegar í höndum mikilsverðar upplýsingar á þessu sviði og þar með aðstöðu til að gera sér grein fyrir atvinnuskilyrðum frá náttúrunnar hendi í einstökum byggðarlögum. Lagt er til, að byggðajafnvægisnefnd hafi heimild til að veita hlutaðeigandi sveitarfélögum óafturkræf framlög og verja til þess allt að þriðjungi af tekjum sjóðsins í þrjú ár. Kæmi til álita að framlengja heimildina. Í ljós kemur, að sum byggðarlög eru nú þannig á vegi stödd, að hafa verður hraðan á, ef þær sérstöku ráðstafanir, sem þjóðfélagið kann að vilja gera þeim til aðstoðar, eiga ekki að verða um seinan. Í þessu sambandi skal minnt á fjölda fundarsamþykkta um þetta efni, er birtar hafa verið.

Fullvíst má telja, að sveitarstjórnir, sýslunefndir og sambönd sveitarfélaga séu nú reiðubúin til samstarfs við þjóðfélagið til verndar og eflingar landsbyggð og til að afstýra yfirvofandi hættu á eyðingu lífvænlegra byggðarlaga.

Í frv. eru ákvæði um afnám laganna um Atvinnujöfnunarsjóð og að Byggðajafnvægissjóður taki við stofnfé hans á þann hátt, sem mælt er fyrir um í 8. gr., svo og hluta framleiðslugjalds samkv. 9. gr.

Frumvarp svipaðs efnis og það, er hér liggur fyrir, hefur verið flutt í neðri deild á mörgum þingum, 1962—68. Hér er um framtíðarmál að ræða. En kreppuástand það, sem þjóðin á nú við að stríða vegna dýrtíðarvaxtarins innanlands, hlýtur að

minna á þá staðreynd, að of ört stækkandi stórborg í fámennu landi ýtir undir verðbólgu og að hlutfallslega jafn vöxtur allrar landsbyggðar hefur áhrif á efnahagsmál þjóðarinnar í jafnvægisátt.

Þar sem talað er um áætlanir í frv., er ekki átt við svonefndar líkindaáætlanir fyrst og fremst eða almennar hugleiðingar um framtíðarmöguleika, heldur tillögur í áætlunarformi um framkvæmdir og fjármagnsnotkun um lengri eða skemmri tíma, yfirleitt svo að árum skipti.

Litið er á ákvæðin um kosningu Byggðajafnvægisnefndar í 2. gr. sem bráðabirgðaákvæði. Þegar lokið hefur verið stofnun sérsambanda sveitarfélaga í einstökum landshlutum, eins og nú virðist stefnt að, kemur að sjálfsögðu til álita, að þessi sveitarfélagasambönd fái hlutdeild í skipun nefndarinnar eða ráði jafnvel mestu um nefndarskipunina.

Fylgiskjal.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Endanlegar tölur mannfjöldans 1. des. 1968.

Landið í heild og kaupstaðir.

	Karlar	Konur	Alls
Allt landið	102 221	99 970	202 191
Reykjavík	39 535	41 491	81 026
Kaupst. ÷ Rvík	28 910	28 365	57 275
Sýslur alls	33 776	30 114	63 890
Kópavogur	5 501	5 386	10 887
Hafnarfjörður .	4 697	4 637	9 334
Keflavík	2 780	2 720	5 500
Akranes	2 111	2 103	4 214
Ísafjörður	1 385	1 314	2 699
Sauðárkrókur .	725	721	1 446
Siglufjörður ...	1 147	1 174	2 321
Ólafsfjörður ...	542	521	1 063
Akureyri	5 103	5 252	10 355
Húsavík	1 024	922	1 946
Seyðisfjörður ..	481	459	940
Neskaupstaður .	817	719	1 536
Vestmannaeyjar	2 597	2 437	5 034

Sýslur og hreppar.

	Karlar	Konur	Alls
Gullbringusýsla ...	3 893	3 615	7 508
Grindavíkur	541	493	1 034
Hafna	101	74	175
Miðnes	523	502	1 025
Gerða	335	276	611
Njarðvíkur	782	733	1 515
Vatnsleysustrandar	220	177	397
Garða	1 279	1 260	2 539
Bessastaða	112	100	212

Sýslur og hreppar (framh.).

	Karlar	Konur	Alls
Kjósarsýsla	1 804	1 690	3 494
Seltjarnarnes	1 027	1 013	2 040
Mosfells	525	459	984
Kjalarnes	115	98	213
Kjósar	137	120	257
Borgarfjarðarsýsla .	784	663	1 447
Hvalfj.strandar	114	77	191
Skilmanna	70	56	126
Innri-Akranes	64	62	126
Leirár- og Mela	82	73	155
Andakíls	131	116	247
Skorradals	41	30	71
Lundarreykjadals .	65	49	114
Reykholtsdals	162	154	316
Hálsa	55	46	101
Mýrasýsla	1 109	1 008	2 117
Hvítársíðu	61	51	112
Þverárhlíðar	55	40	95
Norðurárdals	60	61	121
Stafholtstungna ...	128	102	230
Borgar	94	89	183
Borgarnes	565	535	1 100
Álftanes	75	70	145
Hraun	71	60	131
Snæfellsnessýsla ...	2 238	2 001	4 239
Kolbeinsstaða	77	61	138
Eyja	49	41	90
Miklaholts	78	84	162

Sýslur og hreppar (framh.).	Karlar	Konur	Alls
Staðarsveit	95	72	167
Breiðuvíkur	74	54	128
Nes	297	277	574
Ólafsvíkur	522	462	984
Fróðár	20	12	32
Eyrarsveit	377	328	705
Helgafellssveit	62	46	108
Stykkishólms	535	519	1 054
Skógarstrandar	52	45	97
Dalasýsla	614	560	1 174
Hörðudals	35	33	68
Miðdala	86	78	168
Haukadals	52	46	98
Laxárdals	172	163	335
Hvamms	59	51	110
Fellsstrandar	45	42	87
Klofnings	19	18	37
Skarðs	42	41	83
Saurbæjar	104	88	192
A-Barðastr.sýsla	267	207	474
Geiradals	72	51	123
Reykhóla	109	90	199
Gufudals	35	32	67
Múla	21	13	34
Flateyjar	30	21	51
V-Barðastr.sýsla.	1 089	933	2 022
Barðastrandar	105	87	192
Rauðasands	78	45	123
Patreks	532	499	1 031
Tálknafjarðar	139	112	251
Ketildala	23	15	38
Suðurfjarða	212	175	387
V-Ísafjarðarsýsla	909	849	1 758
Auðkúlu	25	22	47
Þingeyrar	234	205	439
Mýra	86	87	173
Mosvalla	55	49	104
Flateyrar	255	229	484
Suðureyrar	254	257	511
N-Ísafjarðarsýsla	1 046	904	1 950
Hóls	515	431	946
Eyrar	202	207	409
Súðavíkur	140	125	265
Ögur	51	35	86
Reykjarfjarðar	62	54	116
Nauteyrar	48	35	83
Snæfjalla	28	17	45

Sýslur og hreppar (framh.).	Karlar	Konur	Alls
Strandasýsla	743	607	1 350
Árnes	127	98	225
Kaldrananes	141	110	251
Hrófbergs	40	21	61
Hólmavíkur	188	162	350
Kirkjubóls	57	40	97
Fells	37	33	70
Óspakseyrar	34	31	65
Bæjar	119	112	231
V-Húnavatnssýsla	732	659	1 391
Staðar	78	72	150
Fremri-Torfustaða	67	49	116
Ytri-Torfustaða	122	101	223
Hvammstanga	169	162	331
Kirkjuhvamms	109	91	200
Þverár	82	82	164
Þorkelshóls	105	102	207
A-Húnavatnssýsla	1 227	1 083	2 310
Ás	82	77	159
Sveinsstaða	72	71	143
Torfalækjar	80	72	152
Blönduós	357	319	676
Svínavatns	88	75	163
Bólstaðarhlíðar	106	95	201
Engihlíðar	63	61	124
Vindhælis	48	39	87
Höfða	273	230	503
Skaga	58	44	102
Skagafjarðarsýsla	1 351	1 157	2 508
Skefilsstaða	41	38	79
Skarðs	61	45	106
Staðar	81	74	155
Seilu	131	112	243
Lýtingsstaða	187	148	335
Akra	177	180	357
Rípur	67	64	131
Viðvíkur	49	42	91
Hóla	89	74	163
Hofs	136	103	239
Hofsós	154	134	288
Fells	29	30	59
Haganes	69	61	130
Holts	80	52	132
Eyjafjarðarsýsla	2 013	1 843	3 856
Grímseyjar	46	40	86
Svarfaðardals	174	175	349
Dalvíkur	531	498	1 029

Sýslur og hreppar (framh.).	Karlar	Konur	Alls
Hríseyjar	136	160	296
Árskógs	182	156	338
Arnarnes	147	118	265
Skriðu	84	82	166
Öxnadals	51	35	86
Glæsibæjar	137	127	264
Hrafnagils	142	129	271
Saurbæjar	166	141	307
Öngulstaða	217	182	399
S-Þingeyjarsýsla	1 481	1 336	2 817
Svalbarðsstrandar	125	112	237
Grýtubakka	196	160	356
Flateyjar	4	3	7
Háls	128	124	252
Ljósavatns	168	136	304
Bárðdæla	102	82	184
Skútustaða	221	227	448
Reykdæla	219	200	419
Aðaldæla	209	182	391
Reykja	55	49	104
Tjörnes	54	61	115
N-Þingeyjarsýsla	969	850	1 819
Keldunes	114	115	229
Öxarfjarðar	97	67	164
Fjalla	14	11	25
Presthóla	152	123	275
Raufarhafnar	240	219	459
Svalbarðs	99	71	170
Þórshafnar	215	214	429
Sauðanes	38	30	68
N-Múlasýsla	1 265	1 039	2 304
Skeggjastaða	80	58	138
Vopnafjarðar	433	373	806
Hlíðar	82	84	166
Jökuldals	110	75	185
Fljótsdals	109	92	201
Fella	99	81	180
Tungu	82	60	142
Hjaltastaðar	71	74	145
Borgarfjarðar	169	124	293
Loðmundarfjarðar	2	—	2
Seyðisfjarðar	28	18	46
S-Múlasýsla	2 618	2 340	4 958
Skriðdals	73	73	146
Valla	98	91	189
Egilsstaða	338	292	630
Eiða	97	80	177

Sýslur og hreppar (framh.).	Karlar	Konur	Alls
Mjóafjarðar	27	26	53
Norðfjarðar	68	52	120
Helgustaða	35	15	50
Eskifjarðar	467	445	912
Reyðarfjarðar	346	300	646
Fáskrúðsfjarðar	104	102	206
Búða	371	342	713
Stöðvar	127	107	234
Breiðdals	174	157	331
Berunes	71	53	124
Búlands	166	152	318
Geithellna	56	53	109
A-Skaftafellssýsla	798	708	1 506
Bæjar	42	52	94
Nesja	110	98	208
Hafnar	433	390	823
Mýra	62	51	113
Borgarhafnar	80	55	135
Hofs	71	62	133
V-Skaftafellssýsla	749	646	1 395
Hörgslands	118	102	220
Kirkjubæjar	125	95	220
Skaftártungu	54	51	105
Leiðvallar	48	38	86
Álftavers	36	28	64
Hvamms	268	254	522
Dyrhóla	100	78	178
Rangárvallasýsla	1 678	1 499	3 177
Austur-Eyjafjalla	141	116	257
Vestur-Eyjafjalla	160	122	282
Austur-Landeyja	95	85	180
Vestur-Landeyja	97	99	196
Fljótshlíðar	182	169	351
Hvol	224	194	418
Rangárvalla	309	259	568
Landmanna	73	63	136
Holta	153	145	298
Ása	73	85	158
Djúpár	171	162	333
Árnessýsla	4 399	3 917	8 316
Gaulverjabæjar	126	115	241
Stokkseyrar	244	241	485
Eyrarbakka	249	257	506
Sandvíkur	80	59	139
Selfoss	1 212	1 193	2 405
Hraungerðis	137	86	223
Villingaholts	123	98	221

Sýslur og hreppar (framh.).

	Karlar	Konur	Alls
Skeiða	143	120	263
Gnúpverja	297	199	496
Hrunamanna	261	199	460
Biskupstungna	288	196	484
Laugardals	136	105	241
Grímsnes	163	139	302
Þingvalla	32	20	52
Grafnings	35	31	66
Hveragerðis	394	419	813
Ölfus	463	430	893
Selvogs	16	10	26

Íbúatala þéttbýlisstaða annarra en kaupstaða 1. des. 1968.

Heiti á kauptúnum, sem notuð voru í mannfjöldaskýrslum Hagstofunnar fyrir 1/12 1967, eru hér tilgreind í sviga.

(Merkið * þýðir, að íbúatala þéttbýlisstaðar og hrepps sé ein og hin sama.)

Grindavík, Grindavíkurhr.*	1 034
Hafnir, Hafnahr.	154
Sandgerði. Miðneshr.	886
Gerðar, Gerðahr.*	611
Njarðvíkur, Njarðvíkurhr.*	1 515
Vogar, Vatnsleysustrandarhr.	249
Garðakauptún, Garðahr.*	2 539
Seltjarnarnes, Seltjarnarneshr.*	2 040
Hlíðartún (Lágafellshverfi), Mosfellshr.	140
Varmár- og Álafosshverfi, Mosf.hr.	325
Reykjahverfi, Mosfellshr.	241
Miðsandur, Hvalfjarðarstr.hr.	30
Borgarnes, Borgarneshr.*	1 100
Hellissandur, Neshr.	509
Rif, Neshr.	65
Ólafsvík, Ólafsvíkurhr.*	984
Grundarfjörður (Grafarnes), Eyrarsveit	571
Stykkishólmur, Stykkishólmshr.*	1 054
Búðardalur, Laxárdalshr.	183
Patreksfjörður, Patrekshr.*	1 031
Tálknafjörður (Tunguþorp), Tálknafjarðarhr.	178
Bíldudalur, Suðurfjarðahr. *	335
Þingeyri, Þingeyrarhr.	370
Flateyri, Flateyrarhr.*	484
Suðureyri, Suðureyrarhr.	461
Bolungarvík, Hólshr.*	946
Hnífsdalur, Eyrarhr.	334
Súðavík, Súðavíkurhr.	208
Djúpavík, Árneshr.	31
Drangsnes, Kaldrananeshr.	101
Hólmavík, Hólmavíkurhr.*	350
Borðeyri, Bæjarhr.	41
Hvammstangi, Hvammstangahr.*	331
Blönduós, Blönduóshr.*	676
Skagaströnd, Höfðahr.*	503
Varmahlíð, Seiluhr.	61
Hofsós, Hofsóshr.*	288
Grímsey, Grímseyjarhr.*	86
Dalvík, Dalvíkurhr.*	1 029
Hrísey, Hríseyjarhr.*	296
Litli Árskógssandur, Árskógshr.	80
Hauganes, Árskógshr.	120
Hjalteyri, Arnarneshr.	72
Svalbarðseyri, Svalbarðsstr.hr.	74
Grenivík, Grýtubakkahr.	164
Reykjahlíð, Skútustaðahr.	106
Kópasker, Presthólahr.	84
Raufarhöfn, Raufarhafnarhr.*	459
Þórshöfn, Þórshafnarhr.*	429
Bakkafjörður (Höfn í Bakkafirði), Skeggjastaðahr.	57
Vopnafjörður, Vopnafjarðarhr.	510
Borgarfjörður eystra (Bakkagerði), Borgarfjarðarhr.	148
Egilsstaðir, Egilsstaðahr.*	630
Eskifjörður, Eskifjarðarhr.*	912
Reyðarfjörður, (Búðareyri), Reyðarfjarðarhr.	570
Fáskrúðsfjörður (Búðir), Búðahr.*	713
Stöðvarfjörður (Kirkjubólsþorp), Stöðvarhr.	216
Breiðdalsvík (Þverhamarsþorp), Breiðdalshr.	150
Djúpivogur, Búlandshr.*	318
Höfn í Hornafirði, Hafnarhr.*	823
Kirkjubæjarklaustur, Kirkjubæjarhreppi	48
Vík í Mýrdal, Hvammshr.	369
Hvolsvöllur, Hvolhr.	216
Hella, Rangárvallahr.	333
Stokkseyri, Stokkseyrarhr.	395
Eyrarbakki, Eyrarbakkahr.*	506
Selfoss, Selfosshr.	2 405
Búrfell, Gnúpverjahr.	231
Laugarvatn, Laugardalshr.	130
Írafoss og Ljósafoss, Grímsneshr.	87
Hveragerði, Hveragerðishr.*	813
Þorlákshöfn, Ölfushr.	467

Þéttbýlisstaðir alls 35 005

Sþ. 22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að stofna til endurskoðunar á „stjórnarskrá lýðveldisins Íslands“ og fela ríkisstjórninni að skipa til þess níu menn samkvæmt tilnefningu eftirgreindra aðila:

1. Þingflokkarnir á Alþingi tilnefni fjóra, sinn manninn hver.
2. Lagadeild Háskóla Íslands tilnefni tvo menn.
3. Hæstiréttur tilnefni þrjá menn og einn þeirra sem formann nefndarinnar.

Nefnin taki m. a. sérstaklega til athugunar eftirtalin efnisatriði:

1. **Forsetaembættið.**
   Hvort fyrirkomulag æðstu stjórnar Íslands sé svo heppilegt sem það gæti verið, og hvaða skipan hennar mundi vera bezt við hæfi þjóðarinnar.

2. **Skipting Alþingis í deildir.**
   Hvort hún sé úrelt orðin og ein málstofa hagfelldari.

3. **Aðgreining löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds.**
   Hvort þörf sé skýrari ákvæða um þessa greiningu.

4. **Samskipti við önnur ríki.**
   Nauðsyn ákvæða, er marki rétt ríkisstjórnar og Alþingis til samninga við aðrar þjóðir.

5. **Þjóðaratkvæði.**
   Ákvæði um, hvenær rétt sé eða skylt að láta fram fara þjóðaratkvæðagreiðslu — og hvað hún gildi.

6. **Kjörgengi.**
   Hvort ástæða sé til að takmarka kjörgengi meir en nú er gert í 34. gr. stjórnarskrárinnar.

7. **Kjördæmaskipun.**
   Hvort rétt sé að breyta kjördæmaskipuninni á þá leið, að landinu öllu verði skipt í einmenningskjördæmi, þar sem aðalmenn og varamenn verði kosnir saman óhlutbundnum kosningum, en uppbótarþingmenn engir.

8. **Þingflokkar.**
   Hvort ekki sé þörf lagasetningar um skyldur og réttindi þingflokka.

9. **Ný skipting landsins í samtakaheildir.**
   Hvort æskilegt sé að taka inn í stjórnarskrána ákvæði um skiptingu landsins í fylki eða aðrar nýjar samtakaheildir, er hafi sjálfstjórn í sérmálum, enda leiti nefndin um þetta álits sýslunefnda, bæjarstjórna, borgarstjórnar Reykjavíkur, Sambands ísl. sveitarfélaga og sérsambanda sveitar- eða sýslufélaga í einstökum landshlutum.

10. **Bráðabirgðalög.**
    Hvort ástæða sé til að kveða nánar á en nú er gert um útgáfu bráðabirgðalaga og gildistíma.

11. **Eignakaup og eignasala ríkisins.**
Hvort þörf sé nýrra ákvæða um eignakaup og eignasölu ríkissjóðs og ríkisstofnana.

12. **Óeðlileg verðhækkun lands og fasteigna.**
Hvort gerlegt sé og nauðsynlegt, að hindra með stjórnarskrárákvæði óeðlilega verðhækkun lands og fasteigna.

13. **Réttur og skylda til starfs.**
Hvort ástæða sé til að kveða á um rétt og skyldu verkfærra þjóðfélagsþegna til starfs.

14. **Jöfn menntunaraðstaða.**
Hvort kveða skuli á um, að þjóðfélaginu sé skylt að sjá svo um, að börnum og ungmennum, hvar sem þau eiga heima á landinu, skuli gert kleift að afla sér almennrar menntunar.

15. **Vörn landsins.**
Hvort ákvæði 75. gr. stjórnarskrárinnar eigi þar heima á komandi tímum.

16. **Þingsetningartími.**
Hvort rétt sé, að í stað „15. dag febrúarmánaðar“ í 35. gr. stjórnarskrárinnar komi annar tími, t. d. 1. október.

17. **Hækkun ríkisútgjalda.**
Hvort rétt sé að kveða nánar á en nú er gert um frumkvæði að hækkun ríkisútgjalda.

18. **Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna.**
Hvort bæta skuli ákvæðum úr mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna við VII. kafla stjórnarskrárinnar og breyta 70. gr. hennar með hliðsjón af nútímalöggjöf.

19. **Skyldur við landið.**
Hvort tilhlýðilegt sé og gagnlegt til leiðbeiningar á komandi tímum, að stjórnarskráin hefjist á yfirlýsingu um skyldur þjóðarinnar við landið og um nauðsyn landsbyggðar, enda jafnframt kveðið á um þá almennu reglu, að fasteignir og náttúruauðæfi séu í eigu Íslendinga.

20. **Stjórnlagaþing.**
Hvort ráðlegt sé, að sérstaklega kjörið stjórnlagaþing fjalli um stjórnarskrána.

Nefndin ljúki störfum svo fljótt sem unnt er og skili tillögum sínum til Alþingis.

Greinargerð.

Undanfarið hefur verið nokkuð um það rætt, að breyta þurfi starfsháttum Alþingis. Í sambandi við slíkar umræður verður að hafa í huga, að stjórnarskráin mótar að miklu leyti skipan þingsins og störf. Stjórnarskrána þarf að endurskoða. Tillögu til þingsályktunar um slíka endurskoðun flutti Karl Kristjánsson þáv. alþm. á Alþingi 1966. Sú tillaga var rædd, en hlaut ekki afgreiðslu. Tillaga K. K. var endurflutt á Alþingi 1967 með þeirri greinargerð, sem henni fylgdi frá honum í öndverðu, hvort tveggja yfirleitt óbreytt að öðru leyti en því, að niður var fellt

að fjalla um lækkun kosningaaldurs, sem þá var í þann veginn að ná fram að ganga. Að þessu sinni var tillagan einnig rædd, en umræða ekki það á veg komin, að málinu yrði vísað til nefndar.

Tillaga sú, sem nú er flutt, um endurskoðun stjórnarskrárinnar, er með sama sniði og tillaga sú, sem greint hefur verið frá hér að framan, en þó að því leyti frábrugðin henni, að mælt er fyrir um nokkur ný atriði, að þau skuli taka til athugunar. Er þar haft í huga ýmislegt, sem fram hefur komið eftir stofnun lýðveldisins, m. a. nú síðustu árin í umræðum um stjórnarskrármál. Þessari tillögu fylgir ný greinargerð, sem samin er með hliðsjón af hinni eldri greinargerð, og mest af því, sem þar var sögulegs efnis, tekið upp orðrétt, en fjallar þó að sjálfsögðu einnig um þau nýmæli, sem í tillögunni eru og ekki voru í eldri tillögunni.

Þegar ákveðið hafði verið, að Íslendingar slitu konungssambandinu við Danmörku og að endurreisa skyldi lýðveldi á Íslandi, skipaði Alþingi nefnd fimm manna, 22. maí 1942, til að gera tillögur um breytingar á stjórnskipunarlögunum, sem gilt höfðu fyrir konungsríkið Ísland. Nefndin var endurskipuð um haustið 1942 og þá bætt í hana þrem mönnum, til þess að í henni yrðu tveir menn frá hverjum þáverandi þingflokki. Var hún þar með orðin átta manna nefnd.

Árið 1943 skilaði nefndin frumvarpi til stjórnskipunarlaga með greinargerð. Þetta frumvarp var samþykkt og lýðveldið stofnað 17. júní 1944.

En nefndin leit alls ekki svo á, að verkefni sínu væri þar með lokið. Í greinargerðinni, sem frumvarpinu fylgdi, segir hún, að hún muni halda áfram að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Telur hún þetta seinni hluta verkefnisins, sem sé — eins og hún kemst að orði: „að undirbúa aðrar breytingar á stjórnskipulaginu, er þurfa þykir og gera verður á venjulegan hátt". „Má vera", bætir nefndin við, „að það starf verði öllu víðtækara og þurfi þar til að afla ýmissa gagna, er nú liggja eigi fyrir, svo og að gaumgæfa reynslu þá, er lýðræðisþjóðir heimsins óefað öðlast í þessum efnum á þeim tímum, sem nú líða yfir mannkynið. Þangað til því verki yrði lokið, ætti sú stjórnarskrá, sem hér er lögð fram, að nægja, enda eru ákvæði hennar mestmegnis þau, er nú gilda í stjórnskipunarlögum hins íslenzka ríkis, að breyttu hinu æðsta stjórnarformi frá konungdæmi til lýðveldis o. s. frv."

Nefndarmennirnir, sem undir þetta rituðu, voru: Gísli Sveinsson, Bjarni Benediktsson, Hermann Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jónas Jónsson, Haraldur Guðmundsson, Einar Olgeirsson og Áki Jakobsson.

Ljóst er af því, sem hér er upp tekið úr greinargerðinni, að þessir oddvitar íslenzkra stjórnmála, sem áttu sæti í nefndinni, hafa litið svo á, að aðeins væri lokið fyrri hluta endurskoðunarinnar, þ. e. „að breyta hinu æðsta stjórnarformi frá konungdæmi til lýðveldis", en að hið víðtækara viðfangsefni væri óleyst, — og það bæri að leysa.

Alþingi var einnig á sömu skoðun, sem ótvírætt sést á því, að það gerði til þess ráðstafanir 3. marz 1945, að skipuð var 12 manna nefnd til ráðuneytis 8 manna nefndinni, og heimilaði þá enn fremur, að ráðinn væri sérfróður maður tuttugu manna hópnum til aðstoðar.

Tuttugu manna nefndin sendi mann úr sínum hópi utan, og fór hann víða um lönd til að kynna sér stjórnarskrár ýmissa landa og draga að nefndinni fróðleik um þær. Mun sá fróðleikur væntanlega geymdur einhvers staðar í skjalforða ríkisins.

Þegar tvö ár og nálega ársfjórðungi betur höfðu „liðið yfir mannkynið", frá því að tuttugu manna nefndin var skipuð, felldi Alþingi niður umboð hennar. Þetta gerðist, að því er Alþingistíðindi herma, 24. maí 1947.

Samtímis fól Alþingi ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd „til þess að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands".

Vitað er, að sú nefnd kom saman á fundi og að af hálfu einstakra nefndarmanna voru lagðar fram lauslega mótaðar tillögur sem umræðugrundvöllur um

breytingu á stjórnarskránni. Enn fremur tillögur um að efna til sérstaklega kjörins stjórnlagaþings, er hefði það verkefni eitt að fullsemja stjórnarskrána.

Um þessa tillögugerð er hægt að fá nokkrar upplýsingar í bókinni „Land og lýðveldi“ (fyrri hluta), sem kom út 1965, eftir dr. Bjarna Benediktsson forsætisráðherra, en hann var formaður nefndarinnar.

Tillögurnar munu lítið hafa verið ræddar í nefndinni, og ekki voru þær afgreiddar. Nefndin var sem heild haldin sams konar óvirkni og fyrirrennarar hennar.

Aldrei hefur nefnd þessi verið formlega lögð niður. Eigi að síður er hún löngu talin úr sögunni. Og „seinni hluti verkefnisins“ við endurskoðun stjórnarskrárinnar — hinn „víðtækari“ — sem frestað var, þegar lýðveldið var endurreist, er enn óleystur af hendi. Er tímabært, að enn sé hafizt handa og þá á þann hátt, að vænta megi árangurs.

Þegar litið er á sögu þessa máls, virðist það ekki gefa góða raun að fela þingflokkum einum eða fulltrúum þeirra að hafa með höndum endurskoðun stjórnarskrárinnar. Verður því að telja vænlegra að skipa stjórnarskrárnefnd þannig, að líklegt megi telja, að þar ráði fleira tillögum manna en flokkasjónarmið ein. Hér er því gert ráð fyrir skipun nefndar á þá leið, að níu verði í nefndinni og að af þeim verði fjórir tilnefndir af þingflokkunum, en fimm af hæstarétti og lögfræðideild háskólans. Gert er ráð fyrir, að einn af fulltrúum hæstaréttar verði formaður nefndarinnar. Flutningsmaður tillögunnar kysi helzt, að 2 nefndarmenn, og annar þeirra formaður, væru tilnefndir af forseta Íslands, án ráðherraábyrgðar, en talið er vafasamt, að slíkt samrýmist núgildandi stjórnarskrá, og er þetta glöggt dæmi þess, hve mjög vald hins þjóðkjörna forseta er takmarkað í stjórnarskránni, sbr. 3. tölul. hér á eftir.

Full ástæða er til að ætla, að nefnd, sem þannig yrði skipuð, ynni það verk, sem henni væri falið, að endurskoða gildandi stjórnarskrá og skila tillögum til Alþingis um breytingar á henni eða frumvarpi að nýrri lýðveldisstjórnarskrá í heild. Það er ekki líklegt, að fulltrúar eins eða fleiri þingflokka fengju því ráðið, að málið yrði svæft í nefndinni, þó að þeir kynnu að óska þess, eða að eitt atriði, t. d. kjördæmaskipun, yrði tekið út úr til sérafgreiðslu vegna flokkshagsmuna og annað látið sitja á hakanum. Ef nefndarmenn yrðu ósammála að meira eða minna leyti um tillögugerð, verður að gera ráð fyrir, að ágreiningstillögur, sem og aðrar tillögur, yrðu rökstuddar, og væri þá fenginn umræðugrundvöllur um þessi efni á Alþingi og meðal þjóðarinnar. En í lengstu lög verður að vona, að nefnd sem þessi gæti náð samkomulagi um a. m. k. þau málsatriði, sem mestu skipta, eftir að hafa brotið þau til mergjar með framtíðarheill þjóðarinnar og ríkisins fyrir augum, og að tímabundin sérsjónarmið stjórnmálaflokka eða annarra yrðu þá að þoka fyrir því, sem meira er um vert, er til lengdar lætur.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir, að nefndin endurskoði stjórnarskrána í heild, eins og áður hefur verið til ætlazt, og yrði umboð hennar til tilögugerðar auðvitað ekki takmarkað á neinn hátt með samþykkt þessarar þáltill. Hins vegar er þó gert ráð fyrir, að lagt verði fyrir nefndina að taka allmörg tilgreind efnisatriði til sérstakrar athugunar. Að dómi flm. eru þessi efnisatriði svo mikilsverð og svo mjög á dagskrá nú, að ekki má undan falla, að um þau fáist álit nefndarinnar, hvernig svo sem hún kynni að afgreiða hvert einstakt atriði. Skal nú lauslega að þeim vikið, hverju fyrir sig, en í framsögu mun verða nánar um þau rætt.

1. Um hlutverk forseta Íslands, hvert það skuli vera á komandi tímum, eru skiptar skoðanir í landinu. Sú tillaga hefur komið fram, að forsætisráðherra verði falið þetta hlutverk og að hann verði á hverjum tíma þjóðhöfðingi. En einnig hafa verið uppi tillögur um að auka vald hins þjóðkjörna forseta. Er að þessu vikið síðar.
2. Tvímælis orkar, að rétt sé að halda deildaskiptingu á Alþingi. Sums staðar eru þingmenn kosnir á tvennan hátt eða hvor deild út af fyrir sig. Hér er ekki um slíkt að ræða.

3. Í sambandi við að auka vald forseta lýðveldisins hefur oft verið um það rætt, að koma þyrfti á gleggri aðgreiningu framkvæmdavalds, löggjafarvalds og dómsvalds en nú á sér stað. Til greina kemur, að forsetinn, en ekki Alþingi, velji ríkisstjórn á hverjum tíma, og að ráðherrar eigi ekki sæti á Alþingi, og eru dæmi til slíks. Því er af ýmsum haldið fram, að Alþingi yrði á þennan hátt óháðara í löggjöf gagnvart ríkisstjórninni og framkvæmdavaldið jafnframt sjálfstæðara í sínum verkahring.

   Gagnrýni er vaxandi á því, að þingmenn kveði sjálfir upp úrskurð um gildi kosninga sinna, sem telja má dómsmál.
4. Samskipti við önnur ríki eru vandasöm, og þeim fylgir mikil ábyrgð. Til greina kemur að takmarka rétt ríkisstjórnar, og e. t. v. Alþingis, til aðgerða á þessu sviði meir en nú er gert eða setja skýrari ákvæði um þessi efni.
5. Alþingi hefur stundum ákveðið að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin mál, án þess að slík atkvæðagreiðsla sé bindandi. Til greina kemur, að stjórnarskráin mæli fyrir um þjóðaratkvæði umfram það, sem hún gerir nú, þegar sérstaklega stendur á, og hvert gildi það skuli hafa.
6. Ástæða er til að athuga, hvort takmarka þurfi kjörgengi við alþingiskosningar meira en nú er gert, t. d. vegna aldurs eða lengdar þingsetu, vegna þess, að tiltekin störf samrýmist ekki þátttöku í stjórnmálabaráttu, eða þannig, að skilyrði verði sett um búsetu frambjóðenda í kjördæmum sínum.
7. Núverandi kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag ýtir undir flokksræði, gerir kosningar ópersónulegar og þar með kjósendum erfiðara fyrir, torveldar samskipti milli þingmanns og kjósenda hans, og er til þess fallin að slæva ábyrgðartilfinningu þingmanna, að margra dómi. Krafan um, að þingmenn verði kosnir í einmenningskjördæmum, virðist eiga vaxandi fylgi að fagna, einkum meðal hinna yngri kjósenda í landinu.
8. Umsvif stjórnmálaflokka fara stöðugt vaxandi. Þeir verja meiri og minni fjármunum til starfsmannahalds og annars kostnaðar af ýmsu tagi í áróðursskyni, og dagblaðaútgáfufyrirtæki þeirra í höfuðborginni velta hvert fyrir sig milljónatugum á ári. Stjórnarskráin ætlar flokkum sérstakan rétt. En þar skortir, að margra dómi, fyrirmæli um, að setja skuli lög um stjórnmálaflokka, réttindi þeirra og skyldur gagnvart flokksmönnum og þjóðinni.
9. Sjálfstæði þjóðarinnar er m. a. undir því komið, að landsbyggð haldist. Til þess að svo verði, þarf að vera jafnvægi milli landshluta. Með þetta fyrir augum þarf, að margra dómi, að skipta landinu í nokkur stór umdæmi (fylki) með sjálfstjórn í tilteknum sérmálum, innan ríkisheildarinnar, og ættu þá að vera ákvæði um þetta í stjórnarskránni.
10. Útgáfa bráðabirgðalaga er oft umdeild. Réttur ríkisstjórnar til útgáfu slíkra laga ætti að líkindum að vera meiri takmörkunum háður en hann nú er.
11. Til greina kemur að setja ný ákvæði um eignakaup og eignasölu ríkissjóðs og ríkisstofnana og þrengja valdsvið ríkisstjórna í þessum efnum.
12. Of hefur verið vakið máls á því, að koma þurfi í veg fyrir óeðlilega verðhækkun lands og fasteigna. Ef lagaákvæði um það efni eiga að koma að gagni, þurfa þau að líkindum að vera í stjórnarskránni. Dæmi eru til þess, að einn fermetri lands í miðborg Reykjavíkur hafi verið seldur á 25—30 þús. kr., og er slík þróun áhyggjuefni.
13. Fordæmi mun vera fyrir því, að í stjórnarskrá sé kveðið á um rétt og skyldu til að inna starf af hendi. Er slíkt einnig athugandi hér, og hefur málinu áður verið hreyft opinberlega.
14. Til greina kemur, að stjórnarskráin mæli fyrir um, að þjóðfélaginu sé skylt að sjá svo um, að börnum og ungmennum, hvar sem þau eiga heima á landinu, sé gert kleift að afla sér almennrar menntunar.
15. Ástæða er til að íhuga, hvort 75. gr. stjórnarskrárinnar eigi þar heima eftirleiðis.

16. Núverandi ákvæði stjórnarskrárinnar um þingsetningardag virðist úrelt og eðlilegt að breyta því.
17. Tilögur hafa verið uppi um, að frumkvæði að hækkun ríkisútgjalda verði háð stjórnarskrárákvæði, og er sjálfsagt að gefa þeim gaum.
18. Til greina kemur að taka í stjórnarskrána ákvæði úr mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, og eðlilegt er að breyta 70. gr. stjskr., varðandi framfærslu, með hliðsjón af nútímalöggjöf um þau efni.
19. Vel færi á því, að í stjórnarskránni væri almenn yfirlýsing um skyldur þjóðarinnar við landið og þá m. a., að henni beri að halda því í byggð og helga sér þannig landsréttinn, enda sé þá jafnframt kveðið á um, að Íslendingar eigi yfirleitt fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi. Ætti þá slík yfirlýsing að vera í upphafi stjórnarskrárinnar. Dæmi eru til, að hliðstæðar yfirlýsingar séu í stjórnarskrám ríkja, og þá þar settar til að minna á mikilsverð undirstöðuatriði, sem talið er, að ekki megi gleymast.
20. Tillögur hafa komið fram um það oftar en einu sinni, að kosið verði sérstakt stjórnlagaþing, sem hafi það verkefni eitt að fjalla um stjórnarskrána, þannig að afstaða kjósenda til annarra málefna þurfi ekki að hafa áhrif á kosningu þess.

Það skal tekið fram, að tillaga sú til þingsályktunar, sem hér er fram borin, um endurskoðun stjórnarskrárinnar, er ekki flokksmál, enda hefur flm. ekki farið fram á, að henni verði veitt flokksfylgi. Er að því leyti eins ástatt um hana og endurskoðunartillöguna, sem flutt var á Alþingi 1966 og 1967.

Ed. 23. Frumvarp til laga [23. mál]

um breyting á lögum nr. 101 frá 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Jón Þorsteinsson.

1. gr.

5. gr. laganna hljóði svo:

Nefnd sjö manna, sem fulltrúar framleiðenda og neytenda eiga sæti í, skal á grundvelli ákvæða 4. gr. ákveða afurðaverðið til framleiðenda og verð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu, samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga. Forsætisráðherra tilnefnir formann nefndarinnar. Af hálfu framleiðenda hefur stjórn Stéttarsambands bænda rétt til þess að tilnefna tvo menn, en framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann, en af hálfu neytenda hafa stjórnir eftirtalinna samtaka rétt til þess að tilnefna einn mann hver: Neytendasamtökin, Landssamband iðnaðarmanna og Sjómannasamband Íslands. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Tilnefning fulltrúa í Sjömannanefnd fer fram á tveggja ára fresti, og skal henni lokið fyrir 1. júlí ár þau, er ártalið stendur á jafnri tölu. Nú notar einhver aðili framleiðenda eða neytenda ekki rétt sinn til tilnefningar eða dregur fulltrúa sinn til baka, og skal landbúnaðarráðherra þá tilnefna í stað þeirra samtaka framleiðenda, er ekki nota rétt sinn, en félagsmálaráðherra á sama hátt í stað samtaka neytenda.

Formaður nefndarinnar kveður nefndina saman til funda og stýrir fundum hennar. Formaðurinn skal leitast við að finna málamiðlun í ágreiningsatriðum innan nefndarinnar og leggja fram tillögur þeim til úrlausnar, er nægur meiri hluti fæst fyrir í nefndinni.

Tillaga telst samþykkt í Sjömannanefnd, ef fjórir nefndarmenn eða fleiri greiða henni atkvæði. Þó telst tillaga felld, ef allir fulltrúar framleiðenda eða allir

fulltrúar neytenda greiða atkvæði gegn henni. Fulltrúar, sem kunna að vera tilnefndir af landbúnaðarráðherra og félagsmálaráðherra, sbr. 1. mgr., teljast fulltrúar framleiðenda og neytenda í þessu sambandi.

Hagstofustjóri og forstöðumaður Búreikningaskrifstofunnar skulu vera Sjömannanefnd til aðstoðar.

2. gr.

6. gr. laganna hljóði svo:

Sjömannanefnd skal leitast við að ná samkomulagi um verðlagsgrundvöll, þar sem kveðið er á um framleiðslukostnað og magn afurða og um verð til framleiðenda á einstökum landbúnaðarvörum. Náist samkomulag um slíkan verðlagsgrundvöll, er stutt sé af nægum meiri hluta nefndarmanna, skal verð það til framleiðenda, sem í honum felst, gilda við verðlagningu landbúnaðarvara frá byrjun viðkomandi verðlagstímabils.

Samhliða því, að Sjömannanefnd fjallar um ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, skal framleiðsluráð landbúnaðarins láta í té rökstuddar tillögur um raunverulegan vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara og um smásöluálagningu, til verðlagningar á söluvörum landbúnaðarins frá byrjun viðkomandi verðlagstímabils. Jafnframt skal framleiðsluráð leggja fyrir nefndina tillögu um hækkanir á söluverði kindakjöts og garðávaxta vegna geymslukostnaðar á verðlagstímabilinu. Sjömannanefnd skal, með hliðsjón af þessum tillögum framleiðsluráðs, leitast við að ná samkomulagi um vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu og um geymslukostnað kindakjöts og garðávaxta. Þegar rætt er í Sjömannanefnd um álagningu á búvöru í smásölu, ber að gefa fulltrúum Kaupmannasamtaka Íslands kost á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

Nú næst ekki nægur meiri hluti í Sjömannanefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, eða varðandi verðlagningu söluvara skv. 2. mgr. þessarar greinar, og skal þá vísa ágreiningnum til yfirnefndar, er skal skipuð þrem mönnum. Fulltrúar framleiðenda í Sjömannanefnd hafa rétt til að tilnefna einn mann í yfirnefndina, þó ekki úr sínum hópi. Fulltrúar neytenda í Sjömannanefnd hafa rétt til að tilnefna einn mann í yfirnefndina, þó ekki úr sínum hópi. Oddamaður í yfirnefnd skal tilnefndur af Sjömannanefnd í heild. Nú fær enginn stuðning nægjanlegs meiri hluta Sjömannanefndar sem oddamaður, og tilnefnir þá Hæstiréttur oddamanninn. Noti fulltrúar framleiðenda ekki rétt sinn til tilnefningar í yfirnefnd, skal landbúnaðarráðherra tilnefna í þeirra stað. Noti fulltrúar neytenda ekki rétt sinn til tilnefningar í yfirnefnd, skal félagsmálaráðherra tilnefna í þeirra stað. Ráðherra er eigi heimilt að tilnefna í yfirnefnd mann, sem á sæti í Sjömannanefnd.

Fulltrúar framleiðenda í Sjömannanefnd annars vegar og fulltrúar neytenda í Sjömannanefnd hins vegar skulu leggja ágreiningsefni sín skilmerkilega fyrir yfirnefnd. Þeir skulu skriflega setja fram kröfur sínar ásamt rökstuðningi, lýsa því, sem þeir eru sammála um, og því, sem á milli ber. Yfirnefnd skal kveða upp rökstuddan fullnaðarúrskurð eigi síðar en einum mánuði eftir að ágreiningsefni er vísað til hennar.

3. gr.

7. gr. laganna hljóði svo:

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðs til framleiðenda skv. 6. gr. gildir fyrir tvö ár í senn frá byrjun verðlagstímabils 1. september, og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma, nema annað sé ákveðið af Sjömannanefnd. Þó skal á sex mánaða fresti frá 1. september að telja taka inn verðlagsbreytingar rekstrarkostnaðar samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands, ef fulltrúar framleiðenda eða neytenda gera kröfu til þess. Launabreytingar og breytingar á vinnslu- og dreifingarkostnaði fara eftir ákvæðum 9. gr. Verðlagsgrundvöllur hvers tímabils framlengist um eitt ár í senn, ef honum er ekki sagt upp af fulltrúum framleiðenda

eða fulltrúum neytenda fyrir 1. júní á því ári, sem óskað er breytinga á honum. Þó getur Sjömannanefnd komið sér saman um annan frest. Þegar verðlagsgrundvelli hefur ekki verið sagt upp eða hann er bundinn, færir Hagstofa Íslands grundvöllinn fram til viðkomandi verðlagsárs í samræmi við áorðnar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi eftir framreikningsreglum, sem ákveðnar hafa verið af Sjömannanefnd.

4. gr.

8. gr. laganna breytist þannig, að í stað orðsins „Sexmannanefnd“, sem kemur fyrir fimm sinnum í greininni, komi alls staðar: Sjömannanefnd.

5. gr.

9. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðsins „Sexmannanefnd“, sem kemur fyrir sex sinnum í greininni, komi alls staðar: Sjömannanefnd.
2. Í stað orðanna „meiri hluti“ í 3. mgr. greinarinnar komi: nægur meiri hluti.

6. gr.

3. mgr. 10. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðsins „Sexmannanefnd“, sem kemur fyrir þrisvar í málsgreininni, komi alls staðar: Sjömannanefnd.
2. Í stað orðanna „meiri hluti“ komi: nægur meiri hluti.

7. gr.

Aftan við 2. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Útflutningsuppbætur mega þó aldrei verða hærri en 200% á neina vörutegund miðað við fob-verð.

8. gr.

Í stað „Sexmannanefnd“ í 13. gr. laganna komi: „Sjömannanefnd.

9. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 101 frá 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og gefa þau út svo breytt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að gerðar verði breytingar á II. kafla laga um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., en þessi kafli laganna fjallar um verðskráningu. Samkvæmt lögunum er það svokölluð Sexmannanefnd, er hefur það hlutverk að ákveða verðlagsgrundvöll búvöru og afurðaverð til bænda, svo og kveða á um vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara. Náist ekki meiri hluti í Sexmannanefnd um þessi úrlausnarefni, skal vísa málinu til sáttasemjara. Beri sáttaumleitanir ekki árangur, fer ágreiningsefnið til þriggja manna yfirnefndar, er kveður upp fullnaðarúrskurð.

Sexmannanefnd er skipuð þrem fulltrúum framleiðenda og þrem fulltrúum neytenda. Þarna mætast því tveir andstæðir hópar, sem eru jafnsterkir innan nefndarinnar. Í nefndinni er enginn hlutlaus maður, og þar er heldur enginn formaður. Þetta fyrirkomulag er ekki nógu gott. Því er með frumvarpi þessu lagt til að fjölga um einn mann í nefndinni eða nánar tiltekið setja þar hlutlausan oddamann, er gegni formannsstöðu í nefndinni. Þennan formann nefndarinnar á forsætisráðherra að skipa. Hlutverk formannsins verður að kveðja nefndina saman til funda, stýra fund-

um hennar, koma fram út á við fyrir hönd nefndarinnar í heild og síðast, en ekki sízt að sætta andstæð sjónarmið innan nefndarinnar og reyna eftir föngum að ná samkomulagi um málin. Þessi sjöundi maður í nefndinni á því að verða í senn formaður og sáttasemjari. Í samræmi við þetta er svo ráð fyrir gert í frumvarpinu, að sáttasemjari ríkisins verði úr leik og fái ekki ágreiningsefni innan nefndarinnar til meðferðar. Er og mála sannast, að verðlagsgrundvöllinn verður að ákveða á svo skömmum tíma, að sáttasemjari ríkisins hefur sáralítið svigrúm til að beita sér fyrir sáttum í alvöru. Formaður Sjómannanefndar á samkvæmt frumvarpinu að sjálfsögðu að hafa atkvæðisrétt í nefndinni, en réttarstaða framleiðendafulltrúa og neytendafulltrúa skerðist þó ekki í reynd við þetta, þar eða hvor hópurinn um sig á að hafa neitunarvald innan nefndarinnar, ef hann stendur saman.

Önnur breyting, sem í frumvarpinu felst, er á skipan hinna þriggja neytendafulltrúa í nefndina. Þeir eru nú tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna og Sjómannafélagi Reykjavíkur. Í frumvarpinu er lagt til, að í stað Alþýðusambandsins komi Neytendasamtökin. Er það gert vegna þess, að Alþýðusambandið vill ekki nota tilnefningarrétt sinn, en félagsmálaráðherra hefur þurft að tilnefna mann í nefndina í stað Alþýðusambandsins um margra ára skeið. Þá er og lagt til, að í stað Sjómannafélags Reykjavíkur tilnefni Sjómannasamband Íslands mann í nefndina, en telja verður sambandið eðlilegri forsvara sjómannastéttarinnar í landinu heldur en eitt félag innan þess.

Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. framleiðsluráðslaganna eiga bændur rétt á útflutningsuppbótum, sem samanlagt mega nema allt að 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar ár hvert. Í lögunum eru því hins vegar engin takmörk sett, hversu háar útflutningsuppbætur megi greiða á einstakar vörutegundir, en dæmi þess má finna, að þær hafi numið 300—400%. Framleiðsla vörutegunda, sem þurfa á svo miklum bótum að halda, er auðvitað fráleit og nauðsynlegt að hamla gegn henni. Því er í frumvarpinu bætt aftan við 2. mgr. 12. gr. ákvæði, sem segir, að útflutningsbætur megi þó aldrei verða hærri en 200% á neina vörutegund miðað við fob-verð.

Auk þeirra atriða, er að framan er getið, eru í frumvarpinu nokkur ný ákvæði, sem miða að því að gera verðskráningarkerfið virkara. Verða þeim gerð skil í framsögu.

Nd. 24. Frumvarp til laga [24. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes, Akureyri.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Ingvar Gíslason, Bjartmar Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes í Akureyrarlögsagnarumdæmi fyrir það verð, sem um semst eða ákveðið verður að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en þá vannst ekki tími til afgreiðslu þess, og er það því endurflutt nú. Frumvarpinu fylgdi við frumflutning svofelld greinargerð:

„Árið 1954 var lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar stækkað allverulega, og komu þá nokkrar jarðir, er áður heyrðu til Glæsibæjarhreppi, inn fyrir mörk bæjarins, meðal annarra jörðin Ytra-Krossanes, og eru landamerki þeirrar jarðar að norðan

jafnframt norðurmörk lögsagnarumdæmis Akureyrar, svo sem jörðin nær. Það hefur verið yfirlýst stefna Akureyrarkaupstaðar um fjölda ára, að kaupstaðnum bæri að eignast öll lönd og lóðir lögsagnarumdæmis hans, og hefur verið unnið að þessu, svo sem tækifæri hafa gefizt og föng verið á, enda löngu svo komið, að bærinn á meginhluta þeirra, m. a. hefur hann á undanförnum árum keypt sumar þær jarðir, sem 1954 voru lagðar undir lögsagnarumdæmi hans úr Glæsibæjarhreppi. Jörðin Ytra-Krossanes liggur að lóð Krossanesverksmiðju, sem Akureyrarbær á og rekur, og er kaupstaðnum þannig mikilsverð til rýminda fyrir verksmiðjuna og fyrirhugaða olíuhöfn bæjarins þar. Af framangreindum ástæðum og vegna þess að ætla má, að losna fari um erfðaábúð á Ytra-Krossanesi vegna aldurs ábúanda, hefur bæjarstjórn Akureyrar beðið þingmenn úr Norðurlandskjördæmi eystra að flytja frumvarp þetta.

Fylgir hér með sem fylgiskjal nefnd samþykkt bæjarstjórnar."

Þá fylgdi og eftirgreint fylgiskjal:

Fylgiskjal.

AKUREYRARBÆR

Akureyri, 2. apríl 1969.

Bæjarstjórn hefur á fundi sínum í gær samþykkt eftirfarandi úr gerðabók bæjarráðs, dags. 27. marz s. l.:

„Óskað lagasetningar um sölu Ytra-Krossaness.

Bæjarráð leggur til, að þess verði farið á leit við alþingismenn Norðurlandskjördæmis eystra, að þeir flytji frumvarp til laga um sölu ríkisjarðarinnar Ytra-Krossaness til Akureyrarbæjar."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Bjarni Einarsson.
bæjarstjóri.

Hr. alþingismaður, Bragi Sigurjónsson,
Alþingi, Reykjavík.

Nd. 25. Frumvarp til laga [25. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

2. málsgr. 56. gr. laganna orðist svo:

Fjölskyldubætur skulu greiddar án tillits til annarra bóta. Að öðru leyti getur enginn samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar. Saman mega þó fara:

a) Bætur til ekkju eða ekkils samkv. a-lið 37. gr. og allar bætur aðrar en ekkjubætur samkv. 19. gr.
b) Barnalífeyrir, ekkjubætur samkv. 19. gr. og dagpeningar.
c) Barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur samkv. 19. gr., örorkubætur og dagpeningar vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis.

d) Slysadagpeningar og elli- eða ekkjulífeyrir.
e) Aðrar bætur, ef svo er fyrir mælt í lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breyting sú, sem hér er lögð til, að gerð sé á 2. mgr. 56. gr. ofangreindra laga, er aðeins sú, að einstæð móðir, sem verður öryrki og hlýtur þar af leiðandi örorkubætur, missi ekki við það mæðralaun, en svo er nú eftir gildandi lögum. Mun sá óréttur hafa komizt í lög fyrir misgáning, og er framangreint frumvarp flutt þessu til lagfæringar. Á síðasta Alþingi var sams konar breyting lögð til, og mælti þá heilbrigðis- og félagsmálanefnd með breytingunni, en þar sem þá var komið að þinglokum, vannst ekki tími til fullnaðarafgreiðslu frumvarpsins, og er það því endurflutt nú í þeirri von, að það hljóti greiða og skjóta afgreiðslu.

Sþ. 26. Tillaga til þingsályktunar [26. mál]

um endurskoðun lagaákvæða um rannsókn sjóslysa.

Flm.: Geir Gunnarsson, Gils Guðmundsson, Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á lagaákvæðum um rannsókn sjóslysa á þann veg, að gert verði ráð fyrir, að sérstök rannsóknarnefnd annist sjóslysarannsóknir að öðru leyti en því, að sjó- og verzlunardómur á einstökum stöðum á landinu sjái um rannsókn hinna smávægilegri sjóslysa.

Nefnd þessi dragi saman allar þær upplýsingar, sem unnt er að afla við rannsókn sjóslysa, og miðli þeirri vitneskju jafnan til sjómanna, sjómannaskóla, útgerðarmanna og annarra aðila, sem málið varðar.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðasta Alþingi, og fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

„Samkvæmt núgildandi lögum fer sjó- og verzlunardómur með rannsókn sjóslysa, og segir í lögum um meðferð einkamála í héraði, að hafi skip farizt, beðið tjón eða lent í háska að öðru leyti, skuli rannsókn venjulega fara fram þar, sem skip tekur fyrst höfn eftir slys, eða á ákvörðunarstað þess, en þar sem hallkvæmast þykir, ef skip hefur farizt. Í siglingalögum er einnig ákvæði um skyldu skipstjóra til þess að tilkynna yfirvaldi og gefa um það skýrslu, ef maður slasast á skipi eða ferst voveiflega af skipi eða skipið veldur tjóni á öðrum skipum eða mannvirkjum. Þá er í lögum um eftirlit með skipum kveðið á um siglingadóm, sem m. a. skal dæma og eftir atvikum rannsaka refsimál, sem höfðuð eru vegna sjóslysa.

Rannsókn sjóslysa er því samkv. núgildandi lögum í höndum dómenda í hinum ýmsu sjó- og verzlunarþinghám í landinu, en ljóst ætti að vera, að vænlegra er til árangurs, að sjóslysarannsóknir séu á einni hendi, svo að sem allra mestur árangur geti fengizt af sjóslysarannsóknum að því leyti, að upplýsingar, sem fram koma, séu nýttar til þess að gera ráðstafanir til að draga úr hættu á sams konar slysum.

Í framkvæmd virðist rannsókn sjó- og verzlunardóms á hinum ýmsu stöðum fyrst og fremst eða eingöngu beinast að þeim þætti málsins að leiða í ljós, hvort um

saknæma óaðgæzlu einhvers aðila hafi verið að ræða, en minna hirt um þau atriði, sem varðað gætu slysavarnir. Hugsanleg not af samanburði atvika með hliðsjón af mismunandi búnaði skipa og viðbrögðum skipshafna við hin ýmsu slys, verða torveldari og harla lítil í raun, vegna þess að enginn einn aðili kannar öll sjóslys og safnar reynslu á einn stað.

Ákvæði um rannsóknir vegna flugslysa eru strangari að ýmsu leyti, og sýnist full ástæða til að endurskoða ákvæði laga um sjóslys með hliðsjón af ákvæðum laga um loftferðir. Í þeim lögum segir m. a., að rannsókn skuli hefja, ekki aðeins ef um flugslys er að ræða, heldur einnig ef legið hefur við flugslysi eða ástæða er til að ætla, að loftfari, flugmannvirkjum á jörðu eða rekstri þeirra sé eða hafi verið áfátt til muna. Þá er í þeim lögum gert ráð fyrir, að niðurstöður rannsókna skuli nýttar til tryggingar öryggi framvegis, því að í 145. gr. laganna segir m. a. um skýrslu rannsóknarnefndar, sem send skal flugmálaráðherra, saksóknara og dómsmálaráðherra: „... Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök slyssins, auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir, sem gera má til að afstýra áframhaldandi slysum af sömu eða líkum orsökum ...“

Árlega verða Íslendingar fyrir óbætanlegu manntjóni á sjó og miklu eignatjóni, og aldrei verður of mikilli fyrirhöfn eða fé varið til þess að draga sem mest úr slysum og óhöppum á sjó. Það er skoðun flm., að verulega skorti á, að rannsókn sjóslysa sé tekin nægilega föstum tökum með núgildandi ákvæðum laga og árangur, að því er varðar slysavarnir, sé minni en hann ætti að vera og gæti verið. Því er með þingsályktunartillögu þessari gert ráð fyrir, að lagaákvæði um rannsókn sjóslysa verði endurskoðuð og lögunum breytt á þann veg, að einn og sami aðili fjalli um öll sjóslys önnur en hin smávægilegustu og sinni því verkefni meir en áður hefur verið gert að safna á einn stað reynslu og lærdómum af slysunum og tryggja, að þeir lærdómar komi að notum í raunhæfum aðgerðum til varnar þeim mannslífum og eignum, sem teflt er í hættu í hinni hörðu sjósókn Íslendinga.“

Sþ. 27. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um eignakönnun.

Flm.: Magnús Kjartansson, Jónas Árnason, Karl Guðjónsson, Steingrímur Pálsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fyrir Alþingi eins fljótt og auðið er frumvarp til laga um eignakönnun. Skal tilgangur frumvarpsins vera sá að afla sem gleggstrar vitneskju um eignaskiptingu hér á landi og sérstaklega um eignasöfnun af völdum verðbólgu og gengislækkana, svo að síðar sé unnt að nota þá vitneskju til þess að afla fjár til aukins atvinnuöryggis og tekjujöfnunar.

Greinargerð.

Á þeim áratug, sem nú er að líða, hafa meiri fjármunir streymt um þjóðfélagið en nokkru sinni fyrr. Aukið aflamagn og stórbætt viðskiptakjör færðu Íslendingum milljarðafúlgur aukalega ár eftir ár, auk þess sem milljarðar króna hafa verið teknir að láni erlendis á sama tíma og fluttir til landsins. Þegar erfiðleikar steðja að eftir slíkt velmegunartímabil, er nauðsynlegt að afla sem gleggstrar vitneskju um það, hvar þessir miklu fjármunir hafa stöðvazt í þjóðfélaginu, hvernig eignaskiptingu er háttað, svo að unnt sé að jafna óhjákvæmilegum byrðum réttlátlega niður. Sérstaklega er mikilvægt að afla vitneskju um þá aðila, sem hagnazt hafa á verðbólgu og opinberum aðgerðum, svo sem síendurteknum gengislækkunum, án þess að leggja af mörkum nokkra gagnlega félagslega þjónustu. Undanbragðalaus könnun á þessum aðstæðum og réttlát skattheimta í samræmi

við niðurstöður hennar eru forsendur þess, að samkomulag geti tekizt meðal landsmanna um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra gaf á sínum tíma fyrirheit um, að þannig skyldi að málum staðið, ef til nýrra gengislækkana kæmi hér á landi. 12. desember 1966 komst hann svo að orði í þingræðu:

„Loks vil ég gefa þá afdráttarlausu yfirlýsingu, að núverandi ríkisstjórn kemur ekki til hugar að fella gengið. Það er að vísu rétt, að þannig getur staðið á í þjóðfélagi, að það sé nauðsynlegt að fella gengi, eins og dæmin sýna bæði hér og annars staðar. Og það væri auðvitað alveg fásinna, ef ég ætlaði að segja, að aldrei kæmi til mála að fella gengi á Íslandi. Slíkt mundi ég aldrei segja, einfaldlega af því að ég ræð því ekki, og það mundi enginn maður trúa mér. **Hitt segi ég, og við það skal ég standa, að ég skal aldrei verða með gengislækkun framar, nema því aðeins að ráðstafanir verði gerðar til þess, að þeir, sem ætla sér að knýja fram gengislækkun til þess að græða á henni, fái að borga sinn brúsa fyllilega.**“

Tillaga okkar um eignakönnun er flutt í trausti þess, að ríkisstjórnin hafi hug á að standa við þau fyrirheit, sem fólust í þessari yfirlýsingu forsætisráðherra. Hliðstæð tillaga var flutt á síðasta þingi, komst til nefndar, en sofnaði þar svefninum langa.

Nd. 28. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Benedikt Gröndal, Þórarinn Þórarinsson, Lúðvík Jósefsson, Jón Skaftason.

1. gr.

1. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkosinna þingmanna og varaþingmanna eftir hverjar alþingiskosningar ganga þingmenn eftir hlutkesti í 3 jafnar deildir, meðan til vinnst.

2. gr.

2.—3. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

En kosning til efri deildar er fyrir allt kjörtímabilið. Svo er og um nefndarkosningu þá, er talað er um í 4. gr.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú losnar sæti efri deildar þingmanns og varamaður tekur sæti á þingi í hans stað, og tilnefnir þá þingflokkur sá, er skipa á sætið eftir reglu 6. gr., einn mann úr sínum flokki til efri deildar.

4. gr.

13. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Í stað 4. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna (sbr. l. nr. 6/1958) komi tveir málsliðir, sem orðist svo:

Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga og er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal stjórnin ávallt bera undir hana slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Nefndarmenn eru bundir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í nefndinni, ef formaður eða ráðherra kveður svo á.

6. gr.

4.—6. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 19. gr. laganna falli niður.

7. gr.

3.—4. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Hún lætur uppi álit sitt um það. Þegar liðin er að minnsta kosti ein nótt frá því, er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt meðal þingmanna á fundi, eða ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því, er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til einnar umræðu í deildinni á sama hátt og áður við 3. umræðu (23. gr.).

8. gr.

Á eftir 30. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni, gerir hann það með skýrslu til Alþingis, er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra óskar, skal skýrslan tekin til umræðu. Sama gildir, ef níu þingmenn óska þess. Ráðherrann gerir grein fyrir skýrslunni, og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðunni. Þingmenn, aðrir en ráðherrar, mega þó ekki tala oftar en tvisvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

b. Níu þingmenn geta óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Skal beiðnin vera skrifleg og beint til forseta, og má fylgja henni stutt greinargerð. Skal beiðnin prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta fundi í sameinuðu Alþingi ber forseti það undir atkvæði umræðulaust, hvort beiðnin skuli leyfð eða ekki. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu, sem leyfð hefur verið.

Er ráðherra hefur lokið skýrslugerðinni, skal skýrslan prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra eða fyrsti flutningsmaður óskar þess, skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherra gerir grein fyrir henni. Þingmenn mega taka þátt í umræðunni, en aðrir en ráðherra mega þó ekki tala oftar en tvisvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

9. gr.

Í stað 1. mgr. 31. gr. laganna (sbr. l. nr. 22/1947) komi sex málsgreinar, sem orðist svo:

Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu Alþingi, er afhent sé forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál, sem ráðherra ber ábyrgð á, og sé við það miðað, að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Alþingismaður segir til um það, hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn, ef óskað er skriflegs svars.

Forseti ákveður samdægurs, hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er, getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkvæði á næsta fundi í sameinuðu þingi. Skal það einnig gert, ef fyrirspyrjandi óskar þess, er forseti synjar fyrirspurn.

Fyrirspurn skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Fyrirspurn, sem leyfð hefur verið, skal send hlutaðeigandi ráðherra eða ráðherrum.

Á sérstökum fundi í sameinuðu þingi skal forseti taka á dagskrá munnlegar fyrirspurnir, er leyfðar hafa verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fundinn.

Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra eða ráðherrar, er hlut eiga að máli, svara síðan fyrirspurn. Þingmönnum er rétt að taka þátt í umræðum. Ráðherra má að jafnaði ekki tala oftar en tvisvar og þingmenn ekki nema tvisvar. Ráðherra má eigi tala lengur en 10 mínútur í senn og aðrir þingmenn eigi lengur en 5 mínútur.

Ef óskað er skriflegs svars, sendir ráðherra forseta það eigi síðar en sex virkum dögum, eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistíðindum.

10. gr.

Aftan við 4. málsl. 34. gr. laganna (sbr. l. nr. 99/1952) bætist: að viðbættu nafni.

11. gr.

Orðin „enda neiti ráðherra ekki um leyfið“ í niðurlagi 43. gr. laganna (sbr. l. nr. 99/1952) falli niður.

12. gr.

48. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir orðin „skal beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kennd er við de Hondt (listakosning)“ í 1. mgr. komi: er forseta heimilt að beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kennd er við de Hondt (listakosning). Sama aðferð skal viðhöfð.

b. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ef kjósa skal einnig varamenn, skal listi, sem hlotið hefur mann eða menn, eiga rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.

V. Útvarp og sjónvarp umræðna.

13. gr.

2. mgr. 51. gr. laganna orðist svo:

Þá skal og útvarpa, innan tveggja vikna frá þingsetningu, stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana. Umferðir skulu vera tvær. Í fyrri umferð hefur forsætisráðherra til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða.

14. gr.

1. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Á síðari hluta þings skal útvarpa almennum stjórnmálaumræðum. Hver þingflokkur fær til umráða þrjá stundarfjórðunga, er skiptast í þrjár umferðir, 20 mínútur í fyrstu umferð, 15 mínútur í annarri og 10 mínútur í þeirri síðustu.

15. gr.

Á eftir 53. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Útvarpa skal umræðu um vantraust, ef 9 þingmenn krefjast þess.

16. gr.

54. gr. laganna orðist svo:

Þegar útvarpað er umræðu um önnur mál en þau, er í 51. og 53. gr. segir, fær hver þingflokkur til umráða þrjátíu mínútur, er skiptast í tvær umferðir, 20 mínútur í fyrri umferð og 10 mínútur í þeirri síðari.

Þegar útvarpi umræðu samkvæmt þessari grein er lokið, getur umræða haldið áfram eftir venjulegum reglum.

17. gr.

Á eftir 54. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Forseti getur, með samþykki allra þingflokka, ákveðið að ræðutími í einstökum umferðum skuli vera annar en til er tekið í öðrum greinum þessa kafla.

18. gr.

Aftan við 55. gr. laganna bætist:

Sama gildir, ef þingflokkur óskar, að útvarpað verði umræðum á þingfundi eða hluta af þingfundi.

19. gr.

Á eftir 56. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ef Ríkisútvarpið óskar að útvarpa umræðu eða hluta af umræðu, beinir það tilmælum sínum til hlutaðeigandi forseta. Forseti ákveður, að höfðu samráði við

formenn þingflokka, hvort leyfa skuli útvarp umræðu eða ekki. Þegar útvarpað er umræðu á þennan hátt, skal þess gætt, að ræðutími skiptist sem jafnast milli flokka eða mismunandi sjónarmiða.

20 gr.

Á eftir 60. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Í þessum kafla er orðið útvarp notað um hljóðvarp og enn fremur um sjónvarp, eftir því sem við á.

21. gr.

Orðin „ráðherra synjar ekki og" í 64 gr. laganna falli niður.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á tveimur síðustu þingum, en varð eigi útrætt. Er það nú flutt að nýju. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt að ósk forseta Alþingis. Það er samið af milliþinganefnd, sem kosin var á Alþingi 5. maí 1966 til að endurskoða lög um þingsköp Alþingis. Greinargerð nefndarinnar um störf hennar og tillögur fer hér á eftir.

Hinn 29. apríl s. l. (þ. e. 1966) samþykkti Alþingi svo hljóðandi tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um þingsköp Alþingis:

„Alþingi ályktar, að 7 manna milliþinganefnd, kosin af sameinuðu Alþingi, skuli falin endurskoðun gildandi laga um þingsköp Alþingis."

Í samræmi við þessa tillögu voru síðan kosnir 7 alþingismenn til þess að taka sæti í nefndinni. Í nefndina voru kjörnir:

Sigurður Bjarnason,
Þórarinn Þórarinsson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Jónas G. Rafnar,
Jón Skaftason,
Lúðvík Jósefsson,
Benedikt Gröndal.

Á fyrsta fundi í nefndinni var Sigurður Bjarnason kjörinn formaður hennar. Jafnframt var Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóri Alþingis ráðinn ritari nefndarinnar.

Ekki reyndist framkvæmanlegt, að nefndin starfaði s. l. sumar. Hins vegar hóf hún störf fljótlega eftir að Alþingi kom saman á s. l. hausti. Hefur hún síðan haldið allmarga fundi. Varð nefndin sammála um að taka þingsköpin í heild til almennrar endurskoðunar. Voru sumarmánuðirnir notaðir til þess að afla margvíslegra gagna frá nágrannalöndunum. Hafa þau verið höfð til hliðsjónar í sambandi við ýmsar þær breytingartillögur, sem nefndin hefur orðið sammála um.

Nefndin hefur nú samið frumvarp um breytingar á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis. Stendur hún sameinuð að þessum tillögum.

Helztu nýmæli, sem nefndin hefur gert breytingartillögur um, eru þessi:

1. Lagt er til, að kjörbréfanefnd verði kosin fyrir allt kjörtímabilið.
2. Lagt er til, að ef sæti efri deildar þingmanns losnar og varamaður tekur sæti á þingi, skuli sá þingflokkur, er skipa á sætið, tilnefna mann úr sínum flokki til efri deildar.
3. Lagt er til, að nefndarmenn í utanríkismálanefnd verði bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í nefndinni, ef formaður eða ráðherra kveður svo á.
4. Sett eru ný og fyllri ákvæði um skýrslur, sem ráðherrar óska að gefa Alþingi, og um rétt þingmanna til þess að óska slíkra skýrslna.

5. Ákvæðin um fyrirspurnir í sameinuðu Alþingi eru gerð fyllri en nú er og stefnt að því að gera umræður um þær nokkru styttri og hnitmiðaðri. Er lagt til, að munnlegar fyrirspurnir verði teknar fyrir á sérstökum fundi í sameinuðu Alþingi, þannig að þær dragi þar ekki um of tíma frá öðrum þingmálum. Þá er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að þingmenn geti borið fram skriflegar fyrirspurnir, er ráðherrar svara síðan skriflega.
6. Í sambandi við útvarps- og sjónvarpsumræður er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að útvarpa skuli innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsætisráðherra og umræðum um hana. Er þá gert ráð fyrir, að slíkar umræður komi í staðinn fyrir útvarp fjárlagaræðu og umræðu um hana. Þá er lagt til, að á síðari hluta hvers þings skuli útvarpa almennum stjórnmálaumræðum, er standi í eitt kvöld. Skulu þessar umræður komi í staðinn fyrir eldhúsdagsumræður og verða því allmiklu styttri en þær hafa verið.
7. Þá er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að ef Ríkisútvarpið óskar að útvarpa umræðum frá Alþingi eða hluta af umræðu, þá verði það heimilað, að höfðu samráði við formenn þingflokka.

Í nefndinni voru ýmis önnur atriði rædd en þau, sem fjallað er um í þessu áliti. En um aðrar tillögur en þær, sem felast í frumvarpi nefndarinnar, varð ekki fullkomin samstaða að svo stöddu, en hins vegar stendur nefndin, eins og fyrr segir, óskipt að frv. því, sem hún leggur hér fram.

Frumvarpið í heild fer hér á eftir (sjá frv. hér að framan), og fylgja hverri grein þess skýringar á henni og þeim breytingum, sem lagt er til, að gerðar verði samkv. frumvarpinu. Enn fremur fylgir greinargerð um reglur þær, er gilda hjá ýmsum þjóðum um útvarp og sjónvarp frá þjóðþingum.

Um 1. gr.

Í 1. gr. gildandi þingskapa eru ákvæði um prófun kjörbréfa og kosningu þingmanna í þingbyrjun. Ganga þingmenn í 3 jafnar deildir, meðan til vinnst. Gildir það jafnt á öllum þingum kjörtímabilsins og það þótt eigi þurfi að rannsaka nema eitt kjörbréf. Hér er ákvæðinu breytt þannig, að aðeins skuli skipa í kjördeildir á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar. Annars rannsakar kjörbréfanefnd kosningu og kjörgengi, eins og nú er á öðrum tímum en í þingbyrjun. Þykir þetta hentugra. Til þess að unnt sé að hafa þennan hátt á, er kjörbréfanefnd kosin fyrir allt kjörtímabilið, og er 8. gr. þingskapa breytt í þá átt.

Um 2. gr.

Kjörtími kjörbréfanefndar er allt kjörtímabilið. Í gildandi þingsköpum er hún kosin í byrjun hvers þings, sbr. greinargerð um breytingu á 1. gr. þingskapa.

Um 3. gr.

Greininni er breytt í samræmi við síðustu kjördæmabreytingu og breytingu á kosningalögum. Eftir að allir þingmenn hafa fengið varamann, fer ekki fram aukakosning, þó að sæti efri deildar þingmanns losni. Eðlilegt þykir, að sama regla haldist og nú gildir, ef sæti efri deildar manns losnar við andlát, afsal þingmennsku eða missi kjörgengis, að þá tilnefni þingflokkur sá, er skipa á sætið eftir reglu 6. gr., einn mann úr sínum flokki til efri deildar.

Um 4. gr.

Vegna breyttra samgönguhátta þykir ekki lengur ástæða til að kjósa milliþingaforseta, þótt hvorki forseti né varaforseti sé búsettur í Reykjavík eða grennd. Ákvæðið hefur líka um langt árabil verið dauður bókstafur.

Um 5. gr.

Hér er ákveðið, að utanríkismálanefnd skuli starfa einnig á milli þinga. Er það í samræmi við gildandi þingsköp. Einnig er ákveðið, að hún skuli vera ríkis-

stjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Er þar um að ræða tvenns konar frávik frá gildandi þingsköpum. Ákvæðið er takmarkað við meiri háttar utanríkismál. Gildandi þingsköp taka til utanríkismála án takmörkunar. Rétt þykir að láta ákvæðið aðeins taka til meiri háttar mála. Hins vegar er ákvæðið víðtækara en nú að því leyti, að það gildir jafnt á milli þinga sem á þingtíma. Samkvæmt núverandi þingsköpum gildir ákvæðið um samráðsskyldu ríkisstjórnar aðeins á milli þinga. Í eldri ákvæðum var ákvæðið hins vegar að þessu leyti eins og hér er lagt til að það verði.

Loks er hér nýmæli um þagnarskyldu um þá vitneskju, er nefndarmenn fá í nefndinni. Gildir þagnarskyldan, ef formaður eða ráðherra kveður svo á. Er það undir mati þeirra komið hverju sinni, hvort ástæða þykir til að kveða á um þagnarskyldu eða ekki. Ákvæðin um þagnarskyldu eru sniðin eftir dönskum lögum um utanríkismálanefnd.

Um 6. gr.

Hér eru felld niður ákvæðin um deildarleyfi, ef mál koma síðar fram en átta vikum eftir þingsetningu. Ákvæðin virðast ekki hafa haft neina raunhæfa þýðingu í þá átt að takmarka það, að mál komi fram seint á þingi.

Um 7. gr.

Hér er um að ræða meðferð máls við eina umræðu í deild. Ef nefnd hefur fjallað um málið, ber forseta að senda henni það. Nefndinni ber samkvæmt gildandi þingsköpum að láta uppi álit sitt um málið, og skal það prentað og því útbýtt. Hér er lagt til að gera þá breytingu, að það sé undir mati nefndarinnar komið, hvort hún skilar skriflegu áliti um málið eða ekki. Ef um smávægilega breytingu er að ræða, er nægilegt, að gerð sé grein fyrir henni munnlega. Er það og í samræmi við venju.

Um 8. gr.

Hér er um nýmæli að ræða.

Í a-lið segir, að ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni, geri hann það með skýrslu til Alþingis, er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Er með þessu lögfest venja, sem myndazt hefur í þessu efni. Auk þess eru settar reglur um umræðu um skýrslu ráðherra. Það er ekki skylda að hafa umræðu um skýrsluna, nema ráðherra eða níu þingmenn óski þess. Er gert ráð fyrir, að skýrslan sé gefin í sameinuðu þingi.

Um umræðuna fer eftir venjulegum reglum. Þingmenn mega ekki tala oftar en tvisvar. Ráðherrar mega tala eins oft og þeir vilja.

Í seinni greininni (b-liðnum) segir, að níu þingmenn geti óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Eðlilegt þykir, að þessi fjöldi þingmanna í sameinuðu þingi geti átt frumkvæði að skýrslugerðinni. Beiðni um skýrslugerð skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta fundi í sameinuðu þingi er það borið undir atkvæði umræðulaust, hvort beiðnin skuli leyfð eða ekki. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu, sem leyfð hefur verið. Er ráðherra hefur lokið skýrslugerðinni, skal hún prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ekki er skylt að hafa umræðu um skýrsluna, nema ráðherra eða fyrsti flutningsmaður óski þess. Umræðunni er þá hagað eins og er ráðherra hefur frumkvæði um skýrslugerð.

Við umræður um skýrslur má engar ályktanir gera. Gildir það, hver sem á frumkvæði að skýrslugerðinni.

Um 9. gr.

Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu þingi. Í núverandi þingsköpum er einnig talað um að „beiðast skýrslu ráðherra“. Það er fellt niður, enda er gert ráð fyrir sérstökum reglum um skýrslur, sbr. næstu grein hér á undan. Er ætlazt til, að fyrirspurnir séu skýrar, um afmörkuð atriði eða mál,

og sé við það miðað, að hægt sé að svara þeim í stuttu máli. Hér er einnig ákveðið, að fyrirspurn skuli fjalla um opinbert málefni, er ráðherra ber ábyrgð á. Er það gert til að leggja áherzlu á, að einungis á að spyrja um slík málefni. Í þessu mun hins vegar ekki felast frekari takmörkun en verið hefur í reynd. Í greinina er sett það nýmæli, að þingmaður getur óskað skriflegs svars. Er það eftir danskri fyrirmynd. Rétt þykir að leyfa þessa aðferð til að afla upplýsinga, ef hún þykir heppilegri í einstökum tilfellum.

Forseti ákveður samdægurs, hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Er forseta fengið þetta vald til þess að spara tíma. Ekki þarf að bíða fundar í sameinuðu þingi, eins og nú er. Ef vafi er um það, hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki, má skjóta málinu til sameinaðs þings.

Á sérstökum fundi í sameinuðu þingi skal forseti taka á dagskrá munnlegar fyrirspurnir, er leyfðar hafa verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fundinn. Orðin „munnlegar fyrirspurnir“ eru hér notuð um þær fyrirspurnir, þar sem óskað er munnlegs svars. Hér er gert ráð fyrir sérstökum fundi í sameinuðu þingi. Er þá ætlazt til, að hann komi til viðbótar við fundi í sameinuðu þingi, er fjalla um önnur mál þar. Þá er fresturinn til að svara styttur úr einni viku í 4 virka daga.

Varðandi umræður um fyrirspurn er gerð sú breyting, að ræðutími ráðherra er takmarkaður. Hann má ekki tala lengur en tíu mínútur í senn og að jafnaði ekki oftar en tvisvar. Er með þessu stefnt að því að stytta umræður um fyrirspurnir, svo að önnur mál komist einnig að. Samtímis því, að ætlazt er til þess, að svör styttist, er gert ráð fyrir, að þau komi fyrr og komi á þann hátt að meiri notum.

Ef skriflegs svars er óskað, skal það sent forseta eigi síðar en sex virkum dögum, eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistíðindum. Er gert ráð fyrir, að aðrir þingmenn geti einnig fengið svarið, ef þeir óska þess.

Um 10. gr.

Hér er um að ræða nýtt ávarpsform. Þingmenn hafa um langt árabil verið kenndir við kjördæmi eða kosningu, en ekki nefndir með nafni. Undantekning var þó gerð við útvarpsumræðu, þá á þingmaður, sem beinir máli sínu til annars, að nefna hann með nafni. Eftir síðustu kjördæmabreytingu verður þetta ávarpsform nokkru erfiðara í framkvæmd, þar eð kjördæmakjörnir þingmenn og landskjörnir hafa hver sitt númer. Þykir mörgum það hvimleitt og stirt. Hér er því lagt til, að þingmenn verði kenndir við kosningu eða kjördæmi að viðbættu nafni.

Um 11. gr.

Til afbrigða frá þingsköpum þurfti áður ekki aðeins samþykki sameinaðs þings eða deildar, oft aukinn meiri hluta, heldur og leyfi ráðherra. Árið 1952 var ákvæðunum um afbrigði breytt í það horf, að það nægði, ef ráðherra neitaði ekki um afbrigðin. Þetta ákvæði um rétt ráðherra til að neita um afbrigði mun ekki hafa verið notað, og þykir ekki ástæða til að halda því. Er það því fellt niður.

Um 12. gr.

Hér er um þá breytingu að ræða, að forseti getur ákveðið hlutfallskosningu, þegar kjósa á um tvo menn eða fleiri í þingdeild eða sameinuðu þingi. Er það í samræmi við venju í þessu efni, sem rétt þykir að lögfesta. Ákvæðið um, að 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri og 9 í sameinuðu þingi geti krafizt hlutfallskosningar, helzt óbreytt.

Í b-lið er gerð sú breyting, að það er tekið fram, að ef kosnir eru aðalmenn og varamenn, þá eigi listi, sem hlotið hefur mann eða menn kosna, rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð, sem þeir eru á listanum. Hér er gert ráð fyrir, að

í slíkum tilfellum fái hver listi jafnmarga varamenn og aðalmenn. Til þess að tryggja þetta þarf samtímis að kjósa aðalmenn og varamenn, en ekki fyrst aðalmenn og síðar varamenn, eins og tíðkazt hefur fram að þessu.

Um 13. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Í stað útvarps fjárlagaræðu og umræðu um hana er hér ákveðið, að innan tveggja vikna frá þingsetningu skuli útvarpa stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana. Hér er líka það nýmæli, að ræðutími forsætisráðherra er takmarkaður við hálfa klukkustund og fulltrúa annarra þingflokka við 20 mínútur. Í seinni umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða. Er með þessu að því stefnt að stytta útvarpsumræður hverju sinni. Með þessu ákvæði fást í byrjun þings almennar umræður um helztu stefnumál stjórnarinnar og stjórnarandstöðunni gefst tækifæri til að koma á framfæri sínum sjónarmiðum.

Um 14. gr.

Hér er um að ræða hina svonefndu eldhúsdagsumræðu, sem áður fór fram við framhald 1. umr. um fjárlög, en á síðari árum hefur verið venja að slíta úr tengslum við fjárlög og hafa í þinglok. Hér er gert ráð fyrir að lögfesta þá venju, sem myndazt hefur að þessu leyti, en takmarka umræðuna við eitt kvöld, þar sem hver þingflokkur hefur samtals til umráða þrjá stundarfjórðunga, er skiptast í þrjár umferðir, 20, 15 og 10 mínútur. Er hér enn talið heppilegt að stytta útvarpsumræðuna.

Um 15. gr.

Samkvæmt gildandi þingsköpum er ekki skylt að útvarpa umræðu um vantraust. Hér er lagt til, að skylt skuli að útvarpa umræðunni, ef níu þingmenn krefjast þess.

Um 16. gr.

Ef útvarpað er umræðu um önnur mál en þau, er í 51. og 53. gr. segir, fær hver þingflokkur þrjátíu mínútur til umráða. Mál þau, sem 51. og 53. gr. eiga við, eru stefnuræður forsætisráðherra og almennar stjórnmálaumræður. Um önnur mál er útvarpsumræðan aðeins hálftími fyrir hvern þingflokk, 20 mínútur í fyrri umferð og 10 mínútur í þeirri síðari.

Hér er enn styttur umræðutíminn. Í gildandi þingsköpum fær hver flokkur 45 mínútur til umráða.

Í síðari málsgreininni er ákveðið, að umræða geti haldið áfram, eftir að útvarpsumræðu er lokið. Er þetta ákvæði sett vegna styttingar útvarpsumræðunnar og eins vegna hins, að nauðsynlegt getur verið að gefa þingmönnum tækifæri til að mæla fyrir breytingartillögum sínum.

Um 17. gr.

Ef allir þingflokkar og forseti eru sammála, þykir ekki ástæða til að útiloka, að hægt sé að víkja frá ákvæðunum hér á undan um ræðutíma. Ef þannig stendur á, er hægt að ná sama marki með afbrigðum frá þingsköpum. Þykir því rétt að heimila berum orðum slík frávik frá ákvæðunum um ræðutíma.

Um 18. gr.

Þetta er nýmæli. Hér er ákveðið, að þingflokkur geti óskað, að útvarpað verði þingfundi eða hluta af þingfundi. Gilda þá venjulegar þingskapareglur um röð ræðumanna og ræðutíma.

Um 19. gr.

Þetta er einnig nýmæli. Hér er það Ríkisútvarpið, sem hefur frumkvæði um að útvarpa umræðu eða hluta af umræðu. Forseti ákveður, að höfðu samráði við formenn þingflokka, hvort leyfa skuli útvarp umræðu eða ekki. Með þessu er tryggt, að forseti getur hlutazt til um, að beiðni um slíkt útvarp komi með hæfilegum fyrirvara og að framkvæmdin sé viðunandi.

Um 20. gr.

Hér er ákveðið, að í þessum kafla sé orðið útvarp notað um hljóðvarp og enn fremur, eftir því sem við á, um sjónvarp. Að því er til sjónvarps tekur, er hér um nýmæli að ræða. Er ákveðið, að ákvæðin skuli gilda um sjónvarp, eftir því sem við verður komið. Á þessu stigi er ekki unnt að setja ýtarleg ákvæði um sjónvarp frá Alþingi. Verður fyrst að fá reynslu í þessu efni. Talið er heppilegt, að sjónvarp standi skemur en hljóðvarp, ef unnt er að koma því við.

Um 21. gr.

Hér vísast til greinargerðar um 11. gr.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

ÚTVARP FRÁ ÞJÓÐÞINGUM

Samkvæmt ósk milliþinganefndar þeirrar, er unnið hefur að endurskoðun þingskapa, hefur skrifstofa Alþingis útvegað allmikið af upplýsingum um útvarp (hljóðvarp og sjónvarp) frá þjóðþingum annarra landa.

Hér fer á eftir yfirlit um þessi mál, byggt á þeim gögnum, sem aflað hefur verið, en þau eru aðallega skýrsla brezkrar þingnefndar um útvarp frá neðri deildinni og upplýsingar frá Norðurlöndum.

1. Nýja-Sjáland.

Nýsjálenzka ríkisstjórnin ákvað 1936, að hljóðvarpa skyldi öllum þingfundum í heild, og hefur það verið gert síðan. Sérstakar sendistöðvar í helztu borgum landsins annast þetta hlutverk.

Útvarp hefst hvern fundardag kl. 2.30, þegar forseti gengur í salinn. Eftir formsatriði er á hverjum degi spurningatími í nákvæmlega 20 mínútur. Síðan er gengið til dagskrár, og enda fundir kl. 10.30 síðdegis, nema sérstök ástæða þyki til að halda áfram.

Ræðutími þingmanna er takmarkaður við 20 mínútur. Í fjárlagaumræðu eru aðalræður 30 mínútur, og framsöguræður ráðherra eru einnig 30 mínútur. Hægt er að leyfa lengri ræður, og fyrir kemur, að forsætisráðherra og formaður stjórnarandstöðu fái ótakmarkaðan tíma.

Viðurkennt er, að nýsjálenzkir þingmenn tali stundum meira til hlustenda (m. a. í kjördæmum sínum) en til þingsins, en það þykir ekki óeðlilegt. Þingmenn eru 80. Þeir sækjast eftir að fá að tala um klukkan 19.30, sem er talinn bezti hlustunartíminn. Virðast flokksverðir (whips) ráða miklu um það, hvenær þingmenn komast að. Ráðherrar þykja djarftækir til bezta tíma, ef þeir þurfa að ávarpa þjóðina.

Nýsjálenzka útvarpið hefur komizt að þeirri niðurstöðu samkvæmt hlustunarrannsóknum sínum, að 2—3% þjóðarinnar hlýði að jafnaði á útvarp frá þinginu, en sú tala sé meiri á vissum tímum og verði mun meiri, þegar stórmál eru til umræðu. Þetta útvarp er nú talið föst hefð, og heyrast sjaldan raddir um, að það skuli afnumið.

Nýsjálendingar líta allt öðrum augum á sjónvarp úr þingsölum. Þeir óttast hálftóma þingbekki löngum stundum á fundartíma. Hins vegar sjónvarpa þeir þingsetningu og öðrum hátíðlegum athöfnum.

2. Ástralía.

Ástralíumenn hafa sama hátt á og Nýsjálendingar. Þeir hljóðvarpa þingfundum í heild. Í stórum dráttum er kerfið hið sama, en sitthvað er ólíkt í einstökum atriðum.

3. Bandaríkin.

Venjulegum fundum öldungadeildar eða fulltrúadeildar bandaríska þingsins hefur aldrei verið hljóðvarpað eða sjónvarpað. Um þetta er ekki stafur í þingsköpum, en ráðamenn beggja deilda hafa neitað beiðnum útvarpsfélaga um slíkt útvarp. Hins vegar er hvort tveggja leyft á sameiginlegum fundum, þegar tignir gestir ávarpa þingið, svo sem er forseti landsins talar þar, sem er að jafnaði aðeins einu sinni á ári.

Nefndafundir eru þýðingarmiklir í Washington, sérstaklega er nefndir kalla fyrir sig borgara til yfirheyrslu eða ráðgjafar. Öldungadeildin hefur leyft hljóðvarp og sjónvarp frá slíkum fundum, en fulltrúadeildin ekki. Hefur það sjónvarp oft á tíðum vakið mikla athygli.

Útvarpsfélögin, sem eru einkafyrirtæki, ákveða, hvort og hvenær þau óska eftir útvarpi úr nefnd. Formenn nefnda veita þá leyfi, sem mun ávallt hafa verið gert, þegar um opna fundi hefur verið að ræða. Útvarpsfélögin ráða, hvort þau útvarpa hluta fundar eða fundi öllum. Þau ráða, hvort þau flytja ræður í heild eða útdrætti úr þeim, og gera þá útdrættina sjálf. Þau ráða með öðrum orðum, hvernig þau nota það efni, sem þau taka upp í þinghúsinu.

Í bandarískum lögum um útvarp er lögð sú kvöð á hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar, að þær veiti stjórnmálaflokkum „jafnan tíma“ í dagskrá. Þýðir þetta í reynd, að stóru flokkarnir fái jafnan tíma fyrir kosningar (auk þess tíma, sem þeir kaupa fullu auglýsingaverði). Þessi regla hefur ekki verið talin gilda um útvarp frá þingnefndum. Útvarpsfélögin meta eftir fréttagildi, hvaða ræður þingmanna þau taka. Hins vegar gilda þingsköp um ræðutíma og ræðuröð þingmanna eins, hvort sem útvarpað er eða ekki.

4. Kanada.

Kanadamenn hafa í aðalatriðum fylgt sömu venjum og Bretar og ekki leyft hljóðvarp eða sjónvarp úr þingsölum, nema við hátíðlegar athafnir eins og þingsetningu.

5. Ítalía.

Ítalir sjónvarpa beint úr þingsölum við sérstakar athafnir, t. d. kosningu forseta lýðveldisins, kynningu nýrrar ríkisstjórnar eða umræðu stórmála, sem ekki eru pólitísk í eðli sínu.

Forsætisráðuneytið hefur lokaorð um, hvort útvarpa skuli umræðum um önnur mál, en ítalska útvarpið, R. A. I., er undir sterkum áhrifum ríkisvaldsins. Sé ákveðið að hljóðvarpa eða sjónvarpa, býr R. A. I. til úr umræðunni rúmlega klukkustundar dagskrá. Getur hver flokkur átt von á, að fluttur verði um 5 mínútna útdráttur úr ræðu hans manns. Að auki er gefið heildaryfirlit yfir umræðurnar.

R. A. I. flytur annars daglega 15 mínútna yfirlit yfir það, sem gerzt hefur á þingi, og í vikulok yfirlitsþátt um liðna viku á þingi.

6. Frakkland.

Beint útvarp frá franska þinginu tíðkast ekki. Hins vegar flytur franska ríkisútvarpið, O. R. T. F., oft í hljóðvarpi og sjónvarpi útdrátt úr umræðum á þingi, þó sjaldan lengri en 15 mínútur í heild. Útvarpið velur ræðumenn og þætti úr ræðum þeirra. Hefur stjórnarandstaðan kvartað sáran undan misrétti, en fengið litla áheyrn.

Yfirstjórn útvarps frá þingi er í höndum dagskrárnefndar, sem kosin er hlutfallskosningu á þinginu. Ákvæði um útvarp eru engin, en það látið heyra undir almenna stjórn þingsins, sem þessi nefnd fer með. Sérstök undirnefnd hefur þó verið sett í útvarpsmál, og hafa Gaullistar tryggan meiri hluta í báðum nefndum.

7. Sviss.

Ekki hefur verið hljóðvarpað eða sjónvarpað umræðum í svissneska þinginu, heldur aðeins sérstökum athöfnum. Ekki mun beint útvarp vera fyrirhugað, þar sem umræður í heild þykja of langar og leiðinlegar, en útdrættir eru taldir bjóða ranglæti heim. Ef til vill ræður þó úrslitum, að í landinu eru töluð fjögur tungumál.

Svissneska útvarpið hyggst nú koma upp útvarpssal og starfsliði skammt frá þinghúsinu í Bern, og er ætlunin að taka þar upp efni með þátttöku þingmanna.

8. Belgía.

Beint útvarp frá belgíska þinginu hefur ekki verið tekið upp. Mun forseti öldungadeildar vera því hlynntur, en forseti fulltrúadeildar mjög andstæður. Belgíska útvarpið mun ekki hafa sótt þetta mál fast, enda við það sérstaka vandamál að etja, að tvö tungumál eru í ríkinu (franska og flæmska) og allt útvarp því nálega tvöfalt.

9. Holland.

Undanfarin ár hefur oft verið hljóðvarpað og sjónvarpað mikilsverðum umræðum frá fulltrúadeild hollenzka þingsins. Hefur slíkt útvarp verið háð leyfi frá skrifstofustjóra.

Nefnd hefur fjallað um endurskoðun þingskapa í Hollandi, og gerði hún tillögur um föst ákvæði varðandi hljóðvarp og sjónvarp frá þingi. Ekki hefur frétzt um afdrif þess máls.

10. Vestur-Þýzkaland.

Mikilvægum umræðum er oft hljóðvarpað úr Sambandsþinginu í Bonn. Ef það er ekki gert, eru fluttir útdrættir í kvölddagskrá. Þýzka útvarpið óskar eftir slíku hljóðvarpi, er því þykir ástæða til, og þingið hefur ávallt veitt leyfi.

Síðustu ár hefur umræðum einnig oft verið sjónvarpað beint úr þingsal, en oftar hefur verið sjónvarpað af segulbandi útdrætti úr umræðum. Könnun hefur leitt í ljós, að 1—3% hafi horft á beinar sendingar úr þingsal fyrir hádegi, 4—14% síðdegis, en allt að 29% horft á útdrætti að kvöldi.

Hið tvíþætta þýzka sjónvarp (ARD og ZDF) hefur sett sér meginreglur varðandi sjónvarp frá þingi. Þær eru:

1. Það sé grundvallarregla, að hvor stofnunin (ARD eða ZDF) um sig taki ákvörðun um, hvort hún vilji sjónvarpa frá þingi eða ekki.
2. Aðeins skal sjónvarpa mikilsverðustu umræðum.
3. Sé ákveðið að sjónvarpa beint, skal útsending ekki vera lengur en til kl. 6 síðdegis. Þá skal sú sjónvarpsstofnunin, sem ekki sendi beint frá þingi, flytja útdrátt síðar um kvöldið.

Ekki hefur frétzt, hvort þingið hefur samþykkt þessar reglur.

11. Bretland.

Bretar hafa hingað til ekki leyft hjóðvarp, sjónvarp, myndatöku eða kvikmyndatöku í deildum brezka þingsins, þar til þingsetningu var nýlega sjónvarpað og myndir teknar af þeirri athöfn í fyrsta sinn.

Mikið hefur verið um það rætt í Bretlandi undanfarin missiri, hvort ekki sé rétt að breyta þessu og taka upp útvarp frá þingi í einhverju formi. Skipaði neðri deildin nefnd til að athuga þetta á þinginu 1964—65 og aðra 1965—66. Loks var þriðja nefndin skipuð í maí 1966, og lauk hún störfum sama ár um haustið. Var skýrsla hennar mjög ýtarleg og er að ýmsu leyti fróðlegasta rit, sem til er um þessi mál.

Niðurstöður nefndarinnar voru þessar:

1. Samfellt lifandi hljóðvarp eða sjónvarp af flestum eða öllum fundum neðri deildar er hvorki framkvæmanlegt sé æskilegt.

2. Neðri deild gæti látið hljóð- og myndrita alla fundi deildarinnar og afhent brezku útvarpsfélögunum það efni, svo að þau gætu valið úr því til nota í hljóðvarps- eða sjónvarpsdagskrám sínum. Þetta segulband gætu aðrir aðilar heima og erlendis einnig fengið að nota.
3. Ákveða skal að gera tilraun með lokað sjónvarp úr deildinni, sem þingmenn einir gætu séð. Að fenginni þeirri reynslu skal deildin ákveða, hvort gera skuli varanlegar ráðstafanir til útvarps úr deildinni.

Stöðugu sjónvarpi úr neðri deild var hafnað vegna gífurlegs kostnaðar við að koma upp sérstöku sendikerfi um land allt til þeirra nota, svo og af því, að vafasamt þótti að hafa deildina daglangt fyrir augum alþjóðar.

Annar liður gerir ráð fyrir, að komið sé fyrir í sal deildarinnar sjónvarpstækjum, sem þyrftu að vera mörg, þar sem þingmenn tala úr sætum sínum, en ræðustóll er enginn. Var hugmyndin sú, að þingið kostaði þetta kerfi og rekstur þess, en byði þeim, sem hafa vildu, hljóð- og myndritun af fundum deildarinnar. Var búizt við, að útvarpsfélögin mundu að jafnaði nota nokkrar mínútur af slíku efni á dag. Nokkuð var rætt um, hver ætti að ráða vali efnisins. Þótti sumum það vandamál, en flestir töldu sjálfsagt að treysta útvarpsfélögunum fyrir því, eins og blöðum er treyst til að segja frá því, sem þeim þóknast, frá þingi.

Lávarðadeildin samþykkti, að gerð skyldi sú tilraun með lokað sjónvarp, sem nefndin lagði til.

Miklar umræður urðu um málið í neðri deildinni 23. og 24. nóvember 1966, og lauk málinu á þá leið, að tillagan um tilraunina var felld með 131 atkvæði gegn 130. Í deildinni eiga sæti 640 þingmenn.

Brezka ríkisútvarpið, BBC, hlaut leyfi til að fjalla um deilumál 1928 og hefur síðan talið útbreiðslu á pólitískri þekkingu eitt af hlutverkum sínum. Síðasta samkomulag milli BBC og flokkanna þriggja var gert 1947. BBC er sjálfrátt um samtalsþætti, fréttaauka og annað slíkt efni um stjórnmál. Hins vegar er samkomulag um, að flokkarnir megi tilnefna menn til að flytja tiltekin erindi, sem kölluð eru „Party Political Broadcasts“. Útvarpið ákveður tímann, og er venjulega gerð áætlun fyrir heilt ár í einu. Flokkarnir ákveða menn, efni erindanna og hvort þau eru notuð til að svara öðrum flokkum eða ekki. Fyrir árið 1965 varð samkomulag um eftirfarandi útsendingar:

Sjónvarp.

Verkamannaflokkur 5 erindi (2×15 mín. og 3×10 mín.).
Íhaldsflokkur 5 erindi (2×15 mín. og 3×10 mín.).
Frjálslyndi flokkurinn 2 erindi (2×10 mín.).
Þessum erindum var sjónvarpað samtímis af ríkisútvarpinu, BBC, og einkasjónvarpinu, ITV, kl. 9.30 að kvöldi.

Hjóðvarp.

Verkamannaflokkur 6 erindi (3×10 mín. í almennri dagskrá, en 3×5 mín. í léttu dagskránni).
Íhaldsflokkurinn 6 erindi (3×10 mín. í almennri dagskrá, en 3×5 mín. í léttu dagskránni).
Frjálslyndi flokkurinn 2 erindi (1×10 mín. í almennri dagskrá, en 1×5 mín. í léttu dagskránni).
BBC hljóðvarpaði þessum erindum kl. 10.10 að kvöldi í almennu dagskránni (Home Service) og kl. 6.40 síðdegis í léttu dagskránni (Light Programme).

Þá varð samkomulag um það fyrir árið 1945 í fyrsta sinn, að þjóðernisflokkar í Skotlandi og Wales skyldu fá að koma fram í útvarpi. Fékk hvor flokkur eitt 5 mín. erindi í hljóðvarpi og annað í sjónvarpi.

Samkomulagið fyrir 1945 gerði ráð fyrir 140 mín. sjónvarpstíma, en hann hafði áður verið 175 mín. á ári. Í hljóðvarpi 105 mínútur í stað 120 áður.

12. Finnland.

Helztu útsendingar frá þingi eða um þingstörf eru þessar í Finnlandi:

1. Beint hljóðvarp frá þingsetningu, þinglausnum og veigamestu umræðum. Síðast liðið haust bað þingið þess, að ekki væri sjónvarpað beint, og mun það mál vera í athugun hvað framtíðina varðar. Telja útvarpsmenn, að rétt verði að hljóðvarpa veigamestu umræðum, en flytja aðeins stutta útdrætti í sjónvarpi.

   Reynsla hefur sýnt, að ókleift er að hljóðvarpa umræðum í heild. Hefur verið valinn sá kostur að taka aðeins frummælendur, til dæmis ráðherra, og aðalræðumann hvers flokks.
2. Útvarpað er — oft bæði í hljóðvarpi og sjónvarpi — yfirliti um þingstörf dagsins, sem getur orðið allt að 30—45 mínútur að lengd. Er þetta efni oft sent með kvöldfréttum. Ræðumenn eru valdir eftir sömu reglu og að ofan var nefnd. Er venja, að menn fái sjálfir að ráða, hvaða brot úr ræðu þeirra er tekið. Einnig er venja að taka sem næst jafnlangan ræðuhluta frá hverjum.
3. Finnska hljóðvarpið flytur vikulega yfirlit um þingstörf, og er þar mikið um ræðustúfa af segulbandi til að leiða fram með eigin röddum þingmanna aðalatriði úr mikilvægustu ræðum. Þessir ræðuhlutar eru valdir af þingfréttastjóra. Sjónvarp hefur ekki sambærilegt vikuyfirlit.

Oft eru flutt stutt viðtöl eða yfirlýsingar stjórnmálamanna í almennum fréttum. Fer þá eftir eðli máls, hvort fulltrúar eru frá öllum flokkum eða ekki. Reynt er að láta fulltrúa allra flokka koma fram á löngu tímabili, en þó er talið óhjákvæmilegt, að menn stóru flokkanna komi oftar fram en hinna minni.

13. Svíþjóð.

Svíar hafa lengi hljóðvarpað frá báðum deildum Ríkisdagsins, og hefur sænska útvarpið leyfi til að taka án sérstakrar samþykktar eftir eigin vali ræður eða ræðukafla til að nota í hljóðvarpi, til dæmis í fréttum.

Fyrsta sjónvarp frá fundum Ríkisdagsins var 1957, en það jókst verulega eftir 1962. Frumkvæði að sjónvarpssendingum er hjá útvarpinu, en leyfi þarf að fá hjá þinginu, og veitir Talemanskonferancen (forsetar, varaforsetar, formenn nefnda o. fl.) það. Hefur leyfi ávallt verið veitt. Er þá sjónvarpað beint frá umræðu, eins lengi og útvarpið sér ástæðu til. Síðan velur útvarpið sjálft útdrætti til að senda síðar, til dæmis í fréttum eða sérstökum yfirlitsþáttum.

Sænska útvarpið hefur heimild til að taka 16 mm kvikmyndir í þingsölum eftir vild án sérstaks leyfis og nota þær eins og því sjálfu þóknast.

Sjónvarp frá þingi þykir svo sjálfsagt í Svíþjóð, að vart er um það deilt lengur. Í fyrstu var álitið, að þingmenn töluðu að nokkru leyti fyrir sjónvarpið, en fullyrt er, að það gerist nú ekki lengur, og verði ekki betur séð en þeir viti varla um útsendingu. Stöku sinnum heyrast kvartanir um val fréttamanna útvarpsins í útdráttum, en þær kvartanir eru ekki taldar alvarlegar.

14. Danmörk.

Danir hafa hljóðvarpað frá þingfundum í meira en þrjá áratugi. Danska Ríkisútvarpið hefur aðstöðu í þinghúsinu til að taka á segulband allt, sem sagt er. Af þessu bandi notar útvarpið eins og því sjálfu sýnist án sérstaks leyfis. Er hefð að taka jöfnum höndum frá hinum ýmsu flokkum eða stjórn og stjórnarandstöðu, eftir því sem efnið leyfir. Þá er stundum (2—3 sinnum á ári) hljóðvarpað umræðum heil kvöld. Í vikuyfirliti útvarpsins af störfum þingsins er mikið notað af stuttum upptökum með ræðubrotum þingmanna.

Hér fer á eftir útdráttur úr upplýsingum, sem Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn hefur útvegað um sjónvarp frá danska þinginu:

Þegar fréttastofa danska sjónvarpsins (TV-Avisen) var sett á fót, var fimm af tólf fréttamönnum falið að annast fregnir af stjórnmálum og efnahagsmál-

um. Þar af áttu tveir að sjá um fréttir frá þingi. Áður hafði verið gert samkomulag við forseta og skrifstofu þingsins um aðstöðu til upptöku. Var leyft að kvikmynda í þingsal og tryggt rúm í sendiherrastúku fyrir myndavél. Lýsing í salnum var aukin.

Við mikilverðustu umræður eða atburði í þjóðþinginu kemur utanhússjónvarp til skjalanna. Í öðrum þýðingarmiklum málum eru verulegir hlutar umræðu kvikmyndaðir. Er tekinn 2—3 mínútna útdráttur úr ræðu hvers þingmanns og fluttur með síðustu fréttum, en gefið örstutt yfirlit um ræðuna á undan mynd ræðumanns. Þingfréttaritarar segja frá öðrum umræðum.

Sjónvarpið hefur nýlega fengið 25 fermetra herbergi til afnota í þinghúsinu, og þar eru tekin upp stutt viðtöl eða yfirlýsingar. Að auki eru oft viðtöl við stjórnmálamenn í venjulegum sjónvarpsfréttum, og á hverju mánudagskvöldi fylgir síðustu fréttum pólitískt spjall (kronik) undir heitinu „Dagsordenen".

Samkomulag er um það við stjórnmálaflokkana, að fréttastofa sjónvarpsins ráði sjálf, hvaða yfirlýsingar stjórnmálamanna hún biðji um eða sendi út. Er því ekki gerð krafa um jöfnuð milli flokka, en hins vegar um hlutlaust fréttamat. Hefur oft komið fyrir, að flokkar hafi óskað skýringa á fréttum af þessu tagi, en þeir hafa ekki sagt samkomulaginu upp.

15. Noregur.

Norðmenn hafa hljóðvarpað mikið frá Stórþinginu síðan í ófriðarlok. Norska Ríkisútvarpið hefur frumkvæði um slíkar sendingar og fær leyfi þingforseta, en það hefur ávallt verið veitt. Þó þarf ekki sérstakt leyfi til að útvarpa broti úr ræðu þingmanns í fréttum eða fréttayfirlitum, nema hvað áskilið er, að í heild sé pólitískt jafnvægi í slíkum fréttaflutningi. Útvarpið hefur hljóðnema í ræðustólum þingsins, línu þaðan til útvarpshúss og tekur allt upp til að geta valið hvaða brot sem fréttamönnum þóknast að nota.

Stundum er hljóðvarpað heilum umræðum eða hluta af umræðum. Einnig eru umræður hljóðritaðar og gerður úr þeim útdráttur, sem er sendur út síðar til að raska sem minnst venjulegri dagskrá.

Nokkrum sinnum hefur verið sjónvarpað beint úr sölum Stórþingsins, og eru þær sendingar í röð hins merkasta og vinsælasta sjónvarpsefnis, sem Norðmenn hafa séð. Leyfi forseta þarf hverju sinni.

Norska útvarpið lætur taka fréttakvikmyndir í þinginu eins og annars staðar og velur úr þeim eftir eigin vild til nota með frásögnum þingfréttamanna.

Lokaorð.

Það er athyglisvert við þær upplýsingar, sem fyrir liggja um hljóðvarp og sjónvarp frá þjóðþingum, að þar er ekki að finna eitt einasta dæmi um útvarp frá þingi, sem svipar til þess kerfis, sem Íslendingar hafa haft á fjórða áratug. Það er líklega einsdæmi, að ákvæði um slíkt sé í þingsköpum og að skylda sé að útvarpa tilteknum umræðum. Er sú skipan mitt á milli nýsjálenzka og ástralska kerfisins annars vegar og hins vegar þess, sem flest önnur lönd búa við.

Þá er það yfirleitt regla í þeim löndum, sem hér hafa verið talin, að útvarpið hafi frumkvæði um útsendingu umræðna og fái leyfi þingsins, nema hvað yfirleitt þarf ekki leyfi fyrir brotum úr ræðum, sem notuð eru með fréttum.

Nd. **29. Frumvarp til laga** [29. mál]

um skipan gerðardóms í kjaradeilu atvinnuflugmanna og flugvélstjóra og íslenzkra flugfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör atvinnuflugmanna og flugvélstjóra í Félagi íslenzkra atvinnuflugmanna og Flugvirkjafélagi Íslands, við störf fyrir íslenzk flugfélög.

Gerðardómurinn skal einnig kveða á um lausn ágreinings þess, sem upp hefur komið, um einkennisfatnað atvinnuflugmanna og flugvélstjóra.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum og fyrirsvarsmönnum flugfélaga og stéttarfélaga, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara atvinnuflugmanna og flugvélstjóra miða í meginatriðum við þá samninga stéttarfélaga þeirra við Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f., sem gilt hafa og þær launa- og kjarabreytingar, sem samið var um milli fulltrúa vinnuveitenda og Alþýðusambands Íslands, 19. maí 1969.

3. gr.

Verkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála þeirra stétta, er lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal samúðarverkföll og verkföll þau, sem boðuð hafa verið 19. og 21. júní 1969.

4. gr.

Laun gerðardómsmanna greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu kaup- og kjaraákvæði í úrskurði gerðardómsins gilda frá gildistökudegi laganna.

7. gr.

Lög þessi gilda til 15. maí 1970. Úrskurður gerðardóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um skipan gerðardóms í kjaradeilu atvinnuflugmanna og flugvélstjóra og íslenzkra flugfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að kjarasamningum Félags íslenzkra atvinnuflugmanna og Flugvirkjafélags Íslands, vegna flugvélstjóra, við Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f., hafi verið sagt upp frá og með 1. febrúar þ. á.

Mikill ágreiningur hafi síðan risið vegna skattlagningar dagpeningauppbótar atvinnuflugmanna og flugvélstjóra, en sá ágreiningur verið leystur 23. maí þ. á., eftir tilfinnanlegar truflanir á flugi í apríl þ. á.

Kröfur stéttarfélaga atvinnuflugmanna og flugvélstjóra um kauphækkanir hafi hins vegar verið lagðar fram 3. og 6. júní þ. á., og sé þar krafizt meðalkauphækkana, sem nemi að hundraðshluta margfaldri þeirri kauphækkun, sem samið hafi verið um 19. maí þ. á. milli vinnuveitenda og Alþýðusambands Íslands, fyrir mikinn meiri hluta launþega innan Alþýðusambands Íslands og nemi meðalhækkun, samkvæmt kröfunum, frá 66.4—115.3 af hundraði fyrir atvinnuflugmenn. Samningsumleitanir hafi engan árangur borið.

Hafi nú Félag íslenzkra atvinnuflugmanna boðað 48 klst. vinnustöðvun, er hefjast eigi kl. 24.00, aðfaranótt 19. þ. m. og Flugvirkjafélag Íslands jafnlanga vinnustöðvun flugvélstjóra kl. 12 á hádegi 21. þ. m.

Væri samið við atvinnuflugmenn og flugvélstjóra nú, á grundvelli krafna þeirra, myndi raskað því jafnvægi og vinnufriði, sem komizt hafi á með hinum víðtæku samningum 19. maí þ. á.

Komi til vinnustöðvunar, myndi hún valda algerri stöðvun alls áætlunarflugs íslenzkra flugfélaga, bæði í innanlands- og utanlandsflugi, en rekstrarafkoma flugfélaganna myndi bíða slíkan hnekki, að framtíð þeirra væri stefnt í voða, enda myndi slíkt spilla mjög aðstöðu þeirra til samkeppni við erlend flugfélög og fjöldi manna missa atvinnu í landinu. Loks myndi stöðvun alls áætlunarflugs innanlands valda landsmönnum miklum óþægindum og kostnaði.

Því telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir stöðvun á starfsemi íslenzku flugfélaganna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör atvinnuflugmanna og flugvélstjóra í Félagi íslenzkra atvinnuflugmanna og Flugvirkjafélagi Íslands, við störf fyrir íslenzk flugfélög.

Gerðardómurinn skal einnig kveða á um lausn ágreinings þess, sem upp hefur komið, um einkennisfatnað atvinnuflugmanna og flugvélstjóra.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum og fyrirsvarsmönnum flugfélaga og stéttarfélaga, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara atvinnuflugmanna og flugvélstjóra miða í meginatriðum við þá samninga stéttarfélaga þeirra við Flugfélag

Íslands h.f. og Loftleiðir h.f., sem gilt hafa og þær launa- og kjarabreytingar, sem samið var um milli fulltrúa vinnuveitenda og Alþýðusambands Íslands, 19. maí 1969.

3. gr.

Verkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála þeirra stétta, er lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal samúðarverkföll og verkföll þau, sem boðuð hafa verið 19. og 21. júní 1969.

4. gr.

Laun gerðardómsmanna greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvörðun ráðherra.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu kaup- og kjaraákvæði í úrskurði gerðardómsins gilda frá gildistökudegi laganna.

7. gr.

Lög þessi gilda til 15. maí 1970. Úrskurður gerðardóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma.

Gjört að Bessastöðum, 18. júní 1969.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

Sþ. 30. Tillaga til þingsályktunar [30. mál]

um aukna hagnýtingu á saltsíld.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 5 manna nefnd, er rannsaki möguleika á aukinni hagnýtingu saltsíldar til útflutnings. Þessi rannsókn beinist að framleiðslu á síldarflökum og sölu á þeim í smápakkningum. Eftirtaldir aðilar tilnefni menn í nefndina: Landssamband ísl. útvegsmanna einn mann, félög síldarsaltenda sameiginlega einn mann, síldarútvegsnefnd einn mann og viðskiptamálaráðuneytið einn mann. Formaður nefndarinnar verði skipaður án tilnefningar. Nefndin skili tillögum sínum eigi síðar en í febrúarlok 1970.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu mjög síldarafli hefur minnkað á tveimur s. l. árum. Þessi aflabrestur hefur komið mjög hart niður á þjóðarbúskap landsmanna, en einkum þó á vissum svæðum, sem treystu um of einhliða á síldina, og svo er einnig um marga útvegsmenn, er halda skipum sínum enn til síldveiða. Það er augljóst mál, að verði ekki brugðið skjótt til róttækra aðgerða til þess að vinna bug á aflaleysinu og skapa sem mest verðmæti úr þeim litla afla, er fæst, lognast öll síldarútgerð og síldarvinnsla í landinu út af. Þótt margir hafi litla samúð með síldinni og jafnvel svo, að þeir kenni henni um margt illt hér, þá er öflun síldar og vinnsla óhjákvæmileg enn um marga tugi ára og ætla má ætíð hér á landi. Aflist síldin ekki, geta menn ekki heldur fengið beitu og gert út til þorskveiða. Þeim, sem hugleiða um nauðsyn síldarútvegs, er ljóst, að ekki dugir, að sú atvinnugrein lognist út af. Svo mikið er í húfi.

Þótt afli minnki úr mörgum hundruðum þúsunda tonna niður í nokkur þúsund tonn, þarf það ekki að verða til þess, að aflaverðmætið minnki að sama skapi. Raunar er það vitað, að við minna framboð hækkar verðið mjög fljótt á saltsíldinni, en hitt skiptir þó meira máli að geta hagnýtt hvert kíló, er á land kemur, sem allra bezt og veitt þannig fjölda fólks atvinnu við aukna hagnýtingu aflans. Það er alkunna, að vissir staðir eru í miklum erfiðleikum vegna þess, að síldin kemur ekki, og þótt smámagn komi, þá bjargar það ekki fólki frá atvinnuleysinu, nema breyting verði á vinnslu síldarinnar. Hér þarf að koma til aukin nýting á síldinni. Þá er helzt að hefja flökun og pökkun síldarinnar í smápakkningar og flytja hana alla út þannig. Slík vinnubrögð veita hundruðum manna vinnu um langan tíma, og einnig má vænta þess, að verðmætisaukning verði að minnsta kosti tvöföld eða meira eftir pakkningum. Til þess að koma slíkri starfsemi á fót víða um landið þarf ríkisvaldið að hjálpa til, og þess vegna er þessi tillaga flutt. Nauðsynlegt er að kanna alla möguleika rækilega til þess að forðast mistök í upphafi við flökun og sölu flakanna. Nú hefur lítilsháttar flökun átt sér stað, en ekki er skipulega að þessu unnið. Það, sem þegar hefur verið gert af einstaklingum, spáir góðu um þessa vinnslu.

Síldarútvegsnefnd hefur gert tilraunir með flökun, en það tókst illa til hjá nefndinni. Ekki er þess að vænta, að nefndin hafi hér nokkra forustu á hendi, og verða aðrir að koma til í þeim efnum. Nú er heimilt að selja saltsíld í 15 kg pakkningum og minna fram hjá nefndinni, en þessu hefur ekki verið nægilega gaumur gefinn. Vegna atvinnuástandsins víða um land er afar nauðsynlegt að stuðla að sem mestri nýtingu síldarinnar, því að betri nýting veitir mikla vinnu og getur verið framkvæmd á þeim tíma, er atvinna er annars stopul.

Í landinu eru nú skráðar nær 100 söltunarstöðvar, sem eru í miklum erfiðleikum og munu sjálfsagt margar lognast út af. Hins vegar eru víða góð húsakynni til og þarf því ekki nýja fjárfestingu til þess að hefja aukna vinnu við saltsíldina. Það má í flestum tilvikum gera í þeim húsakynnum, sem fyrir eru. Einnig eru plastumbúðirnar framleiddar hér á landi, ef þær þykja henta, og mundi það vera geysileg hjálp fyrir umbúðaiðnaðinn hér. Gott er að fá allt heimafengið, en ekki erlendar trétunnur.

Það er mjög á lofti að lofa stóriðnaðinn, og margt gott má um hann segja, en ekki er það sæmandi að hefjast ekki handa um stórátak til fullnýtingar á saltsíldinni, þegar afli dvínar svo mjög sem undanfarið. Það er staðreynd, að síldina vilja milljónir manna fá, og ættum við því ekki að vera í vandræðum að selja góða og vel unna saltsíld í minni umbúðum en venja hefur verið hingað til. Takmark okkar á að vera að fullvinna alla saltsíld á t. d. næstu 3 árum og hætta að selja síldina heila úr landi í trétunnum. Þá verður síldariðnaður aftur ekki minna búsílag en t. d. álverið, en mun auk þess veita miklu fleira fólki atvinnu. Þess er því að vænta, að þingsályktunartillagan fái skjótan og góðan gang gegnum háttv. Alþingi.

Þátttaka í síldveiði 1965—69.

1965	234	skip
1966	202	—
1967	168	—
1968	120	—
1969	62	—

Útflutningur á saltsíld í tunnum.

5 ára meðaltal:		
1941—45	57 772	tn.
1946—50	125 354	—
1951—55	175 438	—
1956—60	262 488	—
1961—65	439 842	—

	Norður-Austur-land tn.	Suðv.land tn.	Alls tunnur tn.
1966	379 882	39 997	409 879
1967	328 444	45 949	374 393
1968	173 311	20 595	193 906

Síldveiðar suðvestanlands 1965—1968.

	1968 tonn	1967 tonn	1966 tonn	1965 tonn
Janúar	142	8 907	10 529	33 326
Febrúar	2 892	1 766	570	14 104
Marz	24	14	262	2
Apríl	—	—	1 900	722
Maí	42	—	5 215	11 617
Júní	277	11 595	14 113	17 390
Júlí	378	26 471	5 336	39 787
Ágúst	332	9 137	19 565	8 045
September	—	—	3 703	6 983
Október	7 967	1 734	2 423	3 404
Nóvember	3 983	12 622	77	34 837
Desember	804	6 189	279	16 929
Samtals	16 741	78 435	63 972	187 146

Ed. 31. Frumvarp til laga [31. mál]

um ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála.

Flm.: Einar Ágústsson, Páll Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

Setja skal á fót ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála.

2. gr.

Verkefni stofnunarinnar skal vera:

a. að vera ráðgjafi kennara, fræðsluyfirvalda, foreldra og nemenda í skólum barna- og gagnfræðastigsins um tilhögun náms og námsmat, náms- og starfsval nemenda, einstaklingsrannsóknir á afbrigðilegum nemendum ásamt ráðgjöf við val nemenda til sérkennslu, svo og sálfræðileg meðferð nemenda með skerta geðheilsu;

b. að framkvæma stöðugar rannsóknir á því, hversu námsefni skólanna, kennsluaðferðir, próftilhögun, námsbækur, skólaskyldualdur nemenda, skólabyggingar o. fl. samrýmist aðkallandi þörfum þjóðlífsins og á hvern hátt því verði við komið, að allir fái sem jafnasta aðstöðu til náms, hvar sem þeir búa á landinu. Á grundvelli þessara rannsókna skal stofnunin gera tillögur um nauðsynlegar breytingar.

3. gr.

Ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála er undir yfirstjórn menntamálaráðherra. Kostnaður við stofnunina greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Menntamálaráðherra skal setja reglur um störf stofnunarinnar, þar á meðal um fjölda þeirra sálfræðinga og félagsráðgjafa, sem að verkefni því starfa, er um getur

í a-lið 2. gr., og viðfangsefni þeirra í hinum einstöku skólum og fræðsluhéruðum landsins. Þegar ákveðin eru starfssvæði sálfræðinga og félagsráðgjafa, er starfa á vegum stofnunarinnar, skal hafa hliðsjón af umdæmum námsstjóra. Stefnt skal að því, að þessir starfsmenn verði búsettir hver á sínu starfssvæði.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjölbreytni nútíðarþjóðfélags gerir foreldrum nærri ókleift að leysa uppeldis- og félagsleg vandamál barna og unglinga með erfðavenjunum einum saman. Hlutur skólanna eykst því mjög ört í þessum efnum og mun fyrr en varir verða litlu minni en heimilanna.

Sálfræðiþjónusta í skólum uppeldisstigsins, þ. e. barna- og unglingaskólum, og kennslufræðilegar rannsóknir eru nú reknar í stórum stíl í flestum þróuðum þjóðfélögum, einkum eftir síðari heimsstyrjöldina. Sálfræðiþjónustan hefur um of einangrazt við vandamál afbrigðilegra nemenda, en félagsleg ráðgjöf og námshandleiðsla er nauðsynleg hverjum nemanda, svo að hann fái notið sem bezt hæfni sinnar og fundið sem beztan lífsgrundvöll fyrir sig og þjóðfélagið.

Þessu marki verður ekki náð, nema í skólunum sjálfum eða fræðsluhéruðunum sé sérmenntað fólk til þessara starfa, er hafi sem bakhjarl stofnun, er veitt geti aðstoð við þau vandamál, er ekki verða leyst í skólunum sjálfum.

Um nokkurt skeið hefur verið starfræktur hér vísir að því starfi, sem um er fjallað í þessu frumvarpi. Þannig hefur til dæmis verið starfrækt sálfræðiþjónusta í barnaskólum Reykjavíkur síðan á árinu 1960, sem deild í Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og algjörlega kostuð af borginni. Þar hafa lengst af starfað tveir til þrír sálfræðingar, einn félagsráðgjafi og einn kennari, báðir í hálfu starfi, og barnalæknir hefur verið þar ráðgefandi nokkur undanfarin ár.

Þetta fólk hefur við erfið skilyrði unnið hið ágætasta starf og ásamt öðrum sannað, svo að ekki verður um villzt, nauðsyn þessa þáttar í skólastarfinu, en í síðustu skólaskýrslu barna- og gagnfræðaskóla Reykjavíkur, sem birt hefur verið, þ. e. fyrir árin 1967—1968, segir forstöðumaðurinn svo um starfsemina meðal annars: „Forstöðumaður vill nota tækifærið og benda á, að sálfræðiþjónusta skóla í Reykjavík hefur ekki enn fengið viðurkenningu fræðslumálastjórnar ríkisins í formi lagaákvæða eða reglugerðar. Ríkissjóður tekur heldur ekki þátt í greiðslu kostnaðar við þjónustuna. Þessi staðreynd ásamt því, að ríkisvaldið hefur ekki enn látið lögfesta og vernda með einhverjum hætti starfsheiti sérfræðinga, sem þessum störfum gegna: sálfræðinga, uppeldisfræðinga og félagsráðgjafa, dregur vafalaust verulega úr áhrifum og notagildi sálfræðilegra leiðbeininga í skólum. Vöntun á viðurkenningu hefur sennilega ýmisleg áhrif á sérfræðingana sjálfa, hugmynd þeirra um hlutverk sitt og ekki síður, hvernig augum aðrir líta á verk þeirra: foreldrar, kennarar og almenningur. Skýr ákvæði um hlutverk sálfræðiþjónustu í skólum, skyldur og réttindi starfsmanna hennar, er helzta verkefni, sem liggur fyrir á þessu sviði, ef tryggja á faglegar framfarir og endurnýjun sálfræðiráðgjafar í samræmi við örar breytingar skólastarfs og samfélagshátta."

Hér hefur verið vitnað til sálfræðiþjónustu þeirrar, sem Reykjavíkurborg hefur haldið uppi, fyrst og fremst vegna þess, að þar mun þessi starfsemi vera lengst á veg komin á okkar landi, en skylt er að geta þess, að fleiri sveitarfélög hafa einnig nokkuð komið til móts við kröfur tímans í þessu efni. Þannig hefur að frumkvæði Sambands sveitarfélaganna í Reykjaneskjördæmi verið ráðinn einn sálfræðingur til starfa sameiginlega í öllum fræðsluhéruðum á svæðinu á yfirstandandi skólaári. Má og vera, að fleira sé unnið á þessu sviði, án þess að flutningsmönnum sé það sérstaklega kunnugt.

Einnig á sviði skólarannsókna hefur þegar nokkurt starf verið unnið. Á árinu 1966 fól menntamálaráðuneytið Andra Ísakssyni sálfræðingi að starfa að því verkefni „að annast fræðilega rannsókn á íslenzka skólakerfinu og verði hún undirstaða tillögugerðar um nauðsynlegar breytingar til að samræma skólakerfið breyttum þjóðfélagsháttum og nýjum sjónarmiðum í skóla- og uppeldismálum".

Andri Ísaksson mun hafa starfað að þessu verkefni þar til nú fyrir skemmstu, að hann hvarf af landi brott til framhaldsnáms.

Það orkar vart tvímælis, að hin mesta nauðsyn er á starfi því, sem samkvæmt framansögðu er verkefni Skólarannsóknardeildar menntamálaráðuneytisins. Þetta starf þarf að auka og efla, skapa grundvöll þess og viðurkenningu með lagasetningu og reglugerðarákvæðum, eftir því sem við á. Einnig þessi nauðsyn er svo almennt viðurkennd, að ekki gerist hér þörf á löngum rökstuðningi, enda munu slíkar rannsóknir hvarvetna meðal menntaþjóða vera grundvöllur skóla- og uppeldisstarfsins.

Það er skoðun flutningsmanna, að þessi störf, sálfræðiþjónusta í skólum og skólarannsóknir, séu í eðli sínu svo skyld, að hentugt sé, að þeim sé báðum sinnt af sömu stofnuninni, og er því í frumvarpi þessu gert ráð fyrir því, að sett verði á stofn ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála, er hafi tvíþætt hlutverk.

Annars vegar skal stofnunin vera ráðgjafi kennara, fræðsluyfirvalda, foreldra og nemenda í barna- og gagnfræðaskólum um tilhögun náms og námsmat. Þessum þætti starfseminnar tilheyrir einnig náms- og starfsval nemenda, einstaklingsrannsóknir á afbrigðilegum nemendum ásamt ráðgjöf við val nemenda til sérkennslu. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að stofnunin verði fær um að annast sálfræðilega meðferð þeirra nemenda, sem hafa skerta geðheilsu.

Hitt meginverkefni stofnunarinnar yrði það að framkvæma stöðugar rannsóknir á því, hversu námsefni skólanna, kennsluaðferðir, próftilhögun, námsbækur, skólaskyldualdur nemenda og því um líkt samrýmist aðkallandi þörfum þjóðlífsins, eins og þær eru á hverjum tíma. Enn fremur að fylgjast með og gera tillögur um það, hver þörf er fyrir skólabyggingar og hvernig þeim verði bezt fyrir komið.

Þá er það brýnt nauðsynja- og réttlætismál, að allir fái sem jafnasta aðstöðu til náms, hvar sem þeir eru búsettir á landinu, og ætti slík stofnun sem hér um ræðir að öðlast góða aðstöðu til jákvæðrar tillögugerðar í því efni, þótt frekari aðgerðir í formi lagasetningar og fjárveitinga verði vafalaust einnig til að koma.

Stofnunin skal vera undir yfirstjórn menntamálaráðherra og kostnaður við hana greiðast úr ríkissjóði.

Í 4. gr. frumvarpsins er ráð fyrir því gert, að menntamálaráðherra setji reglur um störf stofnunarinnar, þar á meðal fjölda þeirra sálfræðinga og félagsráðgjafa, er við sálfræðiþjónustuna vinna, svo og viðfangsefni þeirra í hinum einstöku skólum og fræðsluhéruðum landsins. Það leiðir af eðli málsins, að þau störf, sem hér um ræðir, verða að vinnast í skólunum sjálfum að verulegu leyti, og finnst flutningsmönnum eðlilegt, að við ákvörðun starfssvæða þessara sérfræðinga verði höfð hliðsjón af umdæmum námsstjóra og að því stefnt, að þeir væru búsettir hver á sínu stafssvæði.

Um fjölda þeirra starfsmanna, sem stofnunin þarf á að halda, verður reynslan að skera úr. Þó má benda á það, að t. d. í Noregi er miðað við einn skólasálfræðing ásamt tilheyrandi starfsliði fyrir hverja 3000 nemendur í þéttbýli, en lægri tölu í strjálbýli. Þá er enn fremur þess að gæta, að frumvarp þetta fjallar aðeins um þá stofnun, er ríkið kostar í þessu skyni, en líklegt má telja, að þar að auki muni einstök fræðsluhéruð halda uppi sams konar starfsemi, svo sem verið hefur, þar sem þörfin er mest.

Flutningsmenn telja, að sú reynsla og þekking á skólastarfinu, sem fæst af störfum þeirra sérfræðinga, sem vinna að verkefni samkvæmt a-lið 2. gr. þessa frumvarps, hljóti að verða heppilegur grundvöllur að þeim: „breytingum til að samræma skólakerfið breyttum þjóðfélagsháttum og nýjum sjónarmiðum í skóla- og uppeldismálum", sem allir eru nú svo sammála um, að gera þurfi.

Um kostnað þann, sem af frumvarpi þessu leiðir, ef að lögum verður, er það að segja, að það er álit margra skólamanna, sem flutningsmenn hafa rætt við um þetta mál, að hann muni að verulegu leyti fást uppi borinn af bættu fyrirkomulagi kennslumálanna. Það er líka dýrt að þurfa að láta nemendur sitja eftir, læra sama námsefnið tvisvar eða jafnvel enn oftar. Dýrast af öllu er þó kennsla, sem ekki kemur þjóðfélaginu og nemendunum að fullum notum. Ýmsir hafa gengið svo langt að segja, að betra væri að fella niður sumar þær greinar, sem nú eru kenndar, fremur en vanta þann hlekk í nútíma skólakerfi, sem stofnun sú, er hér um ræðir, þarf að vera.

Sþ. 32. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði.

Flm.: Ingvar Gíslason, Ólafur Jóhannesson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að rannsaka, hvort ekki sé rétt að setja löggjöf um þjóðaratkvæði í mikilvægum löggjafarmálefnum, svo og hvort ekki sé rétt að setja grundvallarreglur þar um í stjórnarskrána. Skal nefndin, ef hún telur ástæðu til, semja lagafrumvörp um það efni. Nefndin skal kynna sér sem rækilegast öll atriði varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu, þar á meðal reynslu annarra þjóða í þeim efnum, en einkum ber nefndinni að athuga eftirtalin atriði:

a. hvort í ákveðnum tilvikum eigi að vera skylda eða aðeins heimild til þjóðaratkvæðagreiðslu;
b. hvaða aðilar eigi að fá rétt til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu, t. d. hvort þann rétt eigi að veita tiltekinni tölu þingmanna eða ákveðnum fjölda kjósenda; og
c. hvort úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu eigi að vera bindandi eða aðeins til ráðgjafar.

Greinargerð.

Í ýmsum löndum gætir þjóðaratkvæðis talsvert sem löggjafaraðila. Þjóðaratkvæði mun t. d. allmikið notað í Sviss, Kanada og sumum öðrum brezku samveldislöndunum og í einstökum fylkjum Bandaríkjanna. Heimild til þjóðaratkvæðis er í stjórnlögum margra ríkja, svo sem Austurríkis, Tékkóslóvakíu, Danmerkur o. fl. Í sumum löndum er beinlínis stjórnarskrárbundið, að almenn atkvæðagreiðsla kjósenda skuli fara fram um tiltekin lög eða lagafrumvörp. Annars staðar veita stjórnarskrár skilorðsbundna heimild til þjóðaratkvæðis, þ. e. a. s. veita tilteknum aðilum svo sem ákveðinni tölu þingmanna eða tilteknum fjölda kjósenda, rétt til að krefjast þjóðaratkvæðis um nánar tilgreind lög eða lagafrumvörp. Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar geta ýmist verði ákvarðandi um gildi þeirra laga eða lagafrumvarpa eða aðeins til leiðsagnar fyrir löggjafann.

Í þessum tilvikum byggist bein þátttaka kjósenda í löggjafarstarfi — hvernig svo sem henni er nánar fyrir komið — á stjórnarskrárákvæðum. En auk þess mun sums staðar nokkuð tíðkast, að svo sé mælt fyrir í einstökum lögum, að þau skuli ekki koma til framkvæmda eða jafnvel ekki öðlast gildi, fyrr en þau hafa verið samþykkt við þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hér á landi hefur kveðið lítið að þjóðaratkvæði. Samkvæmt stjórnarskránni er þó skylt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um löggjafarmál í tveimur tilvikum. Í öðru tilvikinu er um að ræða þjóðaratkvæðagreiðslu um lagafrumvarp, sem horfir til breytinga á kirkjuskipuninni, sbr. 2. mgr. 79. gr. og 62. gr. stjskr. Í hinu tilvikinu er um að tefla lög, sem forseti hefur synjað staðfestingar samkvæmt 26. gr. stjskr. Á hvorugt þessara tilvika hefur reynt í framkvæmd, og hefur þjóðarat-

kvæðagreiðsla því aldrei farið fram samkvæmt þeim. Engin ákvæði eru til í stjórnarskránni um skilorðsbundna heimild til þjóðaratkvæðis. Hafa slík heimildarákvæði aldrei verið í íslenzku stjórnarskránni.

Það er að ýmissa dómi illa farið, að þjóðaratkvæði skuli ekki hafa verið notað hér meir en raun ber vitni. Eru sumir þeirrar skoðunar, að við getum þar lært af þeim þjóðum, sem áður eru nefndar. Hér skal að svo stöddu enginn dómur á það lagður, hvort aukin notkun þjóðaratkvæðis muni henta hér á landi. En það er ástæða til að taka það efni til rækilegrar rannsóknar. Og það er vissulega athugandi, hvort ekki sé rétt að breyta hér um stefnu og nota þjóðaratkvæði meira í framtíðinni en að undanförnu til þess að kanna afstöðu landsmanna til mikilvægra þjóðmála. Þjóðaratkvæði getur, ef vel tekst til, verið mikilsverður þáttur í lýðræðislegum stjórnarháttum. Má raunar segja, að í því sé fólgið hið fyllsta lýðræði að veita kjósendum þannig beina þátttöku í löggjafarstarfi. Það virðist að minnsta kosti fullkomin ástæða til að athuga, hvort ekki sé skynsamlegt að taka upp í stjórnarskrána skilorðsbundna heimild til þjóðaratkvæðis. En þá rís sú spurning, hverjum nánari skilyrðum sú heimild eigi að vera bundin. Og þegar hér á að athuga möguleika til aukinnar notkunar þjóðaratkvæðis, þarf margs að gæta. Það þarf meðal annars að kynna sér löggjöf og reynslu annarra þjóða í þessu efni. Það þarf að átta sig á, hvort heppilegra sé, að þjóðaratkvæði sé ákvarðandi eða aðeins ráðgefandi. Enn fremur er spurningin, hvaða aðilar eigi að hafa rétt til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá koma og auðvitað til athugunar hin neikvæðu atriði í sambandi við þjóðaratkvæðagreiðslu, svo sem fyrirhöfn, kostnaður, dreifing ábyrgðar o. fl., o. fl.

Það er af greindum ástæðum tímabært að dómi flutningsmanna þessarar tillögu, að fram fari rækileg rannsókn á þessu sviði. Það er eðlilegt, að sú rannsókn sé framkvæmd af þingkjörinni nefnd, sem vitaskuld yrði að njóta aðstoðar sérfróðra manna.

Ed. 33. Frumvarp til laga [33. mál]

um Togaraútgerð ríkisins og stuðning við útgerð sveitarfélaga.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Bjarni Guðbjörnsson, Ásgeir Bjarnason, Björn Fr. Björnsson, Einar Ágústsson, Páll Þorsteinsson.

I. KAFLI
Um Togaraútgerð ríkisins.

1. gr.

Sett skal á stofn og starfrækt útgerð fiskiskipa undir nafninu Togaraútgerð ríkisins. Ríkissjóður leggur útgerðinni til 100 milljónir króna sem óafturkræft stofnfjárframlag. Ríkissjóður ber einungis ábyrgð á skuldbindingum Togaraútgerðar ríkisins með stofnfjárframlagi sínu eða samkvæmt því, sem heimilað er sérstaklega í lögum.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast lán allt að 300 milljónum króna, sem Togaraútgerð ríkisins tekur til þess að standa straum af kostnaði við byggingu skipa útgerðarinnar.

3. gr.

Togaraútgerð ríkisins lætur byggja togara eða önnur fiskiskip, og ákveður stjórn útgerðarinnar fjölda þeirra, stærð og gerð, að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra. Skulu þau, eftir því sem unnt er, byggð innanlands.

4. gr.

Útgerðin heldur skipum sínum til veiða í því skyni að hagnýta sem bezt fiskimiðin og stuðla með því að öflun hráefnis fyrir fiskiðnað landsmanna. Við ákvörðun um, hvar afla skuli landað, skal höfð hliðsjón af atvinnuástandi einstakra byggðarlaga, sem til greina koma.

5. gr.

Heimilt er stjórn Togaraútgerðarinnar að taka skip á leigu til bráðabirgða og gera út til hráefnisöflunar fyrir tiltekna staði.

6. gr.

Stjórn útgerðarinnar skal skipuð 7 mönnum: Fjórum, sem Alþingi kýs. Tveim, sem skipshafnir á skipum Togaraútgerðar ríkisins tilnefna, og skal annar vera frá yfirmönnum, en hinn frá öðrum skipverjum. Ráðherra setur nánari reglur um þessa tilnefningu. Sjöunda stjórnarmanninn skipar sjávarútvegsmálaráðherra án tilnefningar, og er hann formaður. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar. Umboð stjórnarinnar skal vera til 4 ára í senn. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra til þess að hafa á hendi daglega stjórn útgerðarinnar. Hefur hann prókúruumboð, en hlíti að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem stjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda útgerðina þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

7. gr.

Verði rekstrarhagnaður hjá Togaraútgerðinni, skal hann allur lagður í framkvæmdasjóð fyrirtækisins.

8. gr.

Stjórnin skal gera reikningsskil fyrir hvert ár svo fljótt sem auðið er, og skulu reikningar endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, sem sjávarútvegsmálaráðherra skipar til tveggja ára í senn. Að henni lokinni skulu reikningar, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og með áritun endurskoðenda, sendir ráðherra til staðfestingar, en síðan birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Nú telur stjórn Togaraútgerðarinnar eigi lengur þörf á því, að hún geri út togara til hráefnisöflunar og atvinnumiðlunar, og er henni þá heimilt, að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra, að selja fiskverkunarstöðvum og félagssamtökum, sem stofnuð eru fyrir forgöngu sveitarfélaga, togara sína, enda skuldbindi kaupandi sig til að leggja upp afla hjá tilteknum fiskvinnslustöðvum. Þá skal togaraútgerðin jafnan eiga og gera út a. m. k. 4 togara.

II. KAFLI

Um stuðning við útgerð sveitarfélaga.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 50 millj. kr. til kaupa á hlutafé í útgerðarfélögum, sem stofnuð eru fyrir forgöngu sveitarstjórna og með þátttöku sveitarfélaga í byggðarlögum, þar sem atvinna er ótrygg og fiskvinnslustöðvar skortir verkefni. Í engu félagi skal hlutafjárframlag ríkisins nema meira en 40%. Þó skal ríkið og sveitarfélagið jafnan hafa þar meiri hluta.

11. gr.

Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast eða taka nauðsynleg lán og endurlána útgerðarfélögum til þess að tryggja þeim það fé, sem þarf umfram lán, sem fást úr opinberum sjóðum, til þess að lánsfjármagn nái 85% stofnkostnaðar.

III. KAFLI
Önnur ákvæði.

12. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um allt, sem lýtur að framkvæmd þessara laga.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Atvinnuleysi var um langt skeið nær óþekkt hér á landi, nema hvað árstíðabundinn atvinnuskortur kom fyrir á stöku stað. Í því efni urðu snögg umskipti á síðasta ári. Síðastliðinn vetur varð hér stórkostlegt og almennt atvinnuleysi. Nú í sumar, um háþjargræðistímann, hefur verið hér verulegur atvinnuskortur. Hafa nær 1000 manns lengst af verið skráðir atvinnulausir. Auk þess hafa menn leitað til annarra landa í atvinnuleit, svo að hundruðum skiptir. Ástæða er til að óttast geigvænlegt atvinnuleysi í vetur, nema sérstakar ráðstafanir til úrbóta séu gerðar þegar í stað. Þær ráðstafanir, sem til þessa hafa verið gerðar af opinberri hálfu, hafa ekki nægt til að vinna bug á atvinnuleysinu. Þar þarf meira til.

Flestir munu sammála um, að einskis megi láta ófreistað til að afstýra böli atvinnuleysis. Flestir munu játa, að atvinnuöryggi verði að tryggja. Annað sé ekki sæmandi í velferðarþjóðfélagi. Spurningin er aðeins sú, til hvaða úrræða sé skynsamlegast að grípa, hverjar ráðstafanir séu skjótvirkastar og líklegastar til að bæta atvinnuástandið.

Þar verða fyrst fyrir fiskveiðar og fiskiðnaður. Í þeim atvinnugreinum þarf mikinn mannafla. Aukning í fiskiðnaði skapar þegar í stað mikla atvinnu. Í mörgum kauptúnum og sjávarplássum er úrvinnsla sjávarafurða undirstaða atvinnulífsins. Séu fiskvinnslustöðvarnar í fullum gangi, er atvinnulífinu á þeim stöðum borgið.

Það er því höfuðatriði, að allar fiskvinnslustöðvar séu nýttar sem bezt og fiskiðnaðurinn aukinn og efldur. Meginforsenda þess er, að nægilegs hráefnis sé aflað. En á því er víða misbrestur. Margar fiskvinnslustöðvar hefur skort hráefni, sérstaklega á vissum árstímum, og hafa þess vegna ekki skilað fullum afköstum og eigi veitt þá atvinnu, sem ella hefði verið hægt. Á þessu þarf að ráða bót. Það þarf að gera allt, sem unnt er, til að tryggja fiskvinnslustöðvum, hvar sem er á landinu, nægilegt hráefni, og vinna þannig að því, að afkastageta þeirra nýtist sem bezt allt árið. Hvernig verður það bezt gert?

Togarar eru langsamlega afkastamestu tækin til hráefnisöflunar. Með útgerð hæfilega margra og vel búinna togara er bezt tryggt, að hraðfrystihúsin og aðrar fiskvinnslustöðvar hafi jafnan nægilegt verkefni. Vitaskuld á eftir sem áður að nota önnur fiskiskip og smærri báta til veiða fyrir fiskvinnslustöðvar. En sé treyst á veiðar þeirra eingöngu, er hætt við því, að á ýmsum stöðum verði meiri eða minni eyður í hráefnisöflunina. Togararnir þurfa að brúa bilið, tryggja fiskifang á hvaða tíma sem er, og þótt lengra þurfi að sækja aflann, en oft getur fiskur brugðizt á grunnmiðum. Það þarf því togara til að tryggja fulla hagnýtingu fiskvinnslustöðvanna og þar með atvinnuöryggi fólksins.

En togaraútgerðin hefur átt í vök að verjast síðustu árin. Það má segja, að hún hafi háð erfiða varnarbaráttu. Skömmu eftir 1950 voru togarar hér á landi nálægt því 60 að tölu. Síðan fór þeim að fækka. Á síðasta áratug hefur þeim fækkað um meira en helming. Nú eru hér ekki nema um það bil 20 togarar. Þeir eru flestir gamlir og úreltir og margir raunar alveg á síðasta snúningi. Ef svo heldur fram sem nú horfir og ekkert verður gert til endurnýjunar togaraflotans, virðist þess skammt að bíða, að togaraútgerð leggist niður á Íslandi. Það má fyrir margra hluta sakir aldrei verða. Hér þarf alltaf að verða einhver togaraútgerð. Við þurfum

að eignast fullkomna nýtízku togara. En núverandi togaraeigendum virðist, eins og sakir standa, um megn að endurnýja togaraflotann. Þeir sýnast ekki hafa bolmagn til þess. Hvað er þá til ráða? Þjóðfélagið verður að skerast í leikinn. Hið sameinaða þjóðfélagsafl verður að koma til sögunnar og leysa vandann. Ríkið á að láta byggja nokkra togara, sem svara kröfum tímans, og hefja útgerð þeirra til þess fyrst og fremst að tryggja fiskvinnslustöðvunum nægilegt hráefni allan ársins hring. Til að byrja með þyrfti að athuga um kaup á einhverjum togurum, sem gætu komið strax í gagnið. Þannig á almannavaldið að stuðla að atvinnuöryggi og atvinnujöfnun í landinu.

Með þessi atriði í huga er það frumvarp, sem hér liggur fyrir, flutt.

Frumvarpið fjallar um Togaraútgerð ríkisins og stuðning ríkisins við útgerð sveitarfélaga.

Í I. kafla frumvarpsins er fjallað um Togaraútgerð ríkisins og að ríkissjóður leggi henni til sem óafturkræft stofnfjárframlag 100 milljónir króna. Er ábyrgð ríkissjóðs vegna útgerðarinnar takmörkuð við þetta stofnfjárframlag, nema að því leyti sem sérstakar heimildir verða veittar til frekari ríkisábyrgðar. Er slík heimild veitt í 2. gr. vegna lántöku til skipabygginga, en hún er takmörkuð við 300 milljónir króna.

Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að Togaraútgerðin eigi sama rétt og aðrir til lána úr opinberum sjóðum til skipasmíða.

Í 4. gr. er ákveðið, að togaraútgerðin skuli halda skipum sínum til veiða í því skyni að hagnýta sem bezt fiskimiðin, tryggja fiskiðnaðinum nægilegt hárefni og stuðla þannig að atvinnuaukningu og atvinnuöryggi.

Stjórn útgerðarinnar skal skipuð 7 mönnum. Formanninn skipar sjávarútvegsmálaráðherra án tilnefningar, 4 eru kosnir af Alþingi, en áhafnir skipanna — yfirmenn og undirmenn — tilnefna 2 eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur. Þykir eðlilegt að veita skipverjum aðild að stjórn útgerðarinnar með þessum hætti.

Ákveðið er, að skip útgerðarinnar skuli smíðuð hér innanlands, eftir því sem unnt þykir. Á slíkt að stuðla að aukinni atvinnu í landinu og verða hinum innlenda skipasmíðaiðnaði til eflingar. Gætu slíkar skipasmíðar þegar í stað orðið til atvinnuaukningar. Ef hægt væri að kaupa einhver skip strax, þyrfti að gera það til að auka þegar í stað hráefnisöflunina. Jafnframt er stjórninni heimilað að taka skip á leigu til bráðabirgða. Gert er ráð fyrir því, að fyrst og fremst verði smíðaðir togarar, en þó er frumvarpið ekki einskorðað við þá. Það getur einnig átt við önnur fiskiskip, ef þau þættu einhvers staðar hentugri. En vitaskuld verða það fyrst og fremst stærri skip, sem hér koma til greina.

Flutningsmenn þessa frumvarps eru ekki sérstakir talsmenn ríkisrekstrar. Þeir telja almennt heppilegra, að atvinnutækin séu í einkaeign og rekin af einstaklingum eða félögum. En þegar einkaaðila eða félagssamtök brestur bolmagn til að eignast og starfrækja nauðsynleg framleiðslutæki, er óhjákvæmilegt að grípa til ríkisrekstrar, a. m. k. um tíma. Þannig er nú að okkar dómi háttað í málefnum togaraútgerðarinnar. Þess er alls ekki að vænta, að nein endurnýjun eða aukning togaraflotans eigi sér stað í bráð, nema ríkið beiti sér fyrir smíði togara og útgerð þeirra, svo sem hér er gert ráð fyrir. En landsmenn mega ekki við því að missa þessi fengsælu framleiðslutæki, sem oft hafa verið styrkasta stoðin undir atvinnulífi þeirra. En auk þess er það svo, að ef að er gáð, þá er hér í raun og veru um að ræða stuðning við einkarekstur. Með togaraútgerð ríkisins er fyrst og fremst stutt við bakið á fiskvinnslustöðvunum, en þær eru yfirleitt í einkaeign og einkarekstri.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að stefna eigi að því, að útgerð togara verði í framtíðinni fyrst og fremst í höndum félagssamtaka og einstaklinga. Þess vegna er í 9. gr. veitt heimild til að ráðstafa togurum ríkisútgerðar til einkaaðila að þeim skilyrðum fullnægðum, sem þar greinir. Um slíkt verður þó tæplega að ræða, nema aðstaða togaraútgerðar verði bætt frá því, sem nú er.

II. kafli þessa frumvarps fjallar um stuðning ríkisins við útgerð sveitarfélaga. Samkvæmt 10. gr. er ríkisstjórninni heimilt að verja allt að 50 milljónum króna til kaupa á hlutafé í útgerðarfélögum, sem stofnuð eru fyrir forgöngu sveitarstjórna og með þátttöku sveitarfélaga í byggðarlögum, þar sem atvinna er ótrygg og fiskvinnslustöðvar skortir verkefni. Á allmörgum stöðum eru heimamenn fyrir forgöngu sveitarstjórna að reyna að stofna samtök til skipakaupa. Slík viðleitni er viðurkenningarverð. En hún er því miður víðast hvar af fullkomnum vanefnum gerð. Þátttaka ríkisins í slíkum félögum gæti verið ómetanlegur styrkur og raunar ráðið úrslitum um það, hvort fyrirhuguð skipakaup takast. Með þessum hætti getur ríkið ýtt undir framtak og sjálfsbjargarviðleitni heimamanna. Flutningsmenn telja sjálfsagt, að ríkið fari inn á þessa braut og rétti á þennan hátt þessum almannasamtökum örvandi hönd.

Í 11. gr. er ríkissjóði heimilað að ábyrgjast eða taka nauðsynleg lán og endurlána útgerðarfélögum þeim, er hér um ræðir, til þess að tryggja þeim það fé, sem þarf umfram lán, sem fást úr opinberum sjóðum, til þess að lánsfjármagn nái 85% af stofnkostnaði, en að sjálfsögðu er gengið út frá því, að þessi útgerðarfélög njóti fullra lánsréttinda í Fiskveiðasjóði.

Ekki er ástæða til að skýra einstakar frumvarpsgreinar framar en gert hefur verið.

Nánari grein fyrir málinu verður gerð í framsögu.

Nd. 34. Frumvarp til laga [34. mál]

um utanríkisþjónustu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Utanríkisþjónustan fer með utanríkismál og gætir í hvívetna hagsmuna Íslands gagnvart öðrum ríkjum. Hún skal einkum gæta hagsmuna Íslands að því er snertir

1) stjórnmál og öryggismál,
2) utanríkisverzlun, og
3) menningarmál.

Utanríkisþjónustan annast í umboði forseta samningagerðir við önnur ríki, nema þar frá sé gerð undantekning í lögum eða forsetaúrskurði.

Þá skal utanríkisþjónustan einnig veita íslenzkum ríkisborgurum vernd og aðstoð gagnvart erlendum stjórnarvöldum, stofnunum og einstaklingum.

2. gr.

Utanríkisþjónustan greinist í utanríkisráðuneytið, sendiráð Íslands, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðismannsskrifstofur.

3. gr.

Yfirstjórn utanríkismálanna er hjá utanríkisráðuneytinu, og hefur það eftirlit með því, að lögum og reglugerðum um framkvæmd utanríkismála sé fram fylgt.

Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins sér um daglegan rekstur þess, ásamt öðrum starfsmönnum, sem til þess eru skipaðir. Nánari fyrirmæli um verkaskiptingu og starfsemi utanríkisráðuneytisins skulu sett í reglugerð.

4. gr.

Sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðismannsskrifstofur skulu staðsettar erlendis á þeim stöðum, þar sem slíkt er álitið nauðsynlegt til gæzlu á hagsmunum Íslands.

Ákveða skal með forsetaúrskurði, á hvaða stöðum hafa skuli sendiráð og fastanefndir hjá alþjóðastofnunum, svo og hvar ræðismannsskrifstofur skuli vera.

Skal um ákvarðanir samkvæmt þessari grein haft samráð við utanríkismálanefnd.

5. gr.

Heimilt er utanríkisráðherra að fela forstöðumanni sendiráðs að veita forstöðu sendiráðum í fleiri löndum en einu eða að vera jafnframt fastafulltrúi hjá alþjóðastofnun.

Fela má forstöðumanni sendiráðs og öðrum útsendum sendiráðsmönnum að annast ræðismannsstörf jafnframt öðrum störfum.

6. gr.

Forstöðumenn sendiráða og fastanefnda hjá alþjóðastofnunum eru ambassadorar, sendiherrar eða sendifulltrúar.

7. gr.

Ræðismannsskrifstofur skiptast í þrjá flokka: aðalræðismannsskrifstofur, sem aðalræðismenn veita forstöðu, ræðismannsskrifstofur, sem ræðismenn veita forstöðu og vararæðismannsskrifstofur, sem vararæðismenn veita forstöðu.

Ræðismenn eru ýmist sendir utan af utanríkisráðuneytinu, sendiræðismenn, eða kjörnir erlendis, sbr. 4. gr., 1. mgr., kjörræðismenn.

Kjörræðismenn þurfa ekki að vera íslenzkir ríkisborgarar. Þeir taka engin laun.

Heimilt er að veita forstöðumanni ræðismannsskrifstofu nafnbótina aðalræðismaður, ef sérstaklega stendur á. Einnig er heimilt að veita forstöðumanni vararæðismannsskrifstofu titilinn ræðismaður.

8. gr.

Forseti Íslands skipar ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra utanríkisráðuneytisins, ambassadora, sendiherra og útsenda aðalræðismenn. Aðrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru skipaðir af utanríkisráðherra.

9. gr.

Þá embættismenn utanríkisþjónustunnar, sem forsetaveitingu hafa fyrir embætti, getur forseti flutt á milli embætta. Aðrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru skyldir að taka við störfum heima í ráðuneytinu eða skrifstofum utanríkisþjónustunnar erlendis eftir því sem utanríkisráðherra ákveður, enda sé þá um jafnháan launaflokk eða hærri að ræða, sbr. 10. gr.

10. gr.

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar aðrir en útsendir ræðismenn skipast í þessa flokka heima og erlendis:

1. flokkur: Ráðuneytisstjóri. Ambassadorar A-flokks.
2. flokkur: Skrifstofustjórar. Ambassadorar B-flokks. Sendiherrar.
3. flokkur: Deildarstjórar. Sendiráðunautar.
4. flokkur: Fulltrúar A-flokks. Sendiráðsritarar.
5. flokkur: Fulltrúar B-flokks. Aðstoðarmenn.

Útsendir aðalræðismenn skulu vera í 2. eða 3. flokki samkvæmt 1. mgr., ræðismenn í 4. flokki og vararæðismenn í 5. flokki.

Auk þess starfa í utanríkisþjónustunni bókarar, ritarar og annað starfsfólk, eftir nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

11. gr.

Auk þeirra starfsmanna utanríkisþjónustunnar, sem taldir eru í 10. gr., má skipa, þar sem þörf krefur, sérstaka viðskiptafulltrúa til takmarkaðs tíma. Skulu

þeir vinna að markaðsleit fyrir íslenzkar afurðir og greiða á annan hátt fyrir viðskiptum við aðrar þjóðir. Launakjör þessara fulltrúa skulu ákveðin í hverju einstöku tilviki í samráði við hlutaðeigandi aðila, þó þannig að ríkissjóður greiði að jafnaði ekki yfir helming launa þeirra. Heimilt er einnig að skipa fulltrúa til starfa á öðrum sviðum, svo sem menningarfulltrúa, blaðafulltrúa, fiskifulltrúa o. fl. Um skipun fulltrúa samkvæmt þessari grein skal hafa samráð við hlutaðeigandi ráðuneyti, viðskiptasamtök og stofnanir.

12. gr.

Í utanríkisráðuneytinu skal vera bókasafn um þjóðarétt og alþjóðamál í umsjá skjalavarðar ráðuneytisins.

Auk bókasafnsins annast skjalavörður skrásetningu allra samninga Íslands við önnur ríki, útgáfu þeirra og annarra rita, sem út koma á vegum utanríkisráðuneytisins.

Heimilt er að veita fræðimönnum afnot af bókasafni ráðuneytisins að fengnu leyfi ráðherra.

13. gr.

Heimilt er að skipa í utanríkisráðuneytinu sérstakan eftirlitsmann sendiráða og ræðismannsskrifstofa. Skal eftirlitsmaðurinn fylgjast með rekstri sendiráða og ræðismannsskrifstofa og gæta þess, að þar sé gætt fyllstu hagkvæmni og sparnaðar. Eftirlitsmaður skal öðru hvoru heimsækja sendiráð og ræðismannsskrifstofur.

14. gr.

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar taka laun samkvæmt almennum reglum um laun starfsmanna ríkisins. Auk þess skulu starfsmenn erlendis fá greiddar staðaruppbætur, sem miðast við kostnað á nauðsynjum (fæði, húsnæði o. fl.), og aðrar sérstakar aðstæður á hverjum stað. Þá skulu starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem dveljast langdvölum erlendis, fá greiddan hluta af kostnaði við að senda börn sín í skóla á Íslandi. Þessar staðaruppbætur skulu ákveðnar samkvæmt reglum, sem utanríkisráðherra setur að höfðu samráði við utanríkismálanefnd.

15. gr.

Óheimilt er starfsmönnum utanríkisþjónustunnar að vinna störf utan hennar, nema sérstaklega standi á og samþykki utanríkisráðherra komi til.

Að öðru leyti gilda um starfsmenn utanríkisþjónustunnar lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því sem við á.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til kjörræðismanna.

16. gr.

Starfsmönnum utanríkisþjónustunnar, sem veita forstöðu sendiráðum, og sendiræðismönnum er heimilt að fara með þau störf í umdæmum sínum, sem notarius publicus fer með á Íslandi og varða löggerninga íslenzkra ríkisborgara, og einnig, ef annar aðili er útlendur ríkisborgari. Skjöl, sem þannig eru gefin út á löglegan hátt, skulu hafa sama gildi á Íslandi og notarialskjöl, sem þar eru gefin út.

Ef ástæða er til, getur utanríkisráðherra veitt kjörræðismönnum sömu heimild og ræðir um í fyrri málsgrein þessarar greinar.

17. gr.

Útsendum starfsmönnum utanríkisþjónustunnar er heimilt að gefa saman hjón, og gilda um þær hjónavígslur sömu reglur og borgaralegar vígslur að íslenzkum lögum.

18. gr.

Kostnaður samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði með þeirri undantekningu, sem getið er í 11. gr. Heimilt er, ef ástæða þykir til, að greiða kjörræðismönnum skrifstofufé að einhverju leyti.

19. gr.

Fyrir embættisverk starfsmanna utanríkisþjónustunnar skal innheimta gjald eftir nánari fyrirmælum, sem utanríkisráðherra setur með reglugerð.

20. gr.

Utanríkisráðherra setur almennar starfsreglur fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar og ákveður starfssvið þeirra.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 31 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 6. marz 1968 var á Alþingi samþykkt svo hljóðandi þingsályktun um endurskoðun laga um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis (Alþt. 1967, A 348):

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða löggjöfina um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis. Með þeirri endurskoðun skal einkum stefnt að því að gera utanríkisþjónustuna hagkvæmari og ódýrari en nú. Endurskoðunin skal gerð í samráði við þingflokkana, og skulu niðurstöður hennar lagðar fyrir næsta þing."

Með skírskotun til þessarar þingsályktunar skipaði Emil Jónsson, utanríkisráðherra, eftirfarandi menn í nefnd til að endurskoða lögin um utanríkisráðuneytið á þann hátt sem í þingsályktuninni segir:

Benedikt Gröndal, alþingismann, Gils Guðmundsson, alþingismann, Ólaf Jóhannessson, alþingismann, Sigurð Bjarnason, alþingismann og Agnar Kl. Jónsson, ráðuneytisstjóra, og var hinn síðast taldi skipaður formaður nefndarinnar. Nefndinni til aðstoðar hefur verið Ólafur Egilsson, fulltrúi í utanríkisráðuneytinu.

Nefndin tók til starfa í byrjun október 1968. Utanríkisráðuneytið útvegaði nefndinni ýmis gögn til notkunar í starfi sínu, svo sem upplýsingar um löggjöf og reglugerðir annars staðar á Norðurlöndum, ásamt ýmsum öðrum upplýsingum um skipun utanríkismálanna þar. Auk þess fékk nefndin í trúnaði aðgang að áliti um endurskoðun á skipulagi utanríkisþjónustu Íslands, sem þrír embættismenn utanríkisþjónustunnar, þeir Agnar Kl. Jónsson, ráðuneytisstjóri, og ambassadorarnir Henrik Sv. Björnsson og Pétur Thorsteinsson, höfðu samið árið 1964 að tilhlutun þáverandi utanríkisráðherra Guðmundar Í. Guðmundssonar. Fylgdi álitsgerðinni m. a. uppkast að frumvarpi til laga um utanríkisþjónustu Íslands ásamt uppkasti að reglugerð um starfsemi utanríkisráðuneytisins.

Önnur gögn sem nefndin hefur talið þörf á vegna starfs síns hefur utanríkisráðuneytið útvegað smátt og smátt eftir því sem ástæða hefur þótt til.

Samkvæmt sambandslögunum nr. 39, 30. nóvember 1918, fór Danmörk með utanríkismál Íslands í umboði þess og átti svo að vera þau 25 ár, sem sambandslögunum var ætlað að gilda. Forsætisráðherra annaðist þau samskipti við danska utanríkisráðherrann, sem nauðsynleg voru til að koma á framfæri við umheiminn þeirri stefnu og þeim skoðunum sem ríkisstjórn Íslands hafði ákveðið að fylgja á hverjum tíma, en danski utanríkisráðherrann lét síðan danskar sendinefndir og dönsku utanríkisþjónustuna framkvæma stefnumið íslenzku stjórnarinnar eftir því sem þurfa þótti hverju sinni á erlendum vettvangi, hvort heldur sem var á alþjóðlegum

ráðstefnum eða gagnvart einstökum ríkjum. Eins fylgdist danska utanríkisþjónustan með hagsmunamálum Íslands á erlendum vettvangi af sjálfsdáðum og vakti síðan athygli forsætisráðherra á þessum málum, ef ástæða þótti til, svo að ríkisstjórn Íslands gæti sinnt slíkum málum ef þurfa þótti og gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar voru eða æskilegar hverju sinni.

Fyrst í stað lét forsætisráðherra dóms- og kirkjumálaráðuneytið annast þau bréfaskipti, sem um var að ræða við danska utanríkisráðuneytið, enda stóð svo á á tímabilinu 1917—1926, að forsætisráðherrar þeir sem þá fóru með völd gegndu jafnframt embætti dóms- og kirkjumálaráðherra. Árið 1926 var stofnuð lítil skrifstofa í Stjórnarráðinu, sem síðan annaðist þessi störf, og stóð svo þegar heimsstyrjöldin síðari hófst haustið 1939. Urðu þá störf skrifstofu utanríkismála fljótlega bæði fleiri og fjölbreyttari, svo að óhjákvæmilegt reyndist að fjölga nokkuð starfsfólkinu.

Í aprílmánuði 1940 var Danmörk hertekin, svo sem kunnugt er, og var þá útilokað að koma skilaboðum héðan til danska utanríkisráðherrans um meðferð utanríkismálanna. Sömuleiðis var jafn ómögulegt fyrir danska utanríkisráðherrann og dönsku utanríkisþjónustuna að gæta hagsmuna Íslands gagnvart öðrum ríkum á þessum hættulegu og viðsjárverðu tímum. Alþingi tók þá strax til sinna ráða, og daginn eftir hernám Danmerkur, hinn 10. apríl 1940, samþykkti það svofellda þingsályktun (Alþt. 1940, A. 416):

„Alþingi hefur á fundi í sameinuðu þingi í dag samþykkt svolátandi þingsályktun um meðferð utanríkismála og landhelgisgæzlu: Vegna þess ástands, er nú hefur skapazt, getur Danmörk ekki rækt umboð til meðferðar utanríkismála Íslands samkvæmt 7. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga né landhelgisgæzlu samkvæmt 8. gr. téðra laga, og lýsir Alþingi þess vegna yfir því, að Ísland tekur að svo stöddu meðferð mála þessara að öllu leyti í sínar hendur."

Á grundvelli þessarar þingsályktunar voru gefin út bráðabirgðalög nr. 120, 8. júlí 1940 um utanríkisþjónustuna erlendis og segir í forsendunum að bráðabirgðalögunum m. a. svo: „Þótt þannig liggi fyrir ótvíræður þingvilji um meðferð þessara mála, telur ráðherrann nauðsynlegt að í löggjöf sé kveðið á um, á hvern hátt skuli skipað um starfrækslu utanríkisþjónustunnar, en sérstaklega sé það aðkallandi um meðferð slíkra mála erlendis, m. a. til þess að tryggja réttargildi ýmissa gjörninga sendimanna í þjónustu Íslands þar."

Eins og sjá má af heiti bráðabirgðalaganna og ofannefndum forsendum, fjölluðu þau um utanríkisþjónustuna erlendis eingöngu. Þegar bráðabirgðalögin komu síðan fyrir Alþingi, voru þau endurskoðuð og þeim breytt að því leyti til, að einnig skyldi stofnað utanríkisráðuneyti, og kom það í stað áður nefndrar skrifstofu í Stjórnarráðinu, sem annazt hafði afgreiðslu utanríkismálanna. Hin nýju lög voru nr. 31 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis. Þessi lög hafa verið óbreytt frá upphafi. Þegar þau voru undirbúin fór ráðuneyti Íslands með konungsvald og lögin miðuðust að miklu leyti, sem eðlilegt var, við ófriðarástand það sem þá ríkti. Miklar breytingar hafa síðan orðið á stöðu Íslands, stofnun lýðveldisins, lok heimstyrjaldarinnar, stofnun Sameinuðu þjóðanna og mjög aukin þátttaka Íslands í margvíslegri alþjóðastarfsemi. Það er því eðlilegt, að lögin um utanríkisráðuneytið og fyrirsvar Íslands erlendis þurfi endurskoðunar við, svo sem einnig er vikið að í greinargerð þeirri, sem fylgdi þingsályktunartillögunni um endurskoðun laganna um utanríkisráðuneytið (Alþt. 1967, A. 148). Töluverð reynsla hefur einnig fengizt á þeim árum, sem liðin eru frá því að lögin voru samþykkt og því að sjálfsögðu rétt að byggja á henni við endurskoðun málsins í heild.

Nefndin hefur haldið allmarga fundi og orðið ásátt um uppkast það að frumvarpi til laga um utanríkisþjónustu Íslands, sem hér liggur fyrir. Skoðanir nefndarmanna hafa verið skiptar um einstök atriði og áskilja þeir sér rétt til að hafa óbundnar hendur um breytingartillögur.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal eftirfarandi tekið fram:

Um 1. gr.

Utanríkisþjónustan sér um stjórnmálasamband hins íslenzka ríkis við önnur ríki, samningagerðir, þátttöku í alþjóðastofnunum eða ráðstefnum, o. þ. u. l. og gætir yfirleitt hagsmuna íslenzka ríkisins og íslenzkra ríkisborgara hvar sem er utan Íslands. Hér er vikið að þessu aðalhlutverki utanríkisþjónustunnar, en til áherzlu er sérstaklega tekið fram, að utanríkisþjónustunni beri að helga sig gæzlu hagsmuna þjóðarinnar á sviði stjórnmála og öryggismála, utanríkisviðskipta og menningarmála. Nefndin leggur á það alveg sérstaka áherzlu, að utanríkisþjónustan á ekki hvað sízt að einbeita sér að utanríkisverzluninni, fylgjast með öllu sem henni við kemur, og einkum og sér í lagi greiða fyrir sölu allra íslenzkra afurða með leit að nýjum mörkuðum fyrir afurðirnar og yfirleitt greiða fyrir aukinni sölu þeirra svo sem frekast er mögulegt.

Um 2. gr.

Hér er getið um höfuðþætti utanríkisþjónustunnar. Hún er í eðli sínu tvíþætt, skiptist í starfsemina heima fyrir annars vegar, þ. e. ráðuneytið, og starfsemina erlendis hins vegar. Sú starfsemi skiptist aftur í þrennt, sendiráðin, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðismannsskrifstofur. Að vísu getur verið um það að ræða að hafa þessa skiptingu starfseminnar erlendis ítarlegri, en samkvæmt reynslu undanfarinna ára er þess vart þörf að ákveða slíkt með lögum. Hér mundi einkum vera um það að ræða að senda til útlanda sendinefndir til þess að starfa að sérstökum verkefnum.

Um 3. gr.

Hér er því fyrst slegið föstu að yfirstjórn utanríkismálanna sé hjá utanríkisráðuneytinu, þ. e. hjá utanríkisráðherra. Þetta var ekki tekið fram í lögunum frá 1941, en sjálfsagt þykir, að það sé skýrt tekið fram í lögunum, að svo sé.

Ákvæði 2. mgr. um að ráðuneytisstjóri sjái um daglegan rekstur ráðuneytisins ásamt öðrum starfsmönnum og að nánari fyrirmæli um verkskiptingu og starfsemi ráðuneytisins skuli sett í reglugerð eru tekin efnislega óbreytt eftir 1. gr. 2. mgr. laganna frá 1941.

Um 4. gr.

Í upphafi 2. gr. laganna frá 1941 er svo fyrir mælt, að ríkisstjórnin ákveði með tilskipun, á hvaða stöðum vera skuli sendiráð. Ísland hefur nú á seinni árum í nokkrum tilvikum skipað fastanefndir eða fastafulltrúa hjá alþjóðastofnunum, og þykir rétt að um ákvarðanir varðandi staðsetningu slíkra stofnana og ræðismannsskrifstofa, en um þær síðarnefndu voru samsvarandi ákvæði í 3. gr. laganna frá 1941 og um sendiráðin, skuli gilda sams konar reglur og um staðsetningu sendiráða. Í eldri lögunum segir, að ríkisstjórnin ákveði þessa staðsetningu sendiráða með tilskipun, eins og að ofan er nefnt, en í frumvarpinu er tekið fram, að staðsetning þessara stofnana skuli ákveðin með forsetaúrskurði, og er hér því ekki um raunverulega efnisbreytingu að ræða að þessu leyti til, heldur aðeins ákveðið að láta ákvæðið taka til fleiri stofnana utanríkisþjónustunnar. Hins vegar er það nýmæli í síðustu málsgrein frumvarpsins, að um allar ákvarðanir varðandi staðsetningu umræddra stofnana, þ. e. bæði um stofnun þeirra, hugsanlega tilfærslu og lokun, skuli haft samráð við utanríkismálanefnd. Þar sem utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga og ráðuneytinu ber ávallt að bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga, er ekki óeðlilegt, að slík mál sem þessi séu borin upp og rædd í utanríkismálanefnd áður en endanleg ákvörðun er tekin um þau. Hafi stofnun sendiráðs o. s. frv. verið samþykkt í utanríkismálanefnd, ætti þar með líka að vera betur tryggt er ella, að nauðsynleg fjárveiting fáist samþykkt, þegar þar að kemur.

Um 5. gr.

Ísland hefur nú stjórnmálasamband við 37 ríki og fastanefndir hjá 5 alþjóðastofnunum. Hinir útsendu fulltrúar, sem gæta hagsmuna Íslands gagnvart þessum erlendu ríkjum og alþjóðastofnunum eru hins vegar aðeins 10 samtals. Í sparnaðarskyni er óhjákvæmilegt að láta alla þessa fulltrúa starfa gagnvart fleiri en einu ríki eða alþjóðastofnun, ef svo ber undir, og því þykir sjálfsögð ráðstöfun að hafa í lögum þá heimild, sem getið er í 5. gr. 1. mgr.

Ákvæði í 2. mgr. er sett vegna óska sem ýmis ríki hafa borið fram um að diplomatiskir fulltrúar gegni jafnframt ræðismannsstörfum. Sum ríki hafa ákvæði í lögum sínum um að ýmsir löggerningar vegna útlendra aðila geti fengið réttargildi, ef þeir eru staðfestir af ræðismanni hlutaðeigandi ríkis. Af sömu ástæðum hafa nokkur erlend ríki, sem hér hafa diplomatiska sendimenn einnig óskað eftir og fengið þá viðurkennda jafnframt sem ræðismenn.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við almennt viðurkenndar reglur þjóðaréttarins um að forstöðumenn diplomatiskra stofnana skuli vera úr flokki einhvers þeirra þriggja stiga, sem þar eru nefnd, sbr. einnig stiga eða flokkaskiptinguna í 10. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Hún fjallar um hina venjulegu flokkunarskiptingu varðandi ræðismannsskrifstofur samkvæmt reglum þjóðaréttarins. Er hér efnislega um sams konar ákvæði að ræða og eru í 3. gr. laganna frá 1941.

Í 4. mgr. er það nýmæli að veita megi ræðismönnum nafnbót hærra stigs og er það í samræmi við venju sem skapazt hefur hjá nágrannalöndunum og víðar. Hafi t. d. ólaunaður ræðismaður gegnt starfi sínu vel og samvizkusamlega í fjölda mörg ár kann að þykja tilhlýðilegt að sæma hann aðalræðismannstitli í heiðurs- og viðurkenningarskyni, en skrifstofan sem hann veitir forstöðu er eftir sem áður ræðismannsskrifstofa.

Um 8. gr.

Ákvæði hennar fjalla um það, að allir forustumenn utanríkisþjónustunnar fái forsetaskipun fyrir starfi sínu, en aðrir starfsmenn skulu skipaðir af utanríkisráðherra. Er þetta í samræmi við gildandi venju, en það skal þó viðurkennt, að reglur hér að lútandi hafa verið og eru nokkuð á reiki.

Um 9. gr.

Það er grundvallarregla í utanríkisþjónustum allra ríkja að flytja menn að heiman til útlanda, heim aftur og á milli staða erlendis. Fylgir slíku að vísu nokkur kostnaður, en flestir munu sammála um að þessum flutningum fylgi það miklir kostir, að ekki beri að setja kostnaðinn fyrir sig. Ætti að vera óþarft að rekja það mál nánar hér. Þessum sjónarmiðum er fylgt í 9. gr. frumvarpsins. Þótti rétt að orða hana svo að forseti flytji þá menn, sem forsetaskipun hafa fengið, og er þar nánast um formsatriði að ræða, en aðrir starfsmenn eru skyldugir að taka flutningi samkvæmt ákvörðun utanríkisráðherra. Ákvæðið um að þá sé um jafnháan launaflokk að ræða byggist á þeirri meginreglu, sem felst í 20. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir, að forseti geti flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis af embættistekjum sínum.

Um 10. gr.

Hún fjallar um skiptingu starfsmanna utanríkisþjónustunnar í flokka heima og erlendis. Þessi flokkaskipting er hefðbundin að vissu leyti gagnvart erlendum ríkjum

samkvæmt reglum þjóðaréttarins að því er forstöðumenn snertir. Voru þær reglur ákveðnar á Wienarfundinum 1815 með smábreytingu sem gerð var á ráðstefnu í Aachen 1818. Í fyrri heimsstyrjöldinni byrjuðu sum stórveldin að skiptast á ambassadorum við minni ríki, eins og t. d. Belgíu, í viðurkenningarskyni fyrir hreystilega framgöngu í stríðinu, en annars var það föst regla, að eingöngu stórveldin skiptust sín á milli á ambassadorum. Í síðari heimsstyrjöldinni tók þetta ört að breytast þannig, að fleiri og fleiri ríki, stór og smá, tóku að skiptast á ambassadorum, þannig að nú er svo komið, að flest öll ríki heims skiptast á ambassadorum. Í nokkrum tilvikum er þó enn um sendiherra (ministers) að ræða, og verður því greiningin í ambassadora og sendiherra að standa í lögunum.

Gamla skiptingin var þannig (heitin á frönsku í svigum):

1. fl.: Ambassadorar (Ambassadeurs Extraordinaires et Plénipotentiaires).
2. fl.: Sendiherrar (Envoyés Extraordinaires et Ministres Plénipotentiaires).
3. fl.: Sendifulltrúar (Chargé d'Affaires).

Ræðismenn skiptast í 3 flokka:

1. fl.: Aðalræðismenn (Consuls Generaux).
2. fl.: Ræðismenn (Consuls).
3. fl.: Vararæðismenn (Vice Consuls).

Á síðustu árum hafa margar þjóðir tekið upp greiningu á ambassadorum að því er inn á við veit, og er það að ýmsu leyti hagkvæmt, þar sem það gefur meiri sveigjanleika í sambandi við skipun manna í störf og flutning milli starfa. Gagnvart viðtökuríki hefur sú skipting ekkert að segja. Þar eru allir ambassadorar viðurkenndir jafnréttháir.

Nauðsynlegt er af stjórnsýsluástæðum að láta flokkagreininguna heima og erlendis samsvara hvað öðru. Starfsmaður er fluttur að heiman eða heim, en það þarf ekki að hafa, og á ekki að hafa, nein áhrif á þann flokk sem hlutaðeigandi er í nema sérstakar ástæður komi til, t. d. að verið sé að hækka mann vegna aldurs eða í viðurkenningarskyni.

Það er álitið fullnægjandi að skipa starfsmönnum utanríkisþjónustunnar í 5 flokka, og hefur verið reynt að samræma þau sjónarmið, sem rakin eru hér að framan, þannig að tekið sé nægilegt tillit til þeirra með þeirri flokkagreiningu sem ákveðin er í 10. gr. Hér er bætt við nýjum starfsmönnum, skrifstofustjórum, til samræmis ákvæðum í lagafrumvarpi um Stjórnarráð Íslands, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Að öðru leyti skal til frekari skýringar fram tekið, að miðað við launaflokkakerfi það fyrir starfsmenn ríkisins, sem nú er í gildi, samsvarar flokkaskiptingin í 10. gr. frumvarpsins launaflokkunum eins og hér segir:

1. flokkur samsvarar 28. launaflokki.
2. — — 27. —
3. — — 24. —
4. — — 21. —
5. — — 20. —

Bókarar, ritarar og annað starfsfólk fellur undir launaflokkakerfið á sama hátt og annað starfsfólk Stjórnarráðsins.

Um 11. gr.

Hér er gert ráð fyrir sérstökum fulltrúum, sem skipa má til starfa við sendiráðin. Er slíkt í samræmi við almennar reglur þjóðaréttarins og það mikið notað um víða veröld að skipa slíka starfsmenn til að vinna að sérstökum verkefnum.

Eins og fram kemur hér að framan leggur nefndin mikla áherzlu á utanríkisverzlun Íslands og að reynt verði af utanríkisþjónustunnar hálfu að greiða fyrir henni eins mikið og frekast er unnt. Eru því í 11. grein sérstök ákvæði um skipun

viðskiptafulltrúa og þau verkefni, sem þeim er ætlað að vinna. Nefndin gerir ráð fyrir, að þessir starfsmenn verði skipaðir í samráði við þá aðila, sem við útflutningsframleiðsluna fást og að þessir aðilar taki þá að vissu marki þátt í þeim kostnaði, sem af þessari starfsemi leiðir. Þykir eftir atvikum eðlilegt, að ríkissjóður greiði að jafnaði ekki yfir helming launa þessara starfsmanna. Með því fyrirkomulagi, sem hér er lagt til, að verði lögfest, er miðað að því, að útflutningsaðilarnir sjálfir fái meiri og betri aðstöðu til gæzlu hagsmuna sinna, því að í flestum tilvikum mundu það verða þeirra eigin menn, sem skipaðir yrðu í þessar stöður, menn sem hafa sérþekkingu til að bera og vita því betur, hvar skórinn kreppir og hvað gera þarf, heldur en embættismenn utanríkisþjónustunnar almennt, sem ekki hafa til að bera þá sérmenntun, þekkingu og reynslu, sem hér er einna helzt þörf á.

Um þá aðra sérfulltrúa, sem greinin fjallar um, virðist ekki þörf að skrifa skýringar sérstaklega. Þess má þó geta, að utanríkisráðuneytið hefur alllengi haft fiskifulltrúa við sendiráðið í London, og hefur verið að honum mikið gagn, ekki sízt meðan landhelgisdeilan við Breta stóð yfir.

Um 12. gr.

Hér er einnig um nýmæli að ræða, þar sem gert er ráð fyrir því, að í utanríkisráðuneytinu sé bókasafn um þjóðarétt og alþjóðamál. Að vísu hefur ráðuneytið undanfarið gert sér far um að kaupa bækur, blöð og tímarit um þjóðarétt og alþjóðamál, sem á þarf að halda, en með því að lögfesta ákvæði um slíkt ætti að skapast betri aðstaða til að skipuleggja þessa starfsemi og koma henni í viðunandi horf. Hér er um grundvallaratriði í starfsemi utanríkisþjónustunnar að ræða. Gert er ráð fyrir, að þessi störf séu falin sérstökum skjalaverði, sem einnig mundi þá vinna önnur þýðingarmikil störf fyrir ráðuneytið, svo sem ganga frá milliríkjasamningum, annast skrásetningu þeirra og hafa umsjón með samningasafni ráðuneytisins og fleira þess háttar. Utanríkisráðuneytið telur, að þess hafi lengi verið rík þörf að koma þessum málefnum í skipulegt form og fela þau sérstökum starfsmanni.

Það skal einnig nefnt, að fræðimenn um þjóðarétt og alþjóðamál snúa sér iðulega til utanríkisráðuneytisins og biðja um bækur og aðstoð í sambandi við fræðistörf sín og önnur áhugamál, og hefur þá að sjálfsögðu verið reynt að veita þeim úrlausn þrátt fyrir erfið skilyrði. Ef þetta ákvæði sem hér um ræðir yrði að lögum, mundi verða að því mikill hagur fyrir starfsemi utanríkisráðuneytisins og margra aðila aðra.

Um 13. gr.

Hér er það nýmæli, að heimilað verði að skipa sérstakan eftirlitsmann með stofnunum utanríkisþjónustunnar. Þarf ekki að skýra það með mörgum orðum, hversu þýðingarmikið það er, að haft sé gott eftirlit með þessari starfsemi ríkisvaldsins, sem hér er um að ræða. Fram að þessu hefur ráðuneytisstjóri ásamt húsameistara ríkisins farið í eftirlitsferðir til sendiráðanna við og við, en með heimildinni um skipun sérstaks eftirlitsmanns mundi þessum málum óneitanlega komið í miklu betra og öruggara form en verið hefur. Ekki er til þess ætlazt, að hér verði stofnað nýtt embætti sérstaklega, heldur verði embættismanni í ráðuneytinu falið eftirlitsstarfið ásamt öðrum störfum hans þar og honum falið að gegna eftirlitsstarfinu tiltekinn tíma.

Um 14. gr.

Hún fjallar um launakjör starfsmanna utanríkisþjónustunnar. Þeir, sem heima starfa, fá að sjálfsögðu laun eftir sömu reglum og aðrir Stjórnarráðsmenn. Þeir, sem erlendis starfa skulu og fá þessi sömu laun en til viðbótar staðaruppbót eftir því sem dýrtíð segir um á hverjum stað. Hér er um algera breytingu á þeim reglum, sem fylgt hefur verið hingað til, að ræða. Launakjörin erlendis eru og hafa frá upphafi verið ákveðin þannig, að gerð hefur verið tillaga um tiltekin mánaðarlaun í

mynt hlutaðeigandi lands, eftir því sem talið hefur verið hæfilegt í hverju einstöku tilviki. Þessi aðferð er ekki heppileg, og telur nefndin, að rétt sé að breyta til um aðferð. Mundu launin hér eftir geta komið réttlátara og betur út, ef fylgt er breytingum á dýrtíð og lífskjörum, sem verða á hverjum stað eftir því sem framfærsluvísitala og fleiri atriði, sem hér koma til greina, gefa tilefni til.

Nefndin lítur svo á, að það geti verið mikilvægt fyrir starfsmenn, sem dvelja langdvölum erlendis, að geta kostað börn sín til menntunar hér heima, en slíkt er æði kostnaðarsamt. Flest ríki reyna að veita utanríkisstarfsmönnum sínum fjárhagslega aðstoð í þessum efnum, og telur nefndin sanngjarnt, að slíkt verði einnig gert hér. Er því í greininni ákvæði um að starfsmenn utanríkisþjónustunnar skuli, þegar svo stendur á, sem nú var getið, fá greiddan hluta af kostnaði við að senda börn sín í skóla á Íslandi.

Nefndin lítur svo á, að rétt sé að um staðaruppbætur sé haft samráð við utanríkismálanefnd varðandi þær meginreglur, sem miða skuli við í þessu sambandi, og er ákvæði í greininni hér að lútandi.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Í núgildandi lögum er sendimönnum óheimilt að taka laun eða þóknun fyrir aukastörf.

Um 16. gr.

Hún er tekin óbreytt að efni til upp í núgildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Hér er það nýmæli, að útsendum starfsmönnum skuli veitt heimild til að gefa saman hjón eftir sömu reglum og gilda um borgaralegar vígslur hér á landi. Í lögum nr. 39 27. júní 1921, 103. gr., er gert ráð fyrir, að hjónavígslur geti farið fram fyrir löglegum fulltrúa landsins í öðru ríki, og skal þá um það atriði skipað fyrir með konunglegri tilskipun, þ. e. forsetaúrskurði, eins og það nú er nefnt. Lagaheimild er því raunverulega fyrir hendi til þess að framkvæmdar verði hjónavígslur af embættismönnum utanríkisþjónustunnar. Ákvæðið í frumvarpinu ítrekar því hina eldri lagaheimild, en ástæðan fyrir því, að það er nú sett hér í frumvarpi, er sú, að á undanförnum árum hefur íslenzkt fólk hvað eftir annað snúið sér til sendiráðanna með fyrirspurn um það, hvort hægt væri að fá það gefið saman þar. Þessu hefur hingað til orðið að synja og hefur ýmsum þótt súrt í brotið. Rétt þykir að hér verði fylgt sömu reglum um hjónavígsluna og gert er hjá sýslumönnum (borgardómara) og bæjarfógetum.

Um 18. gr.

Hún þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Hún þarfnast ekki skýringa, er tekin nálega óbreytt úr núgildandi lögum, 9. gr. Utanríkisráðherra kemur í stað ríkisstjórnarinnar.

Um 20. gr.

Hún er nálega óbreytt eins og er í núgildandi lögum, 10. gr. Utanríkisráðherra kemur þar í stað ríkisstjórnarinnar.

Um 21. gr.

Hún þarfnast ekki skýringa.

Nd. **35. Frumvarp til laga** [36. mál]

um fjárhagsaðstoð ríkisins til að jafna aðstöðu barna og ungmenna til skólagöngu og menntunar.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Þjóðfélagið viðurkennir þá skyldu sína að tryggja sem bezt má verða jafna aðstöðu barna og ungmenna til náms og menntunar, án tillits til búsetu.

Til að jafna aðstöðumun þeirra barna og ungmenna, sem sótt geta skóla frá heimili sínu, og hinna, sem kosta verður til dvalar í heimavist eða koma fyrir utan heimilis á annan hátt til námsdvalar í ríkisskólum, hvort heldur er á barnaskólastigi, í skólum gagnfræðastigsins eða í menntaskólum, skal ríkissjóður greiða kr. 25 000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur — á því skólaári, sem nú er hafið, vegna dvalarkostnaðar hvers nemanda, er eigi getur sótt skóla frá heimili sínu.

Upphæð þessi breytist síðan í samræmi við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar.

2. gr.

Greiðslu þessa innir stjórn fræðslumála af hendi beint til skólanna, þegar því verður við komið, en annars til forráðamanna barnanna eða ungmennanna, enda hafi þeir þá greitt kostnaðinn af námsdvöl nemandans.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu er ætlað að bæta að nokkru úr miklu fjárhagslegu misrétti, sem ríkjandi er í þjóðfélaginu varðandi aðstöðu foreldra til að kosta börn sín í skóla og tryggja þeim jafnvel lögskipaða lágmarksmenntun.

Þetta misrétti hefur lengi ríkt, en nú er svo komið, að fjöldi heimila í landinu rís ekki lengur undir þeim gífurlega kostnaði, sem því fylgir að kosta börn sín og unglinga í skóla fjarri heimili, og eru að þrotum komin af þeim sökum. Er þá komið að þeirri alvarlegu hlið málsins, sem í fyrstu bitnar á æskulýðnum, en síðar á þjóðfélaginu sjálfu **sem menningarlegt misrétti og ranglæti.**

Óþarft er að fjölyrða um þann reginaðstöðumun foreldra að geta haft börn sín á eigin heimili á allri skólagöngu þeirra allt frá barnaskóla og upp í menntaskóla eða hins vegar að verða að kosta börnin og unglingana að heiman að meira eða minna leyti á allri skólagöngu þeirra.

Ekki mun fjarri lagi, að ferðakostnaður og dvalarkostnaður nemanda í heimavistarskóla nemi á vetri 40—60 þúsundum króna. Er því strax um verulega fjárhagsbyrði að ræða vegna eins nemanda, en augljóst er, að þetta verður öllum þorra fólks með venjulegar tekjur óviðráðanlegt með öllu, þegar um tvo eða fleiri nemendur er að ræða frá sama heimili.

Hér verður þjóðfélagið því að rétta hjálpandi hönd, ef ekki á verr að fara.

Flutningsmanni er kunnugt um, að fjöldi skólamanna hefur af því þungar áhyggjur, að þetta misrétti stöðvi nú æ fleiri efnilega nemendur á æskilegri námsbraut. Þarf því ekki að leiða getum að, hvílík raun það er foreldrum að bresta fjárhagslega getu til að tryggja börnum sínum aðstöðu til skólagöngu og menntunar. En sárast bitnar þetta þjóðfélagsranglæti á börnum og unglingum efnalítils fólks, og er bezt að fara um það sem fæstum orðum.

Flutningsmaður vill vænta þess, að háttvirtir alþingismenn sýni þessu máli fullan skilning og veiti því stuðning sinn án tillits til flokka. Ef sú yrði raunin, er málinu vel borgið.

Sþ. 36. Tillaga til þingsályktunar [36. mál]

um leit að bræðslufiski.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Ágúst Þorvaldsson, Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson, Bjarni Guðbjörnsson, Björn Pálsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hefja, að loknum nauðsynlegum undirbúningi, skipulega leit, rannsóknir og veiðarfæratilraunir í því skyni að auka veiðar á bræðslufiski og gera þær veiðar fjölþættari.

Athugunum þessum verði einkum beint að loðnu, spærlingi, sandsíli og kolmunna.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu erfiðlega hefur gengið af afla síldarverksmiðjunum hárefnis og láta rekstur þeirra bera sig.

Síldin hefur reynzt okkur Íslendingum eins og fleirum harla duttlungafull. Fyrrum var mokafli árum saman úti fyrir Norðurlandi. Seinna bauð hún Sunnlendingum blíðu sína. Og Austurland hefur sannarlega ekki farið varhluta af atlotum síldargangna. Hvarvetna hafa menn tekið opnum örmum á móti ævintýrinu. Verksmiðjur hafa verið reistar, fyrst vestra og nyrðra, þá syðra og loks í síðustu og stærstu hrotunni við nálega hverja höfn á Austfjörðum.

Við þessar tilfærslur síldveiðanna á milli landshluta hefur orðið vandræðaástand í rekstri síldarverksmiðjanna. Viðleitni til bjargar hefur verið þríþætt. Vélar hafa verið fluttar frá eldri verksmiðjum landshluta í milli og settar upp á nýjum stöðum. Eftir hefur staðið mikill hluti mannvirkjanna ónýtanlegur, og atvinnulíf viðkomandi staða hefur lamazt. Reynd var útgerð verksmiðjuskips, Hærings, en sú tilraun fór út um þúfur. Loks hafa verið leigð stór skip til flutninga af fjarlægum miðum. Við það hafa töluverð aflaverðmæti bjargazt, og nokkrar stærstu verksmiðjurnar hafa fengið hráefni þar til nú í ár, að veiði síldar í bræðslu varð nær engin. Margar verksmiðjur höfðu hins vegar engin not af flutningum þessum, og þeir hafa yfirleitt orðið mjög dýrir. Vafalaust verður þeim þó haldið áfram í einhverri mynd, þegar síld veiðist á fjarlægum miðum, en þó innan þeirra endimarka, að flutningar þyki framkvæmanlegir.

En hafið er auðugt. Fiskimiðin umhverfis Ísland bjóða upp á ýmsa möguleika. Og því fer fjarri, að þeir hafi allir verið kannaðir til nokkurrar hlítar.

Í Ægi, riti Fiskifélags Íslands, 3. hefti fyrra árgangs, birtist grein eftir Jakob Jakobsson fiskifræðing og nefnist **Bræðslufiskur.** Í inngangsorðum víkur Jakob að hráefnaskorti síldarverksmiðjanna, en ræðir síðan möguleika á aukinni hráefnisöflun.

Fiskifræðingurinn telur líklegt, að unnt sé að stunda loðnuveiði miklu lengur á ári en nú er gert og þá einnig á öðrum veiðisvæðum og á þeim árstímum, þegar loðnan er feitust og gefur mestar afurðir.

Þá er rætt um þrjár aðrar fisktegundir, spærling, sandsíli og kolmunna, og komizt að þeirri niðurstöðu, að þær megi allar nýta sem bræðslufisk, ef að líkum láti. Væri hér um fjölþætta möguleika að ræða, þar sem spærlingur og kolmunni mundu væntanlega veiðast hvor á sínu hafsvæði og á mismunandi árstímum, en sandsílið sennilega veiðanlegt á grunnsævi víðs vegar við landið.

Í niðurlagi greinar sinnar kemst Jakob Jakobsson svo að orði, að „til þess að vel takist til um slíka nýbreytni, þarf samstillt átak í rannsóknum, fiskileit og veiðarfæratilraunum.“ Ætti að mega vænta þess, að allir þeir, er hugleiða þessi mál, komist að sömu niðurstöðu. Hér eru svo fjölmörg atriði ókönnuð, að nauðsyn slíkra aðgerða er óumdeilanleg.

Í erindi, sem Þórður Þorbjarnarson, Ph. D., forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, flutti á ráðstefnu um vinnslu sjávarafurða 1967 og síðar var sérprentað, er og fjallað um hugsanlega vinnslu allra þessara fisktegunda. Af því má sjá, að það eru fleiri en fiskifræðingar, sem komið hafa auga á gildi þess að auka fjölbreytni í veiðum bræðslufisks. En samræmdar meiri háttar könnunaraðferðir á vegum hins opinbera hafa ekki átt sér stað enn.

Þjóðhagslegt gildi þess, ef takast mætti að nýta í miklum mæli nú ónotaða afkastagetu síldarverksmiðjanna og veita þar með fjölda manna arðbæra atvinnu og auka útflutningsframleiðsluna, ætti að vera augljóst hverjum manni.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja því einsýnt, að hefjast beri handa um þær aðgerðir, sem í tillögunni greinir, og þá að sjálfsögðu á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, sem nú annast fiskileit Íslendinga.

Flutningsmennirnir leggja sérstaka áherzlu á það, að aðgerðir þær, sem þingsályktunartillagan fjallar um, verði eigi framkvæmdar á kostnað annarrar fiskileitar. Síldarrannsóknum ber, að þeirra dómi, að sinna af fullum krafti og efla rannsóknir og leita að öðrum stofnum, svo sem rækju, humar og skelfiski, svo að dæmi séu nefnd. Mun það mála sannast, sem sagt hefur verið, að langarðbærasta fjárfestingin, sem hugsanleg er til aukinna fiskveiða, sé vel skipulögð fiskileit ásamt tilheyrandi rannsóknum og veiðarfæratilraunum. Því hagga ekki sveiflur þær, er ætíð verða á aflamagni milli ára eða einstakra vertíða.

Nd. 37. Frumvarp til laga [37. mál]

um fólkvang á Álftanesi.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Benedikt Gröndal, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson, Pétur Sigurðsson, Sverrir Júlíusson.

1. gr.

Haga skal skipulagningu byggðar í Bessastaðahreppi, svo og þeim hluta Garðahrepps, sem næst liggur Bessastaðahreppi, þannig, að þar verði svæði fyrir fólkvang til útivistar fyrir almenning, eins og um ræðir í 8. gr. laga um náttúruvernd, nr. 48 7. apríl 1956, er skal vera í umsjón náttúruverndarráðs. Þess skal gætt, að innan svæðanna verði, svo sem föng eru á, land eða landsspildur, sem vegna náttúrufegurðar og jurta- eða dýralífs eru vel til friðunar og verndar fallin, einkum með tilliti til framangreindra almenningsafnota.

Að lokinni skipulagningu samkvæmt 1. málsgr. ákveður ráðherra, sem fer með náttúruverndarmál, nánari aðgerðir, að fengnum tillögum náttúruverndarráðs og eftir því sem fé verður veitt til á fjárlögum.

2. gr.

Óheimilt er að reisa eða gera í Bessastaðahreppi, svo og þeim hluta Garðahrepps, sem næst liggur Bessastaðahreppi, opinber mannvirki, sem truflað geti eða hindrað skipulagningu samkvæmt 1. gr. eða spillt á nokkurn hátt fyrir afnotum og tilgangi fólkvangs þess, sem þar er fyrirhugaður.

3. gr.

Beita má vegna framkvæmda samkvæmt 1. gr. eignar- og leigunámsheimild 8. gr. laga nr. 48 frá 1956. Kostnað, sem af því leiðir eða annarri framkvæmd samkvæmt lögum þessum, skal greiða úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi og fylgdi því svofelld greinargerð:

„Nú á tímum þykir óhjákvæmilegt í sambandi við myndun bæja og borga eða annars þéttbýlis, að friðuð séu og skipulögð landssvæði, þar sem almenningur getur notið útiveru í frístundum sínum. Við val slíkra landssvæða er margs að gæta, meðal annars að þau liggi vel við samgöngum, svo að auðvelt sé og ódýrt fyrir íbúa þéttbýlisins að komast þangað. Í öðru lagi er það mikilsvert, að þau hafi til að bera kosti frá náttúrunnar hendi, sem geri mönnum dvöl þar ánægjulega, svo sem fagurt útsýni og umhverfi, fagrar og sérstæðar náttúrumyndanir og fjölbreytilegt jurta- og dýralíf. Um staðarval kemur einnig til greina, hvort fyrir hendi sé nægilega stórt óbyggt svæði, sem taka megi til framangreindra nota.

Það liggur í augum uppi, að í nágrenni hins mesta þéttbýliskjarna hér á landi, Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar og aðliggjandi sveitarfélaga, er enginn staður, sem sameinar alla framangreinda kosti í eins ríkum mæli og Álftanesið. Sá möguleiki er nú fyrir hendi að gera þar fagran og friðsælan almenningsgarð, sem veitt geti þeim, er hann sækja, ótaldar ánægjustundir, ekki einungis íbúum þéttbýlisins, heldur einnig öðrum landsmönnum, sem hingað leggja leið sína. Vegna staðhátta og annarra kosta mundi gildi hans fara sívaxandi, eftir því sem byggðin ykist. Það væri mikil skammsýni, sem aldrei yrði afsökuð, ef þetta tækifæri væri nú látið ónotað, en sökum sífelldrar útfærslu byggðarinnar fylgir hér allri bið mikil áhætta.

Ákvæði 2. gr. eru sett til að koma í veg fyrir, að framgangi málsins verði spillt með opinberri mannvirkjagerð í Bessastaðahreppi, svo og þeim hluta Garðahrepps, sem næst liggur Bessastaðahreppi, sem þannig væri háttað, að hún gæti ekki samrýmzt þeim fyrirætlunum og aðgerðum, sem stefnt er að með frv.

Í 8. gr. náttúruverndarlaganna er heimild til að friða landssvæði og gera þau að fólkvöngum, er gegni sams konar hlutverki og um er fjallað í frv. þessu. Ákvæði 8. gr. eiga þó ekki að öllu leyti við hér, því að þar er gert ráð fyrir, að náttúruverndarnefndir og sveitarstjórnir eða sýslunefndir taki ákvarðanir, sem hér að lúta, og skal sýslusjóður bera fjórða hluta kostnaðar, sbr. 28. gr. laganna. Fólkvangi þeim, sem fyrirhugaður er í frv., er hins vegar ætlað svo víðtækt hlutverk, að rétt þykir að víkja frá ákvæðum 8. gr. og láta hann falla beint undir umsjón náttúruverndarráðs, enda beri ríkissjóður allan kostnað af honum, sbr. 3. gr. og 2. málsgr. 1. gr. frv.“

Ed. 38. Frumvarp til laga [38. mál]

um togarakaup ríkisins.

Flm.: Gils Guðmundsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða eða kaupa allt að 15 skuttogara með það fyrir augum, að þeir verði seldir bæjarútgerðum, útgerðarfélögum eða einstaklingum.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka erlend lán, er nemi allt að 90% af smíðakostnaði eða kaupverði togaranna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um meira en hálfrar aldar skeið hefur útgerð togara verið veigamikill þáttur íslenzks atvinnulífs og átt ríkan þátt í framfarasókn þjóðarinnar á þessari öld. Segja má með fullum rétti, að árið 1907, þegar togarinn „Jón forseti“ kom hingað nýsmíðaður, héldi tæknin innreið sína í íslenzkan sjávarútveg. Á næstu árum eignuðust Íslendingar allmarga togara, sem flestir voru öndvegisskip á þeirra tíma mælikvarða. Íslenzkir togarasjómenn sýndu það brátt, að þeim var treystandi til að hagnýta hina nýju tækni, enda báru þeir snemma af fiskimönnum annarra þjóða um afla og afköst. Á tímum heimsstyrjaldarinnar fyrri og árunum þar á undan gerðu þessi nýju og stórvirku atvinnutæki Íslendingum kleift að hagnýta auðlindir hafsins á betri og fullkomnari hátt en áður, juku stórlega magn og verðmæti íslenzkra útflutningsafurða og lögðu grundvöll að vexti og viðgangi hinna stærstu útgerðarstaða.

Undir styrjaldarlokin fyrri voru flestir togaranna seldir úr landi, en jafnskjótt og friður komst á, var hafizt handa um endurnýjun togaraflotans. Eins og áður var kostað kapps um að kaupa sem bezt og fullkomnust skip, og voru sumir hinna nýju togarar sendir til veiða á fjarlæg mið, svo sem til Nýfundnalands. Togarar þessir voru einnig gerðir út til síldveiða með herpinót að sumarlagi og báru þar langt af öðrum skipum um aflasæld og afköst. Þrátt fyrir erfiðleika allrar íslenzkrar útgerðar á kreppuárunum eftir 1930, á tímum stórfellds verðfalls og markaðsörðugleika, átti togaraflot landsmanna þá ómetanlegan þátt í að bjarga afkomu fólks við sjávarsíðuna og forða þjóðarbúinu frá algeru hruni. Á heimsstyrjaldarárunum síðari sönnuðu togararnir enn, hvers afkastamikil og gagnsöm atvinnutæki þeir voru. Þótt togaraflotinn hefði þá ekki verið endurnýjaður um langa hríð, flest skipin gömul orðin og að ýmsu leyti úrelt, var þessi aldraði skipastóll þess umkominn að draga stórfellda björg í bú, sem hægt var að grípa til að stríðinu loknu og hagnýta til endurnýjunar skipastólsins og margvíslegra annarra framkvæmda.

Að lokinni síðari heimsstyrjöld voru keyptir hingað til lands yfir 40 nýir togarar, stærri og fullkomnari en hinir eldri höfðu verið, búnir öllum þeim tækjum og tækni, sem þá var tiltæk og henta þótti íslenzkum aðstæðum. Þessi nýju fiskiskip voru keypt til útgerðarstaða víðs vegar um land. Í þriðja sinn á fjórum áratugum voru Íslendingar komnir í fremstu röð á sviði togaraútgerðar. Fyrstu árin var afli góður, togararnir tryggðu fjölda fólks atvinnu og lögðu upp mikinn fisk í hraðfrystihús um land allt. Áttu togararnir verulegan þátt í að efla fiskiðnaðinn, með því að hagnýta djúpmið og flytja fiskvinnslustöðvunum hráefni allan ársins hring, að heita mátti, sem bátafloti landsmanna var þá ekki fær um nema að takmörkuðu leyti. Og enn er það svo og verður vafalaust um langan aldur, að þorskafli bátanna fæst aðallega á vissum árstímum, en eyður verða á milli vertíða. Togarar einir eru um það færir að stunda þorskveiðar á hvaða árstíma sem er, hvaða miðum sem er og nær því hvernig sem viðrar. Þegar togarafla nýtur ekki við, eru hraðfrystihús dæmd til að standa ónotuð eða starfa með lágmarksafköstum drjúgan hluta ársins, vegna skorts á hráefni, til stórtjóns fyrir reksturinn og afkomu þess fólks, sem við fiskiðnað vinnur.

Það orkar ekki tvímælis, að togarafloti Íslendinga hefur verið einn af hyrningarsteinum umbóta og framfara, sem hér hafa orðið. Á vissum tímabilum hafa þessi stórvirku atvinnutæki lagt slíkan skerf til þjóðarbúsins, að ómetanlegt var.

Nú um nokkurt skeið hefur íslenzk togaraútgerð átt í vök að verjast og togaraflotinn hrunið niður, svo að í stað 40—50 togara, sem héðan voru gerðir út fyrir níu árum, er nú einungis um eða innan við 20 skipum haldið úti. Flest eru skip þessi gömul orðin og að mörgu úrelt, enda hefur enginn togari verið keyptur til landsins síðan árið 1960.

Ráðamenn þjóðarinnar hafa haldið að sér höndum og látið það viðgangast, að togurum fækkaði ár frá ári, án þess að þeir beittu sér fyrir endurnýjun flotans.

Þeir tilburðir, sem stjórnarvöld hafa haft uppi nú um tveggja til þriggja ára skeið, eru fyrir löngu orðnir gráthlægilegir og til þess eins að sýnast. Er ábyrgð íslenzkrar ríkisstjórnar í máli þessu næsta þung orðin og með öllu óverjandi.

Hér verður að breyta gagngert um stefnu, og hefði raunar átt að gerast miklu fyrr. Gagnger og skipuleg endurnýjun íslenzks togaraflota er fyrir löngu orðin knýjandi nauðsyn.

Við Alþýðubandalagsmenn höfum barizt sleitulaust fyrir slíkri endurnýjun, en löngum átt algeru sinnuleysi og skilningsskorti stjórnarvalda að mæta. Við munum halda baráttunni áfram, unz fullur sigur vinnst, Íslendingar hafa á ný eignazt myndarlegan togaraflota og enn einu sinni tekið forustu um útgerð og aflabrögð á slíkum skipum.

Á síðari árum hefur orðið alger bylting í togarasmíði, veiðitækni og aflameðferð hjá öðrum fiskveiðiþjóðum. Skuttogarar hafa komið til sögunnar og reynzt stórfelld framför frá eldri gerðum togskipa. Vinnuaðstaða er þar allt önnur og betri en á hinum gömlu togurum, tekizt hefur að koma við á nýju skipunum margvíslegri vinnuhagræðingu og vélvæðingu, sem leiðir til sparnaðar í mannafla.

Þær raddir heyrast nú í seinni tíð, að bátafloti landsmanna eigi að geta leyst togarana af hólmi. Hér er um háskalegan misskilning að ræða. Enn er ekkert veiðarfæri til, sem komið getur í staðinn fyrir botnvörpuna, ef stunda á með árangri þorsk- og karfaveiðar á djúpmiðum allan ársins hring. Hverfi íslenzk togaraútgerð úr sögunni, yrðu mikilsverð fiskimið hér við land eftirlátin öðrum þjóðum einum, auk þess sem Íslendingar hefðu þá ekki lengur not af fjarlægum miðum, svo sem við Grænland og Nýfundnaland. Þá mundi einnig glatast dýrmæt reynsla togarasjómanna og útgerðarmanna, sem torvelt gæti orðið að endurheimta síðar, þótt þess yrði talin þörf. Loks er það staðreynd, að starfsgrundvöllur stórra og afkastamikilla hraðfrystihúsa víðs vegar um land má teljast algerlega brostinn, ef ekki nýtur við togaraafla.

Af þeim ástæðum, sem að framan greinir, er nauðsynlegt að hefjast þegar handa um endurnýjun íslenzka togaraflotans. Verður við þá endurnýjun að byggja á reynslu þeirra fiskveiðiþjóða, sem beztum árangri hafa náð við gerð og rekstur nýtízku skuttogara, jafnframt því sem sú tækni sé samhæfð íslenzkum aðstæðum og reynslu, svo sem framast verður við komið. Um stærð þeirra og gerð verður að sjálfsögðu að hlíta forsögn sérfróðra manna, erlendra og innlendra. Flm. þessa frv. telja æskilegt, að togarar þeir, sem nú yrðu keyptir, væru a. m. k. af þremur gerðum. Í fyrsta lagi fremur litlir togarar, sem geymdu fiskinn ísvarinn og lönduðu honum til vinnslu í hraðfrystihúsum. Í öðru lagi allstór skip, er gætu sótt á fjarlæg mið og væru búin hraðfrystitækjum til heilfrystingar á fiski. Yrði þar einnig við það miðað, að þessir togarar öfluðu fyrsta flokks hráefnis fyrir innlendan markað. Í þriðja lagi ætti að kaupa a. m. k. einn stóran og fullkominn verksmiðjutogara, sem fullunnið gæti aflann um borð.

Til þess að greiða fyrir skjótri og markvissri endurnýjun togaraflotans þarf stuðningur hins opinbera að koma til, bæði að því er varðar aðild að smíðasamningi og útvegun lánsfjár. Óneitanlega væri æskilegt, að skipin, a. m. k. sum þeirra, yrðu smíðuð innanlands, en til þess þyrfti vafalaust mjög verulega fyrirgreiðslu af opinberri hálfu. Eðlilegt þykir, að bæjarútgerðum, togarafélögum og einstaklingum verði gefinn kostur á að eignast og reka hina nýju skuttogara, þegar þar að kæmi. Þó er fyllilega tímabært, að kannað verði gaumgæfilega, hvort ekki sé óhjákvæmilegt, að efnt verði til togaraútgerðar á vegum ríkisins eða með sérstökum stuðningi þess til atvinnujöfnunar.

Jafnframt því sem ráðstafanir yrðu gerðar til kaupa á allt að 15 togurum, þarf að undirbúa áætlun um áframhaldandi endurnýjun togaraflotans, t. d. um minnst 5 skip á ári nú um skeið. Þá ber ríkisvaldinu einnig skylda til að láta nú þegar kanna, hvaða ráðstafanir kann að vera óhjákvæmilegt að gera til að auðvelda bæjarfélögum og útgerðarfélögum kaup og rekstur hinna nýju togara. Í

því efni skiptir að sjálfsögðu mjög miklu máli, að vextir og afborganir vegna skipakaupanna leggist ekki með allt of miklum þunga á útgerðirnar fyrstu árin. Telja flm. vafalaust, að það geti orðið þjóðhagslega hagkvæmt að binda verulega fjármuni í því af opinberri hálfu að auðvelda bæjarfélögum og öðrum að eignast togara og hefja rekstur þeirra. Yrði það ekki hvað sízt gert með sæmilega hagstæðum lánakjörum.

Sþ. 39. Fyrirspurn [39. mál]

til landbúnaðarráðherra um landgræðslu.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hvað telur ráðherrann, að hækka þyrfi fjárveitinguna til landgræðslu, miðað við reynsluna s. l. sumar, til þess að þeir, sem sá vilja í sjálfboðavinnu í örfoka land, geti átt kost á að fá ókeypis fræ og áburð?

Sþ. 40. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um lækkun tolla á efnum og vélum til iðnaðarins.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Einar Ágústsson, Ingvar Gíslason, Björn Fr. Björnsson, Ólafur Jóhannesson, Sigurvin Einarsson, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar endurskoða tollalögin með það fyrir augum, að innflutningstollar á efnum og vélum til iðnaðarins verði hinir sömu og nú eru á efnum og vélum til fiskveiða. Ríkisstjórnin skal, strax og þessari endurskoðun er lokið, leggja fyrir Alþingi frumvarp um breytingar á tollalögunum í samræmi við hana.

Greinargerð.

Nær allar þjóðir keppa nú að því að auka sem mest fjölbreytni atvinnuvega sinna og renna þannig sem flestum stoðum undir afkomu sína. Fyrst og fremst er hér um að ræða aukningu margvíslegs iðnaðar, eftir því sem aðstæður leyfa á hverjum stað.

Þótt sjávarútvegur og landbúnaður þróist með eðlilegum hætti, eru engar líkur til þess, að þessir tveir atvinnuvegir geti tryggt þjóðinni næga atvinnu og góða afkomu á komandi árum. Hér verður að koma til viðbótar mikill og margþættur iðnaður, ef fullnægja á eðlilegum kröfum um næga atvinnu og batnandi afkomu. Því marki eiga Íslendingar vel að geta náð, ef rétt er á málum haldið, engu síður en aðrar þjóðir. En til þess að svo verði, þarf vitanlega að hlynna að iðnaði á allan hátt.

Eitt af því, sem mundi styrkja verulega aðstöðu iðnaðarins, er að fella niður að mestu eða öllu tolla á efni og vélum til hans. Virðist það eðlilegt og sanngjarnt, að iðnaðurinn sitji hér við sama borð og fiskveiðarnar, því að báðar eru þessar atvinnugreinar lífsnauðsynlegar þjóðinni. Af bátum og vélum til fiskveiða er nú ekki greiddur tollur, en af veiðarfærum og efnum til fiskveiða 4%. Hins vegar er greiddur 10—15% tollur af vélum til fiskiðnaðarins og 25% tollur af vélum og tækjum til annars iðnaðar, þar á meðal iðnaðar, sem vinnur úr ýmsum landbúnaðarvörum. Tollar á ýmsum efnum til iðnaðar eru oft miklu og jafnvel margfalt hærri.

Loks þykir rétt að benda á það, að íslenzk iðnfyrirtæki verða að greiða 25% toll af vélum til starfsemi sinnar og hærri tolla af efni, meðan álbræðslan, sem útlendingar eru að reisa, fær að flytja inn tollfrjálst allar vélar og efni til starfrækslu sinnar.

Nd. **41. Frumvarp til laga** [41. mál]

um breyting á lögum um Iðnlánasjóð, nr. 68 10. okt. 1967.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

Síðasti málsliður 3. gr. laganna orðist svo:

Eftir hver áramót gefur stjórn sjóðsins ráðherra ýtarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á liðnu ári, og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Skýrslu þessari skal fylgja sundurliðuð skrá um lán þau, sem sjóðurinn hefur veitt á árinu, og einnig sundurliðuð skrá um samanlagðar lánveitingar til einstakra lántakenda. Ársreikninginn og skrárnar um lánveitingarnar skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

2. gr.

2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:

2. Framlag ríkissjóðs, er sé árlega jafnhátt tekjum þeim, er sjóðurinn fær af gjaldi því, er iðnaðurinn greiðir til hans samkv. 1. tölulið.

3. gr.

Í stað orðanna „300 milljón króna lán“ í 6. gr. laganna komi: 600 milljón króna lán, og í stað orðanna „100 milljón króna lán“ komi: 200 milljón króna lán.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Margar ástæður valda því, að iðnaðurinn hefur búið við sívaxandi lánsfjárskort á undanförnum árum, þrátt fyrir nokkra aukningu iðnlánasjóðs. Vaxandi vélvæðing og hagræðing krefst síaukins fjármagns. Gengisfellingar hafa rýrt eigið fé fyrirtækjanna og aukið stórlega rekstrarkostnað og stofnkostnað. Sparifjárbindingin hefur þrengt möguleika lánastofnana til að mæta aukinni rekstrarlánaþörf iðnaðarins.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að auka nokkuð starfsfé iðnlánasjóðs. Í fyrsta lagi er lagt til, að ríkisframlag til sjóðsins verði jafnhátt og iðnaðurinn greiðir sjálfur til sjóðsins. Þetta hefur lengi verið krafa iðnaðarins. Breyting þessi mundi rúmlega tvöfalda ríkisframlagið, sem er nú 10 millj. kr. á ári. Í öðru lagi er lagt til að tvöfalda lántökuheimildir sjóðsins, bæði vegna venjulegra lána og hagræðingarlána. Þetta er óhjákvæmileg breyting vegna gengisfellinganna, sem m. a. hafa tvöfaldað ýmsan stofnkostnað.

Þá er lagt til, að árlega verði birt opinberlega skrá bæði um nýjar lánveitingar sjóðsins og heildarlánveitingar hans til einstakra aðila. Það er mikið vandaverk að ráðstafa fé sjóðsins, og þarf að skapa stjórn sjóðsins sem bezt aðhald um, að gætt sé réttmætrar skiptingar milli iðngreina og að hlutur einstakra fyrirtækja sé ekki dreginn meira en annarra. Sennilega er ekkert aðhald öruggara en það, að árlega sé birt yfirlit um lánveitingar sjóðsins.

Sþ. 42. Tillaga til þingsályktunar [42. mál]

um rekstrarlán iðnfyrirtækja.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Einar Ágústsson, Jón Skaftason, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson, Bjarni Guðbjörnsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn veiti viðskiptabönkunum nú þegar sérstök lán til að koma rekstraraðstöðu iðnfyrirtækja í viðunandi horf. Rekstrarlán til þeirra fyrirtækja, sem sett geta viðunandi tryggingu, verði veitt í samræmi við þær lágmarksreglur, sem nú skal greina:

a) Fyrirtækin fái víxlasöluheimild (víxilkvóta) til sölu á allt að 90 daga löngum víxlum, er nemi allt að þriggja mánaða framleiðslu þeirra.
b) Auk þess fái fyrirtækin yfirdráttarheimild á reikningslánum (hlaupareikningsyfirdrátt), er svari til þriggja mánaða kaupgreiðslu viðkomandi fyrirtækis.

Að því er varðar báða ofangreinda liði, skal miðað við meðaltalsframleiðslu og meðaltalskaupgreiðslur s. l. tvö ár.

Greinargerð.

Hinn 19. september 1968 ákvað borgarstjórn Reykjavíkur að skipa sérstaka atvinnumálanefnd. Verkefni þessarar nefndar skyldi vera að fylgjast með atvinnumálum borgarinnar og gera tillögur um ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Nefndin hóf störf nokkru síðar og skilaði tillögum um ýmsar ráðstafanir til atvinnuaukningar nokkru fyrir síðustu áramót. M. a. gerði nefndin tillögur um rekstrarfjármagn til iðnaðar. Meginatriði framangreindrar tillögu til þingsályktunar eru byggð á þessum tillögum atvinnumálanefndar Reykjavíkurborgar.

Í áliti nefndarinnar segir, að verulegur hluti verksmiðjuiðnaðarins, en að honum starfi um 5000 manns, búi við mikla rekstrarfjárerfiðleika — „svo mikla, að áætla má, að þessi iðnaður dragist verulega saman á næstunni, ef ekki raknar úr um fjáröflun“. Nefndin bendir á, að gengisfellingin hafi aukið rekstrarfjárerfiðleikana. Nefndin telur mikilvægt, að iðnfyrirtæki geti treyst á ákveðna fyrirgreiðslu hjá lánastofnunum og þannig verði eytt þeirri óvissu, sem þau eigi nú við að búa á lánamarkaðnum. Nefndin gerir því tillögur um þær lánareglur, sem greindar eru í framangreindri tillögu til þingsályktunar, og telur þær mundu stuðla að öryggi á þessu sviði.

Á þessu ári hafa verið gerðar nokkrar ráðstafanir til að auka rekstrarlán til iðnaðarins, en þær ganga allt of skammt. Hin auknu lán, sem iðnaðurinn hefur fengið, eru langfest bráðabirgðalán, sem eiga að greiðast eftir fáa mánuði. Iðnaðurinn þarf að fá tryggingu fyrir föstu lágmarki rekstrarlána, líkt og gert er ráð fyrir í tillögum atvinnumálanefndar Reykjavíkur. Þar sem þessar tillögur nefndarinnar hafa enn ekki fengizt fram, þykir óhjákvæmilegt að gera þær að sérstöku þingmáli. Það skal tekið fram af hálfu flutningsmanna, að litið er á þessar tillögur sem bráðabirgðalausn og að koma beri rekstrarlánamálum iðnaðarins í miklu traustara og fullkomnara horf í framtíðinni.

Nd. **43. Frumvarp til laga** [43. mál]

um Fjárfestingarfélag Íslands h.f.

Flm.: Eyjólfur Konr. Jónsson, Benedikt Gröndal.

1. gr.

Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heitir Fjárfestingarfélag Íslands h.f. Hlutverk félagsins skal vera að efla íslenzkan atvinnurekstur og örva til þátttöku í honum með því að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum og veita þeim fjárhagslega fyrirgreiðslu og beita sér fyrir nýjungum í atvinnumálum. Í samræmi við þennan tilgang skal félaginu heimilt, meðal annars:

1. Að vera frumkvöðull að stofnun, endurskipulagningu og sameiningu atvinnufyrirtækja.
2. Að kaupa, eiga og selja hlutabréf í atvinnufyrirtækjum og skuldabréf þeirra.
3. Að greiða fyrir útgáfu hlutabréfa og skuldabréfa atvinnufyrirtækja með beinni og óbeinni þátttöku í útboðum og annarri dreifingu á þeim.
4. Að útvega, veita og ábyrgjast lán til atvinnufyrirtækja, sem félagið tekur þátt í eða beitir sér fyrir.
5. Að taka þátt í rannsóknum á atvinnunýjungum og tilraunum með þær og hafa milligöngu um öflun og sölu á réttindum til hagnýtingar þeirra.
6. Að annast tæknilega og viðskiptalega ráðgjafarþjónustu við stofnun og rekstur atvinnufyrirtækja.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing skal vera í Reykjavík.

3. gr.

Forgöngu um stofnun félagsins hafa Verzlunarráð Íslands og Félag íslenzkra iðnrekenda og þeir aðilar, sem samtök þessi kveðja til.

4. gr.

Hlutafé félagsins skal eigi vera minna en 80 milljónir króna.

Einkabönkum og opinberum sjóðum í landinu er heimilt að kaupa og eiga hlutabréf í félaginu, án tillits til gagnstæðra ákvæða laga um þessar stofnanir. Skal stofnunum þessum jafnframt heimilt að vera fullgildir stofnendur að félaginu.

5. gr.

Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir, og skulu þar sett nánari ákvæði um félagið og starfsemi þess. Samþykktir félagsins skulu háðar samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál.

6. gr.

Fjárfestingarfélag Íslands h.f. skal til ársloka 1977 njóta sömu sérréttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 11 29. marz 1961.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Að undanförnu hafa stjórnir Verzlunarráðs Íslands og Félags ísl. iðnrekenda haft til athugunar að beita sér fyrir stofnun öflugs fjárfestingarfélags, og miðar frumvarp það, sem hér er flutt, að því að heimila þessum samtökum að hafa forgöngu um stofnun slíks félags með tilteknum skilyrðum. Er það álit málsaðila, að félag sem þetta gæti mjög örvað atvinnurekstur, stuðlað að bættum rekstri fyrirtækja, beitt sér fyrir nýjungum í atvinnumálum og unnið að sameiningu og endurskipulagningu fyrirtækja, þar sem það hentar.

Félög áþekk þessu eru rekin í flestum nágrannalöndunum og eru þar talin gegna hinu mikilvægasta hlutverki. Er ráðgert að hafa hér hliðsjón af þeirri reynslu, sem þar hefur fengizt í þessu efni. M. a. ferðaðist Þorvarður Alfonsson, framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda, um Norðurlöndin í nóvembermánuði 1968 til að kynna sér slíka starfrækslu þar.

Um 1. gr.

Grein þessi fjallar um tilgang félagsins og almennar starfsheimildir. Er þar ekki um tæmandi talningu að ræða, enda æskilegt, að félagið starfi á sem breiðustum grundvelli.

Um 2. og 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Félagið verði því einungis stofnað, að unnt reynist að safna þegar í upphafi 80 milljón króna hlutafjárloforðum. Er gert ráð fyrir, að þessa fjár megi afla frá einkabönkum, einkaaðilum og með hlutafjárframlagi frá Framkvæmdasjóði. Enn fremur væri hugsanlegt minni háttar hlutafjárframlag frá Alþjóðalánastofnuninni í Washington, systurstofnun Alþjóðabankans, sem fremur kæmi þó til greina, eftir að félagið hefur tekið til starfa.

Samkv. 2. málsgr. verður Verzlunarbanka Íslands h.f., Iðnaðarbanka Íslands h.f. og Samvinnubanka Íslands h.f. og opinberum sjóðum heimilt að kaupa og eiga hlutabréf í félaginu, enda má telja það undirstöðuatriði í starfsemi félagsins, að þátttaka fáist af hálfu þessara aðila. Tekur ákvæði þetta til hvers kyns opinberra sjóða, en hins vegar ekki til ríkisbankanna.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir, að samþykktir félagsins fari eftir almennum lögum um hlutafélög, að öðru leyti en því, sem í lögum þessum segir, en eðlilegt er talið vegna réttinda þeirra, sem félaginu er ætlað að njóta, að samþykktirnar séu háðar samþykki ráðherra þess, er fari með bankamál.

Um 6. gr.

Í ákvæði þessu felst, að Fjárfestingarfélag Íslands h.f. skuli til ársloka 1977 njóta sömu réttinda að því er varðar skattfrelsi og allir bankarnir njóta, en nauðsynlegt er talið að veita slík fríðindi, meðan félagið er að festa rætur, til að auðvelda því að sinna því ætlunarverki sínu að efla íslenzka atvinnuvegi með skjótum og árangursríkum hætti.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 44. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um viðskiptafulltrúa.

Flm.: Guðlaugur Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að komið verði á fót skrifstofum viðskiptafulltrúa á Ítalíu og Spáni.

Greinargerð.

Ég flutti á síðasta þingi tillögu til þingsályktunar í neðri deild Alþingis um sama efni og hér um ræðir. Tillagan var svo seint fram komin, að hún náði ekki að koma til umræðu. En henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Allmikil viðskipti eiga sér stað milli Íslendinga og þeirra landa, sem tilgreind eru í tillögunni. Seljum við þangað verulegan hluta af saltfiskframleiðslu okkar og nokkurn hluta skreiðarframleiðslunnar. Í hvorugu þessara landa höfum við búsettan sendiherra eða sendiráð. Sendiráðið í Osló annast sendiráðsstörfin á Ítalíu og sendiráðið í London sendiráðsstörfin á Spáni. Ólaunaðir ræðismenn eru þó að sjálfsögðu í báðum þessum löndum.

Útflutningur okkar til þessara landa nam á árinu 1968 samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar samtals 376 milljónum króna, og var þar nær eingöngu um sjávarafurðir að ræða, mest óverkaðan saltfisk, auk nokkurs magns af skreið, sem seld var til Ítalíu. Innflutningur frá þessum löndum nam á sama tíma 178 milljónum króna. Varðandi saltfiskinn er það vitað, að verð hans er oft á tíðum mjög óstöðugt og sveiflukennt og sölumöguleikar mjög misjafnir, sem hvort tveggja byggist á misjöfnum aflabrögðum og framleiðslu bæði Íslendinga og annarra þjóða, sem þessi lönd kaupa saltfisk og aðrar sjávarafurðir frá. Að sjálfsögðu fá sölusamtök okkar og þeir einstaklingar, sem þessi mál láta sig varða, upplýsingar um verðlag og markaðshorfur frá umboðsmönnum sínum. Hins vegar verður að telja, að hér sé um það veigamikið atriði að ræða í útflutningi okkar, að nauðsynlegt sé og eðlilegt, að Íslendingar hafi aðstöðu til að fylgjast svo að segja daglega með verðlagi og markaðshorfum í þeim löndum, sem hér um ræðir. Telur flm., að það yrði bezt tryggt með því, að þar yrðu staðsettir viðskiptafulltrúar, með þeim réttindum og skyldum, sem slíkum aðilum ber samkvæmt alþjóðavenjum. Auk þess yrði það að sjálfsögðu einnig aðalstarf þessara aðila að vinna að aukinni sölu, ekki einasta á sjávarafurðum, heldur einnig öðrum framleiðsluvörum okkar, sem hugsanlegt væri að selja til þessara landa.

Á það ber einnig að líta, að án efa mundi það greiða fyrir útflutningi okkar til þessara landa, ef innflutningur frá þeim hingað til lands ykist. Væri það vissulega einnig verkefni viðskiptafulltrúa að kanna alla möguleika í því sambandi og vinna að því. Mundi það og verða innflytjendum vara hér til hagræðis, ef þeir ættu aðgang að öruggum opinberum aðila með öflun nauðsynlegra upplýsinga í sambandi við starfsemi sína. Ljóst er, að hér yrði um nokkur aukin útgjöld að ræða, ef ekki kæmu til breytingar á öðrum sviðum utanríkisþjónustunnar, sem oft hefur verið rætt um. En á það ber að líta, að óefað mundi staðsetning viðskiptafulltrúa í þeim löndum, sem tilgreind eru í tillögunni, verða til hagræðis bæði fyrir útflutnings- og innflutningsverzlun okkar, og telur flm., að mjög komi til athugunar, að staðsettir yrðu, auk annarra sendiráðsstarfsmanna, sérstakir og sérmenntaðir viðskiptafulltrúar í sendiráðum okkar hjá þeim þjóðum, sem við höfum mest viðskipti við."

Nd. 45. Breytingartillaga [34. mál]

við frv. til laga um utanríkisþjónustu Íslands.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Auk þeirra starfsmanna utanríkisþjónustunnar, sem taldir eru í 10. gr., skal skipa, þar sem þörf krefur, sérstaka viðskiptafulltrúa. Skulu þeir vinna að markaðsleit fyrir íslenzkar afurðir og greiða á annan hátt fyrir viðskiptum við aðrar þjóðir. Launakjör þessara fulltrúa skulu ákveðin í hverju einstöku tilviki af utanríkisráðuneytinu. Heimilt er einnig að skipa fulltrúa til starfa á öðrum sviðum, svo sem menningarfulltrúa, blaðafulltrúa, fiskifulltrúa o. fl. Um skipun fulltrúa samkvæmt þessari grein skal hafa samráð við hlutaðeigandi ráðuneyti.

Nd. 46. Tillaga til þingsályktunar [45. mál]

um rannsóknarnefnd vegna Búrfellsvirkjunar.

Flm.: Magnús Kjartansson, Þórarinn Þórarinsson.

Neðri deild ályktar að skipa nefnd samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka allar staðreyndir um byggingarkostnað Búrfellsvirkjunar, rekstrarkostnað nú og síðar og samninga virkjunarinnar um orkusölu. Skulu nefndarmenn vera fjórir, einn tilnefndur af hverjum þingflokki. Nefndin skal hafa rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Að loknum störfum skal nefndin gefa neðri deild skýrslu um niðurstöður sínar.

Sþ. 47. Tillaga til þingsályktunar [46. mál]

um heimildarkvikmynd um Alþingi.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eyjólfur Konr. Jónsson, Magnús Kjartansson, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins að láta gera heimildarkvikmynd um starfshætti Alþingis, eins og þeir nú eru, þannig að myndin henti sem bezt til sýningar í sjónvarpi, skólum landsins og við önnur tækifæri.

Greinargerð.

Alþingi starfar enn í megindráttum eins og það hefur starfað í rúma öld, og ytri aðstæður þess hafa verið lítt breyttar, síðan þinghúsið var reist. Nú eru hins vegar miklar breytingar fram undan. Bygging nýs þinghúss verður nauðsynlegri með hverju ári sem líður, og fram hafa komið tillögur um grundvallarbreytingar, eins og þá að leggja niður deildarskiptingu og gera þingið að einni málstofu.

Heimildarkvikmynd um störf Alþingis hefur aldrei verið gerð. Virðist rík ástæða til að gera slíka mynd, meðan þingið er enn í hinum gamla farvegi og hefur ekki tekið þeim stakkaskiptum, sem vafalaust eru fram undan, þótt ekki komi annað til en nýtt þinghús.

Hugmyndin um að kvikmynda störf Alþingis hefur verið rædd í útvarpsráði með tilliti til sjónvarps. Var þar talið æskilegt, að slík mynd yrði gerð af Alþingi sjálfu, enda þótt sjónvarpið sé að sjálfsögðu reiðubúið til hvers konar samstarfs.

Hugmyndin hefur og verið rædd í stjórn Fræðslumyndasafns ríkisins, og var einnig þar talið æskilegt, að Alþingi hefði sjálft forustu í málinu, en myndin yrði gerð með það fyrir augum, að hún yrði hentug kynning á þinginu í skólum landsins.

Kvikmynd af Alþingi yrði að sjálfsögðu að vera litmynd, en sjónvarpið tekur aðeins svarthvítar myndir, þótt það geti sýnt litmyndir. Þá þurfa tal og tónar að vera á filmunni sjálfri til varðveizlu og sýningar í skólum eða annars staðar, en sjónvarpið notar að jafnaði aðra aðferð við kvikmyndagerð sína. Af þessu er ljóst, að æskilegt er samstarf viðkomandi aðila, svo og að verkið verði unnið á vegum Alþingis sjálfs til að tryggja heimildargildi þess. Má raunar taka allmiklu meira kvikmyndamagn til varðveizlu en notað verður í þeirri útgáfu myndarinnar, sem sýnd yrði í sjónvarpi og skólum.

Kostnaður við kvikmyndagerðina mundi dreifast á 2—3 ár og greiðast með öðrum alþingiskostnaði.

Nd. 48. Frumvarp til laga [47. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/1965.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson, Jón Skaftason, Vilhjálmur Hjálmarsson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Nú breytist framfærsluvísitala til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1964, og skal þá hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 4. gr., A-lið 13. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 25. gr., í réttu hlutfalli við það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1953 beitti þáv. fjármálaráðherra, Eysteinn Jónsson, sér fyrir því, að það ákvæði var sett í lögin um tekju- og eignarskatt, að tekjutölur skattstiga skyldu breytast til hækkunar eða lækkunar í samræmi við kaupgjaldsvísitölu. Laun höfðu þá hækkað vegna dýrtíðaruppbóta og skattgreiðendur því orðið að greiða hækkandi skatta án samræmis við hækkun rauntekna. Þótti því rétt og nauðsynlegt að veita skattgreiðendum þá tryggingu, er fólst í setningu umrædds lagaákvæðis.

Þetta ákvæði hélzt óbreytt í lögum til 1960, er „viðreisnar"-stjórnin felldi það niður við breytingu, sem hún gerði á skattalöggjöfinni. Sagt var, að tilgangur þeirrar skattabreytingar væri m. a. sá að „fella niður tekjuskatt á almennum launatekjum". Þetta fór þó á þann veg, m. a. vegna þess, að umrætt ákvæði var fellt niður, að skattgreiðslur hækkuðu stöðugt næstu árin sökum vaxandi dýrtíðarbóta, án þess að rauntekjur ykjust nokkuð tilsvarandi. Þetta varð sérstaklega eftirminnilegt sumarið 1964, þegar gengið var svo nærri skattgreiðendum, að efnahagsráðgjafar ríkisstjórnarinnar lögðu til, að þeim yrðu veitt sérstök lán til greiðslu á sköttum. Ríkisstjórnin var því tilneydd að gera nýja breytingu á skattalögunum vorið 1965, þar sem ýmsir frádrættir voru auknir og jafnframt sett í lögin

það ákvæði, að frádrættir og skattstigar skyldu hækka eða lækka „í samræmi við skattavísitölu, sem ákveðin er af fjármálaráðherra, í fyrsta sinn árið 1966, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra".

Framkvæmd þessa lagaákvæðis hefur orðið á þann veg, að við álagningu skatta á árinu 1966, þegar lagt var á tekjur ársins 1965, var notuð skattvísitala, sem var 112.5 stig, en á árinu 1967, þegar lagt var á tekjur ársins 1966, var notuð skattvísitala, sem var 129 stig. Sú tala hefur haldizt óbreytt síðan og því verið notuð við útreikning skatta á árunum 1968 og 1969. Hinar miklu verðhækkanir, sem hafa hlotizt af gengisfellingunum 1967 og 1968, hafa því ekki haft nein áhrif á skattvísitöluna. Frádrættir og skattstigar hafa haldizt óbreyttir síðan fyrri hluta árs 1967, þótt kaupgjald hafi hækkað verulega á þessum tíma vegna dýrtíðarbóta, sem þó hafa verið ófullnægjandi. Hér hefur því aftur sótt í sama horf og á árunum 1960—'64, að skattgreiðslur hafa farið síhækkandi vegna dýrtíðabóta, þótt rauntekjur hafi staðið í stað og í mörgum tilfellum lækkað. Í fjölmörgum tilfellum lenda því raunverulegir lágtekjumenn í hæsta skattstiga af þessum ástæðum.

Þrátt fyrir þá reynslu, sem hér blasir við, virðist það síður en svo ætlun ríkisstjórnarinnar að hverfa frá þessari öfugþróun. Samkvæmt greinargerð þeirri, sem fylgir fjárlagafrumvarpinu, er gert ráð fyrir því, að einstaklingar greiði 82.4 millj. kr. meira í tekjuskatt á næsta ári en í ár. Þessi ráðgerða hækkun byggist fyrst og fremst á því, að tekjur launafólks hafa hækkað á þessu ári í krónutölu vegna dýrtíðarbóta, en um aukningu rauntekna hefur yfirleitt ekki verið að ræða hjá almenningi, heldur hið gagnstæða.

Með þessu frumvarpi er stefnt að því að bæta nokkuð úr því ranglæti, sem hér hefur skapazt. Lagt er til, að skattvísitalan verði látin fylgja framfærsluvísitölunni og miðað við meðaltal hennar 1964, en skattstigar laganna eru miðaðir við tekjur þess árs. Framfærsluvísitalan mun hafa hækkað um 76% síðan 1964, ef tekið er meðaltal þess árs. Ef skattvísitalan yrði 176 stig, mundi það hafa þau áhrif, að frádráttur einstaklings samkv. 16. gr. skattalaganna hækkaði úr 103 200 kr. í 140 800 kr., frádráttur hjóna úr 144 500 kr. í 197 100 kr. og frádráttur fyrir barn úr 20 700 kr. í 28 100 kr. Þá hækka jafnframt þrepin í skattstigum og lengist milli þeirra.

Þótt hér sé um nokkra lagfæringu að ræða, er hún hvergi nærri fullnægjandi. Ýmsar aðrar breytingar þyrfti að gera á skattalögunum. En ekki þykir hyggilegt að ganga lengra að sinni, í von um, að samkomulag náist við flokka ríkisstjórnarinnar um efni þessa frv.

Nd. 49. Breytingartillögur [34. mál]

um frv. til laga um utanríkisþjónustu Íslands.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem orðist svo:

Um allar meiri háttar ákvarðanir í utanríkismálum skal ráðuneytið hafa samráð við utanríkismálanefnd Alþingis, bæði meðan Alþingi er að störfum og milli þinga.

Sendinefnd Íslands á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna er skipuð af ráðherra til eins árs í senn, og skulu þingflokkarnir hafa rétt til að tilnefna einn fulltrúa hver í nefndina.

Árlega skal ráðherra gefa Alþingi skýrslu um viðhorf ríkisstjórnarinnar til utanríkismála og um störf íslenzku sendinefndarinnar á þingi Sameinuðu þjóðanna, ásamt rökstuddri greinargerð um afstöðu Íslands til einstakra mála á þinginu.

2. 4. gr., sem lagt er til að verði 5. gr., orðist svo:
Sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðismannsskrifstofur skulu staðsettar erlendis á þeim stöðum, þar sem slíkt er álitið nauðsynlegt til gæzlu á hagsmunum Íslands.
Ákveða skal með forsetaúrskurði, að fengnu samþykki Alþingis, á hvaða stöðum skuli hafa sendiráð og fastanefndir hjá alþjóðastofnunum.

Ed. 50. Frumvarp til laga [48. mál]

um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Orðaskýringar:
1. **Skip** er sérhvert fljótandi far, nema annars sé getið.
2. **Íslenzkt skip** er hvert það skip, sem skráð er hér á landi og rétt hefur til þess að sigla undir íslenzkum fána.
3. **Farþegar** eru allir, sem á skipi eru, aðrir en skipstjóri, skipshöfn og aðrir, sem starfa á skipi í þjónustu þess. Til farþega teljast þó hvorki börn undir eins árs aldri né menn, sem komnir eru í skip vegna óviðráðanlegra atvika.
4. **Farþegaskip** er hvert það skip, sem ætlað er að flytja fleiri en 12 farþega.
5. **Flokkað skip** er hvert það skip, sem hefur gilt flokkunarskírteini frá flokkunarfélagi, sem viðurkennt er af ráðherra samkvæmt reglugerð.
6. Þar, sem talað er um **rúmlest**, er átt við brúttó rúmlest (100 ensk teningsfet = 2.83 m^3), nema annars sé getið.
7. **Vélskip** er hvert það skip, sem knúið er aflvél í því sjálfu.
8. **Opinn bátur** er hvert það fljótandi far, sem ekki er varið ágangi sjávar með þilfari stafna á milli.
9. **Fiskiskip** er skip, sem notað er til að veiða fisk, hval, sel, skelfisk eða aðrar lífverur úr sjó.
10. **Svifskip** er far, sem hvílir á samanþjöppuðu lofti milli botns þess og flatarins, sem það hreyfist yfir.
11. Þar, sem rætt er um ráðherra í lögum þessum, er átt við ráðherra þann, sem fer með siglingamál.

2. gr.

Ákvæði laga þessara taka til allra íslenzkra skipa og báta, sem eru 6 metrar eða lengri, mælt milli stafna.
Ákvæði laganna taka og til erlendra skipa og báta, sem íslenzkir ríkisborgarar hafa á leigu, ef þau eru gerð út hér eða í förum hingað eða héðan með íslenzkri skipshöfn.
Ráðherra getur ákveðið í reglugerð, að eftirlit skuli haft með öryggi annarra fljótandi fara og tækja, og hvernig því eftirliti skuli haga.

3. gr.

Lög þessi raska ekki ákvæðum alþjóðasamninga eða samningum við önnur ríki, er íslenzka ríkið hefur gerzt aðili að.

II. KAFLI
Um haffæri skipa.

4. gr.

Skip skal telja óhaffært:

a. Ef gilt haffærisskírteini, hleðslumerkjaskírteini og, sé um farþegaskip að ræða, öryggisskírteini er ekki sýnt, þegar þess er krafizt af Siglingamálastofnuninni eða trúnaðarmanni hennar.
b. Ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa.
c. Ef bol þess, búnaði, vél eða vélartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, það svo ofhlaðið mönnum eða munum, vanhlaðið, kjölfestulítið, illa birgt af vistum, vatni, kolum, olíu eða öðrum vélarnauðsynjum, sé það vélskip, eða af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að telja verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er við siglingar.

5. gr.

Eiganda skips, útgerðarmanni, svo og skipstjóra, er skylt að sjá um, að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi og því sé haldið haffæru, hvort heldur það er statt í höfn eða á hafi úti.

6. gr.

Nú tekur skip grunn, slæst við bryggju, verður fyrir árekstri eða það annað ber til, er ætla má, að af muni hljótast, að skipið verði óhaffært, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka tjón það, sem orðið hefur, með skoðunargerð á þeim stað, er henni verður fyrst við komið.

Skoðunarmenn Siglingamálastofnunarinnar skulu framkvæma skoðun, verði því komið við án verulegrar tafar, en annars skal hún gerð af sérfróðum mönnum, er sjódómur á þeim stað kveður til.

Ef svo ber við, að ekki verður náð til sérfróðra manna, þar sem skip er statt, skal skipstjóri, yfirvélstjóri og yfirstýrimaður ásamt tveimur mönnum, er skipshöfn velur, framkvæma bráðabirgðaskoðun á tjóninu. Ágrip af skoðunarskýrslunni skal ritað í eftirlitsbók skipsins og undirritað af þeim öllum, er hana önnuðust. Þar skal kveðið skýlaust á um haffæri skipsins. Afrit af því, sem bókað var, skal þá þegar sent Siglingamálastofnuninni, og ákveður hún, hvort ný skoðun skuli fara fram.

III. KAFLI
Störf eftirlits- og skoðunarmanna.

7. gr.

Eftirlitsmönnum Siglingamálastofnunarinnar ber hverjum í sínu umdæmi að gæta þess, að fullnægt sé ákvæðum gildandi laga, tilskipana og reglugerð um öryggi skipa. Í því skyni ber þeim m. a. að athuga skip í umdæmi sínu, hleðslu þeirra og haffæri fyrirvaralaust, þegar hentugt þykir eða ástæða virðist til, einkum er skip kemur til hafnar eða fer úr höfn. Komi fram, að vafi leiki á því, hvort skip sé haffært samkvæmt lögum þessum, skal það stöðvað til bráðabirgða samkvæmt 10. gr., sbr. og 34. gr.

8. gr.

Eftirlitsmaður skal sjálfur annast allt eftirlit þar á svæði sínu, sem mest þörf er eftirlits á hverjum tíma árs. Ef erfiðleikar eru á því, að hann vegna fjarlægðar geti á sama tíma haft fullnægjandi eftirlit á öðrum stað eða öðrum stöðum á svæðinu, þar sem sérstök þörf er eftirlits, ber honum, að fengnu samþykki siglingamálastjóra, að fela hæfum manni eftirlit þar, enda fullnægi hann skilyrðum þeim, sem sett eru um eftirlitsmenn.

9. gr.

Skipaskoðunarmenn annast allar skoðanir, er um ræðir í lögum þessum og tilskipunum og reglugerðum samkvæmt þeim, sem gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið á þar heimilisfang eða eigi.

Nú er um skoðun að ræða, er eftirlitsmaður telur þess eðlis, að meiri sérfræðilegrar þekkingar sé þörf, og kveður hann þá sérfróðan mann eða menn til aðstoðar skoðunarmönnum.

Ef þörf krefur, getur siglingamálastjóri kvatt skoðunarmann til að framkvæma skoðun utan umdæmis síns.

10. gr.

Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sé þeim kröfum um öryggi skipa, sem gerðar eru í lögum þessum eða tilskipunum og reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Eftirlits- og skoðunarmenn skulu líta eftir umgengni og hreinlæti í vistarverum og forðageymslum, svo og lestum fiskiskipa. Skal þess sérstaklega gætt, að lestir fiskiskipa og báta séu vel hirtar og hreinar.

Að lokinni skoðun er skipaskoðunarmönnum skylt að sjá um, að bætt sé úr því, sem þeir telja áfátt. Telji skoðunarmenn eigi öruggt, að skip sé í förum, skulu þeir ekki láta skoðunarvottorð af hendi, en tilkynna útgerðarmanni eða skipstjóra, að vottorð verði eigi afhent, fyrr en úr göllunum sé bætt, enda skal og skipinu bannað að vera í förum. Um málið fer síðan samkvæmt VII. kafla.

Ef það, sem áfátt þykir, er þannig vaxið, að haffæri skips er óskert og eigi er hægt að bæta úr því þegar í stað, þar sem skipið er statt, skal skoðunarmaður gefa skipstjóra hæfilegan frest til þess að fullnægja gerðum kröfum, þó eigi lengri en 3 mánuði. Skrá skal í eftirlitsbók skips, hvers vant er, ástæður til frestveitingar og lengd frests.

Þegar frestur er liðinn, ber skoðunarmanni að ganga úr skugga um, að bætt hafi verið úr því, sem áfátt var. Hafi það eigi verið gert, ber honum tafarlaust að skýra eftirlitsmanni frá, og ákveður hann þá, hvort frestur skuli framlengdur eða hvort útgerðarmaður eða skipstjóri skuli sóttir til saka.

Verði ekki náð til skipsins, þegar fresturinn er útrunninn, skal eftirlitsmaður tilkynna siglingamálastjóra málið, og ákveður hann þá, hvað gera skuli.

11. gr.

Verði skipaskoðunarmenn, lögreglumenn, hafnsögumenn, tollmenn, trúnaðarmenn stéttarfélaga sjómanna á staðnum, starfsmenn tryggingafélaga eða lögskráningarmenn varir við, að lög þessi séu brotin eða að brotnar séu reglugerðir, settar samkvæmt þeim, eða telji þeir sig hafa ástæðu til að ætla, að skip sé ekki haffært, skulu þeir tafarlaust gera næsta eftirlitsmanni aðvart, og skal hann þá að athuguðu máli gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt 7. gr.

Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva, er þeir eru að starfi sínu, þó þannig, að þeir skulu gera forstjóra stöðvarinnar aðvart. Athugar hann málið og snýr sér til eftirlitsmanns Siglingamálastofnunarinnar, ef hann telur ástæðu til.

IV. KAFLI

Skoðun skipa.

12. gr.

Auk hins almenna eftirlits og skyndiskoðana eru skoðunargerðir á skipum tvenns konar: aðalskoðun og aukaskoðun.

13. gr.

Skoðun á þilskipum annast að minnsta kosti tveir sérfróðir skoðunarmenn. Skal annar þeirra vera vélfróður, en hinn eftir atvikum skipasmiður eða siglingafróður maður.

Skoðun á opnum bát, hvort sem hann er með vél eða án vélar, skal framkvæmd af sérfróðum manni.

14. gr.

Aðalskoðun skal gera á skipi, sem hér segir:

a. Áður en skip leggur úr höfn hér á landi í fyrsta sinn, er smíðað hefur verið hér á landi eða breytt þannig, að farmrými hefur verið stækkað, yfirbygging aukin, breytt um aðalvél eða því hefur verið breytt svo mjög, að mæla þurfi það að nýju.
b. Þegar skip er fengið frá öðrum löndum, hvort heldur nýsmíðað eða notað, til skráningar undir íslenzkan fána eða til útgerðar hér á landi.
c. Á öllum öðrum skipum ár hvert.

15. gr.

Við aðalskoðun skal athuga vandlega allt öryggi skips, bæði sjálfs bols þess, þilfars og skilrúma, siglu og reiða, véla og vélatækja, búnaðar alls og áhalda, svo og allt annað, er lýtur að öryggi skips.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi og framvísað er gildu flokkunarskírteini, skal sú skoðun, sem fram fór á því til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, ef farið hefur verið eftir reglum, sem settar hafa verið samkvæmt Kaupmannahafnarsamþykktinni frá 28. jan. 1926 um haffæri og búnað skipa og um samvinnu milli viðurkenndra flokkunarfélaga og Siglingamálastofnunarinnar.

Nú hefur ríkisstjórnin viðurkennt flokkunarfélag, og ber þá að líta svo á, að reglur þær, sem félagið hefur sett um skip þau, er það hefur flokkað, gildi sem réttarreglur hér á landi um öll þau atriði, sem ekki er sérstaklega mælt fyrir um í íslenzkum lögum eða reglum.

16. gr.

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda eftirlitsmanni skýrslu um skoðunina eftir fyrirmynd, er siglingamálastjóri setur. Eftirlitsmaður sendir síðan siglingamálastjóra skýrsluna ásamt athugasemdum sínum.

Hafi skoðun leitt í ljós, að skip sé haffært, skal siglingamálastjóri, eftirlitsmaður eða skoðunarmaður, sem til þess hefur fengið sérstaka heimild frá siglingamálastjóra, gefa því haffærisskírteini. Skírteini þau, sem út skulu gefin samkvæmt alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á hafinu frá 17. júní 1960, skal þó siglingamálastjóri gefa út.

17. gr.

Á haffærisskírteini skal skráð nafn skips, heimili, kallmerki, rúmlestatala brúttó og nettó, smíðastaður og ár, nafn eiganda, umdæmisbókstafir fiskiskipa, til hvaða ferða skírteinið gildir, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa, sem gerðar eru í lögum þessum eða tilskipunum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, enn fremur gildistími skírteinisins og útgáfudagur.

Haffærisskírteini skips skal gilda í eitt ár, enda glati skipið ekki rétti sínum til haffærisskírteinis á tímabilinu.

Siglingamálastjóri getur framlengt gildi skírteinis um ákveðinn tíma, þó eigi lengur en 3 mánuði, enda sé eigi ástæða til að ætla, að skip sé ekki haffært. Er honum heimilt að fela slíka framlengingu öðrum opinberum aðila hverju sinni.

Haffærisskírteini skal fylgja skipsskjölunum og ávallt sýnt við tollafgreiðslur skips, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja, þegar um skip er að ræða, sem ekki er skylt að lögskrá á, svo og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum Siglingamálastofnunarinnar eða lögreglunni. Nú er sá tími, er skírteinið gildir, á enda, eða skoðun, er gerð skyldi á skipi á þeim tíma samkvæmt lögum þessum, er vanrækt, hvort sem er aðalskoðun eða aukaskoðun, eða það kemur í ljós við slíka skoðun, að skip sé óhaffært, og skal skip þá lagt í farbann, sbr. VII. kafla.

18. gr.

Aukaskoðun skal gerð:

a. Þegar skip hefur sætt verulegri viðgerð, en eigi kveður samt svo mikið að viðgerðinni, að aðalskoðun skyldi gera samkvæmt 14. gr.
b. Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, vélstjóri, meiri hluti skipshafnar eða stjórn stéttarfélags eða félaga sjómanna á staðnum krefst skoðunar. Krafa skal send eftirlitsmanni og vera skrifleg og rökstudd. Trúnaðarmenn Siglingamálastofnunarinnar eru bundnir þagnarheiti um, hver kært hefur, nema kæran hafi reynzt ástæðulaus. Þá skal Siglingamálastofnunin gefa upp þann aðila, sem kært hefur, ef útgerðarmaður krefst þess.
c. Þegar annars þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess.

Synji eftirlitsmaður um skoðun, þegar hennar er krafizt samkvæmt b-lið þessarar greinar, má skjóta málinu til siglingamálastjóra.

19. gr.

Við aukaskoðun skal athuga þá hluta skips eða skipsbúnaðar, er ástæða þykir til vegna atvika þeirra, er skoðuninni valda.

20. gr.

Nú fer fram aukaskoðun eða skyndiskoðun á skipi, og getur þá siglingamálastjóri ákveðið, að aðalskoðun skuli fara fram þá þegar, enda skal sú ákvörðun rökstudd.

21. gr.

Synji siglingamálastjóri um skoðun, þegar hennar er krafizt samkvæmt b-lið 18. gr., eða telji einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, sig eigi geta unað úrslitum skoðunargerðar, getur sá, er telur sig vanhaldinn, stefnt ágreiningnum fyrir siglingadóm, sbr. 38. gr.

Dómurinn kveður endanlega á um, hvort skoðun eða eftir atvikum yfirskoðun skuli fara fram.

Dómurinn annast yfirskoðun sjálfur eða kveður til sérstaka yfirskoðunarmenn, ef þörf þykir. Þeir skulu vera þrír eða fimm eftir ákvörðun dómsins, sérfróðir, hæfir og óvilhallir menn, er fullnægja skilyrðum til þess að gegna embætti eða sýslan hér á landi.

Yfirskoðunargerð verður ekki haggað, ef hún hefur farið löglega fram. Hún skal staðfest með eiði eða drengskaparheiti, ef krafizt er af einhverjum þeim, er hlut á að máli.

V. KAFLI

Um smíði, búnað, breytingar og innflutning skipa.

22. gr.

Skip skal að jafnaði fullnægja skilyrðum þeim, sem hér segir:

A. Bolur, reiði og vélar.
   1. Bolur og yfirbygging, reiði og reiðabúnaður og vélar skal vera nægilega sterkt og í góðu ástandi.
   2. Í stálskipi skulu vera fullnægjandi vatnsþétt skilrúm.
   3. Stýri og stýrisbúnaður, akkeri, keðjur, kaðlar og dælubúnaður skal vera fullnægjandi og í góðu ástandi.
   4. Í skipi skulu vera varahlutir, verkfæri og önnur nauðsynleg áhöld.
   5. Skip skal láta vel að stjórn og vera nægilega stöðugt, svo að því verði örugglega siglt.

      Sé eigi annars getið í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt

þeim, skal kröfum þeim, sem um ræðir í 1.—4. tölulið, að jafnaði talið fullnægt, ef skip fullnægir þeim kröfum, er flokkunarfélag, viðurkennt af ráðherra, gerir til þess á hverjum tíma, að slíkt skip nái 1. flokki, þegar gætt er tegundar þess og þeirra ferða, sem því eru ætlaðar.

B. Siglingatæki.
1. Skip skal búið þeim áhöldum og tækjum, sem nauðsynleg eru, til þess að því verði örugglega siglt, þar með talin fjarskiptatæki, sem fyrirskipuð eru eða kunna að verða.
Í skipi skal vera a. m. k. einn áttaviti og honum komið fyrir á öruggum stað.
Siglingamálastjóri löggildir menn að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans til þess að rétta áttavita.
Skip skal búið þjóðfána.

C. Öryggisráðstafanir og eldvarnir.
1. Varnir gegn slysum, er leitt geta af venjulegri notkun skips, skulu vera í því horfi, að menn, sem dvelja eða vinna á skipsfjöl eða eru á leið úr skipi eða á, eigi ekki meiðsli á hættu, enda gæti þeir almennrar varfærni.
Auknar kröfur má gera um öryggi tækja, ef gallar á þeim valda sérstakri slysahættu.
2. Skip skulu búin tækjum til slökkvistarfa, og viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar gegn eldhættu.

D. Björgunartæki.
1. Skip skal búið traustum björgunartækjum, er komið sé fyrir á hentugum stöðum. Skal það ákveðið nánar í reglugerð.

E. Vistarverur.
1. Vistarverur skipverja og forðageymslur skips skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða í reglugerð um stærð, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, hreinlætistæki og viðhald.
Reglur um rúmmál, gólfflöt og lofthæð skulu miðaðar við gerð skips og ferðir, sem því eru ætlaðar.
Sérstök rekkja skal vera fyrir hvern skipverja.
2. Í reglugerð skal og kveða á um búnað skips að lyfjum og hjúkrunargögnum.
3. Reglugerðir, sem um ræðir í 1. og 2. tölulið, skulu settar af ráðherra að fengnu áliti landlæknis og siglingamálastjóra.

F. Fjarskiptatæki.
1. Öll skip með þilfari skulu búin talstöð eða loftskeytastöð með ákveðnu lágmarksafli og ákveðnu öldusviði. Einn skipverja, að minnsta kosti, skal hafa starfræksluskírteini fyrir slíka stöð samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 27. júní 1941 um fjarskipti.
Stöðvar þessar eru háðar eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar, sem gefur út öryggisskírteini fyrir fjarskiptatækin í skipum, sem ekki falla undir ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um öryggi mannslífa á hafinu, sbr. 16. gr. laga þessara. Að lokinni skoðun tækjanna tilkynnir póst- og símamálastjórnin siglingamálastjóra árangur skoðunar á þeim og annað varðandi þau, sem ástæða þykir til.

G. Eftirlitsbók.
1. Auk skjala þeirra og bóka, sem fyrirskipuð eru í öðrum lögum og reglugerðum, skulu skip hafa eftirlitsbók, sem í eru skráð vottorð eftirlits- og skoðunarmanna um framkvæmdar skoðunargerðir ásamt greinargerð skipstjóra og vélstjóra um framkvæmd þess eftirlits, sem á þeim hvílir, auk annarra upplýsinga um skipið, sem krafizt kann að verða.

Gerð og færslu eftirlitsbókar skal hagað á þann hátt, er siglingamálastjóri kveður á um.

H. Lög og reglur.
1. Eintak þessara laga ásamt reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu vera í skipi, svo og eintök annarra laga og reglna, eftir því sem boðið kann að vera.
2. Á þar til gerðum stöðum skal festa auglýsingar og leiðbeiningar um þau efni, er krafizt er, að þannig séu birt.

23. gr.

Um farþegaskip gilda ákvæði 22. gr. með þeim breytingum og viðbótum, er hér segir:
1. Farþegaskip skal að öllu vera þannig gert og búið, að því er snertir öryggi mannslífa, að hæft sé til mannflutninga og ferða þeirra, sem það er notað til.
2. Um búnað og björgunartæki farþegaskipa skal setja sérreglur.
3. Um vistarverur farþega, stærð þeirra, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, viðhald og hreinsun setur ráðherra reglugerð að fengnum tillögum siglingamálastjóra.
4. Í skipi skal vera auglýst, svo að á ber, til hvers konar flutninga skip sé ætlað, og hámark farþegafjölda.

24. gr.

Farþegaskip, hvort heldur þau eru smíðuð til millilanda- eða strandsiglinga, skulu vera nægilega stöðug með alla farþega í annarri hliðinni á efsta þilfari, og er þá miðað við hæstu tölu farþega, sem hugsanlegt er, að skip flytji.

Að lokinni tæknilegri skoðun á stöðugleika skips skal siglingamálastjóri ákveða í samráði við skipasmíðastöðina, hvernig úr skuli bætt, sé um ófullnægjandi stöðugleika að ræða.

25. gr.

Þegar skip, sem telst ekki farþegaskip samkvæmt lögum þessum, er að áliti siglingamálastjóra notað til reglulegra farþegaflutninga, skal hann kveða á um það sérstaklega um hvert skip, hvers krafizt skuli um gerð þess og búnað. Þegar svo ber undir, að skip, sem ekki er farþegaskip, flytur annað fólk en skipverja, skulu settar sérreglur um aðbúð þeirra og öryggi.

26. gr.

A. Nýsmíði skipa.
1. Nýsmíði skipa er háð eftirliti Siglingamálastofnunarinnar. Sá, sem tekið hefur að sér smíði skips, skal senda siglingamálastjóra tilkynningu þar um ásamt smíðalýsingu og uppdráttum þeim, sem siglingamálastjóri telur nauðsynlega vegna eftirlitsins. Skulu uppdrættirnir vera í þríriti, nema siglingamálastjóri telji færri nægja.
2. Um nýsmíði skipa fer eftir reglum, sem ráðherra setur, og þar sem þær ná ekki til, skulu ekki gerðar vægari kröfur en gerðar eru af viðurkenndum flokkunarfélögum um smíði skipa.
3. Þegar nýtt skip er smíðað, skipar siglingamálastjóri skoðunarmann, sem hefur öruggt eftirlit með smíðinni af hálfu hins opinbera. Verði því við komið, skal skipa einn hinna föstu skoðunarmanna skipaeftirlitsins á staðnum, enda verði hann talinn óhlutdrægur. Enn fremur skulu sérfróðir starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar ferðast milli skipasmíðastöðvanna samkvæmt ákvörðun siglingamálastjóra, og skulu þeir leiðbeina við skipasmíðina, eftir því sem þörf krefur. Einnig skal siglingamálastjóra heimilt að fela eftirlitið hæfum stofnunum eða einstaklingum.
4. Eigendum skipa, skipasmiðum eða siglingamálastjóra er heimilt að fela ein-

hverju hinna viðurkenndu flokkunarfélaga eftirlit með smíði skipa, annarra en tréskipa, enda sé skipið smíðað eftir reglum þeirra, að því leyti sem þær ná til.

5. Siglingamálastjóri skal annast um, að skip fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru að alþjóðalögum og íslenzkum réttarreglum um öryggi skipa og búnað þeirra.

B. Breytingar á gömlum skipum.

1. Engar meiri háttar breytingar, sbr. a-lið 14. gr., má gera á gömlum skipum, án þess að sérstakt leyfi siglingamálastjóra sé fengið fyrirfram. Allar breytingar og viðgerðir skipa, sem varða öryggi skips, skulu gerðar undir eftirliti Siglingamálastofnunarinnar, og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og um nýsmíði væri að ræða. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett með reglugerð.

C. Innflutningur skipa.

1. Skip, sem keypt eru frá útlöndum til skráningar hér á landi, skulu fullnægja íslenzkum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri.
2. Skoðun skal fara fram á skipi, áður en það er keypt, þó þarf skoðunin ekki að taka til þeirra atriða, sem hin viðurkenndu flokkunarfélög annast, ef það hefur gilt flokkunarskírteini.

Siglingamálastjóri framkvæmir skoðun þessa, en má fela hana hæfri stofnun eða einstaklingi.

Er siglingamálastjóri hefur fengið skoðunarskýrslu, kveður hann á um, hvort hann vilji mæla með innflutningi skips eða ekki. Því aðeins má hann mæla með innflutningi skips, að styrkleiki þess og búnaður jafnist í aðalatriðum við það, sem krafizt er í lögum þessum, og að það sé eigi eldra en 12 ára.

27. gr.

Undanþágu frá ákvæðum laganna getur ráðherra veitt skipum, sem eru sérstakrar gerðar, úr sérstöku efni eða með sérstökum vélabúnaði, svo og skipum, sem gerð eru til sérstakra ferða í sérstökum tilgangi.

Undanþágu samkvæmt grein þessari má því aðeins veita, að siglingamálastjóri mæli með henni, enda er honum heimilt, ef hann telur ástæðu til, að leita umsagnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambandsins.

28. gr.

Ráðherra setur reglur um smíði og búnað skipa og véla. Ber þar að miða við, hverrar tegundar skip er, stærð þess og notkun, sem það er ætlað til, svo og gerð véla og þær ferðir, sem skipi eru ætlaðar.

VI. KAFLI

Um hleðslumerki o. fl.

29. gr.

Þau íslenzk skip, sem hleðslumerkjasamþykkt, gerð í London 5. apríl 1966, nær til, skulu hafa alþjóða-hleðslumerkjaskírteini.

Ráðherra setur reglur um hleðslu annarra íslenzkra skipa.

Siglingamálastjóri ákveður hleðslumerki skipa og gefur út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt samþykkt þeirri, er um ræðir í 1. mgr., og reglum, er ráðherra setur.

30. gr.

Ráðherra setur með reglugerð sérstök ákvæði um, hvernig umbúnaði undir þilfari og á skuli hagað til öryggis mannslífum og haffæri skipa. Reglugerðin skal

samin að fengnum tillögum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambandsins.

31. gr.

Á skip, sem eru 30 rúmlestir brúttó eða stærri, skal marka beggja megin að framan og aftan, hversu djúpt skipið ristir í desimetrum.

Siglingamálastjóri getur ákveðið, að djúpristumörk skuli sett á skip, þótt minna sé en að framan greinir, og hvernig þeirri mörkun skuli hagað.

32. gr.

Hleðslumerkjaskírteini skal fylgja skipsskjölum og ávallt sýnt bæði við tollafgreiðslu og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum Siglingamálastofnunarinnar, sbr. III. kafla, eða lögreglunni.

Hafi skip hleðslumerkjaskírteini, útgefið af þar til bærum erlendum stjórnarvöldum í ríki, sem er aðili að alþjóðasamþykkt um hleðslumerki, gerðri í London 5. apríl 1966, eða viðurkenndu flokkunarfélagi, getur siglingamálastjóri veitt því íslenzkt hleðslumerkjaskírteini í þess stað, án þess að láta mælingu þá eða skoðun, er með þarf til ákvörðunar hleðslumerkja, fara fram.

Nú er skipi breytt þannig, að hleðsluborð þess breytist að dómi siglingamálastjóra, og er þá hleðslumerkjaskírteini þess úr gildi fallið.

33. gr.

Um flutning á hættulegum varningi og lausu korni skal farið eftir alþjóðareglum.

Um fermingu, flutning og affermingu farms að öðru leyti setur ráðherra reglur að fengnu áliti siglingamálastjóra, þar á meðal um flutning á dýrum.

VII. KAFLI

Um farbann.

34. gr.

Eftirlitsmenn skera úr því, hvort för skips skuli bönnuð samkvæmt lögum þessum. Skoðunarmenn geta hindrað för skips samkvæmt 3. mgr. 10. gr., unz úrlausn eftirlitsmanns er fengin.

Nú hefur eftirlitsmaður lagt farbann á skip, og skal það þá þegar í stað tilkynnt skipstjóra og, ef hentugt þykir, útgerðarmanni. Tilkynningin skal vera skrifleg. Ástæður fyrir banni skulu tilgreindar, svo og skilyrði fyrir því, að banni verði af létt. Skýrslu um málið ásamt nauðsynlegum upplýsingum skal senda siglingamálastjóra, og loks skal lögreglustjóra, hafnar- og tollyfirvöldum á staðnum skýrt frá banninu, enda ber þessum aðilum, hverjum á sínu sviði, að veita fulltingi sitt til þess, að banni verði framfylgt.

35. gr.

Siglingamálastjóri skal fella farbann skips úr gildi, ef hann telur það ekki á rökum reist, en telji hann bannið nægilega rökstutt, staðfestir hann það og sendir skipstjóra eða eftir atvikum útgerðarmanni rökstuddan úrskurð sinn.

Telji siglingamálastjóri gögn skorta, sér hann um, að þeirra verði aflað.

36. gr.

Nú hefur farbann verið lagt á skip, og getur þá skipstjóri eða útgerðarmaður kært það fyrir siglingadómi.

Nú er synjað um að leggja farbann á skip eftir kröfu þeirra aðila, sem um ræðir í b-lið 18. gr., og geta þeir þá kært synjunina fyrir siglingadómi.

VIII. KAFLI
Um siglingadóm og rannsókn sjóslysa.

37. gr.

Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig:

Dómsmálaráðherra skipar formann dómsins og varaformann til 6 ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Þá skipar dómsmálaráðherra 12 meðdómendur og 6 varameðdómendur, alla til 6 ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi í utanlandssiglingum.
2. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi og annar þeirra á diesel-skipi.
3. Tveir skulu vera eða hafa verið sjómenn, án þess þó að vera eða hafa verið skipstjórar, stýrimenn, vélstjórar eða loftskeytamenn síðastliðin 5 ár.
4. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði skipa.
5. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði véla.
6. Tveir skulu vera sérfróðir um firðtæki.

Einn varamann skal skipa fyrir hverja starfsgrein.

Embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunarinnar geta ekki verið dómendur.

Fastir dómendur eru: Formaður dómsins, annar þeirra skipstjóra, sem tilnefndir hafa verið, og annar sjómannanna (sbr. 3. lið).

Formaður dómsins kveður fasta dómendur úr flokki hinna skipuðu dómenda, og gildir sú kvaðning, þar til dómurinn er skipaður næst.

Í meðferð hvers máls taka þátt hinir föstu dómendur og tveir úr flokki aukadómendanna, valdir í hvert skipti af föstu dómendunum, eftir því hverrar sérþekkingar er þörf.

Dómendur siglingadóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.

38. gr.

Hlutverk siglingadóms er:

1. Að skera úr um, hvort skoðun á skipi skuli fram fara, annast yfirskoðunargerðir og kveðja yfirskoðunarmenn, eins og nánar greinir í 21. gr.
2. Að skera úr um, hvort farbann skuli lagt á skip, og dæma um gildi farbanns, svo sem getið er í 37. gr.
3. Að fara með dómstörf í opinberum málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum í samræmi við ákvæði 40. gr.

39. gr.

Hinir reglulegu sjódómar annast sjópróf samkvæmt 39. gr. siglingalaga nr. 66 31. des. 1963. Skulu prófin fara fram að hætti opinberra mála.

Þegar sjópróf skal halda, ber formanni sjódóms að gera eftirlitsmanni Siglingamálastofnunarinnar í því umdæmi, þar sem próf er haldið, aðvart um það.

Eftirlitsmanni ber að mæta eða láta mæta við sjópróf, ef um er að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón á skipi eða veruleg meiðsli manna. Skal honum heimilt að kynna sér málsskjöl, bera fram tillögur um rannsókn málsins, spyrja vitni með milligöngu dómara eða beint með samþykki hans og að fara fram á þær bókanir, sem hann telur nauðsynlegar.

Eftirlitsmanni ber að hefjast handa um, að sjópróf sé haldið, ef hann telur ástæðu til eða þess er krafizt af aðilum þeim, sem taldir eru í b-lið 18. gr. Hann getur og krafizt framhaldsprófs, ef honum þykir þess þörf.

Að sjóprófi loknu skal formaður sjódóms senda siglingamálastjóra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Sjómannasambandi Íslands eftirrit af því.

40. gr.

Hinir reglulegu sjódómar fara með rannsóknir og dæma í opinberum málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum. Saksóknari getur þó ákveðið, að mál, er hann telur sérstaklega mikilvæg, skuli dæmd af siglingadómi. Þegar máli er þannig vísað til siglingadóms, getur hann farið með rannsókn í því, hvort heldur af sjálfsdáðum eða að fyrirlagi saksóknara.

Nú er refsimál höfðað fyrir siglingadómi, og fer þá um meðferð þess að hætti opinberra mála, þó þannig, að mál skal jafnan sæta sókn og vörn samkvæmt 131. —136. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

41. gr.

Áður en saksóknari ákveður höfðun opinbers máls út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum, skal hann jafnan leita umsagnar siglingamálastjóra. Ber siglingamálastjóra að láta í té rökstudda umsögn og tillögur, svo fljótt sem verða má.

Embætti saksóknara skal láta Siglingamálastofnuninni í té eftirrit dóma, dómsgerða og annarra gagna í málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum.

42. gr.

Málum, sem höfðuð eru samkvæmt 21. eða 36. gr. laga þessara, skal beint gegn siglingamálastjóra. Þeim skal hraðað, svo sem föng eru á. Sérstaklega skal hraða máli, svo sem unnt er, þegar úrskurða skal um farbann. Þeim úrskurði, sem skal vera rökstuddur, verður ekki áfrýjað.

Frestir reiknast sem aðilar væru búsettir innan sömu þinghár. Um málið fer að öðru leyti sem venjuleg sjódómsmál.

Skaðabótamál vegna ólöglegs farbanns ber undir almenna dómstóla.

Bótaréttur gegn ríkissjóði fellur niður, ef mál er eigi höfðað innan tveggja mánaða, frá því er siglingadómur hefur kveðið á um gildi farbanns.

43. gr.

Fastir dómendur siglingadóms skulu launaðir á sama hátt og fastir dómendur í félagsdómi.

Laun aukadómenda ákveða hinir föstu dómendur eftir málavöxtum hverju sinni.

Skrifstofukostnaður siglingadóms, ferðakostnaður og önnur nauðsynleg útgjöld greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

IX. KAFLI
Um gjöld.

44. gr.

Fyrir skoðanir á skipum, eimkötlum, mælingu á skipum, útgáfu skírteina, endurskoðun smíðauppdrátta og aðrar skoðanir skal eigandi greiða gjöld til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur. Þar skulu einnig sett ákvæði um fyrirkomulag innheimtu gjaldanna.

Gjöldunum fylgir lögveð í skipi, jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi í eitt ár frá því, er gjald var kræft.

45. gr.

Telji gjaldandi gjald ranglega krafið eða of hátt, getur hann leitað úrskurðar siglingamálastjóra, og skal þá greiða gjaldið samkvæmt honum. Gjaldandi getur þó á næstu þremur mánuðum frá því, er honum varð kunnugt um úrskurðinn, skotið honum til dómstóla.

Siglingamálastjóri er í fyrirsvari fyrir ríkissjóð í framangreindum málum.

Réttargjöld í málum samkvæmt þessari grein eru hin sömu og í einkamálum.

X. KAFLI
Um refsingar, sviptingu réttinda o. fl.

46. gr.

Ef eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, annar yfirmaður skips eða loftskeytamaður brýtur í verki eða með vítaverðri vanrækslu gegn fyrirmælum í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, varðar það sektum eða varðhaldi. Dæma má fangelsisrefsingu, ef um stórfellt brot er að ræða.

Nú er skipi, sem eigi hefur gilt haffærisskírteini eða farbann hvílir á, lagt úr höfn, eða skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, og skal þá ekki beita vægari refsingu en varðhaldi.

47. gr.

Ef maður, sem hefur fengið opinbera viðurkenningu eða próf sem smiður skips, vélar þess eða búnaðar, vanrækir af ásetningi eða vítaverðu gáleysi störf sín samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, varðar það hann refsingu eftir ákvæðum 1. mgr. 46. gr.

48. gr.

Um brot samkvæmt 46. og 47. gr. skal beitt reglum almennra hegningarlaga um hlutdeild.

Nú er brot framið með verknaði, sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum, og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

49. gr.

Þegar um brot er að ræða samkvæmt 46. gr., má svipta sökunaut rétti til skipstjórnar, stýrimennsku, vélstjórnar eða loftskeytamannsstarfs um ákveðinn tíma, er eigi sé skemmri en 3 mánuðir.

Nú er dæmd refsing samkvæmt 2. mgr. 46. gr. eða brot er að öðru leyti sérstaklega stórfellt eða ítrekað, og skal þá beita réttindasviptingu í 6 mánuði og allt að 5 árum eða ævilangt.

Dæma má sökunaut samkvæmt 47. gr. réttindasviptingu um ákveðinn tíma, er eigi sé skemmri en 3 mánuðir.

50. gr.

Svipting réttinda samkvæmt 49. gr. skal gerð með dómi. Sá, er réttindum hefur verið sviptur, skal afhenda lögreglunni réttindaskírteini sitt.

Réttindasvipting skal tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

51. gr.

Þegar þrjú ár að minnsta kosti eru liðin frá því, að réttindasvipting var dæmd, getur dómsmálaráðherra, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt dómfellda réttindin aftur, enda þótt sá tími, sem til er tekinn í dóminum, sé eigi liðinn.

Endurveiting réttinda samkvæmt 1. mgr. er þó því aðeins heimil, að siglingamálastjóri og siglingadómur mæli með því.

52. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Þeim fylgir lögveð í skipi og búnaði þess jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi.

Aðför skal reynd fyrir sekt, áður en til afplánunar kemur.

Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sökunauts.

53. gr.

Lög þessi raska í engu ákvæðum 24. gr. áfengislaga nr. 82 2. júlí 1969, að því er snertir viðurlög, ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

XI. KAFLI
Um gildistöku laganna o. fl.

54. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 50 31. júlí 1959 um eftirlit með skipum, lög nr. 24 7. apríl 1962 um breytingu á þeim lögum, svo og önnur þau ákvæði, sem eigi fá samrýmzt lögum þessum.

55. gr.

Reglugerðir og reglur, sem út hafa verið gefnar samkvæmt lögum nr. 50 31. júlí 1959 eða eldri lögum um eftirlit með skipum, halda gildi sínu, þar til nýjar reglugerðir hafa verið settar.

56. gr.

Auk þess, sem getið er í einstökum greinum, er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um einstök ákvæði laganna og framkvæmd þeirra, enda sé tillagna siglingamálastjóra leitað. Í slíkar reglugerðir má og setja refsiákvæði innan þeirra marka, er lög þessi setja.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

1. Miðað við sögu siglinga í heild, á opinbert eftirlit með skipum ekki langan aldur að baki. Það er ekki fyrr en á síðari hluta 19. aldar, að sú skoðun tekur að ryðja sér til rúms með siglingaþjóðum, að nauðsynlegt sé vegna almenns öryggis, að haft sé eftirlit af opinberri hálfu með haffæri skipa. Átti stefna þessi upptök sín í Englandi, og forgöngu um lagasetningu á því sviði hafði brezki þingmaðurinn Samuel Plimsoll. Kom hann því til leiðar, að ákvæði um öryggiseftirlit voru tekin upp í brezku siglingalögin (Merchant Shipping Act) árið 1876. Þessar fyrstu eftirlitsreglur voru, sem vænta mátti, næsta fábreyttar, en við endurskoðun brezku siglingalaganna árið 1890 urðu þær að mun ýtarlegri og fullkomnari.

Eftir að England hafði brotið ísinn, tóku ýmis önnur lönd fljótlega að fylgja fordæmi þess. Það gerðist þó ekki að marki fyrr en upp úr síðustu aldamótum. Síðan hefur þróunin orðið á þann veg með flestum þjóðum, að opinbert eftirlit með skipum hefur stöðugt orðið fjölbreyttara og fullkomnara, enda má segja, að það taki nú orðið til hvers konar atriða, sem máli skipta um öryggi skipa og mannslífa á hafinu. Í upphafi höfðu viðkomandi stjórnarráðuneyti eftirlitið með höndum, en þar sem það varð fljótlega mjög umfangsmikið og háð sérfræðikunnáttu, voru settar á fót sérstakar stofnanir, þar sem sérfróðum mönnum um skip og siglingar var falið eftirlitið.

2. Þegar siglingaþjóðir höfðu almennt sett sér lög og reglur um eftirlit með öryggi skipa, kom brátt í ljós þörf fyrir samræmingu á reglunum. Að því stuðlaði þegar í upphafi, að England lét eftirlit með haffæri ekki einungis ná til eigin skipa, heldur einnig til erlendra skipa í brezkum höfnum, og sama hátt höfðu aðrar þjóðir á síðar í sinni löggjöf. Af þessu leiddi, að haffærisskírteini, sem skip fékk í heimalandi sínu, þurfti að fullnægja kröfum, er gerðar voru í öðrum löndum, sem skipið átti leið um. Þó að gerðir væru tvíhliða samningar landa á milli um þessi efni, leystu þeir ekki vandann til fullnustu. Það varð því að ráði með ýmsum siglingaþjóðum að boða til almennra ríkjaráðstefna, þar sem settar væru alþjóðlegar samþykktir um tiltekin atriði, sem lutu að öryggi í siglingum. Skal hér getið hinna þýðingarmestu alþjóðasamþykkta og millirikjasamþykkta í þessum málum.

a. Alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á hafinu (International Convention for the Safety of Life at Sea). Upphaflega sett í London 20. jan. 1914, en síðar endurskoðuð og endursamþykkt í London 31. maí 1929, 10. júní 1948 og 17. júní 1960.

b. Alþjóðlegar reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó (International Regulations for Preventing Collisions at Sea). Reglur þessar voru settar í sambandi við áðurgreindar alþjóðasamþykktir um öryggi mannslífa á hafinu, og eru hinar síðustu þeirra dagsettar í London 17. júní 1960.
c. Alþjóðasamþykkt um hleðslumerki skipa (International Load Line Convention), undirrituð í London 5. júlí 1930. Ný alþjóðasamþykkt um sama efni (International Convention on Load Lines) var undirrituð í London 5. apríl 1966.
d. Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um haffæri skipa og skipsbúnað, gerður í Kaupmannahöfn 28. jan. 1926. Breyting á samningnum gerð í Kaupmannahöfn 11. júní 1928.
e. Samþykkt um samræmda aðferð við skipamælingar (Convention on a Uniform System of Tonnage Measurement of Ships), Osló 10. júní 1947. Breytingar gerða í Osló 21. maí 1965. Nú hefur ný alþjóðasamþykkt um mælingu skipa verið undirrituð í London 23. júní 1969, en hún hefur ekki enn tekið alþjóðlegt gildi.

Hinn 6. marz 1948 var á alþjóðaráðstefnu í Genf undirrituð samþykkt um Alþjóðasiglingamálastofnunina (the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization, IMCO). Með því var mikilvægum árangri náð í samvinnu þjóða um siglingar og öryggismál skipa og mannslífa á hafinu. Stofnunin hefur aðalstöðvar í London og er í tengslum við Sameinuðu þjóðirnar sem sérstofnun á sviði siglingamála. Tilgangur hennar er meðal annars að stuðla að því, að settar verði með alþjóðasamþykktum eins fullkomnar reglur og tök eru á um málefni, sem varða öryggi á hafinu. Að þessu vinnur sérstök öryggisnefnd innan stofnunarinnar. Reglulegt þing Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar skal halda annað hvert ár, og eiga þar sæti fulltrúar frá öllum aðildarríkjunum. Stofnunin sjálf er ráðgefandi, en á hennar vegum er kvatt til sérstakra alþjóðaráðstefna og þar gerðar samþykktir, sem m. a. lúta að öryggismálum. Stofnunin átti þannig frumkvæði að áðurgreindum alþjóðasamþykktum um hleðslumerki skipa frá 5. apríl 1966 og um skipamælingar frá 23. júní 1969. Stofnunin getur einnig, að fengnu samþykki þingsins, komið til vegar breytingum á alþjóðasamþykktum með því að senda aðildarríkjunum tillögur þar um og leita samþykkis þeirra.

3. Áður en opinbert eftirlit með haffæri og öryggi skipa komst í framkvæmd, höfðu einkaaðilar hafið starfsemi, sem stefndi að sama markmiði. Vátryggjendur skipa höfðu mikilla hagsmuna að gæta viðvíkjandi því, að hin vátryggðu skip væru hæf til sjóferða og að þeim væri vel við haldið. Leiddi það til þess, að stofnuð voru flokkunarfélög á vegum vátryggjenda og skipaeigenda. Hið elzta þeirra og kunnasta er Lloyd's-fyrirtækið í London (Lloyd's Register of Shipping), en síðar hafa sams konar fyrirtæki verið stofnuð í ýmsum öðrum löndum. Flokkunarfélögin hafa umboðsmenn eða útibú og sérfróða trúnaðarmenn í öllum helztu hafnarborgum. Flest hinna stærri skipa eru smíðuð eftir reglum viðurkennds flokkunarfélags og undir eftirliti trúnaðarmanna þess, enda eru þá teikningar að skipinu viðurkenndar af félaginu. Sama er um meiri háttar viðgerðir. Þess skal getið, að reglur flokkunarfélaga ná ekki til allra atriða, er varða öryggi skipa. Flokkunarfélögin halda skrár um skip og gefa út flokkunarskírteini, eftir að skoðun hefur farið fram á þeirra vegum. Er þá tekið fram í skírteininu, til hvaða flokks (klassa) skipið heyrir. Enda þótt skip hafi gilt flokkunarskírteini, er siglingayfirvöldum hvers lands samt skylt samkvæmt alþjóðasamþykktinni frá 1960 um öryggi mannslífa á hafinu að votta með sérstöku skírteini, er nefnist öryggisskírteini um smíði vöruflutningaskipa, að skipið hafi verið skoðað samkvæmt ákvæðum 10. gr. í I. kafla samþykktarinnar og skoðun sýni, að ástand bols, véla og búnaðar, eins og skilgreint er í nefndri 10. gr., sé að öllu leyti samkvæmt henni, og að skipið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru í II. kafla samþykktarinnar og við eiga.

Þó að flokkunarfélögin séu einkafyrirtæki, hafa siglingaþjóðir vegna hinnar hlutlausu afstöðu og áreiðanleika félaganna veitt ýmsum þeirra viðurkenningu með

lögum. Er þá flokkun þeirra og skoðun í sambandi við hana lögð til grundvallar um ýmis eftirlits- og öryggisatriði, eins og um opinber fyrirtæki væri að ræða. Hafa þannig myndazt náin tengsl milli hins opinbera eftirlits og starfsemi viðurkenndra flokkunarfélaga.

II.

1. Hér á landi voru fyrstu ákvæði um eftirlit með öryggi í siglingum sett með lögum nr. 25 3. okt. 1903 um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskveiða eða vöruflutninga. Var eigendum slíkra skipa gert skylt að láta skoða skip af tveimur skoðunarmönnum, áður en það hæfi fyrstu ferð sína á almanaksárinu. Lögskráningarstjóri (þ. e. lögreglustjóri) skyldi nefna skoðunarmennina, og áttu þeir að ganga úr skugga um, að skipið væri haffært, en teldu þeir ekki svo vera, bar lögskráningarstjóra að synja um lögskráningu, unz úr væri bætt.

Næst voru sett lög um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra nr. 29 22. okt. 1912. Var nú gert skylt að láta skoða í ársbyrjun öll lögskráningarskyld skip, ef þau voru gerð út til mannflutninga, vöruflutninga eða fiskveiða hér við land. Skip í millilandasiglingum og gufuskip, sem reka veiðar utan landhelgi, skyldu fullnægja kröfum alþjóðlegs réttar um öryggi skipa. Einnig var ákveðið, að skip, sem sigla milli landa, skuli eftir 1. jan. 1913 hafa hleðslumerki.

Í stað laganna frá 1912 komu ný heildarlög nr. 37 19. júní 1922. Eftirlitið, sem áður hafði eingöngu verið hjá lögreglustjórum, var nú lagt undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins og því falin störf á hendur þar að lútandi. Skyldi ráðuneytið skipta landinu í skipaskoðunarumdæmi og nefna í hverju umdæmi svo marga skoðunarmenn, sem þörf var á, til 4 ára í senn. Við þetta komst eftirlitið í miklu fastara og ákveðnara form en áður hafði verið. Auk skráningarskyldra skipa skyldi skoðun fara fram á vélbátum öllum og fjórrónum róðrarbátum eða stærri, ef gerðir voru út til fiskveiða. Aðalskoðun bar að gera á hverju skipi, áður en það leggur úr höfn í fyrsta sinn, og síðan annað hvert ár, en almenna aukaskoðun það ár, sem aðalskoðun er ekki gerð. Þó skyldi aðalskoðun gerð á farþegaskipum á hverju ári. Sérstakar aukaskoðanir skyldu gerðar eftir meiri háttar viðgerðir og ella, ef ástæða þætti til. Nú voru í fyrsta sinn sett ákvæði um haffærisskírteini, og skyldi lögreglustjóri gefa þau út. Í tilskipun nr. 43 20. nóv. 1922 voru svo sett mjög ýtarleg ákvæði um eftirlitið og framkvæmd þess.

Með nýjum lögum um skipaeftirlitið nr. 58 14. júní 1929 var sett á stofn embætti skipaskoðunarstjóra ríkisins. Störf þau, er áður voru í höndum atvinnumálaráðuneytisins varðandi eftirlitið, voru nú flutt til skipaskoðunarstjóra og stofnunar þeirrar, Skipaskoðunar ríkisins, er hann veitir forstöðu. Að öðru leyti voru ekki gerðar neinar verulegar breytingar á ákvæðum laganna frá 1922.

Næstu heildarlög um eftirlitið eru nr. 93 3. maí 1935. Skoðunarskyld urðu nú öll skip og bátar, sem eru 6 metrar á lengd eða stærri, og hefur það haldizt síðan. Af öðrum nýjum ákvæðum er þess helzt að geta, að skipaskoðunarstjóra er falið að gefa út hleðslumerkjaskírteini og öryggisskírteini samkvæmt alþjóðasamþykktum. Hann skal og hafa heimild til, jafnhliða lögreglustjóra, að gefa út haffærisskírteini.

Helztu nýmæli í nýjum heildarlögum nr. 78 11. júní 1938 voru þau, að ráðherra skal, að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra, skipa sérstaka skipaeftirlitsmenn, einn í hverjum landsfjórðungi.

Næst koma lög um eftirlit með skipum nr. 68 5. júní 1947. Eru þau mjög ýtarleg og í þeim ýmis þýðingarmikil ný ákvæði. Má segja, að með lögum þessum hafi Skipaskoðuninni verið komið í nútíðarhorf. Um stofnunina sjálfa er ákveðið, að forseti skipi skipaskoðunarstjóra, en ráðherra skipi sérfróða fulltrúa, er starfi við embættið. Landinu er skipt í 5 tiltekin eftirlitssvæði, og skal skipaskoðunarstjóri skipa eftirlitsmenn og skoðunarmenn í stað ráðherra áður. Árleg aðalskoðun var nú látin ná til fleiri skipa en fyrr hafði verið. Um smíði, búnað, breytingar og innflutning á skipum er settur nýr og ýtarlegur kafli, þar sem Skipaskoðuninni eru fengin ný verkefni, m. a. eftirlit með nýsmíði skipa. Með lögunum er siglingadómur settur á stofn og

ákvæði sett um hlutverk hans og störf. Í gildistíð þessara laga voru settar reglur um eftirlit með skipum og öryggi þeirra nr. 11 20. jan. 1953. Leystu þær af hólmi hina eldri tilskipun um sama efni nr. 43 frá 1922.

Breyting var gerð á lögunum frá 1947 með lögum nr. 38 23. maí 1959. Þar var ákveðið, að aðalskoðun skuli fara fram árlega á hverju eftirlitsskyldu skipi. Auk þess voru gerðar nokkrar breytingar á gjaldakafla laganna. Síðan voru breytingar þessar felldar inn í lögin frá 1947, ásamt öðrum breytingum, sem á þeim höfðu verið gerðar, og lögin gefin út að nýju sem lög um eftirlit með skipum nr. 50 31. júlí 1959. Eru þau enn í gildi.

2. Hér á eftir verður getið alþjóða- og milliríkjasamþykkkta, sem varða eftirlit og öryggi skipa og Ísland er aðili að, sbr. og I, 2, hér að framan.

a. Alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á hafinu, London 17. júní 1960, sbr. augl. nr. 8/1965 (í C-deild Stj.tíð.). Ísland hafði á sínum tíma verið aðili að tveimur eldri alþjóðasamþykktum um sama efni, hinni fyrri gerðri í London 31. maí 1929, sbr. augl. nr. 9/1933, og hinni síðari gerðri í London 10. júní 1948, sbr. augl. nr. 89/1950 og nr. 85/1952.
b. Alþjóðlegar reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, London 17. júní 1960. Reglur þessar fylgja framangreindri alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á hafinu frá 17. júní 1960, sbr. augl. nr. 8/1965. Reglurnar eru birtar í tilskipun nr. 79/1965 og viðbót nr. 91/1965. Áður höfðu reglur um sama efni, er fylgdu eldri alþjóðasamþykktum, verið birtar í tilskipun nr. 8/1933 og nr. 47/1953.
c. Alþjóðasamþykkt um hleðslumerki skipa, London 5. júlí 1930, sbr. augl. nr. 1/1933. Hin nýja alþjóðasamþykkt um hleðslumerki, er undirrituð var í London 5. apríl 1966, tók alþjóðlegt gildi 21. júlí 1968, en Ísland hefur ekki enn staðfest hana formlega.
d. Samþykkt Norðurlandaríkja, Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um haffæri skipa og skipsbúnað, sbr. augl. nr. 59/1926 (í A-deild Stj.tíð.). Breyting var gerð á samþykktinni í Kaupmannahöfn 11. júní 1928, sbr. augl. nr. 30/1934 (í A-deild Stj.tíð.).
e. Samþykkt um Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMCO), Genf 6. marz 1948, sbr. lög nr. 52/1960 og augl. nr. 6/ 1961. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 52/1960 hafa ákvæði alþjóðasamþykktarinnar lagagildi hér á landi.
f. Alþjóðasamþykkta um skipamælingar verður getið í greinargerð með frumvarpi til laga um skipamælingar, sem lagt verður fyrir Alþingi jafnhliða frumvarpi þessu.

3. Samkvæmt lögum um eftirlit með skipum hefur starfsemi flokkunarfélaga komið við sögu hér á landi eins og í lögum annarra landa. Af þeim toga er spunnið það ákvæði í hinum fyrstu lögum um skipaeftirlit nr. 25 frá 1903, að landsstjórninni sé heimilt að láta skoðunargerðir innlendra þilskipaábyrgðarfélaga koma í stað opinberrar skoðunargerðar. Í lögunum nr. 29 frá 1912 er ákvæði þetta fellt niður, en stjórnarráðinu hins vegar heimilað að gera samninga við erlend flokkunarfélög um útgáfu hleðslumerkjaskírteina handa íslenzkum skipum.

Þá segir í 25. gr. laga nr. 37 frá 1922, að sé skip flokkað í flokkunarfélagi, er atvinnumálaráðuneytið viðurkennir, skuli tekin gild hleðslumerkjaskírteini, er félagið gefur út. Hefur ákvæði þetta, að mestu óbreytt að efni, haldizt í lögum síðan, sbr. nú 2. mgr. 41. gr. laga nr. 50 frá 1959. Samkvæmt 28. gr. laga nr. 37 frá 1922 var stjórnarráðinu heimilað að fela skipaflokkunarfélögum að gera mælingar eða rannsóknir, er gera þarf vegna skoðunar skipa eða ákvörðunar hleðslumerkja. Ákvæðið var tekið upp í næstu útgáfur laganna, en fellt niður, er sett voru lög nr. 68 frá 1947.

Í 28. gr. laga nr. 93 frá 1935 var tekið upp ákvæði um, að þegar aðalskoðun fer fram á flokkuðu skipi, sem er í viðurkenndu flokkunarfélagi, skuli skoðun félagsins á skipi, sem fram fór til endurnýjunar flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika

bols, véla og eimkatla, ef farið hefur verið eftir reglum í Kaupmannahafnarsamþykktinni frá 28. jan. 1926 um haffæri og búnað skipa og um samvinnu milli viðurkenndra flokkunarfélaga og skipaskoðunarinnar. Þetta ákvæði er enn óbreytt í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 50 frá 1959. Ákvæði um svipað efni var í 162. gr. tilskipunarinnar nr. 43/1922, sbr. nú 208. gr. reglna nr. 11/1953.

Ný ákvæði um, að skoðanir og eftirlit viðurkenndra flokkunarfélaga geti komið í stað opinberrar skoðunar eða eftirlits, voru tekin upp í A-lið 34. gr. og 38. gr. laga nr. 68 frá 1947. Eru þau fyrirmæli óbreytt í A-lið 31. gr. og 35. gr. laga nr. 50 frá 1959.

Í 2. mgr. 2. gr. Kaupmannahafnarsamþykktarinnar frá 28. jan. 1926 er svofellt þýðingarmikið ákvæði: „Nú hefur eitthvert samningsríkjanna viðurkennt flokkunarfélag, og ber þá að líta svo á, að reglur þær, er félagið hefur sett um skip þau, er það hefur flokkað, beinlínis séu hluti úr tilskipunum samningsríkisins um öll þau atriði, er eigi segir um sérstaklega í lögum ríkisins".

Í 161. gr. tilsk. nr. 43 frá 1922 eru nafngreind fimm erlend flokkunarfélög, sem viðurkennd séu af Íslands hálfu. Samkvæmt augl. nr. 101 7. sept. 1935 er sex erlendum flokkunarfélögum veitt viðurkenning, þ. e. hinum fimm áðurgreindu félögum og einu að auki. Eru í augl. settar nánari reglur um, hvað í slíkri viðurkenningu felist.

III.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. KAFLI

Um 1. gr.

Orðaskýringar í 1., 2., 3., 7., 9. og 15. tölul. 1. gr. laganna nr. 50 frá 1959 eru látnar haldast óbreyttar að efni.

Felldar eru niður orðaskýringar 5., 8. og 10.—14. tölul. 1. gr. laganna, með því að ekki verður talin þörf fyrir þær. Um efni 8. tölul. laganna vísast til 3. mgr. 2. gr. frv., og um 13. tölul. laganna skal þess sérstaklega getið, að um flutning á eldfimum efnum fer á hverjum tíma eftir alþjóðlegum reglum, sbr. og 33. gr. frv.

Á 4. tölul. laganna, sbr. 3. tölul. frv., er gerð sú breyting, að börn undir eins árs aldri skulu ekki talin með, þegar tala farþega samkvæmt 3. tölul. er ákveðin.

Við 6. tölul. laganna, sbr. 5. tölul. frv., er bætt orðunum „samkvæmt reglugerð", sbr. augl. nr. 101 frá 7. sept. 1935.

Orðaskýringar 8., 9. og 10. tölul. frv. eru nýjar. Í 8. tölul. er gefin skýring á því, hvað átt sé við með opnum bát, sbr. 2. mgr. 13. gr. frv. Í 9. tölul. ræðir um fiskiskip, sbr. 1. mgr. 17. gr. frv., og í 10. tölul. ræðir um svifskip. Í frv. til laga um skráningu skipa, sem lagt verður fyrir Alþingi samtímis frv. þessu, er gert ráð fyrir, að skráning nái til svifskipa, og ber þá einnig að láta eftirlitsreglur ná til þeirra.

Um 2. gr.

Ákvæði 1., 2. og 5. mgr. 2. gr. laganna eru tekin upp óbreytt að efni. Niður er felld 3. mgr. laganna, með því að fyllri ákvæði um sama efni eru annars staðar í frv., sbr. einkum 2. mgr. 15. gr. Einnig er felld niður 4. mgr. laganna, með því að gert er ráð fyrir, að heildarákvæði um minni báta en um ræðir í 1. mgr. 2. gr. frv. verði sett í reglugerð samkvæmt 3. mgr. 2. gr. frv.

Um 3. gr.

Hér er tekin upp óbreytt 3. gr. laganna.

Um II. kafla.

Ákvæði 4.—6. gr. laganna eru tekin upp óbreytt að efni, en með lítils háttar orðabreytingum.

Um III. kafla.

Samhliða frv. því, sem hér liggur fyrir, verður lagt fyrir Alþingi frv. til laga um Siglingamálastofnun ríkisins. Upp í það frv. eru tekin ákvæði, sem svara til 7.—11. gr., 13.—15. gr. og 20.—21. gr. laganna. Þau ákvæði varða skipulag Siglingamálastofnunarinnar, hlutverk hennar, skipun starfsmanna og önnur atriði, sem eru að meira eða minna leyti sameiginleg í starfsemi stofnunarinnar. Vegna hins breytta efnis III. kafla frv. af þessum sökum er honum valin ný fyrirsögn.

Um 7.—11. gr.

Þessar greinar svara til 18., 12., 16., 17. og 19. gr. laganna, í sömu röð og hér var talið. Breytt er orðalagi greinanna á nokkrum stöðum. Efnisbreytingar eru smávægilegar og þarfnast ekki skýringa. Þess skal getið, að við upptalningu aðila samkvæmt 11. gr. frv. er bætt starfsmönnum tryggingafélaga, þar sem atriði, er greinin fjallar um, geta komið í ljós við skoðanir þeirra eða athuganir á skipi.

IV. KAFLI

Um 12. gr.

Greinin svarar til 22. gr. laganna. Meðan það var almenn regla, að aðalskoðun skipa færi fram annað hvert ár, voru aukaskoðanir tvenns konar, þ. e. almenn aukaskoðun, sem fram fór á skipum það ár, sem ekki var gerð á þeim aðalskoðun, og sérstök aukaskoðun eftir meiri háttar viðgerðir eða ef ella þætti ástæða til. Þegar sett voru lög nr. 50/1959, sbr. lög nr. 38/1959, var gert að skyldu, að aðalskoðun færi fram ár hvert. Er því ekki lengur um að ræða almenna aukaskoðun í fyrrgreindri merkingu. Er orðalag 22. gr. frv. miðað við þetta.

Um 13. gr.

Efni greinarinnar svarar til 23. gr. laganna. Í frv. er gert ráð fyrir, að atvik geti legið til þess, að þörf verði fyrir fleiri en tvo sérfróða menn til að framkvæma skoðun á skipi.

Um 14. gr.

Greinin er samhljóða 24. gr. laganna.

Um 15 gr.

Greinin svarar til 25. gr. laganna. Ákvæði 1. mgr. er óbreytt. Í 2. mgr. er til nánari skýringar fyrir skoðunarmenn bætt við, að skip verði að framvísa gildu flokkunarskírteini, ef skoðun viðurkennds flokkunarfélags á að teljast fullnægjandi um þau atriði, sem nánar getur í 2. mgr.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um þau efni, sem nú eru ákvæði um í 1. og 2. mgr. 26. gr. laganna. Samkvæmt lögunum skal lögreglustjóri (í Reykjavík tollstjóri) eða skipaskoðunarstjóri gefa skipi haffærisskírteini. Útgáfa lögreglustjóra (tollstjóra) á skírteinunum hefur nánast verið formsatriði, með því að skýrsla eftirlitsmanns hefur yfirleitt verið lögð til grundvallar. Til þess að gera framkvæmd einfaldari er hér lagt til, að eftirlitsmennirnir gefi sjálfir út skírteinin í stað nefndra embættismanna. Þá er einnig gert ráð fyrir, að siglingamálastjóri geti veitt tilteknum skoðunarmönnum heimild, hvort heldur almennt eða í sérstökum tilfellum, til að gefa út haffærisskírteini. Getur það verið heppilegt, þegar eftirlitsmaður býr fjarri skoðunarstað eða vandkvæði eru á því að ná til hans af öðrum ástæðum. Með þessar breytingar fyrir augum er ákveðið í 1. mgr., að skoðunarmenn sendi eftirlitsmanni einum skoðunarskýrslu sína.

Um 17. gr.

Hér eru með nokkrum breytingum tekin upp fyrirmæli úr 3.—6. mgr. 26. gr. laganna.

Í 1. mgr. eru gerð ýtarlegri en nú er ákvæði um, hvað tilgreina skuli í haffærisskírteini, og þarfnast það ekki skýringa.

Samkvæmt 2. mgr. skal gildistími haffærisskírteinis vera eitt ár, sbr. og ákvæði 14. gr. um árlega aðalskoðun.

Í 3. mgr. eru ákvæði um heimild til framlengingar á gildistíma haffærisskírteinis gerð einfaldari en nú er eftir 5. mgr. 26. gr. laganna. Við er bætt, að siglingamálastjóra sé heimilt að fela öðrum opinberum aðila slíka framlengingu. Nær það m. a. til fulltrúa í utanríkisþjónustu Íslands erlendis.

Ákvæði 4. mgr. svara til 6. mgr. 26. gr. laganna.

Um 18. gr.

Efni greinarinnar er hið sama og nú er í 27. gr. laganna. Í b-lið eru felld burtu orðin „og bakað útgerðarmanni tjón", þar sem vandkvæði geta verið á að meta fyrir fram, hvort það skilyrði sé fyrir hendi. Einnig eru felld niður orðin „nema það óski heldur að greiða bæturnar", enda virðast þau ekki eiga rétt á sér. Enn fremur verður að telja, að í c-lið séu óþörf orðin „svo sem er skip skiptir um veiðiaðferð", og eru þau því felld niður.

Um 19.—21. gr.

Hér eru óbreytt ákvæði 28.—30. gr. laganna.

V. KAFLI

Um 22. gr.

Á A-lið 31. gr. laganna er hér gerð sú breyting, að felldur er niður 2. málsliður 5. tölul. varðandi athugun á stöðugleika skipa. Er hentara að setja ákvæði þar um í reglugerð, því að skilgreining hæfilegs stöðugleika skipa er tæknilega margþætt efni, sem krefst langs máls. Þar er og um að ræða samræmingu við ákvarðanir og tillögur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMCO).

B-liður er óbreyttur. Í C-lið er orðalagi 2. tölul. breytt varðandi varnir gegn eldhættu. Er almennt orðalag látið nægja, en ráðgert, að fyrirmæli um einstök atriði verði sett í reglugerð, enda er þá auðveldara um breytingu á þeim í samræmi við almenna þróun á þessum málum.

Í D-lið, um björgunartæki, eru felldir niður 2.—4. tölul. laganna. Þau ákvæði eiga heima í reglugerð af sömu ástæðum og áður var getið um varnir gegn eldhættu.

Á E-lið eru engar breytingar gerðar.

Á F-lið eru gerðar þessar breytingar: Í stað þess að lagaskylda til að hafa talstöð eða loftskeytastöð tekur nú til skipa, sem sigla meira en 3 sjómílur frá landi og eru stærri en 15 rúmlestir, þá skal skyldan samkvæmt frv. taka til allra skipa með þilfari. Er heppilegra að miða við stærð eða gerð skipa, með því að óvíst er, hversu langt skip kann að sigla frá landi. Þá er ákvæðum 2. mgr. F-liðs laganna breytt þannig, að öryggisskírteini þau, sem póst- og símamálastjórnin gefur út varðandi fjarskiptatæki, nái ekki til skipa, sem falla undir ákvæði alþjóðasamþykktar um öryggi mannslífa á hafinu og öryggisskírteini skulu fá úr höndum siglingamálastjóra samkvæmt 16. gr. frv. Er þetta í samræmi við ákvæði nefndrar alþjóðasamþykktar.

Ákvæði 1. tölul. G-liðs eru samkvæmt frv. aðeins látin ná til eftirlitsbókar. Er ekki ástæða til að hafa hér tæmandi upptalningu á öðrum skjölum eða skipsbókum, sem siglingalög eða önnur lög gera skipi skylt að hafa.

Í nýjum H-lið eru tekin upp efnisákvæði úr 2. og 3. tölul. G-liðs laganna.

Um 23.—25. gr.

Ákvæði 32.—34. gr. laganna eru tekin hér upp óbreytt.

Um 26. gr.

Í A-lið ræðir um efni, sem nú eru ákvæði um í A- og B-liðum 35. gr. laganna, þ. e. nýsmíði skipa, hvort sem hún fer fram hér á landi eða erlendis.

Í 1. tölul. er ákvæði, sem svarar til 1. tölul. A-liðs í lögunum, en við er bætt í frv. fyrirmælum um tilkynningarskyldu skipasmíðastöðva o. fl.

Í 2. tölul. eru sameinuð efnisákvæði úr 2. tölul. A-liðs og 1. og 2. tölul. B-liðs laganna. Fyrirmælin eru færð til styttra máls og látin ná jafnt til tréskipa sem stálskipa.

Í 3. tölul., sem fjallar um eftirlit með nýsmíði skipa, eru ákvæði, sem svara til fyrirmæla í 4. tölul. A-liðs og 3. tölul. B-liðs laganna. Heimild siglingamálastjóra til að fela eftirlitið hæfum stofnunum eða einstaklingum er óháð því, hvort skip er smíðað hér á landi eða erlendis.

Í 4. tölul. ræðir einnig um eftirlit. Auk siglingamálastjóra er eigendum skipa og skipasmiðum heimilað að fela viðurkenndu flokkunarfélagi eftirlitið, enda sé skipið smíðað eftir reglum þeirra, svo sem þær ná til. Þessi heimild nær þó ekki til smíða á tréskipum, sbr. reglur nr. 100 22. sept. 1936.

Í 5. tölul. eru ákvæði, sem svara til fyrirmæla í 2. málsl. 3. tölul. A-liðs laganna.

Í B-lið 26. gr. frv. eru tekin orðrétt ákvæði C-liðs laganna.

Í C-lið 26. gr. frv. eru gerðar nokkrar breytingar á atriðum þeim, sem nú eru í D-lið 35. gr. laganna, og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 27. gr.

Efnisatriði þessarar gr. eru nú í 3. og 4. mgr. 36. gr. laganna. Ákvæði 1. mgr. 36. gr. laganna eru nú orðin óþörf og því felld niður. Ákvæði 1. mgr. frv. nær til þess atriðis, sem nú er í 2. mgr. 36. gr. laganna.

Um 28. gr.

Greinin svarar til 37. gr. laganna.

VI. KAFLI

Um 29. gr.

Um hleðslumerki skips hefur gilt alþjóðasamþykkt, gerð í London 5. júlí 1930. Ný alþjóðasamþykkt um hleðslumerki var undirrituð í London 5. apríl 1966. Eftir að tilskilinn hluti aðildarríkja hafði staðfest hana, tók hún alþjóðlegt gildi hinn 21. júlí 1968. Samþykktin var undirrituð af Íslands hálfu, en ríkisstjórnin hefur ekki enn staðfest hana. Hér er í 1. mgr. 29. gr. tekið fram, að um hleðslumerki íslenzkra skipa skuli farið eftir hinni nýju samþykkt, og felst í því heimild fyrir ríkisstjórnina að staðfesta hana, ef umrætt ákvæði verður lögtekið.

Í 2. mgr. er ákveðið, að ráðherra setji reglur um hleðslu skipa, sem hin nýja samþykkt tekur ekki til. Í því sambandi skal þess getið, að samþykktin nær ekki til fiskiskipa, en í henni er tekið fram, að Alþjóðasiglingamálastofnunin skuli framkvæma athugun varðandi lágmarksfríborð fyrir fiskiskip til undirbúnings að setningu alþjóðlegra ákvæða um lágmarksfríborð fyrir fiskiskip.

Felld eru niður ákvæði 4. mgr. 38. gr. laganna varðandi síldveiðiskip, sbr. undanfarna umsögn um 2. mgr. 29. gr. frv.

Um 30. gr.

Greinin svarar til 39. gr. laganna. Sjómannasambandið er hér látið koma í stað Alþýðusambands Íslands.

Um 31. gr.

Ákvæði um mörkun djúpristumarka á skip eru hér samræmd ákvæðum um sama efni í 8. gr. frv. til laga um skráningu skipa, sem lagt verður fyrir Alþingi samhliða þessu frv.

Um 32. gr.

Hér er vitnað til hinnar nýju alþjóðasamþykktar frá 1966 í stað hinnar eldri frá 1930, sbr. umsögn um 31. gr. Að öðru leyti eru hér óbreytt ákvæði 41. gr. laganna.

Um 33. gr.

Í 1. mgr. er sett almennt ákvæði um, að varðandi flutning á hættulegum varningi og lausu korni skuli farið eftir alþjóðlegum reglum. Kemur það ákvæði í stað 1. og 2. mgr. 42. gr. laganna.

Um VII. kafla.

Í 34. og 35. gr. eru óbreytt ákvæði 43. og 44. gr. laganna. Í 36. gr. er tekið upp ákvæði 48. gr. laganna, með því að þykir eiga heima í kaflanum um farbann.

Um VIII. kafla.

Lagt er til í frv. þessu, að gerðar verði eftirfarandi breytingar á hlutverki siglingadóms:

1. Samkvæmt 3. tölul. 46. gr. laganna nr. 50/1959, sbr. lög nr. 24/1962, skal siglingadómur dæma og eftir atvikum rannsaka refsimál, sem höfðuð eru út af sjóslysum eða brotum á lögum nr. 50/1959. Nú eru ýmis slík mál smávægileg og stundum lokið með réttarsátt. Verður nokkuð þungt í vöfum að láta öll slík mál fara fyrir siglingadóm, eins og skipun hans er háttað. Er því lagt til í frv., að gert sé að aðalreglu, að hinir almennu sjódómar fari með rannsóknir og dæmi í opinberum málum út af sjóslysum og brotum á lögum um eftirlit skipa, en að saksóknara sé heimilt að ákveða, þegar um sérstaklega mikilvæg mál er að ræða, að þau verði dæmd af siglingadómi, enda hafi þá dómurinn heimild til að fara með rannsókn í þeim málum, eftir því sem hann telur ástæðu til, eða að fyrirlagi saksóknara.

2. Í 4. mgr. 47. gr. laga nr. 50/1959 er gert ráð fyrir því sem aðalreglu, að siglingadómur fari með rannsóknir mála á I. eftirlitssvæði, sbr. 13. gr. laganna, en geti falið hana sjódómi, ef um lítilræði er að ræða eða sérstaklega stendur á. Í framkvæmd mun sjódómum yfirleitt hafa verið falið að fara með rannsókn málanna. Er því í frv. lagt til, að fellt sé niður umrætt ákvæði 4. mgr. 47. gr. laganna og rannsókn mála á I. eftirlitssvæði látin lúta sömu reglum sem á öðrum eftirlitssvæðum.

3. Samkvæmt 4. tölul. 46. gr. laga nr. 50/1959 er siglingadómi falið að skera úr um gjaldskyldu og gjaldsupphæð samkvæmt 53. gr. laganna. Slík mál munu ekki hafa komið fyrir, en þó að slík mál kæmu upp, yrði hér væntanlega um smámuni að ræða, sem auðveldast væri að útkljá fyrir almennum dómstólum. Þykir því rétt að fella umræddan 4. tölulið 46. gr. niður.

Um 37. gr.

Greinin svarar til 45. gr. laganna um skipun siglingadóms. Eru engar breytingar gerðar á ákvæðum hennar.

Um 38. gr.

Hér er lýst hlutverki siglingadóms, eins og það verður samkvæmt frv., sbr. umsögn um VIII. kafla. Ákvæði 6. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961 um meðferð opinberra mála, að því leyti sem þau fjalla um siglingadóm, ber að skýra með hliðsjón af þeim breytingum, sem hér eru gerðar, ef þær verða lögteknar.

Um 39. gr.

Í þessa grein eru tekin upp sér í lagi ákvæði um sjópróf úr 47. gr. laganna og á þeim gerðar breytingar.

Ákvæði 1. mgr. eru í samræmi við fyrirmæli 3. og 5. mgr. 47. gr.

Í 3. mgr. ræðir um skyldu formanns sjódóms til að gera eftirlitsmanni aðvart um sjópróf. Um það eru nú ákvæði í 1. mgr. 47. gr.

Í 3. mgr. eru ákvæði um skyldur og réttindi eftirlitsmanns í sambandi við sjóþróf. Er þar að nokkru leyti um sams konar fyrirmæli að ræða og nú eru í 1. mgr. 47. gr. laganna. Við er bætt heimild til handa eftirlitsmanni til að kynna sér málsskjöl, bera fram tillögur, fara fram á bókanir og fá spurningar lagðar fyrir vitni. Um síðastnefnt atriði hefur eftirlitsmaður sams konar aðstöðu og aðili máls, sbr. 4. mgr. 133. gr. laga nr. 85/1936.

Í 4. og 5. mgr. eru ákvæði, sem svara til fyrirmæla í 2. og 6. mgr. 47. gr. laganna.

Um 40. gr.

Um efni 1. mgr. hefur þegar verið rætt í umsögn um VIII. kafla. Í 2. mgr. eru tekin upp ákvæði 8. mgr. 47. gr. laga nr. 50/1959, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1962.

Um 41. gr.

Hér eru í 1. mgr. tekin upp ákvæði 7. mgr. 47. gr. laga nr. 50/1959, sbr. b-lið 2. gr. laga nr. 24/1962.

Efni 2. mgr. er nýtt. Siglingamálastofnuninni er nauðsynlegt af mörgum ástæðum, m. a. vegna könnunar á orsökum sjóslysa, að fá í hendur gögn þau, sem í 2. mgr. getur. Er þá handhægast, að þau komi frá embætti saksóknara, þar sem þau eru öll fyrir hendi.

Um 42. gr.

Greinin svarar til 49. gr. laganna.

Um 43. gr.

Ákvæði um laun dómenda í siglingadómi og kostnað af starfsemi dómsins eru tekin óbreytt úr 56. og 57. gr. laganna. Að öðru leyti eru ákvæði X. kafla laganna tekin upp í frv. til laga um Siglingamálastofnun ríkisins.

Um IX. kafla.

Gjaldaákvæði 50., 52. og 53. gr. laganna eru tekin hér að mestu óbreytt í 44. og 45. gr. frv. Eins og áður var getið, skal ágreiningur um gjaldskyldu eða upphæð gjalds fara fyrir almenna dómstóla samkvæmt frv. í stað siglingadóms, sbr. 53. gr. laganna. Telja verður óþarft og að sumu leyti óviðeigandi ákvæðið í 51. gr. laganna, og er það því fellt niður.

X. kafli.

Um 46. gr.

Refsiákvæði 1. og 2. mgr. 58. gr. laganna eru hér orðuð um og ljósara gert, við hvaða brotum refsing er lögð. Um 3. mgr. 58. gr., sjá 1. mgr. 48. gr. frv.

Um 47. gr.

Hér eru tekin upp refsiákvæði 62. gr. laganna.

Um 48. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 49. gr.

Fyrirmæli um réttindasviptingu í 60. og 62. gr. laganna eru tekin sameiginlega í þessa grein. Ákveðið er, að sé réttindasvipting dæmd, skuli hún aldrei vera skemmri en 3 mánuðir.

Um 50. gr.

Greinin svarar til 63. gr. laganna.

Um 51. gr.

Sá tími, sem líða þarf frá því, að réttindasvipting er dæmd, þar til dómsmálaráðherra er heimilt að veita réttindin aftur, er styttur úr 5 árum í 3 ár, sbr. 64. gr. laganna. Er þetta gert til samræmis við ákvæði 239. gr. siglingalaganna nr. 66/1963 um endurveitingu réttinda.

Um 52. og 53. gr.

Greinarnar svara til 59. og 61. gr. laganna.

Um XI. kafla.

Ákvæði þessa kafla þarfnast ekki skýringa.

Ed. 51. Frumvarp til laga [49. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

2. málsl. 6. gr. laganna orðist svo:

Þó fellur í gjalddaga skuld, sem tryggð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er afmáð af skipaskrá vegna þess, að það fullnægir ekki lengur þjóðernisskilyrðum laga um skráning skipa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 6. gr. siglingalaganna er ákveðið, að afmáning skips af skipaskrá, af hvaða ástæðum sem er, skuli hafa þær afleiðingar, að í gjalddaga falli skuld, sem tryggð er með þinglesnu veði í skipinu eða hluta þess. Óþarft þykir að láta afmáninguna út af fyrir sig hafa slík áhrif, nema hún stafi af því, að skip fullnægi ekki lengur reglum skráningarlaga um þjóðernisskilyrði, þ. e. að skipið sé komið í eign erlends aðila og verði flutt úr landi. Að vísu geta önnur atvik, sem leiða til afmáningar skips af skipaskrá, einnig valdið því, að þinglesin skuld falli í gjalddaga, t. d. ef skip ferst, en um það fer eftir almennum reglum og óþarft að setja um það fyrirmæli í siglingalögum.

Ed. 52. Frumvarp til laga [50. mál]

um Siglingamálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins starfar undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með siglingamál.

2. gr.

Hlutverk Siglingamálastofnunar ríkisins er:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um siglingamál og skipasmíðar, eftir því sem hún telur þörf á.

2. Að annast eftirlit með nýsmíði skipa, búnaði, breytingum og innflutningi og annað almennt eftirlit skipa samkvæmt lögum um eftirlit með skipum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim. Smíðateikningar skipa eru háðar viðurkenningu Siglingamálastofnunarinnar í samræmi við ákvæði laga og reglugerða.
3. Að annast framkvæmd alþjóðasamþykkta um öryggi mannslífa á hafinu, sem Ísland er aðili að, og gefa út skipsskjöl fyrir íslenzk skip samkvæmt þeim
4. Að annast framkvæmd alþjóðahleðslumerkjasamþykkta, sem Ísland er aðili að, og ákveða hleðslumerki skipa og gefa út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt þeim.
5. Að ákvarða hleðslumerki fyrir fiskiskip eftir nánari reglum, er ráðherra setur.
6. Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi. Rita umsögn um sjópróf til saksóknara ríkisins. Birta árlega niðurstöður rannsókna á sjóslysum.
7. Að annast framkvæmd laga um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu og reglugerða samkvæmt þeim í samræmi við alþjóðasamþykkt um sama efni, sem Ísland er aðili að.
8. Að annast framkvæmd laga og reglna um mælingu skipa, svo og mál, er varða alþjóðasamþykkt um mælingu skipa.
9. Að annast framkvæmd laga um skráningu skipa. Annast skýrslugerð um íslenzkan skipastól. Gefa árlega út skrá yfir íslenzk skip, miðað við 1. janúar ár hvert, og aukaskrár, ef þörf krefur. Þar skal og birta skrá yfir einkaleyfisnöfn skipa, skip í smíðum, skip, sem felld hafa verið niður af skipaskrá á árinu og annan gagnlegan fróðleik um íslenzkan skipastól. Ráðherra getur sett nánari reglur um gerð skipaskrár.
10. Að annast af Íslands hálfu samstarf við Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMCO) í samráði við utanríkisráðuneytið, svo og samstarf við aðrar alþjóðastofnanir varðandi þau mál, sem eru í verkahring stofnunarinnar.
11. Að annast mál, er varða siglingalög og sjómannalög, að því leyti sem þau varða skráningu skipa, skip og búnað þeirra, siglingaöryggi og önnur mál, sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni, varðandi siglingar og áhafnir skipa.

3. gr.

Ráðherra sá, er fer með siglingamál, kveður með reglugerð nánar á um hlutverk og starfshætti Siglingamálastofnunarinnar og um einstök verkefni hennar.

4. gr.

Forseti skipar siglingamálastjóra til að annast framkvæmdastjórn þeirra mála, sem falin eru Siglingamálastofnuninni. Hann skal vera skipaverkfræðingur eða hafa aðra sambærilega menntun og fullnægja kröfum þeim, sem þarf til þess að vera embættismaður hér á landi.

5. gr.

Siglingamálastofnunin hefur skrifstofu í Reykjavík.

6. gr.

Ráðherra skipar fasta starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar að fengnum tillögum siglingamálastjóra. Fast starfsfólk Siglingamálastofnunarinnar tekur laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisins.

Skipaskoðunarmenn og skipamælingamenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

Ekki má siglingamálastjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Siglingamálastofnuninni, hafa á hendi störf, sem ósamrýmanleg eru stöðum þeirra. Þannig er

þeim ekki heimilt að vinna nein þau störf fyrir einkaaðila, sem háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar.

7. gr.

Siglingamálastjóri skal hafa sérfróðan staðgengil, aðstoðarsiglingamálastjóra, er hafi sömu menntun og krafizt er í starf siglingamálastjóra. Við Siglingamálastofnunina skulu starfa einn eða fleiri sérmenntaðir menn í eftirtöldum sérgreinum:

Skipaverkfræði.
Skipatæknifræði.
Vélatæknifræði.
Tréskipasmíði.
Vélfræði (vélstjóri með fyllstu atvinnuréttindi).
Skipamælingum.
Siglingafræði (skipstjóri með fyllstu atvinnuréttindum á flutningaskipum).
Fiskveiðum (skipstjóri með fyllstu atvinnuréttindum á fiskiskipum).
Sjóréttarmálum (vegna sjóslysamála).
Skráningu skipa.
Raftækni í skipum.
Radíótækni.

8. gr.

Landið skiptist í 5 eftirlitssvæði. Þau eru:

1. eftirlitssvæði: Frá Hjörleifshöfða að Skor á Barðaströnd. Allar eyjar meðtaldar.
2. eftirlitssvæði: Frá Skor í Hrútafjarðarbotn.
3. eftirlitssvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Gunnólfsvíkurfjalli.
4. eftirlitssvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Hjörleifshöfða.
5. eftirlitssvæði: Vestmannaeyjar.

9. gr.

Siglingamálastjóri skipar eftirlitsmann fyrir hvert eftirlitssvæði. Annast hann framkvæmd eftirlits þar og umsjón með skoðunarmönnum undir yfirstjórn siglingamálastjóra.

Ef siglingamálastjóri telur ástæðu til, getur hann tilnefnt trúnaðarmenn til þess að annast einstök störf eftirlitsmanna, og hafa þeir þá sama rétt og skyldur og eftirlitsmenn.

Eftirlitsmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á þeim stað innan svæðis síns, er siglingamálastjóri samþykkir, vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann, og hafa að dómi siglingamálastjóra nægilega þekkingu á siglingum, skipum og vélum til þess að leiðbeina skoðunarmönnum, samræma eftirlitið til meira öryggis og skera úr um ágreining, sem upp kynni að rísa um haffæri skipa.

Siglingamálastjóri setur þeim erindisbréf og starfsreglur.

10. gr.

Hvert eftirlitssvæði skiptist í skoðunarsvæði. Þau eru:

I. eftirlitssvæði:
   1. skoðunarsvæði: Frá Hjörleifshöfða að Jökulsá á Sólheimasandi.
   2. skoðunarsvæði: Frá Jökulsá á Sólheimasandi að Þjórsá.
   3. skoðunarsvæði: Frá Þjórsá að Grindavík.
   4. skoðunarsvæði: Grindavík og Reykjanesskagi að Hafnarfirði.
   5. skoðunarsvæði: Hafnarfjörður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.

6. skoðunarsvæði: Reykjavík og Kjósarsýsla.
7. skoðunarsvæði: Borgarfjarðar- og Mýrasýsla (frá Hvalfjarðarbotni til Hítarár).
8. skoðunarsvæði: Frá Hítará að Búlandshöfða.
9. skoðunarsvæði: Frá Búlandshöfða að Skor. (Breiðafjarðareyjar meðtaldar).

II. eftirlitssvæði:

10. skoðunarsvæði: Frá Skor að Kópanesi.
11. skoðunarsvæði: Arnarfjörður.
12. skoðunarsvæði: Dýrafjörður.
13. skoðunarsvæði: Önundarfjörður.
14. skoðunarsvæði: Súgandafjörður.
15. skoðunarsvæði: Frá Gelti að Geirhólma.
16. skoðunarsvæði: Frá Geirhólma í Hrútafjarðarbotn.

III. eftirlitssvæði:

17. skoðunarsvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Skagatá.
18. skoðunarsvæði: Frá Skagatá að Haganesvík.
19. skoðunarsvæði: Haganesvík að Siglunestá.
20. skoðunarsvæði: Frá Siglunestá að Ólafsfjarðarmúla.
21. skoðunarsvæði: Frá Ólafsfjarðarmúla að Gjögri, svo og Grímsey.
22. skoðunarsvæði: Frá Gjögri að Tjörnestá, svo og Flatey á Skjálfanda.
23. skoðunarsvæði: Frá Tjörnestá að Gunnólfsvíkurfjalli.

IV. eftirlitssvæði:

24. skoðunarsvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Lagarfljóti.
25. skoðunarsvæði: Frá Lagarfljóti að Loðmundarfirði.
26. skoðunarsvæði: Loðmundarfjörður og Seyðisfjörður.
27. skoðunarsvæði: Frá Dalatá að Gerpi.
28. skoðunarsvæði: Frá Gerpi að Fáskrúðsfirði.
29. skoðunarsvæði: Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík.
30. skoðunarsvæði: Frá Breiðdalsvík að Austurhorni.
31. skoðunarsvæði: Frá Austurhorni að Hjörleifshöfða.

V. eftirlitssvæði:

32. skoðunarsvæði: Vestmannaeyjar.

11. gr.

Siglingamálastjóri skipar að fengnum tillögum eftirlitsmanns skoðunarmenn á hvert skoðunarsvæði. Tölu skoðunarmanna á hverju skoðunarsvæði ákveður siglingamálastjóri að fengnum tillögum eftirlitsmanns. Skoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á svæði sínu, hafa reynslu og þekkingu á siglingum, skipum og vélum og vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann.

Eftirlitsmaður skiptir með þeim verkum eftir sérþekkingu þeirra.

12. gr.

Siglingamálastofnunin skal að jafnaði hafa starfandi umferðaeftirlitsmenn, sem ferðast um landið til að samræma störf skipaskoðunarmanna, í samráði við skipaeftirlitsmann hvers eftirlitssvæðis. Skulu umferðaeftirlitsmenn einnig framkvæma skyndiskoðanir í höfnum eða á sjó, eftir því sem aðstæður leyfa og ástæða þykir til. Milli ferða skulu umferðaeftirlitsmenn starfa við skrifstofu Siglingamálastofnunarinnar, og skal siglingamálastjóri setja þeim starfsreglur.

13. gr.

Siglingamálastjóri löggildir eftir þörfum skipamælingamenn samkvæmt lögum um skipamælingar. Skipamælingamenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna. Þeir skulu hafa þekkingu á reglum þeim, er um skipamælingar gilda, og hafa fengið æfingu í notkun þeirra. Ráðherra getur sett reglur um prófraun skipamælingamanna eftir tillögum siglingamálastjóra.

14. gr.

Ráðherra getur skipt landinu í skipamælingaumdæmi eftir tillögum siglingamálastjóra. Heimilt er þó siglingamálastjóra að láta löggiltan mælingamann framkvæma mælingar utan umdæmis síns, hvenær sem ástæða þykir til.

15. gr.

Áður en embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunarinnar hefja störf, skulu þeir undirrita eið eða drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starfann eftir beztu samvizku og þekkingu.

Ekki mega þeir annast nein störf Siglingamálastofnunarinnar vegna skipa, er þeir eiga sjálfir að meira eða minna leyti eða þeirra skipa, sem þeir eru á einn eða annan hátt við riðnir, þannig að þeir verði eigi taldir óvilhallir.

16. gr.

Þegar embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunarinnar eru að starfi, hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip, sem statt er í íslenzkri höfn eða innan íslenzkrar landhelgi, til þess að rannsaka það, sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Leita ber þó álits eftirlitsmanns eða siglingamálastjóra, ef eigi er nauðsyn skjótra aðgerða.

Útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, er í þeirra umboði starfa, svo og aðrir skipverjar, eru skyldir til að veita Siglingamálastofnuninni alla aðstoð og upplýsingar, sem óskað er og starfið varða.

Trúnaðarmenn Siglingamálastofnunarinnar skulu á hinn bóginn gæta þess að valda ekki skipi óþarfa töfum né torvelda vinnu um nauðsyn fram.

17. gr.

Embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunarinnar eru opinberir starfsmenn og njóta réttar og bera skyldur í samræmi við það.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi ákvæði laga, sem í bág kunna að fara við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp til laga um Siglingamálastofnun ríkisins var lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi 1967—1968. Málinu var vísað til sjávarútvegsnefndar efri deildar. Að tilhlutun nefndarinnar kom skipaskoðunarstjóri á fund hennar og gerði grein fyrir þörf á endurskoðun löggjafar um þau efni, sem frv. fjallaði um. Nefndin leitaði einnig umsagnar Verkfræðingafélags Íslands, Fiskifélags Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Félags dráttarbrauta og skipasmiðja og Landssambands

skipasmíðastöðva. Í svörum þessara aðila kom fram, að þeir höfðu ýmislegt, en þó mismunandi mikið, að athuga við frv. og einstakar greinar þess. Eftir að nefndin hafði rætt málið á fundum sínum, taldi hún haganlegast, að nánari athugun færi fram á frv. milli þinga. Var málið síðan afgreitt með rökstuddri dagskrá, þar sem því var beint til ríkisstjórnarinnar að láta fara fram á frv. nánari athugun sérfróðra manna og aðila, sem hér eiga hagsmuna að gæta, og leggja endurskoðað frv. fyrir næsta Alþingi.

Samgöngumálaráðuneytið æskti með bréfum, dags. 3. okt. 1968, umsagnar um málið frá Guðmundi H. Oddssyni, forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Jóni Sigurðssyni, formanni Sjómannasambands Íslands, og Sverri Júlíussyni, formanni Landssambands ísl. útvegsmanna. Gáfu þeir sameiginlega umsögn um framangreint frv., dags. 14. marz 1969, eftir að hafa kannað rækilega þau málefni, er frv. fjallaði um. Er umsögn þeirra mjög ýtarleg, og í niðurlagi hennar eru bornar fram tillögur um tilteknar breytingar á frv. Sendi samgöngumálaráðuneytið síðan skipaskoðunarstjóra endurrit af umsögninni með bréfi, dags. 11. apríl 1969.

Við endurskoðun þá, er nú hefur farið fram á frv., hefur verið, eftir því sem unnt þótti, tekið tillit til tillagna þeirra Guðmundar H. Oddssonar, Jóns Sigurðssonar og Sverris Júlíussonar. Hafa þeir lesið frv. þetta og telja fyrir sitt leyti, að breytingarnar séu fullnægjandi, sbr. umsögn þeirra, dags. 6. okt. 1969, sem er fskj. með frv. þessu. Þess skal getið, að viðvíkjandi einni tillögunni hefur ákvæði til samræmingar við hana verið tekið upp í 5. mgr. 39. gr. frv. til laga um eftirlit með skipum, sem lagt verður fyrir Alþingi samtímis frv. þessu. Aðrar breytingar til samræmingar við tillögurnar eru í 1., 2. og 9. tölul. 2. gr., 4. gr. og 6. gr. frv. þess, sem hér liggur fyrir. Verður þess nánar getið í athugasemdum við þær greinar, þar sem skírskotað er til tillagna umsagnaraðila.

II.

Þegar fyrst voru sett hér á landi lagaákvæði um skráningu skipa og skipamælingar, sbr. tvær tilskipanir frá 25. júní 1869, voru störf þar að lútandi lögð til lögreglustjóra undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar og að sumu leyti beint til ríkisstjórnarinnar, þ. e. viðkomandi stjórnarskrifstofu í Kaupmannahöfn. Eftir að Ísland fékk innlenda stjórn, voru störf hinnar dönsku stjórnarskrifstofu í þessum málum flutt til fjármálaskrifstofu (síðar fjármálaráðuneytis) stjórnarráðsins. Svipað fyrirkomulag var haft, þegar fyrst voru sett lög um eftirlit með skipum, sbr. lög nr. 25 frá 3. okt. 1903, lög nr. 29 frá 22. okt. 1912 og lög nr. 37 frá 19. júní 1922. Framkvæmd skipaeftirlitsins var þó lögð til atvinnumálaráðuneytisins.

Með lögum nr. 58 frá 14. júní 1929 um eftirlit með skipum var sett á stofn embætti skipaskoðunarstjóra. Voru honum falin þau störf varðandi eftirlitið, sem áður voru í höndum atvinnumálaráðuneytisins. Stofnun sú, sem undir forstöðu skipaskoðunarstjóra hefur annazt eftirlitið, hefur gengið undir nafninu Skipaskoðun ríkisins. Yfirumsjón með eftirlitinu hefur nú ráðherra sá, sem fer með siglingamál, sbr. 1. gr. núgildandi laga um eftirlit með skipum nr. 50 frá 31. júlí 1959.

Störf þau viðvíkjandi skráningu skipa, sem fjármálaráðuneytið hafði haft með höndum, voru lögð til skipaskoðunarstjóra með lögum um skráningu skipa nr. 37 frá 19. maí 1930, sbr. og lög nr. 26 frá 13. júní 1937. Í lögunum segir, að í þessu skyni skuli sett á stofn sérstök deild við skipaskoðunarstofuna, sem nefnist Skráningarstofa ríkisins. Var skipaskoðunarstjóra þá einnig falið að gegna embætti skipaskráningarstjóra, sbr. nú 4. gr. laga um skráning skipa nr. 17 frá 8. marz 1948. Fjármálaráðuneytið hefur yfirumsjón með skipaskráningunni.

Með áðurgreindum lögum nr. 37 frá 1930 var fjármálaráðuneytinu heimilað að fela skipaskoðunarstjóra að annast dagleg störf varðandi skipamælingar. Síðan voru skipamælingar lagðar beint til skipaskoðunarstjóra með lögum um skipamælingar

nr. 23 frá 20. marz 1950, sem enn eru í gildi. Yfirumsjón með skipamælingum hefur fjármálaráðuneytið.

Samkvæmt lögum nr. 77 frá 10. maí 1966 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu og reglum settum samkvæmt þeim, nr. 184 frá 16. ágúst 1966, er skipaskoðunarstjóra falin framkvæmd þessara mála í samræmi við alþjóðasamþykkt um sama efni frá 1954 og 1962.

Auk framangreindra málaflokka, sem með sérstökum lögum og reglugerðum hafa verið lagðir til Skipaskoðunar ríkisins og Skipaskráningarstofu ríkisins, hefur skipaskoðunarstjóraembættinu í reynd verið falin framkvæmd og fyrirgreiðsla ýmissa annarra siglingamálefna og að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um þau mál. Verða hér á eftir rakin hin helztu verkefni, sem skipaskoðunarstjóraembættið hefur nú með höndum.

1. **Eftirlit með skipum** samkvæmt lögum nr. 50 frá 31. júlí 1959, sbr. lög nr. 24 frá 7. apríl 1962 um breytingu á þeim lögum. Tekur eftirlitið m. a. til nýsmíði skipa, innflutnings, búnaðar og breytinga, að gætt sé reglna um hleðslu skipa og haffæri og yfirleitt að fullnægt sé fyrirmælum um öryggi skipa samkvæmt íslenzkum lögum og reglum og alþjóðasamþykktum. Skipaskoðunarstjóri gefur út haffærisskírteini og önnur skírteini, sem skipum ber að hafa samkvæmt lögum og alþjóðasamþykktum. Þá hefur Skipaskoðun ríkisins mikilvægu hlutverki að gegna í sambandi við sjópróf, rannsóknir sjóslysa og könnun á orsökum þeirra. Í lögum um eftirlit með skipum eru ákvæði um siglingadóm, hlutverk hans og störf.
2. **Skráning skipa** samkvæmt lögum nr. 17 frá 8. marz 1948, sbr. lög nr. 100 frá 11. des. 1961 um breytingu á þeim lögum. Skipaskráningarstjóri gefur út þjóðernisskírteini skipa og kannar í því sambandi skilyrði fyrir því, að skip geti talizt íslenzkt og megi sigla undir íslenzkum fána. Á Skipaskráningarstofunni er haldin aðalskipaskrá yfir íslenzk skip, þar sem skráðar eru margvíslegar upplýsingar um skipin, m. a. um smíðastöð skips og hvenær það sé smíðað, tegund þess, stærð, nafn og önnur auðkenni, tilgreining um eiganda eða eigendur, svo og allar breytingar, er á þessum skráningaratriðum verða. Skipaskráningarstjóri veitir einkaleyfi til nafns skips og annarra auðkenna, eftir því sem lög kveða á um. Þá hefur Skipaskráningarstofan gefið út árlega skrá yfir íslenzk skip, þar sem birtur er ýmis gagnlegur fróðleikur um íslenzkan skipastól.
3. **Mæling skipa** samkvæmt lögum um skipamælingar nr. 23 frá 20. marz 1950. Skipaskoðunarstjóri löggildir hæfa menn til að framkvæma mælingarnar. Hann gefur og út mælibréf til handa skipum í samræmi við ákvæði laga og alþjóðasamþykkta.
4. Framkvæmd laga nr. 77 frá 10. maí 1966 um **varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu** hefur verið falin Skipaskoðun ríkisins, eins og fyrr var getið.
5. Ísland er aðili að **Alþjóðasiglingamálastofnuninni** (IMCO), sbr. augl. nr. 6 frá 1. febr. 1961. Málefni af hálfu Íslands, er þá stofnun varða, hafa í reynd verið afgreidd af skipaskoðunarstjóraembættinu í samráði við utanríkisráðuneytið, þótt efni einstakra mála kunni að heyra undir mismunandi ráðherra.
6. **Umsagnir um undanþágur vélstjóra**, sbr. V. kafla laga nr. 72 frá 13. maí 1966, eru að nokkru fengnar hjá Skipaskoðun ríkisins, en undanþágurnar eru endanlega afgreiddar af siglingamálaráðuneytinu.
7. Mál, sem varða **alþjóðasiglingareglur**, hafa verið unnin og reglurnar gefnar út af Skipaskoðun ríkisins, enda er þar um mál á vegum IMCO að ræða.
8. **Umsagnir vegna endurgreiðslu tolla** af efni og tækjum til nýsmíða skipa, vélaskipta og stærri viðgerða vinnur Skipaskoðun ríkisins fyrir fjármálaráðuneytið. Til þess þarf að fara yfir samninga og smíðalýsingar, reikninga og teikningar, auk skoðanaskýrslna skipanna.

9. Auk eftirlits með nýsmíði skipa hefur Skipaskoðun ríkisins samtímis verið **íslenzkum skipasmíðastöðvum** á ýmsan hátt tæknilegur leiðbeinandi, og ríkir gagnkvæmur skilningur á nauðsyn þess. Í þeim tilgangi gefur stofnunin út umburðarbréf, sem mörg eru leiðbeinandi og samræmandi um einstök framkvæmdaratriði í nýsmíði og stöðvunum til hagræðis. Á þennan hátt er miðlað reynslu, sem ekki sízt er mikilvæg í þróun íslenzkrar stálskipasmíði.
10. Skipaskoðun ríkisins hefur til umráða ýmsan tækjabúnað til að kanna gæði á stáli og rafsuðu og þjálfað starfslið til röntgenmyndatöku af rafsuðu og mælinga og athugana á stáli með örhljóðbylgjutæki, mælitæki til rakamælinga á efni í tréskip, burðarþolsmælinga á lyftibómum og veiðibúnaði o. fl.
11. Hér að framan er ekki um tæmandi upptalningu að ræða, en í stuttu máli sagt eru nú flest þau mál, er varða skip og siglingar, sem afgreiða þarf af hálfu opinberra íslenzkra aðila, fengin skipaskoðunarstjóra til umsagnar eða afgreiðslu.

Eins og sjá má af því, sem tilfært er hér að framan, var Skipaskoðun ríkisins upphaflega ætlað það hlutverk að annast framkvæmd laga um eftirlit með skipum. Við það er miðað nafn stofnunarinnar og starfsheiti skipaskoðunarstjóra. Þegar svo stofnuninni var falin skráning skipa, voru við hlið hinna fyrri nafna lögtekin heitin Skipaskráningarstofa ríkisins og skipaskráningarstjóri. Eftir það voru skipamælingar lagðar með lögum til stofnunarinnar. Hér er því í rauninni um að ræða fleiri en eina stofnun frá lagalegu sjónarmiði, og þó að þær hafi í reynd þróazt í eina stofnun, þá heyra hlutar hennar undir mismunandi ráðherra. Þá hafa stofnuninni og verið falin ýmis verkefni, eins og áður getur, sem ekki standa í beinu sambandi við aðalverkefnin, skipaeftirlit, skipaskráningu eða skipamælingar. Stofnunin er því orðin miklu fjölþættari en nafn hennar eða nöfn gefa til kynna.

Svo sem málum er háttað, er orðin brýn þörf á, að sett séu um stofnunina sérstök heildarlög, þar sem henni sé valið heiti í samræmi við tilgang hennar og hlutverk, staða hennar í embættiskerfi ríkisins ákveðin, grein gerð fyrir verkefnum hennar og ákvæði sett um stjórn hennar, skipun starfsmanna og önnur atriði, sem telja má meira eða minna sameiginleg í starfsemi stofnunarinnar. Hins vegar er engin teljandi efnisbreyting fyrirhuguð á starfssviði hennar, og ekki er gert ráð fyrir fjölgun starfsliðs við breytingu þá, sem frumvarpið felur í sér.

Þrátt fyrir þau heildarákvæði, sem tekin eru upp í frumvarp þetta, verður að sjálfsögðu áfram þörf fyrir sérlög um hinar einstöku verkefnagreinar stofnunarinnar, sem mestu máli skipta, þ. e. lög um eftirlit með skipum, lög um skráningu skipa og lög um skipamælingar. Hefur að undanförnu farið fram alhliða endurskoðun á þeim þremur lagabálkum, sem hér að lúta, og verða frumvörp um þau efni lögð fyrir Alþingi jafnhliða þessu frumvarpi. Er tilætlunin sú að byggja upp frá grunni öll þessi verksvið og að gera skipulag þessara mála og framkvæmd þeirra einfaldara en nú er. M. a. er gert ráð fyrir, að stofnunin verði undir yfirstjórn sama ráðherra, þess er fer með siglingamál. Hér er um að ræða hliðstæða þróun við það, sem verið hefur að gerast að undanförnu annars staðar á Norðurlöndum, t. d. í Noregi. Þar hafa mál, er varða skip og siglingar, verið sameinuð í einni Siglingamálastofnun (Sjöfartsdirektoratet) undir stjórn siglingamálastjóra (sjöfartsdirektören). Er og auðsætt, að hagkvæmast er til vinnuhagræðingar, að öll slík mál heyri undir sömu stofnun og sama ráðherra.

Samkvæmt frumvarpinu verður Siglingamálastofnunin ein af þeim stjórnarstofnunum ríkisins, sem ná til landsins alls, hliðstæð embættum vegamálastjóra, vita- og hafnarmálastjóra, flugmálastjóra o. s. frv. Er hér ekki um neina breytingu að ræða á stjórnarfarslegri stöðu stofnunarinnar frá því, sem hún er nú samkvæmt lögum og í framkvæmd. Hið fyrirhugaða heiti stofnunarinnar er valið í samræmi við þetta og hinn víðtæka tilgang og hlutverk hennar, eins og að framan er lýst.

III.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í hinni almennu umsögn hér að framan var því lýst, að velja beri stofnuninni nafn í samræmi við tilgang hennar og hlutverk. Þar er þess einnig getið, að haganlegast sé, að stofnunin starfi undir yfirstjórn eins ráðherra. Leiðir af sjálfu sér, að það verði ráðherra sá, er fer með siglingamál.

Um 2. gr.

Að því er varðar hlutverk stofnunarinnar, skulu eftirfarandi athugasemdir gerðar:

Um 1. lið: Ákvæði þessa tölul. er aðeins staðfesting á því, sem gerzt hefur í framkvæmd á undanförnum árum, svo sem nánar er lýst í hinni almennu umsögn.

Við endurskoðun frv. hefur við þennan lið verið bætt orðunum: „eftir því sem hún telur þörf á". Er það gert í samræmi við tillögur fyrrgreindra þriggja umsagnaraðila, enda hefur ríkisstjórnin að sjálfsögðu í hendi sinni að leita umsagna og ráða um þessi mál hjá fleiri aðilum en Siglingamálastofnuninni.

Um 2. lið: Með ákvæðum þessa tölul. eru stofnuninni ekki fengin ný hlutverk í hendur, heldur er skírskotað í aðaldráttum til þeirrar starfsemi, sem henni er eða verður falin í lögum um eftirlit með skipum og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. núgildandi lög nr. 50/1959 og frv. til nýrra laga um eftirlit með skipum, sem lagt verður fyrir Alþingi samtímis frv. þessu. Hér hefur við endurskoðun frv. verið bætt við síðari málslið orðunum: „í samræmi við ákvæði laga og reglugerða". Lýtur ein tillaga umræddra umsagnaraðila að þessari breytingu. Að vísu var ekki ætlazt til, að ákvæði upphaflega frv. yrði skýrt á annan hátt, en með breytingunni er þetta gert skýrara.

Um 3. lið: Alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á hafinu, sem hér er vísað til, var gerð í London 17. júní 1960. Gildir hún hér á landi, sbr. augl. nr. 8/1965 (í C-deild Stj.tíð.). Skipaskoðunarstjóra er nú í 26. gr. laga nr. 50/1959 falið að gefa út skírteini samkvæmt slíkri alþjóðasamþykkt (þar vísað til eldri samþykktar), sbr. og 16. gr. fyrrgreinds frv. til laga um eftirlit með skipum.

Um 4. lið: Í 38. gr. laga nr. 50/1959 er skipaskoðunarstjóra falið að gefa út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt alþjóðasamþykkt um hleðslumerki skipa, er gerð var í London 5. júlí 1930. Ný alþjóðasamþykkt um sama efni var gerð í London 5. apríl 1966. Hún hefur ekki enn verið staðfest af Íslands hálfu, en ráð er gert fyrir, að svo verði, sbr. og tilvísun til hennar í 29. gr. fyrrgreinds frv.

Um 5. lið: Framangreind alþjóðasamþykkt um hleðslumerki frá 5. apríl 1966 nær ekki til fiskiskipa. Er því gert ráð fyrir, að ráðherra setji reglur um hleðslumerki þeirra.

Um 6. lið: Í VIII. kafla laga nr. 50/1959, sbr. lög nr. 24/1962, er lagt fyrir Skipaskoðun ríkisins að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi og skipaskoðunarstjóra falið að rita umsagnir til saksóknara, sbr. og hliðstæð ákvæði í VIII. kafla fyrrgreinds frv. Ákvæði 6. tölul. um birtingu á niðurstöðum rannsókna á sjóslysum er hins vegar nýmæli. Sbr. og álitsgerð sjóslysanefndar frá 30. marz 1965.

Um 7. lið: Eins og getið er í hinni almennu umsögn hér að framan, hefur skipaskoðunarstjóra verið falið að annast framkvæmd á þeim málum, sem hér ræðir um, sbr. reglur nr. 184/1966.

Um 8. lið: Viðvíkjandi efni þessa tölul. skal skírskotað til gildandi laga um skipamælingar nr. 23/1950 og alþjóðasamþykktar um samræmdar aðferðir við skipamælingar, er gerð var í Osló 10. júní 1947. Ný alþjóðasamþykkt um sama efni, undirrituð í London 23. júní 1969, hefur ekki enn tekið gildi. Sbr. og 2. gr. frv. til laga um skipamælingar, sem lagt verður fyrir Alþingi samtímis þessu frv.

Um 9. lið: Í þessum tölul. ræðir um störf stofnunarinnar samkvæmt lögum um skráningu skipa, sbr. núgildandi lög nr. 17/1948 og frv. til nýrra skráningarlaga. Í upphaflega frv. var 3. málsl. þessa tölul. orðaður svo: „Gefa árlega út skrá yfir íslenzk skip, miðað við 1. janúar ár hvert". Ákvæði þetta er látið haldast, en við er bætt orðunum: „og aukaskrá, ef þörf krefur". Er með því fallizt á tillögu frá áðurgreindum umsagnaraðilum. Hins vegar þykir ekki haganlegt að taka upp í frv. tillögur, er lúta að samstarfi Siglingamálastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands um útgáfu skipaskrár.

Um 10. lið: Um aðild Íslands að Alþjóðasiglingamálastofnuninni og störf skipaskoðunarstjóra í því sambandi er rætt í hinni almennu umsögn hér að framan.

Um 11. lið: Hér er almennt ákvæði um störf varðandi siglingamál, sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Hér ræðir um skipun siglingamálastjóra og hvaða kröfum um embættisgengi hann skal fullnægja. Til samræmis við tillögur umræddra umsagnaraðila eru felld burt úr hinu upphaflega frv. orðin: „hafa sérþekkingu á málum stofnunarinnar". Þá er og efni 2. mgr. upphaflega frv. hér flutt til 6. gr.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði 6. gr. upphaflega frv. tekin upp óbreytt.

Í 2. mgr. er tekið upp efni úr 55. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 50/1959 og 17. gr. laga um skipamælingar nr. 23/1950.

Efni það, er áður var í 2. mgr. 4. gr. upphaflega frv., er hér tekið upp og aukið þannig, að það er einnig látið ná til fastra starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar, og við er bætt nánari ákvæðum. Breyting þessi er gerð til samræmingar við tillögur fyrrgreindra umsagnaraðila.

Um 7. gr.

Hér er 7. gr. upphaflega frv. tekin upp óbreytt. Svarar hún til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 50/1959. Ákvæði 7. gr. frv. eru í samræmi við núverandi starfsmannaþörf stofnunarinnar.

Um 8. gr.

Tekin eru upp óbreytt ákvæði 8. gr. upphaflega frv., sbr. 10. gr. laga nr. 50/1959.

Um 9 gr.

Ákvæði 2. mgr. eru tekin úr 2. mgr. 18. gr. laga nr. 50/1959. Að öðru leyti eru hér óbreytt fyrirmæli 9. gr. upphaflega frv., sbr. 11. gr. laga nr. 50/1959.

Um 10. gr.

Hér er óbreytt 11. gr. upphaflega frv., sbr. 13. gr. laga nr. 50/1959. Þess skal getið, að 10. gr. upphaflega frv. hefur nú verið flutt til hins nýja frv. um eftirlit með skipum og er þar 8. gr.

Um 11. gr.

Óbreytt ákvæði 12. gr. upphaflega frv., sbr. 14. gr. laga nr. 50/1959.

Um 12. gr.

Þess skal fyrst getið, að ákvæði 13. gr. upphaflega frv. hafa nú verið flutt til 9. gr. í hinu nýja frv. um eftirlit með skipum.

Ákvæði 12. gr. svara til 14. gr. upphaflega frv. Er hér um nýmæli að ræða. Eins og fram kemur í 10. gr. þessa frv., eru skoðunarsvæði landsins 32 að tölu. Nauðsynlegt er, að samræmis sé gætt í störfum skoðunarmanna um land allt, og ber Siglingamálastofnuninni að hafa eftirlit með því. Er þá haganlegt, að stofnunin hafi heimild til að senda sérstaka eftirlitsmenn til hinna ýmsu skoðunarsvæða, sem í samráði við hina föstu eftirlitsmenn vinni að því, að samræmi haldist í framkvæmd skoðana.

Um 13. og 14. gr.

Greinar þessar voru ekki í hinu upphaflega frv. Þær svara efnislega til 2. og 3. gr. laga um skipamælingar nr. 23/1950. Þykja ákvæði þeirra eiga heima í lögum um Siglingamálastofnunina meðal almennra fyrirmæla um starfsmenn og umdæmaskipun.

Um 15.—17. gr.

Hér eru 15.—17. gr. upphaflega frv. teknar upp án breytinga. Er efni greinanna sótt til laga nr. 50/1959. Svarar 15. gr. frv. til 15. gr. laganna, 16. gr. frv. til 20. gr. laganna og 17. gr. frv. til 21. gr. laganna.

Fylgiskjal.

Guðmundur H. Oddsson, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,
Jón Sigurðsson, formaður Sjómannasambands Íslands,
Sverrir Júlíusson, formaður Landssambands ísl. útvegsmanna.

Umsögn um nýtt frumvarp til laga um Siglingamálastofnun Íslands.

Í tilefni af nýsömdu frv. til l. um Siglingamálastofnun Íslands, sem ætlunin mun vera að leggja fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—1970, og sem við höfum verið beðnir að tjá okkur um, viljum við taka fram eftirfarandi:

Fyrir Alþingi, 88. löggjafarþingi, 1967—1968, lá frumv. um þetta efni. Svo sem fram kemur í grg. fyrir hinu nýja frumv., var fyrra frumv. vísað til ríkisstjórnarinnar til nánari könnunar ýmissa veigamikilla atriða, sem þyrftu athugunar við.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar, sem um málið fjallaði og flutti hina rökstuddu dagskrá um vísun málsins til ríkisstjórnarinnar, hafði leitað umsagnar ýmissa aðila um frumv. og er ekki að efa, að þær, eða a. m. k. sumt af efni þeirra, hefur leitt til fyrrgreindar afstöðu efri deildar.

Með bréfum 3. október 1968 óskaði samgöngumálaráðuneytið umsagnar okkar um frumvarpið og álitsgerðirnar, og þótt þess væri ekki í bréfum þessum óskað, að við sendum sameiginlega umsögn um málið, þótti okkur bezt á því fara, ef við gætum orðið sammála um hana. — Þar sem gögn þessa máls eru mjög umfangsmikil, fengum við Ingimar Einarsson, lögfræðing, okkur til aðstoðar við könnun gagna og samningu umsagnarinnar.

Við töldum strax í upphafi rétt að vinna að álitsgerð okkar eingöngu á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir lágu, en án teljandi samráðs við þá aðila, sem málið snerti eða höfðu áður gefið umsagnir um það. Þessu fylgdi að sjálfsögðu sú hætta, að okkur gæti yfirsézt í einhverjum atriðum, en úr því var auðvelt að bæta síðar, þar sem málið var ekki á neinu lokastigi.

Okkur þótti þegar ljóst, að ein af veigamiklum ástæðum til rökstuddu dagskrárinnar væri sú staðhæfing, sem kom fram í umsögnum um upphaflega frumv. að með því væri verið að færa út verksvið Skipaskoðunar ríkisins og skráningar-

stofunnar og stefnt að fjölgun starfsliðs þeirra. Við sannfærðumst þó strax um, að þetta hafði ekki við rök að styðjast. Þessi staðhæfing virðist einnig hafa stuðlað að þeirri skoðun, að nauðsynlegt væri að kalla til sérfræðinga til könnunar málsins. Við komumst fljótt að þeirri niðurstöðu, að slíkt væri með öllu óþarft, þar sem frumv. stefndi aðeins að setningu nokkurs konar rammalaga um þau verksvið, sem skrifstofa Skipaskoðunar- og skráningarstjóra hefur nú þegar með höndum. Við sannfærðumst og um, að ný lagasetning, eins og frumv. stefndi að í meginatriðum, væri æskileg til aukinnar samræmingar og til að gera fyrirkomulag þessara mála einfaldara og skýrara, en jafnframt væri hún nauðsynlegur grundvöllur fyrir hugsanlegum breytingum og lagfæringum á þeim lögum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, sem þessar stofnanir nú starfa eftir og framkvæma. — Um þessi efni má í aðalatriðum vísa til þeirrar grg., sem fylgir nýsömdu frumv.

Umsögn okkar, sem við skiluðum 14. marz s. l. er alllöng og ástæðulaust að taka hana hér upp á ný. Í niðurlagi hennar gerðum við till. um nokkrar breytingar á frumv. eins og það lá fyrir Alþingi, 88. löggjafarþingi, 1967—1968, sem nokkuð verður vikið að síðar.

Eftir að við skiluðum umsögn okkar, fól samgöngumálaráðuneytið Þórði Eyjólfssyni, fyrrv. hrd., að semja nýtt frumv. um þessi mál. Fjallar þessi umsögn okkar um það.

Við samningu þessa frumv. svo og frumv. um eftirlit með skipum hefur Þórður Eyjólfsson, hrd., tekið tillit til ábendinga okkar, eftir því sem honum hefur þótt fært, og teljum við það eftir atvikum alveg viðunandi með þeim skýringum, sem hér fara á eftir.

1. Við lögðum til, að í frumv. yrði bætt ákvæði um, að auk Siglingamálastofnunarinnar skyldu og aðrar ríkisstofnanir og Fiskifélag Íslands vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um siglingamál og skipasmíðar. Þórður Eyjólfsson, hrd., benti á, að ekki færi vel á því, að fjalla í lögum um Siglingamálastofnunina um verkefni annarra stofnana. Getum við fallizt á þetta, en tökum fram, að við vildum girða fyrir, að upphaflega ákvæðið ylli þeim misskilningi, að Siglingamálastofnunin skyldi vera eini ráðgefandi aðili ríkisstjórnarinnar um þessi mál. Nokkur breyting á upphaflega ákvæðinu girðir fyrir þennan misskilning, eins og fram kemur í grg. fyrir 1. lið 2. gr. frumv.

2. Viðaukaákvæði, sem við lögðum til, að fellt yrði inn í 2. lið 2. gr. frumv., hefur nú að nokkru leyti verið fellt inn í frumv. til laga um eftirlit með skipum eða bætt við niðurlag liðarins, og efni hans þar með gert gleggra.

3. Við lögðum til, að við 9. lið 2. gr. frumv. yrði bætt eftirfarandi:

„Siglingamálastofnunin skal hafa náið samráð við Fiskifélag Íslands um gerð og útgáfu skipaskrár og hafa aðgang að gögnum þess, sem nauðsynleg eru, og skal leitazt við að hún sé sem notadrýgst Fiskifélaginu við hin ýmsu störf, sem því er falið af ráðuneytum og samkvæmt sérstökum lögum. Jafnframt sé þess gætt, að skipaskráin sé fullprentuð sem fyrst eftir áramót, og skal stofnunin þá afhenda Fiskifélaginu svo mörg eintök, sem það telur sig þurfa til þess að binda við og gefa út með sjómannaalmanaki, enda séu bæði ritin í sama broti. Heimilt er að gefa út endurskoðaða og leiðrétta viðaukaskipaskrá milli áramóta.

Siglingamálastofnunin skal jafnan vera við því búin að gefa opinberum aðilum og samtökum útvegsmanna og sjómanna og öðrum þeim, er þess þarfnast, upplýsingar úr skipaskrá þ. á m. um atriði, er varða skráningu skipa og eignaraðild að skipum.

Ráðherra getur sett nánari reglur um gerð skipaskrár og þ. á m. útgáfutíma og upplýsingaskyldu stofnunarinnar.“

Hér bar enn að sama brunni, að ekki þótti rétt að fjalla í frumv. um aðrar stofnanir en Siglingamálastofnunina. Liðurinn stendur nú óbreyttur í frumv., að öðru leyti en því, að bætt er við svo hljóðandi ákvæði: „Ráðherra getur sett nánari reglur um gerð skipaskrár.“ Auk þess er bætt inn ákvæði um útgáfu aukaskrár, þegar þörf krefur.

Það mælir og gegn því, að fyrrgreint ákvæði, sem við mæltum með, yrði tekið upp í frumv., að það táknaði litla raunverulega breytingu á þeim hætti um útgáfu skipaskrár og sjómannaalmanaks, sem nú er á, eða gat orðið á, án þessa ákvæðis. En það, sem fyrir okkur vakti, var að fá breytt því fyrirkomulagi, sem nú ríkir, að tveir aðilar gefi út skipaskrár með öllum þeim aukna kostnaði og fyrirhöfn, sem því fylgir, ekki sízt þar sem uppsetning þeirra er gerólík og þeim ber alls ekki í öllum atriðum saman. Er slíkt alveg ótækt. Við viljum heldur ekki láta undir höfuð leggjast að lýsa þeirri skoðun okkar, að eðlilegt og óhjákvæmilegt sé, að Siglingamálastofnunin annist útgáfu skipaskrárinnar, þar sem henni verður væntanlega í framtíðinni, eins og skráningarskrifstofunni nú, falið að annast skráningu skipa.

Þótt við getum fallizt á, að ákvæði þau um skipaskrána, sem við lögðum til að tekin væru upp í frumv., verði ekki nema að sumu leyti felld inn í það, viljum við þó nota þetta tækifæri til að hvetja mjög eindregið til þess, að siglingamálaráðherra noti sem skjótast heimild frumv., ef að lögum verður, til að setja reglur um útgáfu skipaskrár, er aðallega komi í veg fyrir það villandi fyrirkomulag, sem nú ríkir, og jafnframt til aukins sparnaðar og minni fyrirhafnar.

4. Á sveimi mun vera allmikil gagnrýni á einkastörf starfsmanna skipaskoðunarinnar, sem séu ósamrýmanleg sýslunarstörfum þeirra. Ekki er okkur kunnugt um, að þessi gagnrýni hafi komið fram opinberlega. Við teljum, að úr þessu sé alltof mikið gert, þótt við teljum ekki ástæðu til að ræða það frekar hér. En samt sem áður gerðum við tilraun til þess í umsögn okkar frá 14. marz s. l. að stinga upp á, að sett yrðu í frumv. allströng ákvæði um þetta efni. Ekki er okkur kunnugt um, að í lögum finnist hliðstæð ákvæði um neina opinbera starfsmenn, nema þá helzt ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins, sem meinar hæstaréttardómurum kjörgengi til Alþingis.

Ábending okkar um þetta efni hefur nú verið tekin til greina, þannig að við teljum fyllilega viðunandi, með ákvæði 3. mgr. 6. gr. frumv. Störf, sem þar greinir, mega starfsmenn að sjálfsögðu vinna fyrir opinbera aðila, enda væri annað óeðlilegt, en tillögu okkar mátti misskilja að þessu leyti. Upphafleg tillaga okkar um launagreiðslur fyrir þau störf er og óþörf og orkar að auki tvímælis. Okkur er ljóst, að mörgum opinberum starfsmönnum myndi þykja, eins og nú háttar, fullþungbært að búa við ákvæði eins og það, sem sett er í 3. mgr. 6. gr. þessa frumv., en e. t. v. gæti þetta gefið nokkra bendingu um það, sem koma ætti.

5. Tekið var fullt tillit til ábendingar okkar um, að viðkomandi samtök útgerðarmanna og sjómanna fái í hendur niðurstöður rannsókna á sjóslysum. Er ákvæði um það tekið upp í sérstakt frumv. til laga um eftirlit með skipum.

Um efni frumv. að öðru leyti viljum við vísa til grg. þeirrar, sem fylgir frumv.

Niðurstaða okkar er sú, að frumv. um Siglingamálastofnun ríkisins sé nú svo úr garði gert, að eðlilegt sé, að það nái fram að ganga. Við erum og þeirrar skoðunar, að mjög sé aðkallandi að ljúka afgreiðslu þessa máls sem allra fyrst, þar sem á því veltur ýmisleg önnur nauðsynleg lagasetning og lausn á aðkallandi verkefnum þessarar stofnunar.

Loks teljum við, að með frumv., ef að lögum verður, sé skipan þeirra mála, sem það fjallar um, gerð gleggri og einfaldari, og ætti það m. a. að eyða margvíslegri tortryggni, sem virðist hafa legið í loftinu um störf þessara stofnana.

Reykjavík, 6. október 1969,

Guðmundur H. Oddsson. Jón Sigurðsson. Sverrir Júlíusson.

Sþ. 53. Breytingartillaga [17. mál]

við till. til þál. um Vesturlandsáætlun.

Frá Guðlaugi Gíslasyni, Birni Fr. Björnssyni, Karli Guðjónssyni og Steinþóri Gestssyni.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera framkvæmdaáætlanir fyrir Vesturland og Suðurland (Suðurlandskjördæmi), hvort landssvæði fyrir sig, í þeim tilgangi að bæta afkomu einstaklinga og atvinnugreina og auka byggð á svæðunum á næstu árum.
2. Fyrirsögn tillögunnar breytist og verði:
   Tillaga til þingsályktunar um Vesturlands- og Suðurlandsáætlanir.

Sþ. 54. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um setningu laga um kaup lausafjár með afborgunarkjörum.

Flm.: Jón Skaftason, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um kaup lausafjár með afborgunarkjörum og leggja það frumvarp síðar fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Það tíðkast í æ ríkara mæli hér á landi, að lausafjárkaup fari fram með þeim hætti, að kaupandi gjaldi aðeins lítinn hluta kaupverðs þegar í stað, en greiði síðan eftirstöðvarnar með tilteknum afborgunum á ákveðnum gjalddögum. Jafnframt er svo oft um samið, að seljandi haldi eignarrétti sínum að hinum selda hlut, þar til kaupverðið er að fullu greitt. Sem dæmi lausafjármuna, sem oft eru seldir með afborgunarkjörum, má nefna notaðar bifreiðar, húsgögn, heimilistæki, hljóðfæri, sjónvarpstæki, bækur og margt fleira. Er enginn vafi á, að slík afborgunarkaup hafa færzt hér mjög í vöxt á síðustu árum. Er og efalaust, að þessi samningskjör hafa greitt fyrir viðskiptum og stuðlað að því, að menn eignuðust lausafjármuni, sem þeir ella hefðu orðið að vera án. Við slík afborgunarkaup reynir á ýmis atriði, sem ekki koma til, þegar um venjuleg lausafjárkaup er að ræða. Hér á landi eru samt engin sérstök lagaákvæði um sölu lausafjár með afborgunarkjörum. Slík lög hafa þó verið sett fyrir löngu í nágrannalöndum okkar, og voru raunar upphaflega sett þar um svipað leyti og lög um lausafjárkaup. Voru þau undirbúin af norrænni samstarfsnefnd. Þau lagaákvæði voru síðan endurskoðuð fyrir um það bil fimmtán árum. Að áliti flutningsmanna er fyllilega tímabært, að sett séu hér á landi sérstök lög um afborgunarkaup. Er æskilegt, að sem allra fyrst verði settar fastar reglur um þessa tegund lausafjárkaupa. Því er þessi þingsályktunartillaga flutt. — Nánar í framsögu.

Nd. 55. Breytingartillögur [34. mál]

við frv. til laga um utanríkisþjónustu Íslands.

Frá Jóni Skaftasyni.

1. Við 3. gr. 1. málsgr. bætist nýr málsliður svo hljóðandi:
   Jafnframt annast það þann þátt utanríkisviðskiptanna, sem nú er hjá viðskiptaráðuneytinu.
2. Við 11. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Í utanríkisráðuneytinu skal starfrækja markaðsupplýsingaþjónustu í nánu samstarfi við samtök atvinnuveganna. Hlutverk hennar eru m. a.:
   1. Að afla gagnlegra upplýsinga erlendis frá fyrir íslenzkt atvinnulíf um markaði, hráefni, fjárfestingarvörur o. fl.
   2. Að koma þessum upplýsingum til innlendra aðila með reglulegri útgáfu kynningarrits um markaðsmálefni og utanríkisviðskipti almennt.
   3. Að vinna úr gögnum, svo sem tök eru á, og senda niðurstöður til forustumanna atvinnuveganna.

Nd. 56. Breytingartillaga [34. mál]

við frv. til laga um utanríkisþjónustu Íslands.

Frá Geir Gunnarssyni.

13. gr. orðist svo:

Fjárlaga- og hagsýslustofnunin skal fylgjast með rekstri sendiráða og ræðismannsskrifstofa og sjá um, að þar sé gætt fyllstu hagkvæmni og sparnaðar.

Eftirlitsmaður skal öðru hverju heimsækja sendiráð og ræðismannsskrifstofur.

Sþ. 57. Fyrirspurn [52. mál]

til ríkisstjórnarinnar um lán- og styrkveitingar atvinnumálanefndar ríkisins.

Frá Þórarni Þórarinssyni og Einari Ágústssyni.

Hve miklu fé hefur atvinnumálanefnd ríkisins ráðstafað samkvæmt lögum nr. 9 1969, og hve stór hluti af því hefur farið til framkvæmda og fyrirtækja í Reykjavík?

Ed. 58. Frumvarp til laga [53. mál]

um byggingarsamvinnufélög.

Flm.: Einar Ágústsson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eignarframlögum félagsmanna og reka lánastarfsemi vegna félagsmanna sinna.

2. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélög, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri á stöðum með færri en 1000 íbúa, 20 á stöðum með 1000 íbúa eða fleiri utan Reykjavíkur og 50 í Reykjavík koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

3. gr.

Nú vill sveitarstjórn beita sér fyrir og taka þátt í stofnun byggingarsamvinnufélags til byggingar fjölbýlishúsa með hentugum íbúðum og sameiginlegum þægindum, og skal sveitarstjórn þá hlutast til um, að almennur fundur sé haldinn á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða.

Ef 15 menn eða fleiri og kjörnir fulltrúar bæjar- eða sveitarfélagsins koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir, sbr. 2. gr.

4. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, fer um rétt félagsmanns til byggingar húss eftir því, sem nánar verður ákveðið í samþykktum félagsins, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands. — Stofnfjárinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot, við brottflutning af félagssvæðinu og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og má það gjald aldrei vera minna en kr. 200.00 árlega á hvern félagsmann. Sjóði þessum sé varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins, eftir því sem nauðsyn krefur. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

C. Með lántöku félagsins til útlánastarfsemi sinnar. Skylt er félagsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán, og mega þau nema allt að 80% af byggingarkostnaði þeirra húsa, sem félagið reisir. Með byggingarkostnaði skal telja gatnagerðargjald og önnur byggingarleyfisgjöld, þar með talið skipulagsgjald. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána sem einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán í þeim flokki. Félagsmenn í sama lánaflokki skulu vera sérstök deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn, að því er varðar sérmál hennar.

D. Skylt er Seðlabanka Íslands að kaupa á nafnverði árlega, ef þörf krefur, ríkistryggð skuldabréf skv. B-lið fyrir eigi lægri fjárhæð en 75 millj. kr.

5. gr.

Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til að koma upp íbúðum til eigin afnota. Lán þessi skulu tryggð með 2. veðrétti í húsum og lóðarrétt-

indum, þó þannig, að samanlagður 1. og 2. veðréttur nemi eigi hærri upphæð en 80% af kostnaðarverði. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

6. gr.

Byggingarsamvinnufélög, sem starfa eftir lögum þessum, skulu fyrir 1. júní ár hvert senda Húsnæðismálastjórn ríkisins og fjármálaráðuneytinu umsóknir um lán vegna félagsmanna sinna, og skal þeim umsóknum fylgja teikning samþykkt af hlutaðeigandi byggingaryfirvöldum ásamt skilríkjum fyrir lóðarréttindum. Slíkri umsókn skulu einnig fylgja kostnaðaráætlun og upplýsingar um lán, sem kunna að verða tekin á 1. veðrétt.

7. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði:

A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum að meðtalinni geymslu og þvottahúsi.
B. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti og sé eignarhluti afhentur félagsmanni, þegar hann hefur greitt hann að fullu. Heimilt er þó félagsstjórn að leyfa, að félagsmenn innrétti íbúðir sínar sjálfir, ef hlutaðeigandi lánaflokkur óskar þess.
C. Að félagsmaður sé fjárráða.
D. Sæki fleiri félagsmenn um aðild að byggingu heldur en byggingarsamvinnufélagið getur annað, skulu þeir sitja fyrir, sem lengst hafa verið í félaginu og ekki eiga fullnægjandi íbúð fyrir.

8. gr.

Í þeim sveitarfélögum, þar sem byggingarsamvinnufélög starfa, er hlutaðeigandi sveitarstjórnum skylt að láta slík félög sitja fyrir um úthlutun lóða.

9. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, megi selja hana innan 15 ára, frá því að bygging hófst, nema stjórn félagsins hafi áður auglýst íbúðina til sölu til félagsmanna og hafnað forkaupsrétti félagsins vegna. Aldrei má framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni.

Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda ákveði stjórn félagsins, hve há leigan megi vera. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða fyrstu 15 árin, frá því að bygging hófst, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar að viðbættum verðhækkunum samkv. vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna.

10. gr.

Nú sannast, að félagsmaður hefur selt húseign hærra en leyfilegt er samkvæmt 9. gr., og rennur þá sá hluti söluverðs, sem er umfram hið lögleyfða verð, í varasjóð félagsins.

11. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags ekki forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórnin samþykkir,

en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau þá löglegir meðlimir félagsins. Ákvæði þessi ná þó eigi til íbúða þeirra, sem eldri eru en 15 ára, og fer um sölu þeirra og leigu eftir ákvæðum laga nr. 36 frá 1952.

12. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af brunabótamatsverði þeirra að frádeginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að verða á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

13. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

14. gr.

Húsnæðismálastjórn lætur gera fyrirmyndaruppdrætti bæði af sérbyggingum og sambyggingum til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög og lætur þá í té án endurgjalds. Sömuleiðis sér húsnæðismálastjórn um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Byggingarsamvinnufélög, er starfa samkvæmt lögum þessum, skulu undanþegin greiðslu opinberra gjalda, þ. á m. ríkisábyrgðagjalds.

16. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 1937.

17. gr.

Ákvæði laga þessara ná aðeins til þeirra íbúða, sem hafin er bygging á eftir gildistöku laganna.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru nú gildi numdar 12.—26. gr. laga nr. 36 16. febrúar 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Greinargerð.

Raunverulega velmegun hvers þjóðfélags má ekki hvað sízt marka af því, hvernig lausn þess á húsnæðisvandanum er fyrir komið. Hér þarf ekki að eyða löngu máli til að rökstyðja þá brýnu þörf, sem á því er að koma húsnæðismálunum í betra horf, um það eru allir sammála. Enda þótt lánsfé til íbúðabygginga hafi vaxið talsvert að krónutölu, skortir þó verulega á, að viðunandi marki hafi þar verið náð.

Verðbólgan og húsnæðismálin eru samvaxin, tæpast er hugsanlegt að leysa byggingaþörfina án stöðvunar verðbólguvaxtarins né lækna verðbólguna án lausnar húsnæðisvandamálanna. En auk þess kemur það hér til, að húsnæði er ein af frumþörfum manna til jafns við fæði og klæði. Þjóðfélagið hefur því ekki uppfyllt skyldur sínar við borgarana, fyrr en tekizt hefur að tryggja öllum rétt til viðunandi húsnæðis á viðráðanlegu verði.

Bæta verður aðstöðu byggingarsjóðs ríkisins og auk það fjármagn, sem hann hefur til ráðstöfunar, jafnframt því sem vinna verður kappsamlegar að því en gert

hefur verið undir forustu húsnæðismálastjórnar að lækka byggingarkostnaðinn. Sá hluti laganna um húsnæðismálastjórn, sem fjallar um ráðstafanir til lækkunar á byggingarkostnaði, hefur alveg verið vanræktur. Hin mörgu ákvæði 3. gr. laganna, sem sett eru fram til eftirbreytni fyrir húsnæðismálastjórn til að sinna þessum þýðingarmikla lið í verðlagsþróuninni, hafa ýmist lítið eða ekkert komið til framkvæmda, og tilraunin í Breiðholti hefur ekki gefið þá raun, sem vonir stóðu til.

Það hefur vakið mikla athygli nú að undanförnu, að nokkur byggingarsamvinnufélög í Reykjavík hafa komið upp fjölbýlishúsum fyrir mjög hagstætt verð, og sanna þessar staðreyndir það, að með því að bindast samtökum á vegum byggingarsamvinnufélaga skapa menn sér mesta möguleika á því að koma upp eigin íbúðum á hagkvæmu verði. Hér, eins og á svo mörgum öðrum sviðum, er það leið samhjálpar og samvinnu, sem hagkvæmust er.

Hér í þessu frv. er aðeins vikið að einum þætti húsnæðismálanna, þeim, sem varðar stuðning hins opinbera við byggingarsamvinnufélögin. Enginn vafi leikur á því, að með setningu laganna um það efni var mikilsvert spor stigið í þá átt að aðstoða einstaklinga til að koma upp hóflegum íbúðum til eigin afnota. Hafa fjölmargir haft gagn af þeirri fyrirgreiðslu, sem lögin veita. Tvennt er það einkum, sem skort hefur, til þess að byggingarsamvinnufélögin kæmu að fyllsta gagni. Annars vegar er skortur á hæfum byggingalóðum, sem a. m. k. sums staðar hefur verulega háð þessari starfsemi. Hins vegar er svo það, hversu torvelt og jafnvel ómögulegt það hefur verið að koma ríkistryggðum skuldabréfum félaganna í verð, og er óhætt að fullyrða, að fjárskorturinn hefur verið erfiðastur Þrándur í Götu þessa félagsforms, sem að öðru leyti hefur svo margt að bjóða til lausnar þessa mikilsverða vandamáls.

Með hliðsjón af framansögðu er í frv. þessu lagt til í fyrsta lagi, að í þeim sveitarfélögum, þar sem byggingarsamvinnufélög starfa, sé hlutaðeigandi sveitarstjórnum skylt að láta slík félög hafa forgangsrétt um úthlutun lóða, og í öðru lagi, að sú skylda verði lögð á Seðlabanka Íslands að kaupa á nafnverði árlega, ef þörf krefur, ríkistryggð skuldabréf byggingarsamvinnufélaga fyrir eigi lægri fjárhæð en 75 millj. kr. Jafnframt er tillaga gerð um nokkrar smærri breytingar á lögunum um byggingarsamvinnufélög, og verður þeirra getið í sambandi við einstakar greinar hér á eftir.

Frumvarp þetta var flutt á þingi 1967 (88. löggjafarþing) og vísað til ríkisstjórnarinnar. Rökstuðningur þeirrar afgreiðslu var þessi: „Þar sem heildarendurskoðun húsnæðismálalöggjafar stendur nú yfir, leggur nefndin til að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að heildarendurskoðuninni verði hraðað og henni lokið á yfirstandandi ár, en við þessa endurskoðun verði meðal annars könnuð vandlega sú reynsla, sem fengizt hefur af starfsemi byggingarsamvinnufélaganna og þætti þeirra í lausn húsnæðisvandamálanna, með það fyrir augum að skapa byggingarsamvinnufélögunum heilbrigðan og eðlilegan starfsvettvang til frambúðar.“

Þar sem greinilega hefur komið í ljós nú, að þær forsendur, sem þessi málsmeðferð byggðist á, eru brostnar, engin heildarendurskoðun hefur enn farið fram á húsnæðismálalöggjöf, teljum við flutningsmenn, að Alþingi verði að láta málið til sín taka.

Um 1. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Óbreytt að öðru leyti en því, að tilskilinn lágmarksfjöldi stofnenda byggingarsamvinnufélags í Reykjavík er hækkaður úr 25 í 50.

Um 3. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 4. gr.

Smávægilegar breytingar eru gerðar á A-, B- og C-lið greinarinnar frá hliðstæðum ákvæðum gildandi laga, sem ekki þarfnast sérstakra skýringa, en í D-lið greinarinnar er það nýmæli tekið upp, að Seðlabanka Íslands er gert að skyldu, ef þörf krefur, að kaupa ríkistryggð skuldabréf skv. B-lið greinarinnar fyrir eigi lægri fjárhæð en 75 millj. kr. árlega. Það er skoðun okkar flutningsmanna, að þessi aðstoð sé alveg óumflýjanleg, ef ákvæðin um byggingarsamvinnufélög eiga að geta náð tilgangi sínum.

Um 5.—7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Ákvæðið er nýmæli og skyldar sveitarstjórnir til þess að láta byggingarsamvinnufélög, sem starfa í viðkomandi sveitarfélagi, sitja fyrir um úthlutun lóða.

Um 9. gr.

Samhljóða ákvæðum gildandi laga að öðru leyti en því, að bann laganna við því að selja íbúðir, nema stjórn byggingarsamvinnufélags hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, er aðeins látið gilda í 15 ár. Flutningsmönnum þykir ekki eftir atvikum sanngjarnt, að þessi kvöð verði látin hvíla á íbúðunum lengur en hér er lagt til.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum 9. gr.

Um 12.—13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í stað „ríkisstjórnar“ í gildandi lögum er lagt til að komi „húsnæðismálastjórn“, enda fer sú stofnun með þau mál, sem í greininni er fjallað um.

Um 15. gr.

Lagt er til, að byggingarsamvinnufélög, er starfa samkvæmt lögum þessum, skuli undanþegin greiðslu opinberra gjalda, þ. á m. ríkisábyrgðagjalds, og er hér um nýmæli að ræða.

Um 16.—18. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 59. Frumvarp til laga [54. mál]

um breyting á læknalögum, nr. 80 23. júní 1969.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Matthías Bjarnason, Halldór E. Sigurðsson, Helgi Seljan.

1. gr.

Síðasta málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er skylt að gera það að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni allt að 6 mánuði að loknu námi.

2. gr.

1. málsliður 3. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur veitt mönnum, er eigi hafa tekið próf það eða lokið því námi, er um getur í 2. gr., né innt af hendi þá kvöð, er þar greinir, takmarkað lækningaleyfi og þar með rétt til að kalla sig lækna, ef þeir hafa sannað fyrir læknadeild háskólans, að þeir hafi næga kunnáttu og læknadeildin og landlæknir mæla með leyfisveitingunni, ótakmarkað lækningaleyfi má og veita þeim, ef þeir að auki gegna læknishéraði eða aðstoðarlæknisstarfi hjá héraðslækni allt að 6 mánuði og landlæknir mælir með slíkri leyfisveitingu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Læknaskortur í strjálbýlinu er kunnari en svo, að hér þurfi að lýsa, og kemur ekki strjálbýlið eitt til. Má raunar svo að orði kveða, að landsbyggðin öll utan Faxaflóasvæðisins hafi við meiri og minni læknaskort að stríða.

Margir ala þá von í brjósti, að svonefndar læknamiðstöðvar leysi þennan vanda, en öðrum er það mjög til efs, og víst er, að sú þróun gengur svo hægt, að um bráðar úrbætur þannig er ekki að ræða. Landsbyggðin víða er nánast skelfingu haldin af því öryggisleysi, sem læknaskorturinn veldur. Æskilegast hefði verið, ef læknastéttin sjálf hefði komið með skjótvirkar úrbætur, en fyrst svo hefur ekki orðið og fjölmörg læknishéruð eru nú læknislaus, er hér lagt til, að sú forsenda sé ófrávíkjanleg fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að þeir, er það fá, hafi gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstarfi hjá héraðslækni í 6 mánuði. Þannig má tryggja læknishéruðunum a. m. k. nokkra læknisþjónustu, svo mikil sem viðkoman er í læknastéttinni, og vísast raunar í fleiri tilfellum prýðisþjónustu, því að hinir ungu verðandi læknar bæta það oft fullkomlega upp með alúð og áhuga í starfi, sem þá skortir í reynslu, að því er mörgum íbúum læknishéraðanna hefur fundizt. Þyki þessi lagabreyting harðleikin og óþörf, þegar stundir líða, vegna þróunar í læknaþjónustunni úti um land, má alltaf nema úr gildi þá afdráttarlausu kvöð, sem hér er lagt til, að lögð sé á. En eins og mál standa í dag, er hún bráð nauðsyn, áður en enn meiri vandræði standa af læknaskorti úti í strjálbýlinu.

PN 60. Frumvarp til laga [55. mál]

um breyting á lögum nr. 18/1920, um gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður, er leiðir af því, að gerðar eru steinlímdar, hellulagðar eða aðrar jafnvandaðar gangstéttir, og kostnaður við gerð varanlegs slitlags á götu greiðist úr bæjarsjóði. En bæjarstjórninni er heimilt að leggja gangstétta- og gatnagerðarskatt á hús og lóðir í bænum, samkvæmt reglugerð, er hún setur og stjórnarráðið samþykkir. Skal gjaldið miðað við skattvirðingarverð húseigna og lengd lóða meðfram götu, þar sem gangstéttir verða lagðar og/eða varanlegt slitlag.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 18/1920 og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um gjöld til gangstétta og varanlegs slitlags á götum í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á þinginu 1967—68, en hlaut þá ekki afgreiðslu, enda kom þá fram í þingi, litlu eftir að ofangreint frumvarp var lagt fram, stjórnarfrumvarp um ýmiss konar endurskipan á byggingamálefnum kaupstaða og annars þéttbýlis, og tók það meðal annars að skoðun flutningsmanns þessa frumvarps á nægjanlegan hátt til meginatriðis frumvarps hans. Stjórnarfrumvarp þetta hlaut hins vegar ekki afgreiðslu á nefndu þingi né var lagt fram á síðasta þingi, og hefur eigi heldur verið endurflutt nú. Er ofangreint frumvarp af þessum sökum öllum því endurflutt nú.

Með frumvarpinu, þegar það var frumflutt, fylgdi svofelld greinargerð til skýringar flutningi þess:

„Það er alkunna, að geysilegt verkefni bíður nú allra bæjarfélaga í landinu um gerð varanlegra gatna og hve mikilsvert það er, að slíkar framkvæmdir komist sem fyrst á, þótt ekki væri litið nema á þrifnaðar- og heilbrigðishliðina eina. Þetta verða hins vegar fjárfrekar framkvæmdir, sem erfitt verður að leggja á gjaldendur í útsvörum einum, enda réttlátara að margra dómi að láta fasteignir, sem við viðkomandi götur standa, vera gjaldstofn að hluta undir þessum framkvæmdum eða a. m. k. gefa viðkomandi sveitarfélögum val um slíkt. Af þessum sökum er frumvarp þetta flutt."

Nd. 61. Frumvarp til laga [56. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1917, um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins, sömuleiðis við steinlímdar, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstéttir og kostnaður við gerð varanlegs slitlags á götu greiðist úr bæjarsjóði. En heimilt er bæjarstjórninni að leggja holræsa-, gangstétta- og gatnagerðarskatt á hús og lóðir í bænum, samkvæmt reglugerð, er hún setur og stjórnarráðið samþykkir. Skal gjaldið miðað við skattvirðingarverð húseigna og lengd lóða meðfram götu, þar sem holræsi eða gangstéttir verða lagðar og/eða varanlegt slitlag.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 66/1917 og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir flutningi máls þessa sjá greinargerð með frumvarpi um breyting á lögum nr. 18/1920, um gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri, á þskj. 60.

Ed. **62. Frumvarp til laga** [57. mál]

um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

C. liður 4. gr. falli niður. D. liður greinarinnar verði C. liður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framlags ríkissjóðs 1969 og 1970.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 5/1968 um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda var ákveðið að fella niður beint framlag úr ríkissjóði til Fiskveiðasjóðs á því ári. Þetta var talið unnt með tilliti til þess, að með lögum nr. 58/1968 um stofnfjársjóð fiskiskipa var ákveðið að verja 124 millj. kr. úr ríkissjóði sem stofnfjárframlagi til sjóðsins, en slíkt hefði að öðru óbreyttu átt að bæta mjög innheimtuaðstöðu Fiskveiðasjóðs og minnka fjárþörf sjóðsins að öðru leyti. Eins og kunnugt er, breyttust forsendur um afkomu sjávarútvegsins á árinu 1968 hins vegar mjög verulega, og leiddi það til þess, að grípa varð til sérstakra efnahagsráðstafana til að styrkja grundvöll sjávarútvegs. Liður í þeim ráðstöfunum var að efla stofnfjársjóð fiskiskipa, sbr. I. kafla laga nr. 79/1968 um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu. Af þessum ástæðum og vegna annarra ráðstafana, sem gerðar hafa verið til að skapa sjávarútvegi traustari afkomugrundvöll, var ákveðið að fella niður fjárveitingu til Fiskveiðasjóðs Íslands í fjárlögum ársins 1969. Frumvarp um breytingu á lögum sjóðsins þessu til staðfestingar var lagt fyrir síðasta Alþingi, en náði ekki fram að ganga á því þingi, og er frumvarpið því lagt fram að nýju, þar sem gert er ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs falli niður árin 1969 og 1970. Er í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1970 gert ráð fyrir þessari ráðstöfun.

Auk framangreindra ráðstafana til styrktar sjávarútvegi, sem óbeint koma Fiskveiðasjóði til góða, olli gengisbreytingin í nóvember s. l. verulegri hækkun á útflutningsgjaldi, sem er mikilvægur tekjustofn sjóðsins. Má gera ráð fyrir því á grundvelli útflutningsspár Efnahagsstofnunarinnar fyrir árið 1969, að tekjur sjóðsins af útflutningsgjaldi muni aukast um 16.5 millj. kr. á því ári frá því sem ella hefði orðið.

Fyrirsjáanlegt er, að greiðslubyrði sjóðsins á næsta ári verður mikil vegna greiðslu erlendra lána vegna skipasmíða undanfarinna ára og einnig vegna fyrirhugaðra lánveitinga til skipasmíða innanlands á því ári. Til þess að gera sjóðnum kleift að standa við eðlilegar skuldbindingar á árinu 1970 verður honum því aflað fjármagns eftir öðrum leiðum, en það er svo til athugunar, á hvern hátt Fiskveiðasjóði verður framvegis séð fyrir viðhlítandi fjármagni til að mæta þeim auknu kröfum um lánveitingar til sjávarútvegsins, sem fyrirsjáanlegar eru á næstu árum.

Nd. 63. Frumvarp til laga [58. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Helgi Bergs.

1. gr.

Á eftir 3. málsgr. 42. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Fram skal fara ýtarleg rannsókn á framtölum 10% allra framtalsskyldra aðila. Skulu þau framtöl valin með útdrætti úr öllum framtölum landsins af Hagstofu Íslands samkvæmt reglum, sem hún setur. Framtöl þau, sem tekin eru til rannsóknar, skal athuga vandlega, rannsaka bókhald aðila og leita upplýsinga um hvað eina, sem máli skiptir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ekki orkar það tvímælis, að skattframtöl eru ekki svo örugg sem skyldi. Mikla nauðsyn ber til, að hér verði ráðin bót á, því að ekkert er fráleitara en að þeir heiðarlegu séu látnir greiða hærri gjöld en ella vegna hinna, er svíkja undan skatti.

Með þessu frv. er lagt til, að breytt verði um vinnuaðferð við úrvinnslu á framtölum. Er það skoðun flutningsmanna, að þessi aðferð muni reynast örugg í framkvæmd, ef henni er fylgt svo eftir sem hér er lagt til. Auk þess mætti með því að nota þessa vinnuaðferð draga verulega úr kostnaði við endurskoðun á skattframtölum frá því, sem nú er, enda væri þá hætt óþörfum og þýðingarlausum bréfaskriftum, svo sem nú eiga sér stað.

Sþ. 64. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um aukið fjármagn til rannsókna í þágu íslenzks atvinnulífs.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um aukið fjármagn til rannsókna í þágu íslenzks atvinnulífs og tryggja, að á næstu 5 árum hækki fjárveitingar til rannsóknarmálefna um að minnsta kosti 0.2% af þjóðartekjunum á ári hverju.

Greinargerð.

Þeirri skoðun vex nú mjög fylgi, að það, sem mestu ráði um efnalega velgengni þjóðanna, sé sú aðstaða, sem mönnum er sköpuð til þess að rækta huga sinn og uppgötva ný sannindi. Óþarft er að rekja í löngu máli þau miklu áhrif á lífskjör manna, sem nýjar uppgötvanir hafa haft. Dæmin eru þar fjölmörg og deginum ljósari.

Íslendingar eru af skiljanlegum ástæðum nokkuð seinir til þess að viðurkenna þessa staðreynd í verki, sem m. a. lýsir sér í því, að þeir verja hvað minnstum hluta þjóðartekna til hagnýtra rannsókna í þágu atvinnulífsins.

Í opinberum skýrslum má m. a. fá upplýsingar um, hvernig þessum málum er farið hjá ýmsum þjóðum. Nefni ég nokkur dæmi um þann hundraðshluta, er þjóðirnar verja af þjóðartekjum sínum til þessara mála:

Ár	Ísland	Svíþjóð	Noregur	Bandaríkin	Bretland
1950	0.2%	0.2%	0.3%	1%	1%
1966	0.4%	1.5%	1.1%	3.3%	2.3%

Af þessum upplýsingum er ljóst, hversu alvarlega horfir hjá okkur í þessum efnum og hversu stórt átak þarf að gera hér á landi, til þess að við sinnum þessum mikilvæga málaflokki í líkingu við það, er aðrar menningarþjóðir gera.

Sem betur fer virðist nú ört vaxandi skilningur hjá þjóðinni á mikilvægi rannsókna í þágu atvinnulífsins. Þrátt fyrir litlar fjárveitingar til rannsóknarmála hafa vísindamenn okkar unnið ýmis afrek á sínu sviði, sem fært hafa þjóðinni mikinn arð. Nægir að minna á bóluefni gegn garnaveiki í sauðfé, sem dr. Björn heitinn Sigurðsson fann upp fyrir nokkrum árum og fróðir menn telja, að spari bændum árlega um 50—60 milljónir króna. Þá hef ég einnig lesið grein eftir einn af yngri vísindamönnum okkar, sem segir, að hefðu niðurstöður rannsókna á þéttingu hrauna vegna framburðar jökulfljóta legið fyrir, þegar hin mikla Búrfellsvirkjun var undirbúin, þá hefði mátt spara 40 milljónir króna í byggingarkostnaði Búrfellsvirkjunar.

Af þessu má ljóst vera, hversu mikilvægu hlutverki rannsóknarstarfsemin getur gegnt, ef rétt er að henni búið og skilvirkari leiðir fundnar til þess að kynna atvinnuvegunum niðurstöður hennar. Þá má ekki heldur standa á forustumönnum atvinnuveganna að hagnýta sér tækninýjungarnar.

Með tillöguflutningi þessum er stefnt að því að auka þann hluta þjóðartekna, sem til rannsóknastarfsemi gengur, jafnt og þétt á næstu 5 árum, þannig að þá verði a. m. k. 1.5% þeirra varið í þessu skyni. Stæðum við þá árið 1975 í sömu sporum og Svíar voru 1966.

Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir, að fylgzt verði með því, hve miklu fjármagni er varið til rannsókna og tilrauna á Íslandi, með athugunum eins og þeim, sem Rannsóknaráð ríkisins hefur áður gert.

Sjálfsagt er, að atvinnuvegirnir, þeir sem njóta eiga ávaxtanna af rannsóknastarfseminni, leggi sitt af mörkum til þess, að þessu marki verði náð, en veruleg ríkisframlög þurfa þá líka til að koma.

Nánar í framsögu.

Sþ. 65. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]

um flutning afla af miðum og hafna á milli.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Helgi Seljan, Páll Þorsteinsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka og gera tillögur um, hversu skipuleggja megi flutninga á sjávarafla af fiskimiðum og hafna á milli, með það fyrir augum að nýta sem bezt afkastagetu veiðiskipa og fiskvinnslustöðva og stuðla að betri meðferð aflans og jafnari atvinnu.

Greinargerð.

Íslendingar hafa að sjálfsögðu lagt mikla fjármuni í veiðiskip sín og vinnslustöðvar sjávarafla. Það varðar þjóðarhag, að afkastageta þessara atvinnufyrirtækja nýtist.

Rekstrarerfiðleikar síldarverksmiðja, frystihúsa og annarra vinnslustöðva fiskifangs stafa eigi að litlu leyti af því, að árlegur starfstími þeirra er of stuttur. Og vissulega skerðir það veiðitíma og þar með afköst fiskiskipa stórlega að þurfa að sigla til hafnar með hvern farm, stóran eða lítinn eftir atvikum, þegar veitt er á fjarlægum miðum.

Í mörgum sjávarplássum hefur oft gætt tímabundins atvinnuleysis, stundum ár eftir ár, þar sem vinnslustöðvarnar hefur þá skort hráefni í lengri eða skemmri tíma. Jafnhliða getur þá verið landburður í öðrum verstöðvum og dýrmætt hráefni legið þar undir skemmdum. Slík atvik eru alkunn, bæði á vetrarvertíð og á síldveiðum.

Hér við land hafa þegar verið gerðar nokkrar tilraunir til úrbóta með útgerð flutningaskipa. En þær hafa að mestu eða öllu leyti verið tengdar síldveiðunum og þá fyrst og fremst flutningi bræðslusíldar. En vandamálið er miklu víðtækara, eins og þegar hefur verið bent á.

Sums staðar erlendis hefur slík flutningastarfsemi verið færð yfir á víðara svið. Norðmenn hafa t. d. á þessu ári beitt 7—8 þús. lesta flota flutningaskipa af mismunandi stærðum við flutning loðnu suður á bóginn frá hinum norðlægu miðum. Og þeir halda einnig uppi skipulögðum flutningum á öðrum fisktegundum, svo sem þorski og makríl.

Flutningakerfi Norðmanna lýtur sameiginlegri yfirstjórn. Fylgt er þeirri meginreglu að landa afla sem næst veiðisvæði, flutningar lengra til koma því aðeins til greina, að vinnslustöðvar nálægra staða anni eigi því, er að berst. Flutningsmenn tillögunnar telja tímabært, að stjórnarvöld taki þessi mál til rækilegrar skoðunar. Reynsla sú, sem hér er þegar fengin af síldarflutningum, getur komið að gagni við þá athugun. Eðlilegt virðist einnig að gefa gætur að reynslu Norðmanna, sem um margt búa við líkar aðstæður og við.

En samhliða því, sem kannaðir yrðu möguleikar á auknum og skipulögðum flutningi afla, þarf eigi síður að íhuga, hvað unnt er að gera til þess að bæta meðferð fisksins frá fyrstu hendi. Hér mun einnig mega margt af Norðmönnum læra, en þeir hafa um áraraðir notað fiskikassa í veiðiskipum sínum. Er áreiðanlega fyllsta ástæða til þess að taka það mál fastari tökum en gert hefur verið til þessa. Úrbætur kosta vitanlega fé, en þær eru óhjákvæmilegar vegna samkeppninnar á erlendum mörkuðum. Sjávarútvegsmálaráðherra hefur fyrir nokkru skipað nefnd til að íhuga þennan þátt málsins. Má því vænta þess, að hann sé þegar kominn á nokkurn rekspöl. En notkun fiskikassa í fiskiskipunum er sennilega í mörgum tilfellum undirstaða þess, að verulegir flutningar aflans séu framkvæmanlegir með viðunandi árangri.

Ekkert skal fullyrt fyrir fram um niðurstöður þeirra athugana, sem tillagan fjallar um. En það er vissulega til mikils að vinna, ef takast mætti með viðráðanlegum kostnaði að skipuleggja flutning afla af miðum og staða á milli með þeim árangri, að betur nýttist allt í senn, veiðifloti, vinnslustöðvar og vinnuafl, að því viðbættu, að meðferð aflans yrði einnig betri. Því er þessi tillaga fram borin.

Ed. 66. Frumvarp til laga [61. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Jóhönnu Sæmundsdóttur, Nikhól, Dyrhólahreppi, eyðijörðina Holt í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir því, sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni Jóhönnu Sæmundsdóttur, Nikhól, Dyrhólahreppi. Það lá fyrir síðasta Alþingi, fékk fullnaðarafgreiðslu í efri deild og samþykkt þar. Í neðri deild dagaði það hins vegar uppi.

Flm. þykir sem fyrr skylt að fá úr því skorið, hver sé vilji Alþingis um framgang málsins. Jörðin Holt var um fjölda ára í eign og ábúð Jóhönnu og eiginmanns

hennar, Þorsteins Einarssonar. Sakir mikillar hættu á landspjöllum vegna ágangs Hafursár varð það úr, að þau hjónin seldu ríkissjóði jörðina árið 1936. Jóhanna hefur síðan haft afnot jarðarinnar, en lengi haft hug á, að jörðin komist að nýju í eign ættarinnar.

Sþ. 67. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um áætlunargerð vegna fjárhagsaðstoðar ríkisins við íþróttastarfsemina í landinu.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Einar Ágústsson, Bjarni Guðbjörnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að skipuð verði fimm manna nefnd með þeim hætti, að í henni eigi sæti þessir aðilar:

Forseti Íþróttasambands Íslands.
Formaður Ungmennafélags Íslands.
Íþróttafulltrúi ríkisins.
Tveir menn kosnir af sameinuðu Alþingi.
Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar skal vera að gera fjárhagsáætlun fyrir íþróttastarfsemina í landinu (þó ekki mannvirki). Skal fyrsta áætlun gerð fyrir árið 1971, en eftir það skulu áætlanir gilda til fjögurra ára. Þó má endurskoða áætlunina að tveim árum liðnum, ef einhver nefndarmanna óskar þess. Við áætlunargerðina skal hafa hliðsjón af fjárframlögum annarra þjóða til íþróttastarfseminnar, t. d. Norðurlandaþjóðanna. Keppt verði að því með áætlunargerðinni, að fjárskortur hamli ekki getu íslenzkra íþróttamanna.

Við gerð fjárlaga hverju sinni skal áætlun þessi lögð til grundvallar fjárframlögum ríkissjóðs til íþróttastarfseminnar. Kostnaður við áætlunargerðina greiðist af fjárveitingu ríkisins til íþróttastarfseminnar.

Greinargerð.

Íslenzka þjóðin hefur oft á tímum, allt frá upphafi sögu, átt afreksmenn á sviði íþrótta, og svo mun enn. Þó er það svo, að nokkrar umræður hafa orðið um, að árangur íslenzkra íþróttamanna í keppni við erlenda íþróttamenn hafi ekki orðið sem skyldi. Í því sambandi eru tilgreindar ýmsar ástæður, en við flutningsmenn teljum okkur ekki færa um að dæma um réttmæti þeirra. Eina ástæðu höfum við þó virt fyrir okkur öðrum frekar, en það eru fjármál íþróttahreyfingarinnar. Það hefur komið fram í þessum umræðum, að fjárhagserfiðleikar íþróttahreyfingarinnar dragi verulega úr árangri íþróttamanna á sviði íþróttaafreka. Með tillögu þessari er stefnt að því, að ekki verði hægt með rökum að halda því fram, að sinnuleysi ríkisvaldsins og fjárskortur standi í vegi fyrir því, að íslenzkir íþróttamenn geti notið hæfileika sinna. Ekkert er þjóðinni eins mikils virði og það, að æskufólk hennar sé manndómsfólk, líklegt til afreka, sem auki hróður hennar með verkum sínum og framkomu á innlendum og erlendum vettvangi.

Nd. 68. Frumvarp til laga [63. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Helgi Bergs.

1. gr.

H-liður 4. gr. laganna (Sala á raforku og heitu vatni frá rafmagnsveitum og hitaveitum) falli niður.

2. gr.

a. Á eftir orðinu „nýmjólk“ 2. tölul. 6. gr. laganna komi: smjör, ostur, skyr, kjöt, kjötvörur og fiskur.
b. Á eftir 2. tölul. komi nýir liðir, svo hljóðandi:
   1. Kaffi, sykur og kornvörur.
   2. Olía.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Verðbólgan er eitt af þeim vandamálum, sem íslenzkum stjórnvöldum hefur gengið erfiðlega að fást við. Aldrei hafa stjórnvöld verið fjær því en nú að hafa vald á verðbólgunni. Matvæli hafa hækkað verulega á síðustu árum, m. a. vegna þess, að lagður hefur verið söluskattur (7.5%) á útsöluverð matvælanna, svo og á rafmagn, olíu til húsahitunar og hitaveitugjöld. Það ber nauðsyn til að draga úr kostnaði við brýnustu útgjöld heimilanna.

Tekjur fólksins í landinu eru svo lágar nú, að nauðsyn ber til, að það hyggi vel að útgjöldum sínum. Og það er þjóðhagsleg nauðsyn að draga úr valdi verðbólgunnar, einmitt með því að vinna að verðlækkun á þeim vörum, sem fólki er brýnust þörf á.

Því mun verða haldið fram, að ríkissjóður muni ekki þola þann tekjumissi, er af frv. leiðir. Þar er því til að svara, að vísitalan mun lækka þar í móti og mismunurinn ekki hafa nein úrslitaáhrif á fjárhag ríkissjóðs.

Sþ. 69. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um bætta læknisþjónustu í strjálbýli.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að athuga möguleika á því að fá lækna frá nálægum löndum, og þá fyrst og fremst hinum Norðurlöndunum, til þess að gegna um lengri eða skemmri tíma læknisþjónustu í einstökum læknishéruðum hér á landi, sem nú eru læknislaus.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, veldur læknisleysi í mörgum læknishéruðum nú miklu öryggisleysi og raunar hreinu öngþveiti í heilbrigðismálum ýmissa landshluta. Samtals eru nú 12 læknishéruð læknislaus. Hefur heilbrigðisstjórnin leitað ýmissa úrræða til þess að bæta úr þessu vandræðaástandi, en orðið lítið ágengt.

Við svo búið má ekki standa. Þess vegna hefur sú hugmynd komið fram, að reynandi sé að fá lækna frá nágrannalöndunum, og þá fyrst og fremst frá hinum Norðurlöndunum, til þess að gegna hér störfum um lengri eða skemmri tíma. Vel má vera, að til þess mundu ekki margir fúsir. En ekki virðist það þó með öllu útilokað, að einstakir læknar hefðu áhuga á slíkri tilbreytingu. Vitað er, að bæði í Noregi og Svíþjóð hafa læknar tekið að sér þjónustu í afskekktum héruðum um takmarkaðan tíma, einungis í mannúðarskyni.

Íslenzka ríkið yrði að sjálfsögðu að greiða þeim erlendu læknum, sem hingað kynnu að koma til starfa, ferðakostnað og ríflega laun. Kjarni málsins er, að einskis má láta ófreistað til úrbóta á því vandræðaástandi, sem nú ríkir í heilbrigðismálum margra héraða og landshluta hér á landi. Það ástand er þjóðinni til vansæmdar. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Sþ. 70. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna.

Flm.: Jónas Pétursson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til að rannsaka möguleika á framkvæmd verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna. Starfað skyldi að margvíslegum viðfangsefnum í þágu þjóðarheildar fyrir ríki og sveitarfélög, góðgerðar- og mannúðarfélagsskap. Nefndin skili áliti til Alþingis, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að lögfesting á verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna sé æskileg, þá skili hún frv. að lögum um viðfangsefnið, sem lagt verði fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Ég hef flutt svipaða tillögu á tveimur undanförnum þingum. Er nú orðalagi lítið eitt breytt, m. a. tekin upp í niðurlag tillögunnar í aðaldráttum efnisbreyting, er flutt var á síðasta þingi af minni hluta allsherjarnefndar Sþ. En allsherjarnefndin afgreiddi þá till. og var klofin, en Alþingi tók hins vegar ekki afstöðu. Ég nefni nú viðfangsefnið verknáms- og þjónustuskyldu og hef fellt úr tímalengd og aldursskeið. Læt ég væntanlegri milliþinganefnd þá ákvörðun eftir með öðru, ef Alþingi vildi nú fallast á tillöguna. Ég hef ekki horfið frá þessari hugsjón, þessu uppeldis- og mannbótamáli, þessum farvegi orku, velvilja og vitsmuna til að styrkja og efla land og þjóð. Og mig undrar, hve hljótt er um þennan þátt í öllum þeim þunga nið, er um þjóðlífið fer, í þeim stormandi kröfum um skóla og nám, sem sífellt rísa hærra og hærra. Þykir mér sem sá þáttur, er ég er hér að fjalla um, falli um of í skuggann, því að mér sýnist, að verknáms- og þjónustuskylda sé nauðsynleg jafnvægishreyfing í þjóðfélagi síaukins skólanáms, síaukins bóknáms og skólabygginga. Ég hef vakið athygli á með þeirri tillögu, er ég hef áður flutt, að málið sé vandasamt, krefjist mikils undirbúnings, vandaðrar og einbeittrar stjórnar. Viðfangsefni á ekki að skorta í stóru landi fámennrar þjóðar, sem á það sjálfstæðismál mest að gera landið allt sem byggilegast, með samgöngukerfi og samfélagsumbótum, sem jafna búsetuaðstöðuna.

Þótt ég felli úr till. aldursmörk unglinga og tímalengd verknáms- og þjónustuskyldu, er ég sem fyrr þeirrar skoðunar, að aldursmörkin eigi að vera á 4—5 ára skeiði og tímalengdin þurfi að vera a. m. k. 3—4 mánuðir og jafnvel lengri. Og verkefnin eru ekki sízt á sviði skógræktar og landgræðslu, bygginga í þágu almennings, svo sem skóla og sjúkrahúsa, vegagerðar og græðslu vegasára, snyrtingu útisvæða, hjálpar- og líknarstarfa. Jafnvel við sjóvinnu og landbúnaðarstörf.

Ég hef undrazt tómlæti um þetta mál. Ekki síður beina andstöðu. Og þó skyldi það ekki vekja svo mjög undrun. Einhver hættulegasti þjóðarkvilli nú er sjálfsmeðaumkunin. Og ýmsa grípur þessi hugmynd um þjónustuskyldu líkum tökum og tugthússdómur, útlegð, smán eða pynting. Hin hliðin er ekki skoðuð, þar sem skyldur þjóðfélagsins eru skráðar, né réttindi unglinganna í fræðslu- og skólamálum. Ég efast ekki um, að flestir muni a. m. k. með árunum viðurkenna réttmæti þessarar skyldu og fagna því að hafa notið hennar og hafa goldið samfélaginu með gagnlegum stundum, líka þeir, sem misskilja gildi þessa og tilgang á þjónustualdrinum. En það er ekki einungis sjálfsmeðaumkunin, sem er meinsemd, heldur og ekki síður meðaumkun margra, sem við uppeldi fást. Steingrímur segir um Íslands:

„Oft finnst oss vort land eins og helgrinda hjarn.
En hart er það aðeins sem móðir við barn.
Það agar oss strangt með sín ísköldu él,
en á samt til blíðu, það meinar allt vel".

Þetta á ekki beint við um verknáms- og þjónustuskyldu, — ég held, að flestum verði sá tími eins og bros — verði beinar yndisstundir — æskan er yfirleitt heil-

brigð, — en ég dreg þetta fram til umhugsunar fyrir þá, sem þjást af sjálfsmeðaumkun og meðaumkun sinna nánustu.

Ég hef að yfirlögðu ráði orðað þáltill. á þann veg nú að tala um verknáms- og þjónustuskyldu. Ekki af ótta við tal um þrælahald né til þess að reyna að blekkja um það, sem á bak við býr. Nei! Heldur vegna þess, að slík þjónustuskylda, sem um ræðir í till., er í mörgum tilfellum **nám** og því fleirum sem velferðarþjóðfélaginu miðar meir áfram. Já, mörgum nám og flestum eða öllum aukin menntun með margvíslegum hætti. Menntun er ekki aðeins nám og þekkingaröflun á skólabekk — jafnvel miklu fremur snerting við almenn störf þjóðarinnar, t. d. ekki síst ræktunarstörf til nytsemdar og fegrunar. Störf, sem opna flestum nýjan heim, nýja rökhyggju, nýjan skilning á samræmi þjóðlífs og því, hvar ræturnar liggja, sem í þjóðfélagi jafnt og jurt er ekki aðeins festan, heldur er þannig aflað næringarinnar fyrst og fremst til viðhalds og vaxtar. Slíkt verknám og þjónustuskylda þyrfti að koma öllum unglingum í skilning um það, að rætur þjóðlífs liggja í frumframleiðslunni.

Æskan, sem í skólunum er, hefur áhyggjur af atvinnu næsta sumar. Ekki síður aðstandendur oft og tíðum. Þetta mál, sem hér er flutt, leysir verulegan vanda í þeim efnum. Enn skal reynt á, hvort Alþingi vill veita þessu máli brautargengi.

Nd. 71. Nefndarálit [15. mál]

við frv. til l. um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Þar sem frv. er lagt fram með þeim breytingum, sem menntamálanefnd lagði til á síðasta þingi, sér nefndin ekki ástæðu til að endurtaka ýtarlega athugun á því. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með tveim smávægilegum breytingum, sem fram koma í brtt. á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 30. okt. 1969.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Bjartmar Guðmundsson, fundaskr.	Birgir Kjaran.
Magnús Kjartansson.	Eysteinn Jónsson.	Gunnar Gíslason.
	Sigurvin Einarsson.	

Nd. 72. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til l. um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við **13. gr.** 4. liður A-þáttar orðist svo:
   4. **Yfirkennarar,** enda hafi þeir gegnt fullri kennslu við menntaskóla í 16 ár, en eru þó eigi deildarstjórar.
2. Við 26. gr. Orðið „frjálsra“ í 2. lið falli niður.

Nd. 73. Frumvarp til laga [66. mál]

um breyting á lögum nr. 90 1965 um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Stefán Valgeirsson.

1. gr.

Síðasti málsliður 3. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:
Aldrei kemur þó hærri upphæð til frádráttar en 50000 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki samþykki og er því endurflutt nú.

Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru ákvæði, er heimila hjónum að draga frá skattskyldum tekjum sínum 50% þeirra tekna, er konan vinnur fyrir, „enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki, sem hjónin annaðhvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti". Vinni konan við eigin atvinnurekstur hjónanna, „eiga þau rétt á því, að metinn sé hlutur konunnar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, og dregin 50% frá hlut hennar, áður en skattgjald er lagt á hinar sameiginlegu tekjur hjónanna". — En hér fylgir böggull skammrifi, því að „aldrei kemur þó hærri upphæð til frádráttar en 15000 kr".

Sú mismunun, sem hér á sér stað, er í eðli sínu hæpin að dómi flm. þessa frumvarps. Konan, sem vinnur við atvinnurekstur fjölskyldunnar, t. d. búskap, á vitanlega að njóta sama réttar við skattaálagningu og hin, sem starfar á öðrum vettvangi. Hér er þó eigi lagt til að nema brott hámarksákvæði laganna, heldur aðeins að hækka hina frádráttarbæru upphæð.

Sþ. 74. Breytingartillögur [17. mál]

við brtt. á þskj. 53 [Vesturlandsáætlun].

Frá Eysteini Jónssyni, Jónasi Péturssyni, Helga Seljan, Páli Þorsteinssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Við 1. tölulið. Á undan orðinu „Vesturland" komi: Austurland.
2. Við 2. tölulið. Á undan orðinu „Vesturlands-" komi: Austurlands-.

Nd. 75. Frumvarp til laga [67. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Helgi Bergs, Jón Skaftason, Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason.

1. gr.

Stafliður A í 15. gr. laganna orðist svo:

A. Alla fastafjármuni skal fyrna miðað við áætlaðan endingartíma þeirra. Reikna skal fyrningu þannig, að samanlagðar fyrningar á hverjum tíma nemi hundraðshluta af endurkaupsverði, sem svarar til þess hluta, sem liðinn er af fyrningartímanum.

Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu og viðhald, skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, og skal hann einnig árlega gefa út reglur um það, hvernig endurkaupsverð eigna telst hafa breytzt frá ári til árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alkunna, að þegar sífelld verðbólga ríkir, verður það regla, að þegar fyrningu eigna, sem miðuð er við kostnaðarverð, lýkur, nægja þeir fjármunir, sem til eru orðnir í fyrningarsjóði, aðeins til endurnýjunar á hluta af þeirri eign, sem um ræðir.

Þegar til á að taka, kemur þannig í ljós, að bókhaldið hefur raunverulega verið rangt og óbókfært tap hefur verið á rekstrinum, sem nemur því, sem á skortir, að hægt sé að endurnýja eignirnar með eðlilegum hætti. Augljóst er, að þetta getur ekki gengið til frambúðar. Töpin verða ekki umflúin með því að neita að skrá þau. Og með þessum hætti getur enginn rekstur endurnýjað fastafjármuni sína.

Fyrir nokkrum árum var gerð tilraun til að ráða á þessu bót. Var heimilað að endurmeta eignir, sem keyptar voru fyrir 1962, til nýs verðlags og nota hið nýja verðlag sem fyrningarstofn.

Þetta var auðvitað til mikilla bóta, en aðeins í bili, því að fljótt sótti í sama horf. Flm. eru þeirrar skoðunar, að ekki sé nóg að breyta mati þannig einu sinni eða öðru hverju, heldur þurfi að haga fyrningum frá ári til árs í samræmi við breytingar á endurkaupsverði eignanna.

Því er lagt til með frv. þessu, að heimilaðar séu þær fyrningarreglur, að fyrningarsjóðir nægi raunverulega til að endurnýja hina fyrndu eign. Gert er ráð fyrir, að fjármálaráðherra gefi árlega út reglur, eins konar vísitölur, um það, hvernig endurkaupsverð ýmissa tegunda fastafjármuna telst hafa breytzt, og fyrning hvers árs nemi svo þeim hundraðshluta af endurkaupsverðinu, sem svarar til endingartíma eignarinnar, að viðbættri eða frádreginni þeirri upphæð, sem þarf til að færa fyrningar fyrri ára til samræmis við hið nýja endurkaupsverð.

Aðrar breytingar felur þetta frv. ekki í sér.

Sþ. 76. Fyrirspurnir. [68. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um lán og styrkveitingar atvinnumálanefndar ríkisins.

Frá Jóni Skaftasyni.

Hve miklu fé hefur atvinnumálanefnd ríkisins ráðstafað samkvæmt lögum nr. 9 1969 til framkvæmda og fyrirtækja í Reykjaneskjördæmi?

II. Til menntamálaráðherra um skóla- og námskostnað.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

1. Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 14. maí 1969 um skóla- og námskostnað?
2. Má vænta tillagna frá ríkisstjórninni um að bæta aðstöðu þeirra nemenda, sem þurfa að búa utan heimila sinna, meðan á námi stendur í skyldunámsskólum, gagnfræðaskólum og menntaskólum?

III. Til raforkumálaráðherra um raforkumál.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni, Eysteini Jónssyni og Páli Þorsteinssyni.

1. Hversu há fjárhæð samtals hefur verið tekin að láni vegna dreifingar raforku um sveitir gegn loforði ríkisstjórnarinnar um endurgreiðslu?
2. Hve há fjárhæð gengur árlega næstu árin til endurgreiðslu þessara lána?
3. Hversu mörg býli hafa verið tengd samveitum fyrir lánsfé og í hvaða hreppum?
4. Hefur mönnum verið gert að greiða úr eigin vasa kostnað af dreifilínum umfram hin föstu heimtaugagjöld? Ef svo er, hvaða reglur gilda um þær greiðslur?
5. Hvað er eftir að tengja mörg þeirra býla, sem samþykkt hafa verið í orkuráði, og í hvaða hreppum eru þau?
6. Hafa býli verið tengd samveitu, áður en þau voru samþykkt í orkuráði? Ef svo er, hversu mörg eru þau býli, í hvaða hreppum og eftir hvaða reglum eru þau valin?
7. Hversu miklu fé hyggst ríkisstjórnin verja til dreifingar raforku um sveitir næstu tvö árin:
   a) til endurgreiðslu lána,
   b) til framkvæmda?
8. Hvenær má vænta heildaráætlunar um rafvæðingu þeirrar byggðar, sem enn hefur eigi verið tengd samveitum?
9. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til þess að greiða fyrir öflun raforku þeim til handa, er endanlega yrðu utan orkuveitusvæða?

IV. Til heilbrigðismálaráðherra um ráðstafanir í geðverndarmálum.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til þess að auka sjúkrarými handa geðsjúklingum og tryggja þeim bætta aðstöðu til endurhæfingar?

V. Til menntamálaráðherra um greiðslu rekstrarkostnaðar til skóla.

Frá Kristjáni Ingólfssyni.

Á ríkissjóður enn ólokið greiðslum vegna rekstrarkostnaðar skóla fyrir síðasta skólaár? Sé svo, hvers vegna?

VI. Til samgöngumálaráðherra um byggingu sjálfvirks símakerfis.

Frá Kristjáni Ingólfssyni.

Hvað líður framkvæmd áætlunar um byggingu sjálfvirks símakerfis, og hvenær kemur röðin að Austurlandi?

Sþ. 77. Tillaga til þingsályktunar [69. mál]

um endurskoðun læknaskipunarlaga.

Flm.: Kristján Ingólfsson, Ingvar Gíslason, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðismálaráðherra að skipa nú þegar milliþinganefnd, er hafi það að hlutverki að endurskoða gaumgæfilega núgildandi læknaskipunarlöggjöf, með það fyrir augum, að á komist meiri festa og traustari læknaþjónusta í landinu.

Nefndin skal skipuð 9 mönnum, þar af skal landlæknir sjálfkjörinn og vera formaður nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn skulu tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Einn maður frá hverjum hinna fjögurra þingflokka, tveir af hálfu Læknafélags Íslands og skal a. m. k. annar þeirra vera starfandi héraðslæknir, einn af stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga og loks einn af hálfu læknadeildar háskólans.

Nefndin skal hefja störf sín eigi síðar en 1. desember n. k. og hafa lokið þeim eigi síðar en 15. september 1970.

Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Eigi þarf að fara mörgum orðum um þann læknaskort, sem viðloðandi hefur verið í landinu um áraskeið og enn varir og sér ekki fyrir endann á, þrátt fyrir ýmsar tilraunir til að koma í veg fyrir hann.

Núgildandi læknaskipunarlög eru frá árinu 1964 að stofni til. Almennt mun viðurkennt, að með tilkomu þeirra hafi fjárhagsleg afkoma héraðslækna allmikið batnað.

En þrátt fyrir þessar úrbætur hefur skorturinn á héraðslæknum víða um land síður en svo dvínað. Hvað veldur, eru menn ekki á eitt sáttir um. Svar við þessari spurningu er ekki á takteinum, en víða um land ríkir neyðarástand í þessum efnum, sem kallar á varanlegar úrbætur hið fyrsta.

Ekki er unnt að ræða þetta mál án þess að draga inn í myndina hin nýju lagaákvæði um læknamiðstöðvar, er Alþingi samþykkti á síðasta þingi.

Miklar vonir eru að sjálfsögðu tengdar við læknamiðstöðvarnar, en hitt draga menn mjög í efa, að þær leysi nema hluta vandans.

Nú, þegar svo ríkur vandi kallar á, þá er það ekki spurningin um stundarúrbætur í einstaka tilfellum, sem hljómar hæst, heldur hlýtur um það að vera spurt fyrst og fremst, hversu úr megi bæta fyrir heildina í komandi framtíð.

Læknar hafa þegar þingað um heilsugæzlumál landsbyggðarinnar, sömuleiðis landshlutasamtök sveitarfélaga og enn fleiri aðilar.

Þjóðarheill kallar á varanlegar úrbætur í þessu vandamáli og má telja eðlilegt og vænlegt til árangurs, að mál þetta verði krufið til mergjar í milliþinganefnd.

Milliþinganefnd, skipuð á þann hátt, sem um ræðir í þingsályktunartillögu þessari, ætti að vera hæfur vettvangur þess athugunarstarfs. Því er þessi tillaga fram borin.

Nd. 78. Frumvarp til laga [70. mál]

um heimild til handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

1. gr.

Heimilt er að veita Kvennaskólanum í Reykjavík rétt til þess að starfrækja menntadeild fyrir stúlkur. Lokapróf úr menntadeild er stúdentspróf, og veitir það

réttindi til inngöngu í Háskóla Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.

Námskröfur til stúdentsprófs frá Kvennaskólanum skulu sambærilegar kröfum til stúdentsprófs menntaskólanna, samkvæmt því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Um stjórn og starfsháttu menntadeildar Kvennaskólans fer eftir ákvæðum gildandi laga um menntaskóla á hverjum tíma, eftir því sem við getur átt og nánar verður kveðið á um í reglugerð.

3. gr.

Kostnaður við menntadeild Kvennaskólans greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt af menntamálanefnd á síðasta þingi, en náði ekki fram að ganga. Að þessu sinni varð nefndin ekki sammála um að endurflytja frv., og er það flutt af meiri hluta hennar. Einstakir nefndarmenn hafa ekki þar með tekið afstöðu til frv. og áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Sþ. 79. Tillaga til þingsályktunar [71. mál]

um sumardvalarheimili fyrir kaupstaðarbörn.

Flm.: Einar Ágústsson, Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til þess að gera tillögur um stofnun sumarheimila í sveitum fyrir börn úr kaupstöðum og kauptúnum.

Skal það meðal annars sérstaklega kannað, hvort og þá á hvern hátt því verði við komið að nýta skólahúsnæði í þessu skyni.

Stefna ber að því, að á slíkum sumarheimilum hafi börnin viðfangsefni, er geti orðið þeim að sem mestum andlegum og líkamlegum þroska, þ. á m. ræktunarstörf, gæzla húsdýra og umgengni við þau.

Nefndin skal hafa samráð við borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórnir kaupstaða, sveitarstjórnir kauptúnahreppa og barnaverndarráð Íslands.

Ráðherra skipar fjóra menn eftir tilnefningu þingflokkanna, einn frá hverjum, en fimmta nefndarmanninn án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin skili áliti svo fljótt sem verða má.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Lengi var það háttur kaupstaðarbúa að koma börnum sínum á sveitaheimili til sumardvalar. Þótti þessi tilhögun holl og þroskavænleg fyrir börnin og því mjög eftirsótt að koma þeim þannig fyrir, og flest kaupstaðarungmenni hafa fram undir þetta notið góðs af slíkri sumardvöl í sveit.

Nú er öldin önnur hvað snertir möguleika sveitafólks til að taka á móti þessum sumargestum. Því veldur hin mikla fólksfækkun, sem orðið hefur á svo að segja hverju einasta sveitaheimili. Þar er ekki lengur sá vinnukraftur innanhúss, sem með

þarf til að sinna þörfum aðkomubarna. Þörfin fyrir sumardvöl kaupstaðarbarna í sveit er þó ekki minni en áður, þvert á móti vex hún óðfluga með fólksflutningum til þéttbýlisins.

Ýmis félagssamtök í landinu hafa á virðingarverðan hátt leitazt við að bæta nokkuð úr þessari þörf, og á vegum Reykjavíkurborgar hefur verið starfræktur vinnuskóli, sem innt hefur af hendi ágætt starf, en þetta hvort tveggja leysir ekki nema að mjög takmörkuðu leyti það viðfangsefni, sem hér um ræðir.

Af þessu hefur það leitt, að foreldrar í kaupstöðum hafa neyðzt til að koma börnum sínum á barnaskólaaldri til starfa á hinum almenna vinnumarkaði, þegar ekki er um skólagöngu þeirra að ræða. Eru dæmi þess, að börn hafa verið sett til þeirra starfa, sem ekki verða talin þeim holl eða hættulaus, hvorki andlega né líkamlega.

Hér er tvöföld hætta á ferðum. Annars vegar sú, að kaupstaðabörn missa af þeim skóla, sem sveitin og sveitalífið hefur verið börnum landsins, hins vegar ráðast þau til þeirra starfa við sjávarsíðuna, sem jafnvel geta orðið þeim viðsjárverð, eða þau hafa engin sérstök viðfangsefni, en það er kannske verst af öllu.

Flutningsmönnum er sú skoðun kunn, sem margir hafa á þessum málum, að þeim sé bezt borgið í höndum einstakra áhugamanna og samtaka þeirra, og sízt viljum við gera hlut þessara manna lítinn.

En það er skoðun okkar nú sem fyrr, að þetta viðfangsefni sé svo stórt í sniðum, að ofætlun sé að ætla þeim að leysa það einum og án aðstoðar hins opinbera.

Vaxandi erfiðleikar hafa á undanförnum árum verið á því að fá skólaæskunni sumarverkefni. Meðan kennslutilhögun er í núverandi horfi, er sumarleyfi nemenda að jafnaði 4—5 mánuðir á ári. Það er vissulega mikið starf, sem krefst ærinnar skipulagningar, að fá þessu unga fólki heppileg viðfangsefni.

Það er skoðun okkar flutningsmanna, að nauðsyn sé að gera sér grein fyrir því, hver sé þörf á aukningu sumarheimila í sveit fyrir börn í Reykjavík og öðrum þéttbýlissvæðum landsins, og finna að því búnu leiðir til úrbóta.

Sþ. 80. Breytingartillögur [30. mál]

við till. til þál. um aukna hagnýtingu á saltsíld.

Frá Kristjáni Ingólfssyni og Helga Seljan.

1. Í stað „5 manna nefnd“ komi: 7 manna nefnd.
2. Aftan við „Síldarútvegsnefnd einn mann“ komi: Alþýðusamband Íslands einn mann, Samband íslenzkra sveitarfélaga einn mann.

Sþ. 81. Tillaga til þingsályktunar [72. mál]

um rannsóknarstofnun í áfengismálum.

Flm.: Ingvar Gíslason, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma upp rannsóknarstofnun í áfengismálum, er hafi það hlutverk að vinna að vísindalegum rannsóknum á áfengismálum, félagslegum og læknisfræðilegum. — Kannaðir verði í þessu sambandi möguleikar á samstarfi við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, og höfð verði, eftir því sem ástæður þykja til, hliðsjón af áfengismálarannsóknum á Norðurlöndum. — Verja skal til starfsemi þessarar og henni til undirbúnings, að svo miklu leyti sem til hrekkur,

þeim hluta af tekjum gæzluvistarsjóðs, er ætlaður er til rannsókna á orsökum, eðli og meðferð drykkjusýki samkvæmt 17. gr. laga nr. 39 1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Að öðru leyti kostar ríkssjóður starfsemi þessa af ágóða sínum af einkasölu á áfengi.

Greinargerð.

Vorið 1964 kaus Alþingi samkv. þingsályktun nefnd sjö alþingismanna til þess að rannsaka svo sem verða mætti ástandið í áfengismálum þjóðarinnar. Formaður nefndarinnar var Magnús Jónsson fjármálaráðherra, enda var hann flutningsmaður þingsályktunartillögu þeirrar, er að þessu laut. Aðrir nefndarmenn voru: Alfreð Gíslason, læknir, Axel Jónsson, Einar Ingimundarson, Ingvar Gíslason, Jón Þorsteinsson og Sigurvin Einarsson.

Nefndin skilaði skýrslu til dómsmálaráðherra snemma sumars 1966, og var hún síðar prentuð sem fylgiskjal með frumvarpi til laga um breyting á áfengislögum, lögðu fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.

Ekki er þess kostur að rekja hér efni skýrslu áfengismálanefndar, en fremst meðal ábendinga hennar til úrbóta í áfengismálum er eftirfarandi:

> „Efna þarf til víðtækra vísindalegra áfengismálarannsókna hér á landi, bæði félagslegra og læknisfræðilegra. Kanna skal möguleika á samvinnu við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, WHO, um slíkar rannsóknir. Telur nefndin rétt, að komið verði á fót sérstakri **rannsóknarstofnun í áfengismálum** og verði nú þegar valdir sérfróðir menn til þess að gera tillögur um skipulag slíkrar stofnunar."

Þingsályktunartillaga sú, sem hér er nú flutt, er í aðalatriðum sniðin eftir þessari ábendingu áfengismálanefndarinnar.

Um það þarf ekki að deila, að íslenzka þjóðin á við verulegt áfengisvandamál að etja, sem birtist í ýmsum myndum, sumum allraunalegum. Þúsundir manna eru haldnir drykkjusýki á ýmsu stigi, og heimilisböl vegna ofdrykkju er algengt, auk þess sem ofneyzla og misnotkun áfengis veldur vinnutapi og eignatjóni með ýmsum hætti. Þó fer ekki hjá því, að skoðanir séu skiptar um orsakir og eðli áfengisvandamálsins, enda vart á nokkurs eins manns færi að setja fram óyggjandi skýringu á því efni. Þó virðist einsýnt, að orsakir þessa vandamáls séu af ýmsum toga spunnar og eðli þess margvíslegt. Því miður hafa engar alhliða rannsóknir átt sér stað á þessu sviði hérlendis, en þeirra er brýn þörf, ef nokkur kostur á að vera þess að grafast fyrir meginorsakir áfengisvandamálsins og gera sér grein fyrir margvíslegu eðli þess. Enn örðugra er þó að benda á algild úrræði til lausnar áfengisvandamálinu. Sýnist þar sitt hverjum, sem að líkum lætur, en fáir munu verða til þess að neita því, að víðtækra rannsókna sé þörf á áfengisvandamálinu og að þær mundu framar öðru auka líkur fyrir því, að úr því mætti draga. Var það og einróma skoðun áfengismálanefndar Alþingis, að nauðsynlegt væri að stofna til slíkra rannsókna, enda um það fordæmi frá hinum Norðurlöndunum, einkum frá Finnlandi og Svíþjóð, einnig nokkuð frá Danmörku og Noregi. Finnska áfengiseinkasalan setti á stofn árið 1950 „Stiftelsen för alkoholforskning", sem einkum hefur unnið að félagslegum athugunum í sambandi við áfengismál. Í Svíþjóð starfa tvær læknisfræðilegar stofnanir að áfengismálarannsóknum, „Institutionen för teoretisk alkoholforskning" og „Alkoholklinik" í Karolinska geðveikraspítalanum í Stokkhólmi. Í Danmörku hefur „Socialforskningsinstitut" áfengismálarannsóknir með höndum og í Noregi „Statens Institutt for Alkoholforskning". Á ráðstefnu um áfengismál, sem haldin var í Helsinki árið 1956, var ályktað um nauðsyn þess að auka rannsóknir á sviði áfengismála og efla samvinnu Norðurlanda um slíkar rannsóknir. Á vegum Norðurlandaráðs var stofnuð „norræn áfengisrannsóknarnefnd" árið 1959. Af einhverjum ástæðum urðu Íslendingar ekki þátttakendur í þessu samstarfi, og þyrfti að bæta úr því hið bráðasta, ef þess er kostur. Norræna áfengisrannsóknarnefndin beitti sér fyrir samræmdum athugunum á drykkjuvenjum ungmenna í fjórum höfuðborgum Norðurlanda, öllum nema Reykjavík. Niðurstöður rannsókna þessara hafa verið gefnar út á bókum. Þá

mun „norræna áfengisrannsóknarnefndin“ hafa gengizt fyrir svipaðri athugun á drykkjuvenjum manna á aldrinum 30—40 ára.

Um nauðsyn áfengismálarannsókna má vísa til bréfs dr. Tómasar Helgasonar prófessors til áfengismálanefndar Alþingis, dags. 16. ágúst 1965, en þar segir m. a.:

„Um framtíðarverkefni til varnar ofdrykkjunni eða drykkjusýkinni er aftur erfiðara að segja. Nokkrar ábendingar má fá frá fyrri rannsóknum mínum og annarra, en brýnast er að hefja nú þegar frekari rannsóknir á drykkjuháttum fólks hér á landi og þá sérstaklega drykkjuháttum mismunandi aldurshópa og hvernig þeir hafa hafið drykkju, hvenær þeir drekka, hve mikið, hve lengi og ekki síst hvers vegna hver einstakur drekkur til að byrja með. Þegar niðurstöður slíkra rannsókna eru fyrir hendi, er þess fyrst að vænta, að hægt verði að koma á kerfisbundnum vörnum gegn drykkjusýkinni.“

Í ábendingum áfengismálanefndar Alþingis og í þingsályktun þessari er bent á, að kannaðir verði möguleikar á samstarfi við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina um áfengismálarannsóknir hér á landi. Svo sem kunnugt er, er Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (World Health Organization) sérstofnun innan samtaka Sameinuðu þjóðanna og hefur aðalaðsetur í Genf.

Áfengismálarannsóknir munu að sjálfsögðu kosta nokkurt fé. Eðlilegt er, að til þeirra verði varið því, sem ætlað er til slíkrar starfsemi samkvæmt 17. gr. laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, en meira þarf til að koma. Virðist flutningsmönnum ekki áhorfsmál, að nokkru af áfengissölugróða ríkissjóðs sé varið til áfengismálarannsókna.

Ed. 82. Frumvarp til laga [73. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 21 4. jan. 1968, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Einar Ágústsson, Páll Þorsteinsson, Bjarni Guðbjörnsson.

1. gr.

7. gr. C. fyrri málsgrein orðist svo:

Ársvextir af lánum þessum skulu vera 4%. Þau skulu vera afborganalaus fyrstu 3 árin, en endurgreiðast síðan að fullu á 32 árum með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Hvert lán skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð. Af afborgunum, þegar þær koma til, skal skuldari greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, sem hverju sinni hefur orðið á kaupgjaldsvísitölu (sbr. 5. málsgr. 5. gr.) frá lántökutíma og til 1. febrúar næst fyrir hverja ársgreiðslu.

Til greiðslu á kostnaði veðdeildar Landsbankans vegna starfa hennar í þágu byggingarsjóðs ríkisins skulu skuldarar greiða árlega sem svarar ¼% af lánsfjárhæðinni.

2. gr.

Á eftir 12. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, sem verða 13. og 14. gr., svo hljóðandi:

1. (13. gr.) Byggingarsjóður (veðdeild) skal gefa út og selja skuldabréf til 35 ára.

Kaupendur slíkra bréfa skulu hafa rétt til að draga andvirði þeirra frá skatt- og útsvarsskyldum tekjum það ár, sem þeir kaupa bréfin af byggingarsjóði (veðdeildinni). Þó skulu ekki frádráttarbær meiri bréfakaup ár hvert en sem nemur krónur 100 000.00 hjá einstaklingum og 300 000.00 hjá fyrirtækjum.

Bankavaxtabréf þessi skulu vera ríkistryggð og 1/35 hluti hvers lánaflokks — árssala — dreginn út ár hvert. Vísitöluuppbót skal greidd á bréf þessi við útdrátt á sama hátt og af lánum byggingarsjóðs.

Bankavaxtabréf þessi skulu skráð á nafn, og hver lánaflokkur má eigi nema hærri fjárhæð en 300 milljónum króna. Bankavaxtabréf þessi skal byggingarsjóður (veðdeild) hafa til sölu í öllum bönkum og bankaútibúum, svo og þeim sparisjóðum, sem húsnæðismálastjórn ákveður í samráði við veðdeild.

Húsnæðismálastjórn og veðdeild Landsbankans skulu ákveða gerð bréfanna og fjárhæð hvers lánaflokks.

Vextir af bréfum þessum skulu vera hinir sömu og eru af lánum byggingarsjóðs.

Nánari ákvæði um sölu og útdrátt bréfanna skulu sett með reglugerð.

2. (14. gr.) Á vegum byggingarsjóðs ríkisins skal veðdeild Landsbanka Íslands hafa til sölu spariskírteini.

Spariskírteini þessi skulu vísitölutryggð á sama hátt og lánsfé byggingarsjóðs og vextir af þeim hinir sömu og útlánsvextir byggingarsjóðs, og skulu þeir útborgaðir, um leið og skírteini er innleyst. Skírteinin skulu skráð á nöfn kaupenda.

Eigendur skírteini skulu njóta þeirra hlunninda að hafa forgang fyrir lánum til bygginga eða kaupa á íbúð, svo og rétt til 25% hærra láns en venjulegt lán byggingarsjóðs er, þó aldrei yfir 85% af matsverði íbúðar.

Til að njóta slíkra hlunninda þurfa þó hlutaðeigendur að hafa keypt spariskírteini fyrir minnst 250 þús. kr. á eigi skemmri tíma en 10 árum, og skal a. m. k. 35% af upphæðinni hafa verið keypt 5 árum áður en þeir sækja um lánið.

Nú vill eigandi spariskírteinis fá skírteini sitt innleyst, og skal hann þá tilkynna veðdeild Landsbankans það með eins árs fyrirvara.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd lagafyrirmælis þessa.

3. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna breytist og verði þannig:

III. KAFLI

Um sparnað, vísitölutryggð skuldabréf og sparifjárskírteini í þágu íbúðarbygginga.

4. gr.

Á eftir ákvæðum til bráðabrigða í lögunum komi nýtt ákvæði, svo hljóðandi:

Það fé, sem byggingarsjóður ríkisins leggur af mörkum til framkvæmdaáætlunar um byggingar í Breiðholti í Reykjavík, ber framkvæmdanefnd byggingaáætlunarinnar að endurgreiða byggingarsjóði eftir þeim reglum, sem ráðherra setur. Ríkisstjórnin skal, eftir því sem þörf krefur, afla þess fjár, sem framkvæmdanefndinni er skv. 1. mgr. skylt að endurgreiða. Því fé, sem þannig rennur í byggingarsjóð ríkisins, ber Húsnæðismálastjórn ríkisins að úthluta eftir reglum hins almenna veðlánakerfis.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér verður ekki rakin saga húsnæðismála í landinu hina síðustu áratugi. Hefur þar misjafnlega til tekizt þrátt fyrir góð áform. Vissulega væri það nauðsynjaverk, að slík saga yrði ýtarlega samin, og væntanlega verður svo gert, um leið og öll okkar húsnæðismálalöggjöf verður endurskoðuð í heild, eins og heitið hefur verið af ríkisstjórnarinnar hálfu. Eitt er víst, að hinn rauði þráður þeirrar sögu hin síðari ár eru staðreyndirnar, hversu báglega hefur tekizt að ná því marki, sem stefna skyldi að, þ. e. að leysa húsnæðisþörf landsmanna með sem haganlegustu móti og minnstum kostnaði. Hefur öndvert til gengið við góðviljaðan ásetning. Sífellt ríkir tilfinnanlegur húsnæðisskortur, óhófs hefur allt of mjög gætt í byggingarmáta, fjármagnsskortur hefur þjakað almennt allt húsbyggingakerfið, og margt fleira kemur til.

Svo umfangsmikil eru þessi mál og svo gífurlegt er fjármagnið, sem varið er og verður varið til íbúðabygginga, að þau teljast eitt höfuðatriði efnahagsmála okkar.

Lausn þessa verkefnis með hagkvæmum hætti er ein af meginforsendum þess, að okkur lánist að komast fram til bættra lífskjara.

Hjá okkur er svo komið, að húsnæðisskorturinn og bygging íbúðarhúsnæðis er einn af meginþáttum sívaxandi verðbólgu. Er þjóðfélaginu meira en lítil hætta búin, ef enn heldur fram í þessum efnum sem verið hefur. Hér er ef til vill um að tefla hinn veikasta hlekk í allri þjóðfélagsbyggingunni. Og við það er ekki hægt að búa miklu lengur, að svo skuli skipulagi háttað í íbúðarhúsabyggingum, að ævinlega verði þeim samfara drápsklyfjar skulda, sem endalaust kvelja flesta þá, sem meðaltekjur hafa, svo að ekki sé talað um láglaunafólk. Þessir hópar eru æði fjölmennir með þjóðinni.

Allir hljóta að sjá, að þessi málefni verður að taka nýjum og fastari tökum og vinna að því með öllum tiltækum ráðum, að framkvæmd húsnæðismálanna verði í sem fyllstu samræmi við yfirlýsta stefnu löggjafarinnar um byggingar „hóflegra íbúða á hagstæðu verði".

Þegar meta skal, hver ráð séu til lækkunar byggingarkostnaðar, kemur að sjálfsögðu margt til álita. Líkast til er einn stærsti vandinn fjármagnsskorturinn og svo auðvitað að yfirvinna þá einstöku tregðu og sinnuleysi, sem ríkt hefur um framkvæmd á 3. gr. húsnæðismálalöggjafarinnar, þar sem húsnæðismálastofnuninni er fyrirskipað að vinna að umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði eftir margháttuðum skynsamlegum leiðum, sem nánar eru tilgreindar.

Í því frv., sem hér um fjallar, eru tillögur aðallega gerðar að því er varðar fjáröflun til byggingarframkvæmda. Sú fjáröflun byggist á auknum sparnaði, þannig að fjármunaráðstöfun almennings geti að öðrum þræði komizt í þann farveg, sem leiða mætti til uppbyggjandi framkvæmda.

Þannig er vikið aðeins að einum þætti hins mikla vandamáls, en þó þeim, sem getur haft víðtækt gildi og varanlegt í þjóðarbúskapnum, ef vel tekst til, í því skyni að lækka til muna byggingarkostnað og auðvelda fólki að koma sér upp íbúðareign og halda henni með bærilegum hætti.

Sérfræðingar telja, að hér á landi hafi á tímabilinu 1960—1967 vantað 2000 íbúðir til að fullnægja áætlaðri þörf. Efnahagsstofnunin telur íbúðarþörfina 1967—1971 að meðaltali 1725 íbúðir á ári. Ef meðalstærð hverrar íbúðar væri 390 m³, yrði kostnaðarverð íbúðarinnar miðað við byggingarvísitöluna í júlí 1969, sem er kr. 3889.00 pr. m³, kr. 1 516 000.00.

Fjárfesting í 1725 íbúðum á ári miðað við verðlag í júlí 1969 er því alls 2615 millj. króna.

Lánamöguleikar byggingarsjóðs eru áætlaðir 470 millj. kr., verði tekjustofnar ekki auknir fram yfir það, sem nú er, og eru þannig ca. 18% af nauðsynlegri fjárfestingu í íbúðabyggingum.

Ef tekið er til athugunar, hvernig mál kunna að standa í byrjun júlí á næsta ári, kemur þetta í ljós:

1) Allir þeir, sem fá fyrri hluta láns eftir 1. nóv. 1969, og þeir, sem fengju það eftir 1. febr. 1970, eiga þá ófenginn síðari hluta lánsins.
2) Þeir, sem ekki höfðu skilað vottorði um fokhelt fyrir árslok 1969, enda þótt þeir hafi sótt um lán fyrir 16. marz 1969, hafa enga úrlausn fengið.
3) Auk þessa eru svo allir þeir, sem sótt hafa um lán frá 15. marz 1969 til og með 30. júní 1970, óafgreiddir.

Hversu margir þessir lánsumsækjendur kunna að verða, er ekki unnt að segja fyrir um með neinni vissu, en miðað við eðlilega byggingarstarfsemi mætti ætla, að þeir yrðu eigi mikið undir 2000.

Fjármagnsvöntun byggingarsjóðsins er því tæpast minni en 900 millj. króna, ef eigi verður að gert.

Það fer því ekki milli mála, að brýna nauðsyn ber til þess, að útlánamöguleikar byggingarsjóðsins verði stórauknir. Á það vitaskuld eigi aðeins við næsta ár, heldur

og eigi síður við um langa framtíð. Fjármögnun verður því að koma til í stórum stíl. Skoðun okkar flm. er sú, að slík fjörmögnun eigi að koma frá auknum sparnaði, enda vísast, að hvers konar framkvæmdir eiga sér ekki stað að jafnaði með eðlilegum hætti, nema til komi sparnaðarfé í einhverri mynd. Að vísu er gegndarlaus verðbólga ásamt margítrekuðum gengisfellingum lítt til fallin að halda uppi og hvað þá heldur að auka sparnaðarviðleitni almennings. Margvísleg óhófseyðsla svo og ótímabær og fljótfærnisleg fjárfesting, eigi aðeins einstaklinga, heldur og hvers kyns fyrirtækja á liðnum árum, sýnir ljóslega flótta fólksins undan verðbólgueldinum. Skal þetta sízt hér átalið út af fyrir sig. Þetta má telja nokkurs konar sjálfsvörn gegn áþján, sem almenningur á minnsta sök á. Með þeim verðtryggingum og ýmsum hlunnindum, sem í frv. getur nánar, og fylgir þeirri skuldabréfa- og spariskírteinasölu á vegum byggingarsjóðs, sem komið yrði á fót, ef ákvæði frv. kæmu til framkvæmda, er eigi að síður reynt að koma að nokkru í veg fyrir tjón, sem verðfall peninga og verðbólga kynni að valda sparifjáreigendum.

Þær fjáröflunarleiðir, sem hér eru gerðar tillögur um, eru þekktar með nágrannaþjóðum okkar, og þær leiðir eða svipaðar þeim farnar í þágu íbúðarlánakerfis og taldar hafa gefizt með ágætum.

Hér hefur aðeins lauslega verið rakið, við hvern vanda er að etja í húsnæðismálum okkar Íslendinga, og þarf eigi frekar að gera því skóna, hve auðsær og stórfelldur hann er. Jafnaugljós er hin brýna lífsnauðsyn okkar í köldu og misviðrasömu landi að búa við fjárhagslega viðráðanlegt og heilsusamlegt íbúðarhúsnæði.

Við flm. frv. teljum, að þær tillögur, sem það hefur að geyma, megi leiða til nokkurrar úrlausnar, ef sæmilega tækist til um framkvæmd þeirra og ekki sígur enn meir á hlið erfiðleika og vandræða í efnahagslífi þjóðarinnar.

Skal farið nokkrum orðum um greinar frv.

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að lánin verði afborganalaus fyrstu 3 árin í stað eins árs eins og nú er, og lánstíminn lengdur í 35 ár í stað 26 ára.

Eins og kunnugt er, var vísitölubinding lánanna lögfest í samræmi við júnísamkomulagið milli ríkisstjórnarinnar og verkalýðsfélaganna árið 1964. Það samkomulag hefur sjálfsagt byggzt á því, að alvarleg tilraun yrði gerð af opinberri hálfu til þess að hefta vaxandi verðbólgu og jafnframt að laun yrðu að fullu verðtryggð. Rættust þær vonir lítt. Hins vegar hefur á leiðinni verið slakað á vísitölubindingunni. Verður að ætla, að eigi líði langur tími, þar til ráðizt verði af einbeitni og heilshugar gegn hinum mikla skaðvaldi, verðbólgunni, og hún heft að verulegu leyti. Flm. frv. þykir rétt, að vísitölubinding á vöxtum af lánunum falli niður. Hins vegar er varla, eins og á stendur og kerfi byggingarsjóðsins er háttað, efni til að breyta lagareglum, sem að þessu leyti gilda um afborganir. Þá er lagt til, að vísitöluálagið á greiðslu til veðdeildarinnar falli niður.

Með ákvæðum þessarar greinar er að nokkru stefnt að því að létta undir með lántakendum.

Um 2. gr.

Í íslenzkri löggjöf er verðbréfasala með þeim hætti, sem hér greinir, algert nýmæli. Hér á landi hafa verðbréf verið með öllu óseljanleg á frjálsum markaði nema í mjög óverulegum mæli og þá með 40—50% afföllum. Víðast hvar í vestrænum heimi hefur verðbréfasala þjóðhagslega mikilvæga þýðingu á fjölmörgum sviðum efnahagslífsins. Hjá okkur hefur hins vegar ekki reynt á slík viðskipti, svo að heitið geti, og er orsök þess vafalaust m. a. hið síminnkandi verðgildi krónunnar. Með því að vísitölutryggja skuldabréfin, eins og frv. gerir ráð fyrir, má ætla, að menn sjái sér hag í því að kaupa slík bréf að öðru jöfnu. Gæti það átt hlut að því, að úr ónauðsynlegri eyðslu drægi og síður yrði hrapað að fjárfestingu í margvíslega miður þörfum hlutum.

Þá ætti það að verða hvatning til kaupa á skuldabréfunum og jafnframt örvun til fjáröflunar, að andvirði bréfanna má draga frá skatt- og útsvarsskyldum tekjum. Í

þjóðfélagi okkar, sem þarf á öllu sínu vinnuafli að halda til uppbyggingar á velflestum sviðum til sífellt bættrar framtíðaraðstöðu þjóðarinnar, er nauðsyn, að hver og einn verkfær borgari inni af hendi hagnýtt starf og iðki sparsemi, svo sem tök eru á, bæði sín vegna og þjóðfélagsins. Við höfum ekki efni á því, að fjöldi einstaklinga leiði hjá sér margs konar aukastörf, sem full þörf er á að vinna, með þeirri umsögn, að allt fari í skatta og útsvör. Við flm. teljum núverandi atvinnuleysisástand aðeins tímabundið og atvinna verði meiri en nóg fyrir alla landsmenn, þegar því linnir. Til þess að einstakir hátekjumenn geti ekki komizt undan verulegri greiðslu opinberra gjalda, eru árleg skuldabréfakaup einstaklinga og fyrirtækja bundin við ákveðna frádráttarbæra hámarksfjárhæð.

Það er ekki úr vegi að ætla, að betur yrði frá framtölum gengið, og er þá reiknað með mannlegum veikleika, ef framteljendur gætu notað slík bréfakaup til lækkunar sköttum sínum. Má þykja líklegt, að hin árlega bréfasala eftir þessari leið, sem hér er bent á, verði ekki nema að nokkrum hluta til að draga frá tekjustofnum ríkis og sveitarfélaga.

Erfitt er auðvitað að segja fyrir um það, hvað skuldabréfasalan kynni að auka fjármögnun íbúðarlánakerfisins. Þrátt fyrir ýmsa kosti þess fyrir einstaklinga og fyrirtæki að festa fé í verðbréfum sem þessum og þrátt fyrir ríka þegnskapartilfinningu margra, þá þætti e. t. v. sumum vafasamt að festa fé sitt til 35 ára. Á hitt er að líta, að skuldabréfin hlytu jafnan að teljast sæmilegt handveð fyrir lánum hjá peningastofnunum, ef til þyrfti að grípa. Vísitölutryggingin og frádrátturinn við skattframtal, svo og hinn árlegi útdráttur bréfa, hlyti að höfða til æðimargra, enda þótt bréfin eigi að telja til eignar og grunnvexti til tekna.

Í annan stað er lagt til að fara enn aðra leið til fjáröflunar fyrir byggingarsjóð ríkisins og til frjáls sparnaðar almennings í þágu byggingarmála. Lagt er til, að veðdeild Landsbanka Íslands hafi til sölu spariskírteini á vegum byggingarsjóðs. Þau skuli vísitölutryggð á sama hátt og lánsfé sjóðsins. Skírteiniseigendum eru tryggð mikilsverð hlunnindi. Þeir hafa forgang að lánum til byggingar eða kaupa á íbúð, einnig rétt til 25% hærra láns en venjulegt lán byggingarsjóðs er. En skilyrði eru sett um lágmarkskaup skírteina.

Að áliti okkar flm. er það tilraunarinnar virði a. m. k. að stofna til fjáröflunar eftir þeim leiðum, sem hér hefur verið bent á og að nokkru rakið. Hinn alvarlegi fjárskortur byggingarsjóðs og hin brýna lánsfjárþörf hinna mörgu, sem brjótast í því að koma þaki yfir höfuð sér og sinna, knýr svo fast á, að eigi verður hjá því komizt fyrir ríkisvaldið að leysa úr þessum margþætta vanda með öllum tiltækum ráðum.

Um 3. gr.

Rétt þykir, að yfirskrift III. kafla laganna verði breytt til samræmis við hinar nýju fjáröflunartillögur.

Um 4. gr.

Á árinu 1965 var í sambandi við kjarasamninga gert samkomulag um húsnæðismál milli ríkisstjórnarinnar og verkalýðsfélaga. Þá var ákveðið, að hefja skyldi byggingu íbúða í Reykjavík samkvæmt áætlun. Þeir félagsmenn í verkalýðsfélögum, sem keyptu þessar íbúðir, skyldu eiga kost á allt að 80% láni út á verðmæti íbúðanna. Gert var ráð fyrir því, að veitt yrðu lán úr byggingarsjóði ríkisins út á þessar íbúðir, er samsvöruðu lánum, sem aðrir húsbyggjendur fá úr sjóðnum. Að öðru leyti skyldi ríkisstjórnin útvega fjármagn til framkvæmdanna. Tekið var fram, að samið yrði við atvinnuleysistryggingasjóð um lánveitingar út á þessar íbúðir og kæmu þau lán til viðbótar lánum frá húsnæðismálastjórn.

Byggingarframkvæmdir hófust samkvæmt þessari áætlun í apríl 1967 og húsunum valinn staður í Breiðholti í Reykjavík. Fyrsta áfanga mun vera sem næst lokið. Í þessu hverfi hafa verið reistar 335 íbúðir. Heildarkostnaðurinn er orðinn 396 millj. kr. Vegna þessara framkvæmda hefur byggingarsjóður lagt út tæpar 281 millj. kr.

Miðað við venjuleg lán hefði sjóðurinn átt að lána 154 millj. kr. Vegna Breiðholtsframkvæmdanna hefur þannig verið 127 millj. kr. minna til úthlutunar innan hins almenna veðlánakerfis byggingarsjóðs. Þessi mikla skerðing á fjárráðum hefur alvarlega torveldað húsnæðismálastjórn að fullnægja eftirspurn lána eftir reglum hins almenna veðlánakerfis og valdið óhæfilegu tjóni og erfiðleikum húsbyggjendum, sem við það kerfi búa.

Ákvæði þessarar greinar fela í sér fyrirmæli til ríkisstjórnarinnar um, að hún fari að eins og til var ætlazt með samkomulaginu 1965 og afli fjár vegna framkvæmdanna samkvæmt byggingaráætlun í Breiðholtshverfi til viðbótar lánum húsnæðismálastofnunarinnar til íbúðakaupendanna. Jafnframt endurgreiði framkvæmdanefnd byggingaáætlunarinnar byggingarsjóði ríkisins það fé, sem hann hefur varið til framkvæmdanna í Breiðholti umfram venjuleg íbúðarlán, enda úthluti húsnæðismálastjórn þessu fjármagni eftir reglum hins almenna veðlánakerfis.

Nd. 83. Frumvarp til laga [74. mál]

um skattfrelsi heiðursverðlauna.

Flm.: Magnús Kjartansson.

1. gr.

Heiðursverðlaun, sem menn fá án umsóknar frá stofnunum, innlendum eða erlendum, fyrir afrek á sviði lista og mennta, tækni og vísinda, skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari frá og með árinu 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi voru samþykkt sérstök lög um skattfrelsi heiðursverðlauna, sem Halldór Laxness hafði hreppt úr dönskum sjóði, kenndum við Sonning. Við meðferð málsins kom fram, að óeðlilegt væri að setja sérstök lög af þessu tilefni einu; um heiðursverðlaun af slíku tagi þyrfti að semja almenna reglu. Menn voru hins vegar ekki reiðubúnir til þess á síðasta þingi að semja slíka reglu, og því er þess freistað öðru sinni að ná samkomulagi um þessa sjálfsögðu breytingu.

Sem dæmi um þetta vandamál má nefna, að í haust fékk Magnús Már Lárusson, rektor Háskóla Íslands, heiðursverðlaun fyrir fræðistörf, kennd við Heinrich Steffen, frá Stiftung F. U. S. í Hamborg. Verðlaun þessi námu 25 000 vestur-þýzkum mörkum, eða um 550 000 íslenzkum krónum, og samkvæmt gildandi lögum á Magnús Már Lárusson að greiða meiri hluta þessara verðlauna í tekjuskatt og útsvar. Vandséð er þó, hvers vegna önnur skattheimturegla á að gilda um þessi heiðursverðlaun en Sonningverðlaunin. Mörg önnur dæmi, hliðstæð þessu, mætti nefna um heiðursverðlaun frá erlendum og innlendum aðilum.

Ed. 84. Frumvarp til laga [75. mál]

um breyting á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

Flm.: Auður Auðuns.

1. gr.

Aftan við 26. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í öðrum sveitarfélögum er sveitarstjórn með sama hætti heimilt að fela sérstöku félagsmálaráði framkvæmd framfærslumála í stað framfærslunefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frv. var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt.

Í lögum nr. 80 frá 24. desember 1967 er ákveðið, að í Reykjavík komi félagsmálaráð í stað framfærslunefndar skv. 26. gr. framfærslulaga nr. 80/1947, en framfærslumálin eru einn þáttur félagsmála, sem falla undir verksvið félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og félagsmálaráðs borgarinnar, sem er undirnefnd borgarstjórnar.

Á ráðstefnu Sambands íslenzkra sveitarfélaga um félagsmál, sem haldin var 20.—22. nóv. s. l., var svofelld ályktun samþykkt um meðferð félagsmála:

„Ráðstefnan beinir því til stjórnar sambandsins, að hún vinni að því, að gerðar verði breytingar á lögum, þannig að sveitarstjórnir fái heimild til að fela undir eina stjórn meðferð félagsmála í sveitarfélaginu með stofnun sérstaks félagsmálaráðs, eins og nú er í Reykjavík."

Í samræmi við framangreinda ályktun og að ósk Sambands íslenzkra sveitarfélaga er frumvarp þetta flutt.

Ed. 85. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á lögum nr. 53 13. maí 1966, um vernd barna og ungmenna.

Flm.: Auður Auðuns.

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Með sama hætti getur ráðherra heimilað, ef sveitarstjórn óskar þess, að störf barnaverndarnefndar í sveitarfélagi utan Reykjavíkur verði falin félagsmálaráði að nokkru eða öllu leyti, þar sem sveitarstjórn ákveður stofnun slíks félagsmálaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frv. var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt.

Með lögum nr. 31 frá 20. apríl 1968 var menntamálaráðherra heimilað að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf barnaverndarnefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti, en barnaverndarmál eru einn þáttur félagsmála, sem undir félagsmálaráð falla.

Á ráðstefnu Sambands íslenzkra sveitarfélaga um félagsmál, sem haldin var 20.—22. nóv. s. l., var svofelld ályktun samþykkt um meðferð félagsmála:

„Ráðstefnan beinir því til stjórnar sambandsins, að hún vinni að því, að gerðar verði breytingar á lögum, þannig að sveitarstjórnir fái heimild til að fella undir eina stjórn meðferð félagsmála í sveitarfélaginu með stofnun sérstaks félagsmálaráðs, eins og nú er í Reykjavík".

Í samræmi við framangreinda ályktun og að ósk Sambands íslenzkra sveitarfélaga er frumvarp þetta flutt.

Nd. 86. Frumvarp til laga [77. mál]

um Útgerðarstofnun ríkisins til atvinnujöfnunar.

Flm.: Magnús Kjartansson, Eðvarð Sigurðsson.

1. gr.

Útgerðarstofnun ríkisins er sjálfseignarstofnun, sem lýtur sérstakri stjórn. Hlutverk hennar er að annast útgerð togara og báta og miðla hráefni til þeirra staða, þar sem atvinnuástand er lélegt og verkefni skortir.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal semja um kaup á allt að 5 skuttogurum, 1500—2000 smálesta að stærð, og 5 bátum af stærðinni 250—400 rúmlestir og afhenda þá stofnuninni. Stærri skipin skulu búin fullkomnum tækjum til að heilfrysta fisk.

3. gr.

Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunarinnar samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er fé þetta óafturkræft. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að taka fé að láni innanlands eða utan í þágu útgerðarinnar.

4. gr.

Ráðherra skipar 7 menn í útgerðarstjórn og 7 til vara til þriggja ára, og skulu tveir tilnefndir af áhöfnum skipanna og öðru starfsliði stofnunarinnar, en tveir af frystihúsaeigendum, hvort tveggja samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur. Fyrsta stjórn skal þó skipuð án tilnefningar til eins árs. Stjórnin kýs sér sjálf formann.

5. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, og hefur hann daglega stjórn útgerðarinnar með höndum. Í samræmi við þá stefnu, sem útgerðarstjórn markar á hverjum tíma, ákveður framkvæmdastjóri, hvar afla skipanna skal landað og hjá hvaða frystihúsum. Um leið og tillit er tekið til ástands í atvinnumálum, ber einnig að stuðla að hagkvæmari rekstri frystihúsa í landinu, meðal annars með því að setja þau skilyrði fyrir viðskiptum, að gætt sé fyllstu hagræðingar og nýtni við meðferð aflans í landi.

6. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara setur ráðherra með reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi af Ragnari Arnalds, og fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta hefur tvenns konar tilgang: annars vegar að efla togaraútgerð, sem verið hefur á fallandi fæti undanfarinn áratug og stórauka þannig gjaldeyrisöflun þjóðarinnar; hins vegar að miðla hráefni til frystihúsa víða um land og bæta með því rekstur þeirra. Er til þess ætlazt, að þeir staðir, sem búa við lélegt atvinnuástand á hverjum tíma, verði einkum fyrir valinu.

Hagur togaraútgerðar hefur verið mjög misjafn á undanförnum árum, og á það raunar við um hvers konar sjávarútveg. Útgerð togara er hins vegar slíkt stórfyrirtæki, að margir einstaklingar og fjárvana bæjarfélög hafa ekki risið undir taprekstri nokkur ár í röð, og er þetta ein af ástæðunum til þess, að togurum, sem gerðir eru út, hefur verulega fækkað á seinustu árum.

En þótt togarar séu öðru hverju reknir með tapi, þarf þó enginn að efast um, að útgerð þeirra er alltaf hagur fyrir þjóðarheildina. Það væri til lítils, þótt öll fyrirtæki landsins skiluðu miklum gróða, ef þau öfluðu ekki þess gjaldeyris, sem við þurfum. Eitt alvarlegasta vandamálið í dag er einmitt það, að þjóðin eyðir meiri gjaldeyri en hún aflar. Framleiðslu til útflutnings verður að auka með öllum tiltækum ráðum.

Atvinnuleysi er nú víða um land, og þarf því varla að taka fram, hvílík þörf er á auknu hráefni til vinnslu. Reynslan hefur líka sýnt, að í góðu árferði, þegar atvinnuástand í landinu er almennt gott, getur verið talsvert atvinnuleysi í sumum landshlutum. Þannig hefur verið stöðugt atvinnuleysi á Norðurlandi allan þennan áratug, þótt næg atvinna væri víðast annars staðar til skamms tíma.

Það er ein af frumskyldum ríkisvaldsins að gera allt, sem í þess valdi stendur, til að útrýma þessum félagslega sjúkdómi, atvinnuleysinu. Að undanförnu hefur hráefnisskortur verið helzta orsök atvinnuleysis. Til þess að bezt megi skipuleggja dreifingu hráefnis til þeirra staða, sem eiga við tímabundna erfiðleika að etja, virðist það liggja beinast við, að voldug ríkisstofnun annist útgerð margra skipa og hafi heildaryfirsýn yfir hráefnisþörf hinna ýmsu sjávarplássa. Um leið gefst tækifæri til að stuðla að hagkvæmari rekstri frystihúsa.

Endurnýjun togaraflotans er knýjandi nauðsyn. Flutningsmaður telur æskilegt, að sem flestir einstaklingar og sveitarfélög hefji togaraútgerð, ef menn treysta sér til. Hafa þingmenn Alþýðubandalagsins hvað eftir annað flutt um það frumvörp á Alþingi, að ríkisvaldið láti byggja togaraflota og framselji skipin einstaklingum, félögum eða bæjarútgerðum með hagstæðum kjörum. Hins vegar er einsýnt, að við endurreisn þessa atvinnuvegar dugir ekki fyrirgreiðslan ein, ríkið verður beinlínis að leggja hönd á plóginn.

Eins og kunnugt er, hefur nokkuð verið haldið á loft þeim kreddukenningum, sem borizt hafa hingað frá útlöndum, að ríkið megi helzt ekki koma nálægt neinum atvinnurekstri. Virðast ýmsir kjósa frekar, að heilar atvinnugreinar staðni og hætti að vaxa árum saman eða jafnvel visni upp og hverfi vegna skipulagsleysis og fjárskorts, heldur en ríkisvaldið skerist í leikinn og skipuleggi atvinnurekstur.

Íslendingar hafa ekki efni á að leggja trúnað á slíkar kreddur. Þeir hafa ekki efni á að láta frystihús standa ónotuð og fólkið atvinnulaust mánuðum og jafnvel árum saman. Feimni við ríkisrekstur á þessu sviði er ekki sízt fráleit vegna þess, að ríkisvaldið er eini innlendi aðilinn, sem getur leyst það verkefni, sem hér þarf að vinna.“

Ed. 87. Frumvarp til laga [78. mál]

um skipan opinberra framkvæmda.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Opinber framkvæmd merkir í lögum þessum gerð eða breytingu mannvirkis, sem kostuð er af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti, enda nemi áætlaður kostnaður ríkissjóðs a. m. k. 1 millj. kr., sbr. þó 2. mgr. 23. gr. Ákvæði laganna taka einnig til kaupa á eignum, eftir því sem við getur átt.

Heimilt er fjármálaráðuneytinu að breyta áðurgreindri fjárhæð til samræmis við verðbreytingar.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að lög þessi taki, eftir því sem við á, til framkvæmda á vegum ríkisstofnana, er hafa sjálfstæðan fjárhag og því ekki háðar fjárveitingarákvörðunum Alþingis.

2. gr.

Meðferð máls varðandi opinberar framkvæmdir frá upphafi, unz henni er lokið, fer eftir ákveðinni boðleið, er skiptist í fjóra áfanga, svo sem hér segir: Frumathugun, sbr. 3.—5. gr., áætlunargerð, sbr. 6.—10. gr., verkleg framkvæmd, sbr. 11.—19. gr., og skilamat, sbr. 20. gr.

II. KAFLI
Frumathugun.

3. gr.

Frumathugun er könnun og samanburður þeirra kosta, er til greina koma við lausn þeirra þarfa, sem framkvæmdinni er ætlað að fullnægja.

Í greinargerð um frumathugun skulu vera áætlanir um kosti. Þessar áætlanir skulu vera tvíþættar. Annars vegar áætlun um stofnkostnað, þ. m. t. kostnað við áætlunargerð, og hins vegar áætlun um árlegan rekstrarkostnað, þ. m. t. lánsfjárkostnað og tekjur, ef við á. Í greinargerðinni skal skýrt frá þeim rökum, er liggja að vali kosts þess, sem tekinn er, þ. á m. hagkvæmnireikningum, sem notaðir eru í samanburði. Greinargerð um frumathugun skulu auk þess fylgja tillögur um staðsetningu og stærð, svo og frumuppdrættir að fyrirhugaðri framkvæmd, eftir því sem við á.

4. gr.

Frumathugun fer fram á vegum hlutaðeigandi ráðuneytis, ríkisstofnunar, sveitarfélags eða annarra væntanlegra eignaraðila. Hafi annar aðili en ráðuneyti látið gera frumathugun, skal greinargerð skv. 3. gr. send viðkomandi ráðuneyti.

Viðkomandi ráðuneyti gerir tillögur til fjármálaráðuneytis, fjárlaga- og hagsýslustofnunar, um fjárveitingar til einstakra framkvæmda á grundvelli frumathugana og jafnframt um röð framkvæmda til ákvörðunar við gerð fjárlagafrumvarps.

Ef ráðuneyti telur ekki fært að gera tillögu til fjárlaga- og hagsýslustofnunar um fjárveitingu til framkvæmdar skv. frumathugun, sem því hefur borizt, skal sú ákvörðun tilkynnt aðilum svo fljótt sem verða má, og gerð grein fyrir ástæðum.

5. gr.

Nú hefur fjárveiting til opinberra framkvæmda verið tekin í fjárlög, án þess að frumathugun hafi verið gerð, og skal þá frumathugun eigi að síður fara fram skv. ákvæðum 3. og 4. gr. laga þessara.

Leiði frumathugun í ljós, að áliti viðkomandi ráðuneytis, að ekki sé æskilegt að ráðast í áætlunargerð, er einungis heimilt að greiða kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í frumathugun.

III. KAFLI
Áætlunargerð.

6. gr.

Áætlunargerð um opinbera framkvæmd fer fram á vegum hlutaðeigandi ráðuneytis, ríkisstofnunar, sveitarfélags eða annarra væntanlegra eignaraðila í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Þegar opinberri framkvæmd, sem ríkið og annar aðili standa að, er ráðstafað til áætlunargerðar, skal gera samning milli væntanlegra eignaraðila og þeirra aðila, er taka að sér áætlunargerð. Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði vegna áætlunargerðar er háð skriflegu samþykki fjármálaráðuneytisins á þeim samningi.

7. gr.

Áætlunargerð um opinberar framkvæmdir skal vera í tvennu lagi:

1. Fullnaðaruppdrættir og tæknileg verklýsing á þeirri framkvæmd, sem fyrirhuguð er, skrá um efnisþörf, nákvæm kostnaðaráætlun um verkið, tímaáætlun um framkvæmd þess og greiðslu- og fjáröflunaráætlun fyrir framkvæmdartímabilið.
2. Rekstraráætlun, sem nær til minnst 5 ára, eftir að framkvæmd er lokið.

8. gr.

Að lokinni áætlunargerð skv. 7. gr., skal hlutaðeigandi ráðuneyti senda fjárlaga- og hagsýslustofnun áætlunina til athugunar.

Áætluninni skulu fylgja skilríki um það, að fullnægjandi lóðarréttindi og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru vegna væntanlegrar framkvæmdar, verði fyrir hendi, þegar á þarf að halda.

9. gr.

Nú er áætlun um opinbera framkvæmd í fullu samræmi við ákvæði 7. og 8. gr. og byggð á raunhæfum forsendum að áliti fjármálaráðuneytis, og skal þá áætlunin í heild eða skýrt afmarkaður hluti hennar, er nær nýtanlegum áfanga, koma til athugunar við gerð fjárlagafrumvarps fyrir næsta ár.

Ef fjármálaráðuneytið tekur ekki slíka áætlun í fjárlagafrumvarp, skal það tilkynnt hlutaðeigandi ráðuneyti svo fljótt sem verða má og jafnframt gerð grein fyrir ástæðum.

10. gr.

Í frumvarpi til fjárlaga skal tilfæra þá fjárhæð, sem ætluð er á fjárlagaárinu til viðkomandi framkvæmdar, og í greinargerð skal tilfæra þær fjárskuldbindingar, sem falla á seinni fjárlagaár í samræmi við áætlunina. Í fjárlagafrumvörpum næstu ára skal á sama hátt tilgreina fjárhæðir, sem skv. endurskoðaðri áætlun nægja til þess að ljúka framkvæmd á tilsettum tíma.

IV. KAFLI
Verkleg framkvæmd.

11. gr.

Verkleg framkvæmd merkir í lögum þessum gerð verksamninga, verkið sjálft, eftirlit með því, sbr. 17. gr., og þar með úttekt. Verk merkir bæði vinnu og efni.

12. gr.

Verklega framkvæmd, sem greiða skal eingöngu af ríkisfé, er óheimilt að hefja fyrr en fyrir liggur:

1. Heimild í fjárlögum.
2. Ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis um að nota þá heimild.
3. Staðfesting fjármálaráðuneytisins á því, að fjármagn verði handbært í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr.

Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og annars aðila, er eigi heimilt að hefja opinbera framkvæmd fyrr en fé hefur verið veitt til hennar á fjárlögum og undirritaður hefur verið samningur viðkomandi ráðuneytis og aðilans með áritun fjármálaráðuneytisins, er tryggi, að fjármagn verði handbært á framkvæmdartímanum í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr.

Eigi sveitarfélag hlut að máli og sé í greiðsluáætlun gert ráð fyrir framlögum úr sveitarsjóði, nægir um það atriði skrifleg yfirlýsing sveitarstjórnar, að á framkvæmdartímanum verði fjárhæðir teknar á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr.

13. gr.

Verk skal að jafnaði unnið skv. tilboði á grundvelli útboðs. Ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti, að útboð telst ekki munu gefa góða raun, er heimilt, að fenginni umsögn samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, sbr. 22. gr., að vikja frá útboði, sbr. þó 2. mgr.

Ef tilboð eru óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg, skal verkinu ráðstafað á grundvelli fasts samningsverðs eða eftir reikningi.

Útboðslýsingar, verklýsingar og verksamningar skulu vera í samræmi við áætlun skv. 9. gr.

14. gr.

Innkaupastofnun ríkisins annast útboð verka. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, sbr. 23. gr., undirbýr samningsgerð við verktaka og annast reikningshald og greiðslur vegna verka. Heimilt er að fela framkvæmdastofnunum ríkisins, sbr. 21. gr., að annast reikningshald og greiðslur vegna verka.

Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags, er sveitarfélagi heimilt að annast útboð, undirbúa samningsgerð við verktaka og annast reikningshald og greiðslur vegna verksins, ef hlutaðeigandi sveitarfélag hefur til þess fullnægjandi aðstöðu að mati samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, sbr. 22. gr.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir getur áskilið, að sveitarfélag, er sér um útboð vegna framkvæmdar, skuli fá samþykki Innkaupastofnunar ríkisins á útboðslýsingu áður en útboð fer fram.

Þegar framlög til sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélags eru miðuð við ákveðið einingarverð, sbr. II. kafla laga nr. 49/1967 um skólakostnað, annast sveitarfélag útboð og verklega framkvæmd, nema öðruvísi um semjist.

15. gr.

Framkvæmdadeild gerir tillögur til aðila um það, hverju þeirra tilboða, sem borizt hafa, skuli tekið eða hvort öllum skuli hafnað, en þá koma til ákvæði 2. mgr. 13. gr.

16. gr.

Samningur við verktaka skal undirritaður af hlutaðeigandi ráðuneyti. Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags eða annars eignaraðila, skal samningur undirritaður af báðum eða öllum aðilum, nema öðruvísi um semjist, sbr. þó 4. mgr. 14. gr.

17. gr.

Við hvert verk skal eignaraðili eða eignaraðilar sameiginlega tilnefna sérfróðan umsjónarmann með framkvæmd verksamnings skv. 16. gr. Framkvæmdadeild skal samþykkja umsjónarmanninn. Hann skal hafa fullt umboð til að koma fram fyrir hönd eignaraðila gagnvart verktaka og öðrum um allt, er varðar framkvæmd verksins.

Frávik frá áætlun skv. 9. gr. og verksamningi og verklýsingu gerðum skv. henni má eigi gera, þótt nauðsynleg séu, nema með samþykki umsjónarmanns.

Í sérstöku erindisbréfi skal nánar kveðið á um störf og valdsvið umsjónarmanns.

Umsjónarmaður skal gera skýrslu um verk skv. ákvæðum í erindisbréfi sínu og fyrirmælum framkvæmdadeildar. Skýrslur ber að senda öllum aðilum að framkvæmdum og ríkisendurskoðun.

18. gr.

Allur kostnaður vegna starfa umsjónarmanns telst til stofnkostnaðar opinberra framkvæmda.

19. gr.

Nú raskast kostnaðar- eða tímaáætlun verks vegna verðlagsbreytinga eða af tæknilegum orsökum, og skal þá hlutaðeigandi ráðuneyti svo fljótt sem auðið er gera tillögur til fjármálaráðuneytisins um breytta greiðsluáætlun. Samþykki fjármálaráðuneytið hina breyttu greiðsluáætlun, skal miða við hana í frumvarpi til fjárlaga næsta árs. Sé um að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og annars aðila, komi einnig til samþykki þess aðila á breyttri greiðsluáætlun.

V. KAFLI
Skilamat.

20. gr.

Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því, hvernig framkvæmd hefur tekizt miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir, sem þegar hafa verið metnar.

Ríkisendurskoðun setur nánari reglur um fyrirkomulag skilamats og sér um það, að greinargerðir um skilamat séu lagðar fyrir fjárveitinganefnd Alþingis, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og eignaraðila.

VI. KAFLI
Yfirstjórn opinberra framkvæmda.

21. gr.

Fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, fer með fjármálalega yfirstjórn opinberra framkvæmda, þ. e. frumathugunar, sbr. 3—5. gr., og áætlunargerðar, sbr. 6.—10. gr. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins fer með yfirstjórn verklegrar framkvæmdar, sbr. 11.—19. gr., og ríkisendurskoðun fer með yfirstjórn skilamats, sbr. 20. gr.

Sveitarfélög eða aðrir eignaraðilar fara með stjórn þeirra þátta, sem ræddir eru í 4., 6. og 14. gr., eftir því sem þar segir nánar.

Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni.

Ríkisstjórnin úrskurðar vafaatriði, sem snerta gildissvið og efni laganna.

22. gr.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er fjármálaráðuneytinu til ráðuneytis um fjármálalega framkvæmd laga þessara, sbr. I.—III. kafla. Í nefndinni eiga sæti 3 menn: Formaður fjárveitinganefndar Alþingis eða sérstaklega tilnefndur fulltrúi nefndarinnar, forstjóri framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins og hagsýslustjóri ríkisins, sem er formaður nefndarinnar. Hlutaðeigandi ráðuneyti hafa rétt til að eiga fulltrúa á fundum, þar sem fjallað er um mál, sem eru innan verksviðs þeirra. Þegar nefndin fjallar um sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélags, á fulltrúi Sambands íslenzkra sveitarfélaga rétt á að sitja fundi hennar, nema sveitarfélag óski sjálft að tilnefna fulltrúa til fundarsetu.

Nefndin hefur það hlutverk að leiða saman sjónarmið eignaraðila opinberrar framkvæmdar á undirbúningsstigi og rannsaka frumathugun og áætlunargerð, sem eru undanfari verklegrar framkvæmdar. Nefndin metur aðstöðu einstakra sveitarfélaga til að annast meðferð opinberrar framkvæmdar, sbr. 2. og 3. mgr. 14. gr., og fylgist að öðru leyti með framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberrar framkvæmdar.

Ef nefndin telur, að óþarfa dráttur sé á afgreiðslu máls, sem sameignaraðili sendir hlutaðeigandi ráðuneyti, skal hún hlutast til um, að úr sé bætt.

23. gr.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal koma á fót framkvæmdadeild við Innkaupastofnun ríkisins undir stjórn sérstaks forstjóra. Framkvæmdadeildin fer með yfirstjórn verklegrar framkvæmdar, sbr. IV. kafla, nema til komi ákvæði 2. og 3. mgr. 21. gr., og hefur auk þess frumkvæði um stöðlun mannvirkja, eftir því sem við getur átt. Framkvæmdadeildin tekur við starfsemi byggingadeildar menntamálaráðuneytisins og byggingaeftirlits við embætti húsameistara ríkisins.

Heimilt er að fela framkvæmdadeild umsjón með viðhaldi mannvirkja, enda þótt áætlaður kostnaður sé undir þeim talnalegu mörkum, sem getið er í 1. gr.

24. gr.

Fjármálaráðherra getur sett reglugerð um framkvæmd laga þessara.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um framkvæmdir, sem fé hefur verið veitt til í fjárlögum, en ekki hafnar við gildistöku laga þessara, skal farið að þessum lögum.

Um framkvæmdir, sem hafnar voru, en ólokið við setningu laganna, skal ákvæðum þeirra beitt, eftir því sem við getur átt um framkvæmdirnar í heild og einstaka áfanga þeirra.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrst um sinn að hækka þau talnalegu mörk, sem sett eru um kostnað framkvæmda, sbr. 1. gr., hvort heldur er almennt eða fyrir einstakar tegundir framkvæmda.

Við gildistöku laga þessara skal framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins skrá allar opinberar framkvæmdir, sem hafnar eru, en ekki er lokið eða ekki eru að fullu greiddar fyrir þann tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 1. nóvember 1965 skipaði fjármálaráðherra nefnd sjö manna undir formennsku Jóns Sigurðssonar, nú ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, til að „gera heildarathugun á því, hversu hagnýta megi með jákvæðustum árangri það fé, er ríkið ver til margvíslegra fjárfestingarframkvæmda.“ Nefndin skilaði skýrslu til fjármálaráðherra 19. apríl 1966. Á grundvelli þeirrar skýrslu var samið frumvarp til laga um skipulag framkvæmda á vegum ríkisins, og var það lagt fyrir Alþingi vorið 1967. Frumvarpið varð ekki útrætt á því þingi, enda ekki til þess ætlazt, þar sem því var fyrst og fremst ætlað að kynna ákveðnar hugmyndir um þessi mál. Síðan var frumvarpið sent nokkrum aðilum til umsagnar, þ. á m. Sambandi íslenzkra sveitarfélaga og Efnahagsstofnuninni. Að fengnum umsögnum þeirra, ákvað fjármálaráðherra að láta fara fram athugun á frumvarpinu á ný. Að athugun frumvarpsins stóðu Páll Líndal, borgarlögmaður, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Torfi Ásgeirsson, skrifstofustjóri, tilnefndur af Efnahagsstofnuninni og dr. Gísli Blöndal, hagsýslustjóri ríkisins, tilnefndur af fjármálaráðuneytinu.

Frumvarpið var síðan lagt fyrir Alþingi að nýju í nokkuð breyttum búningi í desember 1968, þar sem m. a. var kveðið nokkru nánar á um hlutverk annarra aðila en ríkisins í því ákvarðana- og framkvæmdakerfi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að komið verði á fót varðandi opinberar framkvæmdir. Hins vegar var hvergi vikið frá þeirri grundvallarhugsun, er fólst í tillögum sjö manna nefndarinnar og ákvæðum hins upphaflega frumvarps. Voru því kaflar úr skýrslu nefndarinnar birtir aftur sem fylgiskjal með því frumvarpi og verður svo enn.

Fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis fékk málið til meðferðar og leitaði nefndin umsagnar ýmissa aðila. Bárust umsagnir frá Rannsóknaráði ríkisins, Félagi ráðgjafaverkfræðinga, Samtökum ísl. verktaka og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Umsagnir þessar bera með sér, að aðilar hafa kynnt sér mjög rækilega ákvæði frumvarpsins, og sú skoðun er alls staðar látin í ljós, að frumvarpið, ef að lögum verður, feli í sér mikla bót á skipan opinberra framkvæmda frá því sem verið hefur, enda þótt athugasemdir og ábendingar séu gerðar varðandi einstök ákvæði. Auk þess var fjallað um frumvarpið á fundum ráðuneytisstjóra, svo og þeirra ríkisforstjóra, sem helzt annast verklegar framkvæmdir. Ljóst þótti, að umsagnir og ábendingar þessara aðila væru svo athyglisverðar, að nauðsynlegt væri að rannsaka þær til hlítar, og varð það til þess, að ekki reyndist unnt að afgreiða málið frá síðasta Alþingi.

Frumvarpið er nú enn á ný lagt fyrir Alþingi og hefur verið breytt nokkuð með tilliti til umsagna og álits ofangreindra aðila. Meginbreytingin, sem gerð hefur verið, varðar það ákvarðanakerfi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að komið verði á fót. Þannig þótti við nánari athugun ekki æskilegt, að afskipti og þar með ábyrgð fjármálaráðuneytisins næði til verklegra framkvæmda, og því hefur verið gert ráð fyrir því í 23. gr. frumvarpsins, að komið verði á fót sérstakri framkvæmdadeild við Innkaupastofnun ríkisins, er hafi með höndum yfirstjórn verklegra framkvæmda. Með því yrði verksvið fjármálaráðuneytisins að mestu takmarkað við undirbúningsstigin tvö, frumathugun og áætlunargerð. Þá er gert ráð fyrir, að ríkisendurskoðun í stað fjármálaráðuneytis annist fjárhagslega úttekt, sem hér er kölluð skilamat, og er annað en tæknileg úttekt, sem venjulega fer fram á framkvæmdum. Þykir og æskilegra, að skilamatið annist aðili, sem er óháður framkvæmdinni á fyrri stigum. Aðrar breytingar frá fyrra frumvarpi varða fremur orðalag og framsetningu en efnisleg atriði, og vísast í því efni til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Markmiðið með frumvarpi þessu er að tryggja sem hagkvæmasta nýtingu þess fjármagns, sem varið er til opinberra framkvæmda. Í því skyni eru í frumvarpinu ákvæði, sem eiga að tryggja, að ákvörðun um að hefja verk verði ekki tekin, fyrr en fullnaðarundirbúningi er lokið, þannig að unnt verði að gera greiðsluskuld-

bindingar fyrir verkið í heild og ekki þurfi til þess að koma, að lausaskuldir safnist eða verk stöðvist af fjárhagsástæðum. Með þessu ætti að verða unnt að tryggja samfellt og hagkvæmt framhald verka og þar með sem stytztan framkvæmdartíma. Einnig ætti með slíkri samræmingu að verða unnt að fá yfirsýn mála, þannig að ekki verði ráðizt í fleiri verk en fjármagn leyfir á hverjum tíma. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að sem flest verk á vegum hins opinbera verði unnin á útboðsgrundvelli og tryggt verði samræmt bókhald, þannig að samanburður kostnaðar verkanna fáist. Rétt þykir, að skilið verði milli þeirra aðila, sem gera áætlanir um verk, og hinna, sem framkvæma. Þá er gert ráð fyrir, að umsjón með framkvæmd verka sé falin sérfróðum manni, þannig að afskiptum þeirra, sem nota eiga eða ráða yfir viðkomandi mannvirki, sé lokið, þegar verk hefst. Loks þykir rétt að setja fastar reglur um fjárhagslega úttekt mannvirkja, sem hér hefur verið kölluð skilamat, og samning greinargerða um framkvæmdir með það fyrir augum, að slíkt megi birta opinberlega.

Frumvarpið felur ekki í sér neinar eðlisbreytingar á valdi Alþingis varðandi opinberar framkvæmdir frá því sem nú er. Alþingi á eftir sem áður frumkvæði að öllum opinberum framkvæmdum með samþykki undirbúningsfjárveitinga, og getur þar bæði verið um að ræða tillögur, sem eru í upphaflegu fjárlagafrumvarpi, og eins nýjar tillögur, sem samþykktar kunna að verða í meðförum þingsins. Síðan vísar Alþingi málum til embættismanna og sérfræðinga, er framkvæma ýtarlega rannsókn á hinum ýmsu viðfangsefnum eftir föstum reglum. Á þessu stigi mála verður raunar komið á nánara sambandi löggjafarvalds og framkvæmdavalds en tíðkazt hefur með setu formanns fjárveitinganefndar í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Að þessu loknu koma málin aftur til kasta Alþingis þannig unnin, að þingmönnum eiga að verða ljósar sem flestar hliðar, er máli skipta, til þess að unnt verði að ná þeim megintilgangi frumvarpsins að fullnægja nákvæmt skýrgreindum þörfum með sem minnstum tilkostnaði. Frumvarpið miðar að því að auðvelda Alþingi að taka endanlegar ákvarðanir um opinberar framkvæmdir og leiða jafnframt í ljós þær fjárskuldbindingar, sem slíkar ákvarðanir hafa í för með sér í framtíðinni. Loks tryggir frumvarpið það, að skýrslur um hina eiginlegu framkvæmd verka berist Alþingi jafnan að loknu hverju einstöku verki, þannig að þingið geti lagt mat á það, hvernig til hefur tekizt.

Um stöðu sveitarfélaganna er svipað að segja. Til þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við sameiginlegar framkvæmdir hefur þurft samþykki tiltekinna ríkisstofnana. Frumkvæði það, sem sveitarfélögin hafa átt að sameiginlegum framkvæmdum, helzt óbreytt. Sú meginbreyting, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er sú, að gerðar eru meiri kröfur um undirbúning framkvæmda, og af því leiðir, eins og áður hefur verið nefnt, að framkvæmdir ættu að geta gengið greiðar, og þar sem fyrirfram hefur verið gengið frá fjárframlögum beggja aðila, ættu framkvæmdir ekki að stöðvast vegna fjárskorts. Er það sameiginlegt hagsmunamál ríkis og sveitarfélaganna, að sem bezt nýting verði á tilteknu fjármagni, og ótvíræður ávinningur fyrir þjóðarheildina.

Um 1. gr.

Í greininni er skýrgreining á hugtakinu „opinber framkvæmd“ eins og það er notað í þessu frumvarpi. Hugtakið er hér þrengt frá því, sem málvenja er, þannig að sem minnstur vafi geti verið um, hvaða framkvæmdir falla undir ákvæði laganna. Orðin „opinber framkvæmd“ eru í frumvarpinu notuð í stað þess að endurtaka í hvert sinn þá skýrgreiningu, sem er í 1. gr.

Rétt er að vekja athygli á því, að ákvæðum lagafrumvarpsins er ætlað að taka til breytinga, endurbóta, viðgerða og viðhalds mannvirkja. Hér ræður annars vegar fjárhæð og hins vegar, hvort hagkvæmt er, að dómi ráðuneytisins, að beita þeirri málsmeðferð, sem 2. gr. lagafrumvarpsins gerir ráð fyrir.

Gert er ráð fyrir heimild til handa fjármálaráðuneytinu að breyta þeim kostnaðarmörkum, sem opinberri framkvæmd í skilningi laganna eru sett, þannig, að miðað sé við raunkostnað framkvæmda, þrátt fyrir verðlagsbreytingar.

Að jafnaði myndu ákvæði laganna hvorki ná til framkvæmda, sem ríkissjóður ábyrgist eða veitir lán til, né til framkvæmda, sem styrktar eru úr ríkissjóði, án þess að um eignaraðild ríkissjóðs sé að ræða, svo sem er um jarðræktarstyrki. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu, að ríkissjóður setji það skilyrði fyrir lánveitingu eða styrkveitingu, sem nær kostnaðarlágmarki greinarinnar, að málsmeðferð sé í samræmi við ákvæði laganna, eftir því sem við getur átt, svo sem ákvæði 3. og 4. gr. um frumathugun, ákvæði 7. gr. um áætlunargerð og ákvæði 20. gr. um skilamat.

Skv. 3. mgr. getur ríkisstjórnin ákveðið, að málsmeðferð varðandi gerð eða breytingu mannvirkis, sem kostað er af ríkisstofnun, er hefur sjálfstæðan fjárhag, skuli vera í samræmi við ákvæði lagafrumvarps þessa, eftir því sem við getur átt. Er hér t. d. átt við ríkisbankana.

Framkvæmdir á vegum ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign, sem skráð eru í B-hluta frumvarps til fjárlaga, falla undir skýrgreiningu 1. mgr.

Um 2. gr.

Í greininni er nefnd sú boðleið, sem opinber framkvæmd fer samkvæmt frumvarpinu, og vísað til þeirra lagagreina, sem kveða nánar á um einstök atriði.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um þá athugun, sem skv. frumvarpinu skal gera, áður en ákvörðun er tekin um það, hvort ráðast skuli í áætlunargerð um verkið sjálft. Frumvarpið gerir skýran mun á frumathugun og áætlunargerð. Í frumathugun er ætlað, að kannaðar séu sem flestar þeirra hugmynda, sem til greina gætu komið sem grundvöllur að áætlunargerð skv. III. kafla frumvarpsins.

Bæði í ákvæðum frumvarpsins um frumathugun og um áætlunargerð er lögð áherzla á, að hverri áætlun um stofnkostnað skuli fylgja áætlun um rekstrarkostnað nokkur ár fram í tímann. Við mat á fyrirhugaðri lausn getur væntanlegur rekstrarkostnaður haft úrslitaþýðingu um val á þeirri stofnframkvæmd, sem ákveðið verður að ráðast í.

Um 4. gr.

Ætlazt er til, að frumkvæði að athugun á kostum sé í höndum væntanlegra eignaraðila. Sé um að ræða væntanlega sameign ríkis og sveitarfélaga gæti ríkið, þ. e. viðkomandi ráðuneyti eða ríkisstofnanir, í sumum tilvikum átt frumkvæðið, sérstaklega þegar fleiri en eitt sveitarfélag eiga hlut að máli.

Þar sem einn megintilgangur frumvarpsins er að tryggja, að ekki sé ráðizt í fleiri framkvæmdir en fjármagn leyfir hverju sinni, er ætlazt til, að ráðuneytin kveði á um nauðsyn þeirra framkvæmda, sem fjárveitinga er óskað til, með því að raða þeim til ákvörðunar við gerð fjárlagafrumvarps.

Með 3. mgr. er ætlað að tryggja sveitarfélögum eða öðrum væntanlegum eignaraðilum, að greinargerð um frumathugun, sem send hefur verið viðkomandi ráðuneyti, fái rétta og skjóta málsmeðferð.

Um 5. gr.

Samþykki Alþingi fjárveitingu til opinberrar framkvæmdar án þess að frumathugun sé fyrir hendi, er gert ráð fyrir, að fjárveitingin eða hluti hennar sé notaður til frumathugunar, er síðan fari boðleið skv. ákvæðum frumvarpsins. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja samræmda meðferð allra opinberra framkvæmda án tillits til þess, hvernig frumkvæði er til komið.

Ákvæðum annarrar málsgreinar er ætlað að koma í veg fyrir, að opinbert fé sé notað til áætlunargerðar og/eða verklegra framkvæmda í þeim tilvikum, er ófyr-

irsjáanlegir örðugleikar koma í ljós við frumathugun, eða þegar í ljós kemur, að málið af einhverjum ástæðum er þannig vaxið, að vissa þykir fyrir því, að Alþingi vilji taka málið öðrum tökum en gert var ráð fyrir við afgreiðslu viðkomandi fjárlaga.

Um 6. gr.

Í III. kafla er kveðið á um málsmeðferð við áætlunargerð, eftir að valinn hefur verið einhver þeirra kosta, sem frumáætlun býður.

Þegar um er að ræða framkvæmdir, sem ríkið stendur eitt að, er áætlun gerð á vegum hlutaðeigandi ráðuneytis eða ríkisstofnunar. Þegar um er að ræða sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélags, fer eftir atvikum, á hvers vegum áætlun er gerð. Gert er ráð fyrir, að það frumkvæði, sem sveitarfélög hafa haft hingað til, haldist, enda hafi þau fullnægjandi aðstöðu til að vinna verkið. Sama á við, þegar um aðra eignaraðila er að ræða.

Eins og segir í inngangi þarf til að koma samræming við undirbúning, og er ráðgert, að sú samræming verði í höndum fjármálaráðuneytisins.

Ákvæðum 2. mgr. er ætlað að koma í veg fyrir, að væntanlegur eignaraðili, annar en ríkissjóður, geti einhliða skuldbundið ríkissjóð um kostnaðarþátttöku í áætlunargerð án þess að samið sé um væntanlegan kostnað. Enn fremur er ætlazt til þess, að fjármálaráðuneytið geti sett skilyrði um hæfni og menntun þess aðila, sem áætlunargerð er falin.

Um 7. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að þegar hér er komið undirbúningi, séu gerðar miklu víðtækari áætlanir en hingað til hefur tíðkazt, þ. á m. er gert ráð fyrir nákvæmri greiðsluáætlun, sem getur verið forsenda þess, að hægt sé að ljúka tilteknum áfanga eða verki í heild viðstöðulaust.

Í 2. tl. er gert ráð fyrir, að samin verði rekstraráætlun, og yrði hún sama eðlis og sú áætlun, sem um ræðir í 2. mgr. 3. gr., en nákvæmari að því marki, sem áætlun um stofnkostnað skv. 1. tl. þessarar greinar er nákvæmari en samsvarandi áætlun með frumathugun.

Um 8. gr.

Í 2. mgr. eru ákvæði til þess að tryggja, að ekki séu óútkljáð eignarheimildar- eða réttindamál, áður en verkið sjálft hefst. Reynsla undanfarinna ára bendir eindregið til þess, að þessara ákvæða sé þörf.

Um 9. gr.

Þegar um stærri framkvæmdir er að ræða, eru oft ógreinileg skil milli áfanga eða þá, að fyrirhugaður verkáfangi, t. d. ákveðin lenging hafnargarðs, uppsteypa á byggingarskrokki, o. s. frv., kemur ekki að gagni miðað við þá fullnægingu þarfa, sem stefnt er að, nema fleiri verkáfangar komi til.

Ákvæði 2. mgr. er ætlað að tryggja, að eignaraðilum berist tafarlaust vitneskja um hugsanlega synjun fjármálaráðuneytisins á því að taka í fjárlagafrumvarp fjárveitingu til opinberrar framkvæmdar, sem áætlun hefur verið gerð um.

Um 10. gr.

Tilgangur greinarinnar er, að Alþingi hafi á hverjum tíma sem ljósasta mynd af þeim fjárskuldbindingum næstu ára, sem fjárveiting til opinberra framkvæmda hefur í för með sér.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Sé um sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags að ræða, mun í fjáröflunaráætlun fyrir framkvæmdatímabilið skv. 7. gr. að jafnaði reiknað með:

1. Beinu framlagi úr ríkissjóði skv. fjárlögum.
2. Framlagi sveitarfélags:
   a. Beinu framlagi á framkvæmdatímanum.
   b. Lánsfé frá sjóðum eða peningastofnunum.

Ekki þykir rétt í lagafrumvarpi þessu að gefa fyrirmæli um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga á sama hátt og kveðið er á um fjárlagafrumvarp í 10. gr. Orðalag 3. mgr. miðar því til þess, sem venja er um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.

Um fyrirhugaðar lántökur sveitarfélaga þurfa að sjálfsögðu að liggja fyrir sem skýrastar upplýsingar, áður en heimild er gefin til þess, að verk sé hafið.

Um 13. gr.

Greinin hefur að geyma stefnuyfirlýsingu um það, að opinberar framkvæmdir skuli að jafnaði unnar eftir útboði, þótt gert sé ráð fyrir undantekningum eftir eðli verks eða öðrum ástæðum.

Um 14. gr.

Í greininni er Innkaupastofnun ríkisins falið að annast öll útboð verka, en framkvæmdadeild Innkaupastofnunarinnar, sbr. 23. gr., er falin samningsgerð, nema í þeim tilvikum, er sveitarfélag hefur að mati samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir fullnægjandi aðstöðu til þess, enda sé um sameiginlega framkvæmd ríkis og viðkomandi sveitarfélags að ræða.

Reykjavík og nokkur önnur stór sveitarfélög munu hafa slíka aðstöðu og um langt skeið látið bjóða út verk. Sú reynsla og verkkunnátta, sem er undirstaða þess, að hægt sé að beita útboðsaðferðum, er því fyrir hendi, og ekki er ástæða til þess, að ríkið taki á sig ábyrgð í þessum tilvikum. Innkaupastofnunin mun eftir sem áður hafa aðstöðu til þess að gæta réttar ríkissjóðs, sbr. 3. mgr..

Framkvæmdadeild er á sama hátt falið reikningshald og greiðslur vegna verka, nema í þeim tilvikum, er framkvæmdastofnanir ríkisins og sveitarfélög hafa fullnægjandi aðstöðu til þess. Hagkvæmt þykir, að sá aðili, sem hefur með höndum samningsgerð vegna verka, sjái einnig um bókhald. Með því skapast m. a. bætt aðstaða til samanburðar á kostnaði við sambærileg verk.

Framkvæmdadeild mundi hins vegar ekki taka ákvörðun um, hvort eða hvaða tilboðum skuli tekið, sbr. 15. gr.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 49/1967 um skóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, er kostnaður ríkissjóðs fyrirfram samningsbundinn, og greiða sveitarfélög það sem umfram er. Er sú greiðsla mismunandi eftir því, hvort um kennslu- eða heimavistarrými er að ræða, og auðvitað einnig eftir því, hvernig til tekst um verklega framkvæmd. Að undanskildu því, sem hér er sagt um verklega framkvæmd, er ætlazt til, að öll málsmeðferð verði eins og lagafrumvarpið kveður á um, enda eru ákvæði laga nr. 49/1967 og reglugerða, er settar hafa verið skv. þeim lögum, í fullu samræmi við það. Um skólamannvirki, þar sem stofnkostnaður skiptist eftir ákvæðum laga nr. 41/1955, færi að öllu eftir ákvæðum þessara laga, sbr. „ákvæði til bráðabirgða."

Um 15. gr.

Tilboð, sem berast skv. ákvæðum 14. gr., skulu metin af framkvæmdadeild, en þar ætti að vera bezt aðstaða til mats á tilboðum sökum sérþekkingar starfsmanna. Er hér ekki um endanlega ákvörðun að ræða, heldur tillögur um eignaraðila, en fulltrúar þeirra hafa, þegar hér er komið, átt kost á því að fylgjast með öllum undirbúningi mála.

Um 16. gr.

Á sama hátt og frumvarpið gerir ráð fyrir, að hlutaðeigandi ráðuneyti geri tillögur um fjárveitingu á grundvelli frumathugana, jafnvel þótt slík frumathugun hafi verið unnin á vegum ríkisstofnunar, sem undir það ráðuneyti heyrir, þá er hér lagt til, að hin endanlega skuldbinding ríkissjóðs, þ. e. samningur við verktaka,

sé undirritaður af viðkomandi ráðuneyti og áritaður af fjármálaráðuneyti. Með þessu er ætlað að koma í veg fyrir, að ríkisstofnanir, bygginganefndir, framkvæmdanefndir o. s. frv., eða aðrir ríkisaðilar með óljós umboð geti skuldbundið ríkissjóð.

Augljóst er, að bæði fjármálaráðuneyti og málefnaráðuneytum er brýn nauðsyn að hafa sem skýrasta mynd af fjárhagslegum skuldbindingum sínum. Það fæst ekki nema með skýrum ákvæðum um, á hvern hátt skuldbinding ríkissjóðs verður til.

Að öðru leyti virðist greinin ekki þarfnast skýringar.

Um 17. gr.

Umsjón með opinberum framkvæmdum hefur verið á ýmsan hátt hagað og ábyrgð, ef nokkur er, verið óljós. Oft hafa starfað sérstakar bygginganefndir með óljós umboð og ótiltekinn starfstíma. Ábyrgð hefur verið dreift á arkitekt, byggingareftirlitsmenn og einhverja byggingarnefndarmanna. Bygginganefndirnar hafa jafnvel getið af sér framkvæmdanefndir, sem þó hafa ekkert persónulegt umboð eða ákvörðunarvald haft.

Bygginganefndir hafa mikilvægu hlutverki að gegna til þess að leiða saman væntanlega eignaraðila og aðra þá, sem hagsmuna hafa að gæta, sérstaklega á frumathugunar- og áætlunargerðarstigi. Þegar áætlun er fullgerð og verk hafið, er brýn nauðsyn þess, að einn maður sé ábyrgur fulltrúi væntanlegra eignaraðila gagnvart verktökum.

Hér er því lagt til, að við hvert verk, sem unnið verður skv. ákvæðum lagafrumvarps þessa, sé tilnefndur sérfróður umsjónarmaður, enda sé í sérstöku erindisbréfi til hans kveðið á um starf og verksvið hans.

Sé um að ræða verk, sem greitt er eingöngu úr ríkissjóði, þykir eðlilegt, að umsjónarmaður sé tilnefndur af viðkomandi ráðuneyti og samþykktur af framkvæmdadeild. Sé um að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags, mundi sami háttur á hafður, nema viðkomandi sveitarfélag hafi í þjónustu sinni sérfróða menn. Þá tilnefnir það umsjónarmann, háðan samþykki framkvæmdadeildar.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringar að öðru leyti en því, að skv. ákvæðum greinarinnar ber að reikna með kostnaði við umsjón í kostnaðaráætlun skv. 7. gr.

Um 19. gr.

Þar sem einn megintilgangur lagafrumvarps þessa er að tryggja viðstöðulaust framhald verka, er auðsætt að tryggja þarf, að áætluð fjárframlög breytist, ef ófyrirsjáanleg tæknileg atriði valda breytingum á raunkostnaði eða verðlag breytist.

Um 20. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að allar opinberar framkvæmdir, sem lögin taka til, séu háðar sérstöku mati, er fram fari við endanleg reikningsskil að afloknum skilum verktaka eða annars framkvæmdaraðila á verkinu. Hefur mat þetta hér verið kallað skilamat til aðgreiningar úttekt, sem er annars eðlis og táknar samkvæmt málvenju tæknilegt mat á verki eða verkhlutum. Skilamat táknar hér eins konar fjárhagslega úttekt verka og felur í sér mat á árangri þeim, sem náðst hefur við framkvæmd verks miðað við áætlun um verkið, svo og kostnaðarsamanburð við önnur hliðstæð verk. Tilgangurinn með skilamati er að skapa grundvöll, er verið gæti fjárveitingarvaldi til leiðbeiningar um fjárfestingarákvarðanir í framtíðinni og jafnframt skapað almennt aðhald við opinberar framkvæmdir.

Aðalverkefni ríkisendurskoðunar er, eins og kunnugt er, að sannprófa, hvort fé ríkissjóðs hafi verið ráðstafað á þann hátt, sem ætlazt var til. Þar safnast m. a.

saman fjárhagslegar upplýsingar um opinberar framkvæmdir, og er því eðlilegt, að þeirri stofnun sé, sem óháðum aðila, ætlað að gera eða láta gera skilamat. Fleiri gögn mun að jafnaði þurfa en þær fjárhagslegu upplýsingar, er felast í venjulegu reikningshaldi. Getur ríkisendurskoðun krafið þá, sem að framkvæmd standa, um allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar þykja, þ. á m. um upphaflega áætlun, breytingar, sem kunna að hafa verið gerðar á þeirri áætlun, skýrslur umsjónarmanns, úttektargerð o. s. frv.

Þótt ekki sé í lagafrumvarpinu kveðið á um form skilamats, er augljóst, að aðaláherzlu ber að leggja á þau atriði, er þjóna framangreindum tilgangi skilamatsins. Er ætlazt til, að skilamat sé lagt fyrir fjárveitinganefnd Alþingis og þá aðila, er um opinbera framkvæmd hafa séð. Til álita kæmi, að skilamat vegna fullgerðra framkvæmda sé látið fylgja ríkisreikningi viðkomandi árs eða birt á annan hátt í hentugu formi.

Um 21. gr.

Eins og fram kemur hér að framan, er ætlunin sú með lagafrumvarpi þessu, að yfirstjórn opinberra framkvæmda, sem lögin taka til, sé í höndum þriggja aðila, þ. e. fjármálaráðuneytis, framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins og ríkisendurskoðunar.

Sveitarfélag, sem hefur aðstöðu til að annast sameiginlega framkvæmd, ætti að jafnaði að hafa hana með höndum, enda hefur slíkt marga kosti, t. d. eru möguleikar þess til að fylgjast með framkvæmd að jafnaði miklu betri en möguleikar ríkisstofnana í Reykjavík til slíks.

Eðlilegt er, að tilteknum ríkisstofnunum sé falin umsjón vissra framkvæmda, þar eð á þann hátt má nýta þá reynslu, sérhæfingu og aðra aðstöðu, sem skapazt hefur í viðkomandi stofnunum vegna áralangrar starfsemi þeirra að sérverkefnum. Er þar t. d. átt við Vegagerð ríkisins.

Um 22. gr.

Lagt er til, að sérstök samstarfsnefnd verði skipuð til að vera til ráðuneytis um hvaðeina, sem varðar fjármálalega framkvæmd laga þessara. Í henni eigi sæti þeir tveir embættismenn, sem mest hafa með framkvæmd laganna að gera, þ. e. hagsýslustjóri ríkisins og forstjóri framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins. Þá er gert ráð fyrir, að formaður fjárveitinganefndar eða sérstaklega tilnefndur fulltrúi nefndarinnar sitji í samstarfsnefndinni til að skapa betri tengsl við Alþingi.

Þau mál, sem nefndin fær til meðferðar, eru yfirleitt undirbúin af öðrum ráðuneytum eða sveitarfélögum. Þykir því sjálfsagt, að þessir aðilar eigi fulltrúa, sem sitji fundi nefndarinnar, þegar mál þeirra eru til meðferðar.

Rétt þykir, að nefndin hafi heimild til að hlutast til um, að mál, sem frá sveitarfélögum koma, fái greiða meðferð.

Um 23. gr.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, hlýtur að auka allverulega verkefni þeirra aðila, er hafa með höndum framkvæmd laganna. Rannsókn frumathugana, könnun áætlana, eftirlit með verklegum framkvæmdum og gerð skilamats, allt þetta krefst sérhæfðs starfsliðs.

Nú þegar eru til stofnanir, sem hafa að vissu marki slík verkefni með höndum, en augljós hagkvæmni virðist í því fólgin, að þær séu sameinaðar því rannsóknar- og eftirlitskerfi, sem hér er lýst.

Þessi starfsemi öll hlýtur að kosta nokkurt fé, en hún má verða æði kostnaðarsöm, ef hún á ekki eftir að borga sig margfaldlega með bættum vinnubrögðum við opinberar framkvæmdir.

Fylgiskjal.

NEFND UM OPINBERAR FRAMKVÆMDIR

Kaflar úr skýrslu til fjármálaráðherra, dags. 19. apríl 1966.

6. Niðurstöður íhugana.

6.0 Almennar athugasemdir.

Til grundvallar skipun nefndarinnar um opinberar framkvæmdir mun hafa legið sú vissa, að opinberar framkvæmdir hér á landi séu að jafnaði mun dýrari en vera þyrfti. Nefndin telur þessa ályktun rétta og telur liggja til þess fjölmargar orsakir, sem hún telur ógerlegt að gera tæmandi grein fyrir. Viðleitni til að finna slíkar orsakir og fyrirbyggja þær hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera verk, sem er óaðskiljanlegur hluti vinnunnar við undirbúning verka og framkvæmd þeirra, en verður aldrei lokið.

Hér að framan í köflum 4. og 5. er getið ýmissa slíkra orsaka, sem nefndin telur sig hafa greint.

Nokkrar helztu orsakirnar vill nefndin draga saman hér á eftir.

6.1 Orsakir, sem lúta að stefnu í fjármálum opinberra framkvæmda.

Ráðizt er í fleiri framkvæmdir í einu en fjármagnið leyfir, sem til þeirra er veitt, svo að unnt sé að halda hverju verki áfram með þeim hraða, sem er nauðsynlegur til að hagkvæm framkvæmd verkanna geti átt sér stað. Þessi aðferð hefur keðjuverkandi áhrif, sem öll leiða til óhæfilegs kostnaðar hvers mannvirkis og fækkun þeirra mannvirkja, sem lokið er ár hvert.

Sífelldur fjárskortur veldur töfum, sem verða beinn kostnaðarauki, og draga auk þess verk óeðlilega á langinn og valda þannig óbeinum aukakostnaði.

Fjárskortur veldur því, að hugsun þeirra, sem framkvæma verkin, beinist meir að fjáröflun en góðri nýtingu fjárins.

Útboðum verður ekki beitt, þegar fjárhagsgrundvöllur framkvæmdar er í óvissu og ekki unnt að gera fasta greiðslusamninga, sem vist er um efndir á.

Fjárskorturinn leiðir viljandi eða óviljandi til heimildarlausra fjárskuldbindinga og samsafns af reikningum, sem ekki eru tök á að greiða, þegar þeir eru gjaldfallnir.

Ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir til að mæta útgjöldum, sem eðlilega geta fallið til umfram áætlun.

6.2 Málsmeðferð við ákvarðanir um opinberar framkvæmdir.

Reglur eru engar til, sem tryggja ákveðna málsmeðferð við ákvörðun um að hefja opinberar framkvæmdir. Þetta ástand hefur keðjuverkandi áhrif á sama hátt og rakið var undir lið 6.1 hér að framan.

Raunverulegur hemill er enginn, sem kemur í veg fyrir, að það ástand skapast, sem lýst var í lið 6.1 hér að framan.

Undirbúningur að framkvæmdum verður misjafn og oftast ófullnægjandi.

Ákvörðun um að hefja opinbera framkvæmd og veita til hennar nokkurt fé er tekin svo snemma á undirbúningsstiginu, að ákafinn að hefja framkvæmdir kemur oft í veg fyrir fullnægjandi undirbúning fyrirfram.

Áætlanir um kostnað eru að jafnaði ekki nægilega vandaðar.

Ákvarðanir eru að jafnaði teknar, án þess að fyrir liggi íhugun á fjármálalegum afleiðingum þeirra til langs tíma, að því er varðar rekstrarkostnað og bundnar fjárfestingar.

Undirbúningur flestra verka er eins manns verk eða einnar stofnunar, oft hinnar sömu, sem verkið framkvæmir. Gagnrýni kemst því ekki að til að sannfærast um, að bezta og hagkvæmasta lausn sé valin.

Tímasetning verks verður ónákvæm. Verkið hefst strax og eitthvert fé er til, en að jafnaði veit enginn, hvenær því lýkur og það verður nothæft.

6.3 Skipulag á stjórn opinberra framkvæmda.

Fyrirkomulag á stjórn framkvæmda ríkisins er ekki í föstum skorðum og í sumum tilfellum órökrétt, þar sem það þó er fastmótað:

Hlutverk framkvæmdastjórnar við ýmsa mannvirkjagerð er of oft óljóst og óæskileg óvissa ríkjandi um ábyrgð hvers þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, á því sem gert er.

Skil eru óglögg milli undirbúningsaðila („projekterandi" aðila) og framkvæmdaraðila, enda vinna oft báðir jöfnum höndum vegna skorts á undirbúningi fyrirfram. Oftsinnis annast sami aðili bæði verkin, undirbúning og framkvæmd.

Framkvæmdastjórn mannvirkjagerðar er iðulega fengin í hendur nefnd leikmanna á því sviði (byggingarnefnd), þótt hér sé um að ræða sérfræðilegt viðfangsefni.

Samræming milli sams konar mannvirkja, gerð staðla um stærðir, gerð, gæði o. þ. h. hefur ekki átt sér stað, þannig að flest mannvirki, sem reist eru fyrir ríkisfé, eru „módel"-smíð.

7. Tillögur um aðgerðir og framkvæmd þeirra.

7.0 Almennar athugasemdir.

Nefndin telur þær athuganir, sem hún hefur gert, hafa staðfest vitneskjuna um gallaðar aðferðir við opinberar framkvæmdir hér á landi.

Það eru alkunn sannindi, að það verk, að gera sér ljós ákveðin vandamál í umfangsmiklum rekstri, er tiltölulega einfalt, samanborið við að finna lausnir á vandamálum og gera þær lausnir virkar í framkvæmd. Þessir örðugleikar eru sennilega þar að auki enn meiri í opinberum rekstri en einkarekstri, vegna hinna pólitísku sjónarmiða, sem hvarvetna gætir að sjálfsögðu í ákvörðunum um ríkisreksturinn.

Því vill nefndin undirstrika, um leið og hún setur fram tillögur um aðgerðir á því sviði, sem hún hefur fengið til meðferðar, að hér er einungis stigið fyrsta skrefið á langri leið.

Ef framhald verður á þessu starfi, sem nefndin vonast til, er margt, sem haft getur áhrif á, hvernig til tekst. En eitt er meginatriði. Það er ekki til neins að reyna að framkvæma neinar umbótatillögur á þessu sviði, nema ríkisstjórn og Alþingi á hverjum tíma standi heils hugar að þeim markmiðum, sem sett eru, og hagi störfum sínum samkvæmt því.

Með þessum formála vill nefndin gera eftirfarandi tillögur:

7.1 Reglur um boðleið[1]) fyrir ákvörðun um opinberar framkvæmdir.

Settar verði ákveðnar reglur um þá boðleið, sem mál til undirbúnings ákvörðun um að hefja opinbera framkvæmd þarf að fara, áður en það telst vera tilbúið til ákvörðunar. Uppdráttur að tillögu nefndarinnar að slíkri boðleið, ásamt skýringum á helztu stigum hennar, fylgir skýrslunni sem fylgiskjal nr. 9.1.

Tilgangur með tillögunum:

Að tryggja samræmdan undirbúning allra verka.

Að tryggja, að ákvörðun um að hefja verk verði ekki tekin fyrr en fullnaðarundirbúningi er lokið.

Að auðvelda samanburðarathugun á verkum, sem tímabært er að hefja, og fjármagni, sem tiltækt er til þeirra, svo að ekki verði ráðizt í fleiri verk en fjármagnið leyfir.

Að tryggja, að verkefni, sem af einhverjum ástæðum er synjað eða frestað í bili, komi sjálfkrafa til athugunar að nýju á vissum fresti.

---

1) Boðleið er hér notað sem þýðing á enska orðinu procedure.

7.2 Aðferð við veitingu fjár til opinberra framkvæmda.

Fjárveiting til að greiða allan áætlaðan kostnað verks verði tekin í fjárlög um leið og verk er ákveðið.

Tekin verði upp sú meginregla, að ríkisframkvæmdir, sem ekki skila tekjuafgangi, skuli fjármagna eingöngu með fjárveitingum úr ríkissjóði (ekki með lánum).

Jafnframt verði tekin upp nokkur fjárveiting á 20. gr. Út. fjárlaga, sem svarar til fjárveitingar til óvissra útgjalda vegna rekstrar á 19. gr.

Tilgangur tillagnanna:

Að tryggja samfellt og hagkvæmt framhald verksins, sem ákveðið hefur verið, og þar með sem stytztan framkvæmdartíma.

Að gera mögulegar greiðsluskuldbindingar fyrir heilt verk, sem dreifist á fleiri en eitt ár.

Að gera kleift að ljúka verkum, sem ákveðin hafa verið, jafnvel þótt áætlanir um framkvæmdakostnað og beinar fjárveitingar standist ekki fyllilega, og þá án þess að safna lausaskuldum.

7.3 Skipulagning á stjórn mannvirkjagerðar á vegum ríkisins.

Gerðar verði ráðstafanir til að taka ákveðna stefnu við stjórnun mannvirkjagerðar á vegum ríkisins.

Hin nýja stefna miði að eftirtöldum markmiðum:

Skilja algerlega í milli þeirra aðila, sem „projektera“ verk og hinna, sem framkvæma verkið.

Takmarka afskipti þeirra aðila, sem nota eiga mannvirkið, við undirbúningsstig þess, en gera þeim ekki að annast framkvæmdastjórn verksins.

Fá ákveðnum aðila það verkefni að hafa frumkvæði að hvers konar stöðlun mannvirkja, sem reisa þarf á ríkisins vegum.

Tryggja ákveðnar aðferðir við úttekt og skilagreinar vegna mannvirkja, sem reist eru á vegum ríkisins, og birtingu skýrslna um þau opinberlega.

Tryggja samræmt bókhald fyrir mannvirkjagerð, sem auðveldar samanburðarathuganir kostnaðaratriða.

Bjóða út á einum stað alla mannvirkjagerð á ríkisins vegum, sem eðli máls og aðstaða á markaðnum leyfir útboð á.

Til að koma þessari stefnu í framkvæmd, telur nefndin, auk þess sem talið er í liðum 7.1 og 7.2, meðal annars nauðsynlegt:

Að koma á fót fastri skipulagseiningu undir fjármálaráðuneytinu, sem annist þá samræmingu og umsjón, sem nauðsynleg er til að það kerfi, sem nefndin leggur til, starfi eðlilega, svo og til að tryggja tengsl þess við fjárlagaundirbúning.

Nd. 88. Frumvarp til laga [79. mál]

um breyting á lögum nr. 70 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Guðlaugur Gíslason.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé um það samkomulag milli verkalýðsfélags, félags atvinnurekenda og sveitarstjórnar, er heimilt að láta atvinnuleysisbætur tiltekins fjölda aðila, sem rétt eiga til bóta, ganga til greiðslu vinnulauna við tilteknar framkvæmdir í þágu sveitarfélagsins, sem viðkomandi meðlimir verkalýðsfélagsins vinna þá við, enda skerðist ekki bótaréttur þeirra, meðan unnið er við slíkar framkvæmdir.

Greinargerð.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs hefur á undanförnum árum lánað mörgum sveitarfélögum verulegt fé til uppbyggingar bættari aðstöðu fyrir atvinnufyrirtæki,

bæði í formi lána til hafnargerða og annarra framkvæmda á þeirra vegum. Auk þess hefur sjóðurinn lánað einstaklingum og félögum til stofnunar og uppbyggingar atvinnufyrirtækja í sambandi við sjávarútveg, iðnað og fleira. Hafa þessar lánveitingar án efa orðið til verulegrar atvinnuaukningar víða um land og þá að sjálfsögðu hamlað gegn atvinnuleysi. En þrátt fyrir þetta sýna atvinnuleysisskráningar, að um nokkurt en þó aðallega tímabundið atvinnuleysi hefur verið að ræða á undanförnum árum, einkum í skammdeginu, þegar framkvæmdir hafa dregizt saman af eðlilegum ástæðum og afli sjávarafurða er minnstur. Og hefur í vaxandi mæli komið til greiðslu beinna styrkja til einstakra aðila, sem rétt eiga á bótum samkvæmt lögunum um atvinnuleysistryggingar.

Frv. þetta gerir ráð fyrir, að ef um það verður samkomulag milli þar tilgreindra aðila, sé heimilt að nota að vissu marki það fé, sem annars ætti að greiðast sem atvinnuleysisstyrkir, til greiðslu vinnulauna við fyrir fram tilteknar framkvæmdir í þágu sveitarfélagsins. Fjárhagslega séð getur þetta á engan hátt talizt, nema síður sé, til óhagræðis fyrir verkamenn, þar sem dagkaup þeirra, þótt miðað sé við dagvinnu einvörðungu, er nokkru hærra en atvinnuleysisbætur geta orðið samkvæmt núgildandi lögum, og yrði sá mismunur, sem þarna er um að ræða, að sjálfsögðu greiddur af viðkomandi sveitarfélagi ásamt öllum kostnaði öðrum við hina tilteknu framkvæmd. Stefnir frv. að því að skapa aðstöðu til að forða mönnum frá að þurfa að ganga atvinnulausir, þó að tímabundinn samdráttur eigi sér stað á hinum almenna vinnumarkaði. Flm. telur, að í framkvæmd yrði þetta þannig, að í stað atvinnuleysisbóta fengju menn laun samkvæmt gildandi taxta fyrir þá vinnu, sem þeir létu í té við fyrir fram tilteknar framkvæmdir í þágu sveitarfélagsins, án þess að réttur þeirra samkvæmt 2. og 4. gr. laga nr. 70 frá 28. maí 1969 um atvinnuleysisbætur skertist nokkuð.

Ed. 89. Frumvarp til laga [80. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og lögum nr. 83 29. des. 1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Við fyrri mgr. 46. gr. (4. gr. laga nr. 83/1967) bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

f. Að greiða ferðastyrki til sjúklinga, sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis, svo og til fylgdarmanna þeirra, þegar alveg sérstaklega stendur á. Tryggingaráð setur reglur um úthlutun styrkja samkvæmt þessum staflið.

Síðasti málsliður í staflið c í 2. mgr. fellur niður.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 49. gr. (7. gr. laga nr. 83/1967) komi ný mgr., svo hljóðandi:

Nú er samlagsmanni brýn nauðsyn að vistast í erlendu sjúkrahúsi, vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálp í íslenzku sjúkrahúsi, og greiðir þá sjúkratryggingadeildin þann hluta kostnaðar við sjúkrahúsvistina, ásamt læknishjálp og annarri þjónustu á sjúkrahúsinu, sem umfram er hæsta daggjald íslenzkra sjúkrahúsa, eða allan kostnaðinn, ef niður er fallinn réttur sjúklings á hendur samlagi, samkv. 1. mgr. Ráðherra skipar nefnd, sem úrskurðar um, hvort téð skilyrði eru til staðar, svo og hvar samlagsmenn skuli vista erlendis. Nú er samlagsmaður vistaður á öðrum og dýrari stað erlendis en nefndin hefur ákveðið, og greiðir þá sjúkratryggingadeild aðeins þann kostnað, sem greiða hefði átt á þeim stað, sem hún ákvað. Í nefndina skal skipa tvo yfirlækna við Landsspítalann, yfirlækni við Borgarspítalann og yfirlækni við St. Jósefsspítalann, Landakoti. Tryggingayfirlæknir á sæti í nefnd þessari og skal hann vera formaður hennar. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd málsins.

3. gr.

Aftan við 1. mgr. 52. gr. bætist: sbr. og 4. mgr. 49. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hjá íslenzkum sjúkratryggingum hefur jafnan gilt sú regla um sjúkrakostnað tryggðra manna erlendis, að slíkur kostnaður hefur verið endurgreiddur aðeins að því marki, sem hliðstæður kostnaður hefði numið hér á landi, samkvæmt gildandi samningum og gjaldskrám. Hefur um þetta einu gilt, hversu brýn þörf var fyrir sjúkrahjálp erlendis og hvort mögulegt var eða ekki að veita hlutaðeigandi sjúklingi nauðsynlega hjálp hér á landi. Hefur þetta fyrr og síðar valdið því, að einstöku sjúkdómstilfelli hafa haft í för með sér stórfelld útgjöld umfram það, sem sjúkratryggingar bæta, jafnvel svo stórfelld, að þau valdi verulegri röskun á afkomu sjúklingsins eða aðstandenda hans. Til ýmissa ráða hefur verið gripið til aðstoðar þessum sjúklingum, en þau hafa yfirleitt verið ófullnægjandi, erfið og seinvirk og aðstoðin áreiðanlega komið mjög misjafnlega niður. Hefur hér verið um tilfinnanlega vöntun að ræða í þeirri vernd, sem íslenzkar sjúkratryggingar veita, og tilfinnanlegri fyrir þá sök, á hve mörgum mikilvægum sviðum sérhæfing í læknishjálp hefur — af augljósum ástæðum — verið ónóg. Ástæður til þess, að ekki hefur til þessa verið úr þessu bætt, eru aðallega tvær, í fyrsta lagi erfiðleikar á að greina þau tilfelli skýrt frá, þar sem brýn nauðsyn er hjálpar umfram almennar reglur, og í öðru lagi, að sjúkratryggingin hefur verið borin uppi af allt of smáum einingum.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til, að nefnd fimm lækna verði falið að úrskurða um nauðsyn utanfarar vegna þess, að ekki sé unnt að veita hæfilega hjálp á íslenzku sjúkrahúsi, og ákveða jafnframt, hvar skuli vista sjúkling þann, sem hlut á að máli. Svo mætti virðast, að svo fjölmenn nefnd kynni að reynast þung í vöfum og nægilegt væri, að tveir læknar frá Landsspítala Íslands ásamt tryggingayfirlækni úrskurðuðu um þessi atvik. Það er á hinn bóginn talið æskilegt, að læknar frá Borgarsjúkrahúsi og St. Jósefsspítala eigi einnig sæti í nefndinni. Í því sambandi er því haldið fram, að flest tilvikin séu svo ótvíræð, að formaður nefndarinnar geti tekið ákvörðun án fundar í nefndinni, í öðrum tilvikum geti hann ákveðið, hversu með skuli fara, eftir að hafa ráðgazt við einn eða tvo úr nefndinni í síma, þörf fyrir fund í nefndinni sé aðeins í fáum vandasömum tilvikum. Síðan sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins tók til starfa og annast kostnað langlegusjúklinga sýnist eðlilegt, að umframkostnaður vegna sjúkrahúsvistar erlendis verði greiddur af deildinni, en komi ekki í hlut sjúkrasamlaga eða héraðssamlaga, sem sum hver eru svo smáar einingar, að þessi kostnaður yrði þeim um megn. Hér er því ekki haggað við þeim reglum, sem nú gilda um greiðslu sjúkrahúsvistar erlendis, þar sem kostnaður er innan þeirra marka, sem greiddur er fyrir vistun samlagsmanna á íslenzkum sjúkrahúsum.

Einnig er lagt til, að sjúkratryggingadeild greiði ferðastyrki til þeirra, sem nauðsynlega þurfa að leita læknishjálpar erlendis. Slíkir styrkir hafa verið veittir af deildinni. Breytingin er í því fólgin, að styrkveitingar þessar eru ekki háðar því, hvert framlag ríkissjóðs er til þessara styrkja. Ekki þykir ástæða til að láta ferðastyrki velta á úrskurði nefndar þeirrar, sem um ræðir í 2. gr., enda mun oft vera þörf á slíkum styrkjum í tilvikum, þegar kostnaður við sjúkrahúsvistina verður ekki hærri en hér á landi og því ekki um að ræða hluttöku sjúkratryggingadeildar í honum.

Gert er ráð fyrir, að ákveðin verði í reglugerð veruleg hækkun ferðastyrkja frá því, sem verið hefur.

Ákvæði 3. og 4. gr. þarfnast ekki skýringa.

Nd. **90. Frumvarp til laga** [81. mál]

um áætlunarráð ríkisins.

Flm.: Magnús Kjartansson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar 9 manna ráð, er nefnist áætlunarráð ríkisins, samkvæmt tilnefningu svo sem hér segir: Einn maður skal tilnefndur af hverjum núverandi þingflokka og einn af hverjum eftirgreindra samtaka: Alþýðusambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Félagi íslenzkra iðnrekenda. Einn skipar ríkisstjórnin án tilnefningar, og skal hann að öðru jöfnu valinn úr hópi þeirra sérfræðinga, sem öðlazt hafa menntun í áætlunargerð, hagfræði eða í höfuðgreinum íslenzks þjóðarbúskapar. Allir ráðsmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

2. gr.

Hlutverk ráðsins er að hafa í samráði við ríkisstjórn forustu um samræmda áætlunargerð, sem nái til þjóðarbúskaparins í heild, leggja þannig á ráðin um þróun framleiðslugreina og marka stefnuna í fjárfestingarmálum.

3. gr.

Takmark áætlunargerðar skal vera að auka þjóðarframleiðslu í sem mestu samræmi við tímabundnar og efnahagslegar þarfir þjóðarinnar, og skal lögð áherzla á, að aukningunni sé náð með sem minnstum þjóðhagslegum kostnaði, ef litið er á lengra tímabil.

Þessu megintakmarki skal náð með því að styrkja efnahagsgrundvöll þjóðarbúsins með því að hagnýta skipulega fjármagn, vísindi og tækni og tryggja þannig atvinnuöryggi landsmanna og batnandi afkomu. Sérstaklega skal þess gætt, að landsmenn hafi sjálfir yfirráð yfir framleiðslugreinum og auðlindum og að atvinnulýðræði fari vaxandi.

4. gr.

Ráðið skal annast vinnslu spáa og áætlana um þróun þjóðhagsstærða. Það skal öðru fremur fjalla um þróun einstakra atvinnugreina í samvinnu við opinberar rannsóknarstofnanir, vinna að breytingum á þróun þeirra og skipulagi og kveða þannig almennt á um framkvæmdahraða og styrk efnahagslífsins.

Ráðið skal hafa forustu um áætlunargerð á ýmsum sviðum þjóðarbúskaparins og annast samræmingu þeirra með áætlunartakmörk sína að leiðarljósi (sbr. 3. gr.). Þótt unnið verði nokkuð sjálfstætt að áætlunargerð á ýmsum sviðum, skal sérstaklega gæta þess, að hvarvetna sé tekið tillit til frumþátta framleiðslukerfisins, svo að áætlanir um aðra þætti efnahagslífsins verði raunhæfari og árangursríkari en ella mundi. Því verður fyrst að móta stefnu og gera langtímaáætlanir um þróun útflutningsgreina, síðan þjónustugreina í tengslum við útflutningsatvinnuvegina, þá um byggðaþróun og aðra starfsemi.

Áætlunargerð þessi skal fjalla um valkosti og stefnur og ná yfir nokkurt tímabil eftir eðli málsins í hverju tilviki. Fyrst og fremst skal beita þeim vinnubrögðum að gera sér grein fyrir stefnumarki, sem að skuli keppt, en nota síðan það framtíðarmark til þess að kveða á um verkefnin frá ári til árs.

Áætlunarráði ber að fjalla um fjármagns- og gjaldeyrisþörf, vinnuaflsþörf, verkmenningu og almenna menntun næsta tímaskeið sem meginþætti íslenzkrar iðnvæðingar. Áætlunarráð getur falið opinberum stofnunum að fjalla um ákveðna málaflokka og verkefni í þessu sambandi, eftir því sem eðlilegt þykir.

Ráðið skal stöðugt láta endurskoða og endurnýja athuganir sínar, spár og áætlanir í samræmi við breytta tíma. Það ber ábyrgð á því, að röð meiri háttar framkvæmda sé samræmd, eftir því sem nauðsynlegt er talið. Þegar tímatakmörk eru sett, ber að gæta þess, að þau séu í samræmi við getu þjóðarbúsins.

Á þennan hátt móti ráðið heildarstefnu um þróun atvinnulífs og þjóðarbúskapar, svo að hún geti orðið til leiðsagnar um ríkisframkvæmdir, opinberar athafnir og framkvæmdir annarra aðila.

Ráðið skal semja yfirlit um áætlunarstarf sitt a. m. k. einu sinni á ári og leggja það fyrir ríkisstjórn, en hún birtir Alþingi yfirlitið sem fylgiskjal með fjárlögum.

5. gr.

Til þess að tryggja sem bezt samstöðu þjóðarinnar og hagnýta þekkingu og hugvit einstaklinga skal áætlunarráð boða a. m. k. ársfjórðungslega til fundar með fulltrúum, sem kosnir séu af eftirtöldum samtökum og stofnunum eða stjórnum þeirra: Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Búnaðarfélagi Íslands, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, Félagi íslenzkra iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, Verzlunarráði Íslands, Seðlabanka Íslands, atvinnudeild háskólans, orkumálastjórn ríkisins og Fiskifélagi Íslands. Þá hefur áætlunarráð og rétt til að bjóða fleirum þátttöku. Á slíkum fundum skal áætlunarráð kynna hugmyndir og fyrirætlanir sínar og gefa fulltrúunum tækifæri til athugasemda, gagnrýni, tillagna og hvers konar ábendinga og leiðbeininga.

Höfuðmarkmiðið í öllu starfinu skal vera að reyna að sameina þjóðina um að tryggja sem skynsamlegasta hagnýtingu á auðlindum landsins, framleiðslutækjum, vinnuafli og fjármagni þjóðarinnar í hennar eigin þágu á grundvelli fullkomnustu rannsókna, sem unnt er að gera.

6. gr.

Áætlunarráð skal með tilstyrk ráðuneyta semja ársáætlun um þjóðarbúskapinn, er miðist við langtímaáætlun ráðsins og taki tillit til efnahagsástandsins hverju sinni.

Ársáætlunin skal vera í tveimur liðum:

a) Áætlun um ríkisframkvæmdir í tengslum við fjárlög.
b) Áætlunarmarkmið á öðrum sviðum, bæði tiltekin verkefni og markmið almenns eðlis, sem ráðuneyti, Seðlabanki, viðskiptabankar og aðrar stofnanir ríkisins skulu bundnar af í athöfnum sínum. Á þetta sérstaklega við um fjárfestingarlán, gjaldeyrismál og tollamál.

Ársáætlun skal lögð fyrir ríkisstjórn til staðfestingar. Ríkisstjórn skal kunngera hina staðfestu áætlun með því að láta hana að jafnaði fylgja fjárlögum sem fylgiskjal og með sérstakri þingsályktun til samþykktar.

7. gr.

Staða ráðsins markast af því, að það ber ábyrgð á því, að þróunarkostir íslenzka þjóðarbúsins séu kannaðir og áætlanir um leiðir séu gerðar, til þess að markmiðum 3. gr. verði náð án verulegrar tímasóunar fyrir þjóðarbúið.

Með langtímaáætlunum sínum gefur það ríkisstjórn og öðrum kost á að kanna verkefni sín með tilliti til lengra athafnatímabils.

Með ársáætlunum markar það þungamiðju í fjárfestingar- og atvinnumálum hverju sinni. Hins vegar er það verkefni Alþingis og ríkisstjórnar að tryggja, að fjárfestingu og gjaldeyrismálum sé stjórnað á þann veg, að markmiðum ársáætlana verði náð, m. a. með samræmingu á starfsemi banka og veðlánasjóða.

8. gr.

Ríkisstjórn skipar framkvæmdastjóra áætlunarráðs að fengnum tillögum þess.

Áætlunarráði er heimilt að ráða innlenda sem erlenda sérfræðinga að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk.

Áætlunarráð skal endurskoða lög nr. 66 13. maí 1967, um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð, fyrir næsta þing í því skyni, að Efnahagsstofn-

un og Hagráð heyri undir áætlunarráð, að svo miklu leyti sem þær stofnanir starfa áfram.

Kostnaður við störf áætlunarráðs greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Nánari fyrirmæli um störf áætlunarráðs skal setja í reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Átök og ágreiningur um hagstjórnaraðferðir í þjóðarbúskap Íslendinga hafa mótað íslenzk stjórnmál áratugum saman. Flokkar, sem aðhyllzt hafa sósíalísk viðhorf, hafa beitt sér fyrir áætlunarbúskap, og verkalýðssamtökin hafa löngum aðhyllzt þá stefnu. Hefur sú barátta stundum náð umtalsverðum árangri, svo sem með starfsemi „Rauðku" fyrir síðustu heimsstyrjöld og með starfsháttum nýsköpunarstjórnarinnar, og hafa þá einnig borgaralegir flokkar aðhyllzt áætlunarsjónarmið um skeið. Það hefur einnig verið einkenni á atvinnuþróun Íslendinga, að ýmis stærstu verkefni landsmanna hafa verið unnin að frumkvæði hins opinbera og að opinber eign er miklu umfangsmeiri hérlendis en í nokkru öðru landi Vestur-Evrópu. Má í því sambandi minna á bankana, allar stærstu verksmiðjur landsmanna: sementsverksmiðju, áburðarverksmiðju, flestar síldarverksmiðjur, rafvirkjanir, umtalsverðan hluta af fiskiflota, fiskiðnaði og öðrum iðnaði. Mun láta nærri, að einkaeign nái aðeins til þriðjungs af framleiðslukerfinu, ef álbræðsla útlendinga er undanskilin.

Þessi mikla félagslega eign hefði átt að bjóða heim sívaxandi áætlunarbúskap. Samt varð raunin sú fyrir áratug, að stjórnarvöld ákváðu að stefna í þveröfuga átt, takmarka sem mest opinber afskipti af atvinnumálum, en reyna að láta markaðslögmálin stjórna þróuninni. Sú reynsla, sem fengin er af þessari stefnu, hefur nú leitt til þess, að hugmyndirnar um áætlunarbúskap eru bornar fram af sívaxandi þunga og njóta víðtækara fylgis en nokkru sinni fyrr.

Frumvörp um skipulega áætlunarstefnu hafa margsinnis verið borin fram á Alþingi, síðast ár eftir ár af Einari Olgeirssyni, sem öðrum mönnum fremur hefur beitt sér fyrir íslenzkum áætlunarbúskap.

Frumvarp það, sem nú er flutt, styðst að sjálfsögðu við fyrri tillögur, en einnig hefur verið reynt að endurskoða þær hugmyndir með tilliti til fenginnar reynslu og nýjustu viðhorfa í áætlunarstjórn. Hefur að sjálfsögðu verið tekið mið af þeim sérstöku vandamálum, sem Íslendingar eiga við að glíma, og reynt að fella hið nýja kerfi að þeim hagstjórnarstofnunum, sem fyrir eru í landinu. Við gerð frumvarpsins hef ég notið sérstakrar aðstoðar Guðmundar Ágústssonar, skrifstofustjóra Alþýðusambands Íslands, en hann er eini Íslendingurinn, sem lokið hefur háskólanámi í áætlunarhagfræði sem aðalgrein. Guðmundur er einnig aðalhöfundur þeirrar almennu greinargerðar, sem hér fer á eftir.

Í sambandi við umræður um hagstjórnaraðferðir hér á landi er ástæða til að leggja áherzlu á þá staðreynd, að reynslan hefur þegar sannað, að Íslandi verður ekki stjórnað sem sjálfstæðri efnahagslegri heild nema með félagslegu frumkvæði, með áætlunarbúskap, sem lúti forustu ríkisvaldsins. Skal nú gerð nánari grein fyrir þessari niðurstöðu og þeim meginandstæðum, sem mætast í átökum um hagstjórnaraðferðir hér á landi, annars vegar markaðsbúskap, en hins vegar áætlunarbúskap.

Markaðsbúskapur.

Sú var meginhugsun viðreisnarinnar, að markaðskerfið ætti að stjórna athöfnum Íslendinga. Það er vissulega rétt, að þegar markaðslögmál fá bezt notið sín við

uppvöxt borgarastéttar og með tilkomu umfangsmikillar vöruframleiðslu, hafa þau verulega stjórnun í för með sér. Að vísu eru þau óratvís; þau kveða upp úrskurð um það að lokinni athöfn, hvernig til hafi tekizt. Það er ekki eðli þeirra að vísa veginn, heldur koma þau á eftir með vönd í hendi. Markaðslögmálin eru óforsjál, en hörð í dómum. Þegar þau eru virk að fullu, er meginkostur þeirra sá, að þau knýja tækniþróunina áfram meðal keppenda um einkagróða. Þeir verða að taka þátt í kapphlaupinu eða falla úr leik. Og kapphlaupinu lýkur jafnan á einn veg: æ fleiri falla, en þeir fáu, sem halda velli, verða að sama skapi stærri, og stundum svo risastórir, að þeir drottna yfir markaðnum, svo að lögmál hans falla úr gildi á nýjan leik, en í staðinn koma samsteypur og einokun, sem magna mjög félagslegar andstæður.

Þannig fer, þegar markaðslögmálin eru virkust. En hvernig er ástatt á Íslandi um þessar mundir? Fyrst ber að geta þess, að veigamiklir þættir þjóðarbúsins eru undanskildir öllu markaðskerfi; má þar til dæmis nefna opinbera þjónustu og framkvæmdir, en þau svið eru býsna umfangsmikil hérlendis, opinber fjárfesting til að mynda verulegur hluti af heildarfjárfestingu. Af einkastarfsemi má í þessu sambandi nefna olíudreifingu innanlands, en hún er bundin af verðlagsákvæðum í bak og fyrir og ekki um neina verðkeppni að ræða.

Á mörgum öðrum sviðum er vélgengni markaðslögmálanna úr lagi færð. Útflutningsgreinarnar eru ekki háðar eftirspurn á innanlandsmarkaði, svo að neinu nemi, en útflutningsframleiðslan er hærra hlutfall af þjóðarframleiðslu en í flestum löndum öðrum. Sjávarútvegurinn verður að berjast um eftirspurnina erlendis; af því, sem gerist á innanlandsmarkaði, fær hann fyrst og fremst að finna fyrir breytingum á framleiðslukostnaði.

Fámennið veldur því, að öll tæknivæðing hérlendis kemst þegar í stað á hlutfallslega hátt félagslegt stig. Oft getur eitt vel búið fyrirtæki fullnægt þörfum allra landsmanna á sínu sviði. Einnig veldur fámennið því, að almannafé þarf til þess að stofna og starfrækja öll helztu fyrirtæki hér á landi. Einkafjármagn er af skornum skammti, og verðbólgan örvar menn ekki til þess að verja einkafjármunum sínum til slíkra framkvæmda — fremur til hins, að verða sér úti um almannafé og láta verðbólguna að verulegu leyti greiða lánið.

Vegna þess, hve áhrif markaðslögmála eru takmörkuð hér á landi, hafa stjórnarvöld gripið til ýmissa ráðstafana þeim til styrktar. Þannig hefur verið reynt að stjórna peningamálum með vaxtabreytingum, frystingu á sparifé o. s. frv. En slíkar ráðstafanir einar hafa lítið gildi, fyrst og fremst vegna þess, að einkafjármagn er svo lítið í fyrirtækjum, að ráðstafanirnar ná ekki fyrst og fremst til hinna svokölluðu eigenda, heldur lánveitenda, sem oftast eru bankarnir. Auk þess hafa eigendur fyrirtækja oftast tök á því að velta byrðunum út í verðlagið, sökum þess hve verðkeppni er takmörkuð. Ráðstafanir af þessu tagi eru sem kunnugt er sóttar til Keynes, en kenningar hans eru fyrst og fremst sprottnar upp úr aðstæðum í Englandi og eiga að takmörkuðu leyti við hér á landi. Hins vegar gætu stjórnarvöld beitt mun virkari fjármálaaðgerðum til þess að hressa upp á markaðsbúskapinn með tilstyrk Seðlabankans eða á annan hátt. En þá þyrfti að beita slíkum peningaaðgerðum á markvissan hátt og tryggja, að viðskiptabankarnir höguðu lánastefnu sinni í samræmi við slíkar heildarráðstafanir, í stað þess að ein stofnunin vinni gegn annarri, eins og nú tíðkast.

Stjórnarvöld hafa einnig reynt að leiðrétta hin lítt virku markaðslögmál hér á landi með því að opna landið í þeim tilgangi, að aðilar hérlendis fengju aukna samkeppni frá öðrum mörkuðum. Slík stefna fær þó því aðeins staðizt til frambúðar, að nægilega sterkar stoðir séu undir efnahagskerfinu innanlands. Of veikbyggðar atvinnugreinar verða undir í slíkri samkeppni, eins og dæmin sanna. Þessa aðferð verður því að meta eftir ástandinu innanlands hverju sinni.

Ein alvarlegasta afleiðing markaðsbúskaparins hefur orðið sú, að á þessum áratug hefur sjávarútvegi og fiskiðnaði hrakað til muna. Stórvirkum fiskveiðitækjum hefur fækkað mjög, og aukinn hluti fiskaflans hefur verið fluttur utan sem hrá-

efni. Þessari öfugþróun verður ekki breytt án opinbers frumkvæðis og félagslegrar forustu. Einkaframtakið er þess ekki megnugt, eins og reynslan sannar; bæði er geta þess afar takmörkuð og það lætur jafnan skjótfenginn gróða ganga fyrir. Þá sjaldan fjármagn hefur leitað til sjávarútvegsins á undanförnum árum, hefur ævintýramennska að mestu stjórnað ferðinni — en að meginhluta leitar einkafjármagnið þangað, sem gróði þjóðarbúskaparins birtist, eftir að peningakerfið hefur fleytt honum um farvegi verðbólgunnar.

Það hefur einnig reynzt markaðsbúskapnum um megn að tryggja nauðsynlegt jafnvægi milli landshluta og starfsgreina. Einmitt á þessum áratug hefur misgengi á þeim sviðum aukizt til muna. Nú er svo komið, að yfirbygging þjóðarbúsins hvílir af ofurþunga á undirstöðunni. Landsbyggðin á afkomu sína mest undir frumgreinum þjóðarbúsins, bæði almennt séð og beinlínis í daglegu starfi manna. Afraksturinn af störfum landsbyggðarfólks rennur að verulegu leyti til höfuðborgarsvæðisins, og það fær litlu um þann afrakstur ráðið. Þannig stuðlar margt að því, að fjármunir leita frá þeim atvinnugreinum og landssvæðum, sem þjóðfélagið getur sízt án verið.

Á síðari árum hefur verið hafin nokkur vinna við áætlunargerð á afmörkuðum sviðum hérlendis, og hefur þá helzt verið fjallað um nokkra þætti opinberra framkvæmda, eins og vegagerð, skólabyggingar að nokkru leyti, byggingar endurvarpsstöðva sjónvarps, símstöðvarhúsa o. fl., og er þetta allt þarflegt, svo langt sem það nær.

Þá hefur verið unnið að því að komast að niðurstöðu um þróun heildarstærða í þjóðarbúinu, fylgjast með þeim og spá um þær.

Einnig hefur nokkuð verið unnið að samningu svæðaáætlana. Þar hefur einkum verið fjallað um samgöngumál, svo sem vegi, brýr og flugvelli, og hafa verið tekin erlend lán til slíkra framkvæmda á Vestfjörðum. Í Norðurlandsáætlun hefur verið unnið að sömu málum og einnig hugað að sjúkrahúsum, iðnskólum og jafnvel dráttarbrautum. Einkenni þessara áætlana er það, að reynt er að taka til meðferðar þá þætti í innri skipan (infrastruktur) svæðanna, sem ríkið leggur fé til. Hins vegar hefur ekki verið fjallað um efnahagslega undirstöðu slíkra framkvæmda; hún hefur verið eftirlátin markaðsbúskapnum, þótt hann hafi brugðizt hvað hrapallegast einmitt á þeim vettvangi. Þó hefur verkalýðssamtökunum tekizt að knýja fram nokkrar undantekningar frá þessari reglu síðustu árin. Launamenn hafa að undanförnu krafizt þess í vaxandi mæli, að einmitt atvinnuskilyrði og efnahagslegar forsendur þeirra séu teknar föstum tökum; um allt land eru nú bornar fram kröfur um byggðaáætlanir, eins og tillögur stjórnarsinna á þingi síðustu vikurnar sýna. Á það er nú lögð sérstök áherzla, að áætlanir þessar nái sérstaklega til atvinnumála og segi til um þau hlutverk, sem svæðunum eru ætluð í þjóðarbúskapnum, svo að unnt verði að fjalla á raunsæjan hátt um eðlilega innri skipan byggðarinnar. Þannig njóta þau sjónarmið nú vaxandi fylgis, að atvinnugreinarnar séu teknar föstum tökum og þróun þeirra skipulögð.

Hvaða öfl eru það þá, sem halda vilja lífi í markaðsbúskap af því tagi, sem nú tíðkast? Þar er að finna innflytjendur og einkaverzlun í tengslum við þann hóp, sem stjórnar fjármagni landsmanna og á innangengt í þann sjóð. Innan þessa hrings spretta upp fræðin um blessunarríka handleiðslu framboðs og eftirspurnar. Jafnframt spretta upp hjá hinni hræddu valdastétt kenningarnar um náttúrulögmálin, sem ráði regni og vindum og jafnframt göngum fiska, atvinnuleysi, samdrætti og verðbólgu. Í framhaldi af því boða hinir þreklausu ráðamenn svo fræðin um nauðsynina á erlendum ítökum, þar sem landsmenn séu þess ekki umkomnir að treysta undirstöður íslenzks efnahagslífs.

Í grein „Um áætlunargerð“ í 14. hefti tímaritsins „Úr þjóðarbúskapnum“ kynnti þáverandi forstjóri Efnahagsstofnunarinnar, Jónas H. Haralz, þessi fræði. Hann ræðir þar m. a. um þann geira efnahagslífsins, sem sé „utan valdsviðs ríkisins“, og segir (á bls. 7): „Áhrif áætlana hljóta á þessu sviði fyrst og fremst að vera óbein: Þau geta í fyrsta lagi komið fram í því, að áætlanir stuðli að mótun stefnu ríkis-

valdsins í efnahagsmálum, og þá einkum í peningamálum, fjármálum og viðskiptamálum. ... Í öðru lagi geta áhrifin komið fram í því, að áætlanir veiti stjórnendum hinna einstöku eininga upplýsingar um þróun og horfur í efnahagsmálum.“ Stefna viðreisnarstjórnarinnar hefur fylgt þessari skilgreiningu Jónasar H. Haralz og störf Efnahagsstofnunarinnar markazt af henni. Beitt hefur verið óbeinum aðgerðum í peningamálum, en lítt snert á atvinnumálum og þróun þeirra, heldur hefur náttúrunni verið kennt um ástandið á þeim sviðum.

Í grein Jónasar segir einnig svo (á bls. 6): „Í V.-Evrópu hefur yfirleitt alls staðar verið lögð höfuðáherzla á hinn mikilvæga þátt hinna einstöku eininga efnahagslífsins í áætlunargerðinni. Hlutverk þess aðila, sem um heildaráætlunargerðina sér, hefur verið að safna saman og samræma áætlanir hinna einstöku aðila. Hér hafa menn hins vegar rekizt á það vandamál, að áætlanir hvers aðila um sig verða að byggjast á ákveðnum forsendum um heildarþróun efnahagslífsins, forsendum, sem á hinn bóginn er erfitt að gefa sér, nema vitneskja sé fyrir hendi um fyrirætlanir hinna einstöku aðila.“

Forsendur þær, sem Jónas H. Haralz telur torfundnar, má engu að síður gefa sér eftir könnun á málum í heild, ef vilji er fyrir hendi. Þar sem eitthvað hefur verið um áætlunargerð í V.-Evrópu í almennum efnahagsmálum, hefur hún oftast verið framkvæmd í þágu stórra aðila á markaðnum, aðila, sem hafa vald til að taka sjálfstæðar ákvarðanir, en vilja forðast mistök vegna skorts á heildaryfirsýn. Þannig er til að mynda unnið að þessum málum í Frakklandi og Hollandi, en dæmi um virkari beitingu áætlunargerðar og lærdómsríkari fyrir okkur er áætlun um þróun Norður-Noregs.

Það, sem gerir almennan samanburð við V.-Evrópu langsóttan, er, að rekstrareiningar hérlendis eru svo smáar, að þær hafa ekki tök á að kanna gaumgæfilega alla þróunarmöguleika, svo að fyrirætlanir þeirra eru helzt í ætt við hugboð. Eigi þessar einingar að geta þróazt á eðlilegan og hagkvæman hátt, þarf heildarkönnun að koma til. Að henni lokinni gætu einstakir aðilar glímt við þau verkefni, sem ráðast skal í.

Auk þessa mundi aðferð sú, sem Jónas H. Haralz lýsir, verða óhagkvæm og röng miðað við okkar aðstæður af ýmsum sökum öðrum:

1. Miðað yrði við rekstrareininguna, þröng viðhorf og takmörk hennar, í stað þess takmarks, sem verður að setja atvinnugreininni í heild.
2. Aðeins yrði miðað við núverandi ástand og þarfir næstu stundar, en ekki framtíðarmarkmið, svo að fjármunir mundu glatast vegna óforsjálni.
3. Miðað yrði við núverandi eignaafstæður og skipulag atvinnugreinanna og einkafjármagnið látið ráða ferðinni, í stað þess að miða við það heildarfjármagn, sem tiltækt er.

Rök þau, sem markaðsbúskapurinn er studdur, eru að sjálfsögðu ekki nein óháð fræðileg stefna. Viðreisnin er pólitísk stefna, hugsjónalegur grundvöllur einkagróða og sérhyggju. Í mati á slíkum stefnum ber mönnum að láta reynsluna skera úr. Það hefur þegar sannazt, að markaðsbúskapurinn hefur, þrátt fyrir ýmsar tilraunir til lagfæringar, ekki megnað að treysta undirstöðu íslenzks efnahagslífs. Því hefur þeirri stefnu sífellt vaxið fylgi á undanförnum árum, að beita þurfi heildarstjórn og nútímalegum áætlunaraðferðum við þróun atvinnulífsins. Er mjög mikilvægt, að verkalýðsfélögin hafa sérstaklega fylgt þessari stefnu eftir af vaxandi þunga, bæði í samþykktum á þingum sínum og í samningum við stjórnarvöld. Flokkar, sem ná til mikils meiri hluta alþingismanna, hafa einnig lýst fylgi við áætlunarbúskap, þótt sá meiri hluti hafi ekki enn sem komið er nýtzt til þess að knýja fram þá stefnubreytingu.

Áætlunarbúskapur.

Átökin um stefnuna í efnahagsmálum munu skera úr um þróun hins íslenzka þjóðfélags. Eins og rakið hefur verið hér að framan, leiðir markaðsbúskapurinn til þess, að erlendir aðilar fá vaxandi ítök í efnahagskerfinu hér á landi; yfirráð yfir

mikilvægum framleiðsluþáttum flytjast úr landi. Vilji þjóðin hins vegar halda efnahagslegu sjálfstæði sínu, verður hún að finna leiðir til þess að sameina krafta sína. Slík einbeiting er einnig forsenda þess, að unnt sé að hraða þeirri alhliða iðnvæðingu, sem er nú brýnust nauðsyn Íslendinga.

Náttúrleg skilyrði fyrir efnahagsþróun á Íslandi eru fólgin í auðlindum hafsins, fall- og varmaorku, legu landsins, íbúum landsins o. fl. En það eru ekki þessi náttúruskilyrði, sem skera úr um þróun þjóðarbúsins, heldur geta þau orðið til hagsbóta eða hindrunar. Það eru félagslegar og pólitískar aðstæður, sem skera úr, þau öfl, sem ráðandi eru í þjóðfélaginu, og stefna þeirra.

Það er mikill misskilningur, að hráefni og orka skeri úr um það, hvernig þjóðfélag er á vegi statt. Austur-Þýzkaland, þar sem efnahagsþróun hefur orðið einna örust eftir síðari heimsstyrjöld, er til að mynda hráefnarýrt og orkusnautt land. Forsendur efnahagsþróunarinnar þar eru markviss stjórn, sem styðst við verkalýðshreyfinguna, og verkmenning á háu stigi. Svipuðu máli gegnir um Japan, þar sem einnig er hörgull á hráefni og orku. Hin frábærilega öra þróun þess ríkis styðst við ungt og framsækið iðnaðarauðvald og háþróaða verkmenningu. Hliðstætt dæmi nær okkur er iðnþróunin í Danmörku, þar sem alger skortur er á hráefnum og náttúrlegum orkulindum. Verulegur hluti af ríkjum þeim, sem ráða yfir mestu af auðlindum og orku, stendur hins vegar á lágu þróunarstigi, vegna þess að ráðandi þjóðfélagsöfl eru þróttlaus og spillt og oft háð erlendum aðilum.

Þegar vélvæðing er komin á hátt stig, verða verkmenning og æðri menntun forsendur efnahagsþróunar. Slík þróun hérlendis mundi gera okkur kleift að sjá í sífellu nýja möguleika á hagnýtingu íslenzkra gæða; verkmenning, þekking og rannsóknir opna leiðir til allra átta. Iðnvæðing er sannarlega ekki fólgin í nokkrum stórfyrirtækjum í eigu útlendinga, heldur er forsendan sú, að Íslendingar kanni sjálfir getu sína og skipuleggi störf sín.

Verulegur hluti af framkvæmdum hérlendis er í höndum opinberra aðila. Þær framkvæmdir koma ekki að hálfum notum, nema þær séu skipulagðar í heild.

Allar aðrar meiri háttar framkvæmdir eru fjármagnaðar með almannafé á vegum bankakerfisins og opinberra fjárfestingarsjóða. Þjóðfélagið ræður þannig yfir kerfi til þess að stjórna fjárfestingu og framkvæmdum, en það kerfi er ekki notað. Því einkennist fjárfestingin af tilviljunum og glundroða.

Til þess að tryggja markvissa stefnu á þessum sviðum verður að koma upp stofnun, sem hafi forustu um áætlunargerð, eins og lagt er til með þessu frumvarpi um áætlunarráð ríkisins. Ráðið verður sjálft að hafa á hendi áætlunargerð um heildarþróun þjóðarbúsins, en aðrar stofnanir geta farið með áætlunargerð í ákveðnum greinum eða á tilteknum landssvæðum, svo að starfið greinist sem mest út í þjóðlífið.

Meginverkefnið verður að vinna að starfsáætlunum fyrir helztu atvinnugreinarnar, rannsaka þróunarkosti þeirra og tilkostnað þjóðfélagsins. Í því starfi fæst niðurstaða um meginafköst þjóðarbúsins í heild. Undirstöðuverkefnið verður að fjalla um útflutningsgreinarnar, því að þær sjá landsmönnum fyrir tæknibúnaði með innflutningi, og þær geta á skemmstum tíma tryggt þjóðarbúinu fjármuni til framkvæmda á öðrum sviðum. Í þessu sambandi er fróðlegt að íhuga þá sérstöðu Íslendinga, að hér gegnir dæmigerður léttaiðnaður, eins og fiskveiðar eru, sama hlutverki og þungaiðnaður í stærri þjóðfélögum; hann sér okkur fyrir vélakosti, byggingarefnum, olíum o. fl. Þetta hefur þann kost í för með sér, að skekkja í fjárfestingu í sjávarútvegi hefur ekki jafnháskalegar afleiðingar hér á landi og skekkja í þungaiðnaði erlendis, þar sem slíkar villur eru afar kostnaðarsamar og hafa áhrif um langt skeið. Mistök hér á landi eru ódýrari, og oftast er unnt að lagfæra þau, án þess að mjög mikið tjón hljótist af. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því, að stjórnlevsið hefur ekki riðið þjóðarbúskap Íslendinga að fullu, en eigi að tryggja samfelldari og örari þróun eftirleiðis, verða festa og langæ stefnumið að koma til.

Næst útflutningsatvinnuvegunum koma verkefni eins og skipasmíðar og við-

gerðir, vegagerð og samgöngumál, orkubúskapur o. s. frv. Markmið þeirra mótast í fyrstu að verulegu leyti af útflutningsgreinunum, þótt þróun þeirra verði smátt og smátt sjálfstæðari, m. a. þegar þær verða þess megnugar að taka vaxandi þátt í útflutningi.

Svæðaáætlanir hefðu síðan starfsáætlanir einstakra greina að forsendu. Þar yrði fjallað um efnahagslegar forsendur og myndunarskilyrði byggða, en svæðin mundu hvert fyrir sig fjalla um innri skipulagningu og þjónustustarfsemi. Á þennan hátt kæmi einnig grundvöllur fyrir markvissum fjárhagsáætlunum bæjarfélaga.

Þegar samdar eru greinaáætlanir, verður að styðjast við kannanir og rannsóknir og skipuleggja þær. Niðurstöður af því starfi opna ný svið, en vekja einnig þá spurningu, hvernig hagkvæmast sé að skipuleggja greinina í heild og að hverju skuli keppt í því sambandi. Þá verða áætlunarstofnanir einnig að gera sér grein fyrir því, hvernig bezt sé unnt að hraða tækniþróun og bæta skipulag. Skiptir þá meginmáli að ákveða framtíðarmarkmið, en skoða síðan dæmið frá framtíð til nútíðar, því að þannig er hægt að forðast mörg hliðarspor. Að sjálfsögðu verða þeir aðilar, sem í greinunum starfa, að leggja hönd að þessu verki; verkefni þeirra verður að bera þróun greinarinnar uppi og skipuleggja fyrirtæki sín í samræmi við hana.

Með áætlunarbúskap mundi lýðræði í efnahagsmálum aukast til muna. Í fyrsta lagi má nefna, að Alþingi og ríkisstjórn tækju beinni þátt í því en nú að móta stefnuna í atvinnumálum. Bankarnir yrðu ekki heldur tæki örfárra forréttindaaðila, eins og nú er, heldur yrðu þeir að lúta ákveðinni heildarstefnu í athöfnum sínum, þótt þeir héldu að sjálfsögðu eðlilegu svigrúmi. Með tilkomu svæðisáætlana flyttist verulegt framkvæmdavald til einstakra landshluta. Jafnframt þyrfti að auka atvinnulýðræði innan einstakra fyrirtækja til muna, svo að hugmyndir og þekking starfsliðs fengi að njóta sín.

Áætlunargerð er ekki í því fólgin að semja tiltekið plagg til birtingar. Hún er stöðug eða reglubundin könnun, sem leiðir til þess, að samdar eru starfsskrár eftir eðli málsins hverju sinni. Starfsáætlanir geta náð til mislangs tíma í samræmi við aðstæður og greinar þær, sem um er fjallað. Þær eru ekki heldur bindandi og óumbreytanlegar. Þeim er ætlað það hlutverk að rannsaka alla þróunarkosti og tryggja það, að unnt sé að taka ákvarðanir í ljósi sem fyllstrar vitneskju.

Ársáætlun er í því fólgin að tengja saman þessa þekkingu og ástand líðandi stundar. Í verki yrði framkvæmdaáætlun ríkisins tiltölulega fastskorðuð. Áætlun um önnur svið kveður á um stefnu, sem hið opinbera beitir sér fyrir, en bankar, ráðuneyti og aðrir hliðstæðir aðilar verða að framkvæma undir eftirliti ríkisstjórnar. Þar yrði að sjálfsögðu gert ráð fyrir ófyrirsjáanlegum eða ófyrirséðum atburðum og gert ráð fyrir sveigjanleika á öllum þeim sviðum, þar sem slíkrar óvissu getur gætt.

Enda þótt áætlunarráð og aðrir þeir aðilar, sem að áætlunargerð starfa, vinni að áætlunum um ýmis svið, er það eftir sem áður hlutverk ríkisvaldsins að stjórna landinu og tryggja fyrir sitt leyti framkvæmd ársáætlana — að öðrum kosti væru þær til lítils. Öll rekstrarform yrði að hagnýta og efla eftir því, hvert hæfði bezt hverju framleiðslustigi í einstökum greinum. Gjaldeyrismál, tollamál, verðlagsmál og skattamál yrðu háð þessum sjónarmiðum og fylgjast yrði með starfsháttum bankakerfsins og samskiptum þess við efnahagslífið.

Stundum er sagt, að hagkerfi okkar sé gott, vegna þess að það sé blandað. Í þeirri staðhæfingu er þó ekki fólgin nein vizka, vegna þess að öll hagkerfi eru blönduð. Hitt skiptir máli, hvernig blönduninni er háttað. Hér á landi eru ýmis rekstrarform, og svo mun vafalaust verða áfram. En það er megineinkennið, að markaðskerfinu er ætlað höfuðhlutverk í þróuninni, en reynt er að bæta úr öllum ókostunum með óvirkri áætlunargerð og óbeinum hagstjórnartækjum. Reynslan hefur þegar staðfest, hvert sú stefna leiðir.

Í staðinn fyrir þessa blöndu verða Íslendingar að taka upp ákveðna stefnu í undirstöðugreinum atvinnulífsins og festu í öllum meiri háttar fjárfestingarathöfn-

um. Þá áætlun verður að gera í samræmi við þá vitneskju, sem bezta er hægt að fá hverju sinni, en markaðurinn mundi hafa það hlutverk að vera miðlari á sviði hringrásarinnar, hann færi með eftirlit með rekstri fyrirtækja og örvaði til lægri framleiðslukostnaðar. Einnig yrði hann notaður sem mælikvarði á öll smærri ákvörðunarmál í samskiptum manna, beinar neyzlugreinar og þjónustustörf.

Markaðsbúskapur dugir ekki til þess að tryggja íslenzka iðnvæðingu, en hægt er að nota aðferðir hans til þess að skipuleggja rekstur til þess að bera saman afköst og örva þau. Hins vegar væri áætlunargerðinni ætlað að samræma aðgerðir manna og gera þær sem árangursríkastar fyrir þjóðarheildina. Með áætlunarbúskap hagnýta menn sér þannig eiginleika markaðsins vitandi vits án þess að lúta duttlungum hans og neikvæðum áhrifum.

Sþ. 91. Tillaga til þingsályktunar [82. mál]

um athugun á framkvæmd skoðanakannana.

Flm.: Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar, að kosin skuli 5 manna nefnd að viðhafðri hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, er framkvæmi athugun á því, hvernig skoðanakannanir verði bezt framkvæmdar með tilliti til þess, að niðurstaða þeirra leiði í ljós sem bezt má verða vilja þess hóps, er skoðanakönnunin tekur til. Skal hlutverk nefndarinnar vera tvíþætt. Í fyrsta lagi að gefa út leiðbeiningar um það, hvaða grundvallarreglum beri að fylgja við framkvæmd skoðanakannana, þannig að þær gefi sem réttasta mynd af því, hvaða skoðun sé ríkjandi meðal þess hóps, er könnunin nær til. Í öðru lagi skal nefndin athuga, hvort grundvöllur mundi vera fyrir því, að komið yrði á fót stofnun, er gegndi því hlutverki að framkvæma skoðanakannanir á hlutlausan hátt, annaðhvort að eigin frumkvæði eða fyrir aðra, er til stofnunarinnar kynnu að leita, og með hverjum hætti eðlilegt væri, að hið opinbera stuðlaði að því að koma henni á fót.

Greinargerð.

Áhugi á skoðanakönnunum virðist hafa verið vaxandi hér á landi undanfarin ár og töluvert kveðið að því, að slíkar kannanir hafi verið framkvæmdar, bæði á vegum einstakra blaða og tímarita svo og félagasamtaka. Ber það auðvitað sízt að lasta, að þannig sé leitazt við að kynna sér á þrengri eða breiðari grundvelli, hverjar séu skoðanir almennings á því, hvernig ákveðnum málefnum skuli ráðið til lykta, svo að í samræmi sé við vilja meiri hluta þeirra, er ákvarðanir þessar snerta. En mörg vandamál koma fram í sambandi við framkvæmd slíkra skoðanakannana, ef til þess er ætlazt, að þær gefi sem réttasta mynd af vilja þess hóps, sem þeim er ætlað að ná til. Þessari hlið málsins virðist til þessa hafa verið lítill gaumur gefinn, og hygg ég það ekki ofmælt, að undantekning sé, ef skoðanakannanir eru framkvæmdar þannig, að virtar séu þær reglur, sem hlýða þykir að fylgt sé, ef mark eigi að vera takandi á niðurstöðum þeirra í þeim skilningi, að slíkar niðurstöður túlki vilja meiri hlutans. Mun þetta þó í miklu fleiri tilvikum stafa af ókunnugleika hjá þeim, sem að skoðanakönnunum standa, heldur en vilja á því að misnota þær.

Erlendis hefur það um alllangt skeið verið sérstakt vísindalegt rannsóknarefni, hvernig skoðanakannanir megi framkvæma þannig, að niðurstöður þeirra gefi sem réttasta mynd af viðhorfum þess hóps, er þær ná til, og hefur þar, sem kunnugt er, verið komið á fót sérstökum stofnunum, er slíkum viðfangsefnum sinna.

Ég lít svo á, að skoðanakannanir geti átt mikilvægu hlutverki að gegna hér á landi sem annars staðar. En til þess að svo megi verða, þarf framkvæmd þeirra að

vera í samræmi við almennt viðurkenndar reglur í þessum efnum, annars er hætta á grófri misnotkun þeirra, sem fyrr eða síðar leiðir til þess, að ekkert mark verður á þeim tekið. Allir þeir flokkar, sem fulltrúa eiga á Alþingi, tjá sig fylgjandi lýðræðislegum stjórnarháttum, og lít ég því svo á, að Alþingi eigi forustuhlutverki að gegna í þessu efni.

Ekki er svo að skilja, að ég telji rétt, að Alþingi gefi út fyrirskipanir um það af neinu tagi til blaða, tímarita, félagasamtaka eða annarra aðila, sem skoðanakannanir vilja framkvæma, á hvern hátt þeim skuli haga. Hlutverk nefndar þeirrar, er hér er lagt til að skipuð verði, yrði einvörðungu það að hrinda af stað leiðbeininga- og upplýsingastarfsemi, sem hverjum þeirra aðila, er óskar að framkvæma skoðanakannanir, væri frjálst að nota sér eða nota sér ekki.

Sem sýnishorn af þeim viðfangsefnum, sem ég teldi eðlilegt, að nefndin fjallaði um, má í fyrsta lagi nefna það að gefa leiðbeiningar um grundvallarreglur, sem fylgja ber við framkvæmd skoðanakannana. Má þar nefna eftirfarandi: 1) Spurningar þær, sem beint er til þátttakenda í skoðanakönnuninni, séu hlutlaust orðaðar, þannig að í þeim felist ekki dulbúinn áróður í þágu ákveðinnar niðurstöðu. 2) Ef ekki þykir framkvæmanlegt eða æskilegt, að könnunin nái til allra einstaklinga í hópnum, þá sé það úrtak, sem valið er, nægilega stórt og að öðru leyti þannig valið, að ætla megi, að sú niðurstaða, sem þannig fæst, gefi rétta mynd af skoðunum alls hópsins. 3) Reynt sé að torvelda sem mest og helzt fyrirbyggja, að baktjaldaáróður í þágu ákveðinnar niðurstöðu verði hafður í frammi. Ef slíkt á sér stað, er hætt við, að niðurstaðan gefi ekki rétta mynd af hinni raunverulegu skoðun meiri hlutans, auk þess sem aðstaðan til slíks áróðurs er venjulega ójöfn, og getur niðurstaðan jafnvel oltið á því, hverjir geti lagt mesta fjármuni af mörkum til slíkrar áróðursstarfsemi.

Þá er það og sérstakt vandamál í sambandi við framkvæmd skoðanakannana, hvernig fá megi niðurstöðu, er hægt sé að túlka sem vilja meiri hlutans, ef um fleiri kosti en tvo er að velja eða raða á niður fleiri valkostum. Lausnin er einföld, ef um aðeins tvo kosti er að velja, eða þótt um fleiri kosti sé að velja, ef hægt er að þrengja valið svo, að aðeins sé að lokum valið um tvo kosti, eins og t. d. þegar kjósa á mann í tiltekna trúnaðarstöðu, svo sem til formennsku í félagasamtökum. Þetta verður flóknara, þegar margir kostir koma til greina, t. d. fleiri en tvær leiðir til lausnar tiltekins vandamáls, eða ef kjósa á í einu marga menn í stjórn félagasamtaka. Hafa þungvæg rök verið borin fram fyrir því, að í slíkum tilvikum sé ekki hægt að komast að neinni niðurstöðu, er túlkuð verði sem vilji meiri hlutans. En þetta er eitt þeirra viðfangsefna, sem ræða þarf málefnalega og kryfja til mergjar, ef setja á skynsamlegar reglur um framkvæmd skoðanakannana.

Ed. 92. Frumvarp til laga [83. mál]

um nýsmíði fiskiskipa innanlands.

Flm.: Bjarni Guðbjörnsson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hafi forgöngu um að láta smíða innanlands fiskiskip með það fyrir augum, að þau verði seld einstaklingum, félögum eða opinberum aðilum í hendur til útgerðar.

2. gr.

Áætlun verði gerð um smíði fiskiskipa, samtals allt að 12 þúsund rúmlestir, og verði smíðinni dreift á árin 1970—1973.

3. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands láti fara fram athugun á gerð og útbúnaði skipanna með tilliti til hagnýtingar nýjustu tækni. Sérstaklega verði athugað um útbúnað til móttöku og geymslu aflans um borð í skipunum. Gerð og útbúnaður skipanna verði háð samþykki Fiskveiðasjóðs Íslands.

4. gr.

Til framkvæmda samkvæmt lögum þessum er ríkisstjórninni heimilt að taka lán, sem svo verði endurlánað Fiskveiðasjóði Íslands. Fiskveiðasjóður annist lánastarfsemi samkv. lögum þessum, og skal upphæð lána til kaupenda skipanna nema 85% af kostnaðarverði.

5. gr.

Sett verði reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum tveimur þingum hafa flutningsmenn þessa frumvarps staðið að flutningi frumvarpa um nýsmíði fiskiskipa, en þau frumvörp hafa ekki náð fram að ganga. Nýmæli þeirra frumvarpa fólust fyrst og fremst í því, að ríkisstjórninni var ætlað að hafa forgöngu um skipasmíðar hjá innlendum skipasmíðastöðvum og skapa þar með aukin verkefni fyrir þær skipasmíðastöðvar, sem smíðað geta stálfiskiskip.

Á undanförnum árum hefur átt sér stað nokkur uppbygging nýrra skipasmíðastöðva og dráttarbrauta. Jafnframt hafa eldri stöðvar verið stækkaðar og endurbættar, svo að þar er víða hægt að smíða stálskip.

Það er skoðun flm. þessa frumvarps, að svo bezt verði fjárfesting undanfarinna ára í skipasmíðastöðvum og dráttarbrautum að gagni, að stöðvunum verði séð fyrir verkefnum og að lánskjör í þessu sambandi verði með aðgengilegum kjörum. Til þess að unnt sé að efla skipasmíðar og hafa fyrir hendi hentug skip á hverjum tíma, er þörf sérstakra ráðstafana. Forgöngu um þær ráðstafanir teljum við, að ríkið þurfi að hafa, eins og nú háttar til.

Nú mun ekkert fiskiskip vera í smíðum erlendis fyrir Íslendinga, en innanlands munu vera nokkur minni skip í smíðum. Árleg endurnýjunarþörf íslenzka fiskiskipastólsins, svo að haldið sé í horfinu, mun vera um 3000 rúmlestir. Það er því augljóst, að þótt nokkur minni skip séu nú í smíðum, nægir það ekki til viðhalds, hvað þá til aukningar.

Meginhluti þeirri fiskiskipa, sem bætzt hafa í skipastól landsins á síðustu árum, hefur verið byggður erlendis, enda þótt unnt hefði verið að smíða sambærileg skip innanlands. Hinar innlendu stöðvar hafa því oft verið verkefnalitlar og fyrst og fremst unnið að viðgerðum og endurbótum eldri skipa.

Með vaxandi þekkingu iðnaðarmanna og auknum tæknibúnaði eiga Íslendingar að geta verið fullfærir um að smíða þau fiskiskip, sem þeir þarfnast. Það er því augljóst, að ef öll fiskiskip Íslendinga væru smíðuð innanlands, væri hér um að ræða stóriðju, sem veitti fjölda manns vinnu, yrði traustur hlekkur í eflingu íslenzkra atvinnugreina, og kæmi í veg fyrir samdrátt og atvinnuleysi víðs vegar um landið.

Með frumvarpi þessu er lögð áherzla á, að gert verði stærra átak í þessum málum heldur en gert hefur verið hingað til. Fullkomlega verður umrædd nýsmíði fiskiskipa ekki tryggð, nema ríkið sjálft hafi forgöngu um fjárútvegun og fyrirgreiðslu. Nú er talið, að Fiskveiðasjóð skorti fé til að standa við þær skuldbindingar, sem sjóðurinn hefur þegar tekizt á hendur. Þess vegna er í þessu frumvarpi

gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun með lántöku, svo að framkvæmdir geti hafizt með eðlilegum hætti.

Nýlega hefur opinberlega verið tilkynnt um þá breytingu í sambandi við innlenda smíði, að Fiskveiðasjóður muni lána skipasmíðastöðvum út á skip í byggingu, þótt sala skipsins sé ekki tryggð fyrir fram. Þetta er nýmæli og spor í rétta átt. Flutningsmenn þessa frumvarps telja, að þótt hér hafi verið stigið spor í rétta átt, séu þó svo miklir annmarkar á þessu fyrirkomulagi, eins og reglurnar um lánveitingar þessar bera með sér, að ólíklegt sé, að þetta reynist fullnægjandi. Í fyrsta lagi eru reglurnar þannig, að Fiskveiðasjóður mun lána tvö lán, bæði með fyrsta veðrétti í nýsmíðinni. Annað lánið verður til 15 ára, háð gengisákvæði, en hitt lánið erlent lán tekið til greiðslu á efni, vél og tækjum, sem keypt hafa verið með lánskjörum erlendis frá. Þá verður 10% viðbótarlán eftir sömu viðmiðun og heildarlán Fiskveiðasjóðs ekki afgreitt eða útborgað fyrr en að loknum útborgunum Fiskveiðasjóðslánsins alls, enda sé þá framlag skipasmíðastöðvarinnar, þ. e. 15% af verði nýsmíðinnar, komið í skipið. Þessar reglur munu valda því, að stöðvarnar verða tregar til nýbygginga. Þrátt fyrir það, sem áunnizt hefur í því efni, að innlendar skipasmíðastöðvar annist að verulegu leyti smíði okkar eigin fiskiskipa, þá er full þörf á enn frekari aðgerðum til stuðnings þessari atvinnugrein, sem er mjög löguð til að bæta úr atvinnuleysi og tryggja atvinnu til frambúðar. Þess vegna er frumvarp þetta borið fram.

Sþ. 93. Tillaga til þingsályktunar [84. mál]

um nýjar heyverkunaraðferðir.

Flm.: Jónas Árnason, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að láta gera könnun á því, hvaða nýjar aðferðir geti að gagni komið við heyverkun hér á landi.

Greinargerð.

Bændur hafa orðið fyrir miklum áföllum af völdum óþurrkanna í sumar. Því er nú mikið rætt um nauðsyn þess að finna nýjar heyverkunaraðferðir, sem gert gætu bændum kleift að verjast slíkum áföllum í framtíðinni. Nokkrir framtakssamir einstaklingar hafa reyndar ekki látið sitja við orðin tóm, heldur gert tilraunir og sett fram kenningar, sem þeir sjálfir og ýmsir fleiri fullyrða, að leitt gætu til lausnar á vandamálinu. Sjálfsagt virðist, að þessu sé gaumur gefinn og stuðningur veittur til frekari tilrauna, ef þær lofa góðu.

Fyrirgreiðsla við einstaka áhugamenn uppfyllir þó hvergi nærri allar skyldur hins opinbera í þessu máli, heldur verður einnig að koma til ötul forganga af þess hálfu, enda munu fá mál hafa meiri þjóðhagslega þýðingu. Það má ekki dragast lengur, að á þessum vettvangi sé hafin víðtæk könnun, þar sem byggt verði á hagnýtri reynslu bænda sjálfra, athugunum einstakra áhugamanna og lærdómi vísindamanna. Með því móti hlýtur að vera hægt að leiða mál þetta til farsællar niðurstöðu. Nú er tækniöld, og því hlýtur að vera af sú tíðin, að bændur þurfi endilega að eiga allt sitt undir sól og regni. Tæknin hlýtur að fela í sér möguleika fyrir bændur að verka hey sín sómasamlega, jafnvel þótt hann rigni aftur önnur eins feikn og í sumar.

Sþ. 94. Fyrirspurnir. [85. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um endurskoðun laga um húsnæðismál.

Frá Gils Guðmundssyni og Einari Ágústssyni.

Hvað líður þeirri endurskoðun laga um húsnæðismál, sem Húsnæðismálastjórn var falið að framkvæma með ráðherrabréfi 15. október 1965?

II. Til heilbrigðismálaráðherra um héraðslækna.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Hverjar eru horfur á, að læknar fáist til starfa í Þórshafnar-, Kópaskers- og Breiðumýrarlæknishéruðum?

III. Til menntamálaráðherra um knattspyrnugetraunir.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hve miklar eru orðnar tekjur af knattspyrnugetraunum þeim, sem hófust s. l. vor? Hvernig hefur fé þessu verið ráðstafað? Er sú ráðstöfun í samræmi við lagaákvæði um Íþróttasjóð?

Nd. 95. Frumvarp til laga [15. mál]

um menntaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. nóv.)

Samhljóða þskj. 15 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Menntaskólar skulu svo vel búnir starfsliði, að þeir geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um. Því skal við hvern menntaskóla auk skólastjóra og kennara skipað í eftirtalin störf m. a.:

A. Umsjónar- og ráðgjafastörf.

1. **Aðstoðarskólastjóri** (konrektor), er skal vera skólastjóra til aðstoðar í daglegu starfi og staðgengill hans.
2. **Bókavörður,** er hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsölum hans.
3. **Deildarstjórar,** er hafa umsjón með kennslu, námsefni og tækjum í einstökum námsgreinum eða greinaflokkum.
4. **Yfirkennarar,** enda hafi þeir gegnt fullri kennslu við menntaskóla í 16 ár, en eru þó eigi deildarstjórar.
5. **Námsráðunautar,** er liðsinni nemendum í námsvali og námsvanda, svo og um einkamál í námi og lífi.
6. **Félagsráðunautar,** er skulu vera nemendum til ráðuneytis um félagsstörf og hafa með höndum umsjón með framkvæmd þeirra.

Þeir starfsmenn, er taldir eru í þessum lið, mega allir vera úr hópi kennara, og má fela sama starfsmanni fleiri en eitt þessara starfa, ef henta þykir.

B. Störf á skrifstofu.

1. **Fulltrúi,** er sé skólastjóra og yfirkennara til aðstoðar við dagleg störf. Hann stjórnar þeim störfum, sem unnin eru á skrifstofu skólans, og annast þau eftir því, sem við verður komið. Honum skal fengin aðstoð eftir þörfum.
2. **Gjaldkeri,** er annast reikningshald skólans og bókhald.

C. Önnur störf.

1. **Húsvörður,** er hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörzlu, ræstingu, ljósi og hita. Hann annast einnig eftirlit með lóð skólans.
2. **Tækjavörður,** er aðstoðar við verklega kennslu og hefur umsjón með kennslutækjum, nýtingu þeirra og vörzlu. Hann annast viðhald og viðgerðir á tækjakosti skólans.

Í heimavistarskólum skulu auk þess vera:

3. **Húsbóndi og húsfreyja,** er hafa með höndum umsjón og stjórn í heimavistum pilta og stúlkna.

Fela má sama starfsmanni fleiri en eitt þeirra starfa, er talin eru í lið B og lið C.

Nánari ákvæði um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna skólanna skal setja í reglugerð.

26. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneytið setur skólunum, að höfðu samráði við skólastjórnir, reglugerð um framkvæmd þessara laga strax eftir gildistöku þeirra, og skal þar meðal annars kveðið nánar á um þessi atriði:

1. Inntöku nemenda (sbr. 7. gr.).
2. Efnisinnihald kjarna, kjörsviða og valgreina (sbr. 9. gr.).
3. Val námsgreina (sbr. 9. gr.).
4. Lokapróf og mat á námsárangri og hæfni til að flytjast milli námsáfanga (sbr. 10. gr.).
5. Stúdentspróf og annað fullnaðarpróf frá menntaskóla (sbr. 11. gr.).
6. Prófdómendur og verksvið þeirra (sbr. 12. gr.).
7. Starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna (sbr. 13. gr.).
8. Störf kennara utan kennslustunda (sbr. 16. gr.).
9. Orlof (sbr. 17. gr.).
10. Skipan skólaráðs, starfshætti þess og starfstíma, og almennan kennarafund (sbr. 22. gr.).
11. Nemendaráð (sbr. 23. gr.).
12. Heilsuvernd í heimavistarskólum (sbr. 25. gr.).
13. Skólatíma og leyfi.
14. Reglu og aga.
15. Vinnudag nemenda og kennara í skólanum.

Sþ. 96. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um samvinnu yfirstjórnar fræðslumála og sjónvarps.

Flm.: Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta sem fyrst fara fram athuganir á því, með hverju móti unnt væri að koma á samvinnu yfirstjórnar fræðslumála og sjónvarpsins með sérstöku tilliti til þess að jafna námsaðstöðu nemenda og starfsaðstöðu kennara í hinum ýmsu landshlutum.

Greinargerð.

Sjónvarpið hefur nú starfað um þriggja ára skeið. Flestir munu sammála um, að þar hafi vel til tekizt, og vonir manna, sem bundnar voru tilkomu þess, hafa ekki brugðizt. Um næstu áramót mun sjónvarpið ná til allra landshluta og yfir 90% þjóðarinnar. Þetta gefur tilefni til þess, að athugað verði, hvort ekki sé tímabært, að sjónvarpið hefji starfsemi á nýjum sviðum, þar sem það gæti orðið enn frekari lyftistöng menningu og menntun í landinu. Einkum virðist ástæða til, að athugað verði, hvort hið almenna skólakerfi geti notað sjónvarpið til að draga úr þeim mismun á aðstöðu til náms í dreifbýli og þéttbýli, sem nú er svo mjög til umræðu.

Þá er og ekki síður ástæða til, að athugað verði, hvern þátt sjónvarpið geti átt í að fullnægja þeirri brýnu þörf á endurhæfingu kennara, sem yfirstandandi endurskoðun námsefnis á öllum skólastigum hefur í för með sér.

Sþ. 97. Tillaga til þingsályktunar [87. mál]

um skólasjónvarp.

Flm.: Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hraða sem mest má verða undirbúningi skólasjónvarps.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki afgreiðslu. Þá fylgdi henni svo hljóðandi greinargerð:

Í marzmánuði 1964 skilaði sérstök sjónvarpsnefnd (skipuð útvarpsráðsmönnum og útvarpsstjóra) skýrslu, sem menntamálaráðuneytið hafði falið henni að gera til undirbúnings íslenzku sjónvarpi. VIII. kafli þessarar skýrslu fjallar um skólasjónvarp og hljóðar svo:

„Kaflinn um dagskrá sjónvarps ber með sér, að áform eru um eins konar „kvöldskóla“ í sjónvarpi, þar sem hafa mætti samfellda kennslu í einstökum greinum. Hefur slík kennsla í tungumálum og fleiri greinum borið sérstaklega góðan árangur víða um lönd, meðal annars á Norðurlöndum.

Þegar rætt er um skólasjónvarp, er hins vegar átt við dagskrá, sem beint væri inn í skólana og nemendur tiltekinna bekkja horfðu á í kennslustundum í skólanum. Er slík kennsla notuð í vaxandi mæli erlendis, enda þótt hún sé vandasöm og krefjist nákvæmrar skipulagningar.

Mikill áhugi er á slíku skólasjónvarpi hjá fræðsluyfirvöldunum. Nokkur síðustu ár hafa sjónvarpsleiðslur verið settar í nýjar skólabyggingar, þar á meðal Kenn-

araskólann og 4—5 nýjustu skóla Reykjavíkur, og má af því marka, að ráðamenn íslenzkra fræðslumála telja sjónvarp meðal kennslutækja næstu framtíðar.

Sjónvarpskennsla hentar vissum greinum mjög vel, til dæmis eðlisfræði og efnafræði. Hún gæti að nokkru bætt upp skort á sérmenntuðum kennurum og sérstökum kennslustofum.

Sérstök ástæða er til að benda á, hvaða þýðingu sjónvarpskennsla mundi hafa í hinum dreifðu byggðum, þar sem ógerningur er að hafa sérmenntaða kennara í einstökum greinum og dýrustu kennslutæki í sérgreinum eru ekki til. Þar mundi sjónvarpið jafna mjög aðstöðu lítilla skóla og stórra, svo og skóla í dreifbýli og þéttbýli.

Allur undirbúningur undir íslenzkt sjónvarp gildir jöfnum höndum fyrir skólasjónvarp. Komið verður upp sendistöðvum, sem aðeins verða notaðar 2—3 stundir á dag, og verður tæknilega unnt að sjónvarpa til skólanna morgun- og síðdegisstundir. Er því rétt að taka fljótlega til sérstakrar athugunar, að hvaða leyti skólakerfið getur hagnýtt sér þá aðstöðu, sem sjónvarpið mun opna því, en um það verður að sjálfsögðu að vera náið samstarf milli sjónvarpsins og fræðsluyfirvalda.“

Skýrsla þessi er nú orðin 5 ára gömul, og íslenzkt sjónvarp hefur þegar starfað í hálft þriðja ár, og enn bólar þó ekkert á skólasjónvarpi, ef undan er skilin nokkur enskukennsla fyrir byrjendur. Sú kennsla mun hafa verið upp tekin að frumkvæði sjónvarpsins sjálfs, en skipulegt og víðtækt skólasjónvarp hlýtur hins vegar að teljast í verkahring fræðsluyfirvaldanna, enda mun takmarkað starfslið sjónvarpsins þegar hafa ærin verkefni á sinni könnu. Og virðist af þessu tilefni ekki úr vegi að spyrja, hvers vegna svo lítið hafi í reyndinni borið á þeim mikla áhuga fræðsluyfirvaldanna á skólasjónvarpi, sem um er rætt í ofanskráðum kafla úr hinni 5 ára gömlu skýrslu sjónvarpsnefndar.

Í kafla þessum er áreiðanlega ekkert ofsagt um þýðingu skólasjónvarps og vissulega ekki ófyrirsynju, að nefndin vekur í því sambandi sérstaka athygli á vandkvæðum skólahalds í hinum dreifðu byggðum vegna skorts á sérmenntuðum kennurum og nauðsynlegum kennslutækjum í sérgreinum ýmsum. Aðstöðumunur skólanna í dreifbýlinu annars vegar og þéttbýlinu hins vegar er svo mikill, að ekki getur talizt vansalaust, að til lengdar séu látnir ónotaðir hinir margvíslegu möguleikar skólasjónvarps til að jafna hann.

Nd. 98. Frumvarp til laga [88. mál]

um fyrirhleðslu og lagfæringar á árfarvegum til að koma í veg fyrir landbrot.

Flm.: Stefán Valgeirsson.

1. gr.

Til að koma í veg fyrir landbrot af völdum fallvatna eða skemmdir á nytjalandi af ágangi vatns skulu gerðar fyrirhleðslur eða lagfærðir árfarvegir, samkvæmt úrskurði matsmanna, samkv. 3. gr. þessara laga.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað af framkvæmdum samkv. 1. gr. að ⅞ hlutum, en viðkomandi sýslufélag sér um greiðslu á ⅛ hluta, er matsmenn deila síðan niður á landeigendur í hlutfalli við stærð þeirra nytjalanda, sem í hættu eru talin. Sé landeigandi óánægður með niðurjöfnun matsmanna, getur hann skotið henni til landbúnaðarráðherra, er lætur þá rannsaka málavöxtu og kveður síðan upp fullnaðarúrskurð.

3. gr.

Matsnefnd skipa þrír menn í hverju sýslufélagi, sýslumaður, formaður búnaðarsambandsins og jarðræktarráðunautur.

4. gr.

Nú telur landeigandi (eða landeigendur) að nytjalönd jarðar sinnar (jarða sinna) séu í yfirvofandi hættu af völdum landbrots eða af ágangi vatns, og skal hann (skulu þeir) þá óska þess skriflega, að matsnefnd viðkomandi héraðs kanni málið hið fyrsta.

5. gr.

Nú hefur matsnefnd borizt ósk frá jarðeiganda um úrskurð um, hvort nytjalönd hans séu ekki í yfirvofandi hættu vegna landbrots eða af ágangi vatns, og skal þá matsnefndin hefja rannsókn sína svo fljótt sem tök eru á. Að rannsókn lokinni semur hún álitsgerð um málið og kveður upp úrskurð, er sendur skal landbúnaðarráðuneytinu. Afrit skal matsnefnd senda öllum jarðareigendum, sem hlut eiga að máli hverju sinni. Matsnefnd getur kvatt til sérfræðinga sér til ráðuneytis, ef þurfa þykir.

6. gr.

Vegagerð ríkisins sér um byggingu og viðhald mannvirkja samkv. úrskurði matsnefndar. Bætur fyrir landsspjöll vegna framkvæmda eða spjöll, sem af þeim kann að leiða, skal telja með kostnaði við verkið, samkv. úrskurði matsnefndar.

7. gr.

Nú telur matsnefnd, að ekki megi dragast að hefja framkvæmdir vegna yfirvofandi skemmda á nytjalandi, og skal þá Vegagerð ríkisins hefjast handa, þegar aðstæður leyfa. Telji matsnefnd hins vegar, að verkið megi dragast til næsta sumars, skal Vegagerð ríkisins gera kostnaðaráætlun um verkið í samráði við matsnefnd og senda hana síðan til landbúnaðarráðuneytisins, er sér um, að nauðsynleg fjárveiting fáist á næsta ári til verksins.

8. gr.

Nú telur matsnefnd, að engin ástæða sé til aðgerða, og skal þá sá, er óskaði matsins, greiða allan kostnað, er af því leiðir.

Ef úrskurður matsnefndar leiðir til mannvirkjagerðar í einhverri mynd, samkv. lögum þessum, skal telja matsgerðina með í kostnaði við framkvæmd verksins.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1932 voru samþykkt lög um fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts. Þessi löggjöf mun hafa átt að þjóna tvennum tilgangi: bæta samgöngur og verja nytjalönd fyrir skemmdum af ágangi vatns á þessu svæði.

Árið 1945 voru samþykkt lög um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum. 1. gr. þeirra laga hefst þannig: „Til þess að varna yfirvofandi stórfelldum skemmdum af ágangi vatns úr Héraðsvötnum vestan vatna skulu gerðar fyrirhleðslur“ o. s. frv. Á þeim 24 árum, sem liðin eru síðan þessi löggjöf var sett, hefur orðið mikil breyting í ræktun og tækni hér á landi. Ræktunin hefur margfaldazt og færzt meira en áður niður á láglendið, eftir að hinar stórvirku skurðgröfur hófu þurrkun þess um allt land. Víða eru sléttir bakkar meðfram fallvötnum. Hafa þeir

orðið mikils virði sem slægjulönd, fyrst sem áveitusvæði, en síðari árin hefur verið borinn tilbúinn áburður á þá með mjög góðum árangri, svo að uppskerumagnið hefur orðið lítið eða ekkert minna en af þeim svæðum, sem brotin hafa verið og sáð í. Í örum leysingum verða oft miklar skemmdir á þessum löndum, sem hægt væri að koma í veg fyrir í flestum tilfellum með þeirri tækni, sem við höfum nú yfir að ráða.

Víða hafa átt sér stað stórkostleg landbrot á liðnum áratugum, sem kunnáttumenn á þessu sviði telja að auðvelt hefði verið að koma í veg fyrir, ef framkvæmdir hefðu verið gerðar í tæka tíð, t. d. með því að laga til árfarvegi.

Þó að engin löggjöf sé til nema bundin við þær takmörkuðu aðgerðir, sem að framan greinir, þá hefur verið veitt fé á fjárlögum til varnaraðgerða að þessu leyti á öðrum stöðum á landinu. Stuðningur ríkisins við þær framkvæmdir hefur verið miðaður við ákvæði áðurgreindra laga.

En það, sem hefur hindrað skynsamlega framkvæmd og samræmdar aðgerðir í þessu efni, eru ákvæði í vatnalögunum, en sú löggjöf er frá árinu 1923 og er því að mörgu leyti úrelt miðað við nútíma aðstæður. Þar eru t. d. ákvæði, sem valda því, að einn landeigandi getur hindrað sjálfsagðar og eðlilegar framkvæmdir í langan tíma, þó að það hafi mikla eyðileggingu í för með sér á nytjalöndum annarra. Það sýnist því vera kominn tími til að setja löggjöf um þetta efni, sem sniðin er eftir þörf og kröfu okkar tíma og hvetur til virkrar varðstöðu um verndun gróðurlendis í byggð, ekki síður en á afréttarlöndum. Við höfum viðurkennt það í verki hin síðari ár, að þjóðinni beri að koma í veg fyrir uppblástur gróðurlendis, og nú er mikil hreyfing í landinu til að vinna að því, ekki síst meðal ungmennafélaga, og þeirri hreyfingu ber vissulega að fagna. En það má ekki horfa á það aðgerðarlaust heldur, að fallvötn brjóti niður land í stórum stíl, og því mjög brýnt að setja löggjöf, sem hvetur og auðveldar framkvæmd í því efni. Því er þetta frumvarp fram borið.

Nú ættu ekki að vera nein vandkvæði á því að hindra landbrot með því að nota hinar stórvirku vinnuvélar til verksins.

Ég sé ekki ástæðu til að skýra sérstaklega hinar einstöku greinar frumvarpsins, þær skýra sig sjálfar. Frumvarpið hefur verið samið að miklu leyti með hliðsjón af þeim frumvörpum, er getið var um hér að framan, t. d. sama greiðsluhlutfall á milli ríkis og landeigenda.

Að öðru leyti verður málið nánar skýrt í framsögu.

Nd. 99. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um æskulýðsmál.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og rætt það við fulltrúa Æskulýðssambands Íslands og formann þeirrar nefndar, er upphaflega samdi frv. Menntamálanefnd er sammála um að mæla með samþykkt frv. með þrem breytingum, sem till. eru fluttar um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. nóv. 1969.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Bjartmar Guðmundsson, fundaskr. Magnús Kjartansson.

Gunnar Gíslason. Eysteinn Jónsson. Sigurvin Einarsson. Birgir Kjaran.

Nd. 100. Breytingartillögur [16. mál]

við frv. til l. um æskulýðsmál.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „þrjú ár“ í lok gr. komi: tvö ár.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðherra ræður æskulýðsfulltrúa til 5 ára í senn að fengnum tillögum Æskulýðsráðs ríkisins, og greiðast laun hans úr ríkissjóði. Fulltrúinn skal annast framkvæmdastjórn fyrir ráðið og gegna öðrum þeim störfum að æskulýðsmálum, sem ráðherra felur honum með erindisbréfi.
3. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist: enn fremur til námskeiða og annars fræðslustarfs einstakra samtaka.

Sþ. 101. Tillaga til þingsályktunar [89. mál]

um athugun á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Ingvar Gíslason, Björn Fr. Björnsson, Bjarni Guðbjörnsson, Einar Ágústsson.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til þess að gera athugun á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis í landinu og upplýsa, hvaða aðilar hafa náð beztum árangri hvað verð og gæði snertir. Nefndin leggi fram skýrslu um niðurstöður sínar á næsta þingi. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þessi ályktun var borin fram á síðasta þingi, en það seint, að hún fékk þá ekki afgreiðslu. Þá fylgdi henni eftirfarandi greinargerð:

„Á því leikur enginn vafi, að hraðvaxandi byggingarkostnaður hefur átt drjúgan þátt í því, hvað dýrtíðin hefur aukizt hröðum skrefum á liðnum árum. Með það í huga er ekki seinna vænna að taka það til gaumgæfilegrar athugunar, á hvern hátt er hægt að hamla á móti þessum mikla byggingarkostnaði. Virðist einsýnt, að þeir, sem byggja ódýrast miðað við gæði, eigi að sitja fyrir lóðum og fjármagni, enda er það eina sýnilega leiðin til að lækka íbúðakostnaðinn.

Þegar Breiðholtsáætlunin var gerð á sínum tíma, var að því stefnt, að sagt var, að lækka byggingarkostnaðinn með fjöldaframleiðslu íbúðarhúsnæðis. Nú er það almenn skoðun, ekki sízt meðal iðnaðarmanna, að Breiðholtsbyggingarnar hafi orðið enn dýrari en íbúðir byggðar af einstaklingum á sama tíma, og þó séu þessar Breiðholtsíbúðir meira og minna gallaðar, að sagt er.

Það er enn fremur talið, að ýmis byggingarsamvinnufélög hafi byggt fullkomlega sambærilegar íbúðir við Breiðholtsbyggingarnar fyrir allt að 33% minna verð, t. d. byggingarsamvinnufélag vélstjóra, sem hóf byggingu 12 íbúða í september s. l. að Leirubakka 18 og 20, og eru þessar íbúðir nú fokheldar. Byggingarkostnaður þessara íbúða fokheldra, miðað við 3 herbergja íbúðir, 80 m², auk geymslu í kjallara, er um 256 þúsund krónur.

Þrátt fyrir skýr fyrirmæli í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins um, að stofnunin eigi að vinna að umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði, þá hefur þessum málum ekki verið sinnt sem skyldi enn sem komið er.

Það ætti að vera öllum aðilum áhugamál, að það sé kannað, hvað sannast er í þessum málum, og að staðið sé að byggingu íbúðarhúsnæðis á þann hátt, að sem mest fáist fyrir það takmarkaða fé, sem þjóðin hefur efni á að setja í það á ári hverju. Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga fram borin.“

Síðan þessi greinargerð var samin, hefur ýmislegt rekið á fjörur flutningsmanna, er gefur til kynna, að byggingar framkvæmdanefndar í Breiðholti hafi verið með þeim hætti, að full ástæða sé til að kryfja þá framkvæmd til mergjar.

Það virðist liggja nokkuð ljóst fyrir, að byggingarkostnaðurinn hafi orðið það mikill, að nýtt met hafi verið slegið, þó að gengið sé út frá því, að gæði og frágangur sé í meðallagi.

Séu þær tölur réttar, sem hér verða nefndar, ættu stjórnvöld að láta staðar numið með þessa framkvæmd, en láta þá aðila, er sannanlega byggja ódýrast, um það að leysa þessi verkefni af hendi.

Eftir því sem næst verður komizt, var söluverð hverrar sambyggingar 50 milljónir 774 þúsund krónur. Það eru sex sambyggingar, sem búið er að byggja, og er þá söluverð þeirra allra 304 millj. 644 þúsund krónur eða 3096 kr. rúmmetrinn, séu útreikningar fasteignanefndar Reykjavíkur lagðir til grundvallar. Einbýlishúsin voru 23. Söluverð þeirra mun hafa verið 32 milljónir 216 þúsund krónur eða 3940 kr. rúmmetrinn. Byggingartíminn var að mestu leyti á árunum 1967 og 1968, en meðalbyggingarvísitala þessara ára var 2987 kr. rúmmetrinn. Söluverð einbýlishúsanna hefur því verið 953 kr. hærra á hvern rúmmetra en byggingarvísitalan var og söluverð sambýlishúsanna 109 kr. hærra.

En hér er ekki öll sagan sögð.

Byggingarkostnaður allra þessara bygginga í lok júnímánaðar s. l. var um 396 milljónir króna og ekki talið víst, að allir reikningar tilheyrandi þessum byggingum væru þá fram komnir. Það eru því 59 milljónir króna umfram söluverð íbúðanna, sem eftir stendur. Frá þessari upphæð dregst undirbúningskostnaður við áframhaldandi byggingar á vegum framkvæmdanefndar og hluti af skipulagsvinnu, sem talin er um 4 milljónir króna samtals.

Séu þessar tölur réttar, er ljóst, að byggingarkostnaður þessara íbúða hefur orðið miklu hærri en söluverð þeirra. Ekki er því hægt að gera sér vonir um, að þessi byggingarmáti komi til með að lækka byggingarkostnaðinn í landinu, eins og ætlazt var til í upphafi, heldur hið gagnstæða.

Enginn ætti að ganga þess dulinn, að ein höfuðástæðan fyrir verðbólguþróuninni á liðnum árum hefur verið hinn mikli byggingarkostnaður íbúðarhúsnæðis. Miðað við kaupmátt launa nú er engin leið að rísa undir húsnæðiskostnaðinum óbreyttum. Það hlýtur því að vera skylda Alþingis að taka öll þessi mál til endurskoðunar og leita eftir leiðum til að lækka byggingarkostnaðinn til muna. Slíkt fálm og lausatök sem á þessum málum hafa verið að undanförnu geta ekki gengið lengur. Er það verjandi, að þeir, sem byggja dýrast, sitji fyrir fjármagni til byggingarstarfsemi, eins og nú virðist hafa átt sér stað, en hinir, sem byggja ódýrast, séu stöðvaðir af þeim ástæðum?

Ef byggingarkostnaður yrði lækkaður með samræmdum aðgerðum hins opinbera, mundi það draga úr kröfunni um hærri laun og því vera líklegasta leiðin til að halda framleiðslukostnaðinum í landinu í skefjum.

Af ofangreindum ástæðum ber Alþingi að samþykkja þessa þingsályktunartillögu.

Ed. 102. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 17. nóv. 1969.

Jón Þorsteinsson, form.	Auður Auðuns, fundaskr., frsm.	Ásgeir Bjarnason.
Steinþór Gestsson.	Axel Jónsson.	Björn Fr. Björnsson.
	Björn Jónsson.	

Ed. 103. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 53 13. maí 1966, um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 17. nóv. 1969.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Gils Guðmundsson.	Einar Ágústsson.	Jón Þorsteinsson.

Nd. 104. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 17. nóv. 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Guðl. Gíslason.
Pálmi Jónsson.	Kristján Ingólfsson.	Þórarinn Þórarinsson.
	Lúðvík Jósefsson.	

Nd. 105. Frumvarp til laga [16. mál]

um æskulýðsmál.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. nóv.)

Samhljóða þskj. 16 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra æskulýðsmála, sem lög þessi fjalla um.

Stofna skal Æskulýðsráð ríkisins, skipað fimm mönnum. Ráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Þrír menn skulu tilnefndir af aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og öðrum hliðstæðum æskulýðssamböndum, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Einn maður skal tilnefndur af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga. Sömu reglur gilda um varamenn. Skipunartími er tvö ár.

4. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðherra ræður æskulýðsfulltrúa til 5 ára í senn að fengnum tillögum Æskulýðsráðs ríkisins, og greiðast laun hans úr ríkissjóði. Fulltrúinn skal annast framkvæmdastjórn fyrir ráðið og gegna öðrum þeim störfum að æskulýðsmálum, sem ráðherra felur honum með erindisbréfi.

9. gr. hljóðar svo:

Önnur starfsemi í þágu æskufólks.

Heimilt skal að styðja einstök verkefni í þágu æskufólks, þ. á m. nýjungar og tilraunir í æskulýðsstarfi, svo og ráðstafanir, sem miða að lausn sérstakra æskulýðsvandamála, er skapast kunna, enn fremur til námskeiða og annars fræðslustarfs einstakra samtaka.

Sþ. 106. Fyrirspurnir [90. mál]

I. Til forsætisráðherra um stjórnarráðshús.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvenær verður hafizt handa um byggingu stjórnarráðshúss, sem ákveðið var að reisa í tilefni af 50 ára afmæli stjórnarráðsins og veitt hafa verið framlög til á fjárlögum?

II. Til viðskiptamálaráðherra um Hagráð.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hve marga fundi hefur Hagráð haldið og hvenær?

Hefur Efnahagsstofnunin lagt fyrir Hagráð skýrslur samkvæmt 19. gr. laga um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð?

III. Til raforkumálaráðherra um raforku til húsahitunar.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hvað telur ráðherrann, að mikill markaður yrði fyrir rafmagn til húsahitunar, ef það væri á boðstólum inn á dreifingarkerfin með sama verði og rafmagn er selt til stóriðju?

Hvaða verð telur ráðherrann, að þyrfti að vera á rafmagni, til þess að hagfelldara væri að nota það til húsahitunar en olíu?

IV. Til landbúnaðarráðherra um aðgerðir gegn kali og fóðurskorti.

Frá Ingvari Gíslasyni.

1. Hvað líður störfum kalnefndar, sem skipuð var 7. ágúst s. l., og á hvaða grundvelli er henni ætlað að starfa?

2. Hvaða fjármagn hefur kalnefnd til umráða vegna starfa sinna?
3. Hvaða ráðstafanir aðrar eru áætlaðar til þess að koma í veg fyrir túnkal og fóðurskort?
4. Er að vænta sérstaks stuðnings við félagsræktun bænda?

Ed. 107. Frumvarp til laga [91. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Axel Jónsson, Jón Þorsteinsson, Steinþór Gestsson.

1. gr.

Á eftir 1. málslið 3. mgr. 27. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum þeim, sem greinir í 1. málslið, ef sérstaklega stendur á og um ræðir akstur á skólabörnum í sveitum, þegar skólanefnd hefur skipulagt slíkan akstur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að kostnaður af akstri á skólabörnum og unglingum í sveitum er oft einn hinna stærri útgjaldaliða við skólahaldið. Það er því eðlilegt, að skólanefndir leggi fyllsta kapp á að halda þessum kostnaði niðri eins og auðið er, en hann skiptist milli sveitarfélaga og ríkis. Margar skólanefndir hafa því brugðið á það að ráð að bjóða aksturinn út fyrir hvert skólaár innan sveitar eða skólahéraðs. Í stærri skólahverfum a. m. k. hefur þótt hagkvæmt að notast fremur við minni bifreiðar, t. d. jeppa, heldur en hinar stærri. Sérstaklega styttast þá akstursleiðir verulega. Er sá tímasparnaður vissulega mikils virði fyrir börnin, sem oftast hafa meir en nóg við tíma sinn að gera við námið sjálft.

Samkvæmt 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga getur enginn fengið leyfi til að aka leigubifreið til mannflutninga, nema hann hafi m. a. staðizt viðbótarpróf (í daglegu tali nefnt meira próf) og fullnægi að öðru leyti skilyrðum nánar ákveðnum í reglugerð. Nú er oft og einatt sá hængur á víða um sveitir, að slíkir réttindamenn eru ekki til staðar. Þá hefur því raunin orðið sú, að bifreiðarstjórar án viðbótarréttinda hafa annazt aksturinn, vafalaust eigi að síður ágætir ökumenn, þaulkunnugir staðháttum og akstursleiðum.

Tryggingarfélög, a. m. k. sum þeirra, munu hafa tekið að sér farþegatryggingar, þegar þannig hefur staðið á, og aðrir aðilar ýmsir hafa einnig litið fram hjá réttindaleysi ökumannanna til þess að lama ekki aksturskerfið.

Það vandamál, sem hér er á ferð, þykir okkur flm. frv. rétt að leysa með þeim hætti, að dómsmálaráðherra fái í hendur heimild til þess að víkja frá áðurnefndum ákvæðum umferðarlaganna. Heimildin sé bundin því skilyrði, að sérstaklega standi á og um akstur á skólabörnum sé að ræða í sveitum úti. Miðum við flm. að sjálfsögðu við það, að undanþága sé einungis veitt til eins skólaárs í senn og leitað sé umsagnar lögreglustjóra og bifreiðaeftirlits um undanþágubeiðni skólanefndar.

Sþ. 108. Tillaga til þingsályktunar [92. mál]

um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs.

(Lögð fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969).

Alþingi ályktar að samþykkja starfsreglur Norðurlandaráðs, sem prentaðar eru hér á eftir sem fylgiskjal með ályktun þessari, í stað starfsreglna þeirra, er samþykktar voru með þingsályktun 30. maí 1958.

Fylgiskjal.

Starfsreglur Norðurlandaráðs.

1. gr.

Norðurlandaráð er vettvangur fyrir þjóðþing Dana, ríkisþing Finna, Alþingi Íslendinga, stórþing Norðmanna og ríkisþing Svía og ríkisstjórnir þessara landa til þess að ráðgast um þau málefni, er varða samvinnu allra þessara landa eða einhverra þeirra. Lögþing Færeyinga og landsstjórn og landsþing Álandseyja og stjórn taka þátt í störfum ráðsins.

2. gr.

Ráðið er skipað 78 kjörnum fulltrúum, fulltrúum ríkisstjórnanna, fulltrúum landsstjórnar Færeyinga og stjórnar Álandseyja.

Þjóðþing Dana kýs 16 fulltrúa í ráðið, ríkisþing Finna 17 fulltrúa, Alþingi Íslendinga 6 fulltrúa og stórþing Norðmanna og ríkisþing Svía hvort um sig 18 fulltrúa. Lögþing Færeyinga kýs 2 fulltrúa í ráðið og landsþing Álandseyja 1 fulltrúa. Enn fremur skal kjósa nægilega tölu varamanna.

Fulltrúar skulu kjörnir úr hópi hlutaðeigandi þingmanna og fyrir mismunandi stjórnmálastefnur. Að öðru leyti skal kosið til þess tíma og með þeim hætti, sem ákveðið verður af hverju þingi.

Hver ríkisstjórn velur úr sínum hópi stjórnarfulltrúa, svo marga sem hún óskar. Landsstjórn Færeyinga og stjórn Álandseyja velja hvor um sig úr sínum hópi 1 fulltrúa.

Í deild danska ríkisins eru þeir fulltrúar, sem þjóðþingið og lögþingið kjósa, og þeir fulltrúar, sem danska ríkisstjórnin og landsstjórnin velja. Í deild Finnlands eru þeir fulltrúar, sem ríkisþing Finna og landsþing Álandseyja kjósa, og þeir fulltrúar, sem finnska ríkisstjórnin og stjórn Álandseyja velja. Í deild Íslands eru þeir fulltrúar, sem Alþingi kýs, og fulltrúar íslenzku ríkisstjórnarinnar, í deild Noregs fulltrúar, sem stórþingið kýs, og fulltrúar norsku ríkisstjórnarinnar, og í deild Svíþjóðar fulltrúar kosnir af ríkisþinginu og fulltrúar sænsku ríkisstjórnarinnar.

3. gr.

Fulltrúar ríkisstjórnanna, landsstjórnar Færeyinga og stjórnar Álandseyja hafa ekki atkvæðisrétt í ráðinu.

4. gr.

Ráðið kemur saman einu sinni á ári á þeim tíma, sem það ákveður (aðalþing). Auk þess kemur ráðið saman, þegar það ákveður sjálft, eða þegar eigi færri en tvær ríkisstjórnir eða eigi færri en 25 kjörnir fulltrúar óska þess (aukaþing). Aðalþing skal háð í einhverri höfuðborg landanna, eftir því sem ráðið ákveður.

5. gr.

Ráðið kýs fyrir hvert aðalþing og fyrir tímabilið til næsta aðalþings úr hópi hinna kjörnu fulltrúa forseta og 4 varaforseta. Forseti og varaforsetar eru stjórnarnefnd ráðsins.

6. gr.

Þingfundir ráðsins eru háðir í heyranda hljóði, nema ráðið ákveði annað vegna sérstaks eðlis einhvers máls.

7. gr.

Til þess að undirbúa málin skal kjósa þingnefndir og aðrar nefndir. Geta þær nefndir einnig komið til funda milli þinga.

Á aðalþingum er hinum kjörnu fulltrúum skipt niður í fastanefndir til þess að undirbúa málin. Fastanefndir geta eftir ákvörðun stjórnarnefndar, þegar sérstaklega stendur á, átt með sér fundi milli þinga.

Kjósa má nefnd til þess að undirbúa tiltekið mál milli þinga.

8. gr.

Deild hvers lands ræður ritara og aðra starfsmenn. Eru þeir í störfum sínum og samvinnu sín í milli háðir leiðsögn stjórnarnefndar.

9. gr.

Sérhver ríkisstjórn og sérhver fulltrúi í ráðinu getur, með því að snúa sér skriflega til stjórnarnefndar, lagt mál fyrir ráðið. Stjórnarnefndin lætur semja þá greinargerð, sem hún telur nauðsynlega, og hún sendir skjöl málsins til ríkisstjórnanna og fulltrúanna með góðum fyrirvara áður en þing er háð.

10. gr.

Ráðið ræðir sameiginleg áhugamál landanna og getur samþykkt ályktanir til ríkisstjórnanna. Slíkum ályktunum skal fylgja greinargerð um það, hvernig hver fulltrúi hefur greitt atkvæði.

Um málefni, sem einungis varða tiltekin lönd, eiga ekki aðrir atkvæðisrétt en fulltrúar þeirra landa.

11. gr.

Ríkisstjórnirnar skulu tilkynna það ráðinu á hverju aðalþingi þess, hverjar ráðstafanir hafa verið gerðar í tilefni af ályktunum ráðsins.

12. gr.

Ráðið setur sér sjálft þingsköp.

13. gr.

Hvert land ber kostnað af þátttöku sinni í ráðinu.

Ráðið ákveður, hvernig sameiginlegum kostnaði skuli jafnað niður.

Starfsreglur þessar öðlast gildi 1. janúar 1970.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

14. janúar 1967 flutti danska ríkisstjórnin í Norðurlandaráði tillögu um aðild Færeyja að ráðinu. Á þingi ráðsins í Helsingfors 1967 var tillögunni vísað til laganefndar.

Til þess að tillagan næði fram að ganga, þurfti samþykki réttra stjórnarvalda í þeim löndum, sem aðild eiga að ráðinu. Á þinginu í Helsingfors var því horfið að því ráði, að ríkisstjórnirnar tækju upp beina samninga í málinu í samráði við stjórnarnefnd ráðsins.

Málið var síðan rætt á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Helsingfors 22. og 23. ágúst 1967. Ráðherrarnir ákváðu í því skyni að reyna að finna viðunandi lausn að fela embættismannanefnd að undirbúa meðferð málsins á sameiginlegum fundi forsætisráðherranna og stjórnarnefndar ráðsins í október 1967.

Í ágúst kom fram tillaga um aðild Álandseyja að ráðinu.

Á fundi forsætisráðherra og stjórnarnefndar í Reykjavík 8. og 9. okt. 1967 var ákveðið að skipa nefnd með einum fulltrúa frá hverri ríkisstjórn og einum frá hverri deild ráðsins til þess að gera tillögu um aðild Færeyja og Álandseyja að ráðinu.

Nefndina skipuðu af hálfu ríkisstjórnanna dómsmálaráðherrarnir: K. Axel Nielsen, Danmörku, A. Simonen, Finnlandi, Jóhann Hafstein, Íslandi, frú Elisabeth Schweigaard Selmer, Noregi, og Herman Kling, Svíþjóð. Í nefndinni voru einnig forsetar Norðurlandaráðs: Eino Sirén, Finnlandi, Poul Hartling, Danmörku, Sigurður Bjarnason, Íslandi, Trygve Bratteli, Noregi, og Leif Cassel, Svíþjóð. 2. febrúar 1968 tók J. O. Krag sæti Poul Hartlings og 9. s. m. tók Knud Thestrup dómsmálaráðherra sæti K. Axel Nielsens.

Síðasta fund sinn hélt nefndin 12. ágúst s. l. og náðist samkomulag um að mæla með því, að lögþing Færeyinga kjósi tvo lögþingsmenn í Norðurlandaráð og landsþing Álandseyja einn fulltrúa. Jafnframt geta Færeyingar og Álandseyingar valið hvorir sinn stjórnarfulltrúa.

Samkvæmt gildandi starfsreglum Norðurlandaráðs kýs þjóðþing Dana, ríkisþing Finna, stórþing Norðmanna og ríkisþing Svía hvert um sig úr sínum hópi 16 menn og Alþingi Íslendinga 5 menn, þannig að Norðurlandaráð, auk stjórnarfulltrúa, er skipað 69 þingfulltrúum.

Nefndin leggur til, að hvert ríki um sig fái fulltrúa sem hér segir: Danmörk 18 (16 kosna af þjóðþinginu og 2 kosna af lögþingi Færeyinga), Finnland 18 (17 kosna af ríkisþinginu og 1 kosinn af landsþingi Álandseyja), Ísland 6, Noregur og Svíþjóð 18 hvort, og verða þingfulltrúar þá 78 í stað 69 nú.

Stjórnarnefnd Norðurlandaráðs hefur samþykkt þessa lausn á aðild Færeyja og Álandseyja að Norðurlandaráði. Lögþing Færeyinga hefur og samþykkt hana.

Á sameiginlegum fundi forsætisráðherra Norðurlanda og stjórnarnefndar í Stokkhólmi 4. nóv. s. l. var samþykkt að stefna að því, að nauðsynlegar breytingar á starfsreglum Norðurlandaráðs tækju gildi 1. jan. 1970.

Í þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að 1.—3. gr. starfsreglnanna verði breytt samkvæmt því, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. 4.—13. gr. þeirra eru óbreyttar. Hagkvæmt þykir að hafa reglurnar í heild á einum stað, og eru þær greinar því teknar hér með.

Nd. 109. Frumvarp til laga [93. mál]

um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

Eyjan Flatey í Flateyjarhreppi í Suður-Þingeyjarsýslu skal lögð undir lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar.

2. gr.

Húsavíkurkaupstaður tekur að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða þurfamenn eða framfærslurétt eiga eða mundu eignast í Flateyjarhreppi í Suður-Þingeyjarsýslu vegna fæðingar eða dvalar þar, ef lög þessi væru eigi sett.

3. gr.

Eignum Flateyjarhrepps skal varið til menningar- og framfaramála í Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavík samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðuneytisins, að höfðu samráði við sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu og bæjarstjórn Húsavíkur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var snemma á þessu ári samið af framkvæmdarnefnd sameiningarnefndar sveitarfélaga og sent bæjarstjórn Húsavíkur og sýslunefnd S.-Þingeyjarsýslu til umsagnar. Fylgja umsagnir þeirra hér með sem fylgiskjöl. Þar sem umsagnirnar urðu ekki samhljóða, mun sameiningarnefnd sveitarfélaga ekki hafa talið sér fært að beiðast ráðuneytis- eða stjórnarfrumvarps um málið, en samning frumvarpsins sýnir engu að síður álit nefndarinnar. Hins vegar er mál þetta í sjálfheldu, séu eigi sett um það lög. Allir Flateyjarbúar eru nú fluttir úr eyjunni og flestir komnir með heimilisfesti á Húsavík. Aðeins 5 manns teljast nú eiga lögheimili í Flatey, en af þeim eru 4 vistmenn á Kópavogshæli, en 1 á Kristneshæli. Óviðunandi er, að eyjan sé utan umdæmis sveitarstjórna, þar eð sá möguleiki er fyrir hendi, að mönnum takist að skapa sér þar skjól fyrir útsvarsálögum, án þess að sveitarstjórn verði mynduð á ný. Fyrir liggur, að bæjarstjórn Húsavíkur vill taka við því ómagaframfæri, sem áður hvíldi á hreppssjóði Flateyjar. Þar eð eyjan er í öðru lögsagnarumdæmi, þarf sérstök lög um sameiningu hennar og Húsavíkur, en landssvæði það, er fylgir Flateyjarhreppi uppi á landi, Flateyjardal, nú eyðibyggð og nýtt sem afréttarland af íbúum Háls- og Grýtubakkahreppa, mun mega sameina Hálshreppi með ráðuneytisúrskurði. Fáir eða engir munu í alvöru trúa því, að Flatey byggist á ný um næstu ár, og virðist því óskynsamlegt og raunar varhugavert að láta staðinn vera utan sveitarstjórnamarka, því að augljóst er, að þar verður engin sveitarstjórn löglega mynduð á komandi vori af framanlýstum ástæðum.

Fylgiskjal I.

BÆJARSTJÓRINN HÚSAVÍK

Húsavík, 25. júní 1969.

Bæjarstjórn Húsavíkur hefur nú afgreitt erindi það, er barst frá yður í bréfi, dags. 5. maí s. l. Hefur bæjarstjórnin á fundi sínum í dag einróma samþykkt eftirfarandi:

„Bæjarstjórn Húsavíkur lýsir sig samþykka þeirri tillögu, er kemur fram í bréfi sameiningarnefndar sveitarfélaga, dags. 5. maí 1969. Bæjarstjórnin lýsir sig samþykka því, að bæjarsjóður Húsavíkur taki við framfærslu þurfamanna, sbr. 2. gr. í tillögu sameiningarnefndar, en lýsir því jafnframt yfir, að hún telur eignir og skuldir Flateyjarhrepps og Flateyjarhafnar sér með öllu óviðkomandi."

Tilkynnist þetta sameiningarnefnd hér með.

Björn Friðfinnsson.

Sameiningarnefnd sveitarfélaga
Laugavegi 105 R.

Fylgiskjal II.

SÝSLUMAÐUR ÞINGEYJARSÝSLU
BÆJARFÓGETI HÚSAVÍKUR

Húsavík, 14. maí 1969.

Á aðalfundi sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu, sem haldinn var 5.—9. þ. m., var meðal annars rætt um framtíð Flateyjarhrepps og fyrir tekið erindi yðar um það efni.

Forustumenn Flateyinga mættu á fundinum og lýstu því yfir, að þeir óskuðu þess eindregið, að hreppurinn yrði ekki nú sameinaður öðrum hreppum, heldur yrði beðið með að taka ákvarðanir um framtíðarráðstöfun hans, meðan málin varðandi búsetu í Flatey væru að skýrast.

Þeir telja, að flutningur fólksins til lands hafi fyrst og fremst stafað að því, að ekki var haldið uppi barnafræðslu í Flatey, en foreldrarnir töldu sig ekki geta sent börnin frá sér til fræðslu í landi, bæði kostnaðar vegna og nauðsynlegrar umönnunar.

Ég sendi yður hér með sérstaka tilkynningu um afgreiðslu sýslunefndarinnar á máli þessu.

Jóhann Skaptason.

Framkvæmdanefnd sameiningarnefndar sveitarfélaga,
c.o. Samband íslenzkra sveitarfélaga, Laugavegi 105, Reykjavík.

SÝSLUMAÐUR ÞINGEYJARSÝSLU
BÆJARFÓGETI HÚSAVÍKUR

Húsavík, 14. maí 1969.

Á síðasta aðalfundi sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu, sem haldinn var í byrjun þessa mánaðar, var meðal annars fyrir tekið:

27. mál. Framtíð Flateyjarhrepps:

„Lesin og lögð fram drög að frumvarpi til laga, sem framkvæmdanefnd sameiningarnefndar sveitarfélaga hefur samið, um að Flatey skuli lögð undir lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar.

Á fundinum mættu sýslunefndarmaður Flateyjarhrepps, Gunnar Guðmundsson, og oddviti Flateyjarhrepps, Jón Hermannsson. Lýstu þeir sig andvíga nefndu frumvarpi og töldu rétt að bíða um nokkurn tíma með að taka ákvörðun um framtíð hreppsins.

Eftir nokkrar umræður var málinu vísað til allsherjarnefndar til athugunar og ályktunar."

32. mál. Framtíð Flateyjarhrepps:

Svo hljóðandi tillaga frá allsherjarnefnd var samþykkt einróma (sbr. atr. 27).

„Sýslunefndin lýsir sig andvíga þeirri hugmynd, að Flatey eða aðrir hlutar Flateyjarhrepps verði sameinaðir öðru sveitarfélagi, meðan allt er jafnóljóst og nú er, hvernig ræðst um not þeirra landa í framtíðinni.

Nefndin telur því rétt og óskar þess, að sýslumanni Þingeyjarsýslu verði falin umsjón Flateyjarhrepps og meðferð eigna hans næstu fimm ár, nema búseta aukist þar til muna á þeim tíma."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Jóhann Skaptason.

Framkvæmdanefnd sameiningarnefndar sveitarfélaga,
c.o. Samband íslenzkra sveitarfélaga, Laugavegi 105, Reykjavík.

Nd. 110. Frumvarp til laga [94. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson.

1. gr.

4. málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Tryggingaráð getur ákveðið, að greiða skuli með börnum ekkils allt að fullum barnalífeyri, ef fráfall eiginkonu veldur tilfinnanlegri röskun á afkomu hans. Sama gildir um börn ellilífeyrisþega, einstæðrar móður, sem er öryrki eða látin, svo og hjóna, sem verða fyrir verulegum tekjumissi eða útgjaldaaukningu sökum örorku eiginkonu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæðum tryggingalaganna, 16. gr., hefur tryggingaráð heimild til að ákveða, að greiddur sé barnalífeyrir með börnum einstæðra mæðra, ef móðirin er öryrki. Hins vegar er talið, að lögin leyfi ekki að greiða barnalífeyrinn áfram, ef móðirin fellur frá. Með engu móti getur verið, að þetta sé tilætlun löggjafans. Það hlýtur að vera smíðagalli, sem laga þarf. Dæmi: Einstæð móðir missir heilsuna og verður öryrki. Þá fær hún barnalífeyri samkv. heimildarákvæðum 16. gr. Síðan þarf hún að fara á sjúkrahús og andast þar eftir langa legu. Foreldrar konunnar hafa tekið börnin og annazt þau án annarrar meðgjafar en þeirrar, sem tryggingarnar greiða, enda ekki í annað hús að venda en til hreppsins. En þegar móðirin er dáin, kemur í ljós, að greiðslan frá tryggingunum lækkar að miklum mun. Tryggingaráð brestur heimild til að úrskurða á annan hátt og eðlilegri.

Breytingartillaga sú, sem hér er flutt, á að bæta úr þessum augljósa smíðagalla, ef samþykkt verður.

Ed. 111. Frumvarp til laga [95. mál]

um breytingu á lögum nr. 25 23. apríl 1969, um breytingu á lögum nr. 86 31. desember 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

a-liður 1. gr. orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 65000, en skiptist í 12 flokka á ári hverju og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði. Heimilt er að gefa út fjóra flokka hlutamiða E, F, G og H flokk, sem tengjast við númer þau, sem heimilt er að gefa út samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er flutt að ósk háskólaráðs.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að Happdrætti Háskóla Íslands verði heimilað að gefa út nýjan flokk hlutamiða til viðbótar þeim þrem flokkum, sem

lagaheimild er nú fyrir. Með l. nr. 86 31. desember 1963 var Happdrætti Háskóla Íslands heimilað að gefa út nýjan flokk hlutamiða, B-flokk. Flokkur þessi var upp tekinn til að bæta úr brýnni fjárþörf Háskólans, en sem kunnugt er hefur það verið verkefni Happdrættisins að kosta nýbyggingar Háskólans, viðhald eldri bygginga, tækjakaup, umönnun lóða o. fl. Með l. nr. 25 23. apríl 1969 var enn heimilað að gefa út nýjan flokk hlutamiða, C-flokk, til að mæta að nokkru sívaxandi fjárþörf Háskólans. Við nánari athugun hefur hins vegar komið í ljós, að hentugra er að fjölga flokkunum um tvo fremur en einn, og er frumvarp þetta flutt vegna þess.

Hlutamiðar Happdrættisins eru nú gefnir út í heilmiðum og hálfmiðum og vinningar skiptast samkvæmt því. Áhugi viðskiptamanna Happdrættisins hefur um langa hríð beinzt fyrst og fremst að heilmiðum, og mjög hefur á það skort, að unnt hafi verið að anna eftirspurn eftir þeim. Margir þeirra, sem eiga hálfmiða, stefna að því að eignast heilmiða með sama númeri. Með því að gefa út tvo nýja flokka heilmiða mundu allir þeir, sem eiga hálfmiða, fá þeim breytt í heilmiða. Jafnframt sparast mikil vinna hjá Happdrættinu við miðatalningu og fleira. Með breytingu þessari er einnig tryggt, að Happdrættið geti til frambúðar annað eftirspurn viðskiptavina sinna eftir heilmiðum, en ekki er gert ráð fyrir, að aukning þessi seljist öll þegar í stað.

Ný nöfn flokkanna, E, F, G og H í stað A, B og C (og D), eru upp tekin af hagkvæmnisástæðum við samlestur.

Með frumvarpi þessu er stefnt að hagræðingu í rekstri Happdrættisins og jafnframt er því gert kleift að fullnægja eftirspurn viðskiptavina sinna og auka þar með tekjumöguleikana.

Framundan er stórátak til eflingar Háskóla Íslands. Miklu fé þarf að verja til ýmiss konar fjárfestingar, og verður það ekki nema að hluta sótt til Happdrættisins. Með breytingu þessari er að því stefnt að nýta betur tekjumöguleika Happdrættisins og gera því kleift að leggja meira af mörkum en ella væri til þessarar uppbyggingar.

Að öðru leyti þarfnast frumvarpið ekki skýringa.

Nd. 112. Frumvarp til laga [96. mál]

um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited, dags. 28. október 1969, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. marz 1966, um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum, á íslenzku og ensku.

2. gr.

Ákvæði viðaukasamnings þess, sem um ræðir í 1. gr., skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

FYRSTI VIÐAUKI

VIÐ AÐALSAMNING MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS OG SWISS ALUMINIUM LIMITED

SAMNINGUR gerður hinn 28. dag októbermánaðar 1969

MILLI

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin")

ANNARS VEGAR

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hér á eftir nefnt „Alusuisse"), sem er félag stofnað að svissneskum lögum

HINS VEGAR

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa gert með sér aðalsamning, dags. 28. marz 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðalsamningurinn"). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan") við Straumsvík á Suðvesturlandi, eign Íslenzka Álfélagsins hf. (hér á eftir nefnt „ISAL"). Bræðslan notar rafmagn frá orkuverum Landsvirkjunar (hér á eftir nefnd „Landsvirkjun") og hefur aðgang að hafnarmannvirkjum í Straumsvík í eigu Hafnarfjarðarkaupstaðar (sem hér á eftir er nefndur „kaupstaðurinn").

BYGGINGU fyrsta áfanga bræðslunnar, sem hefur 60 megawatta málraun, er nú að fullu lokið, og fyrsti afhendingardagur rafmagns (AR I) varð hinn 1. október 1969 í samræmi við ákvæði 9. gr. aðalsamningsins.

ISAL er reiðubúið til að ljúka fyrri og síðari stækkun bræðslunnar, eins og þær hafa verið skilgreindar í aðalsamningnum, með 30 megawatta málraun hvor, í einu lagi og taka þær í notkun samtímis ekki síðar en 1. september 1972.

ALUSUISSE er reiðubúið til að láta ISAL stækka bræðsluna fram yfir þá 120 megawatta heildarmálraun, sem ráðgerð var samkvæmt aðalsamningnum, með því að bæta við hana mannvirkjum með 20 megawatta málraun og hafa mannvirki þessarar viðbótarstækkunar fullbyggð og fullbúin til rekstrar sumarið 1970.

LANDSVIRKJUN er reiðubúin til að hafa tiltækt það rafmagn, sem til þarf vegna ofangreindra stækkana bræðslunnar, á þeim tímum, sem að ofan greinir, og síðar, enda verði upphaflegt rafmagnsverð til bræðslunnar látið haldast út þann tíma, sem áður var ætlaður samkvæmt aðalsamningnum til að ljúka fyrri og síðari stækkun bræðslunnar.

RÍKISSTJÓRNIN er reiðubúin til að láta kjör þau og skilmála, sem nú gilda samkvæmt aðalsamningnum og fylgisamningunum, gilda einnig um ofangreinda viðbótarstækkun bræðslunnar.

KAUPSTAÐURINN og ISAL óska að gera tilteknar breytingar á fyrirkomulagi á greiðslu fastagjalds fyrir afnot hafnarmannvirkjanna í Straumsvík og hafa til þess samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE óska að breyta aðalsamningnum, svo sem kveðið er á hér á eftir, til framkvæmdar ofanrituðu.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

1.01. Samning þennan ber að nefna fyrsta viðauka við aðalsamninginn.

1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum og fylgiviðaukunum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar aðalsamningsins, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsgr.	1.01 a)
„Alusuisse“	—	1.01 b)
„Landsvirkjun“	—	1.01 c)
„Kaupstaðurinn“	—	1.01 d)
„ISAL“	—	1.01 e)
„Fylgiskjöl“	—	1.02
„Fylgisamningar“	—	1.02
„AR I“	—	1.03 o)

1.03. „Fylgiviðaukarnir“ merkja skjöl þau, er hér eru viðfest sem fylgiskjöl A til C, þ. e.:

a) Fyrsti viðauki við rafmagnssamninginn (fylgiskjal B) milli Landsvirkjunar og ISALs;

b) Fyrsti viðauki við hafnar- og lóðarsamninginn (fylgiskjal B) milli kaupstaðarins og ISALs;

c) Fyrstu viðaukar við aðstoðarsamningana (fylgiskjöl C 1, C 2 og C 3) milli ISALs og Alusuisse.

1.04. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum og fylgiviðaukunum, hafa þar eftirtalda merkingu, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

a) „Gildistökudagur“ samnings þessa merkir dag þann, sem ákveðinn er samkvæmt málsgrein 8.02 í samningi þessum;

b) „Staðfestingarlög“ merkja lög þau frá Alþingi, sem veita samningi þessum lagagildi á Íslandi samkvæmt ákvæðum málsgreinar 8.02 í samningi þessum.

2. gr.

Breytingar á skýrgreiningum, sem notaðar eru í aðalsamningnum og fylgiskjölunum.

2.01. Upphafsákvæði stafliðs b) í málsgrein 1.03 í aðalsamningnum breytist þannig, að orðin „120 megawatta málraun“ í fimmtu línu hans falli brott, en orðin „140 megawatta málraun“ komi í þeirra stað.

2.02. Stafliður c) í málsgrein 1.03 í aðalsamningnum breytist þannig, að orðið „utanhúss“ í fyrstu línu falli brott.

2.03. Stafliðirnir f), g), h) og i) í málsgrein 1.03 í aðalsamningnum orðist þannig:

a) „f) „Annar áfangi bræðslunnar“ merkir bræðsluna eins og hún er að gerð og búnaði með 80 megawatta málraun“.

b) „g) „Þriðji áfangi bræðslunnar“ merkir bræðsluna eins og hún er að gerð og búnaði með 140 megawatta málraun“.

c) „h) „Fyrri stækkun bræðslunnar“ merkir þann hluta bræðslunnar, sem hefur 20 megawatta málraun fram yfir málraun fyrsta áfanga bræðslunnar“.

d) „i) „Síðari stækkun bræðslunnar“ merkir þann hluta bræðslunnar, sem hefur 60 megawatta málraun fram yfir málraun annars áfanga bræðslunnar“.

3. gr.

Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins varðandi ákvörðun um afhendingardaga rafmagns.

3.01. Málsgrein 9.03 í aðalsamningnum orðist þannig:
„9.03. AR II skal vera sá dagur, sem ákveðinn er með samkomulagi milli Landsvirkjunar og ISALs, og skal hann eigi vera fyrr en 1. maí 1970 og (sbr. þó ákvæði málsgr. 9.07 um frestun) eigi síðar en í júlí 1970, en að öðrum kosti, ef slíkt samkomulag hefur eigi verið gert, er AR II hér með ákveðinn sem hinn 31. júlí 1970 (sbr. þó ákvæði málsgr. 9.07 um frestun)".

3.02. Málsgrein 9.04 í aðalsamningnum hljóði svo:
„9.04. AR III skal vera sá dagur, sem ákveðinn er með samkomulagi milli Landsvirkjunar og ISALs, og skal hann eigi vera fyrr en einu ári eftir AR I og (sbr. þó ákvæði málsgr. 9.07 um frestun) eigi síðar en 1. september 1972, en að öðrum kosti, ef slíkt samkomulag hefur eigi verið gert, er AR III hér með ákveðinn sem hinn 1. september 1972 (sbr. þó ákvæði málsgr. 9.07 um frestun)".

3.03. Málsgrein 9.07 í aðalsamningnum breytist þannig, að orðin „innan tveggja ára fyrir þá dagsetningu AR II eða AR III" í fyrstu og annarri línu hennar falli brott, en orðin „innan níu mánaða fyrir þá dagsetningu AR II, eða innan tveggja ára fyrir þá dagsetningu AR III" komi í þeirra stað.

4. gr.

Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins um rekstur bræðslunnar.

Málsgrein 10.01 í aðalsamningnum breytist þannig, að tölurnar „45.000" og „60.000" í fjórðu línu hennar falli brott, en í þeirra stað komi tölurnar „40.000" og „70.000" í sömu röð.

5. gr.

Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins um framleiðslugjald.

5.01. Stafliðirnir a), b), c) og d) í málsgrein 25.02 í aðalsamningnum orðist svo:

a) „a) frá upphafi rekstrar fram til sjötta árdags AR I (þ. e. 1. október 1975) ..... U.S. $ 12.50"

b) „b) frá sjötta árdegi AR I til fimmtánda árdags AR I (þ. e. 1. október 1984) ..... U.S. $ 20.00"

c) „c) frá fimmtánda árdegi AR I til fimmtánda árdags AR II (væntanlega í júlí 1985 eða fyrr) ..... U.S. $ 26.43"

d) „d) frá fimmtánda árdegi AR II til fimmtánda árdags AR III (væntanlega 1. september 1987 eða fyrr) ..... U.S. $ 28.57"

5.02. Málsgrein 27.01 í aðalsamningnum breytist þannig, að talan „200.000 Bandaríkjadollarar" í fjórðu línu falli brott, en talan „235.000 Bandaríkjadollarar" komi í hennar stað.

5.03. Málsgrein 28.01 í aðalsamningnum breytist þannig, í fyrsta lagi, að talan „15.000" í staflið b) falli brott, en talan „13.500" komi í hennar stað, og, í öðru lagi, að talan „20.000" í staflið c) falli brott, en talan „23.500" komi í hennar stað.

6. gr.

Breytingar á almennum skatta- og gjaldaákvæðum aðalsamningsins.

6.01. Stafliður l) í málsgrein 31.01 í aðalsamningnum orðist þannig:
„l) byggingarleyfisgjald til kaupstaðarins vegna bræðslunnar, eins og hún verður að gerð og búnaði með 140 megawatta málraun, er nemi einni milljón og fimm hundruð þúsund krónum (1.500.000), sem greiðist hinn 1. janúar 1967, og tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónum (250.000), sem greiðist hinn 1. janúar 1970".

6.02. Stafliður m) í málsgrein 31.01 í aðalsamningnum orðist þannig:
„m) gatnagerðargjald til kaupstaðarins vegna bræðslunnar, eins og hún verður að gerð og búnaði með 140 megawatta málraun, er nemi þremur milljónum og fimm hundruð þúsund krónum (kr. 3.500.000), sem greiðist hinn 1. janúar 1967, og fimm hundruð áttatíu og fimm þúsund krónum (kr. 585.000), sem greiðist hinn 1. janúar 1970".

7. gr.
Tengsl við breytingar á fylgisamningunum.

7.01. Samtímis því, að samningur þessi er undirritaður, skulu aðilar að fylgiviðaukunum undirrita þá í því formi, sem þeir eru á fylgiskjölum A til C með samningi þessum. Ríkisstjórnin og Alusuisse staðfesta samþykki sitt við hverjum fylgiviðaukanna með undirskrift sinni.

7.02. Fylgiviðaukarnir skulu hver um sig verða beinn hluti af viðkomandi fylgiskjali og fylgisamningi, og sérhver tilvísun til fylgiskjalanna eða fylgisamninganna, eða einhvers þeirra, sem gerð er í aðalsamningnum (svo sem honum er breytt með samningi þessum), eða aðilar aðalsamningsins eða fylgisamninganna gera framvegis, skal talin gerð til fylgiskjalanna eða fylgisamninganna, eins og þeim er breytt með fylgiviðaukunum, nema samhengið geri ráð fyrir öðru.

8. gr.
Gildi samnings þessa og gildistökudagur.

8.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðalsamninginn samkvæmt ákvæðum 51. greinar hans og skal talinn beinn hluti af aðalsamningnum, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðalsamningsins taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi. Geri samhengið ekki ráð fyrir öðru, skal sérhver tilvísun til aðalsamningsins, sem gerð er í fylgiskjölunum eða fylgisamningunum, eða einhverjum þeirra, eða aðilar samnings þessa eða fylgisamninganna gera framvegis, talin gerð til aðalsamningsins, svo sem honum er breytt með samningi þessum.

8.02. Þegar samningur þessi og fylgiviðaukarnir hafa verið undirritaðir af aðilum og tilkynning verið gefin út svo sem mælt er í 51. gr. aðalsamningsins, skal samningur þessi, með viðfestum endurritum af fylgiviðaukunum, ásamt lagafrumvarpi þar að lútandi, lagður fyrir Alþingi til staðfestingar og samþykktar. Að lokinni staðfestingu og löglegri meðferð skal samningur þessi öðlast gildi („gildistökudagur") og hafa lagagildi á Íslandi, svo sem kveðið verður á um í staðfestingarlögunum.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse á þeim degi, sem í upphafi greinir.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS
Jóhann Hafstein

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED
Emanuel R. Meyer
Paul H. Müller

FIRST AMENDMENT

TO THE MASTER AGREEMENT BETWEEN THE GOVERNMENT OF ICELAND AND SWISS ALUMINIUM LIMITED

AN AGREEMENT made as of the 28th day of October, 1969

BETWEEN

THE GOVERNMENT OF ICELAND (hereinafter referred to as the „Government")

OF THE FIRST PART

AND

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hereinafter referred to as „Alusuisse"), a company organized under the laws of Switzerland

OF THE SECOND PART

WHEREAS the Government and Alusuisse have entered into a Master Agreement dated March 28, 1966, ratified by the Act of the Althing No. 76, May 13, 1966 and effective as of September 20, 1966 (hereinafter referred to as the „Master Agreement"), relating, among other things, to the construction and operation of an aluminium reduction plant with appurtenant facilities (hereinafter referred to as the „Smelter") at Straumsvík in southwest Iceland, owned by Icelandic Aluminium Company Limited (hereinafter referred to as „ISAL"), utilizing power from the generating facilities of Landsvirkjun (The National Power Company, hereinafter referred to as „Landsvirkjun") and having access to port facilities at Straumsvík owned by the Township of Hafnarfjörður (hereinafter referred to as the „Township");

WHEREAS the construction of the first stage of the Smelter, having a rated capacity of 60 megawatts, presently is fully completed, and the First Power Delivery Date (PDD I) has occurred pursuant to the provisions of Article 9 of the Master Agreement on October 1, 1969;

WHEREAS ISAL is prepared to cause the first and second enlargements of the Smelter, as these hitherto have been defined in the Master Agreement, having each a rated capacity of 30 megawatts, to be completed in one stage and simultaneously put into operation not later than September 1, 1972;

WHEREAS Alusuisse is prepared to cause ISAL to enlarge the Smelter beyond the aggregate rated capacity of 120 megawatts contemplated by the Master Agreement, by the addition thereto of facilities having a rated capacity of 20 megawatts, and to have such additional enlargement facilities fully constructed and equipped for operation in the summer of 1970;

WHEREAS Landsvirkjun is prepared to make available the power required for the foregoing enlargements of the Smelter, at the times above indicated and thereafter, subject to the initial power price to the Smelter being retained through the latest date originally contemplated under the Master Agreement for the completion of the first and second enlargements of the Smelter;

WHEREAS the Government is prepared to cause the terms and conditions presently applicable under the Master Agreement and Scheduled Contracts to be applied also in respect of the additional enlargement of the Smelter hereinabove mentioned;

WHEREAS The Township and ISAL desire to make certain changes in the arrangement of the payment of a fixed rental in respect of the use of the port facilities at Straumsvík, and have the approval of the Government and Alusuisse therefor;

WHEREAS the Government and Alusuisse desire to amend the Master Agreement as hereinafter provided to give effect to the foregoing;

NOW IT IS HEREBY DECLARED AND AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

Title of this Agreement and Definitions Used Therein

Section 1.01. This Agreement shall be known as the First Amendment to the Master Agreement.

Section 1.02. Unless the context otherwise requires, the following terms as used in this Agreement and the Scheduled Amendments shall have the meanings assigned to them in the Sections specified of Article 1 of the Master Agreement:

„Government"	Section	1.01 a)
„Alusuisse"	—	1.01 b)
„Landsvirkjun"	—	1.01 c)
„Township"	—	1.01 d)
„ISAL"	—	1.01 e)
„Scheduled Documents"	—	1.02
„Scheduled Contracts"	—	1.02
„PDD I"	—	1.03 o)

Section 1.03. The „Scheduled Amendments" shall mean the documents annexed hereto as Schedules A through C, namely:

a) The First Amendment to the Power Contract (Schedule A) between Landsvirkjun and ISAL;

b) The First Amendment to the Smelter Site and Harbor Agreement (Schedule B) between the Township and ISAL;

c) The First Amendments to the Assistance Agreements (Schedules C 1, C 2 and C 3) between ISAL and Alusuisse.

Section 1.04. Unless the context otherwise requires, the following terms as used in this Agreement and the Scheduled Amendments shall have the following meanings:

a) „Effective Date" of this Agreement shall mean the date determined as provided in Section 8.02 of this Agreement.

b) „Ratifying Act" shall mean the Act of the Althing which gives this Agreement the force of law in Iceland as provided in Section 8.02 of this Agreement.

Article 2

Amendment of Definitions Used in the Master Agreement and the Scheduled Documents

Section 2.01. The introductory sentence of subsection b) of Section 1.03 of the Master Agreement is hereby amended by deleting the words „a rated capacity of 120 megawatts" in the fifth line thereof and inserting in their place the words „a rated capacity of 140 megawatts".

Section 2.02. Subsection c) of Section 1.03 of the Master Agreement is hereby amended by deleting the words „open-air" in the first line thereof.

Section 2.03. Subsections f), g), h), and i) of Section 1.03 of the Master Agreement are hereby amended to read as follows:

a) „f) „Second Stage of the Smelter" shall mean the Smelter as constructed and equipped to have a rated capacity of 80 megawatts".

b) „g) „Third Stage of the Smelter" shall mean the Smelter as constructed and equipped to have a rated capacity of 140 megawatts".

c) „h) „Smelter — First Enlargement" shall mean that portion of the Smelter having a rated capacity of 20 megawatts in excess of the rated capacity of the First Stage of the Smelter".

d) „i) „Smelter — Second Enlargement" shall mean that portion of the Smelter having a rated capacity of 60 megawatts in excess of the rated capacity of the Second Stage of the Smelter".

Article 3
Amendment of Provisions of the Master Agreement Relating to Determination of Power Delivery Dates

Section 3.01. Section 9.03 of the Master Agreement is hereby amended to read as follows:

„Section 9.03. PDD II shall be the date, not earlier than May 1, 1970 and (subject to postponement pursuant to the provisions of Section 9.07) not later than July, 1970, specified by agreement between Landsvirkjun and ISAL or, in the absence of such agreement, PDD II is hereby fixed as July 31, 1970 (subject to postponement pursuant to the provisions of Section 9.07)".

Section 3.02. Section 9.04 of the Master Agreement is hereby amended to read as follows:

„Section 9.04. PDD III shall be the date, not earlier than one year following PDD I and (subject to postponement pursuant to the provisions of Section 9.07) not later than September 1, 1972, specified by agreement between Landsvirkjun and ISAL or, in the absence of such agreement, PDD III is hereby fixed as September 1, 1972 (subject to postponement pursuant to the provisions of Section 9.07)".

Section 3.03. Section 9.07 of the Master Agreement is hereby amended by deleting the words „within two years prior to the date of PDD II or PDD III" in the first and second lines thereof and inserting in their place the words „within nine months prior to the date of PDD II, or within two years prior to the date of PDD III".

Article 4
Amendment of Provisions of the Master Agreement Relating to Operations

Section 10.01 of the Master Agreement is hereby amended by deleting the figures „45.000" and „60.000" in the sixth line thereof and inserting in their place the figures „40.000" and „70.000" respectively.

Article 5
Amendment of Provisions of the Master Agreement Relating to Consolidated Tax

Section 5.01. Subsections a), b), c), and d) of Section 25.02 of the Master Agreement are hereby amended to read as follows:

a) „a) from the commencement of operations until the sixth anniversary of PDD I (i.e. October 1, 1975) ..... US $ 12.50"

b) „b) from the sixth anniversary of PDD I until the fifteenth anniversary of PDD I (i.e. October 1, 1984) ..... US $ 20.00"

c) „c) from the fifteenth anniversary of PDD I until the fifteenth anniversary of PDD II (anticipated to be in or prior to July, 1985) ..... US $ 26.43"

d) „d) from the fifteenth anniversary of PDD II until the fifteenth anniversary of PDD III (anticipated to be on or prior to September 1, 1987) ..... US $ 28.57"

Section 5.02. Section 27.01 of the Master Agreement is hereby amended by deleting the figure „US $ 200.000" in the sixth line thereof and inserting in its place the figure „US $ 235.000".

Section 5.03. Section 28.01 of the Master Agreement is hereby amended, firstly, by deleting the figure „15.000" in subsection b) thereof and inserting in its place the figure „13.500", and, secondly, by deleting the figure „20.000" in subsection c) thereof and inserting in its place the figure „23.500".

Article 6

Amendment of General Tax and Fiscal Provisions of the Master Agreement

Section 6.01. Subsection 1) of Section 31.01 of the Master Agreement is hereby amended to read as follows:

„l) A Building License Fee for the Smelter as constructed and equipped with a rated capacity of 140 megawatts to the Township in the amount of one million, five hundred thousand kronur (Kr. 1.500.000), payable January 1, 1967, together with the amount of two hundred and fifty thousand kronur (Kr. 250.000), payable January 1, 1970".

Section 6.02. Subsection m) of Section 31.01 of the Master Agreement is hereby amended to read as follows:

„m) A Street Paving Charge for the Smelter as constructed and equipped with a rated capacity of 140 megawatts to the Township in the amount of three million, five hundred thousand kronur (Kr. 3.500.000), payable January 1, 1967, together with the amount of five hundred and eightyfive thousand kronur (Kr. 585.000), payable January 1, 1970".

Article 7

Relation to Amendments of the Scheduled Contracts

Section 7.01. Concurrently with the signing of this Agreement, the Scheduled Amendments shall be signed by the parties thereto in the form of Schedules A through C hereto. The Government and Alusuisse shall affirm their consent to the respective Scheduled Amendments by their several signatures thereunder.

Section 7.02. The Scheduled Amendments shall each become an integral part of the respective Scheduled Documents and Scheduled Contracts and, unless the context otherwise requires, any reference to the Scheduled Documents or the Scheduled Contracts, or any of them, made in the Master Agreement (as amended hereby) or otherwise made hereafter by the Parties hereto or the parties to the Scheduled Contracts, shall be deemed to be made to the Scheduled Documents or the Scheduled Contracts as amended by the Scheduled Amendments.

Article 8

Status of this Agreement and Effective Date

Section 8.01. This Agreement is made as a supplemental agreement to the Master Agreement pursuant to the provisions of Article 51 thereof and shall be deemed to be an integral part of the Master Agreement as fully as if it were incorporated therein. Except as modified herein or hereby, the provisions of the Master Agreement shall not be changed or affected and shall remain in full force and

effect. Unless the context otherwise requires, any reference to the Master Agreement made in the Scheduled Documents or the Scheduled Contracts, or any of them, or otherwise made hereafter by the Parties hereto or the parties to the Scheduled Contracts shall be deemed to be a reference to the Master Agreement as amended by this Agreement.

Section 8.02. Upon the signing of this Agreement and the Scheduled Amendments by the parties hereto and thereto, and upon notice being given as provided in Article 51 of the Master Agreement, this Agreement, with copies of the Scheduled Amendments annexed, accompanied by a Law Bill related thereto, shall be submitted to the Althing for ratification and approval. Upon ratification and the completion of all other legislative requirements, this Agreement shall become effective („Effective Date") and have the force of law in Iceland as provided in the Ratifying Act.

IN WITNESS WHEREOF, this Agreement has been signed on behalf of the Government and Alusuisse as of the date first above written.

THE GOVERNMENT OF ICELAND
By Jóhann Hafstein

SWISS ALUMINIUM LIMITED
By Emanuel R. Meyer
Paul H. Müller

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er ráðgert að lögfesta samningsgerð ríkisstjórnarinnar og Swiss Aluminium Limited (Alusuisse) um viðauka við aðalsamninginn frá 28. marz 1966 um álbræðslu við Straumsvík, en samning aðilanna um viðauka þennan undirritaði iðnaðarmálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hinn 28. október s. l., með fyrirvara um staðfestingu af hálfu Alþingis.

Til þess er ætlazt, að hinn nýi samningur fái að öllu leyti sömu meðferð og aðalsamningurinn, er staðfestur var á sínum tíma með lögum nr. 76/1966, sem jafnframt veittu honum lagagildi. Eru þá m. a. höfð í huga þau ákvæði 51. gr. aðalsamningsins, að breytingar á honum skuli lagðar fyrir Alþingi til staðfestingar. Samningurinn er og gerður í því formi, sem hæfir breytingum á aðalsamningnum, en efnislega er fremur um viðauka en breytingu að tefla.

Samningurinn, sem nefndur er fyrsti viðauki við aðalsamninginn, fjallar um tvennt að meginefni til. Annars vegar er því slegið föstu, að byggingu síðari áfanga álbræðslunnar, þ. e. síðari kerskálans og þeim mannvirkjum, sem honum fylgja, verði hraðað til verulegra muna frá því, sem fyrri skuldbindingar stóðu til. Skal þeirri uppbyggingu að fullu lokið hinn 1. september 1972, en fyrri frestur náði til ársins 1975. Hins vegar er svo um samið, að framleiðslumannvirki álbræðslunnar verði stækkuð að ⅙ hluta umfram það mark, sem gildandi samningar náðu til, þ. e. úr 120 í 140 megawatta málraun. Gerist þetta með lengingu fyrri keraskálans, sem nú er fullbyggður miðað við 60 megawatta málraun, og skal henni lokið ekki síðar en í júlímánuði 1970. Svarar þetta til 10—11 þús. lesta hækkunar á árlegri afkastagetu álbræðslunnar, þ. e. úr 60—66 þús. lestum í 70—77 þús. lestir á ári samanlagt. Er til þess ætlazt, að viðbótaráfangi þessi verði að öllu leyti háður sömu samningsskilmálum og álbræðslan er nú samkvæmt gildandi samningum.

Jafnframt þessu er ráðgerð breyting á tilhögun þeirri, sem áður var um samið varðandi greiðslu álbræðslunnar á stofnkostnaði hafnarmannvirkja í Straumsvík. Samkvæmt gildandi hafnar- og lóðarsamningi milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Íslenzka Álfélagsins hf. (ISALs) skyldi félagið greiða jafnvirði þessa kostnaðar með annuitetsgreiðslum á 25 árum, og kæmi sú greiðsla í stað vörugjalda í höfninni á sama tímabili. Í þess stað er nú ráðgert, að félagið greiði kostnaðinn með afborgunum, sem lokið verði á 15 árum. Er greiðsluskilmálum komið þannig fyrir, að þeir geti fallið saman við greiðslur af láni því, sem ríkissjóður hyggst taka til að standa straum af hafnarframkvæmdunum, og mun félagið þá í raun verða beinn greiðandi að láninu. Eru ríkissjóður og Hafnarfjarðarkaupstaður þar með firrtir þeirri áhættu að þurfa að greiða niður hafnarkostnaðinn á skemmri tíma en þeim, sem álfélaginu var ætlaður til endanlegrar greiðslu á honum.

Samningar um þetta síðasttalda atriði hafa aðallega verið í höndum Seðlabanka Íslands, sem annast mun um útvegun á framangreindu láni. Um aðdraganda samningsgerðarinnar að öðru leyti ber að vísa til skýrslu iðnaðarmálaráðuneytisins dags. 13. maí 1969, er útbýtt var meðal alþingismanna, áður en þingi var slitið í maímánuði s. l. Er hún prentuð sem fylgiskjal með greinargerð þessari. Svo sem þar kemur fram, átti iðnaðarmálaráðherra viðræður við fyrirsvarsmenn Alusuisse og ISALs í Zürich í septembermánuði 1968 um hina samningsbundnu stækkun álbræðslunnar. Hinir svissnesku aðilar töldu þá, að ISAL yrði reiðubúið til þess að flýta áður ákveðnum framkvæmdum þannig, að þeim yrði að fullu lokið árið 1972 í stað 1975, en þó ekki svo, að unnt væri að gera um það bindandi samninga að svo stöddu. Þessum viðræðum var svo fram haldið í Reykjavík á s. l. vori, er fyrirsvarsmenn Alusuisse komu hingað til aðalfundar ISALs hinn 30. apríl 1969. Var þá einnig rætt um þá viðbótarstækkun álbræðslunnar, sem

hinn nýi samningur gerir ráð fyrir, en hún hafði komið til umræðu nokkru áður milli fyrirsvarsmanna ISALs og Landsvirkjunar. Niðurstaðan varð sú, sem fyrr segir, að umsömdum stækkunarframkvæmdum skyldi flýtt til ársins 1972 og viðbótarstækkun fyrri kerskálans framkvæmd þegar á næsta ári. Fyrirsvarsmenn Alusuisse höfðu hug á því að semja nú einnig um sams konar stækkun síðari kerskálans á árunum 1972—74, en af hálfu Landsvirkjunar var ekki talið fært að ganga frá því máli, fyrr en frekari gögn lægju fyrir um næstu virkjanir fyrirtækisins.

Ákvæði gildandi samninga um byggingu álbræðslunnar og hraða framkvæmda er aðallega að finna í 6. og 9. gr. aðalsamningsins, sbr. málsgr. 1.03 e), f), g), h) og i) um skýrgreiningu hinna þriggja áfanga byggingarinnar og málsgr. 1.03 o), p) og q) um skýrgreiningu á þeim afhendingardögum rafmagns (AR I—III), sem tiltaka átti fyrir hvern þeirra. Í fyrsta áfanga skyldu byggð bræðslumannvirki með 60 MW málraun. Samkvæmt þessu hefur nú verið reistur í Straumsvík kerskála með 120 bræðslukerum, og munu ársafköst hans verða 30—33 þús. lestir af fullunnu áli. Afhendingardagur rafmagns vegna þessa áfanga (AR I) var tiltekinn af Landsvirkjun samkvæmt málsgr. 9.02 í aðalsamningnum, og varð hann hinn 1. október 1969.

Hinir síðari afhendingardagar voru miðaðir við AR I, þannig að AR II yrði þremur árum síðar (1. október 1972) og AR III sex árum síðar (1. október 1975), nema samkomulag tækist um annað. Fyrir AR II skyldu byggð bræðslumannvirki með 30 MW málraun (60 bræðsluker, 15—16.5 þús. lesta ársafköst), og yrði það fyrri stækkun bræðslunnar. Fyrir AR III, við síðari stækkun, skyldi aftur bætt við hinu sama. Væri þá fenginn annar kerskáli jafnstór þeim, sem byggður var í fyrsta áfanga. Hefði álbræðslan þá náð 120 MW málraun og 60—66 þús. lesta ársafköstum samanlagt.

Við gerð viðaukasamninganna var talið hentast að hafa þá aðferð að fella ákvæði hinna upphaflegu samninga um AR II og fyrri stækkun bræðslunnar að hinni nýju viðbótarstækkun á næsta ári, en ákvæðin um AR III að byggingu síðari kerskálans, sem nú verður framkvæmd í einu lagi og lokið sumarið 1972. Samkvæmt því verður AR II nú miðaður við mannvirki með 20 MW málraun (40 bræðsluker, 10—11 þús. lesta ársafköst), sem tekin verði í notkun í júlí 1970 eða fyrr, og AR III við mannvirki með 60 MW málraun (120 bræðsluker, 30—33 þús. lesta ársafköst), sem tekin verði í notkun árið 1972. Í töfluformi litur breytingin þannig út, og er þá einnig sýnd sú breyting á hámarki orkukaupa bræðslunnar, sem henni fylgir, sbr. málsgr. 7.01 í rafmagnssamningnum:

	Frestur til framkvæmda		Málmraun/Aflþörf		Hámarksorka (GWst. á ári)		Lágmarksorka (GWst. á ári)		Ársafköst (lestir)	
	Áður	Nú	Áður	Nú	Áður	Nú	Áður	Nú	Áður	Nú
AR I	1. okt. 1969	1. okt. 1969	60 MW	60 MW	530	530	450	450	30—33000	30—33000
AR II	1. okt. 1972	31. júlí 1970	30 —	20 —	265	177	225	150	15—16500	10—11000
AR III	1. okt. 1975	1. sept. 1972	30 —	60 —	265	530	225	450	15—16500	30—33000
AR I—III samtals			120 —	140 —	1060	1237	900	1050	60—66000	70—77000

Þar sem aðferð þessi er viðhöfð, verða hinar formlegu breytingar á samningunum einkum fólgnar í breytingu á þeim skýrgreiningum, sem ráðandi eru um stærð álbræðslunnar og gang framkvæmda, svo sem viðaukarnir bera með sér. Hinar efnislegu breytingar falla þá að öðru leyti sjálfkrafa inn í heildarform samninganna. Þar sem byggt hefur verið á sérstökum tölum miðuðum við fyrri áfangastærð bræðslunnar, svo sem í 10. gr. aðalsamningsins um lágmarksafköst og 7. gr. rafmagnssamningsins um orkumagn o. fl., hefur þeim tölum verið breytt í réttu

hlutfalli við þá breytingu, sem gerð er með hinum nýju skýrgreiningum á stærð annars og þriðja áfanga.

Til þess er ætlazt samkvæmt hinum nýju samningum, að upphaflegt rafmagnsverð til álbræðslunnar haldist óbreytt út þann tíma, sem áður var ætlaður til að ljúka síðari áföngum bræðslunnar, þ. e. til 1. október 1975. Er það sama niðurstaða og verða mundi samkvæmt gildandi samningum, ef framkvæmdum væri ekki flýtt. Verð þetta er 3.0 Bandaríkjamill (nú 26.4 aurar) á kWst, sbr. gr. 13.01 a) í rafmagnssamningnum. Átti það að lækka í 2.5 Bandaríkjamill (nú 22 aura) á kWst á AR III, og skyldi grunnupphæð framleiðslugjalds álbræðslunnar hækka á sama tíma úr $ 12.50 (nú kr. 1 100.00) á lest í $ 20.00 (nú kr. 1 760.00) á lest. Talið er rétt að halda þessari breytingu við það tímamark, sem upphaflega gilti, einkum með tilliti til þess, að hinn aukni framkvæmdahraði kallar á örari uppbyggingu virkjana Landsvirkjunar en annars mundi verða. Er nú ráðgert að setja upp þrjár seinni vélasamstæðurnar í Búrfellsstöð veturinn 1971—72 og að ljúka miðlunarframkvæmdum við Þórisvatn fyrir sama tíma. Jafnframt má ætla, að Landsvirkjun muni þurfa á nýrri virkjun að halda í árslok 1974, í stað ársloka 1976, sem verið hefði án viðbótarstækkunar álbræðslunnar. Hinn aukni hraði er að sjálfsögðu hagfelldur Landsvirkjun, en af honum leiðir það í upphafi, að fyrirtækið hefur minna eigið fé handbært til fjárfestingar í hinum nýju framkvæmdum en verða mundi, ef þær ættu sér stað síðar á starfsferli álbræðslunnar.

Framangreindar breytingar á samningum um álbræðsluna munu leiða til mun meira samhengis í verkframkvæmdum í Straumsvík en ella hefði verið. Framkvæmdir við hina nýju 20 MW viðbótarstækkun koma í beinu framhaldi af byggingarframkvæmdum við fyrsta áfanga álbræðslunnar. Mun vinna við þá stækkun standa fram á næsta sumar, en samkvæmt byggingaráætlun mun henni lokið skömmu fyrir 1. júlí 1970. Áætlanagerð fyrir byggingu síðari kerskálans verður þá byrjuð. Má ætla, að undirbúningsvinna við þá stækkun hefjist þegar að lokinni hinni fyrri stækkun, og verkframkvæmdir síðan upp úr áramótum 1970—71.

Af breytingunum leiðir einnig stórfellda aukningu á tekjum íslenzkra aðila af orkukaupum álbræðslunnar og skattgreiðslum. Tekjur Landsvirkjunar má áætla með nokkru öryggi fyrstu 15 árin eftir AR I, þ. e. frá 1. október 1969 til 1. október 1984. Á þessu tímabili verður rafmagnsverð 3.0 mill (26.4 aurar) 6 fyrstu árin og 2.5 mill (22 aurar) síðustu 9 árin, en að því liðnu taka við breytingar á rafmagnsverði samkvæmt ákvæðum 14. gr. rafmagnssamningsins. Samanburður á brúttótekjum Landsvirkjunar fyrir tímabil þetta í heild lítur þannig út, miðað við þá ársorku, sem ætla má, að álbræðslan muni nýta að meðaltali:

1. Með auknum framkvæmdahraða og viðbótarstækkun:		
Sala til 1. áfanga, 500 millj. kWst. á ári frá 1. okt. 1969		1 782.0 m.kr.
Sala til 2. áfanga, 165 millj. kWst. á ári frá 1. júlí 1970		555.4 —
Sala til 3. áfanga, 500 millj. kWst. á ári frá 1. sept. 1972		1 397.0 —
Samtals		3 734.4 m.kr.
2. Að óbreyttum samningum, án hraðaaukningar:		
Sala til 1. áfanga, 500 millj. kWst. á ári frá 1. október 1969	1 782.0 m.kr.	
Sala til 2. áfanga, 250 millj. kWst. á ári frá 1. október 1972	561.0 —	
Sala til 3. áfanga, 250 millj. kWst. á ári frá 1. október 1975	495.0 —	
		2 838.0 m.kr.
Mismunur		896.4 m.kr.

Af þessum mismun í brúttótekjum mun mjög verulegur hluti koma fram sem aukning á hreinum tekjum (nettótekjum), þar sem framleiðslugeta Búrfellsvirkjunar nýtist miklu fyrr en ella. Þannig telur Landsvirkjun í greinargerð sinni dags. 5. maí s. l., sem fylgir áðurnefndri skýrslu iðnaðarmálaráðuneytisins, sbr. fylgiskjal A, að nettótekjur fyrirtækisins árin 1969—1985 mundu verða um 465 millj. kr. hærri með viðbótarstækkun álbræðslunnar en án hennar, og er þá tekið nauðsynlegt tillit til þeirrar fjárfestingar í nýjum virkjunum, sem stækkunin kallar á, þegar frá líður.

Á tekjum af framleiðslugjaldi álbræðslunnar verður einnig veruleg aukning, og það enda þótt hækkun á grunntaxta gjaldsins úr $ 12.50 í $ 20.00 miðist áfram við 1. október 1975, sbr. framanritað. Við samanburð á tekjum þessum er einnig hentugt að líta á hvern áfanga bræðslunnar um sig, m. a. þar sem hverjum áfanga er ætlaður sinn afskriftatími samkvæmt samningunum, þ. e. 15 ár frá viðkomandi afhendingardegi rafmagns, sbr. málsgr. 27.04 a) í aðalsamningnum. Samanburður sá, sem hér fer á eftir, miðast eingöngu við grunntaxta framleiðslugjaldsins samkvæmt málsgr. 25.02 í aðalsamningnum. Sá taxti er í fyrstu $ 12.50 (kr. 1 100.00) á lest, sem fyrr segir. Frá 1. október 1975 verður hann sem svarar $ 20.00 (kr. 1 760.00) á lest fyrir hvern áfanga, meðan á afskriftum hans stendur, en hækkar að þeim loknum í $ 35.00 (kr. 3 080.00) á lest, þ. e. eftir 15 ár frá AR I, AR II og AR III, eftir því sem við á. Verður nánar vikið að þeirri meðaltalstilgreiningu taxtans, sem á þessu er byggður, í athugasemdum við breytingar á málsgr. 25.02 hér á eftir. Við samanburðinn er gert ráð fyrir því, að ISAL muni takast að ná afköstum sem svarar 10% umfram það mark, sem miðað er við í 10. gr. aðalsamningsins, þ. e. 33 þús. lestum á ári í stað 30 þús. o. s. frv., og mun það ekki ofætlað svo verulegu nemi. Verður samanburðurinn þá sem hér segir (talið í millj. kr.):

1. **Með auknum framkvæmdahraða og viðbótarstækkun:**	Til 1. okt. 1975 M.kr.	Til 1. okt. 1978 M.kr.	Til 1. okt. 1984 M.kr.	Til 1. okt. 1994 M.kr.
Gjald v. 1. áfanga, af 33 þús. lestum á ári frá 1. október 1969 (taxtabr. 1. okt. 1975 og 1. okt. 1984)	217.8	392.0	740.5	1 756.9
Gjald v. 2. áfanga, af 11 þús. lestum á ári frá 1. júlí 1970 (taxtabr. 1. okt. 1975 og 1. júlí 1985)	63.5	121.6	237.8	565.7
Gjald v. 3. áfanga, af 33 þús. lestum á ári frá 1. sept. 1972 (taxtabr. 1. okt. 1975 og 1. sept. 1987)	111.9	286.2	634.6	1 524.0
Samtals	393.2	799.8	1 612.9	3 846.6

2. **Að óbreyttum samningum, án hraðaaukningar:**	Til 1. okt. 1975 M.kr.	Til 1. okt. 1978 M.kr.	Til 1. okt. 1984 M.kr.	Til 1. okt. 1994 M.kr.
Gjald v. 1. áfanga, af 33 þús. lestum á ári frá 1. október 1969 (taxtabr. 1. okt. 1975 og 1. okt. 1984)	217.8	392.0	740.5	1 756.9
Gjald v. 2. áfanga, af 16.5 þús. lestum á ári frá 1. október 1972 (taxtabr. 1. okt. 1975 og 1. okt. 1987)	54.5	141.6	315.8	758.7
Gjald v. 3. áfanga, af 33 þús. lestum á ári frá 1. október 1975 (taxtabr. 1. okt. 1990)	—	87.1	261.4	638.9
Samtals	272.3	620.7	1 317.7	3 154.5
Mismunur 1 og 2	120.9	179.1	295.2	692.1

Ef gert væri ráð fyrir auknum framkvæmdahraða án viðbótarstækkunar, ásamt hækkun á framleiðslugjaldi úr $ 12.50 í $ 20.00 haustið 1972 í stað 1975, yrði heildargjald áranna 1969—1994 sem næst 3 405 millj. kr. Tekjurnar yrðu þá nokkru hærri en samkvæmt lið 1 eftir árin 1973—1978, en þegar á árinu 1979 færu tekjur samkvæmt leið 1 endanlega fram úr.

Samanburðurinn tekur yfir öll þau 25 ár, sem núverandi samningar um framleiðslugjaldið ná til. Hinn 1. október 1994 tekur við nýtt gjald, ef samningar haldast áfram í gildi eftir þann tíma. Niðurstaðan miðað við 1. október 1984 er hér sýnd til samanburðar við áætlaðar tekjur af orkusölu til sama tíma hér að framan, og niðurstaðan miðað við 1. október 1978 er tilfærð með tilliti til þess, að hluti Hafnarfjarðarkaupstaðar í gjaldinu mun þá lækka úr 25% í 20%, sbr. a-lið 3. gr. laga nr. 69/1966 um Atvinnujöfnunarsjóð. Hluti Atvinnujöfnunarsjóðs hækkar þá úr 70.9% í 75.9%, en hluti Iðnlánasjóðs er ákveðinn frá upphafi 4.1%. Að óbreyttum lögum þessum mundu heildartekjur áranna 1969—1994 samkvæmt leið 1 hér að framan væntanlega skiptast sem hér segir:

Atvinnujöfnunarsjóður	2 879.6 m.kr.
Iðnlánasjóður	157.7 —
Hafnarfjarðarkaupstaður	809.3 —
Samtals	3 846.6 m.kr.

Ítreka ber, að samanburður þessi er miðaður við grunntaxta framleiðslugjaldsins einvörðungu. Tekur hann ekki tillit til breytinga, sem verða kunna á gjaldinu vegna breytinga á heimsmarkaðsverði áls, sbr. 26. gr. aðalsamningsins, en samkv. henni hækkar gjaldið um $ 7.00 á lest eða hlutfallslega fyrir hvert cent eða brot úr centi, sem verð þetta hækkar fram yfir 27 cent á enskt pund, og lækkar að sama skapi, ef verð fer undir 22 cent á pund. Breytingar af þessu tagi fara fram óháð því, hver grunntaxtinn er á hverjum tíma, og hefur hinn nýi samningur ekki áhrif á þær. Að undanförnu hefur eftirspurn eftir áli verið mjög mikil miðað við framboð og álverð hækkað tiltölulega ört. Hefur verðið nýlega náð 27.5 centum á pund, og veldur það hækkun á framleiðslugjaldinu sem nemur $ 3.50 á lest, þannig að það er nú samtals $ 16.00 (kr. 1 408.00) á lest. Sé tillit tekið til þessarar hækkunar, breytist framangreindur samanburður þannig að heildarniðurstöðu til:

	Til 1. okt. 1975 M.kr.	Til 1. okt. 1978 M.kr.	Til 1. okt. 1984 M.kr.	Til 1. okt. 1994 M.kr.
1. Heildargjald með auknum framkvæmdahraða og viðbótarstækkun	503.3	981.1	1 936.5	4 407.3
2. Heildargjald að óbreyttum samningum, án hraðaaukningar	348.5	757.9	1 576.9	3 617.0
Mismunur 1 og 2	154.8	223.2	359.6	790.3

Með hækkun þessari verður því framleiðslugjaldið sem svarar 50 milljón dollurum samtals á 25 árum, og nemur hækkunin sjálf kr. 560.7 millj. af þeirri fjárhæð miðað við núverandi gengi. Ekki virðist ástæða til að ætla, að álverð lækki aftur á næstunni, og eru líkurnar fremur í þá átt, að það fari enn hækkandi í náinni framtíð. Vitað er að vísu, að framboð á áli mun aukast stórlega á árunum 1971—72 við tilkomu nýrra álvera, sem nú eru á undirbúningsstigi, en óvíst er, að það muni orka til verðbreytingar.

Á samanburðinn verður og að líta með þeim fyrirvara um endanlega fjárhæð gjaldsins, sem leiðir af ákvæðum málsgr. 27.05 í aðalsamningnum um endurgreiðslu þess að því leyti, sem það kann að fara fram úr 50% af nettótekjum ISALs á ein-

hverju ári. Sá fyrirvari mundi þó aðeins hafa áhrif á gjaldtekjur áranna 1984—1994, ef á hann reynir á annað borð.

Viðaukasamningar þeir, sem gerðir hafa verið, eru sem hér segir:

1. Fyrsti viðauki við aðalsamning, milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse.
2. Fyrsti viðauki við rafmagnssamning, milli Landsvirkjunar og ISALs.
3. Fyrsti viðauki við hafnar- og lóðarsamning, milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og ISALs.
4. Fyrsti viðauki við aðstoðarsamning — hönnun og byggingu, milli ISALs og Alusuisse.
5. Fyrsti viðauki við aðstoðarsamning — rekstur, milli ISALs og Alusuisse.
6. Fyrsti viðauki við aðstoðarsamning — sölu, milli ISALs og Alusuisse.

Viðaukar hafa þannig verið gerðir við hvern einstakan þeirra samninga, sem í gildi eru um álbræðsluna, en samningur um framkvæmdatryggingu milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, er var fylgiskjal D með aðalsamningnum, hefur nú runnið skeið sitt. Eru aðilar að viðaukunum hinir sömu og var að viðkomandi samningum og innbyrðis afstaða þeirra óbreytt að öllu leyti. Efni viðaukanna er einskorðað við það, sem við þarf til staðfestingar á því samkomulagi um aukinn framkvæmdahraða, viðbótarstækkun og tilfærslu á greiðslu hafnarkostnaðar, sem lýst var hér að framan. Eru þeir allir gerðir í samræmi við ákvæði samninganna um breytingar og verða hver um sig beinn hluti af viðkomandi samningi. Viðaukarnir eru þannig háðir öllum hinum almennu gildisákvæðum hinna upphaflegu samninga, þótt slíkt sé ekki beint fram tekið, svo sem ákvæðum um vanefndir og riftun, lög þau, sem eftir skal farið, deilur og gerð, samningstíma, tilkynningar, tungumál og heildarskilning. Eru hinir íslenzku og ensku textar þeirra báðir jafngildir.

Fyrsti viðauki við aðalsamninginn er prentaður hér að framan sem hluti af frumvarpinu, á íslenzku og ensku, en fylgiviðaukarnir, sem svo eru nefndir til samræmis við hina upphaflegu fylgisamninga, eru prentaðir á íslenzku hér á eftir, ásamt athugasemdum við þá.

Um fyrsta viðauka við aðalsamninginn.

Í inngangsorðum er gerð grein fyrir aðdraganda samningsins, og í 1. gr. hans er fjallað um skýrgreiningar, sem í honum eru notaðar. Er hvort tveggja í líkingu við samsvarandi ákvæði aðalsamningsins sjálfs og mun ekki þarfnast nánari skýringar.

Í 2. gr. viðaukans eru gerðar þær breytingar á ráðandi skýrgreiningum um stærð álbræðslu ISALs í Straumsvík, sem að var vikið hér að framan. Hækkar samanlögð málraun bræðslunnar úr 120 í 140 megawött (málsgr. 2.01) og málraun hinna einstöku áfanga hennar breytist úr 60 + 30 + 30 í 60 + 20 + 60 megawött (málsgr. 2.03). Hefur breytingin bein áhrif á efni allra ákvæða aðalsamningsins, sem byggja á skýrgreiningum þessum.

Breyting sú, sem felst í málsgr. 2.02, er gerð til staðfestingar á heimild ISALs til að byggja yfir tengivirki sitt í Straumsvík, sem tekur við rafmagninu úr háspennulínu Landsvirkjunar. Hefur ISAL þegar gert þá ráðstöfun með samkomulagi við Landsvirkjun, og veitir hún aðilunum aukið öryggi í rekstri.

Í 3. gr. samningsins eru síðan gerðar viðeigandi breytingar á þeim ákvæðum aðalsamningsins, sem ráðandi eru um hraða framkvæmda við síðari áfanga bræðslunnar. Samkvæmt þeim verður AR II, sem vera skal afhendingardagur rafmagns til viðbótarstækkunar fyrri kerskálans, í júlí 1970 eða fyrr (málsgr. 3.01), og AR III, sem verður afhendingardagur rafmagns til síðari kerskálans, 1. september 1972 eða fyrr (málsgr. 302), hvort tveggja eftir nánara samkomulagi milli Landsvirkjunar og ISALs. Þess er að vænta, að rafmagnsafhending hefjist í hvort sinn nokkru

fyrir hina tilteknu daga, sbr. m. a. ákvæði málgsgr. 9.02 í rafmagnssamningnum um það efni.

Með ákvæðum málsgr. 3.03 er stytt það tímabil, sem miða ber við um áhrif óviðráðanlegra afla á ákvarðanir um dagsetningu AR II, þ. e. úr 2 árum í níu mánuði.

Með 4. gr. samningsins er magngildum þeim, sem miðað var við í 10. gr. aðalsamningsins um árleg lágmarksafköst bræðslunnar, breytt úr 30 000 < 45 000 < 60 000 lestum í 30 000 < 40 000 < 70 000 lestir á ári. Er breytingin í réttu hlutfalli við hina breyttu málraun bræðslunnar samkvæmt ákvæðum 2. gr. að framan.

Með ákvæðum málsgr. 5.01 eru ákvæði málsgr. 25.02 í aðalsamningnum um hækkun framleiðslugjalds ISALs við lækkun rafmagnsverðs á árinu 1975 og að loknum afskriftatíma bræðslunnar á árunum 1984—1987 færð til samræmis við það, sem verður við gerðar breytingar á áfangastærð bræðslunnar og framkvæmdahraða. Samkvæmt a)-lið verður grunntaxti framleiðslugjaldsins $ 12.50 á lest til sjötta árdags AR I, þ. e. til. 1. október 1975. Frá þeim tíma og til fimmtánda árdags AR I, þ. e. 1. október 1984, verður hann $ 20.00 á lest, sbr. b)-lið. Er þá lokið afskrift á 1. áfanga bræðslunnar, þ. e. 3/7 hlutum hennar miðað við afkastamagn. Á því taxtinn fyrir framleiðslu þess áfanga að hækka í 35 dollara á lest, en 4/7 hlutar framleiðslunnar verða áfram á 20 dollara taxta. Er hækkun taxtans ákveðin miðað við meðaltal þessara talna, og verður hann þá $ 26.43 á lest, sbr. c)-lið. Á fimmtánda árdegi AR II, sem væntanlega verður í júlí 1985 eða fyrr á því ári, lýkur afskriftum 2. áfanga. Eru 4/7 hlutar framleiðslunnar þá komnir í hærri gjaldflokkinn, og hækkar taxtinn samkvæmt því í $ 28.57 á lest, sbr. d)-lið. Á fimmtánda árdegi AR III, þ. e. 1. september 1987 eða fyrr, verður öllum afskriftum lokið, og verður taxtinn eftir það $ 35.00 á lest til 1. október 1994, sbr. staflið e) í málsgr. 25.02 í aðalsamningnum, sem stendur óbreyttur.

Forsendur greindra breytinga á ákvæðum stafliða c) og d) í málsgr. 25.02 eru að öllu leyti hinar sömu og farið var eftir við upphaflega gerð samninganna. Felst ekki í þeim nein lækkun á framleiðslugjaldinu, heldur hækkar það í réttu hlutfalli við aukinn framkvæmdahraða og aukið afkastamagn.

Með málsgr. 5.03 er ákvæðum málsgr. 28.01 í aðalsamningnum um hámark þess, eftir AR III, sbr. málsgr. 27.01 í aðalsamningnum, hækkað í réttu hlutfalli við umsamda aukningu heildarafkasta, þ. e. sem næst að 1/6 hluta.

Með málsgr. 5 03 er ákvæðum málsgr. 28.01 í aðalsamningnum um hámark þess, sem ISAL má safna af framleiddum birgðum heima fyrir án þess að til skattgreiðslu komi, breytt í réttu hlutfalli við gerðar breytingar á áfangastærð bræðslunnar.

Samkvæmt 6. gr. mun ISAL greiða gatnagerðar- og byggingarleyfisgjald til Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna 20 MW viðbótarstækkunarinnar á næsta ári. Verður gjalddagi þeirra hinn 1. janúar n. k. Gjöldin eru tiltekin í réttu hlutfalli við það, sem greitt var vegna bræðslunnar í upphafi, eins og heildarstærð hennar var þá ráðgerð, miðað við afkastamagn. Eru þau hærri en verða mundi, ef miðað væri við aukið rúmmál bygginga á bræðslulóðinni.

Ákvæði 7. gr. viðaukasamningsins fjalla um tengsl hans við gildandi fylgisamninga og breytingar þær, sem á þeim eru gerðar með fylgiviðaukunum, sbr. og niðurlag málsgr. 8.01. Verður aðalsamningurinn áfram ráðandi í skiptum aðila samkvæmt samningunum, eftir því sem við á. Tilvísanir í hann í fylgisamningunum teljast gerðar til hans, svo sem hann er með áorðnum breytingum og öfugt.

Í 8. gr. er síðan fjallað um gildistöku viðaukans. Verður hann beinn hluti af aðalsamningnum (málsgr. 8.01), með þeim hætti, sem lýst var hér að framan. Gildi hans og hinna viðaukanna verður háð samþykki Alþingis, svo sem samningar standa til (málsgr. 8.02). Gert er ráð fyrir, að tilkynning samkvæmt 51. gr. aðalsamningsins verði út gefin við staðfestingu forseta á frumvarpinu, ef að lögum verður.

Fylgiskjal I.

IÐNAÐARMÁLARÁÐUNEYTIÐ
13. maí 1969.

GREINARGERÐ UM AUKINN HRAÐA VIÐ BYGGINGU ÁLBRÆÐSLU Í STRAUMSVÍK OG STÆKKUN HENNAR

Skýrsla um álsamning.

Á s. l. hausti í septembermánuði átti iðnaðarmálaráðherra viðræður við forstjóra Alusuisse og stjórnarmeðlimi ÍSAL í Zürich um þann möguleika, að hraðað yrði uppbyggingu álbræðslunnar í Straumsvík í full afköst umfram það, sem gert var ráð fyrir við samningsgerðina 1966. Samkvæmt henni voru skuldbindingar þær að hafa lokið byggingu 30—33 þús. tonna verksmiðju 1969, síðan að bæta við 15 þús. tonnum þrem árum síðar og loks 15 þús. tonnum öðrum þrem árum þar á eftir, það er að segja, að full framleiðsla væri þá komin í gang á árinu 1975, 60—66 þús. tonna ársframleiðsla. Hinir svissnesku aðilar gáfu þá fyrirheit um, þó ekki endanlegar skuldbindingar, að byggingarhraðinn yrði aukinn þannig, að fullum afköstum skyldi vera náð árið 1972. Þessi mál höfðu áður verið rædd við Landsvirkjun, en að sjálfsögðu er öll samningsgerð hér að lútandi háð því, að hún treysti sér til að afhenda raforku á fyrra stigi en áður voru skuldbindingar um. Fulltrúar stjórnar Landsvirkjunar höfðu talið mjög líklegt, að Landsvirkjun væri hagkvæmara að byggingarframkvæmdum yrði hraðað. Af hálfu ríkisstjórnarinnar var það einnig talið skipta verulegu máli, að bæði byggingarframkvæmdum við Straumsvík væri hraðað og byggingarframkvæmdum við Búrfellsvirkjun vegna atvinnuástands í landinu og af öðrum hagrænum ástæðum.

Í sambandi við aðalfund ÍSALs, sem haldinn var hér í Reykjavík þann 30. apríl s. l., fóru svo fram frekari viðræður um þann möguleika að stækka verksmiðjuna úr áður ráðgerðum 66 þús. tonnum í 88 þús. tonna framleiðslu á ári. Forstjórar Alusuisse höfðu áður hreyft þessu máli lauslega, en til þess að svo gæti orðið, þyrfti að auka rafmagnssölu til þeirra um 40 megawött. Í sambandi við þessa ráðagerð kom fram, að forstjórar Alusuisse töldu sig þurfa að geta samið um sama rafmagnsverð og áður, enda höfðu þeir talið, að þessi stækkun kæmi þá á eftir því, að verksmiðjan næði sínum upphaflega ráðgerðu afköstum árið 1972. Landsvirkjun taldi sig ekki reiðubúna til slíkrar samningsgerðar, þar sem svo mikil aukning rafmagnssölu þyrfti miklu umfangsmeiri athugana við en nú liggja fyrir og þá óvissa um niðurstöðu nauðsynlegrar verðákvörðunar á rafmagni. Á hinn bóginn kom það fram hjá Landsvirkjun, að hún mundi með þeim byggingaráformum, sem nú þegar er verið að framkvæma, geta látið úr sínu kerfi 20 megawött til stækkunar álbræðslunnar, ef um það semdist, og slík aukning rafmagnssölunnar með sama verði væri Landsvirkjuninni hagkvæm. Hér kom það einnig til álita, að slíka stækkun, ekki meiri en 11 þús. tonna afköst, sem svarar til 20 megawatta rafmagnssölu, töldu fulltrúar Alusuisse sig geta framkvæmt með þeim hætti að skjóta henni inn þannig, að henni yrði lokið á 14 mánuðum, og gæti þá komið til framkvæmda 1. júlí 1970, en í þeirri tímasetningu fólst aukin hagkvæmni fyrir Landsvirkjun. Niðurstöður viðræðnanna þann 30. apríl eru mótaðar í þrem liðum.

Samkvæmt lið 1 er áður umtalaðri uppbyggingu verksmiðjunnar í umsamin 60—66 þús. tonna afköst flýtt um þrjú ár. Það er nú endanlega fastmælum bundið.

Samkvæmt lið 2 er skotið inn stækkun verksmiðjunnar um 10 þús. tonna afköst árlega. Þetta hugsast gert þannig að lengja þann keraskála, sem nú er þegar fullbyggður miðað við 30 þús. tonna afköst, og vill Alusuisse skuldbinda sig til að hafa lokið því verki og tengdum framkvæmdum á 14 mánuðum, þ. e. 1. júlí 1970. Væri ekki á þetta fallizt, mundi næsti keraskáli verða byggður jafnstór þeim, sem nú er risinn, og byggingu hans lokið, eins og áður er að vikið, 1972. Stjórn Landsvirkjunar

telur þessa stækkun verksmiðjunnar um 10 þús. tonna ársafköst skapa aukna hagkvæmni fyrir Búrfellsvirkjun. Að því tilskildu hefur ríkisstjórnin fallizt á að semja um þetta samkvæmt skilmálum í öðrum tölulið, þ. e. sama rafmagnsverð og framleiðslugjald og núgildandi samningar segja til um og hefur tilkynnt Alusuisse og ÍSAL þessa ákvörðun sína. Gengið verður síðar frá formlegum og efnislegum breytingum, sem gera þarf á aðalsamningnum, sem lögfestur var 1966, en breytingar á aðalsamningnum fela í sér lagabreytingar, og frumvarp um slíka breytingu verður því lagt fyrir Alþingi til staðfestingar síðar, eins og lög mæla fyrir um.

Í lið 3 felst það, að raforkuverðið helzt áfram 3 mill til 1975, eins og ráðgert var upphaflega í aðalsamningnum frá 1966, og framleiðslugjaldið þá einnig $ 12.50 til sama tíma, þó að 60 þús. tonna afköstum sé náð 1972.

Heildarframleiðslugjaldið og rafmagnsgjaldið mundi verða reiknað til ársloka 1975 (rafmagnsv. 3.0 mills):

1. Samkvæmt núgildandi aðalsamningi um stækkun:
   33 þús. tonn 1. október 1969
   15 — — 1. — 1972
   15 — — 1. — 1975

   Þá verður:
   Framleiðslugjald ..... 356 m.kr.
   Rafmagnsgjald ..... 1 312 —

2. Samkvæmt tillögum um stækkun:
   33 þús. tonn 1. okt. 1969
   11 — — 1. júlí 1970
   33 — — 1. — 1972

   Þá verður:
   Framleiðslugjald ..... 446 m.kr.
   Rafmagnsgjald ..... 1 587 —

LANDSVIRKJUN
5. maí 1969.

Greinargerð um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík.

A. Viðræður við fulltrúa Alusuisse og ÍSAL.

Dagana 29. og 30. apríl s. l. voru hér í heimsókn þeir Meyer og Müller frá Alusuisse til viðræðna við iðnaðarmálaráðherra og Landsvirkjun um afhendingartíma rafmagns til álbræðslunnar í Straumsvík og hugsanlega stækkun hennar umfram það, sem núgildandi samningar gera ráð fyrir. Niðurstöður þessara viðræðna koma fram í memorandum, dags. 30. apríl 1969, sem aðilar undirrituðu, og fylgir afrit af því með (fylgiskjal A). Verður hér á eftir vikið að þrem meginniðurstöðum viðræðnanna:

1. Því er slegið föstu, að annar og þriðji afhendingardagur rafmagns til ÍSALs verði einn og sami dagurinn sumarið 1972, eftir því sem Landsvirkjun og ÍSAL koma sér saman um að tilgreina nánar síðar. Gildandi samningar gera ráð fyrir því, að álbræðslan verði komin í fulla stærð með 60 000 tonna ársafköstum eigi síðar en 1975, og er hér því stefnt að því, að bræðslan nái fullri stærð þrem árum fyrr.
2. Alusuisse og ÍSAL bjóðast til að stækka bræðsluna, sem nemur 10 000 tonna ársafköstum, frá 1. júlí 1970 í síðasta lagi að telja umfram það, sem núgildandi samningar gera ráð fyrir, enda veiti ríkisstjórnin og Landsvirkjun samþykki sitt til stækkunarinnar eigi síðar en 15. þ. m., og látnir verði gilda sömu skil-

mála um stækkunina, t. d. að því er varðar rafmagnsverð og framleiðslugjald, og núgildandi samningar gera ráð fyrir. Að fengnu slíku samþykki er síðan gert ráð fyrir, að gengið verði sem fyrst frá nauðsynlegum breytingum á aðalsamningnum milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse og rafmagnssamningnum milli ÍSAL og Landsvirkjunar og leitað staðfestingar Alþingis á slíkum breytingum eigi síðar en, er þing kemur saman haustið 1969.

3. Alusuisse og ÍSAL samþykkja fyrir sitt leyti, að rafmagnsverð Landsvirkjunar til ÍSAL verði óbreytt 3.0 U.S. mills og framleiðslugjaldið óbreytt 12.50 U.S. dollarar, þar til 6 ár eru liðin frá fyrsta afhendingardegi rafmagns til ÍSAL, sem nú er ráðgerður 1. október 1969. Að öðrum kosti mundi rafmagnsverðið lækka samkvæmt núgildandi samningum í 2.5 U.S. mills og framleiðslugjaldið hækka í 20 U.S. dollara 1972, er bræðslan er komin í fulla stærð. Stækkun bræðslunnar og örari framkvæmdir við hana gera það að verkum, að bæta verður þrem seinni vélasamstæðunum í Búrfellsstöð fyrir veturinn 1971—72, auk þess sem ljúka verður miðlunarframkvæmdum við Þórisvatn fyrir þann tíma. Verður því ekki hægt að verja til þessara framkvæmda því fé úr rekstri Landsvirkjunar, sem ella hefði verið handbært, ef þeim hefði ekki þurft að vera að fullu lokið fyrr en 1975. Við þetta bætist aukinn vaxta- og rekstrarkostnaður hjá Landsvirkjun, og er því nauðsynlegt, að Landsvirkjun fái að halda óbreyttu rafmagnsverði til ÍSAL til 1975, eins og Alusuisse og ÍSAL hafa fyrir sitt leyti veitt samþykki til.

B. Nokkrar forsendur í fjárhagsáætlunum um afkomu Landsvirkjunar 1969—1985, með og án stækkunar bræðslunnar.

Gerðar hafa verið fjárhagsáætlanir fyrir afkomu Landsvirkjunar til ársloka 1985, annars vegar miðað við að bræðslan verði komin í fulla stærð (60 000 tonn) 1972 án stækkunar og hins vegar miðað við 10 000 tonna stækkun 1970 og fulla stærð (70 000 tonn) 1972. Í þessum áætlunum er m. a. byggt á eftirgreindum forsendum:

1. Rafmagnsverð Landsvirkjunar til ÍSAL verði 3.0 U.S. mills til 1. júlí 1975, en lækki þá í 2.5 U.S. mills, sbr. lið A-3 hér að framan.
2. Heildsöluverð á rafmagni Landsvirkjunar til rafveitna hækki um 15% frá og með 1. janúar 1970. Er hér um að ræða seinni áfanga þeirrar hækkunar, sem í samráði við Efnahagsstofnunina var í nóvember s. l. talin óhjákvæmileg vegna síðustu gengisbreytingar.
3. Gert er ráð fyrir, að Búrfellsvirkjun sé lokið 1971 ásamt miðlun í Þórisvatni og Köldukvíslarveitu inn í Þórisvatn árið 1974, ef bræðslan er ekki stækkuð, en 1973, ef hún er stækkuð.
4. Gert er ráð fyrir, að vélaafl vatnsaflstöðva Landsvirkjunar endist til ársloka 1976, ef ekki kemur til stækkunar bræðslunnar, en til ársloka 1974 með stækkuninni. Til að gera áætlanirnar sambærilegar er því í áætlunum með stækkuninni gert ráð fyrir því, að Landsvirkjun byggi 20 MW vatnsaflstöð, er komi í rekstur í ársbyrjun 1975.
5. Gert er ráð fyrir, að eignaraðilar leggi fram aukið eigið framlag til Landsvirkjunar, 15 m.kr. hvor á ári, árin 1970—1974, eða alls 150 m.kr.

C. Hagkvæmni Landsvirkjunar af stækkun bræðslunnar.

Niðurstöður þeirra fjárhagsáætlana, sem fjallað er um hér að framan, er að finna í fylgiskjali B. Eins og þar má sjá, er afkoma Landsvirkjunar betri, þegar gert er ráð fyrir stækkun bræðslunnar. Sem dæmi um það, má einkum nefna eftirfarandi:

1. Nettótekjur Landsvirkjunar 1969—1985 áætlast 465.1 millj. kr. hærri með stækkun bræðslunnar en án hennar.

2. Sjóðseign Landsvirkjunar í árslok 1985 áætlast 148.7 millj. kr. hærri með stækkun bræðslunnar en án stækkunar, enda þótt afborganir með stækkuninni séu 110 millj. kr. hærri til ársloka 1985.
3. Á erfiðustu rekstrarárunum, þ. e. 1970—1972, er arðgjöfin af nettófasteign hærri með stækkuninni, eða 5.7% í stað 5.0%. Á árunum 1973—1985 er hins vegar arðgjöfin svipuð í báðum tilfellum, eða að meðaltali rúm 10%.
4. Þrátt fyrir 362.5 millj. kr. hærri fjárfestingu með stækkuninni eru lántökur 1969—1985 aðeins 136.2 millj. kr. hærri en án stækkunarinnar.

D. Hækkun framleiðslugjaldsins við stækkun bræðslunnar.

Við stækkun bræðslunnar um 10 000 tonn 1970 mundu tekjur ríkissjóðs af framleiðslugjaldi bræðslunnar hækka um 264 millj. kr. á tímabilinu 1970—1985. Er gjaldið þá reiknað sem $ 12.50 á tonn frá 1. júlí 1970 til 1. júlí 1975, en síðan $ 20.00.

E. Niðurstaða.

Af framangreindu sést, að afkoma Landsvirkjunar verður í heild mun betri, ef bræðslan er stækkuð, eins og Alusuisse og ÍSAL fara fram á, auk þess sem tekjur af framleiðslugjaldinu aukast verulega. Eru þá enn ótaldar aðrar innlendar tekjur, sem stækkunin mun hafa í för með sér, einkum vegna vinnulauna, en ekki hefur verið reynt að áætla þær. Allt þetta mælir með því, að gengið sé til móts við óskir Alusuisse og ÍSAL um stækkun bræðslunnar, að ónefndri atvinnuaukningu við stækkunina og aukinn rekstur. Þá ber einnig að hafa í huga, að af hagkvæmnisástæðum verður það að teljast mjög eftirsóknarvert fyrir Alusuisse og ÍSAL að stækka bræðsluna síðar meir um önnur 10 000 tonn. Byggist þetta á því, að stækkunin á næsta ári er fyrirhuguð með því móti að stækka fyrstu keraröðina úr 30 000 tonnum í 40 000 tonn, en viðbótin 1972 yrði ein 30 000 tonna keraröð, sem kæmi sér betur frá rekstrarsjónarmiði að stækka síðar upp í sömu stærð og fyrri keraröðina, eða 40 000 tonn. Er þá ekki ólíklegt, að hærra rafmagnsverð og hærra framleiðslugjald fengist vegna slíkrar stækkunar.

Fylgiskjal A.

Reykjavík, April 30, 1969.

MEMORANDUM

In meetings between representatives of the Government of Iceland, Swiss Aluminium Limited (Alusuisse), Landsvirkjun and Icelandic Aluminium Company Limited (ISAL), held in Reykjavík on April 29 and 30, 1969, the following agreement was reached respecting the specification of PDD II and PDD III under the Master Agreement dated March 28, 1966 and the Power Contract dated June 28, 1966 and other matters relating to the development of the aluminium smelter project in Straumsvík:

1. The Second and Third Power Delivery Dates (PDD II and PDD III) shall coincide and shall occur in the summer of 1972, on a date to be specified by a joint declaration of Landsvirkjun and ISAL pursuant to Section 9.03 and 9.04 of the Master Agreement.
2. Alusuisse is prepared to cause ISAL to enlarge the Smelter beyond the rated capacity of 120 megawatts covered by the existing agreements by the addition to the first potline thereof of production facilities having a rated capacity of 20 megawatts, provided that this can be effected on the same terms and conditions as those applicable under the Master Agreement and Scheduled Contracts. Alusuisse and ISAL shall be firmly committed to have such facilities fully

constructed and put into operation on or prior to July 1, 1970 if notified in writing by the Government of Iceland and Landsvirkjun on or prior to May 15, 1969, that such enlargement on such terms is agreeable to them. Such notice having been given, the parties shall formalize their agreement on the project by supplemental agreements to the Master Agreement and Power Contract which shall be subject only to ratification by the Althing. The Government undertakes to seek such ratification not later than at the commencement of the next session of the Althing in the autumn of 1969.

3. It is affirmed on the part of Alusuisse and ISAL that they would have no objection to the Contract Price remaining at 3.0 U.S. mills and the Consolidated Tax at 12.50 U.S. dollars until the sixth anniversary of PDD I, if the Government of Iceland and Landsvirkjun should wish to adopt this measure following the above specification of PDD III.

The Minister of Industries
Jóhann Hafstein

Swiss Aluminium Limited
Emanuel R. Meyer
Paul H. Müller

Landsvirkjun
Jóhannes Nordal

Icelandic Aluminium Company Limited
Halldór H. Jónsson
Paul H. Müller

Fylgiskjal B. 5. maí 1969.

SAMANBURÐUR Á AFKOMU LANDSVIRKJUNAR MEÐ OG ÁN 20 MW STÆKKUN ÁLBRÆÐSLUNNAR

	Millj. kr. fjárfesting		Millj. kr. lántökur		Millj. kr. afborganir		Millj. kr. sjóður í árslok		Millj. kr. nettótekjur		Hundraðshl. arður af nettófasteign í rekstri	
	án	með	án	með	án	með	án	með	án	með	án	með
1969	870.0	880.0	1 482.2	1 482.2	556.4	556.4	36.5	26.5	35.4	35.4	9.8	9.8
1970	310.3	328.0	252.1	296.2	110.6	110.6	11.5	46.3	÷54.8	÷36.4	4.3	4.6
1971	190.7	231.3	220.2	176.2	144.4	144.4	66.4	57.7	÷16.4	24.7	4.6	5.5
1972	110.2	156.5	88.1	88.1	247.2	251.6	50.7	33.4	49.7	91.8	6.2	7.1
1973	156.1	277.1	88.1	176.2	269.7	269.7	80.7	72.1	156.3	197.9	8.3	9.2
1974	128.4	225.3	40.0	88.1	368.4	359.6	33.5	26.8	197.2	239.1	9.1	9.4
1975	5.0	35.0			375.3	384.1	17.3	2.9	172.2	201.5	8.6	8.8
1976	5.0	5.0			386.5	400.1	20.1	14.8	201.1	222.0	9.0	9.1
1977	5.0	5.0			393.6	407.2	38.9	43.7	221.2	243.1	9.3	9.3
1978	5.0	5.0			278.4	292.0	191.5	206.6	238.5	260.6	9.6	9.6
1979	5.0	5.0			260.8	274.4	385.7	412.1	257.0	280.1	9.9	10.0
1980	5.0	5.0			224.1	237.7	632.6	671.5	269.2	293.5	10.3	10.3
1981	5.0	5.0			261.5	275.3	802.7	854.3	280.0	304.7	10.7	10.7
1982	5.0	5.0			253.1	262.3	999.2	1 070.5	297.9	325.0	11.2	11.1
1983	5.0	5.0			232.1	245.6	1 233.8	1 371.6	315.1	343.3	11.6	11.5
1984	5.0	5.0			197.8	207.2	1 519.0	1 627.1	332.0	359.9	12.2	12.0
1985	5.0	5.0			149.6	141.3	1 863.0	2 011.7	342.5	373.0	12.7	12.5
	1 820.7	2 183.2	2 170.7	2 307.0	4 709.5	4 819.5			3 294.1	3 759.2		

Fylgiskjal II.

ISAL

11. nóv. 1969.

YFIRLIT YFIR BYGGINGAFRAMKVÆMDIR OG REKSTUR ÁLIÐJUVERSINS Í STRAUMSVÍK

Framkvæmdir og kostnaður.

Fyrsta áfanga áliðjuversins í Straumsvík er nú lokið, og hefur starfræksla hafizt með fullum afköstum. Byrjað var á framkvæmdum í marz 1967 með því að jafna byggingarlóðina. Fluttir voru um 800 þúsund rúmmetrar af efni, þar af klöpp 130 þúsund rúmmetrar. 500 þúsund rúmmetrar voru notaðir til fyllingar á lóðinni, en 300 þúsund rúmmetrar við hafnargerðina. Byrjað var á undirstöðum bygginga sumarið 1967, og hafa nú verið reistar byggingar, samtals 40 þúsund fermetrar að grunnflatarmáli eða að rúmmáli um 500 þúsund rúmmetrar. Einnig hafa verið malbikaðir um 30 þúsund fermetrar af akbrautum og aðkeyrslubrautum.

Fjöldi starfsmanna við framkvæmdir í Straumsvík, að höfninni meðtalinni, fór upp í tæplega 900 síðast liðið haust. Nú starfa í Straumsvík um 550 manns, þegar starfsmenn við rekstur áliðjuversins eru meðtaldir.

Heildarbyggingarkostnaður við þennan fyrsta áfanga áliðjuversins hefur numið 3200 milljónum króna. Auk þess munu hafnarframkvæmdir kosta yfir 300 milljónir króna. Kerskálinn, sem þegar hefur verið tekinn í notkun, er um 650 metrar á lengd, og í honum eru 120 álvinnsluker. Framkvæmdir hafa þegar hafizt við lengingu þessa skála um rúma 200 metra eða sem svarar 40 álvinnslukerum, og verður því heildarlengd skálans tæplega 900 metrar. Gert er ráð fyrir, að þessi viðbótarker verði tekin í notkun í júní 1970. Kostnaður við þessa viðbót mun nema um 380 milljónum króna. 1971 munu hefjast framkvæmdir við byggingu síðari kerskálans með 120 kerum, og verður þeim lokið haustið 1972. Heildarkostnaður við framkvæmdir verður þá orðinn um 4800 milljónir króna.

Framleiðsla og verðmæti.

Ársframleiðsla áls verður um 39 þúsund tonn 1970 og framleiðsluverðmæti, að frádregnum beinum hráefniskostnaði, um 980 milljónir króna. Framleiðslan og þar með framleiðsluverðmætið eykst svo samhliða stækkununum, og verður framleiðslan á árinu 1974 orðin 76 þúsund tonn og framleiðsluverðmæti á sama hátt um 1900 milljónir króna.

Greiðslur á Íslandi.

Sá hluti af framleiðsluverðmætinu, sem verður eftir í landinu sem beinar greiðslur til íslenzkra aðila, verður sem hér segir í milljónum króna:

Ár	Framleiðslugjald	Vinnulaun	Raforka	Aðrar greiðslur	Heildargreiðslur samtals
1970	55	145	155	70	425
1974	107	203	302	155	767

Framleiðslugjaldið er miðað við núverandi heimsmarkaðsverð á áli. Með vinnulaunum eru talin ýmis gjöld, sem atvinnurekendum ber að greiða af greiddum launum, svo sem launaskattur, gjöld til almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga, lífeyrissjóðsiðgjöld, svo og kostnaður við mötuneyti og flutning starfsfólks til og frá vinnu. Liðurinn aðrar greiðslur innifelur ýmsar greiðslur svo sem farmgjöld til Eimskipafélags Íslands, vexti og afborganir af hafnarframkvæmdum í Straumsvík, svo og eldsneyti, efnivörur og þjónustu ýmiss konar.

Ofangreindar tölur eru að sjálfsögðu miðaðar við fast verðlag. Að lokum má geta þess, að framleiðslugjaldið hækkar smám saman, unz það verður á árinu 1987 orðið 258 milljónir króna.

FYRSTI VIÐAUKI

VIÐ RAFMAGNSSAMNING MILLI LANDSVIRKJUNAR OG ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF.

SAMNINGUR gerður hinn 28. dag októbermánaðar 1969

MILLI

LANDSVIRKJUNAR (The National Power Company, hér á eftir nefnd „Landsvirkjun")

ANNARS VEGAR

OG

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. (Icelandic Aluminium Company Limited, hér á eftir nefnt „ISAL")

HINS VEGAR

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin") og Swiss Aluminium Limited (hér á eftir nefnt „Alusuisse") hafa gert með sér aðalsamning dags. 28. marz 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðalsamningurinn"). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan") af hálfu ISALs og byggingu vatnsaflsvirkjunar í Þjórsá við Búrfell af hálfu Landsvirkjunar.

LANDSVIRKJUN OG ISAL hafa gert með sér rafmagnssamning, er fylgir aðalsamningnum sem fylgiskjal A. Samningur þessi er dagsettur 28. júní 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „rafmagnssamningurinn"), og fjallar hann, meðal annars, um afhendingu á rafmagni frá Landsvirkjun til rekstrar bræðslunnar.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa samþykkt sín í milli fyrsta viðaukann, dags. í dag, við aðalsamninginn (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðalsamninginn"). Fjallar hann, meðal annars, um aukningu á samanlagðri málraun bræðslunnar, er felur í sér breytingu á málraun fyrri og síðari stækkunar hennar, svo sem þær hafa hingað til verið skýrgreindar í aðalsamningnum.

LANDSVIRKJUN OG ISAL hafa samþykkt að takast á hendur og efna þær skuldbindingar, sem á þau eru lögð hvort um sig með fyrsta viðaukanum við aðalsamninginn, og óska þessu til staðfestu að breyta rafmagnssamningnum, svo sem kveðið er á hér á eftir.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

1.01. Samning þennan ber að nefna fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn.

1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum eða í rafmagnssamningnum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum

1. greinar aðalsamningsins (með áorðnum breytingum), nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsgr.	1.01 a)
„Alusuisse“	—	1.01 b)
„Landsvirkjun“	—	1.01 c)
„ISAL“	—	1.01 e)
„Fylgiskjöl“	—	1.02
„Fylgisamningar“	—	1.02
„Bræðsla“	—	1.03 b)
„Tengivirki bræðslunnar“	—	1.03 c)
„AR I“	—	1.03 o)
„AR II“	—	1.03 p)
„AR III“	—	1.03 q)

1.03. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, hafa þar sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Fylgiviðaukar“	málsgr.	1.03
„Gildistökudagur“	—	1.04 a)

2. gr.

Breytingar á ákvæðum rafmagnssamningsins um rafmagnsafhendingu.

2.01. Tafla sú, er greinir í lok fyrsta málsliðar í málsgrein 7.01 í rafmagnssamningnum og fjallar um orkumagn, skal hljóða svo:

Áfangi bræðslunnar	Fyrsti	Annar	Þriðji
Málraun	60 MW	80 MW	140 MW
Orka fyrir hvert almanaksár	530 GWst	707 GWst	1237 GWst

2.02. Tafla sú, er greinir í lok annars málsliðar í málsgrein 7.01 í rafmagnssamningnum og fjallar um aflgildi, skal hljóða svo:

Áfangi bræðslunnar	Fyrsti	Annar	Þriðji
Afl:			
(meðaltal á klst.)	60 MW	80 MW	140 MW
(augnabliksgildi)	65 MW	87 MW	152 MW

2.03. Tafla sú, er greinir í niðurlagi málsgreinar 7.04 í rafmagnssamningnum og fjallar um hámarksorkuneyzlu á dag, skal hljóða svo:

Áfangi bræðslunnar	Fyrsti	Annar	Þriðji
Dagleg hámarksneyzla	1.452 GWst	1.936 GWst	3.388 GWst

2.04. Tafla sú, er greinir í lok fyrsta málsliðar í málsgrein 8.01 í rafmagnssamningnum og fjallar um lágmarksaflgildi, skal hljóða svo:

Áfangi bræðslunnar	Fyrsti	Annar	Þriðji
Lágmarksafl (meðaltal á klst.)	28 MW	37 MW	65 MW

3. gr.

Breytingar á ákvæðum rafmagnssamningsins um rafmagnsverð.

Stafliðir a) og b) í málsgrein 13.01 í rafmagnssamningnum orðist svo:

a) „a) Frá gangsetningardegi fyrsta áfanga bræðslunnar og til sjötta árdags AR I, 3.0 Bandaríkjamill fyrir hverja kWst".
b) „b) Frá sjötta árdegi AR I og til fimmtánda árdags AR I, 2.5 Bandaríkjamill fyrir hverja kWst".

4. gr.

Breytingar á ákvæðum rafmagnssamningsins um lágmarksmagn.

Tafla sú, er greinir í lok fyrra málsliðar í málsgrein 20.01 í rafmagnssamningnum og fjallar um lágmarksorkumagn, skal hljóða svo:

	AR I	AR II	AR III
Lágmarksorka á hverju almanaksári	450 GWst	600 GWst	1050 GWst

5. gr.

Tengsl við breytingar á aðalsamningnum og hinum fylgisamningunum.

5.01. Aðilar samnings þessa samþykkja hvor um sig í þágu hins og í þágu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse að takast á hendur og efna skuldbindingar þær, sem lagðar eru á hvorn um sig með ákvæðum fyrsta viðauka við aðalsamninginn. Sérhver tilvísun til aðalsamningsins, sem gerð er í rafmagnssamningnum (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til aðalsamningsins, svo sem honum er breytt með fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema samhengið geri ráð fyrir öðru, og aðalsamningurinn svo breyttur skal áfram ráða í skiptum aðila samnings þessa samkvæmt rafmagnssamningnum, í öllum efnum, sem við á.

5.02. Sérhver tilvísun til hinna fylgiskjalanna eða hinna fylgisamninganna, eða einhvers þeirra, sem gerð er í rafmagnssamningnum (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til viðkomandi fylgiskjala eða fylgisamninga, eins og þeim er breytt með fylgiviðaukunum, nema samhengið geri ráð fyrir öðru.

6. gr.

Gildi samnings þessa og gildistökudagur.

6.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við rafmagnssamninginn samkvæmt ákvæðum 28. greinar hans og skal talinn beinn hluti af rafmagnssamningnum, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði rafmagnssamningsins taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi.

6.02. Samningur þessi skal öðlast gildi á gildistökudegi fyrsta viðauka við aðalsamninginn, enda hafi samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse verið staðfest, svo sem ráðgert er hér að neðan, og tilkynning samkvæmt 28. grein rafmagnssamningsins verið gefin.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu Landsvirkjunar og ISALs á þeim degi, sem í upphafi greinir.

Fyrir LANDSVIRKJUN
Jóhannes Nordal

Fyrir ÍSLENZKA ÁLFÉLAGIÐ HF.
Halldór H. Jónsson
Emanuel R. Meyer

Samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse til framanritaðrar samningsgerðar staðfestist hér með.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS
Jóhann Hafstein

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED
Paul H. Müller
John Wohnlich

FYRSTI VIÐAUKI

VIÐ HAFNAR- OG LÓÐARSAMNING MILLI HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐAR OG ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF.

SAMNINGUR gerður hinn 28. dag októbermánaðar 1969

MILLI

HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐAR (hér á eftir nefndur „kaupstaðurinn")

ANNARS VEGAR

OG

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. (Icelandic Aluminium Company Limited, hér á eftir nefnt „ISAL")

HINS VEGAR

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin") og Swiss Aluminium Limited (hér á eftir nefnt „Alusuisse") hafa gert með sér aðalsamning dags. 28. marz 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðalsamningurinn"). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan") af hálfu ISALs við Straumsvík í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins.

KAUPSTAÐURINN OG ISAL hafa gert með sér hafnar- og lóðarsamning, er fylgir aðalsamningnum sem fylgiskjal B. Samningur þessi er dagsettur 28. júní 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „hafnar- og lóðarsamningurinn"), og fjallar hann, meðal annars, um byggingu og viðhald hafnarmannvirkja (hér á eftir nefnd „hafnarmannvirkin") í Straumsvík af hálfu kaupstaðarins og um greiðslu af hálfu ISALs á fastagjaldi, sem miðað er við byggingarkostnað hafnarmannvirkjanna, ásamt öðrum greiðslum.

KAUPSTAÐURINN OG ISAL óska nú að breyta tilteknum ákvæðum hafnar- og lóðarsamningsins, varðandi greiðslu á nefndu fastagjaldi, svo sem mælt er hér á eftir.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa samþykkt sín í milli fyrsta viðaukann, dags. í dag, við aðalsamninginn (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðalsamninginn"), sem fjallar, meðal annars, um aukningu á samanlagðri málraun bræðslunnar.

KAUPSTAÐURINN OG ISAL hafa samþykkt að takast á hendur og efna þær skuldbindingar, sem á þau eru lögð hvort um sig með fyrsta viðaukanum við aðalsamninginn, og óska því til staðfestu að breyta hafnar- og lóðarsamningnum, svo sem kveðið er á hér á eftir.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

1.01. Samning þennan ber að nefna fyrsta viðauka við hafnar- og lóðarsamninginn.

1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar aðalsamningsins (með áorðnum breytingum), nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsgr.	1.01 a)
„Alusuisse“	—	1.01 b)
„Kaupstaðurinn“	—	1.01 d)
„ISAL“	—	1.01 e)
„Fylgiskjöl“	—	1.02
„Fylgisamningar“	—	1.02
„Bræðsla“	—	1.03 b)
„Hafnarmannvirki“	—	1.03 n)

1.03. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, hafa þar sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Fylgiviðaukar“	málsgr.	1.03
„Gildistökudagur“	—	1.04 a)

2. gr.

Breytingar á ákvæðum hafnar- og lóðarsamningsins um greiðslu fastagjalds.

2.01. Málsgrein 11.01 í hafnar- og lóðarsamningnum orðist þannig:
„11.01. Fyrir réttindi þau, sem veitt eru samkvæmt samningi þessum varðandi höfnina og hafnarmannvirkin, skal ISAL greiða fjárhæð, sem nemur byggingarkostnaði hafnarmannvirkjanna, í stað fastagjalds. Með byggingarkostnaði þessum skal talinn fjármagnskostnaður og vextir á byggingartíma, svo og kostnaður við kaup á landi því innan hafnarsvæðisins, sem ekki er nú í eigu kaupstaðarins. Byggingarkostnaði í krónum og erlendum gjaldeyri (öðrum en svissneskum frönkum) skal umbreytt í svissneska franka á því opinberu gengi, sem í gildi er, þegar greiðslur á kostnaðinum eru inntar af hendi eða lán fyrir honum verða virk. Höfuðstóll þeirrar fjárhæðar, sem ISAL ber að greiða samkvæmt framansögðu, skal vera hin samanlagða fjárhæð þess, sem þannig er umbreytt, og skal haldast í svissneskum frönkum. Fjárhæðin, eins og hún verður á hverjum tíma, skal bera vexti, sem nema sex og hálfum af hundraði (6.5%) á ári, frá fyrsta degi ágústmánaðar 1969 að telja“.

2.02. Málsgrein 11.02 í hafnar- og lóðarsamningnum orðist þannig:
„11.02. ISAL skal greiða fjárhæð þá, sem tilgreind er í málsgr. 11.01, með tíu jöfnum árlegum afborgunum, sem falla í gjalddaga hinn fyrsta dag októbermánaðar ár hvert á tímabilinu frá 1975 til 1984, að báðum árum meðtöldum. Vextir af þessari fjárhæð samkvæmt málsgrein 11.01 skulu greiddir misserislega hinn fyrsta dag aprílmánaðar og októbermánaðar ár hvert, þar til fjárhæðin er að fullu greidd, í fyrsta sinn hinn fyrsta dag aprílmánaðar 1970“.

2.03. Málsgrein 11.04 í hafnar- og lóðarsamningnum breytist þannig, að orðin „frá þeim degi að telja, að fastagjaldið verður gjaldkræft samkvæmt málsgr. 11.01“ í þriðju og fjórðu línu falli brott, en orðin „frá fyrsta degi ágústmánaðar 1969“ komi í þeirra stað.

2.04. Málsgrein 11.06 í hafnar- og lóðarsamningnum breytist þannig, að orðin „frá þeim degi, er fastagjaldið verður gjaldkræft samkvæmt málsgr. 11.01“ í fyrstu

og annarri línu falli brott, en orðin „frá fyrsta degi ágústmánaðar 1969“ komi í þeirra stað.

2.05. Málsgrein 11.07 í hafnar- og lóðarsamningnum orðist þannig:
„11.07. Greiðslur á fjárhæð þeirri og vöxtum, sem um er rætt í málsgr. 11.01, og á hinu sérstaka vörugjaldi samkvæmt málsgr. 11.06, skulu inntar af hendi í svissneskum frönkum annars vegar og Bandaríkjadollurum hins vegar, eða í öðrum gjaldeyri, sem kaupstaðurinn og ISAL verða ásátt um, og greiðslur á öllum öðrum gjöldum og álögum, sem greiða skal samkvæmt ákvæðum málsgr. 11.04 og 11.05, skulu ISAL eða skipseigendur, hvor sem í hlut á, inna af hendi í íslenzkum krónum“.

3. gr.
Framsal á greiðslum.

3.01. Kaupstaðurinn framselur hér með ríkisstjórninni allan rétt sinn varðandi greiðslur þær, sem mælt er um í málsgr. 11.01 og 11.02 í hafnar- og lóðarsamningnum, gegn því, að ríkisstjórnin takist á hendur að annast um útvegun fjár til að standa straum af byggingarkostnaði hafnarmannvirkjanna í Straumsvík án þátttöku af hálfu kaupstaðarins, en skuldbindingu þessa staðfestir ríkisstjórnin með undirskrift sinni hér að neðan. Í samræmi við þetta skal ríkisstjórnin taka við nefndum greiðslum og innheimta þær fyrir eigin reikning án kostnaðar fyrir kaupstaðinn.

3.02. ISAL samþykkir hér með að sínu leyti framsal það, sem fjallað er um í málsgr. 3.01, og fellst á að inna af hendi þær greiðslur, sem mælt er um í málsgr. 11.01 og 11.02, til skrifstofu Seðlabanka Íslands eða annars banka, sem ríkisstjórnin kann að tilnefna í því skyni.

4. gr.
Tengsl við breytingar á aðalsamningnum og hinum fylgisamningunum.

4.01. Aðilar samnings þessa samþykkja hvor um sig í þágu hins og í þágu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse að efna og takast á hendur skuldbindingar þær, sem lagðar eru á hvorn um sig með ákvæðum fyrsta viðauka við aðalsamninginn. Sérhver tilvísun til aðalsamningsins, sem gerð er í hafnar- og lóðarsamningnum (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til aðalsamningsins, svo sem honum er breytt með fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema samhengið geri ráð fyrir öðru, og aðalsamningurinn svo breyttur skal áfram ráða í skiptum aðila samnings þessa samkvæmt hafnar- og lóðarsamningnum, í öllum efnum, sem við á.

4.02. Sérhver tilvísun til hinna fylgiskjalanna eða hinna fylgisamninganna, eða einhvers þeirra, sem gerð er í hafnar- og lóðarsamningnum (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til viðkomandi fylgiskjala eða fylgisamninga, eins og þeim er breytt með fylgiviðaukunum, nema samhengið geri ráð fyrir öðru.

5. gr.
Gildi samnings þessa og gildistökudagur.

5.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við hafnar- og lóðarsamninginn samkvæmt ákvæðum 21. greinar hans og skal talinn beinn hluti af hafnar- og lóðarsamningnum, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði hafnar- og lóðarsamningsins taka ekki öðrum breytingum en þeim,

sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi.

5.02. Samningur þessi skal öðlast gildi á gildistökudegi fyrsta viðauka við aðalsamninginn, enda hafi samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse verið staðfest, svo sem ráðgert er hér að neðan, og tilkynning samkvæmt 21. grein hafnar- og lóðarsamningsins verið gefin.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu kaupstaðarins og ISALs á þeim degi, sem í upphafi greinir.

Fyrir HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐ
Kristinn Ó. Guðmundsson

Fyrir ÍSLENZKA ÁLFÉLAGIÐ HF.
Halldór H. Jónsson
Emanuel R. Meyer

Samþykki ríkisstjórnarinnar við framanritaðri samningsgerð og við skuldbindingum þeim, sem á ríkisstjórnina eru lagðar með ákvæðum 3. gr. samningsins, staðfestist hér með.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS
Jóhann Hafstein

Samþykki Alusuisse við framanritaðri samningsgerð staðfestist hér með.

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED
Paul H. Müller
John Wohnlich

FYRSTI VIÐAUKI

VIÐ AÐSTOÐARSAMNING — HÖNNUN OG BYGGINGU MILLI ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. OG SWISS ALUMINIUM LIMITED

SAMNINGUR gerður hinn 28. dag októbermánaðar 1969

MILLI

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. (Icelandic Aluminium Company Limited, hér á eftir nefnt „ISAL")

ANNARS VEGAR

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hér á eftir nefnt „Alusuisse"), sem er félag stofnað að svissneskum lögum

HINS VEGAR

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin") og Alusuisse hafa gert með sér aðalsamning dags. 28. marz 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðalsamningurinn"). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan") af hálfu ISALs.

ISAL OG ALUSUISSE hafa gert með sér aðstoðarsamning — hönnun og byggingu —, er fylgir aðalsamningnum sem fylgiskjal C 1. Samningur þessi er dagsettur 28. júní 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðstoðarsamningur — hönnun og bygging"), og fjallar hann, meðal annars, um hönnunar- og verkfræðiþjónustu, er Alusuisse láti ISAL í té við byggingu bræðslunnar.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa samþykkt sín í milli fyrsta viðaukann, dags. í dag, við aðalsamninginn (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðalsamninginn"), sem fjallar, meðal annars, um aukningu á samanlagðri málraun bræðslunnar, er felur í sér breytingu á málraun fyrri og síðari stækkunar hennar, svo sem þær hafa hingað til verið skýrgreindar í aðalsamningnum.

ISAL OG ALUSUISSE óska, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að láta aðstoðarsamninginn — hönnun og byggingu — taka til bræðslunnar, svo sem hún er skýrgreind að nýju með ákvæðum fyrsta viðauka við aðalsamninginn, og staðfesta það með ákvæðum, er verði beinn hluti af aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu —, svo sem mælt hér á eftir.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

1.01. Samning þennan ber að nefna fyrsta viðauka við aðstoðarsamninginn — hönnun og byggingu.

1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar aðalsamningsins (með áorðnum breytingum), nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsgr.	1.01 a)
„Alusuisse“	—	1.01 b)
„ISAL“	—	1.01 e)
„Fylgiskjöl“	—	1.02
„Fylgisamningar“	—	1.02
„Bræðsla“	—	1.03 b)

1.03. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, hafa þar sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Fylgiviðaukar“	málsgr.	1.03
„Gildistökudagur“	—	1.04 a)

2. gr.

Tengsl við breytingar á aðalsamningnum og hinum fylgisamningunum.

2.01. Sérhver tilvísun til aðalsamningsins, sem gerð er í aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu — (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til aðalsamningsins svo sem honum er breytt með fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis, og aðalsamningurinn svo breyttur skal áfram ráða í skiptum aðila samnings þessa samkvæmt aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu — í öllum efnum, sem við á.

2.02. Sérhver tilvísun til hinna fylgiskjalanna eða hinna fylgisamninganna, eða einhvers þeirra, sem gerð er í aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu — (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til viðkomandi fylgiskjala eða fylgisamninga, eins og þeim er breytt með fylgiviðaukunum, nema annars gerist þörf vegna samhengis.

3. gr.

Gildi samnings þessa og gildistökudagur.

3.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðstoðarsamninginn — hönnun og byggingu — samkvæmt ákvæðum málsgr. 10.02 í honum og skal talinn beinn hluti af aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu —, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðstoðarsamningsins — hönnunar og byggingar — taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi.

3.02. Samningur þessi skal öðlast gildi á gildistökudegi fyrsta viðauka við aðalsamninginn, enda hafi samþykki ríkisstjórnarinnar verið staðfest, svo sem sýnt er hér að neðan, og tilkynning samkvæmt málsgr. 10.02 í aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu — verið gefin.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ISALs og Alusuisse á þeim degi, sem í upphafi greinir.

Fyrir ÍSLENZKA ÁLFÉLAGIÐ HF.
Halldór H. Jónsson
Emanuel R. Meyer

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED
Paul H. Müller
John Wohnlich

Samþykki ríkisstjórnarinnar til framanritaðrar samningsgerðar staðfestist hér með.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS
Jóhann Hafstein

FYRSTI VIÐAUKI

VIÐ AÐSTOÐARSAMNING — REKSTUR — MILLI ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. OG SWISS ALUMINIUM LIMITED

SAMNINGUR gerður hinn 28. dag októbermánaðar 1969

MILLI

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. (Icelandic Aluminium Company Limited, hér á eftir nefnt „ISAL")

ANNARS VEGAR

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hér á eftir nefnt „Alusuisse"), sem er félag stofnað að svissneskum lögum

HINS VEGAR

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin") og Alusuisse hafa gert með sér aðalsamning dags. 28. marz 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðalsamningurinn"). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan") af hálfu ISALs.

ISAL OG ALUSUISSE hafa gert með sér aðstoðarsamning — rekstur —, er fylgir aðalsamningnum sem fylgiskjal C 2. Samningur þessi er dagsettur 28. júní 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðstoðarsamningur — rekstur"), og fjallar hann, meðal annars, um tæknilega aðstoð, er Alusuisse láti ISAL í té við rekstur bræðslunnar.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa samþykkt sín í milli fyrsta viðaukann, dags. í dag, við aðalsamninginn (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðalsamninginn"), sem fjallar, meðal annars, um aukningu á samanlagðri málraun bræðslunnar.

ISAL OG ALUSUISSE óska, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að láta aðstoðarsamninginn — rekstur — taka til bræðslunnar, svo sem hún er skýrgreind að nýju með ákvæðum fyrsta viðauka við aðalsamninginn, og staðfesta það með ákvæðum, er verði beinn hluti af aðstoðarsamningnum — rekstri —, svo sem mælt er hér á eftir.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

1.01. Samning þennan ber að nefna fyrsta viðauka við aðstoðarsamninginn — rekstur.

1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar aðalsamningsins (með áorðnum breytingum), nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“ ..... málsgr. 1.01 a)
„Alusuisse“ ..... — 1.01 b)
„ISAL“ ..... — 1.01 e)
„Fylgiskjöl“ ..... — 1.02
„Fylgisamningar“ ..... — 1.02
„Bræðsla“ ..... — 1.03 b)

1.03. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, hafa þar sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis:
„Fylgiviðaukar“ ..... málsgr. 1.03
„Gildistökudagur“ ..... — 1.04 a)

2. gr.
Tengsl við breytingar á aðalsamningnum og hinum fylgisamningunum.

2.01. Sérhver tilvísun til aðalsamningsins, sem gerð er í aðstoðarsamningnum — rekstri — (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til aðalsamningsins, svo sem honum er breytt með fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis, og aðalsamningurinn svo breyttur skal áfram ráða í skiptum aðila samnings þessa samkvæmt aðstoðarsamningnum — rekstri — í öllum efnum, sem við á.

2.02. Sérhver tilvísun til hinna fylgiskjalanna eða hinna fylgisamninganna, eða einhvers þeirra, sem gerð er í aðstoðarsamningnum — rekstri — (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til viðkomandi fylgiskjala eða fylgisamninga, eins og þeim er breytt með fylgiviðaukunum, nema annars gerist þörf vegna samhengis.

3. gr.
Gildi samnings þessa og gildistökudagur.

3.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðstoðarsamninginn — rekstur — samkvæmt ákvæðum málsgr. 10.02 í honum og skal talinn beinn hluti af aðstoðarsamningnum — rekstri —, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðstoðarsamningsins — rekstrar — taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi.

3.02. Samningur þessi skal öðlast gildi á gildistökudegi fyrsta viðauka við aðalsamninginn, enda hafi samþykki ríkisstjórnarinnar verið staðfest, svo sem sýnt er hér að neðan, og tilkynning samkvæmt málsgr. 10.02 í aðstoðarsamningnum — rekstri — verið gefin.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ISALs og Alusuisse á þeim degi, sem í upphafi greinir.

Fyrir ÍSLENZKA ÁLFÉLAGIÐ HF.
Halldór H. Jónsson
Emanuel R. Meyer

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED
Paul H. Müller
John Wohnlich

Samþykki ríkisstjórnarinnar til framanritaðrar samningsgerðar staðfestist hér með.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS
Jóhann Hafstein

FYRSTI VIÐAUKI

VIÐ AÐSTOÐARSAMNING — SÖLU — MILLI ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. OG SWISS ALUMINIUM LIMITED

SAMNINGUR gerður hinn 28. dag októbermánaðar 1969

MILLI

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. (Icelandic Aluminium Company Limited, hér á eftir nefnt „ISAL“)

ANNARS VEGAR

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hér á eftir nefnt „Alusuisse“), sem er félag stofnað að svissneskum lögum

HINS VEGAR

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin“) og Alusuisse hafa gert með sér aðalsamning dags. 28. marz 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðalsamningurinn“). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan“) af hálfu ISALs.

ISAL OG ALUSUISSE hafa gert með sér aðstoðarsamning — sölu —, er fylgir aðalsamningnum sem fylgiskjal C 3. Samningur þessi er dagsettur 28. júní 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðstoðarsamningur — sala“), og fjallar hann, meðal annars, um þjónustu við sölu á framleiðsluvörum bræðslunnar, er Alusuisse láti ISAL í té.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa samþykkt sín í milli fyrsta viðaukann, dags. í dag, við aðalsamninginn (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðalsamninginn“), sem fjallar, meðal annars, um aukningu á samanlagðri málraun bræðslunnar.

ISAL OG ALUSUISSE óska, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að láta aðstoðarsamninginn — sölu — taka til bræðslunnar, svo sem hún er skýrgreind að nýju með ákvæðum fyrsta viðauka við aðalsamninginn, og staðfesta það með ákvæðum, er verði beinn hluti af aðstoðarsamningnum — sölu —, svo sem mælt er hér á eftir.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

1.01. Samning þennan ber að nefna fyrsta viðauka við aðstoðarsamninginn — sölu.

1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar aðalsamningsins (með áorðnum breytingum), nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsgr.	1.01 a)
„Alusuisse“	—	1.01 b)
„ISAL“	—	1.01 e)
„Fylgiskjöl“	—	1.02
„Fylgisamningar“	—	1.02
„Bræðsla“	—	1.03 b)

1.03. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, hafa þar sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Fylgiviðaukar“	málsgr.	1.03
„Gildistökudagur“	—	1.04 a)

2. gr.
Tengsl við breytingar á aðalsamningnum og hinum fylgisamningunum.

2.01. Sérhver tilvísun til aðalsamningsins, sem gerð er í aðstoðarsamningnum — sölu — (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til aðalsamningsins, svo sem honum er breytt með fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis, og aðalsamningurinn svo breyttur skal áfram ráða í skiptum aðila samnings þessa samkvæmt aðstoðarsamningnum — sölu — í öllum efnum, sem við á.

2.02. Sérhver tilvísun til hinna fylgiskjalanna eða hinna fylgisamninganna, eða einhvers þeirra, sem gerð er í aðstoðarsamningnum — sölu — (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til viðkomandi fylgiskjala eða fylgisamninga, eins og þeim er breytt með fylgiviðaukunum, nema annars gerist þörf vegna samhengis.

3. gr.
Gildi samnings þessa og gildistökudagur.

3.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðstoðarsamninginn — sölu — samkvæmt ákvæðum málsgr. 10.02 í honum og skal talinn beinn hluti af aðstoðarsamningnum — sölu —, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðstoðarsamningsins — sölu — taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi.

3.02. Samningur þessi skal öðlast gildi á gildistökudegi fyrsta viðauka við aðalsamninginn, enda hafi samþykki ríkisstjórnarinnar verið staðfest, svo sem sýnt er hér að neðan, og tilkynning samkvæmt málsgr. 10.02 í aðstoðarsamningnum — sölu — verið gefin.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ISALs og Alusuisse á þeim degi, sem í upphafi greinir.

Fyrir ÍSLENZKA ÁLFÉLAGIÐ HF.
Halldór H. Jónsson
Emanuel R. Meyer

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED
Paul H. Müller
John Wohnlich

Samþykki ríkisstjórnarinnar til framanritaðrar samningsgerðar staðfestist hér með.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS
Jóhann Hafstein

SKÝRINGAR VIÐ FYLGISAMNINGANA

Um fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn.

Formi samnings þessa og ákvæðum hans um skýrgreiningar (1. gr.), tengsl við hina viðaukana og aðalsamninginn (5. gr.) og gildi og gildistöku (6. gr.) er fyrir komið á sama grundvelli og þeim, sem byggt var á við gerð fyrsta viðauka við aðalsamninginn. Jafnframt er fullnægt gildandi fyrirmælum rafmagnssamningsins um breytingar á honum, sem áskilja m. a. samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse til samningsgerðarinnar. Munu ákvæði nefndra greina viðaukans ekki þarfnast nánari skýringar.

Með 2. gr. viðaukans eru gerðar þær breytingar á ákvæðum rafmagnssamningsins *um afhendingu á afli og orku til ÍSALs*, sem við þarf til samræmis við umsamdar breytingar á stærð bræðslunnar. Hér er í öllum tilfellum um hlutfallslega breytingu að ræða, þannig að hinni nýju 20 MW viðbótarstækkun er ætlað sem svarar ⅙ hluta af því afli og orkumagni, sem áður var tiltekið fyrir bræðsluna í heild, og áföngum afhendingarinnar breytt samkvæmt því. Þannig verður hámarki árlegrar orkunotkunar bræðslunnar breytt úr 530 < 795 < 1060 millj. kWst. í 530 < 707 < 1237 millj. kWst. (málsgr. 2.01). Aflgildi (meðaltal á klst.) verður 60 < 80 < 140 megawött (málsgr. 2.02), en var áður 60 < 90 < 120 megawött, og breytist augnabliksgildi í sama mæli. Hámark daglegrar orkuneyzlu var áður 1 452 < 2 178 < 2 904 þús. kWst., en verður nú 1 452 < 1 936 < 3 388 þús. kWst. (málsgr. 2.03). Loks verður lágmarki því, er varðar varaafl fyrir bræðsluna, breytt úr 28 < 42 < 56 megawöttum í 28 < 37 < 65 megawött.

Með 3. gr. viðaukans er það staðfest, að rafmagnsverð til bræðslunnar verði 3.0 mill (26.4 aur.) á kWst. til 1. október 1975. Eru ákvæði a)-liðs málsgr. 13.01 í rafmagnssamningnum þannig færð til samræmis við ákvæði a)-liðs málsgr. 25.02 í aðalsamningnum.

Í 4. gr. viðaukans er svo gerð nauðsynleg breyting á ákvæðum 20. gr. rafmagnssamningsins um lágmarksorkumagn það, sem ÍSAL ber að greiða fyrir, hvort sem það er nýtt eða ekki. Er magninu breytt úr 450 < 675 < 900 millj. kWst. í 450 < 600 < 1 050 millj. kWst. á ári, og þá fylgt sama hlutfalli og gert var í 2. gr. viðaukans. Frekari breytinga þarf ekki við til að tryggja hagsmuni Landsvirkjunar samkvæmt hinum nýju samningum.

Um fyrsta viðauka við hafnar- og lóðarsamninginn.

Samningur Hafnarfjarðarkaupstaðar og ÍSALs um viðauka við hafnar- og lóðarsamning álbræðslunnar í Straumsvík er sams konar að formi og fyrsti viðauki við rafmagnssamninginn, og má vísa í athugasemdir við hinn síðarnefnda og viðaukana í heild um skýringar á ákvæðum 1., 4. og 5. gr. þessa viðauka.

Í 2. gr. og 3. gr. viðaukans er að finna þau ákvæði, sem ráða munu um greiðslu ÍSALs á stofnkostnaði hafnarmannvirkjanna í Straumsvík samkvæmt hinum nýju samningum. Hefur efni þeirra breytinga, sem í þeim felast, þegar verið lýst í meginatriðum í hinum almennu athugasemdum hér að framan. Fyrirhugað er, að ríkissjóður taki lán í Sviss til 15 ára til að standa straum af kostnaði þessum. Eru breytingarnar gerðar til þess, að hægt verði að fella greiðslur ÍSALs að skilmálum á láni þessu, þannig að félagið geti þar orðið beinn greiðandi að kalla. Áður var hins vegar ráðgert, að greiðslur félagsins yrðu í annuitetsformi og dreifðust þannig á 25 ár.

Málsgr. 2.01 fjallar um breytingar á málsgr. 11.01 í hafnar- og lóðarsamningnum, og beinast þær aðeins að tvennu. Í fyrsta lagi ber að umreikna hafnarkostnað-

inn í svissneska franka í stað Bandaríkjadollara áður. Í öðru lagi er frá því horfið, að umreikna höfuðstól kostnaðarins í annuitetsgreiðslur, heldur ber að endurgreiða hann sem slíkan með venjulegum afborgunum og þá með sömu vöxtum og um var samið í upphafi, þ. e. 6.5% á ári, frá 1. ágúst 1969 að telja.

Málsgr. 2.02 mælir svo fyrir, að kostnaðarfjárhæðin skuli vera afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en greiðast síðan með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 10 árum þar á eftir. Vextir greiðist hins vegar misserislega allt tímabilið. Er hvort tveggja í samræmi við væntanlega skilmála á áðurgreindu láni.

Samningurinn kvað svo á í upphafi, að greiðslur ÍSALs á hafnarkostnaðinum skyldu koma í stað vörugjalda í Straumsvíkurhöfn á 25 ára tímabili (málsgr. 11.04), en að því loknu tæki við sérstakt vörugjald miðað við heimsmarkaðsverð á áli (málsgr. 11.06). Samkvæmt málsgr. 2.03 og 2.04 skulu ákvæði samningsins um tímabil þetta standa óbreytt, þrátt fyrir breytt greiðslufyrirkomulag.

Samkvæmt málsgreinum þessum verður upphaf tímabilsins miðað við 1. ágúst s. l., á sama hátt og upphaf vaxtagreiðslna samkvæmt málsgr. 2.01 og 2.02. Áður átti hér að miða við fyrsta dag þess mánaðar, sem næstur væri eftir þann dag, er ÍSAL gæti byrjað samfellda vinnu við uppsetningu hafnartækja sinna, og síðan hafið móttöku á hráefni, sbr. fyrra niðurlagsákvæði málsgr. 11.01 í samningnum. Hefur 1. ágúst 1969 verið valinn í stað þessa dags, eftir því sem sanngjarnt þótti. Fær Hafnarfjarðarkaupstaður full vörugjöld af öllum flutningum til bræðslunnar um hafnir sínar fram til þess tíma.

Málsgr. 2.05 fjallar um myntir þær, sem greiðslur vegna hafnarinnar miðast við. Skulu greiðslur á stofnkostnaði hafnarmannvirkjanna fara fram í svissneskum frönkum eða annarri mynt, sem um semst nú við ÍSAL, en aðrar greiðslur í Bandaríkjadollurum og íslenzkum krónum eins og á var kveðið í upphafi.

Samkvæmt 3. gr. viðaukans framselur Hafnarfjarðarkaupstaður ríkisstjórninni allan rétt sinn varðandi greiðslur ÍSALs vegna stofnkostnaðar hafnarmannvirkjanna. Skulu þær ganga beint til þess banka, sem ríkisstjórnin tiltekur í því skyni. Gagnvart kaupstaðnum tekst ríkisstjórnin á hendur útvegun og ábyrgð á því láni, sem að baki stendur (málsgr. 3.01), og undirritar hún samninginn því til staðfestu. Samþykki ÍSALs við tilhögun þessari er staðfest með ákvæðum málsgr. 3.02.

Frekari breytingar en þessar hafa ekki verið ráðgerðar varðandi hafnar- og lóðarsamninginn, og stendur hann að öðru leyti óhaggaður með þeim breytingum, sem leiðir af fyrsta viðauka við aðalsamninginn.

Um fyrstu viðauka við aðstoðarsamningana.

Aðstoðarsamningar ÍSALs og Alusuisse um álbræðsluna í Straumsvík fjalla í aðalatriðum um verkfræðiþjónustu við hönnun og byggingu bræðslunnar, tæknilega aðstoð við rekstur hennar og umboðsmennsku við sölu á málmi frá henni. Á samningum þessum verður engin breyting önnur en sú, að þeir verða látnir taka til hinnar nýju viðbótarstækkunar á sama hátt og þeirra áfanga, sem áður var um samið. Eru viðaukarnir gerðir því til staðfestingar. Breytingin felst í viðurkenningu á hinum nýju skýrgreiningum um bræðsluna, sem ráðandi verða samkvæmt fyrsta viðauka við aðalsamninginn. Eru ákvæði þessara viðauka að öllu leyti í samræmi við gerð hinna viðaukanna, og munu þau ekki þarfnast nánari skýringar.

Ed. 113. Breytingartillaga [2. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Birni Fr. Björnssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 1. gr.

a. Í stað „nýr stafliður“ komi: nýir töluliðir.

b. Aftan við gr. komi nýr töluliður, sem verði hinn 4., svo hljóðandi:

Heimilt skal veðdeild Landsbanka Íslands að veita lántakanda gjaldfrest í eitt ár, ef hlutaðeigandi hefur orðið fyrir fjárhagslegum áföllum vegna atvinnuleysis eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum.

Ed. 114. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með eftirfarandi breytingu varðandi fyrirsögn frumvarpsins. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið og styðja slíkar tillögur, er fram kynnu að koma.

BREYTINGARTILLAGA:

Fyrirsögn orðist svo:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1965, um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Alþingi, 17. nóv. 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. — Auður Auðuns, fundaskr. — Björn Fr. Björnsson.

Ásgeir Bjarnason. — Björn Jónsson. — Axel Jónsson.

Steinþór Gestsson.

Sþ. 115. Tillaga til þingsályktunar [97. mál]

um að menntamálaráðherra beiti sér fyrir hreyfingu til að auka þátttöku almennings í íþróttum.

Flm. Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að beita sér fyrir því, að hrundið verði af stað hreyfingu til að auka skilning þjóðarinnar á þýðingu líkamsþjálfunar fyrir fólk á öllum aldri og hvetja til almennrar þátttöku í íþróttum.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur margri góðri hugsjón verið vel á veg komið með sameiginlegu átaki hins opinbera, ýmissa félaga og samtaka og einstaklinga. Tvö dæmi skulu nefnd:

1. Herferðin undir kjörorðinu: „Hreint land — fagurt land“ virðist öðum nálgast það takmark að venja Íslendinga af gamalgrónum sóðaskap og kenna þeim að umgangast land sitt eins og siðað fólk.

2. Landgræðsluhugsjónin hefur heillað svo eldri sem yngri, að vonir standa til, að frædreifing úr höndum áhugasamra sjálfboðaliða muni nú senn hvað líður stöðva helzti landa sigurgöngu eyðingar og uppblásturs í landinu.

Hvort tveggja þetta hefði fyrr mátt verða. Og það er kominn tími til að taka með sama hætti fyrir enn eitt verkefni, engu síður mikilvægt en þessi tvö, sem nú voru nefnd.

Guðmundur Þórarinsson íþróttakennari hefur skrifað greinar í Skinfaxa, tímarit UMFÍ, þar sem hann hvetur til, að hafin verði víðtæk hreyfing undir kjörorðinu: „Íþróttir fyrir alla". Fara hér á eftir glefsur úr greinum Guðmundar:

„Lífeðlisfræðingar ýmissa landa hafa á síðustu árum veitt athygli sífellt örari aldursbreytingum manna. Einkenni, sem áður komu ekki oft í ljós og þá seint á ævinni, koma nú fram fyrr og eru miklum mun algengari.

Eftir langar rannsóknir og flóknar og miklar umhugsanir hafa margir þeirra gert heyrinkunna þá skoðun sína, að margar af aldursbreytingum mannslíkamans stafi að mestu leyti af hreyfingarleysi og vegna þess að taugakerfi líkamans starfi ekki nógu vel.

Hreyfingarleysið eigi svo rót sína að rekja til velferðarríkis nútímans, með sínum aukna vélakosti og viðeigandi breytingum á vinnu og vinnuaðferðum fólks.

Því sé raunverulega ekki um annað að ræða í þessu efni en að fólkið sjálft verði sér úti um þá hreyfingu, sem líkamanum sé nauðsynleg, en vinnan skapi því ekki lengur.

Ég átti því láni að fagna að starfa að íþróttakennslu og íþróttamennt meðal frænda okkar Svía, og var þá ekki hægt annað en komast í náin kynni við og hrifast af öllu starfi þeirra að aukinni líkamsrækt almennings, er á þeirra tungu nefnist „hälsoträning" og ég hef þýtt eftir merkingu orðanna og nefni **heilsuþjálfun**.

Þessi þjálfun hefur það að markmiði, og á það er lögð afar mikil áherzla, að skapa þjóðinni allri, ekki aðeins einstökum afreksmönnum, heldur öllum almenningi, meira úthald — þol — en hvar einstaklingur hefur þörf fyrir við dagleg störf sín, þegar þau eru hvað erfiðust. Með öðrum orðum, að hver einstaklingur komi sér upp varasjóði þreks og úthalds, svo að daglegt starf geti ætíð farið honum létt úr hendi, enda þótt það óvænt verði miklum mun erfiðara en venjulega.

Þetta er á öllum Norðurlöndum nefnt sama nafninu og kallað „kondition" — þol.

Ráðið til að afla sér þessa þols, sem sífellt er þar hamrað á og allir eru sannfærðir um að sé öllum til góðs, sem eftir því fara, er að fara út eftir vinnu og hreyfa sig — „motionera".

Að árðður þessi beri árangur, má glögglega sjá dag hvern, því að fólk fjölmennir út í skóginn og náttúruna til þess að fara þar sinn æfingahring, misjafnlega langan og erfiðan eins og ætíð, þegar margir eru að. Það er gaman að vera viðstaddur, þegar þetta fólk kemur til baka eftir langan eða skamman tíma mjög misjafnlega þreytt, því að allir eru þá jafnkátir og andlega endurnærðir."

Sams konar hreyfing og þessi, sem Guðmundur Þórarinsson hefur kynnzt af eigin raun í Svíþjóð, hefur nú um nær þriggja ára skeið eflzt svo mjög hjá annarri frændþjóð okkar, Norðmönnum, að þar er nú um að ræða sannkallaða þjóðarhreyfingu. Forstjóra Upplýsingaþjónustu Íbróttasambands Noregs, Per Hauge–Moe, var boðið að sitja 37. fund Sambandsráðs ÍSÍ 27. sept. s.l., og flutti hann þar greinargott erindi um þessa hreyfingu. Erindi þetta er hægt að fá fjölritað hjá skrifstofu ÍSÍ. Þar kemur fram, að sá mikli árangur, sem náðst hefur á þessum vettvangi í Noregi, er að þakka sameiginlegu átaki hins opinbera og íþróttahreyfingarinnar og samstilltum áróðri tímarita, dagblaða, hljóðvarps og sjónvarps.

Áskoruninni í þeirri tillögu, sem hér er flutt, er beint til menntamálaráðherra. Með því er þó ekki ætlazt til, að öll framkvæmd mæði á honum, heldur að hann eigi frumkvæðið fyrir hönd hins opinbera, til að mynda með því að kalla saman ráð-

stefnu um málið, en síðan er þess að vænta, að nógu margir dugandi aðilar fylgi málinu eftir með skipulagningu og áróðri, íþróttahreyfingin sjálf og ungmennafélagshreyfingin og fleiri samtök, blöð, hljóðvarp, sjónvarp o. s. frv. — Þ. e. a. s. sömu aðilar og vakið hafa til svo gifturíks árangurs hugsjónirnar um landgræðsluna og „Hreint land — fagurt land".

Sþ. 116. Tillaga til þingsályktunar [98. mál]

um þriggja ára áætlun um ferðamál.

Flm.: Björn Jónsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að gerð verði þriggja ára áætlun um ferðamál. Stefni áætlunin að því að margfalda ferðamannastraum til landsins á áætlunartímabilinu og skapa sem traustastan grundvöll að því að gera Ísland að miklu ferðamannalandi. Áætlunin miðist við, að þetta verði gert með því að bæta á skipulegan hátt öll skilyrði til að veita auknum ferðamannastraumi alla nauðsynlega þjónustu, að því, að gerðar verði hvers konar hagkvæmar ráðstafanir til að opna leiðir að hinni ósnortnu náttúru landsins fyrir erlenda sem innlenda ferðamenn, og að því að byggja fjárhagslega traustar undirstöður að ferðamannaþjónustu, þannig að hér geti orðið um mikilvæga og hraðvaxandi atvinnugrein og gjaldeyrisgjafa að ræða.

Áætlunargerðin skal falin nefnd manna, er sé skipuð samkvæmt tilnefningu ferðamálaráðs, Félags íslenzkra ferðaskrifstofa, Búnaðarfélags Íslands, Verzlunarráðs Íslands, Félags áhugamanna um fiskrækt, Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, Ferðafélags Íslands og Alþýðusambands Íslands. Formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar.

Stefnt skal að því, að nefndin ljúki störfum það snemma á næsta ári, að áætlunin geti legið fyrir á því Alþingi, sem nú situr, og komið til byrjunarframkvæmda þegar á næsta ári.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þál. var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Till. fylgdi svofelld greinargerð:

„Varla þarfnast sú skoðun rökstuðnings, að Ísland uppfylli margvísleg skilyrði til þess að geta orðið mikið ferðamannaland. Kemur þar margt til: Stórbrotin náttúrufegurð, hvert sem opnum augum er litið, heilnæmt loftslag, ósnortin víðátta öræfa, fjalla og jökla, ótölulegur fjöldi fiskgengra stöðuvatna og fallvatna, hverir, eldfjöll og fjöldamargt annað, sem erlendum mönnum er framandi og til þess er fallið að vekja áhuga þeirra, síðast en ekki sízt, sú staðreynd, að meginhluti landsins er óbyggður, eins konar risavaxinn þjóðgarður, sem náttúra landsins ein hefur snortið og mótað og fáir einir hafa kynnzt og lært að meta að fullu.

Hér er vafalaust um að ræða eina mestu þjóðarauðlegð okkar Íslendinga í tvennum skilningi. Fyrst þeim, að hin stórbrotna náttúra landsins hefur mótað sögu okkar og erfðir og er því nátengd þjóðinni og hverjum einstaklingi hennar. Í annan stað þeim, að ef rétt er á haldið, getur hér verið um að ræða sterka stoð undir efnahagslega afkomu og efnahagslegt öryggi þjóðarinnar. En þetta hvort tveggja leggur okkur á herðar þá skyldu að verja og vernda þessa þjóðarauðlegð og aðhafast ekkert það, sem geti spillt henni eða skert hana.

Allar þjóðir, jafnt hinar auðugustu sem hinar fátækari, hafa um langan aldur lagt þunga áherzlu á að laða til sín ferðamenn af fjárhagslegum og atvinnulegum ástæðum, og mjög víða er móttaka og þjónusta við ferðamenn meðal stærstu at-

vinnugreina. Sem dæmi má nefna, að í Bretlandi er ferðamannaþjónustan þriðja stærsta atvinnugreinin, og í Sviss kemur hún næst iðnaðinum að umfangi, en miklu víðar ræður hún úrslitum um þjóðarafkomu og þá ekki síst gjaldeyrisbúskap.

Við Íslendingar stöndum nú — og munum gera í vaxandi mæli næstu áratugina — frammi fyrir því mikla verkefni að sjá sífellt stækkandi árgöngum ört vaxandi þjóðar fyrir atvinnu og afkomu við þjóðhagslega hagkvæm störf. Þetta verkefni er þeim mun vandasamara sem fullvísara er, að framleiðslutækni fleygir fram og hlutfallsleg fækkun verður í atvinnugreinunum, miðað við framleiðslumagn. Til þess að leysa þetta verkefni þarf víða að leita fanga og af hugkvæmni: efla með skipulegum hætti okkar hefðbundnu atvinnugreinar, sjávarútveg, landbúnað og iðnað, smáan sem stóran. En við þurfum einnig að þróa þjónustugreinar atvinnulífsins á sem hagkvæmastan hátt og þá ekki síst þær, sem samkvæmt eðli sínu eru þjóðhagslegt jafngildi framleiðslugreinanna, afla gjaldeyris og stuðla þannig að efnalegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Hér ber fyrst að nefna til allt, er lýtur að móttöku og fyrirgreiðslu fyrir ferðamenn, og hefur áður verið minnt á þá miklu möguleika, sem frá náttúrunnar hendi eru til staðar fyrir því, að hér geti orðið um að ræða umfangsmikla atvinnugrein. Reyndin er hins vegar sú, að þróun þessarar atvinnugreinar hefur orðið miklu hægari en efni standa til. Beinar gjaldeyristekjur þjóðarinnar vegna ferðamála eru nú aðeins um 300 millj. kr. á ári eða knapplega sú upphæð, sem Íslendingar sjálfir verja til ferðalaga erlendis á ári hverju. Ætti þetta að verða okkur sérstakt íhugunarefni nú, þegar gjaldeyrisafkoma þjóðarinnar er orðin ógnvekjandi vandamál. En flestra manna mál er það, þeirra er bezt skyn bera á, að ekki mundi torvelt að margfalda afrakstur þessarar tekjulindar, ef rétt yrði við brugðizt og nauðsynlegum grundvallarskilyrðum fullnægt.

Ekki skal hér fjölyrt um né fullyrt, hverjar ráðstafanir þurfi hér fyrst og fremst til að koma né hversu hagkvæmast yrði að verki staðið, enda yrði tillögugerð um þau efni verkefni þeirrar nefndar, sem þáltill. gerir ráð fyrir að skipuð yrði. Flm. vilja þó benda á nokkur atriði, sem þeir telja að sköpum geti skipt:

1. Skipulögð landkynningar- og auglýsingastarfsemi á vegum ríkisins og þeirra aðila, sem mestra beinna hagsmuna hafa að gæta um þróun ferðamála.
2. Miklar samgöngubætur um óbyggðir landsins, sem auðveldi aðgang að náttúruundrum landsins og að veiðisvæðum öræfanna.
3. Hagkvæmar framkvæmdir í byggingu gistihúsa og veitingastaða og sumarhúsa í óbyggðum og við veiðivötn.
4. Stóraukin laxfiskarækt í ám og vötnum, ásamt vernd þeirra fiskstofna, sem fyrir eru.
5. Fjármagnsþörf í samræmi við markmið áætlunarinnar verði gaumgæfð og þá um leið möguleikar á erlendu lánsfjármagni til að hrinda henni í framkvæmd.
6. Aukin samvinna þeirra, sem í atvinnugreininni starfa, m. a. með tilliti til öflunar fjárfestingarfjármagns og nýtingar þess.

Flm. vilja að lokum benda á, að ör þróun Íslands sem ferðamannalands væri á margvíslegan hátt til þess fallin að styðja og efla aðrar greinar atvinnulífs þjóðarinnar, svo sem verzlun og iðnað, og mundi vafalaust einnig reynast drjúgur þáttur í því að styrkja sjávarútveg og landbúnað, kynna framleiðslu þessara atvinnugreina og greiða götu þeirra á erlendum mörkuðum.“

Ed. 117. Tillaga til þingsályktunar [99. mál]

um rannsókn á vandamálum landsbyggðarinnar vegna kostnaðar við vöruflutninga.

Flm.: Björn Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið fyrsta fara fram sérfræðilega rannsókn á þeim vanda, sem kostnaður vegna vöruflutninga skapar íbúum þeirra byggðarlaga, sem fjarlæg eru höfuðborgarsvæðinu, og hvernig helzt megi leysa hann. Skal rannsóknin einkum beinast að eftirfarandi:

1. Að upplýst verði að fullu, hver áhrif flutningavandamálið hefur til hækkunar á almennan framfærslukostnað miðað við neyzluvöruverð á höfuðborgarsvæðinu.
2. Að upplýst verði, hvern kostnaðarauka einstakar atvinnugreinar bera vegna kostnaðar við vöruflutninga til byggðarlaga utan höfuðborgarsvæðisins og hvern aðstöðumun hann skapar.
3. Að gaumgæfa, hver úrræði eru tiltækust til lausnar vöruflutningavandamálum landsbyggðarinnar og helzt gætu jafnað þá mismunun, sem hann orsakar, þannig að hún leiði ekki til óæskilegrar röskunar á byggðajafnvægi og hindri eðlilega byggðaþróun. Skal m. a. athuga, hverju fjölgun innflutningshafna á heppilegum stöðum mundi orka til aðstöðujöfnunar og hvernig lækka mætti kostnað við vöruflutninga með breyttu og bættu skipulagi flutninga á sjó, landi og í lofti. Enn fremur, hvort eða hver aðstoð af opinberri hálfu væri nauðsynleg, til þess að fullum aðstöðujöfnuði yrði náð, að öðrum tiltækum aðgerðum framkvæmdum.

Greinargerð.

Meginhluti allra vöruflutninga til landsins fer nú fram um Reykjavíkurhöfn, en vörunum síðan dreift þaðan um allar byggðir landsins, oft með ærnum kostnaði. Leiðir þetta af sér stórfellt hærra verðlag fjölmargra vörutegunda, jafnt þeirra, sem til almennrar neyzlu eru ætlaðar, sem rekstrarnauðsynja atvinnuveganna. Mun ekki ofmælt, að slíkur aukakostnaður geti numið allt að 20—30% af endanlegu verðlagi á notkunarstað. Er hér því um að ræða eitt hið mikilvægasta grundvallaratriði í rekstri fjölmargra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins. Í ýmsum greinum, einkanlega iðnaðarframleiðslu, kemur svo enn til kostnaðar við flutning framleiðslunnar á markað. Er hér því vafalaust um að ræða aðstæður og vanda, sem miklu geta ráðið um staðsetningu atvinnufyrirtækja og þar með almenna byggðaþróun í landinu.

Í annan stað veldur svo kostnaður við flutning neyzluvara mjög verulegri hækkun framfærslukostnaðar alls almennings umfram þann, sem íbúar höfuðborgarsvæðisins búa við, og þar með beinum lífskjaramun, sem telja verður óæskilegan og ranglátan, en kaupgjaldsmismunur til jöfnunar er enginn, enda engar hagrænar forsendur fyrir slíku fyrir hendi.

Hvort sem litið er því til beinna hagsmuna almennings, rekstrargrundvallar ýmissa atvinnugreina eða heildarhagsmuna þjóðfélagsins, ber því allt að þeim brunni, að hér sé um að ræða eitt hinna mikilvægustu málefni fyrir þróun atvinnulífsins og byggðaralaganna utan höfuðborgarsvæðisins. Sé því svo, að sú stefna eigi í raun byr og fylgi meðal þjóðarinnar og stjórnmálaflokkanna, að hér bresti ekki á alvarleg og örlagarík röskun byggðajafnvægis, svo að til öngþveitis horfi, hljóta því að koma til gagngerðar ráðstafanir varðandi þau efni, sem hér er fjallað um. Þær ráðstafanir verða að vera byggðar á gaumgæfilegri rannsókn og langtíma sjónarmiðum um hagkvæma þróun íslenzkra byggða.

Hér er að vísu aðeins um að ræða einn þátt í því að leitast við að skapa það jafnrétti þegnanna og byggðanna, sem eitt getur tryggt farsæla byggðaþróun í landinu. En takist að leysa þann þátt vandans, munu aðrir reynast auðleystari. Er þess því að vænta, að tillaga þessi hljóti greiða afgreiðslu í hv. þingdeild.

Nd. 118. Frumvarp til laga [100. mál]

um breyting á lögum nr. 89 17. des. 1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ágúst Þorvaldsson, Björn Pálsson, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Á eftir 3. málsl. 1. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Þó skulu tilraunir um innlenda fóðuröflun og heyverkun sitja fyrir öðrum verkefnum um fyrirgreiðslu.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs skal ákveðið í fjárlögum hverju sinni. Þó skal framlagið aldrei nema lægri upphæð en 20 milljónum króna á ári.

Leita skal umsagnar Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands um, hvaða verkefni séu brýnust hverju sinni, og álitsgerðir þeirra skulu jafnan liggja fyrir, þegar fjárveitinganefnd gerir tillögur sínar til Alþingis um framlag til sjóðsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins var stofnaður samkvæmt lögum í desember 1966. Stofnframlag ríkissjóðs var 50 milljónir króna, sem skyldu greiðast á fjórum árum: í fyrsta sinn 1966 20 milljónir króna, en síðan 10 milljónir króna á ári næstu þrjú árin. Fyrsta greiðslan fór til að greiða upp í þann halla, sem varð á útflutningssjóði 1966. Stofnfé sjóðsins var því raunverulega aldrei nema 30 milljónir króna. Miðað við það verkefni, sem sjóðnum er ætlað lögum samkvæmt, ná þessir fjármunir skammt til að styðja aðkallandi verkefni, ekki sízt nú, þegar framkvæmdarmáttur hverrar krónu hefur minnkað fast að helmingi. En þar sem framlag ríkissjóðs til sjóðsins fellur niður á næsta ári að óbreyttum Framleiðnisjóðslögunum, þá er það mikið nauðsynjamál, að frumvarp þetta fái fullnaðarafgreiðslu sem allra fyrst.

Það kom glöggt fram á liðnu sumri, hvað bændur eru vanbúnir að mæta slíku veðurfari sem var um mestan hluta landsins í sumar. Því er það mjög brýnt að kanna allar tiltækar leiðir til að koma í veg fyrir, að slíkt geti endurtekið sig. Það er ekki mál bændanna einna eins og sumir telja, hvernig til tekst með öflun fóðurs handa búpeningi landsmanna og hvernig gæði fóðursins eru. Gæði afurðanna eru mest undir því komin, hvernig fóðrið er, og enginn vafi leikur á því, að það hefur veruleg áhrif á heilsufar þjóðarinnar, að þessi þáttur framleiðslunnar, fóðuröflunin, sé í góðu lagi.

Af þessu leiðir, að það er mjög aðkallandi fyrir þjóðarheildina að láta fara fram sem víðtækasta könnun á því, hvernig hægt sé að koma í veg fyrir eða a. m. k. draga verulega úr slíkum áföllum sem þjóðin varð fyrir í sumar af völdum votviðrisins. Fara þarf fram rannsókn á því, hve vatnsmikið hey má taka í súgþurrkun og við hvaða skilyrði. Fræðsla um þetta efni þarf að fara fram jafnhliða rannsóknninni, og jafnvel þarf að skoða súgþurrkunarkerfi og allan umbúnað því samfara og gefa leiðbeiningar um úrbætur, þar sem þess er þörf. Enn fremur þarf að rannsaka votheysgerð á sama hátt, hvers konar geymslur mundu reynast ódýrastar og hentugastar fyrir slíka heyverkun, um tæknibúnað í sambandi við votheysgerð o. s. frv. Og í þriðja lagi þarf að fá hraðþurrkunartæki og gera rannsóknir á þeirri verkunaraðferð. Síðan þarf að bera saman kostnað og gæði fóðurs, sem er verkað með öllum

þessum heyverkunaraðferðum, og leita eftir auðveldum leiðum til að miðla bændum af þeirri reynslu, sem af þessum rannsóknum fæst, jafnóðum og niðurstöður liggja fyrir. Vegna kalskemmda víða um land að undanförnu, þarf að gera tilraunir með ræktun einærra jurta og ræktun á ýmiss konar grænfóðri, og samanburðarrannsóknir á því þurfa að koma til, hvaða verkunaraðferðir koma til greina og henta bezt, miðað við fóðurgildið og við breytileg ytri skilyrði.

Áföllin, sem landbúnaðurinn hefur orðið fyrir síðustu árin, ættu að hafa aukið skilning almennings á því, að nú þurfi að bregða við og leita eftir úrræðum til að koma í veg fyrir slík áföll, eftir því sem hægt er. Það verður ekki gert nema með viðtækum rannsóknum, sem kosta mikið fjármagn. En til að tryggja það, að þær rannsóknir, sem ráðizt verður í, séu gerðar á skipulegan hátt og það fjármagn, sem til þeirra verður varið, nýtist sem bezt, komum við ekki auga á heppilegri leið en að Framleiðnisjóður inni þetta hlutverk af hendi, enda samræmist það upphaflegu hlutverki sjóðsins.

Annað brýnt verkefni, sem Framleiðnisjóður þarf að styðja, er endurbygging á sláturhúsunum. Þar stefnir í algjört óefni, ef ekki verður að gert hið bráðasta.

Margt fleira mætti nefna, sem er þess eðlis, að Framleiðnisjóður ætti að veita því stuðning, væri hann þess megnugur. En þar sem þau viðfangsefni, sem hér hefur verið fjallað um, eru stór og aðkallandi og ekki líklegt, að öðru verði hægt að sinna að neinu ráði á næstunni, er ekki ástæða til að ræða um fleira að sinni.

Flutningsmönnum er ljóst, að það fjármagn, sem sjóðurinn hefur yfir að ráða, er allt of naumt, þó að sú fjárveiting verði samþykkt til sjóðsins, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu. En með tilliti til greiðslugetu ríkissjóðs þótti ekki vænlegt til árangurs að gera tillögu nú um hærri upphæð, enda auðvelt að hækka hana, ef fært þykir í meðförum þingsins.

Sþ. 119. Fyrirspurnir. [101. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um byggingu bókhlöðu.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvað líður undirbúningi að byggingu bókhlöðu handa Landsbókasafni og Háskólabókasafni?

II. Til ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir vegna beitusíldar.

Frá Jónasi Árnasyni og Lúðvík Jósefssyni.

Hyggst ríkisstjórnin ekki gera einhverjar ráðstafanir til að tryggja línubátum beitusíld á skaplegu verði, svo að útgerð þeirra þurfi ekki að stöðvast í stórum stíl, eins og nú er útlit fyrir?

Nd. 120. Frumvarp til laga [102. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Pálmi Jónsson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Við 2. málsgr. 3. gr. bætist:

Einstæðar mæður með barn eða börn á framfæri eiga rétt á, að dregin séu 50% frá tekjum þeirra, áður en skattgjald er á þær lagt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um tekju- og eignarskatt eru ákvæði, sem veita hjónum rétt til, að dregin séu frá 50% af tekjum konunnar, áður en tekjur þeirra sameiginlega eru reiknaðar til skatts, hafi konan ekki aflað tekna þessara með þátttöku eða vinnu við sameiginlegan atvinnurekstur þeirra hjóna, en í þeim tilvikum gilda önnur ákvæði. Með þessum hætti mun löggjafinn hafa viljað sjá til þess annars vegar, að skattalög verkuðu ekki sem hemill á, að fólk stofnaði til hjúskapar, en á hinn bóginn, að í þeim fælist fremur hvatning til giftra kvenna um að stunda vinnu meðfram heimilisstörfum, eftir því sem aðstæður leyfðu, og þá jafnframt að vegna aukins kostnaðar, sem af slíku mundi oft leiða við rekstur heimilisins, væri helmingur tekna konunnar frádráttarbær við skattaálagningu.

Sé hins vegar um einstæða móður að ræða, og þó að börn hennar séu á framfærslualdri, heimila lögin ekki þennan frádrátt. Tekjur hennar eru því skattlagðar eins og þær koma fyrir. Hér er um mikið misrétti að ræða, og það sem verra er, það bitnar á þeim, sem síður skyldi, einstæðum mæðrum, sem oft hafa lítið annað en eigið aflafé til þess að koma börnum sínum upp og að öðru leyti að sjá sjálfum sér og heimili sínu farborða.

Til þess að skýra þetta enn betur má taka dæmi: Gift kona, sem á börn, vinnur utan heimilis og aflar ásamt manni sínum tekna til sameiginlegra þarfa fjölskyldunnar. Hún fær helming tekna sinna frádreginn á skattframtali þeirra hjóna. Nú deyr maður hennar og hún þarf ein að annast framfærslu heimilisins. Þá fær hún ekki lengur hinn fyrrnefnda frádrátt af tekjum sínum, heldur eru þær skattskyldar að fullu.

Frumvarp þetta er flutt til þess að bæta úr hinu augljósa misrétti, sem hér hefur verið lýst. Það mun og, ef að lögum verður, eiga nokkurn þátt í því að létta einstæðum mæðrum róðurinn, en þær munu margar hverjar þurfa að knýja fast árar, sér og sínum til framfæris.

Sþ. 121. Nefndarálit [92. mál]

um till. til þál. um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og er sammála um að leggja til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. nóv. 1969.

Sigurður Bjarnason, form., frsm.	Gylfi Þ. Gíslason, fundaskr.	Guðl. Gíslason.
Eysteinn Jónsson.	Gils Guðmundsson.	Birgir Kjaran.
Jón Skaftason.		

Ed. 122. Fyrirspurn [103. mál]

til sjávarútvegsmálaráðherra um hafnarmálefni.

Frá Birni Fr. Björnssyni og Karli Guðjónssyni.

Hvað líður rannsóknum á möguleikum til hafnargerðar í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu og við Dyrhólaey í Vestur-Skaftafellssýslu?

Ed. 123. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 23. apríl 1969, um breyt. á l. nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþykkt. Tveir nm., þeir AJ og SvG, voru fjarstaddir, er málið var afgreitt.

Alþingi, 25. nóv. 1969.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Bjarni Guðbjörnsson.
Björn Jónsson. Einar Ágústsson.

Ed. 124. Frumvarp til laga [104. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breyting á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum, að samkomulag það, sem undirritað var í Stokkhólmi 3. nóvember 1969 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og prentað er sem fylgiskjal með lögum þessum og fjallar um breyting á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð og staðfestur var með lögum nr. 29 8. september 1931, skuli öðlast gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breyting á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hafa orðið ásáttar um, að 1., 2. og 10. gr. í Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð skuli hljóða þannig:

1. gr.

Nú óskar ríkisborgari einhvers samningsríkjanna könnunar á hjónavígsluskilyrðum eða lýsingar hjá stjórnvaldi einhvers hinna ríkjanna, og skal þá kanna rétt hans til að ganga í hjúskap eftir lögum þess ríkis, enda eigi annað hjónaefna þar heimili, en ella eftir lögum þess ríkis, þar sem hann á ríkisfang. Ætíð skal þó beita lögum þess ríkis, sem hjónaefnið á ríkisfang í, ef það óskar þess. Nú skal kanna rétt til að ganga í hjúskap eftir lögum þess ríkis, þar sem hjónaefni á ríkisfang, og getur hlutaðeigandi stjórnvald þá krafizt þess, að rétturinn sé sannaður með vottorði, sem gefið var út af stjórnvöldum þess ríkis, sem það á ríkisfang í.

Um könnunina og lýsinguna gilda að öðru leyti lög þess ríkis, sem hlutaðeigandi stjórnvald heyrir til.

2. gr.

Hafi könnun á hjónavígsluskilyrðum eða lýsing átt sér stað hjá stjórnvaldi einhvers samningsríkjanna, getur stjórnvald í öðru samningsríki, meðan könnun eða lýsing er enn í gildi, framkvæmt hjónavígslu án nýrrar könnunar eða lýsingar. Gildir þetta án tillits til þess, hvort aðilarnir eiga ríkisfang í einhverju samningsríkjanna.

Um hjónavígsluna gilda að öðru leyti lög þess ríkis, sem vígslumaðurinn heyrir til.

10. gr.

Um úrskurð mála um ógildingu hjúskapar hjóna, sem eiga ríkisfang í samningsríkjunum, og áttu ríkisfang þar, er þau gengu í hjúskapinn, skal beita ákvæðum 7.—9. gr. eftir því sem við á. Ef mál er höfðað af öðru hjóna, skal þó meta skilyrði til ógildingar eftir þeim lögum, sem beitt var við ákvörðun á rétti sækjanda til að ganga í hjúskapinn. Ef mál til ógildingar er höfðað gegn báðum hjónunum, nær ógilding ekki fram að ganga, nema ógildingarástæða sú, sem uppi er höfð, veiti heimild til ógildingar eftir löggjöf þeirra sömu ríkja og réttur hjónanna til að ganga í hjúskap var ákvarðaður eftir.

Samkomulag þetta skal fullgilda og skal afhenda fullgildingarskjölin sænska utanríkisráðuneytinu.

Samkomulagið gengur í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir afhendingu fullgildingarskjala allra samningsríkjanna.

Danska dómsmálaráðuneytið getur, að höfðu samráði við dómsmálaráðuneyti hinna samningsríkjanna, ákveðið, að samningurinn frá 6. febrúar 1931 ásamt síðari breytingum skuli gilda að því er varðar Grænland. Að því er varðar beitingu samningsins í Færeyjum og á Grænlandi getur danska dómsmálaráðuneytið á sama hátt ákveðið þau frávik, sem sérstakar aðstæður í Færeyjum eða á Grænlandi kunna að krefjast.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar undirritað samkomulag þetta.

Gert í Stokkhólmi hinn 3. nóvember 1969, í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, en að því er sænskuna varðar í tveimur textum, öðrum fyrir Finnland og hinum fyrir Svíþjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við hina norrænu endurskoðun hjúskaparlöggjafarinnar, sem staðið hefur yfir undanfarin ár, hefur jafnframt farið fram endurskoðun á ákvæðum Norðurlandasamningsins frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð. Hefur nú verið gengið frá samkomulagi um breytingu á samningi þessum, og er lagt til, að þær breytingar verði staðfestar af Íslands hálfu. Varða breytingar þessar 1. og 2. gr. samningsins, þar sem rætt er um það, hvaða löggjöf skuli beita í sambandi við könnun hjónavígsluskilyrða eða lýsingu og hjónavígsluna sjálfa, og 10. gr., þar sem rætt er um ógildingu hjúskapar.

Samkvæmt 1. gr. verður meginreglan sú, að þegar ríkisborgari einhvers samningsríkjanna óskar könnunar á hjónavígsluskilyrðum eða lýsingar hjá stjórnvaldi einhvers hinna ríkjanna, þá skal könnun á rétti hans til að ganga í hjúskap fara eftir lögum þess ríkis, enda eigi annað hjónaefna þar heimili, en ella eftir lögum þess ríkis, þar sem hann á ríkisfang. Skal þó ætíð beita lögum þess ríkis, sem hjónaefni á ríkisfang í, ef það óskar. Samkvæmt 1. gr., eins og hún hljóðar nú, skal dæma um réttinn til að ganga í hjúskap eftir lögum þess ríkis, þar sem til hjúskaparins skal stofna, enda hafi viðkomandi átt þar heimili síðastliðin tvö ár og eigi enn, en að öðrum kosti skal dæma um réttinn eftir lögum þess ríkis, sem hann á ríkisfesti í. — Um könnunina og lýsinguna gilda að öðru leyti lög þess ríkis, sem hlutaðeigandi stjórnvald heyrir til.

Samkvæmt 2. gr. verður sú breyting, að stjórnvald, sem framkvæmir vígslu, getur lagt könnun á hjónavígsluskilyrðum eða lýsingu, sem átt hefur sér stað í öðru samningsríki, til grundvallar, enda sé könnunin eða lýsingin enn í gildi, og gildir það án tillits til þess, hvort aðilarnir eiga ríkisfang í einhverju samningsríkjanna. Breyting þessi auðveldar mjög starf vígslumanns, þegar könnun eða lýsing hefur farið fram í öðru landi, en eins og 2. gr. hljóðar nú samkvæmt breytingarsamningi frá 26. marz 1953, sbr. lög nr. 62/1954, verður vígslumaðurinn nú, þegar þannig stendur á, að rannsaka, hvort hjónaefnin, sem öðlazt hafa rétt til að ganga í hjúskap samkvæmt erlendri könnun eða lýsingu, eigi rétt á að ganga í hjúskap samkvæmt lögum þess lands, þar sem vígslan á að fara fram. — Um hjónavígsluna sjálfa gilda að öðru leyti lög þess ríkis, sem vígslumaðurinn heyrir til, og er það í samræmi við núgildandi reglu.

Samkvæmt 10. gr. samkomulagsins skal meta skilyrði til ógildingar eftir þeim lögum, sem beitt var við ákvörðun á rétti sækjanda til að ganga í hjúskapinn, en ef mál er höfðað gegn báðum hjónunum, nær ógilding ekki fram að ganga, nema ógildingarástæða sú, sem uppi er höfð, veiti heimild til ógildingar eftir löggjöf þeirra sömu ríkja og réttur hjónanna til að ganga í hjúskap var ákvarðaður eftir. Hafi réttur hjóna til að ganga í hjúskap þannig verið kannaður eftir mismunandi lögum, þarf ógildingarástæða að liggja fyrir samkvæmt hvorum tveggja lögunum, og felur breytingin þannig í sér takmörkun á möguleika á því að ógilda hjúskap gegn vilja beggja hjóna.

Að tillögu Dana eru loks í samkomulaginu ákvæði um gildi samningsins frá 1931 ásamt síðari breytingum í Færeyjum og á Grænlandi.

Nd. 125. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 13. maí 1966, um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarpið er flutt í efri deild að ósk Sambands íslenzkra sveitarfélaga og var afgreitt þar óbreytt. Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. nóv. 1969.

Benedikt Gröndal, form. Bjartmar Guðmundsson, fundaskr., frsm. Sigurvin Einarsson.

Birgir Kjaran. Eysteinn Jónsson. Magnús Kjartansson. Gunnar Gíslason.

Ed. 126. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 23. apríl 1969, um breyt. á l. nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá Ólafi Björnssyni.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 25 23. apríl 1969.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Sþ. 127. Tillaga til þingsályktunar [105. mál]

um nefndastörf ráðherra.

Flm.: Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að það telur óheppilegt og óviðeigandi, að ráðherrar sitji í stjórnum eða stjórnsýslunefndum, sem lúta yfirstjórn eða eftirliti ríkisstjórnar eða einstakra ráðherra.

Greinargerð.

Það hefur tíðkazt hér á landi, að ráðherrar sætu í stjórnum og stjórnsýslunefndum, sem þeir sjálfir eða aðrir ráðherrar hafa yfir að segja, ýmist með yfirumsjón, eftirliti, úrskurðarvaldi eða á annan hátt, sem æðstu handhafar framkvæmdarvaldsins. Það er t. d. algengt, að ráðherrar sitji í bankaráðum og stjórnum fjárfestingarsjóða, svo að dæmi séu nefnd. Með þessu fá ráðherrar óeðlilega áhrifaaðstöðu og geta naumast sem æðra stjórnvald litið eftir á hlutlægt á þau mál, sem þeir hafa þannig haft bein afskipti af á lægra stjórnarstigi. Hér er því vægast sagt um óæskilega og óheppilega stjórnarhætti að ræða, enda munu þeir nær óþekktir í nálægum löndum.

Hér er ekki við núverandi ráðherra eina að sakast. Flestir eða allir stjórnmálaflokkar munu eiga hér nokkra sök. Þó mun þessi ósiður hafa færzt í vöxt á síðustu árum. Frá þessum starfsháttum þarf að hverfa. Þeir eru óheppilegir og geta reynzt varhugaverðir. Hér er þó ekki lagt til, að þeir séu bannaðir með lagasetningu, heldur er látið við það sitja, að Alþingi lýsi vilja sínum í þessu efni. Verður að vona, að það nægi til þess, að nýir hættir verði upp teknir.

Nánar í framsögu.

Ed. 128. Frumvarp til laga [2. mál]

um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1965, um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. des.)

1. gr.

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

3. Lán þau, sem íbúðaeigendum hafa verið veitt samkvæmt 2. mgr. C-liðar 7. gr. laganna og eiga að greiðast upp á árunum 1969 og 1970, skulu greiðast upp með

jöfnum afborgunum á næstu 6 árum, 1970—1975, með gjalddaga 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1970. Jafnframt skulu vextir af lánum þessum lækka í 5% p. a. og greiðast 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 129. Frumvarp til fjárlaga [106. mál]

um breyting á lögum nr. 82 29. des. 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Í stað orðanna „25 krónur“ í a-lið 4. gr. laganna (1. gr. laga 84/1968) komi: 50 krónur, og í stað orðanna „25 krónum“ í b-lið sömu greinar komi: 50 krónum.

2. gr.

Á eftir síðari málsgrein 15. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hrekkur fé einstakra deilda samkvæmt 2. gr. eigi til að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur samkvæmt lögunum, og er þá sjóðsstjórninni heimilt að lána fé frá einni deild til annarrar án vaxta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 84 31. desember 1968, um breyting á lögum nr. 82 29. desember 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlög sveitarfélaga og ríkissjóðs, hvors fyrir sig, til Bjargráðasjóðs verði hækkuð úr 25 krónum í 50 krónur fyrir hvern íbúa. Ef frumvarpið verður að lögum, munu tekjur sjóðsins aukast um 10 millj. króna.

Hið erfiða árferði á undanförnum árum hefur orðið Bjargráðasjóði þungur baggi. Hin stórfellda aðstoð, sem veita verður bændum, vegna grasbrests og óþurrka á s. l. sumri, til þess að koma í veg fyrir of mikla fækkun bústofns, gerir þá hækkun, er frumvarpið gerir ráð fyrir, óhjákvæmilega. Er sjóðnum fyrirsjáanlega ókleift að rísa undir þeim byrðum, sem á hann þarf að leggja vegna aðstoðar þessarar, nema frumvarp þetta verði að lögum.

Framlög til Bjargráðasjóðs hafa ekki hækkað til samræmis við verð- og kauphækkanir í landinu. Verði frumvarp þetta að lögum, verður framlag á íbúa svipað og það var, fyrst þegar lögin voru sett, sé miðað við tímakaup verkamanna.

Þótt Bjargráðasjóður veiti bændum aðstoð að þessu sinni, er verkefni sjóðsins eigi að síður að hlaupa undir baggann, þegar þess gerist þörf, hvort sem það er í sveitum lands eða við sjávarsíðuna, eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Það er mikið öryggismál að hafa öflugan sjóð, sem er þess megnugur að veita aðstoð, þegar vandræði steðja að, hvort sem það er af völdum náttúruhamfara, eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða eða af öðrum ástæðum. Vaxandi skilningur á gildi sjóðsins fyrir þjóðfélagið er fyrir hendi meðal almennings. Þótt framlag til sjóðsins verði hækkað eins og um getur í 1. gr. frumvarpsins, mun það ekki þykja of mikið, þegar tillit er tekið til þess, hversu verkefni sjóðsins eru mörg og víðtæk.

Ákvæði 2. gr. er nær samhljóða 2. gr. laga nr. 84 31. desember 1968, um breyting á lögum nr. 82 29. desember 1967, um Bjargráðasjóð Íslands. Er það endurtekið í frumvarpi þessu, þar sem hentugt þykir að afnema þau lög í heild.

Nd. 130. Tillaga til þingsályktunar [107. mál]

um endurskoðun laga nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Flm.: Geir Gunnarsson, Jónas Árnason, Steingrímur Pálsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Nefndin geri fyrir n. k. áramót tillögur um breytingar á lögunum á þann veg, að ákvæði þeirra verði ekki þrándur í götu samninga sjómanna og útgerðarmanna um kaup og kjör á næsta ári.

Í nefndinni eigi sæti fulltrúar eftirtalinna aðila:

Sjómannasambands Íslands, Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og sjávarútvegsmálaráðuneytisins.

Greinargerð.

Ein af þeim ráðstöfunum, sem fylgdu í kjölfar gengislækkunarinnar á s. l. ári, var setning laga, sem röskuðu á hinn afdrifaríkasta hátt þeim hlutaskiptareglum, er giltu um kjör sjómanna.

Meiri hluti Alþingis samþykkti með lögum þessum, að við sölu afla í innlendri höfn skyldi, áður en til hlutaskipta kæmi, greiða 10% aflaverðmætis til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, þó 20% af verði síldar og humars, og 22% við sölu í erlendri höfn, og þar að auki 17% beint til útgerðarmanna sem hlutdeild í almennum útgerðarkostnaði.

Setning þessara laga, sem raskaði svo stórkostlega kjarasamningum sjómanna og útgerðarmanna, varð orsök að langvinnu verkfalli sjómanna á síðustu vetrarvertíð og olli því, að geipileg verðmæti töpuðust.

Árlegar greiðslur, sem þannig eru teknar af óskiptum afla og koma því á engan hátt í hlut sjómanna, nema hundruðum milljóna króna á ári, og sýnt er, að á meðan lögin eru í gildi í óbreyttri mynd, eru engar líkur á, að sjór verði sóttur án endurtekinna stöðvana vegna kjaradeilna. Vegna þessa máls gerðu fulltrúar sjómannafélaganna í landinu eftirfarandi samþykkt einróma á ráðstefnu, sem haldin var í Reykjavík dagana 11. og 12. okt. s. l. að tilhlutan Sjómannasambands Íslands:

> „Ráðstefnan telur, að með hliðsjón af því, sem gert var af hálfu Alþingis á s. l. ári með lögunum um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna gengislækkunar íslenzkrar krónu, þegar raunverulega var gengið á hlut sjómanna og tekin af þeim 27—37% af samningsbundnum hlut, verði ekki hjá því komizt að segja upp gildandi kjarasamningum, og skorar ráðstefnan því á öll þau félög, sem aðilar eru að bátakjarasamningum við samtök útgerðarmanna, að segja þeim samningum upp, miðað við að þeir verði úr gildi um n. k. áramót.
>
> Jafnframt skorar ráðstefnan á hið háa Alþingi að endurskoða nú þegar framangreind lög með auknar kjarabætur til sjómanna fyrir augum, þar sem fyrir atbeina laganna og góð aflabrögð á yfirstandandi ári hljóti afkoma útgerðarinnar að hafa batnað svo, að hægt væri að lagfæra lögin sjómönnum í hag.
>
> Ráðstefnan telur, að viðbrögð og afstaða sjómannafélaganna til aðgerða um áramót muni mjög mikið mótast af því, hvernig Alþingi tekur áskorun þessari, en telur hins vegar nauðsynlegt, að kölluð verði saman ráðstefna að nýju í desember n. k. til þess þá að taka afstöðu miðað við ástand mála.

Þá telur ráðstefnan nauðsynlegt, að gerðir verði samningar við útvegsmenn um kaup og kjör þeirra er færaveiðar stunda, svo og með nýjum samningum að skera úr um ágreining, er orðið hefur um kaup og kjör þeirra manna, er stunda grálúðuveiðar."

Sjómannafélögin hafa nú sagt upp kjarasamningum í samræmi við ofanritaða samþykkt, og ganga þeir úr gildi um n. k. áramót. Ljóst er, að ný átök milli sjómanna og útgerðarmanna eru á næsta leiti, en alger óvissa um, hvenær vetrarvertíð getur hafizt, og orsökin er ákvæði umræddra laga.

Skylda Alþingis til athafna í því skyni að forða ófarnaði er ótvíræð, því er þessi þingsályktunartillaga flutt. Með tillögunni er lagt til, að skipuð verði nefnd til þess að endurskoða margnefnd lög, sem styrinn stendur um, og gera tillögur um breytingar á þeim á þann veg, að ákvæði þeirra verði ekki þrándur í götu kjarasamninga sjómanna og útgerðarmanna um kaup og kjör á næstu vertíð.

Flm. telja, að full ástæða væri til þess að flytja frv. um breytingu á lögunum um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu. Sú leið er þó valin að flytja ofangreinda þingsályktunartillögu, þar sem meiri líkur eru á, að Alþingi gæti sameinazt um samþykkt hennar.

Sþ. 131. Fyrirspurnir. [108. mál]

I. Til heilbrigðismálaráðherra um ráðstafanir vegna deyfi- og vanalyfja.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að hindra ólöglegan innflutning, vörzlu, dreifingu svo og neyzlu deyfi- og vanalyfja?

II. Til sjávarútvegsmálaráðherra um afborganir og vexti af stofnlánum fiskiskipaflotans.

Frá Geir Gunnarssyni, Jónasi Árnasyni og Steingrími Pálssyni.

Hve miklu er áætlað, að afborganir og vextir af stofnlánum fiskiskipa nemi á árinu 1969:
a) af togurum,
b) af öðrum fiskiskipum?

III. Til sjávarútvegsmálaráðherra um greiðslur af aflaverðmæti til Stofnlánasjóðs fiskiskipa og til útgerðarfyrirtækja.

Frá Geir Gunnarssyni, Jónasi Árnasyni og Steingrími Pálssyni.

Hversu miklu er áætlað, að greiðslur af óskiptu aflaverðmæti samkv. lögum nr. 79 31. des. 1968 nemi á árinu 1969:
1. Í Stofnfjársjóð fiskiskipa:
   a) til togara,
   b) til annarra fiskiskipa?
2. Til útgerðarfyrirtækja, sem hlutdeild í almennum útgerðarkostnaði?

Ed. **132. Frumvarp til laga** [109. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Björn Jónsson.

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði laga þessara taka til atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og meðlima þeirra í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúum eða fleiri, svo og til atvinnurekenda og meðlima verkalýðsfélaga í kauptúnum, sem fámennari eru, ef þar er starfandi verkalýðsfélag, sem nær til kaupstaða eða kauptúna, sem telja 300 íbúa eða fleiri. Ákvæði laganna taka og til allra erlendra verktaka, sem hafa með höndum framkvæmdir hér á landi. Ráðherra getur ákveðið, að lögin taki til annarra staða, ef verkalýðsfélög þar óska þess og hlutaðeigandi sveitarstjórn mælir með því.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú stundar meðlimur verkalýðsfélags að hluta sjósókn á eigin fari, en vinnur að öðru leyti í þjónustu gjaldskyldra atvinnurekenda, og er hann þá gjaldskyldur með sama hætti og atvinnurekendur skv. 1. og 2. mgr. af vinnu í eigin þágu. Hver róðrardagur telst sem einn vinnudagur, þegar gjald er reiknað. Bótaréttur viðkomanda skv. öðrum ákvæðum laganna skal ákvarðaður á sama grundvelli.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta felur í sér þrennar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, og miða þær allar að því að bæta úr tilfinnanlegu misrétti, sem nú leiðir af gildandi ákvæðum 4. gr. laganna, en sú grein þeirra hefur að geyma mikilvæg fyrirmæli um grundvöll bótaréttar.

Hér er í fyrsta lagi um að ræða að setja inn það ákvæði að allir meðlimir sama verkalýðsfélags njóti óskoraðs réttar án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir á félagssvæði þess. Gildandi ákvæði tryggja þetta ekki, svo sjálfsagt sem það virðist, og skýrist það glöggt af því dæmi, að t. d. sumir verkamenn í Dagsbrún, sem búsettir eru í grennd við höfuðborgina, njóta einskis réttar til atvinnuleysisbóta, þótt þeir stundi atvinnu sína á sama vinnustað og félagar þeirra, sem búsettir eru í Reykjavík og njóta fulls réttar. Allmörg önnur dæmi mætti hliðstæð telja, svo sem réttleysi íbúa sumra sjávarþorpanna við Eyjafjörð, sem nú eru flestir í einu og sama félagi, Verkalýðsfélaginu Einingu, og verkamanna í næsta nágrenni ýmissa annarra sjávarþorpa.

Í öðru lagi felur 1. gr. frv. í sér þá efnisbreytingu, að ráðherra getur ákveðið, að lögin taki til svæða, sem hafa innan við 300 íbúa, ef sveitarfélagið, sem í hlut á, mælir með því og verkalýðsfélagið æskir þess. Eins og ákvæðin eru nú, hafa atvinnurekendur neitunarvald um þessi efni og hafa notað sér það, viðkomandi byggðarlögum og verkafólki til stórtjóns.

Loks er svo sú breyting, sem 2. gr. frv. gerir ráð fyrir og ætlað er að tryggja þeim fjölmörgu smáútvegsmönnum, sem að öðrum þræði eru verkamenn, bótarétt, sem þeir eru nú sviptir, ef þeir stunda ekki verkamannavinnu að meiri hluta. Til þess að þetta megi verða, er nauðsynlegt að setja einnig í lögin ákvæði um gjaldskyldu þessara manna, þegar þeir sækja sjó á eigin fari, og gerir frumvarpsgreinin ráð fyrir því.

Þegar lögin um atvinnuleysistryggingar voru sett 1956, var því heitið og raunar lögfest, að heildarendurskoðun laganna yrði látin fram fara innan tveggja ára frá setningu laganna. Sú heildarendurskoðun hefur enn 13 árum síðar ekki séð dagsins ljós, þrátt fyrir fjölmarga vankanta, sem sannazt hafa við framkvæmd laganna. Þessir vankantar margir eru auðsærri og tilfinnanlegri fyrir mikinn fjöld fólks í verkalýðsfélögunum nú, þegar mjög hefur á framkvæmd laganna reynt vegna hins mikla atvinnuleysis síðustu 2 árin.

Flm. telur að vísu margar fleiri breytingar á lögunum nauðsynlegar, en vill nú freista þess með flutningi þessa frv. að fá fram framangreindar breytingar, sem hann telur meðal hinna brýnni og varða hagsmuni fjölda fólks í verkalýðsfélögunum. Allar eru þær þess eðlis, að samþykkt þeirra mundi skapa meira jafnrétti til atvinnuleysisbóta og binda endi á hrópandi misrétti, án þess að nokkurt tjón hlytist af.

Flm. vill því fulltreysta því, að hv. Alþingi samþykki án óþarfa tafa þær breytingar, sem frv. hefur að geyma.

Sþ. 133. Tillaga til þingsályktunar [110. mál]

um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalagi og uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Gils Guðmundsson, Jónas Árnason, Magnús Kjartansson, Lúðvík Jósefsson, Geir Gunnarsson, Steingrímur Pálsson, Karl Guðjónsson, Eðvarð Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að segja upp aðild Íslands að Norður-Atlantshafssamningnum, er gekk í gildi 24. ágúst 1949.

Enn fremur ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að æskja nú þegar endurskoðunar á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, samkvæmt heimild í 7. gr. samningsins, svo og að leggja fyrir Alþingi frumvarp til uppsagnar samningsins, þegar er endurskoðunarfrestur sá, sem í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans.

Greinargerð.

Hinn 30. marz 1949 samþykkti meiri hluti Alþingis tillögu til þingsályktunar, þar sem ríkisstjórninni var falið að gerast stofnaðili fyrir Íslands hönd að Norður-Atlantshafssamningi „um sameiginlegar varnir og varðveizlu friðar og öryggis", eins og kveðið var að orði. Var samningur þessi undirritaður í Washington 4. apríl 1949 og gekk í gildi 24. ágúst sama ár. Á grundvelli þessa samnings varð til Norður-Atlantshafsbandalagið (North Atlantic Treaty Organization, skammstafað NATO).

Í 13. gr. Norður-Atlantshafssamningsins segir á þessa leið:

„Þegar tuttugu ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa, getur hver aðili sagt honum upp með eins árs fyrirvara, talið frá afhendingu tilkynningar þess efnis til ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku, en hún skýrir ríkisstjórnum annarra aðila frá afhendingu slíkra tilkynninga."

Svo sem kunnugt er, urðu á sínum tíma mjög harðar deilur um það, hvort Ísland skyldi gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Alla stund síðan hafa skoðanir verið skiptar um þá ákvörðun, svo og um Atlantshafsbandalagið, gildi þess og áhrif á sambúð þjóða.

Í ágústmánuði síðastliðnum voru 20 ár liðin frá því er Norður-Atlantshafssamningurinn gekk í gildi. Frá þeim tíma getur hvert aðildarríki sem er sagt honum upp með einhliða ákvörðun, og tekur úrsögnin gildi að ári liðnu frá því er hún var afhent.

Undanfarin ár höfum við Alþýðubandalagsmenn lagt á það áherzlu í umræðum um utanríkismál og með tillöguflutningi á Alþingi, að Íslendingar gerðu sér þess sem

ljósasta og rökstuddasta grein, hver vera eigi afstaða Íslands til aðildar að hernaðarbandalagi í framtíðinni. Við höfum bent á, hve sjálfsagt væri að vega það og meta, að hverju leyti aðstæður kynnu að hafa breytzt í heimsmálum frá þeim tíma, er samningurinn var gerður. Við höfum talið einsætt, að hér yrði hafður á sami háttur og með ýmsum öðrum bandalagsþjóðum, þar sem rökræður hafa átt sér stað um aðild að Atlantshafsbandalagi, byggðar á upplýsingum og gögnum, sem aflað hefur verið. Margt hefur breytzt og er að breytast á alþjóðavettvangi, þar á meðal viðhorf ýmissa þjóða til hernaðarbandalaga. Innan margra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins eru skoðanir þegnanna á gildi þess mjög skiptar. Hafa og Frakkar þegar árið 1966 slitið hernaðarsamvinnu við Atlantshafsbandalagið og vísað aðalstöðvum þess úr landi. Frá því hefur verið greint, að stjórnarvöld í Kanada vinni að endurmati á aðild að bandalaginu. Forseti Vestur-Þýzkalands hefur lýst vantrú sinni á framtíð bandalagsins.

Nú er ljóst orðið, að íslenzk stjórnarvöld eru andvíg gagnaöflun, sem hagnýta megi við endurmat á aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Ríkisstjórnin lýsir yfir þeirri stefnu, að Ísland skuli vera áfram í Atlantshafsbandalaginu, úrsögn komi ekki til greina.

Við Alþýðubandalagsmenn höfum frá upphafi verið algerlega andvígir aðild Íslands að Atlantshafsbandalagi. Teljum við öll rök mæla með því, að friðsöm og vopnlaus smáþjóð sem Íslendingar standi utan hernaðarbandalaga. Því flytjum við nú tillögu um það, að Ísland segi sig úr Atlantshafsbandalaginu.

Þegar Atlantshafssamningurinn var gerður 1949, var því sérstaklega lýst yfir af ríkisstjórn Íslands og staðfest af utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að hér á landi skyldi ekki vera her á friðartímum. Árið 1951 gerði ríkisstjórn Íslands samning við Bandaríkjastjórn um dvöl bandarísks herliðs hér á landi. Alla stund síðan hefur erlent herlið verið í landinu. Hefur hin langvinna herseta reynzt íslenzkri þjóð skaðsamleg siðferðislega og þjóðernislega. Ýmsir þeir fylgismenn hernámsins, sem áður töldu það illa nauðsyn, líta nú á það sem æskilegt ástand, hreint og beint keppikefli.

Íslendingar þurfa að losna úr þeim hlekkjum, sem samningur um aðild að hernaðarbandalagi og erlend herseta hafa hneppt þá í. Með því móti einu geta þeir mótað sjálfstæða og heilbrigða utanríkisstefnu. Þess verður að vænta, enda sjást þess ýmis merki, þrátt fyrir allt, að smám saman vaxi skilningur á því, að fækkun herstöðva og afvopnun sé eina leiðin til að tryggja friðinn. Tortryggni sú og ótti, sem er afleiðing hernaðarbandalaga og dreifðra herstöðva um allan heim, á sinn ríka þátt í að torvelda friðsamlega sambúð. Hver herstöð, sem niður er lögð, léttir gönguna í átt til friðsamlegra samskipta. Úrsögn úr NATO og uppsögn herstöðvasamningsins frá 1951 eru réttmætar ráðstafanir vegna lífshagsmuna Íslendinga sjálfra, og jafnframt hið eina og sjálfsagða framlag þeirra til að draga úr spennu og auðvelda friðsamlega sambúð þjóða.

Sþ. 134. Tillaga til þingsályktunar [111. mál]

um endurskoðun laga um framkvæmd eignarnáms.

Flm.: Auður Auðuns, Halldór E. Sigurðsson, Geir Gunnarsson, Bragi Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um framkvæmd eignarnáms, m. a. að því er varðar eignarnám á löndum og lóðum í þágu ríkis og sveitarfélaga, og verði frumvarp til nýrra laga um framkvæmd eignarnáms lagt fyrir næsta Alþingi.

Í frumvarpinu verði m. a. kveðið á um skyldu matsmanna til að taka beina af-

stöðu til tiltekinna atriða, sem áhrif hafa á verð eignarnámslands, og sundurliða og gera allnákvæma grein fyrir, á hvaða forsendum matsfjárhæð er byggð.

Þá verði í frumvarpinu reglur um ákvörðun þóknunar matsmanna og um skil matsgerða til ákveðinnar stofnunar.

Greinargerð.

Samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar verður enginn skyldaður til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji, enda sé lagaheimild til slíks eignarnáms og fullt verð komi fyrir.

Sem dæmi um lög, sem heimila eignarnám í þágu sveitarfélaga, má nefna skipulagslög og hafnalög. Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964, 27. gr., er sveitarstjórnum veitt almenn heimild til að taka eignarnámi landssvæði innan sveitarfélagsins að fengnu samþykki ráðherra, enda telji skipulagsstjórn það nauðsynlegt, og samkvæmt 9. gr. hafnalaga nr. 48/1967 er landeigendum skylt að láta af hendi land eða mannvirki til að gera höfn.

Um framkvæmd eignarnáms samkvæmt skipulagslögum gilda lög nr. 61/1917, en um framkvæmd eignarnáms samkvæmt hafnalögum eru ákvæði í 9. gr. þeirra laga. Varðandi eignarnámsbætur segir í lögunum, að þær skuli miða við það gangverð, sem eignin mundi hafa í kaupum og sölum (10. gr. laga nr. 61/1917) eða að fullar bætur skuli koma fyrir (9. gr. laga nr. 48/1967).

Hlutverk sveitarfélaga er m. a. að annast hafnargerðir, ef land sveitarfélags liggur að sjó, og láta þegnum sínum í té byggingarlóðir, ef um þéttbýlissveitarfélag er að ræða. Hin síðari ár hefur töluvert kveðið að eignarnámi á landssvæðum samkvæmt skipulagslögum og hafnalögum í þágu sveitarfélaga, þar sem eignarnámsbætur hafa numið milljónum og jafnvel tugmilljónum króna.

Mun það álit margra sveitarstjórna, sem þar hafa átt hlut að máli, að eignarnámsbætur hafi oft verið óeðlilega háar, ekki síst ef það er haft í huga, að sveitarfélögin þurfa að leggja í stórfelldan kostnað við að gera viðkomandi landsspildur arðbærar, s. s. með gerð hafnarmannvirkja, gatnagerð, lagningu holræsa og vatnsæða. Tekjur af slíkum eignum hrökkva sjaldnast nema fyrir hluta af vöxtum af því fé, sem varið hefur verið til framkvæmda. Það er staðreynd, að landsspildur jafnvel í þéttbýli eru ýmist arðlausar eða lítt arðbærar, nema til komi kostnaðarsamar framkvæmdir sveitarfélaganna við þær, og það eru yfirleitt framkvæmdir, sem gera landið arðbært og skapa verðmæti þess að verulegu leyti.

Ákvæði laga nr. 61/1917 um eignarnámsmat og matsgerðir eru harla ófullkomin og virðast raunar gefa matsmönnum frjálsar hendur um gerð þeirra og frágang að öðru leyti en því, að matsbætur skuli miða við „gangverð“ og að greiða skuli „fullar bætur“. Í mörgum matsgerðum er að finna ýtarlegar lýsingar á matsandlaginu: stærð þess, legu, landkostum, nytjum og arði, svo og greinargerðir um eignarumráð og jafnvel sögulegar upplýsingar langt aftur í aldir. Hins vegar hefur þótt við brenna, að matsgerðir væru næsta lítið rökstuddar, þannig að oft er erfitt að átta sig á því, á hverju matsfjárhæð er byggð, og virðist slíkt fráleitt, ekki síst þar sem um miklar fjárhæðir er að tefla, enda virðist ekki síður ástæða til að áskilja í lögum rökstuðning fyrir niðurstöðu slíkra matsgerða en rökstuðning fyrir niðurstöðu dóma.

Í lögum nr. 61/1917, 9. gr., segir, að matsmenn ákveði matsþóknun sína sjálfir. Hins vegar eru ekki í lögunum gefnar neinar leiðbeiningar um það, við hvað þóknun skuli miðuð, þannig að matsmenn hafa ekkert til að byggja á ákvörðun sína um matsþóknun, enda hafa matsþóknanir þótt lítt við nögl skornar. Virðist því eðlilegt, að settar verði einhverjar leiðbeiningarreglur um ákvörðun matsþóknunar.

Æskilegt virðist, að einn aðili eða stofnun hefði undir höndum eintök af öllum eignarnámsmatsgerðum, þannig að matsmenn ættu jafnan greiðan aðgang að þeim til öflunar upplýsinga. Mundi slíkt eflaust einnig leiða til meira samræmis í matsgerðum en verið hefur, bæði hvað snertir form þeirra og niðurstöður, og mundi slík samræming stuðla að því, að eignarnámsþolum yrði ekki mismunað.

Nd. 135. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á lögum nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Eftir 3. umr. í Ed., 2. des.)

1. gr.

a-liður 1. gr. orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 65 000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði. Heimilt er að gefa út fjóra flokka hlutamiða, E, F, G og H flokk, sem tengjast við númer þau, sem heimilt er að gefa út samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 25 23. apríl 1969.

Sþ. 136. Tillaga til þingsályktunar [112. mál]

um réttindi sambúðarfólks.

Flm.: Einar Ágústsson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða gildandi lög um lífeyrissjóði með samræmingu við ákvæði 57. greinar almannatryggingalaga um réttindi sambúðarfólks fyrir augum, eftir því sem við getur átt.

Greinargerð.

Í 57. grein almannatryggingalaga segir, að sama rétt til bóta og hjón hafi einnig samkvæmt þeim lögum karl og kona, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð af hans völdum eða sambúðin hefur varað samfleytt 2 ár, og sama gildir um bótarétt þess, sem eftir lifir, þegar hitt deyr.

Tilsvarandi ákvæði eru hins vegar ekki í gildandi lögum um lífeyrissjóð, en þau eru: Lög nr. 16 24. apríl 1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, lög nr. 46 14. maí 1965, um eftirlaun alþingismanna, lög nr. 47 14. maí 1965, um eftirlaun ráðherra, lög nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, lög nr. 85 30. desember 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara og lög nr. 78 28. apríl 1962, um Lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Hér skal engu um það spáð, hvort búskapur karls og konu í svonefndri óvígðri sambúð mundi aukast eða minnka við lögfestingu slíkra ákvæða, en trúlega ráða þar önnur atriði meiru um.

Hitt er staðreynd, að slík sambúð er allalgeng hér á landi og þegar viðurkennd í lögum að nokkru leyti, sbr. áðurnefnda grein tryggingalaganna.

Lítil sanngirni sýnist í því til dæmis, að kona, sem missir sambýlismann sinn frá ungum börnum þeirra, standi uppi réttindalaus og eigi enga kröfu á þeim réttindum, sem maðurinn var búinn að afla með greiðslum úr sameiginlegu búi þeirra til viðkomandi lífeyrissjóðs.

Fleiri dæmi mætti nefna um augljóst misrétti, en hér skal látið staðar numið.

Hér virðist samræmingar þörf, og því er tillaga þessi fram borin.

Ed. 137. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 2. des. 1969.

Ólafur Björnsson, form., frsm.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.
Bjarni Guðbjörnsson.
Axel Jónsson.
Björn Jónsson.
Einar Ágústsson.
Sveinn Guðmundsson.

Sþ. 138. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um persónuskírteini sjómanna.

(Lögð fram á 90. löggjafarþingi 1969.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda Samþykkt nr. 108 um persónuskírteini sjómanna, sem gerð var á 41. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 1958, eins og hún liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari.

Fylgiskjal.

Samþykkt (nr. 108) um persónuskírteini sjómanna.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,
sem yfirstjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 41. sinni þann 29. apríl 1958, og

með því að það ákvað að ræða á tilteknar bendingar um gagnkvæma eða alþjóðlega viðurkenningu á persónuskírteinum sjómanna, gefnum út af einstökum ríkjum, sem er sjöundi liður á dagskrá þingsins, og
að bendingar þessar skyldu færðar í form alþjóðasamþykktar,

samþykkir það hinn 13. maí 1958 eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Samþykkt um persónuskírteini sjómanna.

1. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til allra sjómanna, sem gegna hvers konar störfum á skipi, öðru en herskipi, sem skrásett er

Convention 108 Concerning Seafarers' National Identity Documents.

The General Conference of the International Labour Organisation,
Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Fortyfirst Session on 29 April 1958, and
Having decided upon the adoption of certain proposals with regard to the reciprocal or international recognition of seafarers' national identity cards, which is the seventh item on the agenda of the session, and
Having decided that these proposals shall take the form of an international Convention,
adopts this thirteenth day of May of the year one thousand nine hundred and fifty-eight the following Convention, which may be cited as the Seafarers' Identity Documents Convention, 1958:

Article 1

1. This Convention applies to every seafarer who is engaged in any capacity on board a vessel, other than a ship of

í landi, sem samþykkt þessi tekur til, og venjulega er í siglingum.

2. Ef vafi leikur á því, hvort einhverjir hópar manna skuli teljast sjómenn í merkingu þessarar samþykktar, skal úr því skorið af þar til bæru stjórnvaldi í hverju landi, að höfðu samráði við samtök útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem samþykkt þessi tekur til, skal gefa hverjum þegni sínum, sem er sjómaður, skírteini í samræmi við ákvæði 4. greinar þessarar samþykktar, ef hann óskar þess. Ef óhentugt er að gefa út slíkt skírteini til handa sérstökum flokkum sjómanna, getur aðildarríki þó í þess stað gefið út vegabréf, sem greini að eigandi þess sé sjómaður, og skal slíkt vegabréf hafa sama gildi og persónuskírteini sjómanns að því er tekur til þessarar samþykktar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem samþykkt þessi tekur til, getur gefið út persónuskírteini til handa hverjum öðrum sjómanni, sem sækir um það, ef hann annaðhvort vinnur á skipi, sem skráð er í landi þess, eða er skráður þar á vinnumiðlunarskrifstofu.

3. gr.

Persónuskírteini sjómanns skal ávallt vera í vörzlu hans.

4. gr.

1. Persónuskírteini sjómanns skal vera einfalt að gerð, úr haldgóðu efni og þannig lagað að allar breytingar á því séu augljósar.

2. Í persónuskírteini sjómanns skal greina nafn og stöðu þess stjórnvalds, er gefur það út, hvenær og hvar það er gefið út og yfirlýsingu um að skírteinið sé persónuskírteini sjómanns í merkingu þessarar samþykktar.

3. Persónuskírteini sjómanns skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um eiganda þess:

a. fullt nafn (fyrsta og síðasta nafn, þar sem það á við);

war, registered in a territory for which the Convention is in force and ordinarily engaged in maritime navigation.

2. In the event of any doubt whether any categories of persons are to be regarded as seafarers for the purpose of this Convention, the question shall be determined by the competent authority in each country after consultation with the shipowners' and seafarers' organisations concerned.

Article 2

1. Each Member for which this Convention is in force shall issue to each of its nationals who is a seafarer on application by him a seafarer's identity document conforming with the provisions of Article 4 of this Convention: Provided that, if it is impracticable to issue such a document to special classes of its seafarers, the Member may issue instead a passport indicating that the holder is a seafarer and such passport shall have the same effect as a seafarer's identity document for the purpose of this Convention.

2. Each Member for which this Convention is in force may issue a seafarer's identity document to any other seafarer either serving on board a vessel registered in its territory or registered at an employment office within its territory who applies for such a document.

Article 3

The seafarer's identity document shall remain in the seafarer's possession at all times.

Article 4

1. The seafarer's identity document shall be designed in a simple manner, be made of durable material, and be so fashioned that any alterations are easily detectable.

2. The seafarer's identity document shall contain the name and title of the issuing authority, the date and place of issue, and a statement that the document is a seafarer's identity document for the purpose of this Convention.

3. The seafarer's identity document shall include the following particulars concerning the bearer:

(a) full name (first and last names where applicable);

b. fæðingardag og fæðingarstað;
c. þjóðerni;
d. sérkenni;
e. mynd; og
f. undirskrift, eða fingrafar þumalfingurs, ef skírteinishafi er óskrifandi.

4. Ef aðildarríki gefur út persónuskírteini til handa erlendum sjómanni, er ekki nauðsynlegt að greina þjóðerni hans. Eigi skal heldur það, sem þar er skráð um þjóðerni, talið fullkomin sönnun um það efni.

5. Í persónuskírteini sjómanns skal greinilega tekið fram, hversu lengi það gildi.

6. Að teknu tilliti til ákvæða undanfarandi málsgreina, skal form og efni persónuskírteinis sjómanns nánar ákveðið af aðildarríki, sem gefur það út, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og sjómanna.

7. Með lögum eða reglugerðum má kveða nánar á um önnur atriði, sem tekin skulu í persónuskírteini sjómanns.

5. gr.

1. Hverjum þeim sjómanni, sem hefur gilt persónuskírteini sjómanns, gefið út af þar til bæru stjórnvaldi í landi, sem þessi samþykkt tekur til, skal heimilt að koma aftur til þess lands.

2. Þannig skal tekið við sjómanni í a. m. k. eitt ár eftir að umrætt skírteini er útrunnið samkvæmt ákvæði þess.

6. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal leyfa sjómanni, sem hefur gilt persónuskírteini sjómanns, inngöngu í land, sem samþykkt þessi tekur til, þegar þess er óskað vegna landgönguleyfis um stundarsakir meðan skip er í höfn.

2. Ef í persónuskírteini sjómanns er rúm fyrir athugasemdir þar um, skal aðildarríki einnig leyfa sjómanni með gilt sjómannsskírteini inngöngu í land, sem samþykkt þessi tekur til, ef hann óskar þess:

a. til þess að komast á skip sitt eða flytjast á annað skip;
b. til þess að ferðast yfir landið til þess að ná skipi sínu í öðru landi eða vegna heimsendingar;

(b) date and place of birth;
(c) nationality;
(d) physical characteristics;
(e) photograph; and
(f) signature or, if bearer is unable to sign, a thumbprint.

4. If a Member issues a seafarer's identity document to a foreign seafarer it shall not be necessary to include any statement as to his nationality, nor shall any such statement be conclusive proof of his nationality.

5. Any limit to the period of validity of a seafarer's identity document shall be clearly indicated therein.

6. Subject to the provisions of the preceding paragraphs the precise form and content of the seafarer's identity document shall be decided by the Member issuing it, after consultation with the shipowners' and seafarers' organisations concerned.

7. National laws or regulations may prescribe further particulars to be included in the seafarer's identity document.

Article 5

1. Any seafarer who holds a valid seafarer's identity document issued by the competent authority of a territory for which this Convention is in force shall be readmitted to that territory.

2. The seafarer shall be so readmitted during a period of at least one year after any date of expiry indicated in the said document.

Article 6

1. Each Member shall permit the entry into a territory for which this Convention is in force of a seafarer holding a valid seafarer's identity document, when entry is requested for temporary shore leave while the ship is in port.

2. If the seafarer's identity document contains space for appropriate entries, each Member shall also permit the entry into a territory for which this Convention is in force of a seafarer holding a valid seafarer's identity document when entry is requested for the purpose of—

(a) joining his ship or transferring to another ship;
(b) passing in transit to join his ship in another country or for repatriation; **or**

c. í öðrum þeim tilgangi, sem þar til bær stjórnvöld í hlutaðeigandi aðildarríki viðurkenna.

3. Áður en aðildarríki veitir leyfi til inngöngu í land þess í því skyni, sem greint er í undanfarandi málsgrein, getur það krafizt fullnægjandi sannana, þ. á m. skjallegra, frá sjómanninum, útgerðarmanni eða hlutaðeigandi umboðsmanni eða ræðismanni, um áform sjómannsins og möguleika hans til að koma þeim fram. Aðildarríkið getur einnig takmarkað dvöl sjómannsins við tíma, sem telst nægur í þeim tilgangi, sem um er að ræða.

4. Ekkert í þessari grein má skilja þannig, að það skerði rétt aðildarríkis til þess að hindra komu hvers sem er til landsins eða dvöl hans þar.

7. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

8. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hafa látið framkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

9. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skráningardegi hennar.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér

(c) any other purpose approved by the authorities of the Member concerned.

3. Any Member may, before permitting entry into its territory for one of the purposes specified in the preceding paragraph, require satisfactory evidence, including documentary evidence, from the seafarer, the owner or agent concerned, or from the appropriate consul, of a seafarer's intention and of his ability to carry out that intention. The Member may also limit the seafarer's stay to a period considered reasonable for the purpose in question.

4. Nothing in this Article shall be construed as restricting the right of a Member to prevent any particular individual from entering or remaining in its territory.

Article 7

The formal ratifications of this Convention shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

Article 8

1. This Convention shall be binding only upon those Members of the International Labour Organisation whose ratifications have been registered with the Director-General.

2. It shall come into force twelve months after the date on which the ratifications of two Members have been registered with the Director-General.

3. Thereafter, this Convention shall come into force for any Member twelve months after the date on which its ratification has been registered.

Article 9

1. A Member which has ratified this Convention may denounce it after the expiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, by an act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered.

2. Each Member which hat ratified this Convention and which does not, within

ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að liðnu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

10. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skráningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

11. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skráningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

12. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

13. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta hennar skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar sam-

the year following the expiration of the period of ten years mentioned in the preceding paragraph, exercise the right of denunciation provided for in this Article, will be bound for another period of ten years and, thereafter, may denounce this Convention at the expiration of each period of ten years under the terms provided for in this Article.

Article 10

1. The Director-General of the International Labour Office shall notify all Members of the International Labour Organisation of the registration of all ratifications and denunciations communicated to him by the Members of the Organisation.

2. When notifying the Members of the Organisation of the registration of the second ratification communicated to him, the Director-General shall draw the attention of the Members of the Organisation to the date upon which the Convention will come into force.

Article 11

The Director-General of the International Labour Office shall communicate to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with article 102 of the Charter of the United Nations full particulars of all ratifications and acts of denunciation registered by him in accordance with the provisions of the preceding Articles.

Article 12

At such times as it may consider necessary the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention and shall examine the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision in whole or in part.

Article 13

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this Convention in whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides—

(a) the ratification by a Member of the new revising Convention shall *ipso jure* involve the immediate denuncia-

þykktar, hvað sem ákvæðum 9. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerðist;

b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi;

enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

tion of this Convention, notwithstanding the provisions of Article 9 above, if and when the new revising Convention shall have come into force;

(b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

14. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Article 14

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samþykkt þessi var gerð á 41. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 1958, en það þing var eingöngu helgað málefnum sjómanna.

Samþykktin kveður svo á, að aðildarríkin skuli láta sjómönnum sínum í té persónuskírteini, ef þeir óska þess. Einnig er heimilt að láta erlendum manni í té slíkt persónuskírteini, ef hann er á skipi, sem skráð er í hlutaðeigandi ríki eða er skráður þar á vinnumiðlunarskrifstofu. Þá hefur samþykktin að geyma ákvæði um það, hvaða upplýsingar skuli skráðar í persónuskírteini sjómanns.

Persónuskírteini veitir sjómanni heimild til þess að koma aftur til landsins þar sem skírteinið var gefið út og gildir sú heimild þar til ár er liðið frá því er það féll úr gildi. Slíkt skírteini veitir einnig handhafa þess nánar tiltekinn rétt til landgöngu og ferða í ríkjum, sem fullgilt hafa samþykktina.

Hinn 1. júní 1969 munu 18 aðildarríki hafa fullgilt samþykkt þessa þ. á m. Bretland, Frakkland, Grikkland, Írland, Ítalía og Kanada. Ekkert Norðurlandanna hefur til þessa fullgilt samþykktina.

Hinn 9. október s. l. var haldinn fundur um þetta mál í Stokkhólmi og átti Ísland þar áheyrnarfulltrúa, Hannes Hafstein, sendifulltrúa. Er það álit þeirra, er þenna fund sátu, að m. a. vegna hins sameiginlega norræna vegabréfasvæðis, sé nauðsynlegt að öll Norðurlöndin afhendi fullgildingarskjöl sín sama dag og árétti þá með svipuðu orðalagi skilning sinn á einstökum atriðum samþykktarinnar.

Danmörk, Noregur og Svíþjóð eru tilbúin að fullgilda samþykktina hvenær sem er og Finnar munu verða reiðubúnir til þess innan skamms og hafa þegar lagt hana fyrir þing til þess að afla heimildar til fullgildingar. Fundurinn taldi hentugast ef unnt yrði að afhenda fullgildingarskjölin 2. janúar n. k. og mundi samþykktin þá taka gildi að því er Norðurlönd varðar hinn 2. janúar 1971.

Samgöngumálaráðuneytið hefur lýst því yfir, að það telji nauðsynlegt og mæli eindregið með því, að Ísland gerist aðili að umræddri alþjóðasamþykkt. Telur það einungis þörf smávægilegra breytinga á sjóferðabókum sjómanna til þess að þær fullnægi kröfum samþykktarinnar um persónuskírteini. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð munu sjóferðabækur einnig verða notaðar sem persónuskírteini í merkingu samþykktarinnar, en í Finnlandi sjómannavegabréf.

Eins og áður segir er nauðsynlegt, að Norðurlöndin öll fullgildi samþykktina samtímis og því er nú farið fram á heimild Alþingis til fullgildingar af Íslands hálfu.

Nd. 139. Frumvarp til fjárlaga [114. mál]

um ráðstöfun á Minningarsjóði Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson, Gísli Guðmundsson, Jónas Árnason, Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum er hér með felld úr gildi. Jafnframt er heimilt að greiða stjórn Félags Gautlandaættar allt fé sjóðsins til þess að heiðra minningu gefandans með útgáfu niðjatals og minningarrits.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum er prentuð í B-deild Stjórnartíðina 1913, bls. 154—155. Stofnfé sjóðsins var upphaflega 1400 kr. Tilgangur hans samkv. skipulagsskránni er að veita verðlaun fyrir ritgerðir um landbúnaðarmál, viðskiptamál og önnur þvílík málefni. Í þessu skyni má verja hluta vaxtanna. Sjóðurinn er nú um 22 þús. kr. Fjárhæð sú, sem heimilt er að ráðstafa, er því svo lítil, að óhugsandi er, að hún skipti nokkru máli sem hvatning fyrir nokkurn til að semja ritgerðir, sem heimilt er að verðlauna.

Má því telja, að nú og um langa framtíð verði ekki unnt að ná tilgangi minningarsjóðsins.

Afkomendur gefandans hafa því farið fram á að fá fé sjóðsins til ráðstöfunar í því skyni að styrkja útgáfu niðjatals og minningarrits um Jón Sigurðsson frá Gautlöndum. Frumvarp þetta felur í sér lagaheimild til að verða við þessum óskum afkomendanna. Greinargerð þeirra og rökstuðningur er prentuð sem fylgiskjal með frumvarpinu. Enn fremur er prentuð sem fylgiskjal yfirlýsing stjórnar minningarsjóðsins um, að hún samþykki fyrir sitt leyti þá ráðstöfun á fé sjóðsins, sem frv. felur í sér.

Fylgiskjal I.

Okkur undirrituðum, sem öll erum afkomendur Jóns Sigurðssonar á Gautlöndum, er kunnugt um, að í umsjá Alþingis er sjóður, sem stofnaður var til minningar um þennan forföður okkar. Skipulagsskrá fyrir sjóð þennan er að finna í B-deild Stjórnartíðinda frá 1913. Samkvæmt ákvæðum hennar er tilgangur sjóðsins að verðlauna ritgerðir um búnaðarmál, viðskiptamál og önnur þvílík málefni. Á starfstíma sjóðsins hefur ekki komið fram nema ein umsókn um verðlaun úr honum og hlaut hún viðurkenningu. Síðan er liðinn fullur aldarþriðjungur, og þó fjáreign sjóðsins væri þá lítil að krónutölu, var verðlaunaupphæðin mjög sómasamleg, miðað við þágildandi verðgildi peninga. Þó við þáverandi sjóðeign hafi árlega bætzt allir vextir síðan, er sjóðurinn enn ekki nema ca. 20 þúsund krónur. Liggur það í augum uppi, að eins og verðgildi peninga í landinu hefur hríðfallið á síðustu áratugum, er sjóður þessi orðinn algerlega vanmegnugur þess að rækja hlutverk sitt, nema sjálfum sér og tilganginum til vansæmdar, enda engin von til þess, að nokkur ljái framar auga þeirri fjárhæð, sem sjóðurinn gæti veitt, þó kölluð væri verðlaun. Í stuttu máli sagt má telja, að sjóðurinn sé dauðadæmdur sem slíkur um fyrirsjáanlega framtíð, og eru slík afdrif minningu þessa forföður okkar því sízt til sóma.

Af framangreindum ástæðum förum við þess því á leit við stjórn minningarsjóðsins, sem Alþingi hefur skipað, að hún gangist fyrir því að fá fjáreign sjóðsins útleysta og skipulagsskrána ógilta. En þar sem fjáreign sjóðsins er bundin í Söfnunarsjóði Íslands, má búast við, að til þess að fá umræddu áformi framgengt geti þurft lagabreytingu eða aðra jafngilda ákvörðun Alþingis, svo upphæðin fáist útborguð, og er málið því ekki eins einfalt til úrlausnar og í fljótu bragði mætti virðast.

Til stuðnings og réttlætingar á þessari málaleitun okkar skal tekið fram, að við höfum ákveðið að verja fjáreign sjóðsins, ef útleyst fengist, til varðveizlu minningar þessa forföður okkar á annan hátt. Hefur þegar verið samið niðjatal hans til þessa dags, og auk okkar, sem hér skrifum undir, hafa fjölmargir yngri afkomendur hans bundizt samtökum um að vinna að því að fá samda bók, eða ýtarlegt minningarrit um líf hans og störf, sem út yrði gefin í sambandi við niðjatalið. Teljum við, að þessari litlu fjárhæð sé betur varið til að styðja það áform, þó skammt hrökkvi, en að láta hana gufa upp í verðbólgu framtíðarinnar, — auk þess **sem okkur er það beinlínis á móti skapi** að binda nafn og minningu Jóns á Gautlöndum við jafnlítilfjörlega og tilgangslausa fjárhæð, sem sjóður þessi er raunverulega orðinn.

Þórleif Norland, Hólmfríður Pétursdóttir, Steingr. Guðmundsson, H. Guðmundsson, Þorlákur Jónsson, Kristján Jónsson, Sólveig Eiríksdóttir, Þorlákur Helgason.

Í stjórn Félags Gautlandaættar:

Gunnar Norland, Arnheiður Sigurðardóttir, Steingr. Pálsson, Ólafur Jónsson.

Fylgiskjal II.

Stjórn Minningarsjóðs Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum samþykkir fyrir sitt leyti, að fé minningarsjóðsins verði öllu varið til útgáfu niðjatals og minningarrits um Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.

Reykjavík, 27. nóv. 1969.

Sigurður Bjarnason, forseti neðri deildar, form. Sig. Jónsson. Jón Gauti Pétursson.

Sþ. 140. Lög [92. mál]

um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs.

(Afgreidd frá Sþ. 3. des.)

Samhljóða þskj. 108.

Ed. 141. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um sameiningu sveitarfélaga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta hefur verið rætt í nefndinni, en samstaða ekki náðst um afgreiðslu þess.

Við undirritaðir nefndarmenn höfum við frv. þetta að athuga:

1. Ákvæði í 2. gr. um sérstakan erindreka á vegum félagsmálaráðuneytisins til þess að annast sameiningarmál sveitarfélaga teljum við með öllu óþörf. Eins og horfir er engin ástæða til þess að ætla, að slíkt starf verði svo umfangsmikið, að starfsmönnum ráðuneytisins, sem fyrir eru, verði það ofraun. En ef það sýnir sig, að svo mikill sé áhugi fyrir sameiningu, að fullt starf væri fyrir einn mann, þá er hægt að taka málið upp til athugunar að þessu leyti. Víða um starfsmannakerfi hins opinbera vantar aukið vinnuafl, svo að til erfiðleika horfir, og lagt kapp á vegna fjárskorts að fjölga ekki starfsfólki. Þykir því sízt ástæða að efna til stofnunar nýs embættis um verkefni, sem alls ekki er vitað, hvert verður eða hvort nokkuð verður, svo að heitið geti, í náinni framtíð. Við teljum því, eins og nú standa sakir, enga ofætlun ráðuneytinu að hafa með sameiningarmálin að gera án sérstaks erindreka.
2. Þegar ágreiningur verður um sameiningu innan sveitarstjórnar, sbr. 5. gr. frv., teljum við, að skylt eigi að vera að bera ágreiningsmálið undir atkvæði íbúa sveitarfélags.
3. Til þess að ráðherra sé heimilt, sbr. 13. gr., að sameina hrepp nágrannasveitarfélagi, þykir okkur eðlilegt, að fyrir verði að liggja samþykki viðkomandi sýslunefndar a. m. k. og/eða bæjarstjórnar. Við bendum á, að um það geti verið að ræða að færa sveitarfélög á milli lögsagnarumdæma. Má þá ekki minna vera en leitað sé samþykkis þessara aðila.

Um þessi atriði og önnur minni háttar flytjum við breytingartillögur við frv. á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. des. 1969.

Björn Fr. Björnsson, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 142. Breytingartillögur [7. mál]

við frv. til laga um sameiningu sveitarfélaga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Félagsmálaráðuneytið skal í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga vinna að því að koma á sameiningu tveggja eða fleiri sveitarfélaga í eitt sveitarfélag, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Félagsmálaráðuneytið annast framkvæmd laga þessara í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga og hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Það skal athuga skilyrði fyrir sameiningu einstakra sveitarfélaga og afla upplýsinga, eftir því sem unnt er, um allt það, sem máli skiptir í sambandi við sameiningu sveitarfélaga, og að öðru leyti aðstoða samstarfsnefndir og sveitarstjórnir við störf þeirra í þessu efni.
3. Við 3. gr.
   a) 2. mgr. hljóði svo:
      Samstarfsnefndir skulu haga störfum sínum í samráði við félagsmálaráðuneytið.
   b) 3. mgr. falli niður.
4. Við 4. gr. Greinin falli niður. Greinatala breytist samkv. því.

5. Við 5. gr.
   a) Í stað orðanna „sveitarstjórn heimilt“ í 1. málslið 2. mgr. komi: sveitarstjórn skylt.
   b) 3. málsliður 2. mgr. (Erindreka er og heimilt o. s. frv.) falli niður.
   c) Orðin „í samráði við erindreka“ í 4. málslið 2. mgr. falli niður.
   d) Orðin „annaðhvort með eða án atkvæðagreiðslu “ í 3. mgr. falli niður.
   e) Í stað orðsins „erindreka“ í 4. mgr. komi: félagsmálaráðuneytinu.
6. Við 6. gr.
   a) Í stað orðsins „erindreka“ á tveim stöðum í 1. mgr. komi: félagsmálaráðuneytinu.
   b) 2. málsgr. falli niður.
7. Við 13. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Ráðherra er heimilt að sameina hrepp nágrannasveitarfélagi, ef fyrir liggur samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar og íbúatala hreppsins hefur síðastliðin þrjú ár verið lægri en 50.
8. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Kostnaður við störf samstarfsnefnda greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum í réttu hlutfalli við íbúatölu.

Ed. 143. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd deildarinnar hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þess frv. Meiri hl. vill samþykkja það óbreytt, en við undirritaðir teljum, að eigi sé rétt, að frv. nái fram að ganga að svo stöddu. Til þess liggur sú ástæða, að okkur þykir það skipta höfuðmáli, að áður en til frekari aðgerða deildarinnar komi, liggi fyrir umsögn sýslunefndar Norður-Múlasýslu um fyrirhugaða sameiningu. Frv. gerir ráð fyrir því, að Loðmundarfjarðarhreppur sameinist Seyðisfjarðarkaupstað og mörkum þessara tveggja lögsagnarumdæma verði breytt samkvæmt því. Bæjarstjórn kaupstaðarins hefur fyrir sitt leyti samþykkt þessa tilhögun, en ályktun að þessu leyti vantar af hálfu sýslunefndar Norður-Múlasýslu. Þess vegna álítum við eigi aðeins rétt, heldur og skylt, að sýslunefndinni veitist tækifæri til þess að tjá skoðun sína um það, hvort nefndur hreppur skuli sameinaður öðrum hreppi innan sýslunnar eða hann hverfi úr sýslufélaginu og renni til kaupstaðarins.

Fyrir því leggjum við til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að eigi þykir rétt að stofna til þeirrar breytingar á umdæmismörkum Norður-Múlasýslu, sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir, án þess að sýslunefndinni sé veittur kostur þess að tjá sig um efni greinarinnar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. nóv. 1969.

Björn Fr. Björnsson, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Sþ. **144. Nefndarálit** [1. mál]

um framlög til flótabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur eins og áður unnið að undirbúningi og tillögugerð um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Jafnframt hefur hún haft samvinnu við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem hefur samkv. venju aflað upplýsinga um rekstur og afkomu einstakra flóabáta og samgöngufyrirtækja. Nokkur hækkun hefur orðið á rekstrarkostnaði einstakra báta.

Flóabátaferðirnar hafa verið reknar með svipuðum hætti og undanfarin ár. En nefndin er sammála um, að nauðsyn beri til þess að endurskoða fyrirkomulag á ferðum einstakra báta. Í þessu sambandi má benda á það, að undanfarið hefur staðið yfir heildarathugun á samgöngum um Hvalfjörð. Er þeirri athugun enn ekki lokið. Hefur nefndin ekki komizt hjá að hækka enn styrk til ferðanna milli Akraness og Reykjavíkur. Enn fremur hefur styrkur til Djúpbátsins hækkað um svipaða upphæð. Að öðru leyti hafa framlög til bátanna lítið hækkað. Hins vegar er fjölgað nokkuð styrkjum til snjóbifreiða, aðallega á Austurlandi.

Um rekstarafkomu hinna einstöku flóabáta vill samvinnunefndin taka eftirfarandi fram:

Norðurlandssamgöngur.

Norðurlandsbáturinn „Drangur“ heldur nú aðallega uppi vetrarferðum um farsvæði sitt. Þar sem akvegasamband hefur fyrir nokkru skapazt við kaupstaðina Ólafsfjörð og Siglufjörð, þurfa þeir nú fyrst og fremst á ferðum bátsins að halda að vetrarlagi. En tekjur bátsins eru rýrar og reksturinn ýmsum erfiðleikum bundinn. Útgerðarmaður „Drangs“ sótti nú um óbreyttan rekstarstyrk, en fór fram á meðmæli samvinnunefndarinnar til endurnýjunar á ríkisábyrgð allt að 1.5 millj. kr. Barst nefndinni umsögn fjármálaráðuneytisins um þessa beiðni, þar sem mælt var með því, að ábyrgðin yrði veitt. Féllst nefndin á það og mun flytja um það sérstaka breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið. En útgerðarmaður „Drangs“ hefur í hyggja að lengja bátinn um ca. 4 metra og telur, að hann verði við það allmiklu rekstrarhæfari en ella.

Þá er lagt til, að styrkur til Strandabáts verði óbreyttur. En þessi bátur annast farþega- og póstflutninga milli Hólmavíkur, Djúpavíkur og Gjögurs í Árneshreppi. Er gert ráð fyrir, að styrknum verði framvegis varið í samráði við sýslunefnd Strandasýslu og þá fyrst og fremst haft í huga að tryggja vetrarsamgöngur við nyrzta hrepp sýslunnar, Árneshrepp.

Styrkur til Haganesvíkurbáts fellur nú niður. Hefur raunar ekki verið um rekstur neins báts þar að ræða síðustu árin, en styrkurinn notaður til þess að greiða niður flutningskostnað á vörum til bænda í Fljótum.

Styrkur til flugferða til Grímseyjar hækkar verulega eða úr 80 þús. í 200 þús. kr. Hefur verið erfiðleikum bundið að tryggja flugsamgöngur við eyna með þeim styrk, sem veittur var til þeirra á fjárlögum yfirstandandi árs. Taldi nefndin óhjákvæmilegt að styðja Grímseyinga til umbóta á flugsamgöngum sínum og leggur því til, að styrkurinn til þessara samgangna verði hækkaður um 120 þúsund. Gera menn sér þá vonir um, að hægt verði að fá Tryggva Helgason flugmann á Akureyri til þess að taka upp aftur áætlunarflug til Grímseyjar. En hann lét af áætlunarflugi þangað í lok maí s.l. Þá mun Norðurlandsbáturinn Drangur einnig halda uppi ferðum til Grímseyjar.

Styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda lækkar um 10 þús. kr. En ferðum þess báts er, eins og kunnugt er, aðeins haldið uppi að sumarlagi, þegar fólk dvelur í eynni.

Til snjóbifreiðar í Dalvíkurlæknishéraði eru veittar 65 þús. kr., og er það 15 þús. kr. hækkun frá því, sem var á yfirstandandi ári.

Austfjarðasamgöngur.

Á Austfjarðasamgöngum hefur lítil breyting orðið. Lagt er til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 15 þús. kr. og verði 235 þús. kr.

Notkun snjóbifreiða fer nú mjög í vöxt á Austfjörðum. Á fjárlögum yfirstandandi árs var rekstur tveggja snjóbifreiða á Austurlandi styrktur samkv. tillögu samvinnunefndar samgöngumála. Voru það snjóbifreiðarnar á Fjarðarheiði og Fagradal. Leggur nefndin nú til, að styrkur til snjóbifreiðarinnar á Fjarðarheiði hækki upp í 280 þús. kr. eða um 80 þús. kr. Hefur þetta samgöngutæki reynzt vera líftaug Seyðfirðinga, þegar snjóþungt er þar á vetrum. Lagt er til, að snjóbifreiðin á Fagradal fái óbreyttan rekstrarstyrk. Þá er lagt til, að teknir verði upp þrír smástyrkir til nýrra snjóbifreiða á Austfjörðum. Er það í fyrsta lagi til snjóbifreiðar, sem annast ferðir milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar um Oddsskarð. Leggur nefndin til, að þeim rekstri verði veittur 100 þús. kr. styrkur. Þá er einnig lagt til, að snjóbifreið læknishéraðanna á Fljótsdalshéraði verði veittur 75 þús. kr. styrkur, og loks, að 65 þús. kr. styrkur verði veittur til ferða snjóbifreiðar milli Borgarfjarðar og Egilsstaða. Er talið, að brýna nauðsyn beri til að auka notkun snjóbifreiða þar eystra, en þær hafa reynzt þar mjög vel á undanförnum árum.

Suðurlandssamgöngur.

Haldið er áfram að veita styrki vegna vöruflutninga til hinna hafnlausu héraða í Skaftafellssýslu. Leggur nefndin til, að til vöruflutninga á Suðurlandi, þ. e. a. s. til byggðarlaganna í Vestur-Skaftafellssýslu, verði nú veittur 800 þús. kr. styrkur. Er það 50 þús. kr. hækkun frá því, sem er á fjárlögum yfirstandandi árs. Styrkur vegna vöruflutninga til Öræfa helzt óbreyttur. Enn fremur styrkur til vatnadreka við Skeiðará.

Loks er lagt til, að styrkur til Vestmannaeyjabáts vegna mjólkurflutninga verði 440 þús. kr., eða óbreyttur frá fjárlögum þessa árs.

Faxaflóasamgöngur.

Rekstur „Akraborgar“, sem heldur uppi ferðum milli Akraness og Reykjavíkur, hefur enn sem fyrr reynzt erfiður. Sú skipulagsbreyting að láta skipið hefja ferðir frá Akranesi er þó talin hafa gefizt vel. Alldýr flokkun fór fram á skipinu á þessu ári. Sótti útgerðarstjórnin um óbreyttan rekstrarstyrk, en það um 500 þús. kr. framlag vegna flokkunarinnar. Féllst nefndin á að leggja til, að styrkurinn til skipsins yrði hækkaður um 400 þús. kr. vegna viðgerðarinnar.

Sú skoðun ríkti í nefndinni, að óhjákvæmilegt væri að hraða þeirri athugun, sem staðið hefur yfir undanfarið á samgöngum umhverfis Hvalfjörð.

Lagt er til, að styrkur til Mýrabáts verði óbreyttur.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Samvinnunefndin leggur til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts á Breiðafirði verði á næsta ári 475 þús. kr. eða hinn sami og á yfirstandandi ári. Verkefni þessa báts verður stöðugt minna frá ári til árs, eftir því sem fólki fækkar í austurhluta Barðastrandarsýslu. En ferðir bátsins eru engu að síður óhjákvæmilegar. Hann verður að halda uppi samgöngum milli Breiðafjarðareyja og enn fremur byggðarlaganna í Austur-Barðastrandarsýslu, sem mörg eru akvegasambandslaus meginhluta vetrar.

Styrkur til vetrarflutninga yfir Kleifaheiði leggur nefndin til að verði óbreyttur. En vonir standa til þess, að þegar gerður hefur verið nýr upphleyptur vegur yfir Kleifaheiði, þá verði hægt að fella þennan styrk niður.

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Stykkishólmsbátsins „Baldurs“ verði óbreyttur. En forráðamenn bátsins hafa nú í hyggju að lengja hann nokkuð, og er gert ráð fyrir, að kostnaðurinn við þá framkvæmd muni nema um eða yfir 2 millj. kr. Var þess farið á leit, að samvinnunefnd samgöngumála mælti með því, að ríkisábyrgð yrði veitt fyrir lánum vegna þeirra framkvæmda. Féllst nefndin á að verða við þeirri beiðni og mun flytja sérstaka breytingartillögu við heildagrein fjárlaga af því tilefni.

Þá er lagt til, að rekstrarstyrkur til Langeyjarnesbáts verði óbreyttur. Hins vegar er lagt til að veita 50 þús. kr. styrk vegna viðgerðar á bátnum.

Vestfjarðasamgöngur.

Djúpbáturinn h/f á Ísafirði heldur sem fyrr uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kauptúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Hafa flutningar á farsvæði bátsins stöðugt verið að dragast saman, aðallega vegna minnkandi mjólkurframleiðslu hin síðustu ár. En báturinn gegnir mjög mikilvægu verkefni, þar sem vegasamband er ekki milli Ísafjarðarkaupstaðar og sveitanna í Djúpinu, og akvegasamband rofnar einnig við byggðarlögin í Vestur-Ísafjarðarsýslu yfir vetrarmánuðina, um lengri eða skemmri tíma. Stjórnendur bátsins telja sig nú þurfa á verulegri styrkhækkun að halda. Féllst nefndin á að leggja til, að styrkurinn til Djúpbátsins skyldi hækkaður um 400 þús. kr.

Rekstrarstyrkur til ferða snjóbifreiðar yfir Botnsheiði lækkar um 50 þús. kr. Óbreyttir eru rekstrarstyrkir til Dýrafjarðarbáts, Patreksfjarðarbáts og Skötufjarðarbáts.

Samkvæmt framansögðu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1970 14 910 þús. kr. Er það 1290 þús. kr. hærra en á árinu 1968.

Nefndin leggur til, að heildarfjárhæðin skiptist þannig:

1.	Norðurlandsbáturinn „Drangur“	2000	þús. kr.
2.	Til Strandaferða	110	— —
3.	Hríseyjarbátur	100	— —
4.	Grímsey, vegna flugferða	200	— —
5.	Flateyjarbátur á Skjálfanda	80	— —
6.	Til snjóbifreiðar í Dalvíkurlæknishéraði	65	— —
7.	Mjóafjarðarbátur	235	— —
8.	Til snjóbifreiðar á Fjarðarheiði	280	— —
9.	Til snjóbifreiðar á Fagradal	90	— —
10.	Til snjóbifreiðar á Oddsskarði	100	— —
11.	Til snjóbifreiðar læknishéraðanna á Fljótsdalshéraði	75	— —
12.	Til ferða snjóbifreiðar milli Borgarfjarðar og Egilsstaða	65	— —
13.	Til vöruflutninga á Suðurlandi	800	— —
14.	Til vöruflutninga til Öræfa	80	— —
15.	Til vatnadreka við Skeiðará	40	— —
16.	Vestmannaeyjabátur vegna mjólkurflutninga	440	— —
17.	H.f. Skallagrímur — „Akraborg“	3500	— —
18.	Mýrabátur	15	— —
19.	Flateyjarbátur á Breiðafirði	475	— —
20.	Til vetrarflutninga yfir Kleifaheiði	150	— —
21.	Stykkishólmsbátur — „Baldur“	3100	— —
22.	Langeyjarnesbátur	135	— —
	Sami — vegna viðgerðar	50	— —

23. Djúpbátur — „Fagranes“	2500	þús. kr.
24. Til snjóbifreiðar á Botnsheiði	100	— —
25. Dýrafjarðarbátur	60	— —
26. Patreksfjarðarbátur	35	— —
27. Skötufjarðarbátur	30	— —

Samtals 14 910 þús. kr.

Alþingi, 3. des. 1969.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Nd.-nefndar. Jón Árm. Héðinsson, form. Ed.-nefndar

Jón Árnason, fundaskr. Ed.-nefndar. Jónas G. Rafnar. Friðjón Þórðarson.

Sigurvin Einarsson. Guðl. Gíslason. Páll Þorsteinsson.

Hannibal Valdimarsson. Karl Guðjónsson. Steingrímur Pálsson.

Ásgeir Bjarnason. Ragnar Jónsson.

Sþ. 145. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1970.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 1 07 321 03. (Flóabátar og vöruflutningar). Fyrir „13 620“ kemur	14 910
2. Við 6. gr. Aftan við greinina bætast tveir nýir liðir:	
a. Að ábyrgjast allt að 1.5 millj. kr. lán fyrir eigendur flóabátsins „Drangs“ vegna lengingar bátsins, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.	
b. Að ábyrgjast allt að 2 millj. kr. lán fyrir eigendur flóabátsins „Baldurs“ vegna lengingar bátsins, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.	

Ed. 146. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Undirritaður meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. des. 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Auður Auðuns, fundaskr. Ragnar Jónsson.

Axel Jónsson.

Ed. 147. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og lögum nr. 83 29. des. 1967.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Einn nefndarmanna, BJ, var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 4. des. 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Axel Jónsson.
Björn Fr. Björnsson.	Ásgeir Bjarnason.	Ragnar Jónsson.

Nd. 148. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Síðasti málsliður 4. gr. falli niður.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að reka iðju, veitir iðjuleyfi.

Lögreglustjóri annast um, að tilkynning um útgáfu leyfisbréfa verði birt í Lögbirtingablaði, þegar að útgáfu lokinni. Í tilkynningu skal greina nafn leyfishafa eða firma, heimilisfang, tegund iðju, hvar iðju megi reka samkvæmt leyfinu og hvenær það var útgefið.

Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra, ef:

1. Iðjan er líkleg til að valda einstökum mönnum, héraði eða ríkinu tjóni eða óhagræði að ráði.
2. Iðjan telst sérstaklega hættuleg mönnum, sem hana stunda.
3. Iðjunni er annars svo háttað, að varhugavert þykir að leyfa hana, m. a. vegna þess að möguleikar til öflunar hráefnis teljist ónógir, framleiðslu- eða söluaðstæður ófullkomnar, eða telja megi stofnun og starfrækslu iðjufyrirtækisins þjóðhagslega óhagkvæma.

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum 1. tölul. 1. málsgr. 3. gr. og ákvæðum 4. gr., ef sérstaklega stendur á.

3. gr.

12. gr. orðist svo:

Nú verður ágreiningur um, hvort aðili hafi fyrirgert iðjuleyfi sínu eða hvort starfsemi hans brjóti í bága við þá heimild, sem leyfið veitir honum, og er honum þá rétt að bera málið undir dómstóla.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, ásamt áður áorðnum breytingum, og gefa þau lög út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur það að markmiði með svipuðum hætti og frumvarp það til laga um breyting á lögum um verzlunaratvinnu, sem lagt hefur verið samtímis fyrir Alþingi, að efla aðstöðu stjórnvalda til aðhalds um það, hverjir stundað geti iðju hér á landi.

Samkvæmt 7. gr. gildandi laga um iðju og iðnað nr. 18/1927 veitir lögreglustjóri iðjuleyfi, en ákvörðun um veitingu leyfis heyrir þó undir ráðherra, ef skilyrði eftir 1.—3. tölul. 7. gr. eru fyrir hendi. Ákvæði frv. eru á því byggð, að fyrirkomulag þetta haldist óbreytt í aðalatriðum, en rýmkað verði nokkuð um heimild ráðherra til að meta, hvort veita beri leyfi eða synja um það. Þannig hefur frv. að geyma ýtarlegri lýsingu á þeim ástæðum, sem valdið geta því, að veiting leyfis megi teljast varhugaverð, sbr. 3. tölul. 3. málsgr. 2. gr. frv., og felld eru brott þau ákvæði gildandi laga, sem heimila umsækjendum að bera synjun um leyfi undir úrskurð dómstóla, sbr. 3. gr. frv. Þá er og rýmkað nokkuð um heimild ráðherra til að veita undanþágu frá tilteknum skilyrðum laganna, er sérstaklega stendur á, sbr. aths. um 1. gr. frv., en sú heimild hefur verið í lögunum frá öndverðu.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 18/1927 er aðstaða til iðjurekstrar aðallega háð skilyrðum þeim, sem talin eru í 3. og 4. gr. laganna. Með síðasta málslið 4. gr. var ráðherra heimilað að veita undanþágu frá nokkrum þessara skilyrða. Lagt er til, að ákvæði þetta verði framvegis í 7. gr. laganna, er fjallar um veitingu leyfa, sbr. 2. gr. frv. Jafnframt verði heimildin látin taka til nokkru fleiri atvika en áður var.

Um 2. gr.

Um efni þessarar greinar hefur þegar verið rætt hér að framan. Gerir hún ráð fyrir því, að orðalagi 7. gr. laganna verði breytt í líkingu við það, sem lagt er til um 10. gr. laga nr. 41/1968 um verzlunaratvinnu með áðurnefndu frv. um breyting á þeim lögum.

Um 3. gr.

Lagt er til, að ákvæði í 12. gr. laganna um málshöfðun verði einskorðuð við ágreining, sem verða kann milli yfirvalda og leyfishafa út af meðferð hans á áður veittu leyfi.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 149. Frumvarp til laga [116. mál]

um breyting á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Síðari málsgr. 4. gr. falli niður.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Borgarfógeti í Reykjavík eða lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að verzla, lætur leyfisbréf af hendi. Leyfisbréf til verzlunar, sem gildir fyrir landið allt, gefur lögreglustjóri út á þeim stað, þar sem umsækjandi á heimilisfesti eða firma er skráð.

Lögreglustjóri annast um, að tilkynning um útgáfu leyfisbréfs verði birt í Lögbirtingablaði, þegar að útgáfu lokinni. Í tilkynningu skal greina nafn leyfishafa eða firma, heimilisfang, tegund verzlunar, hvar verzla megi samkvæmt leyfinu og hvenær það var út gefið.

Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra, ef hann telur, að stofnun nýs fyrirtækis í viðkomandi verzlunargrein sé þjóðhagslega óhagkvæm, hvort heldur almennt eða miðað við fyrirhugaðan verzlunarstað, eða starfsemi umsækjanda sé annars svo háttað, að varhugavert sé að leyfa hana. Getur ráðherra synjað um veitingu leyfis eða sett leyfinu sérstök skilyrði, ef ástæða er til að hans dómi. Skal réttur til verzlunarleyfis samkvæmt 4. og 5. gr. vera háður þeim takmörkunum, sem hér voru greindar.

Verzlunarleyfi gildir í 5 ár, en skal endurnýjað að þeim tíma liðnum, ef leyfishafi fullnægir þá skilyrðum þessara laga.

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum 1. tölul. 4. gr. og ákvæðum 5. gr., enda standi sérstaklega á.

3. gr.

Við 12. gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt heildverzlun eða umboðsverzlun leyfi til tilboðasöfnunar, sbr. 4. málsgr. 9. gr., þó að framangreindum skilyrðum sé ekki fullnægt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta miðar að því, með svipuðum hætti og frumvarp það um breyting á lögum um iðju og iðnað, sem lagt hefur verið samtímis fyrir Alþingi, að efla aðstöðu stjórnvalda til aðhalds um það, hverjir stundað geti verzlunaratvinnu hér á landi. Samkvæmt gildandi lögum nr. 41/1968 um verzlunaratvinnu er veiting leyfa til almennrar verzlunar fyrst og fremst háð þeim skilyrðum, sem talin eru í 4. og 5. gr. laganna, og veitingarvaldið að öllu leyti í höndum staðbundinna yfirvalda, sbr. 10. gr. laganna. Með frumvarpinu er lagt til, að útgáfa verzlunarleyfa verði almennt í höndum lögreglustjóra, svo sem verið hefur, en telji lögreglustjóri varhugavert að veita leyfi, eins og nánar segir í 2. gr. frv., þá skuli hann vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra, enda metur ráðherra þá, hvort ástæður kunni að vera fyrir hendi til að synja um leyfi eða binda það skilyrðum umfram það, sem tilgreint er í lögunum. Er hér gert ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi og því, sem nú gildir um veitingu iðjuleyfa samkvæmt 7. sbr. 10. gr. laga nr. 18/1927, um iðju og iðnað. Er og gert ráð fyrir því í áðurnefndu frumvarpi til breytingar á þeim lögum, að umrædd regla haldist með litlum breytingum. Þá er og lagt til í 5. málsgr. 2. gr. frv., sem verður 5. málsgr. 10. gr. laganna, að ráðherra sé heimilt að veita undanþágu frá tilteknum skilyrðum laganna, þegar sérstaklega stendur á, sbr. og umsögn um 1. gr.

Nd. 150. Lög [76. mál]

um breyting á lögum nr. 53 13. maí 1966, um vernd barna og ungmenna.

(Afgreidd frá Nd. 4. des.)

Samhljóða þskj. 85.

Ed. **151. Lög** [3. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Afgreidd frá Ed. 4. des.)

Samhljóða þskj. 3.

Sþ. **152. Tillaga til þingsályktunar** [117. mál]

um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að gerast fyrir Íslands hönd aðili að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, þ. e. European Free Trade Association.

Greinargerð.

Hinn 12. nóvember 1968 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar um heimild ríkisstjórnarinnar til að sækja um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, EFTA.

Í desember 1967 stakk ríkisstjórnin upp á því við þingflokkana, að þeir kæmu á fót nefnd til þess að ræða hugsanlega aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu. Féllust þingflokkarnir á þessa tillögu. Voru skipaðir í nefndina Gylfi Þ. Gíslason, viðskiptamálaráðherra, formaður, Magnús Jónsson, fjármálaráðherra, Helgi Bergs, framkvæmdastjóri, Pétur Benediktsson, bankastjóri og Lúðvík Jósepsson, alþingismaður. Síðan var Jóni Baldvini Hannibalssyni, hagfræðingi, bætt í nefndina. Að Pétri Benediktssyni látnum tók Jóhann Hafstein, iðnaðarmálaráðherra, sæti í nefndinni. Varamaður Helga Bergs var Tómas Árnason, hæstaréttarlögmaður og varamaður Lúðvíks Jósepssonar, Haukur Helgason, bankafulltrúi. Ritarar nefndarinnar voru Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri og Einar Benediktsson, deildarstjóri.

Nefndin hefur haldið 30 fundi og fylgzt með öllum samningaviðræðum, sem farið hafa fram innanlands og utan. Á vegum hennar sömdu embættismenn skýrslu, þar sem raktar voru helztu upplýsingar, sem tiltækar voru varðandi Fríverzlunarsamtökin og hugsanlega aðild Íslands. Í október 1968 fengu þingflokkarnir og fjölmargir aðilar aðrir þessa skýrslu. Þar er rakinn aðdragandinn að stofnun Fríverzlunarsamtakanna, skýrt frá ákvæðum stofnsamnings þeirra, Stokkhólmssamningsins, og framkvæmd þeirra ákvæða, gerð grein fyrir áhrifum Fríverzlunarsamtakanna á efnahag og viðskipti aðildarríkjanna og loks fjallað um Ísland og Fríverzlunarsamtökin. Hér verða þessi atriði því ekki rakin að nýju. Nefndin átti einnig viðræður við fulltrúa útvegsmanna og útflutningssamtaka, landbúnaðar, iðnaðar, verzlunar og við fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Þá átti nefndin einnig fundi með norskum sérfræðingum um starfsemi Fríverzlunarsamtakanna, en þeir komu hingað á vegum ríkisstjórnarinnar og Félags íslenzkra iðnrekenda.

Þegar eftir að Alþingi hafði samþykkt fyrrnefnda þingsályktun, sendi ríkisstjórnin ráði Fríverzlunarsamtakanna í Genf beiðni um viðræður um aðild að Fríverzlunarsamtökunum til þess að fá úr því skorið, með hvaða kjörum Ísland gæti gerzt aðili. Var beiðnin lögð fram 12. nóvember 1968 og síðan rædd á ráðherrafundi Fríverzlunarsamtakanna í Vínarborg 21. og 22. nóvember. Var því vel tekið, að Íslendingar óskuðu slíkra viðræðna. Fólu ráðherrarnir ráði fastafulltrúanna í Genf frekari meðferð málsins. Fyrir hönd ráðsins bauð aðalframkvæmdastjóri Fríverzlunarsamtakanna fulltrúa íslenzku ríkisstjórnarinnar til fyrstu viðræðna í janúar 1969.

Samningarnir við ráð Fríverzlunarsamtakanna hófust með ræðu viðskiptamálaráðherra, Gylfa Þ. Gíslasonar, á fundi ráðsins hinn 23. janúar 1969. Er ræðan prentuð með þessari greinargerð, sem fylgiskjal III. Aðrir fundir með EFTA-ráðinu voru haldnir 26. febrúar, 21. marz, 3. júlí og 27. október 1969, og sátu þá fundi fyrir Íslands hönd þeir Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri og Einar Benediktsson, deildarstjóri. Aðildarviðræðurnar hafa greinzt í tvo meginþætti, þ. e. viðræður um ýmis atriði, sem snerta samtökin í heild og rædd voru við ráð Fríverzlunarsamtakanna í Genf, og önnur atriði, sem snertu einstök aðildarríki og rædd voru beint við fulltrúa þeirra. Niðurstöður viðræðnanna við ráðið er að finna í frumvarpi því að samningi um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum, sem fylgir hér með sem fylgiskjal I., en í því eru þýðingar á drögum að samþykkt um aðild Íslands, bókun um samkomulag, sem gert var í samningaviðræðum um aðild Íslands, og samþykkt sameiginlega ráðsins. Í fylgiskjali II eru þýðingar á samningnum um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu og sáttmála um stofnun samtaka milli aðildarríkja Fríverzlunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Finnlands, en Ísland samþykkir þessa samninga við inngöngu í samtökin, með þeim breytingum, sem getið er í fylgiskjali I.

Samningar við ráð Fríverzlunarsamtakanna.

Flokka má samningsatriðin í þrennt: 1. tollamál, 2. innflutningsmál og 3. önnur atriði. Helztu niðurstöður samningaviðræðnanna eru þessar:

Tollamál.

Fallizt var á þá ósk, að Íslendingar njóti þegar við inngöngu í samtökin þess tollfrelsis, sem þau hafa komið á í viðskiptum sín í milli, en Íslendingar þurfi hins vegar ekki að afnema verndartolla sína nema í áföngum á tíu ára tímabili. Gert er ráð fyrir því, að verndartollar verði lækkaðir um 30% við inngöngu í Fríverzlunarsamtökin. Tollar höfðu ekki verið lækkaðir eftir gengisbreytinguna 1968 og raunveruleg tollvernd þess vegna farið vaxandi. Í kjölfar þess, að fyrsta tollalækkunin er svona mikil, var hægt að ná samkomulagi um, að engin frekari tollalækkun ætti sér stað næstu fjögur árin. En frá 1. janúar 1974 er gert ráð fyrir 10% tollalækkun á ári, þangað til verndartollar hafa verið felldir niður að fullu 1. janúar 1980. Ákvæði um þessi atriði er að finna í 1. og 2. lið aðildarsamþykktarinnar.

Þótt aðild að EFTA skyldi ekki til lækkunar á öðrum tollum en verndartollum, er engu að síður augljóst, að lækka verður tolla á hráefnum og vélum, sem notað er eða yrði í íslenzkri iðnaðarframleiðslu, svo að hún verði ekki að þessu leyti verr sett en iðnaðarframleiðsla í öðrum aðildarríkjum Fríverzlunarsamtakanna. Er gert ráð fyrir, að tollar á hráefnum lækki yfirleitt um 50% við inngöngu í Fríverzlunarsamtökin og tollar á vélum verði yfirleitt 7%. Þetta veldur því, að tollvernd íslenzks iðnaðar sem heildar muni ekki minnka fyrstu fjögur árin eftir inngöngu í Fríverzlunarsamtökin. Áætlað er, að þessar tollalækkanir jafngildi nálægt 500 millj. króna tekjumissi hjá ríkissjóði. Er gert ráð fyrir hækkun á söluskatti sem þessu svarar. Áhrif tollalækkananna til lækkunar vísitölu framfærslukostnaðar eru mjög svipuð áhrifum söluskattshækkunarinnar til hækkunar á vísitölunni, þannig að þessi breyting á tekjuöflunaraðferðum ríkissjóðs hefur ekki áhrif á framfærslukostnað.

Í 4. lið aðildarsamþykktarinnar eru ákvæði, sem heimila Íslandi að hækka gildandi tolla eða leggja á nýja tolla á fyrstu fimm árunum eftir inngöngu, ef slíkt er talið æskilegt eða nauðsynlegt til að stuðla að þróun nýrra iðngreina. Í 5. lið aðildarsamþykktarinnar eru ákvæði um afnám verndar, sem falizt getur í fjáröflunartollum. Í 3. lið aðildarsamþykktarinnar er kveðið svo á, að sá grunntollur, sem lækkanir íslenzkra tolla miðist við, sé sá tollur, sem í gildi er 1. janúar 1970.

Hvað tollamálin snertir, má telja niðurstöður samningaviðræðnanna Íslendingum mjög hagstæðar.

Innflutningshöft.

Aðildarríkjum Fríverzlunarsamtakanna er skylt að hafa frjálsan, þ. e. haftalausan innflutning á þeim vörum, sem samningurinn tekur til. Á undanförnum árum, **hefur þeirri stefnu verið fylgt hér á landi, að hafa innflutning sem frjálsastan. Á síðast liðnu ári var um 90% alls innflutnings til landsins frjáls. Verulegur hluti þeirra vörutegunda,** sem innflutningur er nú ekki frjáls á, eru landbúnaðarvörur. Í viðauka D við stofnsamning Fríverzlunarsamtakanna, er listi yfir landbúnaðarvörur, sem fríverzlunarákvæði stofnsamningsins taka ekki til. Má því takmarka innflutning þessara vörutegunda eftir sem áður.

Af Íslands hálfu var þess óskað, að heimilað yrði að halda núverandi innflutningsleyfakerfi á olíum og benzíni, og var á það fallizt. Er orðalag þessarar heimildar eins og á tilsvarandi heimild Finnum til handa um að mega halda viðskiptahöftum vegna viðskipta við lönd í Austur-Evrópu. Ástæða þess, að óskað var heimildar til þess að halda núverandi innflutningsleyfakerfi á olíum og benzíni, var sú, að með því móti verður hægt að beina áfram kaupum á þessum vörum til Austur-Evrópulanda og þá fyrst og fremst Sovétríkjanna. Verður þá hægt að halda áfram þeim jafnkeypisviðskiptum, sem um langt skeið undanfarið hafa átt sér stað milli Íslands og Sovétríkjanna, en þau viðskipti hafa verið mikilvæg fyrir útflutning tiltekinna sjávarafurða til Austur-Evrópulanda og þá fyrst og fremst til Sovétríkjanna.

Þá var þess óskað, að vernda megi hér burstagerð blindra með því að takmarka innflutning á þeim burstategundum, sem blindir framleiða hér. Á þetta var einnig fallizt. Aðrar vörur, sem innflutningur á að vera frjáls á samkvæmt aðildarsamkomulaginu, en eru nú háðar leyfum hér, verða ýmist settar á frílista strax eða innflutningur á þeim rýmkaður smám saman á fimm árum. Á eftirfarandi lista eru þær vörur, sem settar yrðu á frílista strax við inngöngu í EFTA:

Tollskrárnúmer	Vörutegund
02.04 01	Hvalkjöt og hvalrengi.
21.01 00	Brenndar síkoríurætur og annað brennt kaffilíki; extraktar, kjarnar (essensar) og seyði úr þessum vörum.
22.02 00	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til nr. 20.07.
27.01 10	Steinkol.
27.04 00	Koks og hálfkoks úr steinkolum.
27.05 00	Gaskoks.
ex 44.18 00	Gervitrjáviður úr spónum, sagi, viðarmjöli eða öðrum viðarkenndum úrgangi haldið saman með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðru lífrænu bindiefni í plötum, bitum eða þess háttar, þó ekki plasthúðaðar plötur.
44.22 00	Ámur, tunnur, ker, balar, fötur og aðrar slíkar beykisvörur úr trjáviði, hlutar í þessar vörur, þó ekki tunnustafir þeir, sem teljast til nr. 44.08.
ex 48.09 00	Byggingarplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðrum þess háttar bindiefnum, þó ekki plasthúðaðar plötur.
48.16 01	Pappakassar og öskjur.
48.16 06	Pappakassar utan um fisk til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun.
60.03 01	Heilsokkar kvenna úr silki eða gerviþráðum.
73.23 01	Tunnur úr járn- eða stálþynnum eða plötum.
87.02 12—	
87.02 32	Notaðar fólksflutningabifreiðar, sjúkrabifreiðar, snjóbifreiðar og -sleðar.
87.02 35—	
87.02 39	Notaðar bifreiðar, að burðarmagni minna en 3 tonn.

Tollskrárnúmer	Vörutegund
93.01 00	Vopn og skotfæri og hlutar til þeirra, þó ekki línubyssur, hvalveiðibyssur og skutlar og skot í hvalveiðibyssur og línubyssur.
99.01 00—	
99.06 00	Listaverk, safnmunir og forngripir.

Höftin á þeim vörum, sem hér er um að ræða, eiga að litlu leyti rót sína að rekja til verndarsjónarmiða gagnvart íslenzkum iðnaði. Engu máli á að skipta fyrir innlenda framleiðslu, þótt gosdrykkir séu settir á frílista, þar eð tollvörugjald og tappagjald verður einnig látið ná til innflutnings og auk þess greiddur tollur af gosdrykkjum á aðlögunartímabilinu. Fyrirhugað hefur verið að setja kaffibæti á frílista og þykir ekki ástæða til þess að fresta því lengur. Pappakassar og öskjur voru áður á frílista. Eftir síðustu gengisbreytingu mun innflutningur á þessum vörum væntanlega reynast óhagkvæmur. Síldarútflutningsnefnd hefur einkaleyfi til innflutnings á síldartunnum og ættu engin vandamál að geta hlotizt af því, að tunnur séu teknar á frílista. Íslenzkar tunnur yrðu keyptar eftir sem áður af Síldarútvegsnefnd eftir því, sem heppilegt þykir. Innflutningshöftum á vopnum og skotfærum **hefur verið haldið til þess að hafa hemil á sölu og dreifingu þessara vörutegunda.** Dómsmálaráðuneytið telur, að hafa megi viðunandi eftirlit á þessu sviði með öðrum hætti en veitingu innflutningsleyfa, og mun það verða gert.

Um nokkrar vörur, sem nú þarf leyfi til innflutnings á, en innflutningur á að verða frjáls á, varð samkomulag, að halda mætti leyfakerfi í allt að fimm ár. Verður leyfður innflutningur á þessum vörutegundum upp að vissu marki, sem ýmist er miðað við krónutölu eða magn, og eru það nefndir glóbalkvótar.

Í eftirfarandi töflu eru glóbalkvótar þeirra vörutegunda, sem þessar reglur munu gilda um fyrir árið 1970:

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Magn/Verðmæti
59.04 01	Færi og línur til fiskveiða	84 tonn
ex 59.04 02	Kaðlar, þó ekki grastóg og vírmanilla	200 tonn
ex 85.01 00	Spennar (transformatorar), þó ekki spennar (ballasts) fyrir fluorescentljós	7.2 millj. kr.
94.01 00 94.03 09 94.04 00	Húsgögn og hlutar til þeirra, rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar stoppaður húsbúnaður, þó ekki eldhúsinnréttingar til múr- og naglfestingar, sæti í bifreiðar og aðrar vörur, sem eru á frílista	24 millj. kr.
96.01 00 96.02 01 96.02 09 96.04 00	Burstagerðarvörur, þó ekki burstar, sem eru hlutar af vélum, málningarrúllur, gúmmíþurrkur á skafti (aðrar en rúllur), skaftþvögur, listmálunarpenslar, tannburstar	3 millj. kr.

Að því er varðar færi og línur til fiskveiða, spenna og húsgögn, felur samkomulagið við Fríverzlunarsamtökin það í sér, að innflutningskvótar þessara vörutegunda hækki um 20% árið 1970 frá því, sem er á þessu ári. Síðan yrðu kvótarnir stækkaðir árlega, þangað til innflutningur þessara vörutegunda yrði orðinn frjáls frá og með 1. janúar 1975. Ekki er gert ráð fyrir hækkun glóbalkvótans fyrir burstavörur. Mun burstaframleiðsla blindra því áfram njóta verndar.

Þær leyfisvörur, sem þá eru ónefndar, eru sælgæti, öl og sement. Þar eð talið var, að framleiðendur þessara vörutegunda þyrftu nokkurn tíma til þess að búa sig undir samkeppni vegna innflutnings, var þess óskað, að ekki þyrfti að leyfa innflutning á þessum vörum fyrr en 1. janúar 1972. En fullu innflutningsfrelsi yrði komið á í árslok 1974. Var fallizt á þessi sjónarmið, og eru ákvæði um þetta í bókuninni í fylgiskjali I.

Niðurstaða samningaviðræðnanna varðandi innflutningsmál verða að teljast aðgengileg. Er hér um að ræða ráðstafanir, sem líklegt má telja, að gerðar hefðu verið hvort eð er, hvort sem um aðild að EFTA hefði verið að ræða eða ekki.

Önnur atriði.

(a) Samkeppnisreglur.

Hér að framan hefur verið fjallað um viðskiptaákvæði stofnsamningsins, að svo miklu leyti sem þau snerta Ísland, þ. e. reglurnar um afnám tolla og hafta í viðskiptum með iðnaðarvörur. Auk þessara ákvæða eru í 13.—17. greinum stofnsamningsins ákvæði, sem ætlað er að koma í veg fyrir, að óbeinum viðskiptahömlum sé beitt, og eru þessar reglur yfirleitt nefndar samkeppnisreglur. Tilgangur ákvæðanna er að koma í veg fyrir ráðstafanir, sem gætu spillt því viðskiptafrelsi, sem efnt er til með niðurfellingu tolla og hafta. 13. greinin fjallar um ríkisstyrki og 14. greinin um starfsemi opinberra fyrirtækja. Athugun hefur leitt í ljós, að framkvæmd mála hér á þessum sviðum brýtur ekki í bága við þessi ákvæði sáttmálans. Í 15. grein eru ákvæði um samkeppnishömlur. Ákvæði frumvarps um verðgæzlu og samkeppnishömlur, sem lagt verður fyrir þetta þing, eru í fullu samræmi við ákvæði þessarar greinar. Í 17. grein stofnsamningsins eru ákvæði um innflutning undirboðsvöru. Eru þessi ákvæði sams konar og ákvæði GATT-sáttmálans um þessi efni, en Ísland er aðili að GATT.

Af ákvæðum þessara greina eru það aðeins ákvæði 16. greinarinnar, sem telja má til nýmæla að því er Ísland snertir. Er því rétt að athuga þau nánar.

Hugmyndin, sem liggur að baki 16. greininni, er sú, að óeðlilegt sé, að einstök aðildarríki geti komið í veg fyrir eða torveldað, að aðilar í einu aðildarríki geti stofnsett fyrirtæki í öðrum aðildarríkjum, ef það brýtur í bága við megintilgang samtakanna, sem er aukning milliríkjaviðskipta. Með þessu er þó ekki það sagt, að fyrirtæki í aðildarríkjum Fríverzlunarsamtakanna eigi til dæmis að fá að njóta hér sömu aðstöðu og íslenzk fyrirtæki, heldur mega hömlur á stofnsetningu fyrirtækja, sem framleiða eða verzla með þær vörur, sem samstarfið tekur til, ekki vera þannig, að dregið sé úr þeim ávinningi, sem vænzt sé að ná með afnámi tolla og hafta. Þessum ákvæðum hefur þó aldrei verið ætlað að vera hliðstæð atvinnurekstrarákvæðum í stofnsamningi Efnahagsbandalags Evrópu. Í þeim ákvæðum er gert ráð fyrir frjálsum hreyfingum fjármagns og vinnuafls og frelsis til atvinnurekstrar hvarvetna innan aðildarsvæðisins, en þetta á ekki við um Fríverzlunarsamtökin.

Ákvæði 16. greinar taka ekki til landbúnaðar eða fiskveiða eða framleiðslu um borð í fiskiskipum, og þau taka ekki heldur til almennrar þjónustustarfsemi, svo sem starfsemi banka og vátryggingafélaga, gistihúsarekstrar og flutningastarfsemi. 16. greinin tekur því til verzlunar og iðnaðar, en einungis til verzlunar með þær vörur og framleiðslu á þeim vörum, sem stofnsamningur Fríverzlunarsamtakanna tekur til, og verða þær hér á eftir nefndar EFTA-vörur. Er hér um að ræða þær vörur, sem eru venjulega nefndar iðnaðarvörur. Af sjávarafurðum, sem eru EFTA-vörur, eru þessar helztar: Freðfiskflök, lýsi, fiskimjöl, loðnumjöl, hvalkjöt, rækjur og niðursuðuvörur. Af hérlendum landbúnaðarvörum eru skinn og ull EFTA-vörur.

Á fyrstu starfsárum Fríverzlunarsamtakanna var oftsinnis um það rætt, að ekki væri nógu ljóst, hvað ákvæði greinarinnar fælu í sér í raun og veru, þótt ekki sé um það vitað, að mismunandi skoðanir á efni hennar hafi valdið nokkrum deilum á milli aðildarríkjanna eða einstakra fyrirtækja eða borgara í aðildarríkjunum. Engu að síður þótti rétt að túlka greinina nánar en gert hafði verið í upphafi, og gerðu ráðherrar aðildarríkjanna með sér samkomulag í Bergen um það efni í maí 1966. Það, sem sagt verður hér á eftir, er byggt á orðalagi greinarinnar og fyrrnefndri Bergen-samþykkt. Meginatriði hennar er, að 16. gr. taki til eftirtalinna fyrirtækja:

(a) Fyrirtæki til verzlunar með vörur framleiddar innan samtakanna, þar á meðal 1. umboðsfyrirtæki, 2. útibú og dótturfyrirtæki og 3. sjálfstæð fyrirtæki, sem stuðla að vöruviðskiptum milli aðildarríkja.

(b) Fyrirtæki til samsetningar eða fullvinnslu á vörum, sem eru framleiddar innan samtakanna og fluttar út frá einu aðildarríki til annars eða til að inna af hendi þjónustu varðandi slíkar vörur.
(c) Fyrirtæki til framleiðslu á vörum, sem eru framleiddar innan samtakanna og eiga mestmegnis að flytjast út til annarra aðildarríkja.

Hvað a-liðinn snertir skal það tekið fram, að smásöluverzlun hefur ekki verið talin heyra undir ákvæðin í öllum aðildarríkjum Fríverzlunarsamtakanna. Mundu íslenzk stjórnarvöld fylgja þeirri túlkun og telja ákvæðin ná til heildsölustigsins einvörðungu.

16. greinin tekur þannig til eftirtalinnar atvinnustarfsemi:

1. Heildverzlunar og umboðsverzlunar með EFTA-vörur.
2. Fyrirtækja, sem starfa að samsetningu á EFTA-vörum úr einstökum hlutum.
3. Fyrirtækja, sem framleiða EFTA-vörur, sem mestmegnis á að flytja út til annarra aðildarríkja.

Takmarkanir eru þó á því, að ákvæðin eigi við framleiðslufyrirtæki, sem nefnd eru í 3. lið, ef:

1. Stofnun fyrirtækisins hefur í för með sér eignarrétt á innlendum náttúrugæðum, og verður að líta svo á, að hér sé einnig átt við hagnýtingu slíkra náttúrugæða, svo sem fiskistofna.
2. Stofnun fyrirtækisins veldur nauðsyn á aðgangi að fjármagnsmarkaði landsins.
3. Ef um er að ræða fjárfestingu í starfandi fyrirtæki, og þýðir þetta, að ákvæðin taka aðeins til nýrra fyrirtækja, ef um framleiðslufyrirtæki er að ræða.

Þá er þess að geta, að slík fyrirtæki yrðu að sjálfsögðu við stofnun og í rekstri háð öllum reglum um gjaldeyrisviðskipti, skattamál, verðlagsmál, leyfi til verzlunarrekstrar og iðju- og iðnrekstrar og svo framvegis. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvæg takmörkun á atvinnurekstri erlendra aðila, ef gjaldeyrisyfirfærslur eru háðar leyfi eða opinberu eftirliti, en svo er hér á landi, og er það ekki að neinu leyti í ósamræmi við reglur Fríverzlunarsamtakanna.

Við þessar takmarkanir bætist það, að innan Fríverzlunarsamtakanna eru engar brigður á það bornar, að sérhvert aðildarríki getur sett löggjöf, sem geri stofnun nýrra fyrirtækja háða sérstöku opinberu leyfi. Ekkert aðildarríkjanna setti að vísu slíka löggjöf í framhaldi af stofnun Fríverzlunarsamtakanna, og virðist það benda til þess, að ekkert þeirra hafi óttazt óeðlileg eða skaðleg áhrif ákvæða 16. greinarinnar. Þegar hugsanleg aðild að Efnahagsbandlaginu komst á dagskrá í Noregi, settu Norðmenn hins vegar nýja löggjöf um leyfi til stofnunar fyrirtækja í fiskiðnaði. Slík löggjöf hafði áður verið í gildi um aðrar atvinnugreinar í Noregi. Með slíkri löggjöf væri hér hægt að gera stofnun hvers konar fyrirtækja háða leyfi stjórnvalda, erlendra fyrirtækja og innlendra. Heimilt væri að setja hvers konar skilyrði fyrir leyfinu. Neita mætti um leyfið, ef stjórnvöld teldu ekki þörf á nýju fyrirtæki í þeirri grein, sem um er að ræða, annaðhvort í landinu öllu eða á þeim stað, sem um er að ræða, ef vinnuafl er ekki talið fyrir hendi, ef það er talið hafa truflandi áhrif á atvinnulíf eða viðskipti o. s. frv. Þess ber þó að geta, að ekki mætti samtímis neita um stofnun fyrirtækis, sem ákvæði 16. greinar taka til, en leyfa stofnun nákvæmlega sams konar íslenzks fyrirtækis á sama stað. Ef íslenzk yfirvöld vilja ekki leyfa stofnun erlends fyrirtækis, sem 16. greinin tekur til, væri þó undantekningarlaust hægt að finna rökstuðning fyrir neitun, sem hinn erlendi aðili yrði að taka gilda. Hann gæti ekki kært neitunina fyrir neinum dómstóli. Hann gæti beðið ríkisstjórn sína að taka málið upp við íslenzku ríkisstjórnina eða við ráð samtakanna í Genf. Hann gæti þó ekki vænzt neins jákvæðs árangurs af slíku. Og hann gæti ekkert við því sagt, þótt íslenzk stjórnvöld veittu innlendum aðila slíkt leyfi síðar, enda gætu aðstæður þá verið orðnar breyttar.

Þótt ákvæði 16. greinarinnar taki til heildverzlunar, umboðsverzlunar og samsetningarfyrirtækja, bæði að því er snertir stofnun fyrirtækja og hlutdeildaröflunar í gömlum fyrirtækjum, á það að geta verið á valdi íslenzkra stjórnarvalda að koma í veg fyrir þá erlenda starfsemi, sem þau vilja koma í veg fyrir. Að því er snertir stofnun slíkra fyrirtækja væri hægt að beita lögheimildunum til að leyfa ekki stofnun nýrra fyrirtækja. Að því er snertir hlutdeildaröflun mætti beita gjaldeyrislöggjöf til þess að gera óæskilega hlutdeild algerlega óeftirsóknarverða. Á það verður þó að benda í þessu sambandi, að núgildandi löggjöf heimilar allt að helmings aðild erlendra aðila að íslenzkri heildverzlun, iðju og iðnaði, en nær engin brögð hafa verið að því, að sú heimild hafi verið hagnýtt.

Þótt það sé meginhugsun 16. greinar, að aðildarríki eigi ekki að koma í veg fyrir það eða spilla fyrir því, að tilgangur samtakanna náist, með því að skerða það jafnræði, sem afnám verndartolla og hafta á að búa fyrirtækjum á Fríverzlunarsamtakasvæðinu, þá er það ekki tilgangur 16. greinar að skylda ríki til þess að leyfa atvinnurekstur í landi sínu, sem það er á móti. Framkvæmd Fríverzlunarsamtaka-samningsins hefur og staðfest þessa skoðun. Ekki er vitað um neitt dæmi þess, að aðilar hafi stofnað fyrirtæki í öðru aðildarríki gegn vilja stjórnarvalda þar í landi. Með hliðsjón af þeim skilningi á 16. gr., að íslenzk stjórnarvöld geti eftir sem áður haft algjör yfirráð yfir því, hvort erlendu fyrirtæki er leyfð starfsemi í landinu og þá hvernig, má segja, að ákvæði hennar veiti erlendum fyrirtækjum engan nýjan rétt til atvinnurekstrar hér, ef núgildandi lögum um iðju og iðnað og verzlunaratvinnu yrði breytt þannig, að leyfi þurfi til stofnunar allra nýrra fyrirtækja á þessum sviðum. Verða frumvörp um þetta efni lögð fyrir Alþingi. Sérstök lög um eftirlit með fjárfestingu erlendra aðila í íslenzkum fiskiðnaði eru óþörf. Í fyrsta lagi er fiskistofninn innan fiskveiðitakmarkanna að sjálfsögðu ein af náttúruauðlindum landsins. Þess vegna hafa erlendir aðilar engan rétt til að stofna til framleiðslu til hagnýtingar á honum. Í öðru lagi er freðfiskur ekki skilyrðislaus EFTA-vara í sama skilningi og iðnaðarvörur, þar eð sérreglur hafa gilt og gilda enn um hann í Bretlandi. Þá eru nýr fiskur og síld ekki EFTA-vörur, og EFTA-samkomulagið fjallar ekki um rétt til löndunar úr erlendum fiskiskipum. 10 ára reynsla af starfsemi Fríverzlunarsamtakanna staðfestir, að þessi túlkun varðandi sjávarútveg og fiskiðnað er rétt.

Þá skulu að síðustu nefndar þær helztu tegundir fyrirtækja, sem hugsanlegt væri, að erlendir aðilar settu hér á fót, og nefnt, hvernig koma mætti í veg fyrir það, ef það væri talið nauðsynlegt.

1. Fyrirtæki, sem framleiða EFTA-iðnaðarvörur fyrst og fremst til útflutnings.

Hér þyrfti leyfi og mætti neita um slíkt leyfi t. d. á þeim grundvelli, að ekki væri þörf fyrir ný fyrirtæki í þessum greinum.

Rétt er að vekja athygli á því, að þar eð Fríverzlunarsamtaka-samningurinn tekur ekki til fiskveiða almennt né landbúnaðar, kæmi aldrei til greina, að erlendir aðilar gætu óskað þess að fá að stunda hér fiskveiðar eða landbúnað. Vinnsla um borð í skipum er einnig talin til fiskveiða, svo að hið sama mundi t. d. gilda um vinnslu um borð í fiskiskipum. Erlend fyrirtæki gætu ekki heldur sótt um leyfi til þess að fá að hefja hér iðnaðarframleiðslu fyrir innanlandsmarkað, þar eð ákvæði 16. gr. taka eingöngu til fyrirtækja, sem fyrst og fremst ætla að flytja út.

2. Fyrirtæki, sem verzla með EFTA-vörur í heildsölu og umboðssölu, og fyrirtæki til samsetningar á EFTA-vörum.

Þetta eru þau fyrirtæki, sem Bergen-samkomulagið gerir ráð fyrir, að aðildarríki leyfi stofnun á, þótt erlend séu. Engu að síður getur löggjöf um atvinnurekstrarleyfi tekið til slíkra fyrirtækja, þannig að beita má sömu ráðum til þess að koma í veg fyrir stofnun þeirra, ef það er talið nauðsynlegt. Á það má þó benda í þessu sambandi, að eins og nú háttar, væri vandalaust fyrir erlenda aðila að koma hér á fót slíkum fyrirtækjum með löglegri aðstoð innlendra aðila, og á það raunar við um fleiri tegundir fyrirtækja.

(b) Stjórn samtakanna.

Ísland sótti um fulla aðild að Fríverzlunarsamtökunum, og er gert ráð fyrir slíkri aðild í samningnum. Ísland mundi því eins og aðildarríkin 7 fara með 1 atkvæði í ráði Fríverzlunarsamtakanna, en það er æðsta stofnun samtakanna. Aðild að Fríverzlunarsamtökunum felur ekki í sér neins konar afsal sjálfsforræðis í hendur samtakanna sem sjálfstæðrar stofnunar. Allar ákvarðanir, sem leggja aðildarríkjum nýjar skyldur á herðar, verður að taka með samhljóða atkvæðum. Meiri hluti atkvæða getur þó ráðið, þegar um er að ræða ákvarðanir um kærur, en ákvæðin um þetta hafa litla þýðingu og hefur örsjaldan verið beitt í minni háttar málum. Samstarf aðildarríkja að Fríverzlunarsamtökunum er með svipuðum hætti og í öðrum alþjóðastofnunum á viðskiptasviðinu, sem Ísland er þegar aðili að, svo sem OECD og GATT.

(c) Gildistaka og úrsögn.

Ísland verður aðili að Fríverzlunarsamtökunum, þegar aðildarsamningurinn hefur verið fullgiltur af Íslandi og aðildarríkjunum. Er gert ráð fyrir, að það geti orðið 1. marz 1970. Aðildarsamningurinn yrði ekki lagður fram til staðfestingar í ríkjum Fríverzlunarsamtakanna fyrr en Alþingi hefði samþykkt ályktun um aðild Íslands. Samkvæmt 42. gr. samningsins geta aðildarríkin sagt sig úr samtökunum með 12 mánaða fyrirvara.

(d) Önnur atriði.

Ýmis framkvæmdaratriði voru rædd í viðræðunum við ráð Fríverzlunarsamtakanna, og er þeirra helztu getið í aðildargögnunum. Víðtæk endurgreiðsla á fjáröflunartollum við iðnaðarútflutning gæti valdið óeðlilegri þróun viðskipta, svonefndum viðskiptafrávikum. Í 2. lið bókunarinnar um samkomulag er gert ráð fyrir, að viðræður eigi sér stað, ef um slíkt yrði að ræða. Viðurkennt er í 3. lið bókunarinnar, að útflutningsgjöld okkar renni til sjávarútvegsins og er fullt samkomulag um, að það brjóti ekki í bága við reglur samtakanna. Í 5. gr. bókunarinnar er staðfest, að útflutningsleyfakerfi Íslands sé í samræmi við reglur Fríverzlunarsamtakanna. Í 1. og 6. lið bókunarinnar er gert ráð fyrir, að Ísland gerist aðili að öllum formlegum samþykktum Fríverzlunarsamtakanna, sem í gildi eru, en athugun hefur leitt í ljós, að á því eru engin vandkvæði. Rætt var sérstaklega um þær reglur, sem hér gilda um duldar greiðslur og fjármagnshreyfingar milli Íslands og annarra landa. Voru engar athugasemdir gerðar við þessar reglur. Í 10. lið aðildarsamþykktarinnar eru ákvæði um, að Ísland gerist aðili að samningnum um aukaaðild Finnlands að Fríverzlunarsamtökunum. Fullgiltir textar aðildargagnanna yrðu fengnir ríkisstjórn Svíþjóðar til vörzlu, svo sem aðrar samþykktir Fríverzlunarsamtakanna.

Samningar við einstök ríki Fríverzlunarsamtakanna.

Auk samningaviðræðnanna við ráð Fríverzlunarsamtakanna í Genf hafa átt sér stað viðræður við einstök aðildarríki um þrjú mál, sem miklu skipta í sambandi við aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum. Er hér um að ræða tilhögun á innflutningi á freðfiskflökum til Bretlands, stofnun norræns iðnþróunarsjóðs á Íslandi og aukna sölu á íslenzku kindakjöti til hinna Norðurlandanna.

Innflutningur á freðfiskflökum til Bretlands.

Í sambandi við hugsanlega aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum hefur það verið talið mjög mikilvægt, að Íslendingar fengju rétt á tollfrjálsum og haftalausum innflutningi á frystum fiskflökum til Bretlands. Var þetta sjónarmið þegar sett fram í ræðu viðskiptamálaráðherra í EFTA-ráðinu, og í tveim viðtölum, sem viðskiptamálaráðherra átti við viðskiptamálaráðherra Breta, Anthony Crosland.

Miðað við það flakamagn, sem selt hefur verið til Bretlands á undanförnum árum, skiptir þetta ekki miklu máli, en þýðing þess mun þó eflaust vaxa framvegis, bæði vegna þess, að þá verður um að ræða jafna samkeppnisaðstöðu á brezka markaðnum við Norðmenn og Dani og ekki síður vegna hins, að samkomulag hefur náðst um hækkun fiskverðs á brezka markaðnum.

Um svipað leyti og ákvörðun var tekin um að sækja um aðild að Fríverzlunarsamtökunum, afnam brezka ríkisstjórnin þau tollfríðindi, sem Norðmenn, Danir og Svíar höfðu fengið á brezka markaðnum við stofnun Fríverzlunarsamtakanna. Hafa Norðurlandaþjóðirnar síðan unnið að því að fá tollinn afnuminn, en brezk stjórnarvöld vildu lengi vel ekki fallast á það nema innflutningur freðfiskflaka frá þessum löndum yrði jafnframt takmarkaður. Stungu brezk stjórnarvöld upp á, að Norðurlöndin fengju árlega rétt til þess að flytja inn tiltekið flakamagn, og ákvæðu sjálf, hvernig það skiptist milli landanna. Norðurlöndin gátu ekki fallizt á þessa tillögu. Þess í stað lögðu þau fram tillögu um, að tekið væri upp lágmarksverðskerfi við innflutning á freðfiskflökum til Bretlands. Er því ætlað að leiða til hækkunar á freðfiskverðinu, en Bretar höfðu haldið fram, að vaxandi flakainnflutningur, sérstaklega á niðurgreiddum fiskflökum frá Noregi, hefði átt verulegan þátt í verðlækkun á brezka markaðnum og erfiðleikum brezkrar útgerðar.

Á fundi í London 20.—21. maí 1969 samþykktu Bretar að athuga tillögur Norðurlandanna nánar. Annar fundur var haldinn í Oslo 12.—13. júní, og var Íslendingum boðið að senda fulltrúa á þann fund. Var ákveðið að taka því boði, enda hafði viðskiptamálaráðherra lýst því yfir í viðtali við viðskiptamálaráðherra Breta í marz, að Íslendingar væru hlynntir hugmyndinni um lágmarksverðskerfi, en gætu alls ekki sætt sig við hugmynd Breta um, að Norðurlöndin, að Íslandi meðtöldu, skyldu hafa rétt til að flytja tiltekið magn af freðfiskflökum til Bretlands og skipta því magni sín í milli. Fjórir aðrir fundir voru haldnir um lágmarksverðskerfið, og voru þeir Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri, og Einar Benediktsson, deildarstjóri, fulltrúar Íslands í þessum viðræðum. Á síðasta fundinum í Oslo dagana 21.—24. október náðist samkomulag um útflutning Norðurlanda á frystum fiskflökum til Bretlands. Samningsaðilarnir eru ríkisstjórnir Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Bretlands, en ríkisstjórn Íslands verður aðili að samkomulaginu um leið og Ísland gengur í Fríverzlunarsamtökin. Samkomulagið gengur í gildi 1. janúar 1970 og gildir til 3ja ára.

Þetta samkomulag, sem fylgir hér með sem fylgiskjal IV, felur það í sér, að 10% tollurinn á freðfiskflökum frá öðrum aðildarríkjum Fríverzlunarsamtakanna verður felldur niður, og verða engar takmarkanir á innflutningsmagninu. En á þetta tvennt hafði verið lögð megináherzla af Íslands hálfu í viðræðum við Breta. Samkomulagið kemur til framkvæmda 1. janúar 1970. Verður þá lágmarksverðið cif brezkri höfn 25 sh. miðað við stone (14 lbs.) fyrir þorskflök með roði í stofnanaumbúðum („catering"). Árið eftir að samkomulagið gengur í gildi, 1. janúar 1971, mun lágmarksverðið hækka upp í 27 sh. pr. stone. Stefnt er að því, að lágmarksverðið hækki svo enn upp í 28/6 d eigi síðar en í árslok 1971.

Verðhækkanirnar eru háðar því skilyrði, að ekki hafi orðið óvænt þróun á markaðnum og innflutningur frá öðrum aðildarríkjum Fríverzlunarsamtakanna orðið fyrir truflunum af þeim sökum. Kerfið er byggt á þeirri forsendu, að hlutur brezks freðfisks aukist ekki óeðlilega mikið á kostnað innflutts freðfisks frá hinum aðildarríkjum Fríverzlunarsamtakanna og að innflutningur frá Norðurlöndunum valdi ekki vandræðum á brezka markaðnum. Enn fremur verður reynt að sjá fyrir því, að lönd utan Fríverzlunarsamtakanna fái ekki aðstöðu til þess að spilla markaðnum fyrir hinum aðildarríkjum Fríverzlunarsamtakanna. Gert er ráð fyrir viðræðum milli samningsaðilanna, ef samkomulagið reynist ekki vel í framkvæmd. Enn fremur áskilja Bretar sér rétt til þess að ræða við hina samningsaðilana, ef innflutningur freðfiskflaka frá Norðurlöndunum fer fram úr 33 000 tonnum á árunum 1971 og 1972, ef í ljós kemur, að sá innflutningur virðist hafa valdið verulegum truflunum á brezka markaðnum.

Lágmarksverðskerfi er ekki framkvæmanlegt nema haft sé strangt og nákvæmt opinbert eftirlit með því, að settum reglum sé fylgt. Með útflutningsleyfum og gjaldeyriseftirliti telja Norðurlöndin mögulegt að tryggja, að ekki verði selt til Bretlands á lægra verði en samið er um, enda verði viðurlög þung, ef sett skilyrði um verð og annað eru brotin.

Frá sjónarmiði Íslendinga er þessi lausn á freðfiskvandamálinu hagstæð. Tollurinn verður felldur niður og engin takmörk á magni því, sem selja má til Bretlands, en auk þess mun þorskflakaverðið hækka um 10% þegar í stað og enn frekar síðar, þannig að verðið getur orðið tæpum 27% hærra eftir 2 ár en það er nú. Vegna tollsins geta framleiðendur vænzt þess að fá þegar í stað 20% verðhækkun. Það er álit þeirra, sem bezt þekkja til, að brezki markaðurinn muni þola þessar hækkanir án þess að það hafi áhrif á fiskneyzluna. Þessar verðhækkanir verða væntanlega til þess að vekja áhuga íslenzkra útflutningssamtaka fyrir brezka markaðinum á ný. Því fylgir aukið öryggi, að hægt sé að selja þorskflök á hagkvæmu verði til fleiri landa en þeirra, sem við nú seljum þau til fyrst og fremst. Fyrsta lágmarksverðið er svipað núverandi blokkaverði í Bandaríkjunum, ef tekið er tillit til mismunandi framleiðslukostnaðar á pakkningunum. Samkomulagið um lágmarksverðið mun vafalaust styrkja freðfiskmarkað í fleiri löndum en Bretlandi. Má búast við, að auðveldara verði að semja um hagkvæmt verð við aðra kaupendur, þegar hægt er að benda á hækkandi freðfiskverð á brezka markaðnum. Þá má benda á, að samkomulagið gæti orðið til þess, að frystihús taki að flaka kola fyrir brezkan markað í stað þess að frysta hann, þar eð fryst kolaflök verða tollfrjáls. Mundi þetta auka verðmæti útflutningsins, auk þess sem það eykur atvinnu.

Það hlýtur að teljast mikilvægt fyrir fiskframleiðsluþjóð eins og Íslendinga, að nú hefur náðst milliríkjasamkomulag um stöðugt og hækkandi verðlag á helztu útflutningsafurð landsins og það á stærsta fiskmarkaði Evrópu. Er ekki ósennilegt, að samkomulagið verði til þess, að dregið verði úr niðurgreiðslum á fiskverði í Noregi, en þær niðurgreiðslur hafa haft áhrif til verðlækkunar á heimsmarkaðnum og valdið öðrum fiskútflytjendum þannig tjóni. Auk þessara viðskiptafríðinda fyrir freðfisk má í þessu sambandi benda á, að í Fríverzlunarsamtökunum mundi íslenzkur sjávarútvegur njóta tollfrelsis við útflutning á mjöli og lýsi, hvalafurðum, niðursoðnu og niðurlögðu fiskmeti og frystum rækjum en þessar vörur eru taldar til iðnaðarframleiðslu.

Norrænn Iðnþróunarsjóður á Íslandi.

Eins og þegar kom fram í ræðu viðskiptamálaráðherra í ráði Fríverzlunarsamtakanna í Genf var ljóst, að eitt höfuðvandamálið í sambandi við hugsanlega aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum væri, hvernig tryggja mætti gagnkvæmni í viðskiptum Íslands og hinna Norðurlandanna fjögurra. Viðskiptajöfnuðurinn milli Íslands og hinna Norðurlandanna sem heildar hefur verið Íslandi óhagstæður. Afnám tollverndar í viðskiptum með iðnaðarvörur hlýtur að verða hinum Norðurlöndunum hagstæðara en Íslandi, miðað við óbreytta samsetningu útflutningsins. Margar verndarvörur eru hér hátt tollaðar, en mikið af núverandi útflutningi Íslendinga til hinna Norðurlandanna er lítið tollaður þar. Til þess að jafna þessi met taldi ríkisstjórnin rétt að hreyfa þeirri hugmynd við ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna, að þær auðvelduðu Íslendingum aðlögun að markaðsaðstæðum í Fríverzlunarsamtökunum með því að efla iðnþróun á Íslandi og gerðu Íslendingum kleift að auka sölu á kindakjöti til hinna Norðurlandanna. Í sambandi við aðlögun iðnaðarins að markaði Fríverzlunarsamtakanna og elfingu iðnþróunarinnar þurfa Íslendingar á verulegu fjármagni að halda. Ákvað ríkisstjórnin að stinga upp á því við ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna, að öll Norðurlöndin kæmu upp iðnþróunarsjóði á Íslandi í þessu skyni. Var þessi hugmynd fyrst borin fram af forsætisráðherra, Bjarna Benediktssyni, á forsætisráðherrafundi Norðurlanda í Stokkhólmi í febrúar 1969 og

síðan rædd frekar af viðskiptamálaráðherra, Gylfa Þ. Gíslasyni, við norræna ráðherra á ársfundi OECD í París síðar í sama mánuði.

Ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna tóku þessari málaleitan mjög vel. Á fundi norrænna embættismanna í Reykjavík 22. ágúst s. l. voru samin drög að stofnsamningi fyrir sjóðinn. Var samkomulag um, að stofnfé þessa sjóðs yrði 14 milljónir dollara eða 1 232 millj. kr. og skuli stofna sjóðinn um leið og Ísland gerist aðili að Fríverzlunarsamtökunum. Frekari viðræður fóru fram í sambandi við fund norrænu fjármálanefndarinnar í Reykjavík dagana 16.—18. september s. l. og var þá gengið frá orðalagi samningsins, en hann fylgir hér sem fylgiskjal V. Áður höfðu fjármálaráðherrar Norðurlanda á fundi sínum í Helsingfors 28. ágúst ákveðið að framlag landanna til sjóðsins yrði sem hér segir:

Danmörk 2.7 millj. dollara.
Finnland 2.7 millj. dollara.
Ísland 0.5 millj. dollara.
Noregur 2.7 millj. dollara.
Svíþjóð 5.4 millj. dollara.

Önnur aðalatriði samningsins eru þau, að framlögin á að greiða með jöfnum árlegum upphæðum á fyrstu 4 árunum eftir að Ísland gerist aðili að Fríverzlunarsamtökunum. **Á 10. ári frá stofnun sjóðsins skal sjóðurinn hefja endurgreiðslu á** framlögum hinna Norðurlandanna, en þau eru vaxtalaus, og skal endurgreiðslum þeirra lokið í lok 25. starfsárs sjóðsins. Þá verður sjóðurinn eign íslenzka ríkisins og fellur samningurinn þar með úr gildi.

Sjóðurinn mundi veita lán til íslenzkra iðnfyrirtækja og lánastofnana, sem vinna að sama markmiði og sjóðurinn, svo sem iðnlánasjóður. Sjóðnum er ætlað að örva þróun útflutningsiðnaðar og jafnframt að styrkja samkeppnisaðstöðu þeirra iðngreina, sem keppa við innfluttar iðnaðarvörur. Sjóðurinn getur ábyrgzt lán, sem aðrar stofnanir veita iðnfyrirtækjum. Hann getur einnig veitt hagstæð lán eða framlög vegna tækniaðstoðar, rannsókna og til markaðsöflunar.

Gert er ráð fyrir, að stjórn sjóðsins skipi 5 menn, einn frá hverju landi, og hefur hún með höndum yfirstjórn sjóðsins. Sérstök framkvæmdastjórn tekur ákvörðun um lánveitingar og aðra starfsemi sjóðsins. Í henni yrðu auk framkvæmdastjóra 5 fulltrúar íslenzku bankanna. Framkvæmdastjórinn annast mannaráðningar og daglegan rekstur. Stofnsamningurinn tekur gildi, þegar hin Norðurlöndin hafa fullgilt aðildarsamning Íslands við Fríverzlunarsamtökin.

Samningar um sölu á kindakjöti til hinna Norðurlandanna.

Stofnsamningur Fríverzlunarsamtakanna tekur ekki til landbúnaðarafurða. Aðstaða íslenzks landbúnaðar á innanlandsmarkaði mun því ekkert breytast vegna aðildar Íslands að samtökunum. Hins vegar mun landbúnaðurinn hafa nokkurn hag af því, að verð á gærum, skinnum og ull hækki við það, að unnar vörur úr þessum afurðum verða tollfrjálsar í EFTA-löndunum og hætt verði að flytja þær út að miklu leyti óunnar eins og hingað til. Mun meira máli fyrir landbúnaðinn skiptir þó hitt, að samningar hafa tekizt við hin Norðurlöndin fjögur um verulega aukningu á innflutningi kindakjöts, en söluverð til þessara landa er yfirleitt miklu hærra en til Bretlands, sem nú er aðal markaðslandið. Samningarnir fjórir gera ráð fyrir 1700 tonna útflutningi á ári til Norðurlandanna, en meðalútflutningur þangað síðustu 3 ár hefur verið 455 tonn. Aðalatriði samninganna eru þessi:

Danmörk leyfir að flytja inn árlega tollfrjálst 500 tonn af íslenzku dilkakjöti. Þegar tekið er tillit til þess, að Danir eru miklir kjötútflytjendur og hafa átt í vaxandi erfiðleikum með þann útflutning, er ljóst, að Danir hafa gengið mjög til móts við óskir Íslendinga. Sá velvilji, sem dönsk stjórnarvöld hafa sýnt í þessu máli, hefur eflaust einnig stuðlað að því, að hin Norðurlöndin reyndust jafn jákvæð og raun ber vitni.

Finnar hafa samþykkt að heimila árlega innflutning á 100 tonnum næstu 3 árin, en þá yrði þessi innflutningur tekinn til nýrrar athugunar. Tollur verður ekki felldur niður, en það skiptir litlu máli, þar eð markaðsverð er hagstætt.

Noregur hefur samþykkt 600 tonna árlegan innflutning, en tollur verður ekki felldur niður. Á undanförnum árum hefur innflutningur á íslenzku kindakjöti sætt mikilli og vaxandi mótspyrnu norskra bænda og samtaka þeirra. Fengizt hafa þó **innflutningsleyfi fyrir nokkru magni árlega. Var það 300 tonn í ár, en 108 tonn í fyrra. Kindakjötsverð í Noregi er mjög hagstætt, og er því mikill ávinningur að** samkomulaginu.

Svíþjóð hefur fallizt á að heimila innflutning á 500 tonnum árlega og fella niður innflutningsgjald á því magni. Innflutningsgjald hefur venjulega verið svo hátt, að það hefur komið í veg fyrir sölu á kindakjöti til Svíþjóðar. Til skamms tíma var gjaldið s.kr. 4.59 eða 78 ísl. kr. á kg., en var í haust lækkað um s.kr. 2.00. Vegna **þessarar lækkunar og afskipta landbúnaðarráðherra beggja landanna hefur tekizt** að selja 330 tonn af lambakjöti til Svíþjóðar til afgreiðslu í haust. Ef þessi viðskipti eiga að geta haldið áfram, er nauðsynlegt, að innflutningsgjaldið verði fellt alveg niður á íslenzku lambakjöti einu. Að öðrum kosti má búast við, að lambakjöt frá Nýja Sjálandi leggi sænska markaðinn að verulegu leyti undir sig. En sænsk stjórnarvöld geta, vegna skuldbindinga sinna í GATT, því aðeins fellt innflutningsgjaldið á íslenzku dilkakjöti einu alveg niður, að Ísland verði aðili að Fríverzlunarsamtökunum. Að forminu til yrði niðurfellingin að gilda um innflutning frá öllum öðrum aðildarríkjum Fríverzlunarsamtakanna, en sænsk stjórnarvöld mundu geta tryggt það, að í reynd yrði aðeins leyfður innflutningur frá Íslandi án greiðslu innflutningsgjalds.

Það magn, sem selja má til Svíþjóðar, verður að flytja þangað á tímabilinu 1. febrúar—30. júní ár hvert, en það er aðalsölutíminn fyrir innflutt fryst kindakjöt. Telur útflytjandinn, Samband ísl. samvinnufélaga, að þessi tímatakmörkun komi ekki að sök. Á öðrum tíma má flytja inn kindakjöt ótakmarkað til Svíþjóðar, en af því magni þarf að greiða innflutningsgjald.

Sænsk stjórnarvöld töldu sig ekki geta samþykkt meira innflutningsmagn en 500 tonn, af því að þau sögðu, að ekki væri markaður fyrir meira magn. Þau hafa hins vegar lofað, að sú ákvörðun muni vera tekin til vinsamlegrar endurskoðunar, ef í ljós komi, að hægt sé að selja meira magn af íslenzku kindakjöti í Svíþjóð.

Allir þessir samningar eru háðir því skilyrði, að Ísland gerist aðili að Fríverzlunarsamtökunum. Þeir eru því einn þáttur samningsgerðarinnar um aðild Íslands að samtökunum. Fyrirmynd þeirra eru tvíhliða samningar, sem Danmörk gerði við ýmis önnur aðildarríki Fríverzlunarsamtakanna til þess að greiða fyrir sölu landbúnaðarafurða sinna, þegar Fríverzlunarsamtökunum var komið á fót.

Í þessari greinargerð hefur málflutningur af Íslands hálfu gagnvart ráði Fríverzlunarsamtakanna í Genf og einstökum aðildarríkjum þeirra verið rakinn, sem og niðurstöður þeirra samningaviðræðna, sem fram hafa farið. Er nú algjörlega ljóst, með hvaða skilyrðum Ísland getur gerzt aðili að Fríverzlunarsamtökunum 1. marz 1970.

Í sérstökum fylgiskjölum er fjallað um athuganir, sem gerðar hafa verið á áhrifum aðildar Íslands að Fríverzlunarsamtökunum á ýmsum sviðum innanlands.

Jafnhliða þessari tillögu til þingsályktunar verða lögð fyrir Alþingi frumvarp til laga um tollskrá og frumvörp til laga um breyting á lögum um verzlunaratvinnu og iðju og iðnað.

Fylgiskjal I.

UPPKAST

SAMÞYKKT RÁÐSINS NR. 1969

AÐILD ÍSLANDS

RÁÐIÐ,

vísar til umsóknar Íslands um aðild frá 12. nóvember 1968,

hefur í huga þýðingu þess að afnema viðskiptahömlur á eins víðtæku svæði og kleift er,

æskir þess að auðvelda þróun og fjölbreytni íslenzks efnahagslífs,

vísar til 1. málsgreinar 41. greinar og 6. málsgreinar 32. greinar samningsins,

vísar til 1. málsgreinar 8. greinar sáttmálans,

ÁLYKTAR:

I. **Aðild að samningnum.**

Aðild Íslands að samningnum um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu (sem annars staðar í þessari samþykkt er nefndur samningurinn) er samþykkt með eftirtöldum kjörum og skilyrðum:

(3. gr., málsgr. 2(a)) 1. Að því er Ísland snertir, skal liður (a) í 2. málsgrein 3. greinar samningsins hljóða svo:

„Frá og með eftirfarandi tímamörkum skal Ísland ekki leggja innflutningstolla á nokkra vöru, sem er hærri en sú hundraðstala grunntollsins, sem ákvörðuð hefur verið frá þessum tímamörkum, en hér á eftir eru hinir ýmsu grunntollar taldir upp:

Grunntollar.

	2	4	5	10	12	15	20	25	30	35	40	50	60	65	70	75	80	90	100 af hundraði
Gildistökudagur samningsins fyrir Ísland:	2	4	4	7	8	11	14	18	21	25	30	35	40	45	50	55	55	65	70 af hundraði
1. janúar 1974:	0	3	3	6	7	9	12	15	18	21	24	30	35	40	40	45	50	55	60 af hundraði
1. janúar 1975:	0	3	3	5	6	7	10	13	15	17	20	25	30	30	35	35	40	45	50 af hundraði
1. janúar 1976:	0	2	2	4	5	6	8	10	12	14	16	20	24	25	30	30	30	35	40 af hundraði
1. janúar 1977:	0	2	2	3	4	4	6	7	9	10	12	15	18	20	21	22	25	25	30 af hundraði
1. janúar 1978:	0	0	0	2	2	3	4	5	6	7	8	10	12	13	14	15	16	18	20 af hundraði
1. janúar 1979:	0	0	0	2	2	2	2	2	3	3	4	5	6	6	7	7	8	9	10 af hundraði

(3. gr., málsgr. 2(b)) 2. Að því er Ísland snertir skulu tímamörk þau, sem vísað er til í b-lið 2. málsgreinar 3. greinar samningsins vera "1. janúar 1980".

(3. gr., 3. málsgr.) 3. Að því er Ísland snertir skulu tímamörk þau, sem vísað er til í 3. málsgrein 3. greinar samningsins vera "1. janúar 1970".

4. (a) Þrátt fyrir ákvæði 2. málsgreinar 3. greinar samningsins, svo sem þeim er beitt gagnvart Íslandi samkvæmt 1. og 2. lið þessarar samþykktar, getur Ísland hvenær sem er fyrir 1. janúar 1975, hækkað gildandi innflutningstoll á vöru, sem á þeim tíma er ekki framleidd í verulegu magni á Íslandi, eða sett nýjan innflutningstoll á vöru, sem framleiðsla á Íslandi hófst á eftir 1. janúar 1970, svo fremi að slíkur innflutningstollur

(i) sé nauðsynlegur til að stuðla að þróun ákveðinnar framleiðslu;

(ii) sé að verðtollsígildi ekki hærri en venjulega er um innflutningstolla, sem Ísland leggur á beztu-kjara grundvelli á þeim tíma á svipaðar vörur framleiddar á Íslandi.

(b) Ísland skal tilkynna ráðinu um alla tolla, sem lagðir eru á í samræmi við lið 4 (a) þessarar samþykktar ekki síðar en 30 dögum, áður en þeir koma til framkvæmda. Ef aðildarríki óskar þess, skal ráðið athuga, hvort skilyrði þessarar málsgreinar eru uppfyllt.

(c) Fyrir 1. janúar 1980 skal Ísland afnema nýja og hækkaða innflutningstolla, sem lagðir eru á í samræmi við lið 4 (a) þessarar samþykktar. Innflutningstollarnir skulu lækkaðir jafnt og í stigum. Ísland skal tilkynna ráðinu um, hvaða áætlun skal beitt í lækkununum. Að beiðni aðildarríkis skal ráðið taka áætlun þá, sem tilkynnt hefur verið, til athugunar, og getur það ákveðið að breyta henni.

(d) Að beiðni aðildarríkis getur ráðið tekið til árlegrar athugunar aukningu útflutnings frá Íslandi á vöru, sem nýr eða hækkaður tollur hefur verið lagður á, í samræmi við lið 4 (a) þessarar samþykktar, og getur með hliðsjón af þeirri athugun ákveðið, að slikur tollur sé afnuminn samkvæmt hraðari áætlun en áætlun þeirri, sem ákveðin var í samræmi við lið 4 (c) þessarar samþykktar.

5. Að því er Ísland varðar

(6. gr., málsgr. 3(a)) (a) skulu tímamörk þau, sem vísað er til í a-lið 3. málsgreinar 6. greinar samningsins vera "1. janúar 1972";

(6. gr., málsgr. 3(b)) (b) skulu tímamörk þau, sem vísað er til í (ii) í b-lið þessarar sömu 3. málsgreinar vera "1. janúar 1975" og

(6. gr., málsgr. 3(c)) (c) skulu tímamörk þau, sem vísað er til, í c-lið þessarar sömu 3. málsgreinar vera "1. júlí 1970".

6. Að því er Ísland varðar

(10. gr., 2. málsgr.) (a) skulu tímamörk þau, sem vísað er til í 2. málsgrein 10. greinar samningsins vera "31. desember 1974";

(10. gr., 3. málsgr.) (b) skulu tímamörk þau, sem vísað er til í 3. málsgrein greinarinnar vera "1. janúar 1975";

(10. gr., 5. málsgr.) (c) orðin "Þann 1. júlí 1960 skulu aðildarríkin ...", sem koma fyrir í byrjun 5. málsgreinar greinarinnar, skulu hljóða "Á gildistökudegi samningsins fyrir Ísland, skal Ísland ...";

(10. gr., 5. málsgr.) (d) almanaksárið, sem getið er í lok þessarar sömu málsgreinar, skal vera "1969";

(10. gr., 6. málsgr.) (e) orðin "skulu aðildarríkin sjá svo um, að sá kvóti, sem tekinn verður upp 1. júlí 1960, ...", sem koma fyrir í fyrstu setningu 6. málsgreinar greinarinnar, skulu hljóða "skal Ísland sjá svo um, að sá kvóti, sem tekinn verður upp á gildistökudegi samningsins fyrir Ísland ...";

(10. gr., 7. málsgr.) (f) orðin "Þann 1. júlí 1961, og síðan árlega þann 1. júlí skulu Aðildarríkin ...", sem koma fyrir í byrjun 7. málsgreinar greinarinnar, skulu hljóða "Þann 1. janúar 1971 og síðan árlega þann 1. janúar, skal Ísland ..."; og

(10. gr., 11. málsgr. (b)) (g) almanaksárið, sem tvívegis er getið í b-lið 11. málsgreinar greinarinnar, skal vera "1969".

7. Að því er Ísland varðar

(Viðauki A, 2. málsgr.) (a) skulu tímamörk þau, sem vísað er til í 2. málsgrein Viðauka A í samningnum vera "1. janúar 1970" og 31. desember 1974" í þeirri röð og

(Viðauki A, 4. málsgr.) (b) skulu tímatakmörk þau, sem vísað er til í 4. málsgrein í þessum Viðauka, vera "1. janúar 1970".

(Viðauki B, 12. regla 4. málsgr.) 8. Tollendurgreiðsla, sem krafizt er, eða notuð er, við útflutning vara fyrir gildistökudag samningsins við Ísland, frá íslenzku landssvæði til eða frá landssvæði annars aðildarríkis til Íslands, skal ekki hafa áhrif á svæðistollmeðferðarhæfni þeirra, ef þær eru ekki endurútfluttar frá landssvæði einhvers annars aðildarríkis eftir þann dag.

II. **Breyting á samningnum.**

9. Í stað orðsins „fjögurra", sem kemur fyrir í þriðju setningu 5. málsgreinar 32. greinar samningsins, skal koma "fimm".

III. **Aðild að sáttmálanum.**

10. Ísland skal gerast aðili að sáttmálanum um stofnun samtaka milli Aðildarríkja Fríverzlunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Finnlands (sem annars staðar í þessari samþykkt er nefndur sáttmálinn).

IV. **Gildistaka samningsins og sáttmálans.**

11. Svo framarlega sem Ísland hefur afhent ríkisstjórn Svíþjóðar fullgildingarskjöl um aðild sína að samningum og sáttmálanum, samkvæmt þeim kjörum og skilyrðum, sem getið er í þessari samþykkt, skal samningurinn og sáttmálinn taka gildi að því er Ísland varðar

þann 1. marz 1970 eða

þrjátíu dögum eftir gildistöku þessarar samþykktar,

hvorn daginn, sem reynist vera seinni.

V. **Gildistaka þessarar samþykktar.**

12. Þessi samþykkt skal taka gildi, þegar öll aðildarríkin hafa annaðhvort samþykkt hana fyrirvaralaust eða tilkynnt, að jákvætt atkvæði þeirra hafi verið staðfest í samræmi við stjórnarskrárlög þeirra.

13. Breytingin á samningnum, sem kveðið er á um í 9. lið þessarar samþykktar, skal hins vegar því aðeins taka gildi, að samningurinn taki gildi að því er Ísland varðar.

VI. **Varzla þessarar samþykktar.**

14. Aðalframkvæmdastjórinn skal afhenda samþykkt þessa ríkisstjórn Svíþjóðar til vörzlu.

Uppkast.

BÓKUN

um samkomulag, sem gert var í samningaviðræðum um aðild Íslands að samningi um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu.

1. Þegar orðin "samningur" og "sáttmáli" eru notuð í sambandi við aðild Íslands, ná þau einnig til allra breytinga, túlkana og bókana, sem gerðar hafa verið fram til 1. janúar 1970.

2. Varðandi 5. grein samningsins: Með tilliti til þess, hve íslenzkir fjáröflunartollar eru margir og Ísland óskar að byggja upp útflutningsiðngreinar og endurgreiða þann hluta fjáröflunartolla, sem ekki felur í sér vernd, en jafnframt fara fram á EFTA-meðferð, er samkomulag um það, að ef aðildarríki staðhæfir að endurgreiðsla af Íslands hálfu af þeim hluta fjáröflunartolls, sem ekki felur í sér vernd, og lagður er á hráefni og hálfunnar vörur, valdi viðskiptafráviki, skuli ríkisstjórn Íslands vera reiðubúin að eiga viðræður um málið með það fyrir augum að leita úrræða. Náist ekki samkomulag, skal málinu vísað til ráðsins í þeim tilgangi að finna á því lausn.

3. Varðandi 8. grein samningsins: Ljóst er, að á útflutning íslenzkra sjávarafurða eru lögð gjöld til að afla tekna fyrir ýmsa sjóði og til að standast straum af kostnaði, sem einvörðungu koma þessari atvinnugrein sjálfri til góða, og að ráðið muni taka málið til athugunar sé þess óskað af einhverju aðildarríki.

4. Varðandi 10. grein samningsins:

"(a) Um það er samkomulag, að Íslandi sé heimilt að hafa áfram höft á innflutningi eftirtalinna vara frá landssvæði annarra aðildarríkja:

Bruxelles-tollskrár-númer	
27.09	Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, óhreinsaðar;
ex 27.10	Jarðolía hreinsuð að nokkru, þar með talið "topped crude";
ex 27.10	Benzín, þó ekki flugvélabenzín;
ex 27.10	Gasolía (distillate fuel);
ex 27.10	Brennsluolía (residual fuel oil).

Þessum innflutningshöftum skal beitt á þann hátt, að seljendur í aðildarríkjum fái tækifæri til að keppa við aðra seljendur á eðlilegan og jafnan hátt um sanngjarnan hluta íslenzka markaðsins fyrir þessar vörur, enda sé tekið tillit til eðlilegrar þróunar viðskiptanna.

(b) Um það er samkomulag, að Íslandi sé heimilt að hafa áfram höft á innflutningi á:

Bruxelles-tollskrár-númer	
96.01 og ex 96.02	Burstagerðarvörur, þó ekki burstar, sem eru hlutar af vélum, málningarrúllur, gúmmíþurrkur á skafti (aðrar en rúllur) og skaftþvögur, listmálunarpenslar og tannburstar

frá landssvæði annarra aðildarríkja á þeim forsendum, að slíkar burstagerðarvörur séu framleiðsla blindra á Íslandi.

ex 18.06	Súkkulaði og aðrar neyzluvörur, sem í er kakaó, þó ekki möndlumassi í 10 kg blokkum og stærri;

(c) Um það er samkomulag, að hvað varðar:

Bruxelles-tollskrár-númer	
ex 17.04	Lakkrís sykraður og lakkrísvörur;
ex 17.04	Sykurvörur, sem kakaó er ekki í, þó ekki möndlumassi í 10 kg. blokkum og stærri;
ex 18.06	Súkkulaði og aðrar neyzluvörur, sem í er kakaó, þó ekki möndlumassi í 10 kg. blokkum og stærri;
22.03	Öl gert úr malti;
25.23	Portlandssement, alumínatsement, slaggsement og annað hydrólískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall;

skuli ekki settir glóbalkvótar fyrir innflutningi til Íslands fyrr en 1. janúar 1972. Eftir þann tíma skal slakað hraðar á innflutningshöftum á þessum vörum og þau afnumin ekki síðar en 31. desember 1974."

5. Varðandi 11. grein samningsins: Ljóst er, að útflutningsleyfakerfi Íslands, samkvæmt lögum nr. 30 frá 27. maí 1960, felur ekki í sér nein höft á, eða bann við, útflutningi Íslands til aðildarríkjanna.

6. Um það er samkomulag:

að bókun um samkomulag, sem gerð var í samningaviðræðum, sem leiddu til samnings um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu, en eintak af henni fylgir hér með, ásamt breytingu á henni, sem einnig fylgir hér með, skuli gilda í samskiptum núverandi aðildarríkja og Íslands, og

að bókun um samkomulag, sem gerð var í samningaviðræðum, sem leiddu til sáttmála um stofnun samtaka milli aðildarríkja Fríverzlunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Finnlands, en eintakið af henni fylgir hér með, skuli gilda í samskiptum Íslands og Finnlands.

Fyrir hönd sendinefndar .....

Fyrir hönd sendinefndar .....

UPPKAST AÐ SAMÞYKKT SAMEIGINLEGA RÁÐSINS NR. 1969.

SAMEIGINLEGA RÁÐIÐ,

hefur hliðsjón af samþykkt ráðsins nr. 1969, þar sem staðfest er aðild Íslands að samningnum og sáttmálanum og lýst kjörum og skilyrðum aðildarinnar,

vísar til 5. málsgreinar 6. greinar sáttmálans og

ÁLYKTAR:

Í stað orðsins „fjögurra“, sem kemur fyrir í annarri setningu 7. málsgreinar 6. greinar sáttmálans skal koma "fimm".

VIÐURKENNIR:

að orðin "þrátt fyrir ákvæði 4. málsgreinar þessarar greinar", sem koma fyrir í sömu setningu, hafa þar af leiðandi ekki gildi eins og stendur.

ÁLYKTAR ENN FREMUR:

samþykkt þessi tekur gildi á sama degi og sáttmálinn tekur gildi fyrir Ísland.

Aðalframkvæmdastjóri Fríverzlunarsamtaka Evrópu skal fá ríkisstjórn Svíþjóðar texta samþykktar þessarar til vörzlu.

Fylgiskjal II.

SAMNINGUR UM STOFNUN FRÍVERZLUNARSAMTAKA EVRÓPU

Lýðveldið Austurríki, konungsríkið Danmörk, konungsríkið Noregur, lýðveldið Portúgal, konungsríkið Svíþjóð, Svissneska ríkjasambandið, og hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretland og Norður-Írland;

sem hafa hliðsjón af samningnum um Efnahagssamvinnu Evrópu frá 16. apríl 1948, er grundvallaði Efnahagssamvinnustofnun Evrópu (OEEC);

og hafa ákveðið að halda áfram og efla þá samvinnu, er sú stofnun kom á fót;

og eru einhuga um að stuðla sem fyrst að stofnun samtaka margra aðila til að afnema viðskiptahömlur og efla nánari efnahagssamvinnu milli aðila Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, þar með taldir aðilar Efnahagsbandalags Evrópu;

sem hafa hliðsjón af Hinu Almenna Samkomulagi um Tolla og Viðskipti (GATT);

og eru einhuga um að stuðla að því, að markmið þess samkomulags náist

eru sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Samtökin.

1. Hér með eru stofnuð alþjóðleg samtök, sem bera skulu heitið Fríverzlunarsamtök Evrópu, hér á eftir nefnd „samtökin".

2. Aðilar samtakanna, sem hér á eftir verða nefndir „aðildarríki", skulu teljast þau ríki, sem fullgilda samning þennan og þau önnur ríki, sem aðilar gerast.

3. Svæði samtakanna skulu vera þau landssvæði, sem samningurinn tekur til.

4. Stofnanir samtakanna skulu vera ráð þess, og þær aðrar stofnanir, sem ráðið kann að koma á fót.

2. gr.

Markmið.

Markmið samtakanna skulu vera þessi:

(a) að stuðla að stöðugum hagvexti, fullri atvinnu, aukinni framleiðni og hagkvæmri nýtingu framleiðsluþáttanna, fjármálalegu jafnvægi og stöðugt batnandi lífskjörum á svæði samtakanna og í hverju aðildarríki,

(b) að tryggja það, að viðskipti milli aðildarríkjanna eigi sér stað á grundvelli sanngjarnrar samkeppni,

(c) að komast hjá verulegum aðstöðumun milli aðildarríkjanna við öflun hráefna, sem unnin eru á svæði samtakanna, og

(d) að vinna að farsælli þróun og aukningu alþjóðaviðskipta, og fjarlægja stig af stigi hindranir á vegi þeirra.

3. gr.

Innflutningstollar

1. Aðildarríkin skulu lækka, og að lokum afnema, í samræmi við þessa grein, tolla og hver þau önnur gjöld, sem sömu áhrif hafa, er lögð eru á vegna, eða í sambandi við, innflutning þeirra vara, sem geta notið svæðistollmeðferðar samkvæmt 4. grein, nema þá tolla, sem tilkynntir eru samkvæmt 6. grein og önnur gjöld, sem falla undir þá grein. Hvers kyns slíkir tollar eða önnur gjöld verða hér á eftir nefndir „innflutningstollar".

2. (a) Frá og með eftirfarandi tímamörkum skulu aðildarríkin ekki leggja innflutningstolla á nokkra vöru, sem hærri eru en sú hundraðstala grunntollsins, sem ákvörðuð hefur verið frá þessum tímamörkum:

1. júlí	1960	80 af hundraði
1. júlí	1961[1])	70 af hundraði
1. marz	1962[2])	60 af hundraði
31. október	1962[3])	50 af hundraði
31. desember	1963[4])	40 af hundraði
31. desember	1964[4])	30 af hundraði
31. desember	1965[4])	20 af hundraði

(b) Frá og með 31. desember 1966[4]) skulu aðildarríkin ekki leggja á neina innflutningstolla.

3. Með þeim undantekningum, sem gerðar eru í Viðauka A, er sá grunntollur, sem vitnað er til í 2. málsgrein þessarar greinar, að því er hvert aðildarríki varðar og sérhverja vöru, innflutningstollurinn, sem aðildarríkið lagði á innflutning þeirrar vöru frá öðrum aðildarríkjum þann 1. janúar 1960.

4. Sérhvert aðildarríki lýsir sig reiðubúið til þess að leggja á lægri innflutningstolla en getið er um í 2. málsgrein þessarar greinar, ef það telur, að efnahags- og fjárhagsstaða þess, og hlutaðeigandi atvinnugreinar, leyfi það.

5. Ráðið getur, hvenær sem er, ákveðið, að innflutningstollar skuli lækkaðir hraðar eða afnumdir fyrr en ákveðið er í 2. málsgrein þessarar greinar. Milli 1. júlí 1960 og 31. desember 1961 skal ráðið kanna, hvort unnt er að ákvarða slíkt að því er tekur til innflutningstolla, sem lagðir eru á vissar eða allar vörur af hálfu sumra eða allra aðildarríkjanna.

4. gr.

Svæðistollmeðferð.

1. Að því er varðar 3.—7. grein þá skulu vörur, með tilliti til ákvæða Viðauka B, hafa rétt á að hljóta svæðistollmeðferð, ef þær hafa verið sendar til landssvæðis þess aðildarríkis, sem flytur þær inn frá landssvæði annars aðildarríkis, og ef þær eru upprunnar á svæðinu í samræmi við eitthvert af eftirtöldum skilyrðum:

---

1) Skv. breytingum með ráðssamþykkt nr. 4, 1961 (16. febrúar 1961).
2) Skv. breytingum með ráðssamþykkt nr. 22, 1961 (21. nóvember 1961).
3) Skv. breytingum með ráðssamþykkt nr. 11, 1962 (22. júní 1962).
4) Skv. breytingum með ráðssamþykkt nr. 6, 1963 (10. maí 1963).

(a) að þær hafi að öllu leyti verið framleiddar á svæði samtakanna;

(b) að þær falli undir þá vörulýsingu, sem greind er í framleiðsluskránum á vörulista I og II í Viðauka B og hafi verið framleiddar á svæði samtakanna á þann viðeigandi hátt, sem lýst er í þessum framleiðsluskrám;

(c) þegar um er að ræða aðrar vörur en þær, sem getið er á vörulista I í Viðauka B, að þær hafi verið framleiddar á svæði samtakanna, og að verðmæti efna, sem notuð eru á hvaða vinnslustigi varanna sem er, og innflutt eru utan svæðisins eða af óþekktum uppruna, sé ekki hærra en 50% af útflutningsverðmæti varanna.

2. Að því er varðar liði (a), (b) og (c) í 1. málsgrein þessarar greinar, þá skulu hráefni, sem nefnd eru á hráefnaskránni á vörulista III í Viðauka B, ekki talin innihalda nein efni, sem flutt hafa verið inn utan svæðisins, þegar þau hafa verið notuð, svo sem greint er í hráefnaskránni í framleiðslu innan svæðis samtakanna.

3. Ekkert í samningi þessum skal koma í veg fyrir, að aðildarríki geti veitt vörum svæðistollmeðferð, sem fluttar eru inn frá landssvæði annars aðildarríkis, svo framarlega sem sams konar vörur, sem fluttar eru inn frá landssvæði annarra aðildarríkja, hljóti sömu meðferð.

4. Ákvæði, sem lúta að stjórnsýslu og framkvæmd þessarar greinar, er að finna í Viðauka B.

5. Ráðið getur ákveðið að breyta ákvæðum þessarar greinar og Viðauka B.

6. Ráðið skal öðru hvoru kanna, að hvaða leyti unnt er að breyta samningnum, svo að tryggt sé, að reglurnar um uppruna gegni hindrunarlaust hlutverki sínu, sér í lagi á þann veg, að þær verði gerðar einfaldari og rýmri.

5. gr.

Viðskiptafrávik.

1. Að því er varðar þessa grein er það nefnt viðskiptafrávik, þegar

(a) innflutningur ákveðinnar vörutegundar frá landssvæði eins aðildarríkis til annars fer vaxandi,

(i) sem afleiðing lækkunar eða afnáms tolla eða gjalda af þessari vöru í innflutningslandinu, vegna ákvæða 3. eða 6. greinar, og

(ii) vegna þess að tollar eða gjöld, sem útflutningsríkið leggur á innflutt hráefni eða hálfunna vöru, sem notuð eru við framleiðslu umræddrar vöru, eru verulega lægri en hliðstæðir tollar eða gjöld, sem innflutningsríkið beitir, og

(b) þessi aukning innflutnings valdi, eða myndi valda, þeirri framleiðslu, sem á sér stað á landssvæði innflutningslandsins, alvarlegum skaða.

2. Ráðið skal jafnan hafa til athugunar viðskiptafrávik og orsakir þeirra. Það skal taka þær ákvarðanir, sem nauðsynlegar eru, til þess að hafa áhrif á orsakir viðskiptafrávika með því að breyta reglunum um uppruna, samkvæmt 5. málsgrein 4. greinar, eða á annan þann hátt, sem því þykir hæfa.

3. Ef viðskiptafrávik á sér stað, sem krefst skjótra aðgjörða, þá getur hvaða aðildarríki sem er skotið málinu til ráðsins. Ráðið skal taka ákvörðun í málinu svo fljótt sem unnt er og að jafnaði, innan eins mánaðar. Ráðið getur, með meirihlutaákvörðun, heimilað bráðabirgðaaðgjörðir, sem miða að því að tryggja stöðu þess ríkis, sem um er að ræða. Slíkar ráðstafanir skulu ekki vera í gildi lengur en þar til það fyrirkomulag, sem um er rætt í 2. málsgrein hér að ofan, nær fram að ganga og ekki lengur en í tvo mánuði, nema ráðið í undantekningartilfellum heimili, með meirihlutasamþykkt, framlengingu þessa tímabils í mesta lagi tvo mánuði.

4. Aðildarríki, sem hyggur á lækkun á gildandi toll- eða gjaldstiga á hverri þeirri vöru, sem ekki getur komið undir svæðistollmeðferð, skal eftir því sem framkvæmanlegt er, tilkynna það ráðinu ekki síðar en þrjátíu dögum áður en slík lækkun tekur gildi, og skal taka til athugunar allar ábendingar annarra aðildarríkja um, að lækkunin sé líkleg til að leiða til viðskiptafrávika. Upplýsingar, sem fengnar eru samkvæmt þessari málsgrein, skulu ekki látnar í té nokkrum aðila utan starfsliðs samtakanna eða opinberrar þjónustu aðildarríkjanna.

5. Þegar aðildarríkin ráðgera breytingar á tollum sínum eða gjöldum á hverri þeirri vöru, sem ekki getur komið undir svæðistollmeðferð, skulu þau taka tillit til þess, að æskilegt er að forðast þau frávik í viðskiptum, sem af slíkum breytingum gætu leitt. Í slíkum tilvikum getur sérhvert aðildarríki, sem telur, að viðskiptafrávik eigi sér stað, skotið málinu til ráðsins samkvæmt 31. grein.

6. Ef vitnað er til mismunar á toll- eða gjaldstigum á einhverri þeirri vöru, sem ekki getur komið undir svæðistollmeðferð, þegar í athugun er kæra samkvæmt 31. grein, þá skal einungis vera tekið tillit til þess mismunar, ef meirihlutasamþykkt ráðsins liggur fyrir um það, að um viðskiptafrávik sé að ræða.

7. Ráðið skal öðru hvoru endurskoða ákvæði þessarar greinar og getur ákveðið að breyta ákvæðum þessum.

6. gr.

Fjáröflunartollar og innlendar álögur.

1. Aðildarríkin skulu ekki

(a) leggja beint eða óbeint á innfluttar vörur nein fjáröflunargjöld, sem hærri eru en þau, sem lögð eru beint eða óbeint á sams konar innlendar vörur, eða beita slíkum gjöldum, svo að sams konar innlendum vörum sé veitt raunveruleg vernd, eða

(b) leggja fjáröflunargjöld á innfluttar vörur, þegar sams konar vörur eru ekki framleiddar í landinu sjálfu, eða aðeins framleiddar í takmörkuðum mæli, á þann hátt, að veitt sé raunveruleg vernd innlendri framleiðslu á vörum annarrar tegundar, sem þó geta komið í stað innfluttu varanna, og sem veita þeim beina samkeppni og ekki bera beint eða óbeint tilsvarandi fjáröflunargjöld í innflutningslandinu,

og skulu láta þessar skuldbindingar taka gildi á þann hátt, sem fyrir er mælt um í 2. og 3. málsgrein þessarar greinar.

2. Aðildarríkin skulu ekki leggja á ný fjáröflunargjöld, sem brjóta í bága við 1. málsgrein þessarar greinar, og skulu ekki breyta fjáröflunargjaldi, sem í gildi er, á þann hátt, að sú raunverulega vernd, sem í fjáröflunargjaldinu felst, aukist upp fyrir það mark, sem í gildi er á þeim mánaðardegi, sem grunntollurinn miðast við, samkvæmt 3. málsgrein 3. greinar, það er að segja að því leyti, sem það fjáröflunargjald er í ósamræmi við 1. málsgrein þessarar greinar.

3. (a) Aðildarríkin skulu í síðasta lagi þann 1. janúar 1962 afnema alla raunhæfa vernd, sem felst í sérhverjum innanlandsskatti eða öðrum innanlandsgjöldum.

(b) Að því er varðar fjáröflunartolla skulu aðildarríkin annaðhvort

(i) afnema smám saman alla raunhæfa vernd, sem felst í tollinum, með því að lækka hann stig af stigi í samræmi við ákvæðin um lækkun innflutningstolla í 3. grein, eða ..

(ii) afnema alla raunhæfa vernd, sem felst í tollinum, í síðasta lagi 1. janúar 1965.

(c) Sérhvert aðildarríki skal, í síðasta lagi 1. júlí 1966, tilkynna ráðinu gagnvart hvaða tollum það hyggst beita ákvæðum liðar (b) (ii) í þessari málsgrein.

4. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna ráðinu um öll fjáröflunargjöld, sem það hefur á lagt, þar sem álagningarstiginn, eða ákvæðin um álagningu eða innheimtu gjaldsins eru ekki þau sömu á innfluttum vörum og samskonar innlendum vörum, jafnskjótt og það telur að gjaldið samræmist eða hafi breytzt til samræmis við lið (a) í 1. málsgrein þessarar greinar. Sérhvert aðildarríki skal, samkvæmt ósk hvers annars aðildarríkis, veita upplýsingar um beitingu 1., 2. og 3. málsgreinar þessarar greinar.

5. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna ráðinu um það til hvaða fjáröflunartolla það hyggist láta ákvæði þessarar greinar ná.

6. Að því er varðar þessa grein skulu:

(a) "fjáröflunargjöld" þýða fjáröflunartollar, innanlandsskattar og aðrar innlendar álögur á vörur;

(b) "fjáröflunartollar" þýða tollar og aðrar svipaðar álögur, sem lagðar eru á í þeim megin tilgangi að afla tekna;

(c) "innfluttar vörur" þýða vörur, sem samþykki er um að gætu notið svæðistollmeðferðar samkvæmt ákvæðum 4. greinar.

7. gr.[1])

Endurgreiðsla.

1. Ef annað leiðir ekki af ákvæðum þessarar greinar og Viðauka B, þá getur sérhvert aðildarríki, frá og með 31. desember 1966, neitað að heimila að svæðistollmeðferð nái til vara, sem tollendurgreiðslu er krafizt af, eða slík endurgreiðsla er veitt af, í sambandi við útflutning þeirra frá því aðildarríki, þar sem síðasta hönd hefur verið lögð á framleiðslu varanna.

2. Ákvæði, sem lúta að stjórnsýslu og framkvæmd þessarar greinar, er að finna í Viðauka B.

3. Ráðið getur ákveðið að breyta ákvæðum þessarar greinar eða Viðauka B, og getur og ákveðið, að fleiri eða annars kyns reglur um endurgreiðslu tolla skuli gilda, annaðhvort almennt eða um ákveðnar vörur eða í vissum tilfellum.

4. Varðandi framkvæmd ákvæða þessarar greinar skal sérhvert aðildarríki veita innflutningi frá landssvæðum allra bandalagslandanna sömu meðferð.

5. Að því er varðar þessa grein og Viðauka B skal þess getið að:

(a) "endurgreiðsla" þýðir hvers kyns fyrirkomulag, þar á meðal tímabundið tollfrelsi, er miðar að endurgreiðslu eða eftirgjöf allra eða hluta þeirra tolla, sem lagðir eru á innflutt efni, svo framarlega sem fyrirkomulagið, leynt eða ljóst, heimilar slíka endurgreiðslu eða eftirgjöf, ef vörur eru fluttar út, en ekki, ef þær eru notaðar innanlands.

(b) "eftirgjöf" þýðir m. a. undanþága frá tollum á efnum, sem flutt eru inn í fríhafnir, frísvæði eða til annarra staða, sem njóta sams konar tollfríðinda; og

(c) "tollar" þýðir tollar og öll þau önnur gjöld, sem hafa sömu áhrif og lögð eru á innflutt efni, nema sá þáttur í slíkum tollum og gjöldum, sem hefur ekki verndaráhrif.

---

1) Skv. breytingum með ráðssamþykkt nr. 6, 1966 (22. apríl 1966).

8. gr.

Bann við útflutningstollum.

1. Aðildarríkin skulu ekki taka upp eða hækka útflutningstolla, og skulu ekki leggja á neina slíka tolla frá og með 1. janúar 1962.

2. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki vera því til hindrunar, að sérhvert aðildarríki geti gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir að komizt verði hjá tollgreiðslum þeim, sem það leggur á útflutning til landssvæða utan svæðis samtakanna með endurútflutningi.

3. Að því er varðar þessa grein skulu "útflutningstollar" þýða sérhverja tolla eða gjöld, sem sömu áhrif hafa, sem lögð eru á vöruútflutning eða stofnað til í sambandi við hann, frá landssvæði sérhvers aðildarríkis til annars.

9. gr.

Samvinna um tollaframkvæmd.

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal um stjórnunarsamvinnu, til að tryggja, að ákvæði 3.—7. greinar og Viðauka A og B, séu framkvæmd til hlítar og á sem samræmdastan hátt. Við þá framkvæmd sé höfð í huga nauðsyn þess að draga, svo sem unnt er, úr þeim formkröfum, sem gerðar eru í viðskiptum, og einnig nauðsyn þess að finna lausn sérhverra þeirra vandamála, sem spretta af framkvæmd þessara ákvæða, og allir geti vel við unað.

10. gr.

Magntakmarkanir á innflutningi.

1. Aðildarríkin skulu ekki taka upp eða auka magntakmarkanir á innflutningi vara frá landssvæði annarra aðildarríkja.

2. Aðildarríkin skulu afnema slíkar magntakmarkanir svo fljótt sem auðið er, og ekki síðar en 31. desember 1966.[1])

3. Sérhvert aðildarríki skal draga úr magntakmörkunum stig af stigi og á þann hátt, að ekki sé komið í veg fyrir eðlilega viðskiptaaukningu, sem leiðir af áhrifum 3. og 6. greinar, og að jafnframt skapist ekki nein erfið vandamál fyrir það aðildarríki, sem í hlut á, árin næstu á undan 1. janúar 1967.

4. Sérhvert aðildarríki skal beita ákvæðum þessarar greinar á þann hátt, að í engu sé gert upp á milli allra hinna aðildarríkjanna.

5. Þann 1. júlí 1960 skulu aðildarríkin koma á glóbalkvótum fyrir allar þær vörur, sem magntakmarkanir gilda um, og skulu þeir ekki vera minni en 20% hærri en tilsvarandi grunnkvótar. Að því er varðar kvóta, sem einnig geta gilt fyrir ríki, sem ekki eru aðildarríki, skulu glóbalkvótarnir, í viðbót við a. m. k. 20% hækkun grunnkvótanna, hafa að geyma upphæð, sem ekki sé minni en heildarinnflutningsmagnið frá slíkum ríkjum árið 1959.

6. Ef grunnkvóti er enginn eða sáralítill, skulu aðildarríkin sjá svo um, að sá kvóti, sem verður tekinn upp 1. júlí 1960, sé hæfilega stór. Sérhvert aðildarríki getur átt frumkvæðið að viðræðum um hver sé hæfileg stærð einhvers slíks kvóta, fyrir eða eftir að hann er tekinn upp.

1) Skv. breytingum með ráðssamþykkt nr. 7, 1963 (10. maí 1963).

7. Þann 1. júlí 1961, og síðan árlega þann 1. júlí, skulu aðildarríkin auka sérhvern þann kvóta, sem stofnað hefur verið til í samræmi við 5. og 6. málsgrein þessarar greinar, um að lágmarki 20% af upphæð, sem er jafnhá og grunnkvótinn, aukinn í samræmi við þessa grein.

8. Ef eitthvert aðildarríkjanna telur, að beiting 5. til 7. málsgreinar þessarar greinar um vöru myndi valda alvarlegum erfiðleikum, þá er því aðildarríki heimilt að leggja til við ráðið, að aðrar ráðstafanir verði látnar gilda um þá vöru. Ráðið getur, með meirihlutasamþykkt, heimilað þessu aðildarríki að taka upp þær aðrar ráðstafanir, sem ráðið telur hæfa.

9. Aðildarríkin skulu tilkynna ráðinu um nánari atriði þeirra kvóta, sem stofnað er til samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

10. Ráðið skal, ekki síðar en 31. desember 1961, og öðru hvoru að þeim tíma liðnum, endurskoða ákvæði þessarar greinar og þau skref, sem aðildarríkin hafa tekið varðandi framkvæmd ákvæða hennar, og getur ákveðið, að frekari eða öðrum ákvæðum skuli beita.

11. Að því er varðar þessa grein þýðir:

(a) "magntakmarkanir" bann við eða takmarkanir á innflutningi frá landssvæði annarra aðildarríkja, hvort sem þeim er komið á með kvótum, innflutningsleyfum eða öðrum ráðstöfunum, sem hafa sömu áhrif, þar á meðal með stjórnsýsluaðgerðum og skilyrðum, sem hefta innflutning;

(b) "grunnkvóti" þýðir sérhver sá kvóti eða þeir kvótar samanlagðir, sem komið hefur verið á, ásamt samanlögðu magni þess innflutnings, sem er ella bundinn magntakmörkunum, að því er varðar vörur, sem fluttar eru inn frá landssvæði annarra aðildarríkja árið 1959; eða, að því er varðar glóbalkvóta, sem eru opnir ríkjum, sem ekki eru aðilar, samanlagður innflutningurinn, sem átt hefur sér stað í samræmi við slíka kvóta frá aðildarríkjunum árið 1959.

(c) "glóbalkvóti" þýðir kvóti, sem heimilar þeim, sem hafa innflutningsleyfi eða aðrar heimildir, að flytja inn allar þær vörur, sem kvótinn nær til, frá öllum aðildarríkjunum og frá þeim öðrum ríkjum, sem kvótinn nær til.

11. gr.

Magntakmarkanir á útflutningi.

1. Aðildarríkin skulu ekki taka upp eða auka bönn eða takmarkanir á útflutningi til annarra aðildarríkja, hvort sem þeim er komið á með kvótum eða útflutningsleyfum eða öðrum ráðstöfunum, sem hafa sömu áhrif, og skulu afnema sérhver slík bönn eða takmarkanir ekki síðar en 31. desember 1961.

2. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hindra neitt aðildarríki í því að gera þær ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar, til þess að koma í veg fyrir að unnt sé, með endurútflutningi, að sniðganga höftin, sem það setur á útflutning til landssvæða utan svæðis samtakanna.

12. gr.

Undanþágur.

Svo framarlega, sem slíkar ráðstafanir eru ekki notaðar til þess að koma á óvalkvæðri eða óréttlætanlegri mismunun milli aðildarríkja, eða notaðar sem dulbúin höft á viðskipti milli aðildarríkjanna, þá skal ekkert í 10. og 11. grein hindra það, að sérhvert aðildarríki geti samþykkt eða framkvæmt ráðstafanir, sem eru:

(a) nauðsynlegar í því skyni að vernda almennt siðgæði;

(b) nauðsynlegar til að hindra óeirðir eða glæpi;

(c) nauðsynlegar til að vernda líf eða heilsu manna, málleysingja og gróðurs;

(d) nauðsynlegar til að tryggja, að farið sé eftir lögum eða reglum um framkvæmd tollmála eða varðandi flokkun, greiningu eða sölu vara, eða varðandi rekstur einkasölu ríkisfyrirtækja eða fyrirtækja, sem hlotið hafa einka- eða sérréttindi;

(e) nauðsynlegar til að vernda eignir fyrirtækja eða höfundarrétt eða til þess að koma í veg fyrir sviksamlegt atferli;

(f) varða gull eða silfur;

(g) varða vörur, sem unnar eru af föngum;

(h) gerðar til þess að vernda þjóðardýrgripi, sem hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi.

13. gr.

Ríkisstyrkir.

1. Aðildarríkin skulu ekki beita eða taka upp:

(a) Þá hætti aðstoðar við útflutning vara til annarra aðildarríkja, sem lýst er í Viðauka C, eða

(b) nokkurs konar aðra aðstoð, sem hefur það að meginmarkmiði að spilla þeim hagsbótum, sem búizt er við, að leiði af afnámi tolla og magntakmarkana í viðskiptum milli aðildarríkjanna.

2. Ef beiting aðildarríkis á hvers kyns aðstoð, sem ekki brýtur þó í bága við 1. málsgrein þessarar greinar, spillir þeim hagsbótum, sem búizt er við að leiði af afnámi tolla og magntakmarkana í viðskiptum milli aðildarríkjanna, eða því að slíkir tollar eða magntakmarkanir eru ekki fyrir hendi, og með því skilyrði að þeirri framkvæmd, sem lýst er í 1.—3. málsgrein 31. greinar, hafi verið fylgt, þá getur ráðið, með meirihlutaákvörðun, heimilað hvaða aðildarríki sem er að fella úr gildi gagnvart aðildarríkinu, sem aðstoðina veitir, þær skyldur skv. samningnum, sem ráðið telur hæfa.

3. Ráðið getur ákveðið að breyta ákvæðum þessarar greinar og Viðauka C.

14. gr.

Opinber fyrirtæki.

1. Aðildarríkin skulu tryggja það, að opinber fyrirtæki afnemi í starfsemi sinni, stig af stigi, á tímabilinu 1. júlí 1960 til 31. desember 1966[1]) eftirfarandi:

(a) ráðstafanir, sem hafa í för með sér vernd fyrir innlenda framleiðslu, sem væri andstæð samningnum, ef hún væri framkvæmd með tollum eða gjöldum, sem sömu áhrif hafa, magntakmörkunum eða ríkisstyrkjum, eða

(b) misrétti í viðskiptum vegna þjóðernisástæðna að því leyti sem það spillir þeim hagsbótum, sem búizt er við að leiði af afnámi tolla og magntakmarkana í viðskiptum milli aðildarríkjanna, eða því, að slíkir tollar eða magntakmarkanir eru ekki fyrir hendi.

2. Að svo miklu leyti, sem ákvæði 15. greinar varða störf opinberra fyrirtækja, þá skal sú grein gilda um þau á sama hátt og hún gildir um önnur fyrirtæki.

3. Aðildarríkin skulu tryggja, að ekki sé hafin sú nýja framkvæmd, sem lýst er í 1. málsgrein þessarar greinar.

1) Skv. breytingum með ráðssamþykkt nr. 10, 1963 (10. maí 1963).

4. Þar sem aðildarríkin hafa ekki nægilegt lagalegt vald til þess að segja fyrir í þessu efni um starfsemi héraðs- eða sveitarstjórna eða fyrirtækja í umráðum þeirra, skulu þau engu að síður reyna að tryggja, að þessar stjórnir eða fyrirtæki hlíti ákvæðum þessarar greinar.

5. Ráðið skal jafnan hafa ákvæði þessarar greinar í endurskoðun og getur ákveðið að breyta þeim.

6. Að því er þessa grein varðar þýðir "opinbert fyrirtæki" ríkisstofnanir, héraðs eða sveitarstjórnir, opinber fyrirtæki og hver önnur sú stofnun, þar sem aðildarríki stjórnar eða hefur áhrif á innflutning frá eða útflutning til landssvæðis aðildarríkis, samkvæmt lögum eða venju.

15. gr.

Samkeppnishömlur.

1. Aðildarríkin eru þeirrar skoðunar, að eftirfarandi viðskiptahættir séu ósamrýmanlegir samningi þessum, að svo miklu leyti, sem þeir spilla þeim hagsbótum, sem búizt er við að leiði af afnámi tolla og magntakmarkana í viðskiptum milli aðildarríkjanna, eða því að slíkir tollar eða magntakmarkanir eru ekki fyrir hendi:

(a) Samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samhæfðir viðskiptahættir félaga, sem hafa það að markmiði, eða afleiðingu, að útiloka, hamla eða spilla samkeppni innan svæðis samtakanna;

(b) aðgjörðir, sem stafa af því að eitt eða fleiri fyrirtæki misnota aðstöðu sína sem ráðandi markaðsaðilar á svæði samtakanna eða á verulegum hluta þess.

2. Ef einhvers konar viðskiptaháttum, sem lýst er í 1. málsgrein þessarar greinar, er skotið til ráðsins í samræmi við 31. grein, getur ráðið, með tillögu samkvæmt 3. málsgrein eða með ákvörðun samkvæmt 4. málsgrein þeirrar greinar, gert ráðstafanir til útgáfu skýrslu um málsatriði.

3. (a) Ráðið skal, í ljósi fenginnar reynslu, taka til athugunar, ekki síðar en 31. desember 1964, og hvenær sem er síðar, ef það kýs, hvort frekari eða annarra ákvæða er þörf til þess að bæta úr áhrifum samkeppnishamla eða ráðandi markaðsaðila á viðskipti aðildarríkjanna.

(b) Slík athugun skal meðal annars fjalla um eftirtalin atriði:

(i) lýsingu á þeim samkeppnishömlum eða ráðandi markaðsaðilum, sem ráðinu ber að láta sig varða;

(ii) aðferðir til þess að afla upplýsinga um samkeppnishömlur eða ráðandi markaðsaðila;

(iii) á hvaða hátt rannsóknir skuli fara fram;

(iv) hvort fá eigi ráðinu rétt til þess að hefja kannanir.

(c) Ráðið getur ákveðið að samþykkja þau ákvæði, sem nauðsynleg þykja vegna þeirrar endurskoðunar, sem gert er ráð fyrir í lið (a) og (b) í þessari málsgrein.

16. gr.

Stofnsetning.

1. Aðildarríkin eru þeirrar skoðunar, að ekki eigi á landssvæði þeirra að beita höftum gegn stofnsetningu og rekstri fyrirtækja, sem ríkisborgarar annarra aðildarríkja reka, með því að veita slíkum ríkisborgurum lakari kjör en eigin ríkisborgurum og spilla á þann hátt þeim hagsbótum, sem búizt er við að leiði af afnámi tolla og magntakmarkana í viðskiptum milli aðildarríkjanna eða því, að slíkir tollar eða magntakmarkanir eru ekki fyrir hendi.

2. Aðildarríkin skulu ekki beita nýjum höftum á þann hátt, að þau brjóti í bága við þá grundvallarreglu, sem skráð er í 1. málsgrein þessarar greinar.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna ráðinu, innan þess frests, sem ráðið ákveður, efnisatriði sérhverra þeirra hafta, sem þau beita á þann hátt, að ríkisborgurum annarra aðildarríkja eru veitt lakari kjör á landssvæði þeirra en þeirra eigin ríkisborgurum, að því er þau atriði varðar, sem getið er í 1. málsgrein þessarar greinar.

4. Ráðið skal taka til athugunar, ekki síðar en 31. desember 1964, og getur tekið til athugunar hvenær sem er síðar, hvort frekari eða önnur ákvæði séu nauðsynleg til að gefa þeim grundvallarreglum gildi, sem skráðar eru í 1. málsgrein þessarar greinar, og getur ákveðið að samþykkja þau ákvæði, sem nauðsynleg eru.

5. Engin ákvæði þessarar greinar skulu vera því til fyrirstöðu, að aðildarríki geti samþykkt og framkvæmt ráðstafanir til þess að hafa stjórn á komu, búsetu, athöfnum eða brottför útlendinga, þegar slíkar ráðstafanir eru réttlætanlegar vegna almannareglu, heilsufars almennings eða velsæmis eða öryggis landsins eða til þess að hindra alvarlegt jafnvægisleysi í þjóðfélags- eða búsetuskipan aðildarríkisins.

6. Að því er þessa grein varðar þýðir:

(a) "ríkisborgarar", þegar aðildarríki á í hlut,

(i) fólk, sem hefur ríkisborgararétt þess aðildarríkis, og

(ii) félög og aðrar persónur að lögum, sem stofnuð eru á landssvæði þess aðildarríkis samkvæmt lögum þess ríkis og sem það telur að séu þarlend, svo framarlega sem þau hafa verið stofnuð í ágóðaskyni og hafi skrásetta skrifstofu og aðalstjórn innan svæðis samtakanna, og reki þar verulega starfsemi;

(b) "fyrirtæki" þýðir hvers kyns fyrirtæki, sem framleiða eða verzla með vörur, sem uppruna sinn eiga á svæði samtakanna, hvort sem þeim er stjórnað af starfsmönnum eða af hálfu umboða, útibúa eða félaga eða annarra persóna að lögum.

17. gr.

Innflutningur undirboðsvara og niðurgreiddra vara.

1. Engin ákvæði þessa samnings skulu vera því til hindrunar, að aðildarríki geri ráðstafanir gegn innflutningi undirboðsvara eða niðurgreiddra vara, í samræmi við aðrar alþjóðlegar skuldbindingar sínar.

2. Sérhverri framleiðsluvöru, sem hefur verið flutt út frá landssvæði eins aðildarríkis til annars og hefur ekki verið frekar unnin eftir útflutning, skal, þegar hún er flutt inn á landssvæði útflutningslands síns, heimill innflutningur án magntakmarkana og annarra hliðstæðra kvaða, sem hafa sams konar áhrif. Slíkar vörur skulu einnig undanþegnar tollum og gjöldum, sem sams konar áhrif hafa, nema hvað endurheimta má hvers konar ívilnanir í mynd tollendurgreiðslna, tollaundanþágu eða annars, sem veitt hefur verið vegna útflutnings frá landssvæði fyrrnefnda aðildarríkisins.

3. Ef einhver atvinnugrein á landssvæði einhvers aðildarríkis verður fyrir áfalli eða yfir henni vofir verulegt tjón vegna innflutnings undirboðs- eða niðurgreiddra vara til landssvæðis annars aðildarríkis, þá skal síðarnefnda aðildarríkið, að beiðni hins fyrrnefnda, kanna horfur á því að grípa til þeirra aðgjörða, sem eru í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar þess, til þess að bæta úr tjóninu eða hindra hið yfirvofandi tjón.

18. gr.

Undanþágur vegna öryggisástæðna.

1. Engin ákvæði þessa samnings skulu vera því til hindrunar, að aðildarríki geri þær ráðstafanir, sem það telur nauðsynlegar, til verndar helztu öryggishagsmunum sínum, þegar slíkar ráðstafanir

(a) eru gerðar til þess að hindra uppljóstrun upplýsinga,

(b) varða kaup og sölu vopna, skotfæra eða hergagna eða rannsóknir, vinnslu eða framleiðslu, sem bráðnauðsynleg er af varnarástæðum, svo framarlega sem slíkar ráðstafanir hafa ekki í för með sér notkun innflutningstolla eða magntakmarkana á innflutningi, nema að því leyti, sem slík höft eru heimiluð samkvæmt 12. grein eða með ákvörðun ráðsins,

(c) eru gerðar til þess að tryggja, að kjarnorkuefni og búnaður, sem ætluð eru til friðsamlegra nota séu ekki nýtt í hernaðarþágu, eða

(d) eru gerðar á styrjaldartímum eða á öðrum hættutímum í alþjóðamálum.

2. Engin ákvæði samnings þessa skulu vera því til hindrunar, að aðildarríki geri ráðstafanir til þess að rækja þær skyldur, sem það aðildarríki hefur tekizt á herðar í því skyni að tryggja frið og öryggi í veröldinni.

19. gr.

Greiðslujafnaðarvandkvæði.

1. Þrátt fyrir ákvæði 10. greinar getur sérhvert aðildarríki, í samræmi við aðrar alþjóðlegar skuldbindingar sínar, tekið upp magntakmarkanir á innflutningi til þess að vernda greiðslujöfnuð sinn.

2. Sérhvert aðildarríki, sem gerir ráðstafanir samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, skal skýra ráðinu frá þeim, ef unnt er, áður en þær taka gildi. Ráðið skal kanna málið og hafa það til athugunar og getur hvenær sem er gert tillögur með meirihlutasamþykkt, sem miða að því að draga úr tjónáhrifum þessara hafta, eða að því að hjálpa aðildarríkinu til þess að komast yfir erfiðleikana. Ef greiðslujafnaðarvandkvæðin haldast í meir en átján mánuði og þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, valda alvarlegum truflunum á starfi samtakanna, skal ráðið kanna málið og getur, eftir að hafa tekið tillit til hagsmuna allra aðildarríkjanna, innleitt sérstakt fyrirkomulag, með meirihlutasamþykkt til þess að draga úr eða bæta upp áhrif slíkra ráðstafana.

3. Aðildarríki, sem hefur gert ráðstafanir samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, skal virða þá skyldu sína að láta ákvæði 10. greinar koma á ný óskorað til framkvæmda og skal gera tillögur um það til ráðsins strax og greiðslujöfnuður þess batnar, á hvern hátt það skuli gert. Ráðið getur með meirihlutasamþykkt lagt til við aðildarríkið, að aðrar ráðstafanir verði gerðar í sama skyni, ef það telur þessar tillögur ekki fullnægjandi.

20. gr.

Vandkvæði í einstökum atvinnugreinum.

1. Ef, á landssvæði aðildarríkis

(a) greinileg aukning atvinnuleysis í ákveðinni atvinnugrein eða landshluta orsakast vegna verulegrar eftirspurnarminnkunar innanlands eftir vöru, sem framleidd er í landinu, og

(b) þessi eftirspurnarminnkun stafar af aukningu innflutnings frá landssvæði annarra aðildarríkja vegna afnáms tolla, gjalda og magntakmarkana stig af stigi

samkvæmt 3., 6. og 10. grein, þá má það aðildarríki, þrátt fyrir önnur ákvæði þessa samnings,

(i) takmarka þennan innflutning með magntakmörkunum þannig, að hann sé ekki minni en slíkur innflutningur á einhverju tólf mánaða skeiði, sem lauk innan tólf mánaða, áður en höftin tóku gildi; höftin skulu ekki vera lengur í gildi en átján mánuði, nema ráðið með meirihlutasamþykkt heimili framlengingu í þann tíma, og með þeim skilyrðum, sem ráðið telur hæfa; og

(ii) gera þær ráðstafanir, annaðhvort í staðinn fyrir eða í viðbót við innflutningshöft samkvæmt lið (i) í þessari málsgrein, sem ráðið kann að heimila, með meirihlutasamþykkt.

2. Þegar aðildarríki gerir ráðstafanir, samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, skal það láta innflutning frá landssvæði allra aðildarríkjanna sæta sömu kjörum.

3. Aðildarríki, sem stofnar til hafta samkvæmt lið (i) í 1. málsgrein þessarar greinar, skal skýra ráðinu frá þeim, og ef unnt er, áður en þau taka gildi. Ráðið getur jafnan tekið höft þessi til athugunar og getur með meirihlutasamþykkt gert tillögur, sem miða að því að draga úr sérhverjum skaðlegum áhrifum þessara hafta eða að því að hjálpa aðildarríkinu til þess að bæta úr vandkvæðum sínum.

4. Ef aðildarríki telur einhvern tímann eftir 1. júlí 1960, að beiting ákvæða liðs (a) í 2. málsgrein 3. greinar og 3. málsgrein 6. greinar um einhverja vöru myndi valdi því ástandi, sem lýst er í 1. málsgrein þessarar greinar, þá getur aðildarríkið lagt til við ráðið, að lækkun þess innflutningstolls eða verndarákvæðis, sem um er að ræða, skuli miðast við önnur tímamörk. Ef ráðið kemst að þeirri niðurstöðu, að tillagan sé réttmæt, getur það með meirihlutasamþykkt heimilað þessu aðildarríki að beita öðrum lækkunartímamörkum, svo framarlega sem orðið er við þeim skyldum um lokaafnám innflutningstollsins eða verndarákvæðis, sem felast í lið (b) í 2. málsgrein 3. greinar og 3. málsgrein 6. greinar.

5. Ef ráðið fyrir 1. janúar 1970 telur, að þörf sé á einhverju ákvæði svipuðu þeim, sem er að finna í 1. til 3. málsgrein þessarar greinar, eftir þann tíma, getur það ákveðið, að slík ákvæði skuli vera í gildi hvaða tímabil, sem vera skal, eftir þann mánaðardag.

21. gr.

Landbúnaðarvörur.

1. Vegna þeirra sérstöku aðstæðna, sem landbúnað varða, skulu engin ákvæði undanfarandi greina þessa samnings nema 1. og 17. grein, gilda um þær landbúnaðarvörur, sem skráðar eru í Viðauka D. Ráðið getur ákveðið að breyta ákvæðum þessarar málsgreinar og Viðauka D.

2. Sérákvæði þau, sem skulu gilda um þessar landbúnaðarvörur, eru skráð í 22.—25. grein.

22. gr.

Landbúnaðarstefna og markmið.

1. Aðildarríkin eru sammála um, að sú stefna, sem þau fylgja í landbúnaðarmálum, miðist við það

(a) að stuðla að aukinni framleiðni og hagkvæmri og hagrænni framleiðsluþróun.

(b) að koma á sæmilegu markaðsjafnvægi og nægilegu framboði vara fyrir neytendur á sanngjörnu verði, og

(c) að tryggja viðhlítandi lífskjör þeirra, sem við landbúnað starfa.

Við framkvæmd þessarar landbúnaðarstefnu skulu aðildarríkin taka sanngjarnt tillit til hagsmuna annarra aðildarríkja varðandi útflutning landbúnaðarvara, og skulu taka tillit til hefðbundinna viðskiptatengsla.

2. Með tilliti til þessarar stefnu skal markmið samtakanna vera það að auðvelda aukningu viðskipta, sem hafi í för með sér sanngjarna hagkvæmni fyrir þau aðildarríki, sem byggja efnahag sinn að miklu leyti á útflutningi landbúnaðarvara.

23. gr.

Landbúnaðarsamningar milli aðildarríkja.

1. Til þess að ná því markmiði, sem skráð er í 2. málsgrein 22. greinar, og sem grundvöll samvinnu þeirra í landbúnaðarefnum, hafa ákveðin aðildarríki gert samninga sín á milli, þar sem ákvarðað er hvaða ráðstafanir skuli gerðar, þ. á m. afnám tolla á nokkrum landbúnaðarvörum, til þess að auðvelda aukningu landbúnaðarvöruviðskipta. Ef einhver tvö eða fleiri aðildarríki gera síðar slíka samninga, skulu þau tilkynna það hinum aðildarríkjunum, áður en samningarnir taka gildi.

2. Samningar, sem gerðir eru samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, og sérhvert samkomulag, sem gert er milli samningsaðilanna og breytir þeim, skal gilda jafnlengi og þessi samningur. Eftirrit slíkra samninga skulu, strax eftir undirritun sendast hinum aðildarríkjunum, og staðfestu eftirriti skal komið í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar.

3. Sérhver ákvæði í slíkum samningum, sem varða tolla, skulu gilda til hagsbóta fyrir öll hin aðildarríkin og aðildarríkin skulu ekki verða svipt þeim hagsbótum, sem í slíkum ákvæðum felast, vegna takmörkunar á samningunum, án samþykkis allra þeirra.

24. gr.

Niðurgreiðslur vegna útflutnings landbúnaðarvara.

1. Aðildarríki skal ekki valda hagsmunum annarra aðildarríkja tjóni með því að greiða niður, beint eða óbeint, neina þá vöru, sem skráð er í Viðauka D, og sem veldur aukningu útflutnings þess aðildarríkis á þeirri vöru, miðað við útflutning ríkisins á vörunni, sem um ræðir, á nýliðnu eðlilegu viðmiðunartímabili.

2. Það skal vera markmið ráðsins fyrir 1. janúar 1962 að ákvarða reglur um afnám niðurgreiðslna stig af stigi á útflutningi, sem veldur öðrum aðildarríkjum tjóni.

3. Það skal ekki talin niðurgreiðsla í merkingu þessarar greinar, þegar útfluttri vöru er veitt undanþága frá tollum, sköttum eða öðrum gjöldum, sem lögð eru á sömu vöruna á innanlandsmarkaði, eða þegar endurgreiðsla slíkra tolla, skatta eða annarra gjalda nemur ekki hærri upphæð, en á vöruna hefur verið lögð.

25. gr.

Viðræður um landbúnaðarvöruviðskipti.

Ráðið skal jafnan hafa ákvæði 21.—25. greinar til athugunar og skal árlega fjalla um þróun landbúnaðarvöruviðskipta á svæði samtakanna. Ráðið skal kanna hvaða frekari ráðstafanir skuli gera til þess að vinna að markmiði því, sem skráð er í 22. grein.

26. gr.

Fiskur og aðrar sjávarafurðir.

1. Engin ákvæði framangreindra greina þessa samnings, nema 1. og 17. grein, skulu gilda að því er varðar fisk og aðrar þær sjávarafurðir, sem skráðar eru í

Viðauka E. Sérákvæði þau, sem skulu gilda um þann fisk og þær aðrar sjávarafurðir, er að finna í 27. og 28. grein.

2. Ráðið getur ákveðið að taka afurðir af listanum í Viðauka E.

27. gr.

Markmið viðskipta með fisk og aðrar sjávarafurðir.

Með hliðsjón af stefnu hvers aðildarríkis og þeirra sérstöku aðstæðna, sem ríkja í sjávarútvegi, skal það vera markmið samtakanna að stuðla að auknum viðskiptum með fisk og aðrar sjávarafurðir, þannig að þau aðildarríki, sem að miklu leyti byggja efnahag sinn á slíkum útflutningi, hljóti hæfileg gagnkvæm fríðindi.

28. gr.

Viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir.

Ráðið skal, fyrir 1. janúar 1961, hefja athugun á því fyrirkomulagi, sem lýtur að viðskiptum með afurðir þær, sem skráðar eru í Viðauka E, og sé þá tillit tekið til þess markmiðs, sem skráð er í 27. grein. Þessari athugun skal ljúka fyrir 1. janúar 1962.

29. gr.

Ósýnilegar greiðslur og yfirfærslur.

Aðildarríkin gera sér ljóst mikilvægi ósýnilegra greiðslna og yfirfærslna að því er varðar misfellulausa starfsemi samtakanna. Þau telja að þær skuldbindingar, sem þau hafa tekizt á hendur varðandi frjálsræði í slíkum greiðsluviðskiptum og yfirfærslum í öðrum alþjóðastofnunum, séu fullnægjandi, eins og sakir standa. Ráðið getur tekið ákvarðanir um þau frekari ákvæði varðandi slíkar greiðslur og yfirfærslur, sem æskileg verða talin, með fullu tilliti þó til víðtækari alþjóðlegra skuldbindinga aðildarríkjanna.

30. gr.

Efnahags- og fjármálastefna.

Aðildarríkin gera sér ljóst, að efnahags- og fjármálastefna hvers þeirra hefur áhrif á efnahagslíf annarra aðildarríkja og hafa ákveðið að móta stefnuna í þessum efnum á þann hátt, sem stuðlað getur að því, að markmið samtakanna náist. Þau skulu öðru hvoru skiptast á skoðunum um alla þætti stefnunnar í þessum efnum. Í þeim skoðanaskiptum skulu þau taka til greina hliðstæða starfsemi innan Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu og annarra alþjóðastofnana. Ráðið getur vísað tillögum til aðildarríkjanna um atriði, sem varða stefnuna í þessum málum, að svo miklu leyti, sem það er nauðsynlegt til að tryggja það, að markmið samtakanna náist og starfsemi þeirra gangi snurðulaust.

31. gr.

Almennar reglur um viðræður og kærur.

1. Ef eitthvert aðildarríki telur, að einhverjum hagsbótum, sem samningur þessi veitir því, eða einhverjum markmiðum bandalagsins sé, eða kunni að verða spillt og, ef ekki næst neitt viðunandi samkomulag milli þeirra aðildarríkja, sem hér eiga hlut að máli, getur sérhvert þessara aðildarríkja skotið málinu til ráðsins.

2. Ráðið skal, með meirihlutasamþykkt, gera þegar í stað ráðstafanir til þess að rannsaka málið. Meðal þeirra ráðstafana getur verið vísan málsins til rannsóknar-

nefndar, sem stofnuð er samkvæmt 33. grein. Áður en ráðið tekur ákvörðun, samkvæmt 3. málsgrein þessarar greinar, skal það vísa málinu til nefndarinnar, ef eitthvert aðildarríkjanna, sem hlut á að máli, óskar þess. Aðildarríkin skulu láta af hendi allar þær upplýsingar, sem þeim eru tiltækar, og skulu veita liðsinni sitt til þess að skýra staðreyndir málsins.

3. Í málsathugun sinni skal ráðið taka tillit til þess, hvort staðreynt hefur verið, að skuldbinding, samkv. samningnum, hafi ekki verið efnd og hvort, og þá í hve miklum mæli, einhverri þeirri hagsbót, sem af samningnum leiðir, eða einhverju markmiði bandalagsins, hefur verið eða kunni að vera spillt. Í ljósi þessarar athugunar og skýrslu rannsóknarnefndar, sem skipuð kann að hafa verið, getur ráðið, með meirihlutasamþykkt, beint þeim tillögum til sérhvers aðildarríkis, sem því þykir hæfa.

4. Ef aðildarríki verður ekki við, eða getur ekki orðið við, tillögu, sem beint er til þess samkvæmt 3. málsgrein þessarar greinar, og ráðið kemst að þeirri niðurstöðu, með meirihluta atkvæða, að samningsskuldbinding hafi ekki verið efnd, þá getur það, með meirihlutasamþykkt, heimilað sérhverju aðildarríki að fella úr gildi, gagnvart því aðildarríki, sem hefur ekki orðið við tillögunni, framkvæmd þeirra samningsskuldbindinga, sem ráðinu þykir hæfa.

5. Sérhvert aðildarríki getur, jafnan meðan málið er í athugun, beðið ráðið um að heimila því að gera án tafar bráðabirgðaráðstafanir til að tryggja aðstöðu sína. Ef ráðið kemst að þeirri niðurstöðu, að málsatvikin séu svo alvarlegs eðlis, að þau réttlæti bráðabirgðaaðgerðir, sem þó hafi ekki áhrif á hverja þá ráðstöfun, sem það kann síðar að gera samkvæmt fyrri málsgreinum þessarar greinar, getur það, með meirihlutasamþykkt, heimilað aðildarríki að fella úr gildi þær skuldbindingar, sem á því hvíla samkvæmt þessum samningi í þeim mæli og svo lengi, sem ráðinu þykir hæfa.

32. gr.

Ráðið.

1. Það skal vera skylda ráðsins

(a) að fara með þau völd og störf, sem því eru fengin samkvæmt samningi þessum,

(b) að hafa eftirlit með beitingu þessa samnings og fylgjast með framkvæmd hans, og

(c) að kanna, hvort frekari ráðstafanir skuli gerðar af hálfu aðildarríkjanna til þess að koma í framkvæmd markmiðum samtakanna og til þess að auðvelda eflingu nánari tengsla við önnur ríki, ríkjasambönd eða alþjóðastofnanir.

2. Sérhvert aðildarríki skal eiga fulltrúa í ráðinu og skal fara með eitt atkvæði.

3. Ráðið getur ákveðið að setja á laggirnar þær stofnanir, nefndir og önnur ráð, sem það telur nauðsynleg til þess að aðstoða það við að framkvæma hlutverk sitt.

4. Er ráðið rækir skyldustörf sín samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, getur það tekið ákvarðanir, sem skulu vera bindandi fyrir öll aðildarríkin og það getur gert tillögur til aðildarríkjanna.

5. Ákvarðanir og tillögur ráðsins skulu gerðar samhljóða, nema að því leyti, sem öðruvísi er ákveðið í samningi þessum. Ákvarðanir og tillögur skulu taldar samþykktar samhljóða, nema eitthvert aðildarríkið greiði þeim mótatkvæði. Ákvarðanir og tillögur, sem afgreiða þarf með meirihlutasamþykkt, þarfnast samþykkis fjögurra aðildarríkja.

6. Ef fjöldi aðildarríkjanna breytist, getur ráðið ákveðið að breyta fjölda þeirra atkvæða, sem þarf til þeirra ákvarðana og tillagna, sem afgreiða þarf með meirihlutasamþykkt.

33. gr.

Rannsóknarnefndir.

Rannsóknarnefndir þær, sem vikið er að í 31. grein, skulu skipaðar mönnum, sem valdir eru vegna hæfni þeirra og heiðarleika, og skulu í framkvæmd skyldustarfa sinna hvorki óska eftir né taka við fyrirmælum frá nokkru ríki, eða frá nokkurri yfirstjórn eða stofnun, öðrum en samtökunum. Þeir skulu vera tilnefndir af ráðinu með þeim kjörum og skilyrðum, sem það ákveður.

34. gr.

Fyrirkomulag á stjórn samtakanna.

Ráðið skal taka ákvarðanir í þeim tilgangi, sem hér segir:

(a) að ákveða fundarsköp ráðsins og sérhverra annarra stofnana samtakanna, og geta í þeim falizt ákvæði um, að atriði, sem varða fundarsköp, megi ákvarða með meirihlutasamþykkt,

(b) að gera ráðstafanir um starfsmannaþjónustu þá, sem samtökin þarfnast,

(c) að gera þær fjárhagslegu ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru vegna kostnaðar við stjórn samtakanna, ákveða eftir hvaða reglum fjárhagsáætlun skuli samin, og á hvaða hátt þessum kostnaði skuli skipt niður á aðildarríkin.

35. gr.

Löghæfi, sérréttindi og undanþágur.

1. Það löghæfi og þau sérréttindi og undanþágur, sem aðildarríkin viðurkenna og veita vegna samtakanna, skulu skráð í bókun við þennan samning.

2. Ráðið getur, fyrir hönd samtakanna, gert samning við ríkisstjórn þess ríkis þar sem aðalstöðvarnar verða staðsettar, um löghæfi, sérréttindi og undanþágur þær, sem viðurkenndar verða og veittar samtökunum.

36. gr.

Samskipti við alþjóðastofnanir.

Ráðið skal, fyrir hönd samtakanna, leitast við að stofna til þeirra samskipta við aðrar alþjóðastofnanir, sem stuðlað geta að því, að náð verði markmiðum samtakanna. Það skal sér í lagi leitast við að koma á nánu samstarfi við Efnahagssamvinnustofnun Evrópu.

37. gr.

Skuldbindingar samkvæmt öðrum alþjóðasamningum.

Engin ákvæði þessa samnings skulu talin undanþiggja nokkurt aðildarríki frá skuldbindingum, sem það hefur tekizt á hendur samkvæmt samningnum um Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, samkomulagi um samþykktir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Hins Almenna Samkomulags um Tolla og Viðskipti og annarra alþjóðasamninga, sem það er aðili að.

38. gr.

Viðaukar.

Viðaukarnir við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans, og eru þeir, sem hér segir:

Viðauki A Grunntollar.
„ B Reglur um svæðisuppruna við tollafgreiðslu[1]).
„ C Skrá yfir ríkisstyrki, sem vitnað er til í 1. málsgrein 13. greinar.
„ D Skrá yfir landbúnaðarvörur, sem vitnað er til í 1. málsgrein 21. greinar.
„ E Skrá yfir fisk og aðrar sjávarafurðir, sem vitnað er til í 1. málsgrein 26. greinar.
„ F Skrá yfir landssvæði, sem 2. málsgrein 43. greinar gildir um.
„ G Sérfyrirkomulag fyrir Portúgal vegna innflutningstolla og magntakmarkana á útflutningi.

39. gr.

Fullgilding.

Samningur þessi skal fullgiltur af þeim ríkjum, sem undir hann rita. Fullgildingarskjölunum skal komið í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal tilkynna þar um öllum öðrum undirritunarríkjum.

40. gr.

Gildistaka.

Samningur þessi skal taka gildi þegar öll undirritunarríkin hafa afhent fullgildingarskjöl.

41. gr.

Aðild og aukaaðild.

1. Sérhvert ríki getur gerzt aðili að samningi þessum, svo framarlega sem ráðið ákveður að samþykkja aðild þess, með þeim kjörum og skilyrðum, sem sett kunna að verða í þeirri ákvörðun. Aðildarskjölunum skal koma í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal tilkynna þar um öllum öðrum aðildarríkjum. Að því er varðar ríki, sem aðili gerist, skal samningurinn taka gildi á þeim degi, sem tilgreindur er í ofangreindri ákvörðun.

2. Ráðinu er heimilt að gera samning milli aðildarríkjanna og sérhvers annars ríkis, ríkjasambands eða alþjóðastofnana, sem stofnar til samtaka, sem um gilda þau gagnkvæmu réttindi og skyldur, sameiginlegar aðgjörðir og sérreglur, sem hæfa þykir. Leggja skal slíkan samning undir samþykki aðildarríkjanna og skal hann taka gildi, svo framarlega sem hann hlýtur samþykki allra aðildarríkjanna. Aðildarskjölunum skal koma í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal tilkynna þar um öllum öðrum aðildarríkjum.

42. gr.

Úrsögn.

Sérhvert aðildarríki getur dregið til baka aðild sína að þessum samningi, svo framarlega sem það skýrir ríkisstjórn Svíþjóðar skriflega frá því með tólf mánaða fyrirvara, sem skal tilkynna öllum öðrum aðildarríkjunum þar um.

43. gr.

Gildissvæði.

1. Að því er varðar aðildarríki, sem undirrituðu samninginn, skal samningurinn gilda um landssvæði aðildarríkjanna í Evrópu og þau landssvæði í Evrópu, sem aðildarríki fer með utanríkismál fyrir, önnur en þau, sem skráð eru í Viðauka F.

1) Nýtt heiti, ákveðið með ráðssamþykkt nr. 6 (22. apríl 1966).

2. Samningur þessi skal gilda um þau landssvæði, sem skráð eru í Viðauka F, ef aðildarríkið, sem fer með utanríkismál þeirra gefur um það yfirlýsingu, þegar það fullgildir samninginn, eða hvenær sem er síðar.

3. Að því er varðar aðildarríki, sem gerist aðili að samningi þessum samkvæmt 1. málsgrein 41. greinar, skal samningurinn ná til þeirra landssvæða, sem greind eru í samþykktinni um, að þetta ríki skuli hljóta aðild.

4. Aðildarríkin gera sér ljóst, að ákveðin aðildarríki kunna að vilja leggja það til síðar, að samningur þessi skuli einnig ná til þeirra landssvæða þessara ríkja og landssvæða þeirra, sem þau annast utanríkismál fyrir, sem samningurinn nær ekki þegar til, enda verði það með þeim kjörum og skilyrðum, sem þá verði ákveðin og að gerðar verði ráðstafanir, sem skapa gagnkvæm réttindi og skyldur að því, er þessi landssvæði varðar.

5. Ef svo fer, þá skulu, þegar tímabært er, eiga sér stað viðræður milli allra aðildarríkjanna, til þess að 4. málsgrein verði gerð virk. Ráðið getur ákveðið að samþykkja þau kjör og skilyrði fyrir því, að samningurinn geti náð til þessara landssvæða og getur ákveðið að samþykkja hin sérstöku kjör og skilyrði, sem í slíkum ráðstöfunum felast.

6. Ef landssvæði, sem aðildarríki hefur farið með utanríkismál fyrir og samningurinn hefur gilt á, verður sjálfstætt ríki, skulu ákvæði þessa samnings, sem gilda um landssvæði þetta, halda gildi sínu þar, ef hið nýja ríki óskar þess. Nýja ríkið skal hafa rétt á að taka þátt í störfum stofnana samtakanna og ráðið skal, með samþykki nýja ríkisins, taka þær ákvarðanir, sem nauðsynlegar eru til þess að gera ráðstafanir til að slík þátttaka verði virk. Samningurinn skal halda áfram að gilda að því er varðar nýja ríkið á þessum grundvelli, annaðhvort þar til þátttöku þess lýkur á sama hátt og gert er ráð fyrir um aðildarríki eða, ef aðild þess er samþykkt samkvæmt 1. málsgrein 41. greinar, þar til sú aðild verður virk.

7. Það aðildarríki, sem hlut á að máli, getur fellt úr gildi þennan samning á hvaða landssvæði sem er, í samræmi við 2., 3. eða 5. málsgrein þessarar greinar, svo framarlega sem það tilkynnir um það skriflega með tólf mánaða fyrirvara.

8. Yfirlýsingar og tilkynningar, sem gefnar eru samkvæmt þessari grein, skulu kunngjörðar ríkisstjórn Svíþjóðar, sem skal tilkynna þar um öllum öðrum aðildarríkjum.

44. gr.

Breytingar.

Breyting á ákvæðum þessa samnings skal borin undir aðildarríkin til samþykktar, ef hún hefur verið samþykkt með ákvörðun ráðsins, nema þegar ákvæði um breytingu er að finna annars staðar í þessum samningi, þar á meðal í Viðaukum hans, og skal breytingin taka gildi svo framarlega sem hún er samþykkt af öllum aðildarríkjunum. Samþykktarskjölunum skal komið í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal tilkynna öllum öðrum aðildarríkjum þar um.

Þessu til staðfestu hafa undiritaðir, með fullu umboði, undirritað samning þennan.

Gert í Stokkhólmi hinn 4. dag janúarmánaðar 1960 í einu eintaki á ensku og frönsku, og skulu báðir textarnir jafngildir, og þeir fengnir í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal senda öllum öðrum ríkjum, sem undirrita samninginn og aðilar gerast, staðfest eftirrit.

VIÐAUKI A

Grunntollar.

1. Í 3. málsgrein 3. greinar, og í þessum Viðauka, þá þýðir innflutningstollur sá, sem lagður er á innflutning vöru hvenær sem er, sá tollur, sem gildir í raun og lagður er á innflutning þeirrar vöru á þeim tíma. Þegar heimilað er, samt sem áður, að flytja inn tilgreint magn eða ákveðna vörusendingu samkvæmt sérstöku leyfis- eða eftirlitsfyrirkomulagi með lægri tolli en ella er lagður á innflutning þeirrar vöru, þá skal þessi lægri tollur ekki talinn sá tollur, sem gildir um vöru þessa. En þegar lægri tollur er lagður á án skilyrða og án magntakmarkana á innflutning vöru, vegna þeirrar ástæðu, sem að baki innflutningi hennar liggur, skal sá tollur vera talinn tollur sá, sem gildir um þessa vöru, þegar hún er innflutt vegna þeirrar ástæðu.

2. Þegar innflutningstollurinn á vöru í aðildarríki er afnuminn um hríð eða lækkaður 1. janúar 1960, getur það aðildarríki, hvenær sem er fyrir 31. desember 1964, lagt aftur innflutningstoll á þá vöru, svo framarlega sem,

(a) iðnaður á landssvæði þess hefur afráðið að leggja í verulegan kostnað við að þróa upp framleiðslu þeirrar vöru, sem um er að ræða fyrir undrritunardag þessa samnings; og

(b) kringumstæðurnar eru slíkar, að sanngjarnt er að ætla að samkeppni frá öðrum aðildarríkjum varðandi vöruna, hafi verið verulegur þáttur í útreikningum iðnaðarins þegar fjárfestingin var afráðin; og

(c) Varan er annaðhvort skráð á lista, sem hefur verið tilkynntur öðrum undirskriftarríkjum þessa samnings, áður en hann var undirritaður, eða ráðið hefur heimilað slíka endurálagningu með meirihlutasamþykkt.

3. Aðildarríki er heimilt að leggja aftur á innflutningstollinn á vöru á annan hátt en í samræmi við 2. málsgrein þessa Viðauka, svo framarlega sem það hefur tilkynnt þar um öllum öðrum aðildarríkjunum að minnsta kosti mánuði áður en leggja á tollinn á aftur. Ef, samt sem áður, á þeim tíma eða síðar, eitthvert annað aðildarríki á raunhæfra hagsmuna að gæta varðandi vöru þessa, þ. e. það framleiðir og flytur út þessa vöru í verulegu magni og tilkynnir þar um aðildarríki því, sem hefur í hyggju að leggja aftur á tollinn, eða hefur gert það, þá skal það aðildarríki ekki leggja aftur á tollinn eða það skal afnema hann. Ráðinu er heimilt að ákveða, með meirihlutasamþykkt, að aðildarríki hafi ekki raunhæfra hagsmuna að gæta varðandi vöruna.

4. Frá þeim degi að tollur er endurálagður í samræmi við 2. eða 3. málsgrein þessa Viðauka, skal tollurinn ekki fara fram úr því marki, sem heimilað er í 3. grein, á grundvelli þess að grunntollurinn sé tollur sá, sem lagður hefði verið á 1. janúar 1960, ef tollurinn hefði ekki verið afnuminn um hríð eða lækkaður á þeim mánaðardegi.

5. Að því er Danmörku varðar skal grunntollurinn varðandi sérhverja vöru vera sá tollur, sem gilti um innflutning vörunnar frá öðrum aðildarríkjum 1. marz 1960.

6. Að því er Noreg varðar skal grunntollurinn á sérhverri eftirfarandi vöru vera sá tollur, sem skráður er um vöruna eða sá lægri tollur, sem skráður kann að vera síðar á tilteknum tíma í Lista XIV við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti:

Norskt tollskrárnúmer	*Vara*	*Tollur* Norskar krónur pr. kg eða ad valorem
— 24.02 B	Vindlar	20,—
— 24.02 C	Vindlingar	20,—
ex 32.09 C	Fernis og lökk	12½%
— 69.12 A1	Leir- eða postulínsvörur, hvítar eða einlitar	22½%, en ekki undir 0.80
— 69.12 A2	Leir- eða postulínsvörur, aðrar	22½%, en ekki undir 1,20
ex 70.13 B	Skreyttar glervörur til borðbúnaðar	20%, en ekki undir 2,40
ex 73.17 B	Pípur úr steypujárni	15%
ex 73.20	Pípuhlutar ("fittings")	15%
— 85.03 A	Galvanisk rafhlöðuelement að þunga innan við 180 g	15%, en ekki undir 0,55
ex 92.11	Segulbandstæki	15%

7. Að því er varðar Stóra-Bretland skal grunntollurinn vera 33⅓% ad valorem á eftirgreindum vörum:

Bruxelles tollnafnaskrárnúmer	
ex 32.05	Tilbúin lífræn litarefni (þar með talin pigmentlitarefni) önnur en þau slík litarefni, sem leyst eru sundur eða leyst eru upp í cellulósanítrati (hvort sem er í plastástandi eða ekki), tilbúin lífræn litarefni, sem notuð eru til lýsingar, önnur en þau efni, sem innihalda tilbúin lífræn litarefni (þar með talin pigmentlitarefni), sem leyst eru sundur eða leyst eru upp með gerviplastefnum; og efni, sem þekkt eru sem optisk þráðlitunarefni.
ex 32.09	Tilbúin lífræn litarefni í ástandi eða í innpökkun, sem notað er í smásölu.

Ákvæði þessarar málsgreinar skulu gilda með þeirri forsendu, að tollurinn að upphæð 33⅓% ad valorem taki gildi ekki síðar en 1. júlí 1960.

8. Ráðið getur ákveðið að heimila aðildarríki að nota hvaða tollupphæð sem er sem grunntoll fyrir vöru.

9. Ákvæði þessa Viðauka gilda einungis um tolla á innflutningi vara, sem geta notið svæðistollmeðferðar.

VIÐAUKI B

Reglur varðandi svæðistollmeðferð.

Að því er varðar ákvörðun um svæðistollmeðferð vara samkvæmt 4. og 7. grein, skulu eftirfarandi reglur gilda. Vörulistarnir, sem fylgja þessum Viðauka eru einungis á ensku.

1. regla. Skýringarákvæði.

1. "Svæðið" þýðir svæði samtakanna.

2. Við ákvörðun framleiðslustaðar sjávarafurða og vara, sem framleiddar eru úr þeim, skal skip aðildarríkis vera talið hluti landssvæðis þess ríkis. Við ákvörðun

þess frá hvaða stað vörur hafa verið sendar skulu sjávarafurðir, sem aflað hefur verið, eða vörur, sem framleiddar eru úr þeim á hafi úti, taldar hafa verið sendar frá landssvæði aðildarríkis, ef þeirra var aflað eða þær framleiddar um borð í skipi aðildarríkis og þær hafa verið fluttar beint inn á svæðið.

3. Skrásett skip skal talið vera skip frá því ríki, þar sem það er skrásett, og frá því ríki, sem fáni þess er þjóðfáni.

4. "Efni" þýðir hráefni, hlutir og einingar, sem notaðar eru við framleiðslu varanna.

5. Orka, eldsneyti, verksmiðjuhús, vélar og verkfæri, sem notuð eru við framleiðslu vara innan svæðisins, og efni, sem notuð eru til viðhalds slíkra verksmiðjuhúsa, véla og verkfæra, skulu talin framleidd að öllu leyti á svæðinu, þegar um er að ræða upprunaákvörðun varanna.

6. "Framleidd" og "framleiðsla" ná til allra framleiðsluframkvæmda, að frátalinni sérhverri þeirri framleiðsluframkvæmd, sem felur aðeins í sér einn eða fleiri eftirtalinna þátta:

(a) pökkun, hvar svo sem umbúðarefnin kunna að hafa verið framleidd;
(b) skipting í hluta;
(c) aðgreining og flokkun;
(d) merking;
(e) röðun í vörusett.

7. "Framleiðandi" þýðir m. a. sá, sem stundar ræktun, iðnrekandi og einnig sá, sem afhendir vörur sínar öðrum, án þess að um sölu sé að ræða, sem framkvæmir síðasta framleiðsluþáttinn í gerð varanna, á kostnað hins fyrrnefnda.

2. regla. Vörur, sem eru að öllu leyti framleiddar innan svæðisins.

Að því er varðar lið (a) í 1. málsgrein 4. greinar eru eftirtaldar framleiðsluvörur meðal þeirra, sem skulu taldar framleiddar að öllu leyti innan svæðisins:

(a) jarðefni, sem unnin eru úr jörðu á svæðinu;
(b) grænmeti, sem ræktað er á svæðinu;
(c) lifandi dýr, sem borin eru og alin á svæðinu;
(d) framleiðsluvörur, sem falla til á svæðinu frá lifandi dýrum;
(e) framleiðsluvörur, sem stafa frá veiðum á landi og sjó á svæðinu;
(f) sjávarafurðir, sem aflað er af skipi aðildarríkis;
(g) notaðar vörur, sem einungis má nýta vegna efnismagns þeirra, svo framarlega sem vörunum hefur verið safnað hjá neytendum á svæðinu;
(h) brotahlutir og úrgangur, sem stafar frá iðnaðarframleiðslu á svæðinu;
(i) Vörur framleiddar á svæðinu, eingöngu úr öðrum eða báðum eftirfarandi þáttum:

(1) framleiðsluvörum, sem falla undir lið (a) til (h)
(2) efnum, sem ekki innihalda neina eðlisþætti, sem fluttir eru inn á svæðið utanaðfrá eða eru af óþekktum uppruna.

3. regla. Notkun hundraðshlutamælikvarðans.

Að því er varðar lið (c) í 1. málsgrein 4. greinar:

(a) hver þau efni, sem uppfylla þau skilyrði, sem sett eru í lið (a) eða (b) í 1. málsgrein þeirrar greinar, skulu ekki talin innihalda neina eðlisþætti, sem fluttir eru inn á svæðið;

(b) virði hverra þeirra efna, sem unnt er að staðreyna að hafa verið flutt inn utan svæðisins, skal vera c.i.f. virði þeirra, sem samþykkt er af tollyfirvöldum við afgreiðslu fyrir innanlandsnotkun, eða við tímabundinn innflutning, þegar þau voru síðast flutt inn á landssvæði aðildarríkis þess, þar sem þau voru notuð við framleiðslu, að frádregnum sérhverjum þeim flutningskostnaði, sem skapaðist vegna sendingar þeirra yfir landssvæði annarra aðildarríkja;

(c) ef ekki er unnt að ákvarða virði sérhverra þeirra efna, sem flutt eru inn utan svæðisins í samræmi við (b) lið þessarar reglu, skal virði þeirra talið það verð, sem fyrst er staðreynt að var greitt fyrir þau á landssvæði þess aðildarríkis, þar sem þau voru notuð við framleiðslu;

(d) ef ekki er unnt að ákvarða uppruna einhverra efna, skulu slík efni talin hafa verið flutt inn utan svæðisins og virði þeirra talið það verð, sem fyrst er staðreynt að var greitt fyrir þau á landssvæði þess aðildarríkis, þar sem þau voru notuð við framleiðslu;

(e) útflutningsverð varanna skal vera það verð, sem er greitt eða ber að greiða fyrir þær til útflytjandans á landssvæði þess aðildarríkis, þar sem þær voru notaðar við framleiðslu, en það verð skal vera leiðrétt, þar sem nauðsyn krefur, miðað við f.o.b., eða "frítt við landamæri" grundvöll, á því landssvæði;

(f) Virðið, svo sem það er ákveðið í samræmi við liði (b), (c) eða (d) eða útflutningsverðið, ákvarðað í samræmi við lið (e) þessarar reglu, er heimilt að leiðrétta, svo það samrýmist þeirri upphæð, sem gæti hafa fengizt við sölu á frjálsum markaði milli sjálfstæðra kaupenda og seljenda. Þessi upphæð skal einnig vera talin vera útflutningsverðið, þegar vörurnar eru ekki til sölu.

4. regla. Ákvörðunareining.

1. Hver einstök vara í vörusendingu skal meðhöndluð sérstaklega.

2. Að því er varðar 1. málsgrein þessarar reglu:

(a) þar sem Bruxelles-tollnafnaskráin tilgreinir að hópur, sett eða safn vara skuli ákvarðað undir eitt og sama heitið, skal slíkur hópur, sett eða safn meðhöndlað sem ein vara:

(b) verkfæri, hlutir og annað tilheyrandi, sem er flutt inn með vöru, og þegar verð þess er innifalið í verði vörunnar eða ekkert sérstakt gjald er tekið fyrir þau, skulu talin tilheyra vörunni, svo framarlega sem slíkir hlutir eru þeir, sem venjulega fylgja með í slíkum vörukaupum;

(c) í þeim tilvikum, sem ekki falla undir liði (a) og (b) skulu fleiri vörur taldar sem ein vara, ef innflutningslandið fer með þær þannig við álagningu tolls;

3. Ósamsett vara eða vara, sem tekin hefur verið í sundur, sem er flutt inn í fleiri en einni vörusendingu vegna þess að ókleift er vegna flutnings eða framleiðsluástæðna að flytja hana inn í einni vörusendingu, skal, ef innflytjandinn óskar þess, talin ein vara.

5. regla. Sundurgreining efna.

1. Að því er varðar þær framleiðsluvörur eða iðngreinar, þar sem það væri óhentugt fyrir framleiðandann að sundurgreina í verki efni, sem eru svipaðs eðlis, en af ólíkum uppruna, og notuð eru við framleiðslu vara, er unnt að láta í stað slíkrar sundurgreiningar koma bókhaldskerfi, sem hentar, og sem tryggir að ekki njóti aðrar vörur svæðistollmeðferðar en verið hefði, ef framleiðandanum hefði í verki verið unnt að sundurgreina efnin.

2. Sérhvert slíkt bókhaldskerfi skal vera í samræmi við þau skilyrði, sem aðildarríkin kunna að koma sér saman um til þess að tryggja, að nægilegt eftirlit eigi sér stað.

6. regla. Meðferð blanda.

1. Þegar um er að ræða blöndur, sem ekki eru hópar, sett eða safn vara, sem um er rætt í 4. reglu, getur aðildarríki neitað að viðurkenna svæðisuppruna sérhverrar framleiðsluvöru, sem búin er til með því að blanda saman vörum, sem teljast upprunnar á svæðinu og þeim, sem ekki eru það, ef eðliseinkenni framleiðsluvörunnar í heild eru ekki að neinu verulegu leyti frábrugðin eðliseinkennum vara þeirra, sem blandað hefur verið saman.

2. Þegar um er að ræða sérstakar framleiðsluvörur, þar sem það er, samt sem áður, viðurkennt af aðildarríkjunum, sem hlut eiga að máli, að æskilegt væri að leyfa þær blöndur, sem lýst er í 1. lið þessarar reglu, skulu slíkar framleiðsluvörur, með þeim skilyrðum, sem samkomulag verður um, taldar vera upprunnar á svæðinu að því er tekur til þess hluta þeirra, sem unnt er að sýna að samsvarar því magni vara, sem uppruna sinn eiga á svæðinu og notaðar eru í blönduna.

7. regla. Meðferð umbúða.

1. Þegar aðildarríki, við tollákvörðun, fjallar um vörur sér og umbúðir þeirra sér, þá er því einnig heimilt, að því er varðar innflutning þess frá landssvæði annars aðildarríkis, að ákveða sérstaklega svæðistollmeðferðarhæfi slíkra umbúða.

2. Þegar 1. liður þessar reglu er ekki látinn gilda, skulu umbúðir vera taldar mynda eina heild með vörunum og

(a) enginn hluti umbúða, sem nauðsynlegar eru við flutning þeirra eða geymslu, skal talinn hafa verið fluttur inn á svæðið, þegar uppruni varanna er ákvarðaður; og

(b) tollendurgreiðsla fyrir innfluttar umbúðir þær, sem nauðsynlegar eru vegna flutnings eða geymslu varanna, eða fyrir innflutt efni til framleiðslu slíkra umbúða, skal ekki hafa áhrif á svæðistollmeðferðarhæfi varanna.

3. Að því er varðar 2. lið þessarar reglu, skulu umbúðir þær, sem vörur eru venjulega seldar í smásölu í, ekki taldar umbúðir, sem nauðsynlegar eru vegna flutnings eða geymslu vara.

8. regla. Sönnunargögn um uppruna.

1. Krafa um að vörur séu samþykktar sem hæfar til svæðistollmeðferðar skal rökstudd með þar til heyrandi sönnunargögnum um uppruna, sendingu og tollendurgreiðslu. Sönnunargögn um uppruna skulu vera yfirlýsing eða skírteini í því formi, sem fyrir er mælt um í IV. vörulista í þessum Viðauka.

2. Útflytjandi varanna getur valið á milli yfirlýsingar eða skírteinis. Samt sem áður geta yfirvöld í útflutningslandinu krafizt þess, að sönnun um uppruna sé veitt með skírteini, að því er varðar ákveðnar tegundir vara. Aðildarríki getur krafizt þess að sönnun, sem veitt er á landssvæði þess um tollendurgreiðslu, skuli staðfest af yfirvöldum þess, og skal það tilkynnt öðrum aðildarríkjum fyrirfram um þá ætlun sína að krefjast slíkrar staðfestingar, ekki síðar en þrjátíu dögum áður en slíkt skilyrði tekur gildi. Þegar aðildarríki hefur sett fram slíka kröfu, geta önnur aðildarríki neitað að samþykkja sönnunargögn um uppruna, sem ekki hafa verið staðfest í samræmi við kröfu útflutningslandsins.

3. Að því er varðar 12. reglu og IV. vörulista þýðir "endurútflutningur" vörur, sem eru fluttar út án þess að hafa verið framleiddar að neinu leyti (svo sem það er skilgreint í 6. lið 1. reglu) í útflutningslandinu.

4. Hinum aðildarríkjunum skal tilkynnt um sérhvert það ríkisyfirvald eða aðila sérstaklega löggiltan að aðildarríki, sem falin er útgáfa skírteina. Slíkt ríkisyfirvald eða löggiltur aðili skal staðreyna raungildi þeirra sannana, sem það fær í hendur; það skal krefjast þess að ítarlegar upplýsingar séu látnar í té, þegar nauðsyn krefur, og framkvæma það eftirlit, sem við á. Ef yfirvöld innflutningslandsins krefjast þess, skal í trúnaði veitt vitneskja um hver er framleiðandi varanna.

5. Skipun löggiltra aðila getur útflutningslandið afturkallað, ef nauðsyn krefur. Að því er varðar innflutning þess ríkis, þá hefur sérhvert aðildarríki rétt til þess að neita að samþykkja skírteini frá hverjum þeim löggiltum aðila, sem kunnugt er að hefur ítrekað gefið út skírteini á rangan hátt, en ekki skal stíga slíkt skref, nema útflutningslandinu hafi með nægum fyrirvara verið tilkynnt um ástæður óánægjunnar.

6. Í þeim tilvikum, þegar þau aðildarríki, sem hlut eiga að máli, gera sér ljóst að það er óhentugt fyrir framleiðandann að gefa þá yfirlýsingu, sem um er rætt í IV. vörulista í þessum Viðauka, getur útflytjandinn í því aðildarríki, þar sem lokaþáttur framleiðslunnar fór fram, gefið þá yfirlýsingu í því formi, sem þessi aðildarríki ákvarða, miðað við þessar aðstæður.

7. Ráðið getur ákveðið að ítarlegri eða önnur ákvæði, varðandi uppruna, sendingu eða tollendurgreiðslu, skuli gilda um sérstakar vörur eða viðskipti.

9. regla. Staðreyning.

1. Innflutningslandið getur, svo sem nauðsyn býður, krafizt frekari sannana til stuðnings sérhverri yfirlýsingu eða skírteini, sem gefin er út í samræmi við 8. reglu.

2. Innflutningslandið skal ekki koma í veg fyrir það, að innflytjandinn taki á móti vörunum, einungis vegna þess að það þarfnist slíkra frekari sannana, en það getur krafizt tryggingar fyrir sérhvern þann toll eða annað gjald, sem þarf e. t. v. að greiða.

3. Þegar aðildarríki hefur, samkv. 1. lið þessarar reglu, krafizt frekari sannana, skal þeim, sem hlut eiga að máli, á landssvæði annars aðildarríkis, vera frjálst að leggja slíkar sannanir fyrir ríkisyfirvald eða löggiltan aðila síðarnefnda ríkisins, sem skal, eftir gagngera staðreyningu sönnunargagnanna, senda skýrslu til innflutningslandsins.

4. Þegar nauðsynlegt er, vegna innanlandslöggjafar, getur aðildarríki mælt svo fyrir, að óskum yfirvalda innflutningsríkja um frekari sannanir frá þeim, sem hlut eiga að máli á landssvæði þess, skuli beint til ákveðins ríkisyfirvalds, sem skal, eftir gagngera staðreyningu sönnunargagnanna, senda skýrslu til innflutningslandsins.

5. Ef innflutningslandið óskar þess að rannsókn sé framkvæmd á raungildi sönnunargagna þeirra, sem því hafa borizt, getur það borið fram ósk um það við hitt aðildarríkið, eða aðildarríkin, sem hlut eiga að máli.

6. Upplýsingar, sem innflutningslandið fær, samkvæmt ákvæðum þessarar reglu, skal farið með sem trúnaðarmál.

10. regla. Refsiaðgjörðir.

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að setja þau ákvæði með löggjöf, sem nauðsynleg eru um refsingar þeirra manna, sem, á landssvæði þeirra, láta í té, eða valda því að í té er látið, skjal, sem er rangt í mikilvægum atriðum varðandi stuðning við kröfu í öðru aðildarríki um að vörur skuli viðurkenndar sem svæðistollmeðferðarhæfar. Refsingar þær, sem við þessu liggja, skulu vera samsvarandi þeim, sem beitt er í þeim tilfellum að gefnar séu rangar yfirlýsingar varðandi greiðslu innflutningstolls.

2. Aðildarríki getur afgreitt málið utan réttar, ef hagstæðara er að ljúka því með sektargreiðslu við sáttagjörð eða á annan slíkan stjórnsýslumáta.

3. Aðildarríki er ekki skyldugt til þess að hefja, eða halda áfram, réttarhaldi eða málssókn samkvæmt 2. lið þessarar reglu.

(a) ef innflutningslandið, sem móttók hina röngu kröfu, hefur ekki óskað þess af þess hálfu; eða

(b) ef málssóknin reynist ekki réttmæt, á grundvelli þeirra sönnunargagna, sem fyrir liggja.

11. regla. Innanríkisákvæði varðandi tollendurgreiðslu.

1. Sérhvert aðildarríki tekst á hendur að setja þau ákvæði, sem nauðsynleg kunna að reynast, til þess að gera yfirvöldum sínum kleift annaðhvort

(a) (i) að gefa út opinber skírteini um það að tollendurgreiðslu hafi ekki verið krafizt eða hún notuð, að því er varðar útflutning frá landssvæði þeirra á vörum, sem lýst er yfir að séu svæðistollmeðferðarhæfar, enda hafi síðasti framleiðsluþátturinn farið þar fram, og

(ii) að tryggja að endurgreiðsla tolla sé ekki síðar veitt, eða notuð, að því er varðar slíkar vörur, og

(iii) að verða við ósk annars aðildarríkis um staðreyningu slíkra skírteina; eða

(b) (i) að verða við ósk annars aðildarríkis um staðreyningu yfirlýsinga, sem gefnar eru á landsvæði þeirra, um að tollendurgreiðslu hafi ekki verið krafizt, eða notuð, að því er varðar ákveðnar vörur, og

(ii) að tryggja að tollendurgreiðsla sé ekki síðar veitt, eða notuð, að því er varðar vörur, sem slíkar yfirlýsingar hafa verið staðreyndar um.

12. regla. Undantekningar varðandi tollendurgreiðslu.

Þrátt fyrir ákvæði 7. og 21. greinar, eða allra annarra reglna í þessum Viðauka gilda eftirtalin ákvæði:

1. Tollendurgreiðsla, sem krafizt er, eða notuð er, í sambandi við útflutning vara frá aðildarríki, í eftirtöldum flokkum, skal ekki hafa áhrif á svæðistollmeðferðarhæfi þeirra, þegar þær eru fluttar inn í annað aðildarríki. Þessir flokkar eru:

(a) Vörur, sem ferðamenn flytja inn til persónulegra nota og ekki til sölu, hvort sem ferðamaðurinn kemur með þær, eða þær eru sendar sérstaklega. (Ákvæði þessi gilda einnig um landamæraumferð);

(b) vörur, sem ekki er um getið í lið (a) hér að framan, sem hafa, við innflutning til ríkis, sem talið er upp hér á eftir, f.o.b. útflutningsvirði í útflutningslandinu, sem ekki fer fram úr eftirfarandi upphæðum, sem skráðar eru við hlutaðeigandi aðildarríki — sem vörurnar eru fluttar inn í:

Austurríki	Ö.S.	2,000
Danmörk	D.kr.	500
[Finnland	F.mk	250] [1]
Noregur	N.kr.	500
Portúgal	Esc.	2,500
Svíþjóð	S.kr.	400
Svissland	S.fr.	350
Bretland	£	25

2. Tollendurgreiðsla við útflutning vara, sem krafizt er, eða notuð er, vegna efna, sem upprunnin eru á svæðinu, og við innflutning inn í aðalríki frá og með 31. desember 1966, tollast eftir EFTA reglum, og sem hafa verið notuð við framleiðslu í því aðildarríki, sem vörurnar flytur út, skal ekki hafa áhrif á svæðistollmeðferðarhæfi varanna, þegar þær eru fluttar inn í annað aðildarríki.

3. Ákvæði 7. greinar, og þegar nauðsyn krefur ákvæði Viðauka B, skulu gilda um tollendurgreiðslu varðandi vörur, sem búnar eru til úr þeim efnum, sem nefnd eru í Viðauka D eða E. Tollendurgreiðsla, sem krafizt er, eða notuð er, varðandi einhver þau efni, sem greind eru hér á eftir og notuð eru við framleiðslu vara, skal samt sem áður ekki hafa áhrif á svæðistollmeðferðarhæfi þeirra vara. Efnin, sem hér um ræðir, eru:

Bruxelles tollnafnaskrárnúmer	*Vörulýsing*
ex 04.02	Mjólk (önnur en súrmjólk, mysa, hephir, yogurt og svipuð gerjuð mjólk), niðursoðin, í samþjöppuðu formi eða með sykri
ex 11.01	Mjöl úr korn (annað en haframjöl)
ex 15.07	Feitar olíur úr jurtaríkinu, fljótandi eða í föstu formi, hráar, hreinsaðar eða hreinunnar *nema* olíur, sem unnar eru efnalega úr olívuúrgangsefnum
— 17.01	Rófu- og reyrsykur í föstu formi
ex 17.02	Glúkósi
ex 17.05	Glúkósi, sem bragð- eða litarefni hafa verið látin í

4. Tollendurgreiðsla, sem krafizt er, eða notuð er, við útflutning vara fyrir 31. desember 1966, frá landssvæði aðildarríkis, skal ekki hafa áhrif á svæðistollmeðferðarhæfi þeirra, þó þær séu, eftir þann mánaðardag, endurútfluttar frá landssvæði annars aðildarríkis. Þessi undantekning gildir til 31. desember 1968.

VÖRULISTI I

Skrá yfir ákvarðandi framleiðsluaðferðir, þar sem einnig má nota hundraðshlutamælikvarðann.

1) Textinn innan hornklofa var samþykktur með ályktun sameiginlega ráðsins, nr. 4, 1966.

VÖRULISTI II

Skrá yfir ákvarðandi framleiðsluaðferðir, án hundraðshlutamælikvarða.

VÖRULISTI III

Hráefnaskrá.

VÖRULISTI IV

Eyðublöð fyrir sannanir um uppruna.

VIÐAUKI C.[1])

Listi yfir ríkisstyrki, sem vísað er til í 1. málsgrein 13. greinar.

(a) Fyrirkomulag um að útflytjendur fái að halda hluta af gjaldeyri, sem þeir hafa aflað, og því um líkt, sem leiðir til uppbótar við útflutning eða endurútflutning.

(b) Beinar ríkisuppbætur við útflytjendur.

(c) Fyrirkomulag um að iðnaðar- eða viðskiptafyrirtæki fái undanþágu frá beinum sköttum eða félagslegum útgjöldum í sambandi við útflutning.

(d) Undanþága við útflutningsvörur fyrir álögur og skatta nema innflutningsálögur og óbeina skatta, sem lagðir eru á einu eða fleiri stigum á sömu vörur, ef þær eru seldar til innanlandsneyzlu, eða
greiðsla við útfluttar vörur, á upphæðum, sem eru hærri en þær, sem lagðar hafa verið á vöruna á einu eða fleiri stigum, sem óbeinir skattar og/eða álögur lagðar á í sambandi við innflutning vörunnar.

(e) Það, að reiknað sé með lægra verði, en heimsmarkaðsverði, þegar innflutt hráefni eru seld útflutningsfyrirtækjum af hinu opinbera eða ríkisfyrirtækjum á öðrum kjörum en fyrirtækjum, sem framleiða fyrir heimamarkað.

(f) Það, að reiknað sé með gjöldum í sambandi við ríkisábyrgðir við útflutning, sem greinilega nægja ekki til að standa undir kostnaði og tapi ábyrgðastofnananna til langs tíma.

(g) Veiting ríkisútflutningsábyrgða (eða slíkra ábyrgða af stofnunum, sem hið opinbera ræður yfir) við gjöldum, sem eru lægri en það, sem þarf til að afla fjármagnsins.

(h) Fyrirkomulag þar sem hið opinbera að öllu eða einhverju leyti stendur undir kostnaði útflytjendanna við að afla sér lánsfjár.

VIÐAUKI D.[2])

Listi yfir landbúnaðarvörur, sem vísað er til í 1. málsgrein 21. greinar.

Bruxelles tollnafnaskrárnúmer	*Vörulýsing*
1. kafli	Lifandi dýr.
2. kafli	Kjöt og ætir hlutar af dýrum *nema* hvalkjöt (ex 02.04)
4. kafli	Mjólkurafurðir; fuglaegg; býflugnahunang

1) Skv. breytingu með ráðssamþykkt nr. 8, 1961 (15. marz 1961).
2) Skv. breytingum með ráðssamþykktum nr. 3, 1960 (11. maí 1960), nr. 23, 1960 (17. nóvember 1960), nr. 10, 1961 (26. apríl 1961), nr. 23, 1961 (7. desember 1961), nr. 16, 1963 (25. júlí 1963), nr. 17, 1963 (12. september 1963), nr. 1, 1964 (3. marz 1964), nr. 11, 1964 (30. júlí 1964), nr. 12. 1964 (27. október 1964) og nr 1, 1967 (19. janúar 1967).

Alþt. 1969. A. (90. löggjafarþing). 81

Bruxelles tollnafnaskrár-númer	*Vörulýsing*
5. kafli	
ex 05.04	Þarmar, blöðrur og magar, heilt eða í stykkjum, úr öðrum dýrum en fiskum, *nema* (i) svínsþarmar til pylsugerðar, sem séu að c.i.f. innflutningsverðmæti yfir £ 10 pr. cwt. (50.8 kg.) eða jafnvirði þeirrar upphæðar í annarri mynt; og (ii) ætir þarmar, blöðrur og magar, heilt eða í stykkjum, úr kindum, svínum eða nautpeningi, aðrir en þarmar til pylsugerðar
ex 05.15	Afurðir úr dýraríkinu, ót. a. eða meðt. *nema* blóðduft, blóðplasma, söltuð hrogn, óhæf til manneldis, dauð dýr þeirra tegunda, sem 1. og 3. kafli tekur til, óhæf til manneldis.
6. kafli	Lifandi trjáplöntur og aðrar jurtir; blómlaukar, rætur og þess háttar; afskorin blóm og blöð til skrauts
7. kafli	
ex 07.01	Grænmeti, nýtt eða kælt, *nema* hvítlaukur
— 07.02	Grænmeti (einnig soðið) fryst
— 07.03	Grænmeti lagt í saltlög, brennisteinssýrling eða önnur efni til varnar skemmdum um stundarsakir, en tilbúið til neyzlu strax
ex 07.04	Grænmeti þurrkað eða eimað, einnig sundurskorið, mulið eða steytt í duft, en ekki frekar unnið, *nema* hvítlaukur
— 07.05	Belgávextir, þurrkaðir og afhýddir, einnig flysjaðir eða klofnir
— 07.06	Maníókarót, arrowrót, salop, jarðartískokka, bataður og þess háttar rætur og rótarhýði, sem innihalda mikið af sterkju eða inúlíni, nýtt eða þurrkað, heilt eða skorið sundur; mergur sagópálmans
8. kafli	
— 08.01	Döðlur, bananar, kókoshnetur, parahnetur, akajahnetur, ananas, avokathnetur, mangóaldin, guavaber, nýtt eða þurrkað, einnig afhýtt
— 08.02	Sítrusávextir, nýir eða þurrkaðir
ex 08.03	Fíkjur, þurrkaðar
— 08.04	Vínber, ný eða þurrkuð
ex 08.05	Hnetur aðrar en þær, sem teljast til nr. 08.01, nýjar eða þurrkaðar með eða án hnotskurnar *nema* möndlur og kastanjettur
— 08.06	Epli, perur eða kveður, nýtt
— 08.07	Steinaldin, ný
— 08.08	Ber, ný
ex 08.09	Aðrir ávextir, nýir *nema* "honeydew" melónur (Cucumis melo L. var inodorus eða maltensis) og "ogen" melónur (Cucumis melo L. var cantalupensis Ser)
— 08.10	Ávextir (einnig soðnir), frystir, en ekki sykraðir
— 08.11	Ávextir lagðir í saltlög, brennisteinssýrling eða önnur efni til varnar skemmdum um stundarsakir, en ekki tilbúið til neyzlu strax
— 08.12	Aðrir þurrkaðir ávextir en þeir, sem teljast til nr. 08.01—08.05
— 08.13	Hýði af melónum eða sítrusávöxtum, nýtt, fryst, þurrkað eða lagt í saltlög, brennisteinssýrling eða í önnur efni til varnar skemmdum um stundarsakir
9. kafli	Kaffi, te, maté og krydd *nema* maté (09.03)

Bruxelles tollnafnaskrár-númer	*Vörulýsing*
10. kafli	Korn, ómalað
11. kafli	Malaðar afurðir; malt; sterkja; glúten; inúlín
12. kafli	
— 12.01	Olíufræ og olíurík aldin, heil eða sundurskorin
— 12.02	Mjöl ófitusneytt, úr olíufræum eða olíuríkum aldinum, þó ekki mustarðsmjöl
ex 12.03	Fræ, aldin og sporar til sáningar *nema* fræ af barrtrjám
— 12.04	Sykurrófur, heilar eða sundurskornar, nýjar, þurrkaðar eða malaðar; sykurreyr
— 12.05	Síkorírætur, nýjar eða þurrkaðar, heilar eða sundurskornar, óbrenndar
— 12.06	Humall og humalmjöl (lúpúlín)
ex 12.07	Basellika (Ocimum basilicum), hjólkróna (Borago officinalis), mynta (að undantekinni þurrkaðri piparmyntu og poleimyntu), rósmarínlyng (rosmarinus officinalis) og salvia (salvia officinalis)
— 12.08	Jóhannesarbrauð, nýtt eða þurrkað, einnig mulið eða malað, en ekki frekar unnið; aldinkjarnar og önnur jurtaefni, sem aðallega eru notuð til manneldis, ót. a.
— 12.09	Hálmur og hýði af korni, óunnið eða saxað, en ekki frekar unnið
— 12.10	Beðjur, kálrófur og aðrar fóðurrófur, hey, lucerne, smári, esparsettur, fóðurkál, úlfabaunir, umfeðmingsgras og þess háttar fóðurefni
15. kafli	
— 15.01	Feiti af svínum og fuglum, brædd eða pressuð
— 15.02	Feiti af nautgripum, sauðfé og geitum, óbrædd; tólg, framleidd úr slíkri feiti (þar með talinn "premier jus")
— 15.03	Svínafeitisterín (lardsterín), oleostrín (pressutólg), svínafleitiolía (olemargarín), tólgarolía, hvorki jafnblönduð, blönduð né unnin á annan hátt
ex 15.06	Önnur feiti og olía úr dýraríkinu (hér með talin klaufolía, beinafeiti, úrgangsefnafeiti) *nema* klaufolía til tæknilegrar notkunar
ex 15.07	Feiti og feit olía úr jurtaríkinu, hrá, hreinsuð eða hreinunnin *nema* olíur unnar á kemiskan hátt úr olívuúrgangsefnum til tæknilegrar notkunar
ex 15.12	Feiti og olía úr jurta- og dýraríkinu, hert, einnig hreinsuð, en ekki frekar unnin *nema* olíur og feiti algjörlega unnar úr fiski eða sjávarspendýrum
— 15.13	Smjörlíki, tilbúin svínafeiti (imitation lard) og önnur tilbúin matarfeiti
16. kafli	
— 16.01	Pylsur eða þess háttar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum eða dýrablóði
— 16.02	Aðrar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum, tilreiddar eða niðursoðnar
ex 16.03	Kjötextrakt og annað kjötseyði *nema* hvalkjötsextrakt
17. kafli	
— 17.01	Rófu- og reyrsykur í föstu formi
— 17.02	Annar sykur, síróp, hunangslíki, einnig blandað náttúrlegu hunangi; brenndur sykur

Bruxelles tollnafnaskrár-númer	*Vörulýsing*
— 17.03	Melassi, einnig aflitaður
ex 17.04	Fondant, deig, krem og svipaðar hálfunnar vörur, í stórum umbúðum, með viðbættu sætiefnainnihaldi að lágmarki 80% af þunga
— 17.05	Sykur, síróp og melassi, sem bragð- eða litarefni hafa verið látin í, þó ekki ávaxtasafi, sem sykur hefur verið látinn í að einhverju leyti
18. kafli	
— 18.01	Kakaóbaunir, heilar eða muldar, einnig brenndar
— 18.02	Kakaóhýði og kakaóúrgangur
19. kafli	
— 19.02	Vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd
— 19.03	Makkarónur, spaghetti og þess konar vörur
— 19.04	Tapíokagrjón og sagógrjón, tapíóka- og sagólíki unnin úr kartöflumjöli eða annarri sterkju
ex 19.07	Brauð og aðrar algengar brauðvörur *nema* hart, ósætt kex ("ships' biscuits"), brauðmylsna ("crumbs") og tvíbökur ("rusks")
ex 19.08	Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur *nema* kex, ískex, tvíbökur ("rusks"), kökur[1]) og vínarbrauð[2])
20. kafli	
— 20.01	Grænmeti og ávextir, tilreitt eða niðursoðið í ediki eða ediksýru, einnig með sykri, salti, sinnepi eða öðru kryddi
ex 20.02	Grænmeti, tilreitt eða varið skemmdum með öðru en ediki eða ediksýru, *nema* (i) tómatpuré (þ. m. t. tómatpulpa) algjörlega unnið úr tómati og vatni, með eða án salts eða annarra efna til varnar skemmdum eða bragðbætis, í loftþéttum lokuðum ílátum að þurrviktarinnihaldi ekki minna en 25% tómatur; og (ii) olívur
— 20.03	Ávextir frystir, með sykri
— 20.04	Ávextir, ávaxtahýði og plöntuhlutar varið skemmdum með sykri (húðað, gljásykrað eða sykrað á annan hátt)
— 20.05	Aldinsulta, aldinhlaup, aldinmauk, ávaxtapulpa og ávaxtadeig, soðið, einnig með sykri
ex 20.06	Ávextir, niðursoðnir eða tilreiddir á annan hátt, einnig með sykri eða vínanda *nema* hnetur
— 20.07	Ávaxta- og grænmetissafi (þar með drúfusafi), ógerjaður, einnig með sykri, en án vínanda
21. kafli	
ex 21.06	Pressuger
ex 21.07	Rjómaís (sem inniheldur fitu) en ekki rjómaísduft; kaffipasta, smjörkrem ("sweetfat"); emulgeruð fita og svipuð efni, sem notuð eru til

1) Með köku er átt við bakaðar vörur án fyllingar eða gljásykurs, úr mjöli (þ. m. t. maísmjöl og sterkja) og fitu en án gers og, sem m. a. hefur inni að halda tvennt eða fleira af eftirfarandi: sykri, hunangi, eggjum, mjólk, osti, ávöxtum, hnetum, bragðbætandi eða litandi efnum.

2) með vínarbrauði er átt við blaðlaga bakaða vöru með geri og feitiinnihaldi, sem minnst er 25% af þyngd fullunnu vörunnar.

Bruxelles tollnafnaskrár-númer	*Vörulýsing*
	framleiðslu á bökuðum vörum, og sem innihalda minnst 10% fitu; soðið ravioli, makkaróni, spaghetti og því um líkt
22. kafli	
— 22.04	Drúfusafi í gerjun og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með öðru en etanóli
— 22.05	Vín úr nýjum drúfum og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með etanóli
— 22.06	Vermút og annað vín úr nýjum drúfum, með bragðefnum
— 22.07	Aðrar gerjaðar drykkjarvörur, t. d. eplavín, peruvín og mjöður (hunangsvín)
ex 22.09	Etanól ómengað, með minna en 80% etanólmagni að rúmmáli; áfengir drykkir *nema* whisky og annað áfengi unnið úr korni, romm og annað áfengi unnið úr melössum; aquavitae, genever, gin, eftirlíkingar af rommi og vodka; áfengir drykkir úr vínþrúgu- og fíkjubrennivíni; líkjörar og ávaxtalíkjörar ("cordials"); samansettar vínandablöndur (s. k. "concentrated extraxts") til framleiðslu á drykkjarvörum
— 22.10	Edik og edikslíki
23. kafli	
— 23.02	Klíð og annað úrgangsefni, sem fellur til við mölun, sáldun eða aðra vinnslu korns eða belgávaxta
— 23.03	Sykurmelassi og annar úrgangur, sem fellur til við framleiðslu á sykri; hrat og önnur úrgangsefni frá öl- og áfengisgerð; úrgangsefni frá sterkjugerð og önnur áþekk úrgangsefni
— 23.04	Olíukökur og aðrar leifar, sem falla til við framleiðslu á jurtaolíum, að undanskildu botnfalli
— 23.06	Jurtaefni hæf til skepnufóðurs, ót. a.
ex 23.07	Skepnufóður blandað sykri eða melassa og annað tilreitt skepnufóður *nema* soðkjarni fisks ("fish solubles")
24. kafli	
— 24.01	Tóbak óunnið; tóbaksúrgangur
35. kafli	
ex 35.01	Kasein, kaseinöt og aðrir kaseinderivatar

VIÐAUKI E[1])

Listi yfir fisk og aðrar sjávarafurðir, sem vísað er til í 1. málsgrein 26. greinar.

Bruxelles tollnafnaskrár-númer	*Vörulýsing*
ex 03.01	Fiskur, nýr (lifandi eða dauður), ísvarinn, kældur eða frystur *nema* hraðfryst flök
— 03.02	Fiskur, saltaður, í saltlegi, þurrkaður eða reyktur
ex 03.03	Krabbadýr og lindýr, með eða án skeljar, ný (lifandi eða dauð) kæld, fryst, söltuð, í saltlegi eða þurrkuð; krabbadýr með skel, aðeins soðin í vatni, *nema* frystar, afskeljaðar rækjur aðrar en "Dublin Bay prawns" ("Nephrops norvegicius")

1) Skv. breytingu með ráðssamþykkt nr. 17, 1963 (12. september 1963) og nr. 11, 1964 (30. júlí 1964).

VIÐAUKI F

Listi yfir landssvæði, sem vísað er til í 2. málsgrein 43. greinar.

Færeyjar[1])
Grænland[2])
Gíbraltar
Malta[3])

VIÐAUKI G[4])

Sérákvæði vegna Portúgal hvað snertir innflutningstolla og magntakmarkanir á útflutningi.

1. Í þessum Viðauka eru sett sérákvæði um minnkun og afnám innflutningstolla á ákveðnum vörum, sem samningurinn nær til, er þær flytjast inn á portúgalskt landssvæði, og sérákvæði vegna Portúgal um beitingu magntakmarkana á útflutningi.

I

Innflutningstollar.

2. Ákvæðin í 4. og 6. málsgrein þessa Viðauka skulu koma í stað 2. málsgreinar 3. greinar hvað snertir nokkrar þær vörur, sem framleiddar eru 1. janúar 1960 á portúgölsku landssvæði og samningurinn nær til, og, sem ekki er vísað til í 3. málsgrein þessa Viðauka.

3. (a) Vörurnar, sem undanþegnar eru 2. málsgrein þessa Viðauka eru

(i) vörur, þar sem útflutningur nemur 15% eða meir af framleiðslunni á portúgölsku landssvæði, sem samningurinn nær til, að meðaltali á þriggja ára tímabilinu, sem lauk 31. desember 1958; eða

(ii) aðrar vörur, sem Portúgal tilkynnir jafnvel þótt viðkomandi iðngreinar séu ekki útflutningsgreinar, sem ákvæði liðs (i) í þessari málsgrein taka til.

(b) Fyrir 1. júlí 1960 skal Portúgal tilkynna ráðinu til hvaða vara liðir (i) og (ii) í þessari málsgrein taka til.

4. (a) Frá og með eftirgreindum dögum, skal Portúgal ekki leggja innflutningstoll á neina vöru, er vísað er til í 2. málsgrein þessa Viðauka, sem er hærri en sá hundraðshluti grunntollsins, sem ákveðinn er fyrir viðkomandi dag:

1. júlí 1960	80%
1. janúar 1963	70%
1. janúar 1967	60%
1. janúar 1970	50%

(b) Fyrir þann 1. janúar 1970 skal ráðið ákveða tímasetningu fyrir lækkun innflutningstolla í áföngum á þeim vörum, sem tollar eru lagðir á eftir þann tíma, þó þannig að þessir tollar séu felldir niður fyrir 1. janúar 1980.

---

1) Samningurinn tók til Færeyja frá og með 1. janúar 1968 með yfirlýsingu Danmerkur skv. 2. málsgr. 43. greinar.

2) Samningurinn tók til Grænlands frá og með 1. júlí 1961 með yfirlýsingu Danmerkur skv. 2. málsgr. 43. greinar.

3) Malta varð sjálfstætt ríki 21. september 1964. Tilvitnunin í Möltu á ekki lengur við.

4) Skv. breytingu með ráðssamþykkt nr. 4, 1961 (16. febrúar 1961).

5. Ef útflutningur vöru framleiddri á portúgölsku landssvæði, sem samningurinn tekur til, nær 15% eða meir af meðaltali þriggja ára tímabils, sem lauk 31. desember 1959 eða einhvers síðari þriggja ára tímabils fyrir 1. janúar 1970, og með því að þetta útflutningsmagn á ekki rætur sínar að rekja til séraðstæðna, skal niðurfellingin á þeim tolli, sem eftir er, framkvæmd með árlegum 10% lækkunum grunntollsins, nema ráðið ákvarði annað.

6. (a) Hvenær sem er fyrir 1. júlí 1972 getur Portúgal hækkað innflutningstoll á vöru eða sett nýjan innflutningstoll á vöru, sem á þeim tíma er ekki framleidd í verulegu magni á portúgölsku landssvæði, sem samningurinn nær til, svo fremi að slíkur innflutningstollur

(i) sé nauðsynlegur til að stuðla að þróun ákveðinnar framleiðslu; og

(ii) sé að verðtollsígildi ekki hærri en venjulega er um innflutningstolla, sem Portúgal leggur á beztu-kjara grundvelli á þeim tíma á svipaðar vörur framleiddar á portúgölsku landssvæði, sem samningurinn nær til.

(b) Portúgal skal tilkynna ráðinu um alla tolla, sem lagðir eru á í samræmi við a-lið þessarar málsgreinar ekki síðar en 30 dögum áður en þeir koma til framkvæmda. Ef aðildarríki óskar þess, skal ráðið athuga hvort skilyrði þessarar málsgreinar eru uppfyllt.

(c) Fyrir þann 1. janúar 1980 skal Portúgal afnema innflutningstolla, sem lagðir eru á í samræmi við a-lið þessarar málsgreinar. Innflutningstollarnir skulu lækkaðir jafnt og í stigum. Portúgal skal tilkynna ráðinu um hvaða áætlun skal beitt í lækkununum. Að beiðni aðildarríkisins skal ráðið taka áætlun þá, sem tilkynnt hefur verið til athugunar, og getur það ákveðið að breyta henni.

II

Magntakmarkanir á útflutningi.

7. Ákvæði 11. greinar skulu ekki hindra Portúgal í að beita magntakmörkunum við útflutning á forgengilegum námuvinnsluvörum, ef nauðsynlegu framboði til heimaiðnaðarins er stofnað í hættu með útflutningi vörunnar til landssvæða annarra aðildarríkja, þegar tekið er tillit til þess magns vörunnar, sem fyrir hendi er. Ef Portúgal beitir höftum í samræmi við þessa málsgrein, skulu þau tilkynnt ráðinu, áður en þau taka gildi, ef það er hægt, og skulu þau rædd við hvaða annað aðildarríki sem er.

BÓKUN

um beitingu Samningsins um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu gagnvart furstadæminu Liechtenstein.

Þau ríki, sem undirritað hafa samninginn um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu og furstadæmið Liechtenstein,

sem taka tillit til þess, að furstadæmið Liechtenstein er í tollabandalagi við Sviss samkvæmt samningnum frá 29. marz 1923 og að samkvæmt þeim samningi geta ekki öll ákvæði Samningsins haft gildi gagnvart Liechtenstein án þess að frekari heimildir komi til, og

sem taka tillit til þess, að furstadæmið Liechtenstein hefur látið í ljósi þá ósk, að öll ákvæði Samningsins hafi gildi gagnvart því, og til að svo geti orðið, gerir þá tillögu, að svo miklu leyti, sem það er nauðsynlegt, að gefa Sviss sérstakt umboð,

eru sammála um eftirfarandi:

1. Samningnum skal beitt gagnvart furstadæminu Liechtenstein meðan það er í tollabandalagi við Sviss og Sviss er meðlimur í samtökunum.

2. Sviss skal koma fram sem fulltrúi Liechtenstein vegna samnings þessa.

3. Bókun þessi skal fullgildast af ríkjum þeim, sem undir rita. Fullgildingarskjölin skulu vera í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal tilkynna þar um öllum öðrum ríkjum, sem undir rita.

4. Gildistaka bókunar þessarar skal vera þegar fullgildingarskjöl allra ríkja, sem undirrita, hafa verið lögð fram.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir, með fullu umboði, undirritað bókun þessa.

Gert í Stokkhólmi hinn 4. dag janúarmánaðar 1960, í einu eintaki á ensku og frönsku, og skulu báðir textarnir jafngildir, og þeir fengnir í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal senda öllum öðrum ríkjum, sem undirrita samninginn og aðilar gerast, staðfest eftirrit.

SÁTTMÁLI

um stofnun samtaka milli aðildarríkja Fríverzlunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Finnlands.

Lýðveldið Austurríki, konungsríkið Danmörk, konungsríkið Noregur, lýðveldið Portúgal, konungsríkið Svíþjóð, Svissneska ríkjasambandið og hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands annars vegar, og lýðveldið Finnland hins vegar

sem hafa hliðsjón af samningnum um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu frá 4. janúar 1960;

sem æskja þess að koma á fót fríverzlunarsamtökum milli aðildarríkja Fríverzlunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Finnlands;

sem eru einhuga um að vinna að markmiðum 2. greinar í samningnum um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu;

sem hafa hliðsjón af þegar gerðum alþjóðlegum samningum, sem þau eru aðilar að;

eru sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Hér með eru stofnuð samtök (hér á eftir nefnd "samtökin, sem stofnuð eru með þessum sáttmála") milli aðildarríkja Fríverzlunarsamtaka Evrópu (hér á eftir nefnd "aðildarríkin") og lýðveldisins Finnlands (hér á eftir nefnt "Finnland"), samkvæmt 2. málsgrein 41. greinar í samningnum um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu (hér á eftir nefndur "samningurinn").

2. gr.

1. Með skírskotun til ákvæða þessa sáttmála, skulu ákvæði samningsins gilda í samskiptum Finnlands og aðildarríkjanna, að undanteknum þó greinum 1, 32, 34, 35, 36, 39, 40, 41, 42, 43 og 44. Tilvitnanir hér á eftir í sáttmálann skal því skilja sem tilvitnanir í sáttmálann í samhengi við ákvæði samningsins að undanteknum fyrrnefndum greinum.

2. Ef tilvitnanir í þessum sáttmála í ákvæði samningsins fá gildi í samræmi við 1. málsgrein þessarar greinar, skulu þær skildar sem tilvitnanir í texta samningsins að meðtöldum öllum breytingum, sem gerðar hafa verið fyrir undirskrift sáttmálans.

3. Svæði Fríverzlunarsamtaka Evrópu með þeim breytingum sem við á í 1., 2. og 4.—8. og 43. grein samningsins skal einnig taka til landssvæðis Finnlands.

4. Með tilliti til sáttmála þessa skulu í stað orðanna "ráð", "samningur", "samtök" og "aðildarríki", sem er að finna í ákvæðum samningsins og sem fá gildi í samræmi við 1. málsgrein þessarar greinar, koma orðin "sameiginlegt ráð", "sáttmáli", "samtök", sem stofnuð eru með þessum "sáttmála" og "aðilar að þessum sáttmála".

5. Hvarvetna í samningnum þar sem getið er hins 1. júlí 1960 skal, með tilliti til þessa sáttmála, koma hinn 1. júlí 1961.

3. gr.

1. Að því er varðar framkvæmd 3. greinar samningsins, skal í stað töflu þeirrar, sem er að finna í a-lið 2. málsgreinar þeirrar greinar, koma eftirfarandi tafla,

sem á við um allar vörur í Viðauka I við þennan sáttmála og sem fluttar eru inn til Finnlands:

1. júlí 1961	80%
1. maí 1964	60%
1. marz 1965	50%
31. desember 1965	40%
31. desember 1966	30%
31. desember 1967	20%
31. desember 1968	10%

Frá og með 31. desember 1969, skal Finnland ekki leggja innflutningstoll á neinar þær vörur, sem er að finna í Viðauka I við sáttmála þennan.

2. Frá 1. júlí 1961 til 1. júlí 1963 getur sameiginlega ráðið ákveðið, að innflutningstollur sé lækkaður hraðar en ákveðið er í 1. málsgrein þessarar greinar á öllum eða sumum þeirra vara, sem tilgreindar eru í Viðauka I. Við slíka ákvörðun skal þróun viðskipta með þessar vörur milli Finnlands og aðildarríkjanna höfð til hliðsjónar og sameiginlega ráðið skal taka tilhlýðilegt tillit til hinnar raunverulegu atvinnuaðstæðna í viðkomandi iðngreinum í Finnlandi og aðildarríkjunum.

3. Grunntollurinn á hvaða vöru sem er fyrir Finnland, skal vera sá tollur, sem lagður var á við innflutning viðkomandi vöru, frá aðildarríkjunum þann 1. júlí 1961.

4. gr.

1. 10. grein samningsins tekur ekki til neinna þeirra vara, sem taldar eru upp í Viðauka II við þennan sáttmála, þegar þær eru fluttar inn til Finnlands.

2. Hvað snertir vörur þær, sem taldar eru upp í Viðauka II, þá skal magntakmörkunum þeim, sem Finnland kann að viðhalda með tilliti til 1. málsgreinar þessarar greinar, beitt á þann hátt, að seljendur í aðildarríkjum fái tækifæri til að keppa við aðra seljendur á eðlilegan og jafnan hátt um sanngjarnan hluta finnska markaðsins, enda sé tekið tillit til eðlilegrar þróunar viðskiptanna.

3. Hvað snertir vörur, sem taldar eru upp í Viðauka II og fluttar inn til Finnlands, þá skal 13. og 16. grein samningsins beitt þannig, að í stað tilvitnana um afnám magntakmarkana eða það, að þær séu ekki fyrir hendi, koma tilvitnanir í 2. málsgrein þessarar greinar.

4. Að beiðni hvaða aðila að þessum sáttmála sem er, skal sameiginlega ráðið taka til athugunar ákvæði þessarar greinar.

5. gr.

1. Hvað snertir ósýnilegar greiðslur og yfirfærslur, skulu aðildarríkin veita Finnlandi kjör, sem ekki eru óhagstæðari en þau, sem veitt eru öðrum aðildarríkjum í samræmi við samþykktabálka þá um afnám hafta, sem tilheyra skyldum þeim, sem vísað er til í 29. grein samningsins og Finnland skal, þó með þeim fyrirvörum, sem greinir í Viðauka II við þennan sáttmála, veita aðildarríkjunum kjör, sem ekki eru lakari en þau, sem þeim voru veitt þann 1. maí 1960.

2. Sameiginlega ráðið skal við og við taka þessi mál til athugunar, og getur það gert þær tillögur eða tekið þær ákvarðanir um að breyta ákvæðum þessarar greinar, eða Viðauka III, sem það álítur viðeigandi.

6. gr.

1. Sameiginlegt ráð er hér með stofnað. Sérhver aðili að þessum sáttmála skal hafa fulltrúa í sameiginlega ráðinu og skal fara með eitt atkvæði.

2. Það skal vera skylda sameiginlega ráðsins:
   (a) að fara með þau völd og störf, sem því eru fengin samkvæmt sáttmála þessum;
   (b) að hafa eftirlit með beitingu þessa sáttmála og fylgjast með framkvæmd hans, og,
   (c) að kanna, hvort frekari ráðstafanir skuli gerðar af aðilunum að þessum sáttmála til að koma í framkvæmd markmiðum sáttmálans.

3. Er sameiginlega ráðið rækir skyldustörf sín samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar, getur það tekið ákvarðanir, sem skulu vera bindandi fyrir aðilana að þessum sáttmála og það getur gert tillögur til aðilanna að þessum sáttmála.

4. Ákvarðanir og tillögur sameiginlega ráðsins skulu gerðar samhljóða, nema að því leyti, sem öðruvísi er ákveðið í sáttmála þessum. Ávarðanir og tillögur skulu taldar samþykktar samhljóða, nema einhver aðilanna að þessum sáttmála greiði þeim mótatkvæði. Ákvarðanir og tillögur, sem afgreiða þarf með meirihlutasamþykkt, þarfnast samþykkis fimm aðila að þessum sáttmála.

5. Ef fjöldi aðilanna að þessum sáttmála breytist, getur sameiginlega ráðið ákveðið að breyta fjölda þeirra atkvæða, sem þarf til þeirra ákvarðana og tillagna, sem afgreiða þarf með meirihlutasamþykkt.

6. Ákvörðunum ráðsins, sem stofnsett er með samningnum (hér á eftir nefnt „ráðið"), sem teknar eru samhljóða samkvæmt ákvæðum samningsins og gildi hafa samkvæmt 2. grein þessa sáttmála, skal, nema ráðið ákveði annað, vísað til sameiginlega ráðsins og séu þær samþykktar án fyrirvara af Finnlandi, skulu þær bindandi einnig fyrir Finnland og koma til framkvæmda í samskiptum Finnlands og aðildarríkjanna.

7. Ef ákvörðunum ráðsins, sem teknar eru með meirihluta atkvæða samkvæmt ákvæðum samningsins og hafa gildi samkvæmt 2. grein þessa sáttmála er vísað til sameiginlega ráðsins að beiðni einhvers aðila að þessum sáttmála, getur sameiginlega ráðið ákveðið að ákvörðun ráðsins sé bindandi einnig fyrir Finnland og komi til framkvæma í samskiptum Finnlands og aðildarríkjanna. Þrátt fyrir ákvæði 4. málsgreinar þessarar greinar, skal jákvætt atkvæði fjögurra aðila að þessum sáttmála nægja til slíkrar ákvörðunar sameiginlega ráðsins.

8. Sameiginlega ráðið skal taka ákvarðanir:
   (a) til að ákveða eigin fundarsköp, sem geta tekið til ákvæða um meðferð mála, sem ákveðin eru með meirihluta atkvæða;
   (b) til að ákveða fjárhagslegt framlag Finnlands til samtakanna.

7. gr.

Sáttmáli þessi er háður samþykki ríkja þeirra, sem undir hann rita, og skal taka gildi, þegar öll þau ríki hafa afhent fullgildingarskjölin. Fullgildarskjölin skulu afhent ríkisstjórn Svíþjóðar, sem skal tilkynna það öllum öðrum ríkjum, sem undir rita.

8. gr.

1. Sérhvert ríki, sem gerist aðili að samningnum, skal einnig gerast aðili að þessum sáttmála, ef ráðið ákveður svo.

2. Sérhvert ríki, sem stofnar til samtaka við aðildarríkin í samræmi við 2. málsgrein 41. greinar samningsins, getur gerzt aðili að þessum sáttmála með þeim skilyrðum, sem sameiginlega ráðið ákveður.

9. gr.

1. Finnland, eða aðildarríkin í samræmi við ákvörðun ráðsins, geta sagt sáttmála þessum upp með þriggja mánaða skriflegum fyrirvara við ríkisstjórn Svíþjóðar, sem skal tilkynna það öllum aðilum að þessum sáttmála.

2. Ef sáttmála þessum er sagt upp í samræmi við 1. málsgrein þessarar greinar, getur sameiginlega ráðið ákveðið, að ákvæði samningsins, sem beitt er samkvæmt 2. grein þessa sáttmála, skuli áfram halda gildi, að fullu eða nokkru leyti, milli aðildarríkjanna og Finnlands um ekki lengri tíma en níu mánuði frá þeim degi að uppsögn tekur gildi.

3. Aðildarríki, sem segir upp aðild að samningnum, skal þar með frá sama degi ljúka aðild sinni að þessum sáttmála.

4. Sérhvert aðildarríki getur sagt sáttmála þessum upp með þriggja mánaða fyrirvara, sem gefinn sé ríkisstjórn Svíþjóðar, en hún tilkynnir það öllum öðrum aðilum að þessum sáttmála.

10. gr.

Að undanskildum þeim tilvikum þar sem ráð er gert fyrir breytingum annars staðar í þessum sáttmála, skulu breytingar á ákvæðum sáttmála þessa lagðar fyrir aðilana að honum til samþykkis, og ef samþykki sameiginlega ráðsins liggur fyrir, taka gildi ef samþykki allra aðilanna að þessum sáttmála fæst. Samþykktarskjölum skal komið í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal tilkynna það öllum aðilunum að þessum sáttmála.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, með fullu umboði undirritað sáttmála þennan.

Gert í Helsingfors 27. marz 1961 í einu eintaki á ensku og frönsku, og skulu báðir textar jafngildir, og þeir fengnir í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal senda öllum öðrum ríkjum, sem undirrita sáttmálann og aðilar gerast, staðfest eftirrit.

Viðauki I

Listi yfir vörur, sem vísað er til í 1. málsgrein 3. greinar.

Viðauki II

Listi yfir vörur, sem vísað er til í 4. grein.

Viðauki III

Fyrirvarar Finnlands, sem vísað er til í 5. grein.

Fylgiskjal III.

RÆÐA VIÐSKIPTAMÁLARÁÐHERRA, DR. GYLFA Þ. GÍSLASONAR, Í EFTA-RÁÐINU ÞANN 23. JANÚAR 1969

Ég byrja þessi orð mín með því að láta í ljós þakklæti mitt og ríkisstjórnar Íslands til ráðsins fyrir að veita mér þetta tækifæri til þess að setja fram sjónarmið lands míns í sambandi við umsókn þess um aðild að EFTA. Jafnframt langar mig til þess að biðja ykkur, meðlimi ráðsins, að færa ráðherrum ykkar og ríkisstjórnum einlægar þakkir íslenzku ríkisstjórnarinnar fyrir hinar jákvæðu undirtektir, sem umsókn okkar hlaut á fundinum í Vínarborg 21. og 22. nóvember 1968. Þær urðu okkur til mikillar uppörvunar og voru mjög mikils metnar í landi mínu. Við höfum leyft okkur að draga af þeim þær ályktanir, að þær spái góðu um þær viðræður, sem nú eru að hefjast og framundan eru. Það er einlæg ósk okkar, að niðurstaða þeirra verði jákvæð, og við munum leggja okkur alla fram um, fyrir okkar leyti, að svo geti orðið.

Ráðinu hefur verið afhent greinargerð íslenzku ríkisstjórnarinnar um helztu staðreyndir, sem við teljum máli skipta í sambandi við umsókn Íslands um aðild að EFTA. Innan skamms munum við einnig afhenda greinargerð um þróun og framtíðarhorfur íslenzkra efnahagsmála. Ég mun í þessum orðum mínum ekki endurtaka það, sem í þessum skýrslum segir. Mig langar hins vegar til þess að víkja að nokkrum grundvallarsjónarmiðum, sem eru ástæða þess, að Íslendingar æskja þess, að vera aðilar að EFTA, ástæða þess, að þeir æskja þess einmitt nú, en hafa ekki gert það fyrr.

Þótt ykkur sé áreiðanlega öllum ljós sú staðreynd, að Ísland hefur að mörgu leyti við mjög sérstök vandamál að glíma vegna landfræðilegrar legu, smæðar þjóðarinnar og einhæfni atvinnuveganna, finnst mér ég verða að byrja þessar hugleiðingar á að minna enn einu sinni á þessar staðreyndir, af því að margt, ef ekki flest af því, sem ég segi hér á eftir, stendur í beinu eða óbeinu sambandi við þetta. Ísland er eitt af fámennustu fullvalda ríkjum í veröldinni. Skömmu eftir aldamótin, þegar Íslendingar fengu heimastjórn og urðu í raun og veru sjálfstæðir, voru þeir þjóð bláfátækra bænda og fiskimanna og ekki fjölmennari en 80 000. Nú hefur þeim fjölgað upp í 200 000, og í raun og veru er það efnahagsundur, sem gerzt hefur á Íslandi á þessari öld. Þessi örfámenna þjóð hefur ekki aðeins treyst sjálfstæði sitt, heldur hefur hún einnig byggt upp nútímaiðnaðarþjóðfélag og velferðarríki, þar sem lífskjör eru svipuð og þjóðfélagshættir sams konar og á hinum Norðurlöndunum, þótt landið sé að ýmsu leyti erfitt og liggi beinlínis á norðurlandamærum þess heimshluta, þar sem menn búa við vestræna lifnaðarhætti.

Íslendingar eru fyrst og fremst norræn þjóð. Þeir hafa alltaf lagt og munu alltaf leggja sérstaka rækt við tengsl sín við hin Norðurlöndin. Jafnframt hafa Íslendingar ávallt talið og munu ávallt telja sig Evrópuþjóð. Í næstum 1100 ára sögu sinni hafa Íslendingar ávallt haft náin tengsl, bæði á sviði viðskipta og menningar, við Evrópuþjóðir, einkum þjóðirnar í Norðvestur-Evrópu. Öldum saman hefur Bretland verið einn stærsti viðskiptavinur Íslendinga. Það er ekki fyrr en á allra síðustu árum, að aðrar þjóðir, þ. e. a. s. Bandaríkin, Sovétríkin og Þýzkaland hafa komizt í svipaða aðstöðu, þótt viðskipta- og menningartengsl við Þýzkaland séu að vísu aldagömul. Og tvær heimsstyrjaldir þessarar aldar hafa leitt í ljós, að

lega landsins hefur mikla þýðingu fyrir varnarmál Evrópu og ekki aðeins hennar, heldur Norður-Ameríku einnig. Menningarlega séð, eru Íslendingar Norðurlandaþjóð. Í viðskiptatilliti eru þeir fyrst og fremst Vestur-Evrópuþjóð, sem þó hefur mikilla viðskiptahagsmuna að gæta í bæði Bandaríkjunum og Austur-Evrópu. En frá landfræðilegu sjónarmiði er Ísland Atlantshafsríki, nokkurs konar tengiliður milli Evrópu og Norður-Ameríku. Hefur þetta að sjálfsögðu haft þýðingu fyrir stjórnmálastöðu landsins, og einnig verið mikilvægt fyrir hagsmuni nálægra ríkja, beggja megin Atlantshafs.

Þetta langaði mig til að segja í upphafi. En eðlilegt áframhald af þessu væri spurning um, hvers vegna Ísland hafi ekki fyrr leitað eftir aðild að EFTA.

Ísland hafði á sínum tíma mikinn áhuga á myndun fríverzlunarsvæðis Evrópu, tók þátt í þeim viðræðum, sem um það fóru fram í OEEC, og harmaði, að þær skyldu ekki bera árangur. Um það leyti, sem EFTA var stofnað, var Ísland hins vegar önnum kafið við miklar umbætur á skipan efnahagsmála sinna, en þessar umbætur voru forsenda að frekari þátttöku í alþjóðlegu viðskiptasamstarfi. Auk þess stóðu þá einnig yfir alvarlegar milliríkjadeilur um stærð fiskveiðilögsögunnar. Þegar þessi tvö vandamál höfðu verið leyst á árinu 1961, tók Ísland þegar í stað til athugunar hugsanlega aðilda að EFTA. Eins og kunnugt er, voru þá hins vegar að myndast ný viðhorf í viðskiptamálum álfunnar vegna tilrauna Breta og margra annarra EFTA-þjóða til þess að gerast aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu. Íslendingar fylgdust náið með þessum málum á árunum 1961 til 1963 og bjuggu sig undir að ná tengslum við stækkað Efnahagsbandalag, sem þá virtist vera í fæðingu. Þegar ljóst var, að af þessari stækkun yrði ekki að sinni, byrjuðu Íslendingar að nýju að hugsa um aðild að EFTA. Á árunum 1962 til 1966 voru miklir uppgangstímar í efnahagsmálum á Íslandi. Olli þetta því, að Íslendingar urðu lítið varir við það óhagræði í viðskiptamálum, sem það hafði í för með sér að standa utan markaðsbandalaganna í Evrópu. Hugsanleg aðild að EFTA hefur þó í vaxandi mæli verið á dagskrá. Það tókst að koma á samstarfi allra stjórnmálaflokka um athugun þessa máls, og hefur undirbúningur að aðildarumsókn nú staðið yfir í meira en ár. Í nóvember s. l. heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að leggja fram aðilarumsókn.

Þó að Íslendingar hafi nú, að vandlega athuguð máli, komizt að þeirri niðurstöðu, að aðild að EFTA skipti miklu fyrir efnahagsþróun þeirra, er engu að síður ljóst, að slík aðild er margvíslegum vandkvæðum bundin. Í fyrsta lagi er þess að geta, að EFTA-samningurinn tekur ekki til nema nokkurs hluta af útflutningsvörum Íslendinga, en meira en 90% útflutningsins eru sjávarafurðir. Tollalækkanir, sem framkvæmdar verða á Íslandi hinum EFTA-ríkjunum í hag, verða því miklu meiri en nemur tollaívilnunum, sem Íslendingar hljóta hjá öðrum aðildarríkjum. Í öðru lagi hefur Ísland hæstan meðaltoll allra Vestur-Evrópulanda, og hefur því verulegur hluti íslenzks iðnaðar, sem fyrst og fremst er í höndum mjög lítilla fyrirtækja, vaxið upp í skjóli verulegrar tollverndar. Þótt Íslendingar geri sér ljósa grein fyrir kostum EFTA-aðildar er augljóst, að fríverzlun með iðnaðarvörur, sem komið yrði á í einu vetfangi, yrði miklum vandkvæðum bundin fyrir Íslendinga. Í þriðja lagi veldur aðild að EFTA því, að gerbreyta þarf ríkisfjármálum á Íslandi. Hér er auðvitað um íslenzkt innanríkisvandamál að ræða, en það verður ekki auðleystara fyrir þá sök. Í fjórða lagi hafa Íslendingar átt veruleg viðskipti við lönd í Austur-Evrópu til þess að tryggja markað þar fyrir sjávarafurðir sínar. Þau viðskipti hefur orðið að vernda með tvíhliða viðskiptasamningum og jafnvel hömlum á innflutningi.

Þrátt fyrir alla þessa erfiðleika hafa Íslendingar tekið ákvörðun um að æskja aðildar að EFTA. Við erum þeirrar skoðunar, að ekki sé hægt að tryggja áframhaldandi og stöðugan hagvöxt og jafnvægi í efnahagsmálum á Íslandi með því að byggja í jafnríkum mæli og hingað til á mikilli hagkvæmni í sjávarútvegi. Hér þurfi að koma til iðnþróun á breiðari grundvelli en nú á sér stað á Íslandi, og eigi

hún ekki aðeins að vera miðuð við innanlandsmarkað, heldur einnig útflutning. Íslendingum er ljóst, að þetta getur ekki orðið án tengsla við stórt markaðssvæði og nánari efnahagssamvinnu við aðrar þjóðir en hingað til hefur átt sér stað. Í þessu sambandi hlýtur hugur Íslendinga fyrst og fremst að beinast að EFTA, þar sem eru þær þjóðir, sem Íslendingar hafa fyrr og nú sótt mest til á sviði menningar, félagsmála og stjórnmála og öldum saman hafa verið nánustu viðskiptaþjóðir þeirra. Þess vegna leitum við nú til EFTA, þegar ljóst er, að eðlilegt verður að teljast, að Íslendingar, eins og aðrar þjóðir, treysti samskipti sín við umheiminn.

En öllum, sem málið skoða ofan í kjölinn, verður ljóst, að það er ekki einfalt, og ýmis vandamál verður að leysa eins og ég hef þegar rætt. Íslendingar vona hins vegar, að í samningaviðræðum megi takast að leysa þessi vandamál og tryggja framkvæmd þess gagnkvæmnissjónarmiðs, sem er traustasti hornsteinn EFTA-samningsins og EFTA-samstarfsins. En ef tryggja á framkvæmd gagnkvæmissjónarmiðsins, telja Íslendingar, að taka þurfi sérstakt tillit til nokkurra óska þeirra. Skal ég nú geta þeirra helztu:

Í fyrsta lagi óska Íslendingar þess, að EFTA taki tillit til, að Íslendingar muni fyrst um sinn njóta takmarkaðs ávinnings fyrir útflutning sinn til EFTA-landanna. Gæti það orðið með ýmsu móti. Mikilvægast í þessu sambandi er, að Íslendingar sem fiskveiðiþjóð hljóti sem fyrst hliðstæðan hagnað af aðild að EFTA og EFTA-löndin hafa nú sem iðnaðarþjóðir. Í reynd jafngildir þetta ósk um fríverzlun með sjávarafurðir til jafns við iðnaðarvörur. Við gerum okkur ljóst, að á þessu eru í bráð verulegir annmarkar. En við hljótum að óska þess að öðlast þegar í stað skilyrði til verulega aukins útflutnings á sjávarafurðum til EFTA-landanna og þá fyrst og fremst á frystum fiskflökum til Bretlands, sem áður fyrr var miklu stærri viðskiptavinur Íslendinga á þessu sviði en nú á sér stað. Án ráðstafana í þessa átt gæti ekki orðið gagnkvæmni í viðskiptum Íslands og EFTA-landanna.

Þá mundi það stuðla verulega að því að skapa nauðsynlega gagnkvæmni, ef þau EFTA-lönd, sem hafa innflutningstakmarkanir á lamba- og kindakjöti, gætu leyft frjálsari innflutning frá Íslandi en nú er á þeim afurðum, og á þetta ekki hvað sízt við um hin Norðurlöndin.

Enn fremur má nefna, — og það skiptir ef til vill mestu fyrir framtíðina, — að mikilvægt væri fyrir Ísland, að samstarf tækist við EFTA-löndin um að stuðla að því, að nýjum iðngreinum til útflutnings verði komið á fót á Íslandi, og samvinna tækist með íslenzkum iðnfyrirtækjum og iðnfyrirtækjum í EFTA-löndunum í þessu skyni.

Í öðru lagi óska Íslendingar þess, að þeir njóti frá upphafi til fulls þess tollfrelsis, er þegar ríkir meðal EFTA-þjóðanna, en fái sjálfir 10 ára aðlögunartíma til lækkunar á verndartollum á Íslandi, og gæti þá fyrsta lækkunin væntanlega orðið mikil. Jafnframt, fara Íslendingar fram á, að það megi taka nokkur ár að afnema þau innflutningshöft, sem enn eru í gildi, enda er það í samræmi við þær reglur, sem giltu í upphafi. Þessi ósk er rökstudd með því, að EFTA-löndin mundu að öðrum kosti þegar í stað hljóta miklu meiri viðskiptafríðindi en Íslendingar við inngöngu Íslands í EFTA og verulegur hluti íslenzks iðnaðar myndi ekki fá tækifæri til nauðsynlegrar aðlögunar.

Í þriðja lagi óska Íslendingar eftir aðstöðu til þess að halda viðskiptum með olíur og benzín við Sovétríkin í óbreyttu formi. Rök Íslendinga fyrir þessari ósk eru þau, að kaup þeirra á þessum vörum frá Sovétríkjunum eru eina leiðin til að tryggja þangað sölu sjávarafurða, sem eru að magni til svo miklar, að ógjörningur væri að selja þær með stuttum fyrirvara á öðrum mörkuðum, án þess að valda þar mikilli truflun.

Þessar eru aðalóskir okkar í sambandi við þá samninga, sem nú hefjast. Er sumpart um að ræða óskir gagnvart EFTA sjálfu, en sumpart óskir, er lúta að tvíhliða samkomulagi Íslands við einstök EFTA-lönd. Ríkisstjórn Íslands gerir sér auð-

vitað ljóst, að hér er um vandamál að ræða. En okkur öllum hlýtur einnig að vera ljóst, að ef ekki væri tekið tillit til þessara atriða, yrði aðild að EFTA Íslendingum óhagstæð, að minnsta kosti í upphafi, og tryggði þeim ekki þá gagnkvæmni í viðskiptahlunnindum, sem er þó kjarni samningsins. Það er þess vegna, sem Íslendingar setja fram þessar óskir sínar. Sem betur fer er hér í tölum talað um mjög litlar fjárhæðir að ræða fyrir aðra. Heildarútflutningur Íslands nam á síðast liðnu ári 36 millj. sterlingspunda. Heildarútflutningur til EFTA-landanna nam ekki meira en 16 millj. sterlingspundum, og útflutningur Íslands til Stóra Bretlands, sem er mesta viðskiptaland Íslands innan EFTA, nam 7.5 millj. sterlingspunda. Þótt utanríkisviðskipti Íslendinga séu mjög mikil í hlutfalli við þjóðartekjur þeirra sjálfra, eru þau sáralítil, ef miðað er við heildarviðskipti EFTA-landanna innbyrðis eða við umheiminn. Þetta auðveldar vonandi að leysa vandamálin.

Að síðustu langar mig til að segja þetta:

Viðskipti Íslands beinast í þrjár áttir, til Vestur-Evrópu og þá fyrst og fremst til EFTA-landanna, til Norður-Ameríku og til Austur-Evrópu. Okkur er áreiðanlega öllum ljóst, að þegar yfir langan tíma er litið, sigla tengsl á öðrum sviðum í kjölfar viðskiptatengsla. Ef viðskiptatengsl minnka, minnka smám saman menningartengsl og stjórnmálatengsl. Það er eindregin skoðun mín og íslenzku ríkisstjórnarinnar, að í raun og veru séu efnahagsvandamálin, sem leysa þarf í sambandi við aðild Íslands að EFTA, smávægileg í sambandi við vandamálin á sviði stjórnmála og varnarmála, sem hætt er við, að smám saman komi upp, ef efnahagsvandamálin verða látin óleyst og Ísland verður áfram utan viðskiptasamvinnu í Vestur-Evrópu. Ef Íslendingar eiga að vera traustir meðlimir þeirrar þjóðafjöldskyldu, sem nú hefur náið samstarf á fjölmörgum sviðum, og það vill yfirgnæfandi meirihluti Íslendinga af alhug vera, þá verða þeir einnig að eiga þess kost að vera meðlimir þeirrar viðskiptafjölskyldu, sem þeir með eðlilegustum hætti eiga heima í. Í raun og veru er hér ekki aðeins — og kannski ekki einu sinni fyrst og fremst — um viðskiptamál og efnahagsmál að ræða, hér er spurning um vináttu og samstarf, vaxandi kynni og vaxandi samstarf eða minnkandi kynni og minnkandi samstarf. Ég bið ykkur um að trúa mér, þegar ég segi sem síðustu orð mín við þetta tækifæri, að Íslendingar óska þess af alhug að eiga nágrannaþjóðir sínar beggja megin Atlantsála og þá ekki síst EFTA-þjóðirnar að vinum og meira segja síbatnandi vinum. Og þeir vita, að eina ráðið til þess að eiga vin er að vera vinur.

Fylgiskjal IV.

BÓKUN UM SAMKOMULAG UM ÚTFLUTNING FRYSTRA FISKFLAKA TIL BRETLANDS

1. Ríkisstjórnir Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Bretlands hafa átt viðræður í samræmi við málsgr. 19 (e) í bókuninni um samkomulag, sem gerð var í viðræðunum, sem leiddu til EFTA-samningsins, og orðið ásáttar um, að samkomulag þetta skuli gilda um útflutning Norðurlandanna á frystum fiskflökum til brezka markaðsins eftir 1. janúar 1970.

Ríkisstjórn Íslands verður aðili að þessu samkomulagi við aðild að EFTA-samningnum.

2. Samkomulag þetta skal gilda um þriggja ára tímabil frá 1. janúar 1970 og verður framlengt til þriggja ára í senn, sé andmælum ekki hreyft.

3. Hið sameiginlega markmið er að bæta ástand brezka markaðsins með því að tryggja stöðugt og fullnægjandi verðlag yfirleitt, sem er öllum aðilum í hag.

Brezka ríkisstjórnin fellst á, að fryst fiskflök séu áfram utan Viðauka E við EFTA-samninginn og, að þau séu flutt inn tollfrjáls með því skilyrði, að sett sé og haldið því lágmarksverðkerfi, sem samkomulag þetta gerir ráð fyrir.

4. Frá 1. janúar 1970 munu ríkisstjórnir Norðurlandanna sjá um að lágmarksverðum þeim, sem gert er ráð fyrir í samkomulagi þessu, verði framfylgt í sölum á flökum frá löndum þeirra til Bretlands. Viðurlög samkvæmt löggjöf landanna liggja við því, að lágmarksverðin séu ekki virt.

5. Lágmarksverðunum verður komið á í eftirgreindum þrem áföngum:

a) Byrjunarverð koma til framkvæmda þann 1. janúar 1970.
b) Þann 1. janúar 1971 verða byrjunarverðin hækkuð í millibilsverð.
c) Ekki síðar en í árslok 1971 verða millibilsverð hækkuð í viðmiðunarverð.

Þær tegundir flaka, sem kerfið nær til í byrjun, svo og byrjunarverðin, sem samkomulag er um, eru talin upp í Viðauka við þetta samkomulag. Millibils- og viðmiðunarverð eru sömuleiðis ákveðin fyrir þorskflök með roði í stofnanaumbúðum („catering"). Í árlegum viðræðum munu samningsaðilarnir ákveða hvaða sambærileg verð skuli gilda fyrir aðrar flakategundir, sem taldar eru upp í Viðaukanum. Með samkomulagi má taka undir þetta kerfi enn aðrar tegundir.

Samningsaðilar eru ásáttir um, að hækka byrjunarverð á þorski í millibilsverð og millibilsverð í viðmiðunarverð á þeim tímamörkum, sem að ofan er getið, nema það liggi sannanlega fyrir, að lágmarksverðkerfið hafi verulega spillt markaðsástandinu útflytjendum á Norðurlöndum til tjóns. Að beiðni sérhvers þeirra, skulu samningsaðilar athuga hvort slíkar sannanir séu nægilega gildar til þess að réttlæta frestun á verðhækkun.

6. Samningsaðilar skulu ár hvert athuga framkvæmd þessa samkomulags sérstaklega með tilliti til þróunar verðlags svo og magns og samsetningu framboðs á brezka markaðnum.

Eitt þeirra atriða, sem tillit skal tekið til við athuganir á lágmarksverðunum, er, ef verulegar almennar verðlagsbreytingar hafa átt sér stað í Bretlandi.

Brezka ríkisstjórnin skal sjá hinum ríkisstjórnunum reglulega fyrir slíkum upplýsingum, er máli skipta og unnt er að láta í té, um þróun ferskfiskverðs og verð á frystum flökum á brezka markaðnum og um framleiðslu og sölur á freðfiskflökum, sem Bretar framleiða, svo og um innflutning freðfiskflaka frá þriðju löndum á brezka markaðinn.

Ríkisstjórnir Norðurlandanna munu láta brezku ríkisstjórninni reglulega í té þær sambærilegu upplýsingar, sem unnt er að láta í té um útflutning flaka til Bretlands með sérstöku tilliti til þeirra tegunda, sem getið er í Viðaukanum.

7. Viðræður skulu fara fram hið fyrsta sé þess óskað af samningsaðila, sem er óánægður með, hvernig framkvæmd kerfisins gengur og telur þörf fyrir ráðstafanir til úrbóta.

Enn fremur getur sérhver ríkisstjórn með tilliti til allra aðstæðna, sem máli skipta á þeim tíma, og þá sérstaklega markaðsástandsins, farið fram á viðræður hið allra fyrsta.

a) ef innflutningur Norðurlandanna virðist valda markaðsspjöllum, brezkum framleiðendum til tjóns
b) ef innflutningur freðfiskflaka frá löndum utan EFTA virðist valda markaðsspjöllum, útflytjendum á Norðurlöndum til tjóns
c) ef brezk framleiðsla þróast svo að virðist að verulega sé spillt fyrir eðlilegum EFTA-viðskiptum
d) ef ástæða er til að ætla, að verið sé að eyðileggja lágmarksverðkerfið með því að hin ákveðnu verð séu ekki virt.

Markmið slíkra viðræðna skal vera að ná samkomulagi um gagnaðgerðir við markaðsspjöllunum.

Ef innflutningur á flökum frá Norðurlöndum fer fram úr 33 000 tonnum árlega árin 1971 eða 1972 og það markaðsástand ríkir, sem lýst er í a-lið hér að ofan, áskilur brezka ríkisstjórnin sér rétt til að æskja viðræðna.

Í tilviki því, sem lýst er í b-lið hér að ofan, mun brezka ríkisstjórnin gera sitt bezta til að tryggja samvinnu viðkomandi landa eða gera aðrar ráðstafanir til úrbóta.

8. Leiði viðræður, sem gert er ráð fyrir í ofangreindum málsgreinum ekki til árangurs, getur sérhver samningsaðili hætt þátttöku í kerfinu um stundarsakir og getur, ef hann óskar þess, sagt upp samkomulaginu með þriggja mánaða fyrirvara og mun það þá ekki lengur ná til hans.

Fari svo, að aðili að samkomulagi þessu hætti þátttöku í því um stundarsakir eða segi því upp, hafa allir samningsaðilar rétt á að skoða sig leysta undan sambærilegum kvöðum, sem þeir hafa undirgengizt.

Sé hætt þátttöku um stundarsakir í samkomulaginu eða því sagt upp, hefur brezka ríkisstjórnin rétt á því að leggja aftur á, að öllu eða einhverju leyti, 10% toll á freðfiskflök, þar til annað fyrirkomulag hefur verið ákveðið.

9. Ef samkomulag þetta fellur úr gildi, skulu samningsaðilarnir fara þess á leit við EFTA-ráðið, að það eigi frumkvæði um nýjar viðræður um innflutning freðfiskflaka til Bretlands.

10. Samkomulag þetta skal tekið til endurskoðunar, ef einhver aðilanna gerist aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu.

Osló, 24. október 1969.

Fylgiskjal V. **Uppkast.**

SAMNINGUR UM NORRÆNAN IÐNÞRÓUNARSJÓÐ FYRIR ÍSLAND

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa ákveðið í sambandi við aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA) að stofna norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að tækni- og iðnþróun Íslands við aðild Íslands að EFTA og auðvelda aðlögun iðnaðarins í því sambandi. Sjóðurinn skal stuðla að þróun útflutningsiðnaðar á Íslandi og leggja áherzlu á aukna samvinnu á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og hinna Norðurlandanna. Enn fremur skal sjóðurinn notaður til að efla samkeppnishæfni íslenzka heimamarkaðsiðnaðarins.

2. Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins skal vera jafnvirði 14 milljóna Bandaríkjadollara. Af stofnfénu skal hvert Norðurlandanna leggja fram eftirfarandi hluta:

	Milljónir Bandaríkjadollara
Danmörk	2.7
Finnland	2.7
Ísland	0.5
Noregur	2.7
Svíþjóð	5.4

Stofnféð skal lagt fram vaxtalaust til ráðstöfunar í jafnstórum fjárhæðum á 4 ára tímabili frá gildistökudegi samningsins.

Sjóðurinn skal innheimta framlögin hjá hinum norrænu ríkjum í samræmi við áðurgreinda skiptingu eftir því sem starfsemi hans krefur.

Frá og með 10. ári frá stofnun skal sjóðurinn eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnarinnar endurgreiða vaxtalaust þá hluta stofnfjárins, sem Finnland, Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa lagt fram. Skal endurgreiðsla þessa hluta stofnfjárins fara fram í áföngum í samræmi við ofangreinda skiptingu og vera að fullu lokið í lok 25. árs frá stofnun sjóðsins.

Skuldbindingar Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar vegna sjóðsins eru takmarkaðar við hlutdeild þeirra í stofnfénu á hverjum tíma. Ísland er á sama hátt ábyrgt fyrir skuldbindingum sjóðsins með sínum hluta stofnfjársins og ber auk þess eitt ábyrgð á þeim skuldbindingum umfram stofnféð, sem sjóðurinn kann að taka á sig vegna ábyrgða sbr. 4. grein.

Þegar þeir hlutar stofnfjárins, sem Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa lagt fram, eru endurgreiddir, fellur samningur þessi úr gildi, og sjóðurinn verður í eigu og undir stjórn íslenzka ríkisins.

3. Gengisákvæði.

Reikningseining sjóðsins skal vera jöfn einum Bandaríkjadollar. Öll útlán sjóðsins skulu miðuð við þessa einingu.

4. Starfshættir.

Sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því:

a) Að veita lán til ákveðinna verkefna, annaðhvort einn eða í samvinnu við aðra aðila.
b) Að ábyrgjast lán, sem veitt eru af öðrum aðilum.

Fé til lánveitinga fær sjóðurinn af stofnfé sínu og tekjum og skulu lánveitingar ákveðnar í samræmi við viðurkennd bankaleg og efnahagsleg sjónarmið. Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjárins og forðast ónauðsynlega áhættu.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita lán með óvenjulega hagstæðum kjörum eða framlög m. a. til tækniaðstoðar, rannsókna og markaðsathugana. Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meiru en 10% af stofnfénu.

Lán, framlög eða ábyrgðir má veita til fyrirtækja í einkaeign eða í eigu opinberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða, sem hafa sama tilgang og sjóðurinn. Sjóðurinn skal hafa náið samstarf við íslenzkar lánastofnanir, sem veita lán til iðnaðar.

5 Stjórn.

Sjóðurinn skal hafa stjórn, framkvæmdastjóra og framkvæmdastjórn. Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum, einum frá hverju landi. Varamaður skal skipaður fyrir hvern stjórnarmann. Stjórnin kýs sér formann til eins árs í senn. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði. Til ákvörðunar þarf meirihluta atkvæða og skal atkvæði íslenzka stjórnarmannsins vera þar með.

Stjórnin tekur ákvarðanir um málefni sjóðsins. Stjórnin getur, eftir því sem hún telur heppilegt, falið framkvæmdastjórninni að taka ákvarðanir um starfsemi sjóðsins.

Framkvæmdastjórn skipa framkvæmdastjóri sjóðsins og fimm fulltrúar íslenzka bankakerfisins.

Framkvæmdastjóri sjóðsins ber ábyrgð á ráðningu starfsfólks og daglegum rekstri.

Aðsetur sjóðsins er í Reykjavík. Seðlabanki Íslands skal veita sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu.

6. Sjóðsslit.

Ef aðstæður skapast, sem að verulegu leyti raska forsendum þessa samnings, skulu ríkisstjórnir Norðurlanda ráðgast hver við aðra um áframhaldandi starfsemi sjóðsins. Ef ákveðið er að leggja sjóðinn niður, skulu ríkisstjórnirnar að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, taka ákvörðun um, hvernig farið skuli með fjárhagslegar skuldbindingar samkvæmt samningnum.

7. Gildistaka.

Samningurinn tekur gildi samtímis samningi um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA), þó í fyrsta lagi, þegar sá samningur hefur hlotið fullgildingu Norðurlandanna.

Fylgiskjal VI.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ Nóvember 1969

ÍSLENZKUR IÐNAÐUR OG EFTA

Þróun íslenzks iðnaðar frá 1960, ástand og horfur, einkum með tilliti til aðildar Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu.

Formáli.

Hæstvirtur iðnaðarráðherra, Jóhann Hafstein, fól mér á síðastliðnu vori að kanna ástand og horfur í íslenzkum iðnaði, einkum með tilliti til hugsanlegrar aðildar Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, EFTA.

Um leið og ég læt þessa skýrslu frá mér fara, langar mig til þess að koma því á framfæri, að án þess starfs og rannsókna, sem fyrir liggja af hálfu Efnahagsstofnunarinnar og Hagstofu Íslands, hefði verið ógerningur að ljúka þessari skýrslugerð á tilsettum tíma. Vil ég þakka forstöðumönnum þessara stofnana, svo og öðrum starfsmönnum þeirra fyrir margvíslega aðstoð.

Sumt af því, sem hér er til meðferðar, hefur verið ítarlega rætt á fundum með fulltrúum iðnaðarins í sérstökum nefndum, er höfðu það verkefni að fjalla um þessi mál, en þær voru 18 að tölu. Um einstök atriði hefur verið haft samband við ýmsa aðila, einkum Félag íslenzkra iðnrekenda, ráðuneytisstarfsmenn og fleiri.

Kann ég öllum, sem hlut hafa átt að máli, beztu þakkir.

Fyrir mér hefur fyrst og fremst vakað, að takast mætti að leggja hlutlaust mat á aðstöðu iðnaðarins og þau nýju viðhorf, sem kynnu að skapast við aðild að EFTA.

Reykjavík, 15. nóvember 1969.

Guðmundur Magnússon

1. Útdráttur og helztu niðurstöður 2.—10. kafla.

Inngangur.
(Kafli 2).

1. Ekki er unnt með góðu móti að tiltaka eina ákveðna tölu um hagræði eða óhagræði hugsanlegrar EFTA-aðildar. Byggist þetta á því, að um fjölmargar stærðir er að ræða, sem oft á tíðum eru illmælanlegar og ósambærilegar.

2. Í þessari skýrslu er í grófum dráttum hafður sá háttur á,
   a) að huga að þróun íslenzks iðnaðar á undanförnum árum,
   b) að athuga áhrif fríverzlunar og tolla almennt, og að síðustu,
   c) að ræða sérstaklega ástand og horfur í einstökum iðngreinum með tilliti til hugsanlegrar EFTA-aðildar.

Efnahagssamvinna í Vestur-Evrópu eftir heimsstyrjöldina síðari.
(Kafli 3).

3. Þó að reynsla þeirra ríkja, sem mynda EFTA taki ekki af öll tvímæli um, hvernig takast mundi til hjá Íslendingum við inngöngu í EFTA, er framvinda efnahagsmála í EFTA-ríkjunum eigi að síður forvitnilegt og lærdómsríkt íhugunarefni. Efnahagssamvinnu í Vestur-Evrópu var forðað frá strandi með stofnun EEC og EFTA. Stofnskrá EFTA er lausari í reipunum en stofnsamningur EEC (Rómarsáttmálinn). Eigi að síður hefur samvinna innan EFTA tekizt betur en búizt var við og náð tilgangi sínum í flestu tilliti, enda þótt hún hafi ekki verið alveg snurðulaus.

4. Gagnstætt því, sem gert var ráð fyrir, eru það ekki stóru iðnríkin (Bretland og Sviþjóð), sem mest hafa eflzt vegna fríverzlunar innan EFTA, heldur minni ríkin (Austurríki, Sviss, Noregur, Portúgal). Eins og gera má ráð fyrir, hefur samvinnan byggzt á því, að bæði innflutningur og útflutningur landanna hefur aukizt, enda er það forsenda þess, að gagnkvæmur ávinningur verði af samstarfinu.

5. Athyglisvert er, að viðskipti EFTA-landanna eru um 15% alheimsviðskipta, enda þótt þessi lönd telji aðeins um 3% mannkyns. Sömuleiðis eru utanríkisviðskipti hinna minni EFTA-ríkja mjög mikil, bæði í heild og miðað við fólksfjölda. Einnig eru þjóðartekjur á mann tiltölulega mjög háar.
   Þetta gerir það að verkum, að mikill grundvöllur er fyrir fríverzlun.

Almennt um atvinnurekstur og breytta samkeppnisaðstöðu íslenzkra iðnfyrirtækja.
(Kafli 4).

6. Ef aukning þjóðarframleiðslu á mann er höfð sem mælikvarði á velgengni, má einkum auka þjóðarframleiðsluna með eftirfarandi hætti:
   a) Aukinni framleiðni með aðstoð fjármagns, menntunar og tækni.
   b) Meiri verðmætasköpun með því að auka sérhæfingu og leggja áherzlu á þá framleiðslu, þar sem hlutfallslegir yfirburðir okkar eru einna mestir.

7. Ef raunveruleg framleiðniaukning og meiri verðmætasköpun á að koma til, verða fyrirtækin að sjá sér hag í því að koma þessu til leiðar. Verða þá ýmis skilyrði að vera fyrir hendi: greiður aðgangur að markaði, góð stjórnun o. fl. Ef mikilvægur kostnaðarliður er tiltölulega hár, verður einhver annar, eða aðrir, að vera tiltölulega lágur: hér koma einmitt hlutfallslegir yfirburðir til greina. Eitt land getur haft hlutfallslega yfirburði á einu sviði, en ekki öðru (ódýrt vinnuafl, en dýrt fjármagn, eða öfugt).

8. Það vill oft gleymast, að mismunandi háir tollar þýða í rauninni mismunandi gengi fyrir viðkomandi vörur. Væru allir tollar felldir niður, kæmi eitt gengi til með að ráða. Væri þá eftir sem áður hægt að veita atvinnuvegunum gengisvernd — eða réttara sagt, gengið yrði að vera rétt skráð, svo að atvinnuvegirnir væru samkeppnisfærir. Því stærri hluti heildarinnar, sem iðnaðarframleiðsla verður, þeim mun meira verður gengið að miðast við afkomu iðnaðarins. Það eru því fráleitar staðhæfingar, að iðnaður leggist í rúst við aðild að EFTA. Hollt er að minnast þess, að enda þótt tollverndaður iðnaður hafi átt í erfiðleikum 1966, þegar „gengisverndin" var orðin það lág, að hún „át" í sumum tilfellum upp tollverndina (t. d. í innréttingasmíði og í fataiðnaði), þá sýndi iðnaðurinn mikla aðlögunarhæfni.

9. Ég tel, að hið aukna innflutningsfrelsi síðan 1960 og tollalækkanir þær, sem urðu 1963 og síðar, kunni jafnvel í sumum tilfellum að hafa haft meiri áhrif á samkeppnisaðstöðu íslenzkra fyrirtækja en hugsanleg EFTA-aðild kæmi til með að hafa. Fyrirtækin eru í senn reynslunni ríkari og tollar yrðu felldir niður í áföngum.

10. Nú er fyrirhugað að fella niður verndartolla, en ekki fjáröflunartolla á iðnaðarvörum, og nær niðurfelling verndartolla til EFTA-landa eingöngu. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að tollar á hráefni, vélum og tækjum lækki samkvæmt „beztukjaraákvæðum", þ. e. jafnt gagnvart öllum löndum. Í sumum tilfellum er vara framleidd innanlands, sem er „hráefni" annarrar greinar, t. d. ullargarn til prjónaiðnaðar, dúkur til fatagerðar og áklæði til húsgagnaframleiðslu. Er fyrirhugað, að slíkar vörur verði í verndartollflokki, þ. e. tollur lækkar eins og um afurð væri að ræða. Sú röskun á verðhlutföllum, er verður, getur m. a. haft eftirfarandi breytingar í för með sér:

   a) Þeir, sem áður hafa flutt inn fullunnar vörur í verndartollflokki, gætu séð sér hag í að flytja til landsins framleiðslu EFTA-landa í ríkara mæli en áður, t. d. húsgögn frá Noregi í stað Frakklandi.

   b) Hagkvæmara gæti orðið að flytja inn „hráefni" í verndartollflokki frá EFTA-landi en landi utan EFTA, t. d. dúk frá Englandi og Danmörku, í staðinn fyrir frá Hollandi og Vestur-Þýzkalandi.

   c) Einnig gæti orðið hagkvæmara að kaupa „hráefni" í verndartollflokki erlendis í staðinn fyrir innanlands, t. d. kaupa flestir teppaframleiðendur íslenzkt ullarband, og í plastumbúðaframleiðslu er keypt innlent „hráefni", (millistigsafurð). Hvort — og í hvaða mæli — þessi áhrif koma til greina, fer að sjálfsögðu mikið eftir viðbrögðum þeirra „hráefnisframleiðenda", sem eiga á hættu að tapa viðskiptum: þeir gætu séð sér hag í því að lækka verðið til að standast samkeppni. Jafnframt má gera ráð fyrir aukinni eftirspurn frá prjónaiðnaði eftir ullarbandi, o. s. frv.

   d) Eðlilegt væri að reyna að vega með framleiðsluverðmæti viðkomandi greina, þegar ákveða á, hvort vara, sem á einu framleiðslustigi er afurð, en á öðru aðfang, skuli teljast „hráefni" eða „fullunnin vara". Væri þar hægt að miða tollalækkun við vegið meðaltal.

11. Þar sem fjáröflunartollar eiga að standa eftir sem áður og sökum þess, sem sagt er í 10. d), er nauðsynlegt að endurskoða tollskrá þá, sem nú gildir. Að mínum dómi raskast tollprósentur innbyrðis við niðurfellingu tolla á vissum vörum, en ekki öðrum. Iðnaðurinn notar einnig ýmsar vörur sem ekki eru framleiddar innanlands og lenda í fjáröflunartolli, t. d. bíla.

12. Sú stefna, sem við fylgjum í landbúnaðarmálum, veldur iðnaðinum í sumum tilfellum óhagræði. Vegna þess innflutningsbanns, sem ríkir á landbúnaðarafurðum — en EFTA-samstarfið nær ekki til þeirra — geta innlendir iðnrekendur ekki valið á milli innlends og erlends hráefnis í slíkum tilfellum, þótt um gæða- eða verðmismun gæti verið að ræða. Væri eðlilegt að endurskoða a. m. k. viss svið landbúnaðarstefnu okkar með tilliti til þess, hvort hún valdi iðnaðinum óhagræði.

13. Íslenzkur iðnaður er ekki mikið „samofinn", þannig að ekki er hægt að gera ráð fyrir því, að um smitandi keðjuáhrif eða „margfeldisáhrif" yrði að ræða til hins verra (sbr. þó dæmin í 8. c)), þótt illa kynni að takast til í einni iðngrein.

14. Ástæðulaust er að vanrækja Ameríkumarkað, þótt gengið yrði í EFTA. Þar er stór markaður og kaupgeta mikil. T. d. virðist einkum um Ameríkumarkað að ræða fyrir útflutning á skinnavöru og húsgagnaframleiðslu.

15. Aukin samkeppni gerir auknar kröfur til stjórnhæfni. Leiðtogar iðnaðarins verða að vera opnir fyrir öllum framförum á sviði stjórnunar, skipulagningar, tæknibreytinga og sölustarfsemi.

16. Það er auðveldara að sjá, hverju við sleppum en hvað við hreppum á mörgum sviðum, því að það er ekki á eins manns færi að kveða upp úr með, hvaða útflutning við getum stundað. Hvernig til tekst á stærri markaði er undir okkur sjálfum komið — við verðum að standa í stykkinu.

Þróun íslenzks iðnaðar 1960—1968.

(Kafli 5)

17. Ef litið er á rekstraryfirlit iðnaðar 1964—1968, sem Efnahagsstofnunin hefur tekið saman og byggt er á úrtaki, kemur m. a. í ljós, að ágóði eftir skatt minnkaði í iðnaði (öðrum en fiskiðnaði) 1964—1967, en jókst síðan aftur 1968. Þá minnkun, er varð 1964—1967, má rekja til afkomu einstakra iðngreina. Minnkunina 1964—1965 má rekja til ágóðarýrnunar í tollvernduðum iðngreinum. Skýring þessarar ágóðarýrnunar virðist hins vegar ekki vera hið aukna innflutningsfrelsi, er varð 1963 (og áður). Hér virðist um launahækkanir að ræða. 1966 og 1967 má rekja ágóðaminnkunina til afkomu í málm-, skipasmíða- og bifvélaiðnaði.

18. Ágóði eftir skatt lækkaði í tollvernduðum iðnaði 1964—1965 en hækkaði nokkuð 1966, en verulega 1967 og 1968. Greinilegt er, þegar á heildina er litið, að hin mikla aukning ágóðans 1967 og 1968 varð vegna þess, að fyrirtækin hafa minnkað framleiðslumagnið, en hækkað verðið. Eins og áður er getið, var gengið orðið það rangt skráð fyrir 2 síðustu gengisbreytingar, að gengisverndin át upp tollverndina í sumum tilfellum. Hins vegar væri ákaflega erfitt að hækka verð og minnka sölu í harðri samkeppni, sem bendir til þess, að gengisvernd plús tollvernd sé „of" há í sumum tollvernduðum iðngreinum, þannig að lækkun tolla yrði heilbrigður samkeppnishvati. Enda er varla hægt að tala um frjálsa verðmyndun innanlands, nema miðað sé að einhverju leyti við heimsmarkaðsverð.

19. Í lítt eða ekki tollverndaðum iðngreinum fellur ágóðinn 1964—1968[1]). Ber þá að minnast þess, að í þessum flokki er veiðarfæragerð og umbúðaiðnaður, sem byggir afkomu sína á aflabrögðum. Ágóðarýrnunina 1967—1968 má rekja til halla af rekstri Kísiliðjunnar, sem tók til starfa á árinu 1968. Lítt eða ekki tollverndaðar greinar virðast ætla að taka seinna við sér en tollverndaðar eftir gengisbreytingarnar, sem sennilega stafar af því, að fyrirtæki í þessum flokki eru meira háð almennu efnahagsástandi þjóðarinnar, og einnig að nokkru af ástæðum, sem ekki koma tollamálum eða efnahagssamvinnu við.

20. Meðaltal hlutfallslegrar hækkunar magnvísitölu frá fyrra ári í iðnaði (öðrum en fiskiðnaði) er samkvæmt útreikningi 3.6% á tímabilinu 1960—1967. Í tollverndaðum greinum hefur meðalaukningin orðið mest í plastiðnaði (26.6%), framleiðslu á fullunnum vefnaðarvörum (22.3%), vefjariðnaði (5.7%), sælgætisgerð (5.4%) og matarefnagerð (4.5%). Tölur um framleiðsluaukningu í húsgagna- og innréttingasmíði eru fengnar eftir krókaleiðum, en þær benda til mjög hagstæðrar þróunar (meðalaukning 1965—1967 áætluð um 9%). Í lítt eða ekki tollverndaðum greinum má sjá, að meðalaukningin er 7.2% í veiðarfæraiðnaði, en þróun þó mjög sveiflugjörn, 1960—1967. Um mikla minnkun að meðaltali er einungis að ræða í skóiðnaði (÷13.7%) og kexgerð (÷5%). Ber þó að hafa þann fyrirvara á, að erfitt er að flokka iðngreinar, svo að öllum líki, og má raunar flokka á ýmsa vegu, eftir því hver tilgangurinn er hverju sinni. Sömuleiðis eru þau vandkvæði við magnvísitöluútreikninga, að t. d. eitt tonn af þvottaefni er ekki það sama árið 1960 og 1968, því að gæðabreytingar koma til sögunnar. Að öðru jöfnu er því ástæða til að ætla, að þær tölur, sem hér koma fram um framleiðsluaukningu, vanmeti þróunina, með því að taka einungis „magnvídd" en ekki „gæðavídd".

21. Varðandi vinnuaflsnotkun í iðnaði, hefur hún verið stöðugri í iðnaði öðrum en fiskiðnaði. Mannárum[2]) fjölgar í iðnaði 1960—1966, en fækkar 1967.

22. Að sjálfsögðu er ekki nóg að rýna í atvinnumagnstölur og framleiðslumagnstölur sitt í hvoru lagi. Það verður einnig að taka tillit til framleiðni. Áætlað er, að framleiðni, þ. e. hlutfall framleiðslumagnsvísitölu og atvinnumagnsvísitölu hafi aukizt um 7.8% í iðnaði (öðrum en fiskiðnaði) 1960—1963, en um 2.3% 1964—1966 og lækkað um 0.8% 1967. Vísitala framleiðni hefur einkum aukizt 1964—1967 í veiðarfæraiðnaði, skóiðnaði, trjávöruiðnaði, prjónaiðnaði og sælgætisgerð. Allar þessar greinar, að sælgætisgerð undanskilinni, hafa átt í harðri samkeppni.

23. Til að fá nokkra hugmynd um verðmætasköpun eða framlag til vergra (brúttó) þjóðartekna, hefur vergt vinnsluvirði á mannár verið áætlað í mismunandi iðngreinum. Kemur þá í ljós, að vergt vinnsluvirði á mannár (á verðlagi hvers árs) er hærra í lítt eða ekki tollverndaðum iðnaði en í tollverndaðum iðngreinum 1964—1968, en þessi munur hefur minnkað verulega 1967 og 1968. Er skýringin á þessu eflaust að verulegu leyti sú, að tiltölulega miklu fleiri konur starfa í tollverndaðum iðngreinum. Varðandi einstakar iðngreinar má greina, að sumar hafa gegnumgangandi tiltölulega lágt vinnsluvirði, aðrar hátt. Stórkostlegt stökk verður í sútun og verkun skinna 1968: verga vinnsluvirðið á mannár eykst um 269 þús. kr., eða úr 165 þús. kr. í 434 þús. kr., um 163%.

---

1) Þessir tveir flokkar, tollverndaður iðnaður og lítt eða ekki tollverndaður iðnaður, eru einungis 2 undirflokkar af 5 í iðnaði alls (sbr. 5. kafla).

2) Mannár = 52 slysatryggðar vinnuvikur skv. tryggingarskýrslum.

24. Mikill munur kemur fram á launagreiðslum á mannár 1964—1967 í tollvernduðum iðnaði annars vegar og lítt eða ekki tollvernduðum iðnaði hins vegar. Úr þessum mun dregur verulega 1968. Gæti hér aðallega komið til greina mismunandi mikil eftir- og nætur- og helgidagavinna, mismunandi hlutfall karla og kvenna og mismunandi mikil notkun sérmenntaðs vinnuafls.

25. Um einkaneyzlu má það segja, að hlutfall einstakra útgjaldaliða og (vergrar) þjóðarframleiðslu er tiltölulega stöðugt 1960—1966. Sökum þess, að ekki hafa legið fyrir tölur fyrir árin 1967 og 1968, hafa allar spár um neyzluna fram í tímann verið látnar lönd og leið.

    Í samanburði við neyzlu annarra Norðurlandaþjóða verja Íslendingar hlutfallslega miklum mun meiru til húsnæðisþarfa, en minna í m. a. drykkjarvörur, skemmtanir og liðinn „aðra þjónustu".

26. Markaðshlutdeild íslenzkrar framleiðslu minnkaði m. a. í skóiðnaði, fatagerð og varanlegum búsmunum 1960—1966, þó að sala fyrirtækja í þessum greinum hafi aukizt í krónutölu, nema einstök ár í skófatnaði.

27. Til að fá hugmynd um samkeppnisaðstöðu íslenzkra fyrirtækja innbyrðis, hafa svokölluð „þjöppunarhlutföll" (concentration ratios) verið áætluð, þ. e. hversu mikinn hluta sölunnar stærsta fyrirtækið í hverri iðngrein hefur. Mest er samþjöppun í framleiðslu úr olíu og kolum (sem er lítil grein), sementsframleiðslu, skógerð, pappírsvörugerð, sútun, leirsmíði og kemískum undirstöðuiðnaði (Áburðarverksmiðjan). Einna minnst er samþjöppunin samkvæmt þessum mælikvarða í fatagerð, húsgagnagerð, innréttingasmíði, gúmiðnaði og viðgerðum raftækja.

28. Samanburður á verðlagsþróun íslenzkrar og erlendrar neyzluvöru sýnir, að í öllum tilvikum nema einu (drykkjarvörum), hefur verðvísitala mikilvægra innlendra neyzluliða aukizt meira en hin erlenda.

29. Greina má, að verð hefur ekki hækkað eins ört í þeim greinum, sem átt hafa í samkeppni við erlenda framleiðendur t. d. í skógerð og teppaframleiðslu.

30. Þeir greiðsluskilmálar, sem íslenzk iðnfyrirtæki veita viðskiptavinum sínum, eru yfirleitt 2—3 mánaða víxlar. Lán til lengri tíma eru einkum veitt í gólfteppagerð, húsgagnagerð og málmsmíði (3 mán.—3 ár), enda má segja, að um fjárfestingarvörur sé þá að ræða.

31. Ýmsar upplýsingar hafa verið unnar af fyrirspurnablaði, sem sent var til iðnfyrirtækja í júlí 1969. M. a. var reiknaður út veginn meðaltollur hráefna og umbúða, sem keyptar voru erlendis 1968.

    Þessi tala er háð innkaupamynstrinu á hverjum tíma, að hve miklu leyti innlendir hráefnis- og umbúðaframleiðendur notfæra sér tollverndina o. s. frv. Veginn meðaltollur hráefna og umbúða er frá 0% í kaffibrennslu og allt að 37% í húsgagnagerð.

32. Hlutfall innlendra og erlendra hráefna (og umbúða) er einnig mjög mismunandi eftir iðngreinum.

    Í öllum þeim tollvernduðum greinum, sem svör bárust frá, var erlendi hlutinn 50% eða meir, nema í prjónaiðnaði (25%).

33. Mismunur afurða- og aðfangatolla gefur nokkra hugmynd um tollvernd, en til að fá hreina tollvernd þarf að vita hlutdeild erlendra hráefna, véla, umbúða og orkugjafa í framleiðsluverði, o. fl. Sumir hafa reynt að reikna þetta út. Er því sleppt hér, þar sem nægilegar upplýsingar eru ekki fyrir hendi.

    Í grófum dráttum má sjá, að tollvernd er ekki ýkjahá í t. d. plastiðnaði, málningar- og lakkframleiðslu og fatagerð.

34. Meðalbirgðir fyrirtækja af hráefnum og hálfunnum vörum annars vegar og fullunnum vörum hins vegar, ættu að gefa til kynna, hversu langur tilkynningarfrestur þyrfti að vera við EFTA-inngöngu, ef til kæmi. Einnig ættu upplýsingar um meðalbirgðir, fremur en þær birgðir, sem eru í skattframtölum og miðast við árslok, að verða til hagræðis, ef sá kostur yrði valinn, að endurgreiða tolla aftur í tímann. Upplýsingarnar voru ekki nægilega traustar til að draga neinar ályktanir um þetta atriði.

35. Tölur um starfsmannahald tollverndaðra iðngreina eru merkilegar fyrir margra hluta sakir, ekki sízt vegna þess, að unnt er að gera þær að tilfinningamáli. Áætlað er, að í vernduðum iðnaði (að skinna- og leðuriðnaði og innréttingasmíði frátaldri) starfi 3500—3600 manns, eða um 4.8% alls starfandi fólks í landinu.

36. Fjölmennustu vernduðu iðngreinarnar eru fatagerð og húsgagnagerð, en við þær vinna um 40% starfandi fólks í vernduðum greinum. Ullarþvottur, spuni og vefnaður er þriðja fjölmennasta greinin, en þar eru um 11% starfandi fólks í vernduðum greinum.

37. Hluti starfsmanna, sem unnið hefur a. m. k. 5 ár hjá sama fyrirtæki, gefur m. a. til kynna stöðugleika atvinnu í viðkomandi grein. Þessi hluti er áætlaður um það bil 50% í tollvernduðum greinum. Segir þetta líka nokkuð um örðugleika á að skipta um atvinnu, ef í óefni horfði í greininni.

38. Mjög er eftirtektarvert, að áætlaður hluti kvenna af vinnandi fólki í vernduðum greinum er um 65--70%. Þessi hái „kvenstuðull" bendir til þess, að verndaðar iðngreinar hafi yfirleitt ósérhæfðu fólki á að skipa og eigi því tiltölulega hægt um vik að aðlaga mannaflann breyttum aðstæðum.

39. Fjárbinding — og er þá miðað við bókfært verð — á mannár er allbreytileg meðal verndaðra iðngreina, eða lægst 211 þús. kr. í kexgerð, en langhæst í matvælaiðnaði 948 þús. kr. Tölurnar eru fyrir 1968.

40. Mjög merkilegur mismunur kemur fram á tollvernduðum og lítt eða ekki tollvernduðum iðngreinum, hvað fjárbindingu snertir. Fjárbinding á mannár er áætluð 417 þús. kr. í þeirri fyrri, en 835 þús. kr. í þeirri síðari 1968, eða 100% hærri. Ljóst er, að miðað við fjölda starfandi fólks í vernduðum iðngreinum er fjárbinding í þeim lítil. Bendir þetta einnig til þess, að ekki geti orðið verulegt umrót í íslenzku efnahagslífi, jafnvel þótt illa tækizt til við EFTA-inngöngu.

41. Samkvæmt svörum þeim, sem bárust við fyrirspurnum, virðast markmið íslenzkra iðnfyrirtækja nokkuð óljós.

Efnahagur og fjáröflun íslenzkra iðnfyrirtækja.
(Kafli 6).

42. Allvel virðist séð fyrir stuttum lánum til iðnaðarins sem stendur.

43. Lánsform stuttra lána eru nokkuð einhæf (víxlar) og að öllum líkindum úrelt.

44. Aðstaða er nú miklu betri en var til skamms tíma til öflunar lengri lána í iðnaði, en nokkuð skortir í sveigjanleik og valkosti.

45. Lög þau, sem til eru um bankamál, eru af sumum talin valda stöðnun í bankakerfinu með tilliti til sveigjanleika.

46. Sterkar líkur benda til þess, að skattalögin valdi að nokkru smæð fyrirtækja og fyrirbyggi þátttöku almennings í þeim.

47. Skortur er mikill á stofnunum, er veiti iðnfyrirtækjum aðstoð við eigin fjáröflun. Eigið fé er mjög lítið í íslenzkum iðnfyrirtækjum.

48. Vaxtahöft á Íslandi ýta undir óarðbæra fjárfestingu, og vextir án áhættuálags **stuðla að** ábyrgðarleysi í rekstri fyrirtækja. Íslenzka bankakerfið tekur á sig mikla áhættu *án* endurgjalds, sem ástæða væri til að flytja yfir á frjálsan verðbréfamarkað.

49. Frjálsleg peningapólitík (óhóflegt peningamagn) getur valdið auknu öryggisleysi í öllum rekstri atvinnufyrirtækja.

50. Lögbundið fjármagn við ákveðnar greinar atvinnulífsins viðheldur kyrrstöðu í atvinnulífinu.

51. Afskipti löggjafarvaldsins af fjármagnskerfinu dregur úr sveigjanleik þess til þess að aðlagast þörfum atvinnulífsins hverju sinni.

52. Stutt lán virðast „ofnotuð" í flestum þeim fyrirtækjum, sem athuguð voru, en þær tölur, sem stuðzt er við, eru fyrir árið 1968 (þ. e. samkvæmt efnahagsreikningi þann 1/1, 1969).

53. Augljóst er, að „flöskuhálsinn" í fjármögnun iðnfyrirtækja er ekki stutt lán, heldur fjármagn til langs tíma.

54. Vanmetnar afskriftir skerða eigið fé fyrirtækja. Afskriftalögin íslenzku eru ósveigjanlegri en almennt gerist erlendis. Þetta vanmat leiðir til hærri skatta en ella og rýrnunar eigin fjár.

55. Íslenzkum atvinnuvegum er mjög mismunað í skattalögunum, bæði hvað afskriftir og aðstöðugjald snertir, og er hlutur iðnaðar þar lakastur.

56. Tekjuskattur á fyrirtækjum eru hér lægri en í mörgum nágrannalöndum.

57. Skattalöggjöfin hamlar á móti sameiningu hlutafélaga (samruna) og dregur að auki óhóflega úr hlutabréfaviðskiptum.

Verzlun milli landa og áhrif tolla.
(Kafli 7).

58. Ef könnuð eru áhrif verzlunar milli tveggja landa, er ekki hægt að setja fram algilda reglu um það, hvort vöruverð muni hækka eða lækka í því landi, sem flytur út. Ef jaðarkostnaður er stígandi, má gera ráð fyrir því, að verðið í útflutningslandinu hækki (og þar með verð framleiðsluþátta, sem notaðir eru við útflutningsframleiðsluna).

59. Skipta má áhrifum tolla á hagkerfið almennt í eftirfarandi atriði:
    a) Verndaráhrif.
    b) Neyzluáhrif.
    c) Fjáröflunaráhrif.
    d) Tekjuskiptingaráhrif.
    e) Viðskiptakjaraáhrif.
    f) Samkeppnisáhrif.
    g) Þjóðarteknaáhrif.
    h) Greiðslujafnaðaráhrif.

    Nú er um illmælanleg áhrif að ræða í mörgum tilfellum, þ. e. erfitt er að mæla „styrkleika" þeirra, enda þótt „áttin" sé vituð. Þess vegna er ógerningur að tiltaka eina ákveðna tölu um áhrifin í heild, sem eitthvað mark væri á takandi. Eigi að síður er nauðsynlegt að gera sér í hugarlund, *hvers konar* áhrif um er að ræða. Um áhrifin vísast að öðru leyti til 7. kafla.

60. Ýmis rök hafa komið fram með og móti tollvernd. Meðal hæpinna raka eru:
    a) „Látum ekki vörurnar og framleiðslutekjurnar renna út úr landinu".
    b) „Tollur jafnar kostnað milli landa".

    Meðal haldbetri raka fyrir tollvernd eru:
    a) „Hvítvoðungsvernd" („infant industry").
    b) Trygging fullrar atvinnu.

    Þó hefur enginn, hvorki fyrr né síðar komið með nægileg rök, sem kollvarpa grundvallaratriðum frjálsrar verzlunar, þ. e. að auka þjóðartekjur með betri nýtingu framleiðsluþátta.

Markmið og hagstjórnartæki í opnu þjóðfélagi.
(Kafli 8).

61. Til að gera sér grein fyrir sambandinu milli markmiða og hagstjórnartækja (leiða), er sett fram líkan af „opnu" þjóðfélagi, þ. e. þjóðfélagi, sem hefur mikil utanríkisviðskipti. Markmið og leiðir geta verið ósamrýmanleg, en það er nokkuð haldgóð regla, að það þarf a. m. k. jafnmörg hagstjórnartæki og markmiðin eru.

62. Áhrifasvið hagstjórnartækja getur verið mismunandi. Með áhrifasvæði er átt við, hversu stóran hluta (eða fjölda stærða) þjóðfélagsins (líkansins) viðkomandi tæki hefur áhrif á.

63. Ef tollprósentur falla niður sem hagstjórnartæki, reynir meira á gengið í þeim skilningi, að því verður e. t. v. að breyta oftar, ef ná á tilteknu markmiði (eða markmiðum).

64. Innlend verðlagsmyndun verður háðari heimsmarkaðsverði í opnu þjóðfélagi en lokuðu.

65. Almennur söluskattur hefur ekki sömu áhrif og framleiðsluskattur í „heimalandinu". Framleiðsluskattur lendir aðeins á innlendum framleiðendum. Þess vegna er, að öðru jöfnu, réttlátara, hvað samkeppnisaðstöðu snertir, að hafa almennan söluskatt en sérskatta.

66. Grundvöllur fyrir opinberum verðlagsákvæðum (ef einhver hefur verið) ætti að hverfa á „samkeppnisvörum", þegar innlent verðlag er gert háðara heimsmarkaðsverðlagi.

67. Unnt er að beita lánatakmörkunum og lánapólitík yfirleitt til að stýra innflutningi og innlendri framleiðslu. Gæti hér verið um dulbúna mismunun eða samkeppnisaðstöðu að ræða, sem erfitt er að henda reiður á.

68. „Alþjóðlegt svigrúm" hagstjórnartækja getur verið mismunandi.

Útflutningsábyrgðir og tryggingar.
(Kafli 9).

69. Samkvæmt stofnsamningi EFTA eru útflutningsuppbætur bannaðar, en ekki útflutningsábyrgðir, svo framarlega sem iðgjöld eru látin standa undir kostnaði. Verður að teljast nauðsynlegt að koma upp ábyrgðakerfi hér fyrir útflutning á iðnaðarvörum, m. a. til að mæta samkeppni frá öðrum EFTA-löndum í þessum efnum, eins og t. d. Danmörku og Noregi.

70. Skipulag útflutningsábyrgðatrygginga getur verið mismunandi. Í 9. kafla er gerð grein fyrir skipulaginu í Danmörku, Noregi og Kanada. Einnig er gerð grein fyrir svokölluðum almennum ábyrgðum og sérstökum ábyrgðum. Verða útflutningsábyrgðir í einu eða öðru formi að teljast nauðsyn til eflingar útflutningi íslenzks iðnaðarvarnings.

Horfur í einstökum iðngreinum með tilliti til hugsanlegrar EFTA-aðildar.
(Kafli 10).

71. Í kafla 10 er yfirlit yfir þróun í einstökum iðngreinum, einkum þeim, sem mestrar tollverndar njóta. Er í því sambandi reynt að vega og meta eitt og annað með tilliti til hugsanlegrar EFTA-aðildar. Ber þá að hafa í huga, að lítið er um, að ein tollvernduð iðngrein byggi á annarri, sem þýðir, að ekki þarf að taka verulegt tillit til einstakra annarra iðngreina, þegar úttekt er gerð á einni iðngrein. Hins vegar liggur það í hlutarins eðli, að allar iðngreinar eru háðar almennu efnahagsástandi, að meira eða minna leyti.

72. Neikvæða þróun í brauð- og kökugerð með tilliti til ágóða eftir skatt á síðustu árum má að öllum líkindum rekja til

a) versnandi efnahagsafkomu alls almennings,

b) neikvæðra áhrifa verðlagsákvæða og rangra viðbragða framleiðenda við þeim.

Greinin er allvel búin vélum og tækjum, en markaðshlutdeild hefur hrakað.

Að öllu samanlögðu tel ég, að EFTA-aðild muni hafa lítil áhrif á afkomu í brauð- og kökugerð.

73. Kexgerð virðist afar illa undir harðari samkeppni búin, enda þótt greina megi nokkra ljósa punkta. Er lagt til, að kexframleiðendum verði veitt tæknileg aðstoð til að gera markaðsrannsókn og ákveða val framleiðslutegunda. Verður að fá úr því skorið, hver sé heppilegasta framleiðslutilhögun í framtíðinni og ákveða vélbúnað og sjálfvirkni í samræmi við það.

74. Í sælgætisgerð eru vandamálin að sumu leyti allt önnur en í brauð- og kökugerð og kexgerð. Vélakostur virðist eldri en í brauð- og kökugerð, en sjálfvirkni meiri í kexgerð. Ágóði eftir skatt var nokkuð stöðugur 1964—1968, nema 1968. Framleiðslumagn, framleiðni og vergt vinnsluvirði á mannár jókst 1964—1967. Hins vegar hefur svo til algert innflutningsbann ríkt á sælgæti (sem jafngildir óendanlega hárri tollvernd), þannig að ómögulegt er að vita, hvers virði þessar tölur eru. Fyrirtæki virðast óeðlilega mörg miðað við aðrar Norðurlandaþjóðir. Mun nokkur grundvöllur vera fyrir samvinnu í greininni og kynni þegar að hafa átt sér stað, ef skattalögin stæðu honum ekki fyrir þrifum. Er torvelt að meta, hvar iðngrein stendur, sem notið hefur innflutningsverndar, og tel ég mjög misráðið að fresta því að setja sælgæti á frílista, eins og fyrirhugað er, og verið hefur eindregin ósk framleiðenda. Virðist mér skynsamlegra að hleypa samkeppnisvörum inn í landið á háum tolli til að sjá, á hvaða sviðum beri að sérhæfa sig. Fyrr er vart hægt að vélvæðast. Hins vegar mætti nota frest á innflutningsfrelsi til að leysa þau gæðavandamál, sem fyrir hendi eru.

Að því er ég bezt fæ séð, felast aðlögunarvandamál sælgætisgerðar að fríverzlun einkum í því að koma til leiðar samruna fyrirtækja samfara endurnýjun á vélakosti. En til að auðvelda samruna, þarf að breyta skattalögunum.

75. Öl- og gosdrykkjagerð nýtur þvílíkrar fjarlægðarverndar, að útilokað er að EFTA-aðild hefði bein áhrif á framleiðsluna. Um óbein áhrif gæti orðið að ræða vegna innflutnings á samkeppnisvörum, eins og drykkjarsöfum. Hins vegar hafa ströng verðlagsákvæði verið á framleiðslunni og skattaálagning einkennilegur hrærigrautur, sem ekki væri vanþörf á að endurskoða, einkum með tilliti til áhrifa sérskatta á framleiðslutilhögun.

76. Í ullarþvotti, spuna og vefnaði fylgja kostir stærra markaði ekki síður en gallar.

77. Í skógerð getur vart orðið öllu meiri samdráttur en orðinn var 1968. Þróun undanfarinna ára gefur til kynna, að framleiðni hafi stóraukizt, einkum vegna fækkunar starfsliðs. Einnig batnar afkoman í greininni á síðustu tímum.

78. Fatagerð hefur sýnt þvílíka aðlögunarhæfni, að ástæða er til að ætla, að hún standist samkeppni á flestum sviðum. Höfuðvandamál þessarar iðngreinar er ekki tollar, heldur menntun og þjálfun starfsfólks, sem mestmegnis er konur.

79. Húsgagnagerð hefur einnig staðizt erlenda samkeppni, jafnvel á tímabilinu 1964—1966, en húsgögn eru þó á „glóbalkvóta". Markaðshlutdeild fór að vísu minnkandi, en sölutekjur jukust eigi að síður. Arðsemi á fjármagnseiningu hefur verið lág og ágóði eftir skatt neikvæður 1968, einkum vegna mikillar fjárfestingar á næstu árum þar á undan, og þar af leiðandi mikilla afskrifta, mikillar vaxtabyrði og sennilega aðhalds í verðlagi frá innflutningi og harðri verðsamkeppni innlendra fyrirtækja.

Vegna fjölda fyrirtækja dreifist fjármagnið að líkindum „illa", enda þótt hér sé um iðngrein að ræða, sem ætti að geta borið bæði smá og „allstór" fyrirtæki. Hagræði vegna hugsanlegrar EFTA-aðildar er fyrst og fremst minni fjármagnskostnaðar vegna hráefnakaupa. Útflutningsmöguleikar virðast einna mestir í Bandaríkjunum og Englandi.

80. Þrátt fyrir sveiflur í byggingastarfsemi og aukið innflutningsfrelsi, var afkoma í innréttingasmíði nokkuð stöðug 1964—1968. Virðist ekki þurfa að bera kvíðboga fyrir framtíð greinarinnar. Væri æskilegt að kanna nánar, hvort ekki mætti virkja þá reynslu og þekkingu, sem safnazt hefur upp í greininni, til útflutnings. Munu þegar nokkur áform vera á döfinni í þessu efni.

81. Skinna- og leðuriðnaður er útflutningsatvinnuvegur. Enda þótt Ameríkumarkaður sé langvænlegastur um þessar mundir, ætti hagræði af tollfrjálsum markaði EFTA-landanna að geta orðið greininni til mikils hagræðis seinna meir. Sama gildir um fyrirhugað minkaeldi.

82. Málningar- og lakkgerð virðist fyllilega samkeppnisfær. Útflutningsmöguleikar hafa ekki verið kannaðir til hlítar.

83. Hreinlætisvöruframleiðendur eru einnig að því er virðist, samkeppnisfærir. Einn stærsti erlendi keppinauturinn er, sennilega, utan EFTA (sbr. reglur um „svæðisuppruna" vöru). Harðnandi samkeppni gæti tekið á sig mynd enn harðara auglýsingastríðs.

84. Er minnzt á þá hugmynd, að viðhafa mætti dulbúna verðmismunun á auglýsingum í íslenzka sjónvarpinu, í því formi, að myndir gerðar innanlands yrðu sýndar gegn lægra gjaldi en þær, sem gerðar eru erlendis, ef æskilegt þykir.

85. Í málmiðnaði hefur safnazt mikið forðabúr þekkingar og reynslu, sem vonandi er unnt að virkja. Málmsmíði er mestmegnis þjónustuiðngrein og nýtur staðarverndar að verulegu leyti. Sá samdráttur er varð vegna hrakandi afkomu þjóðarbúsins varð því meiri, þar sem allt var hér í toppi, en nokkur

afturkippur á erlendum markaði, þegar Búrfellsframkvæmdir voru boðnar út, og því tekið hagstæðari tilboðum erlendis frá.

86. Tollvernd í smíði rafmagnstækja er ekki sérlega há. Er framleiðsla það lítil orðin eftir í landinu, að vart getur orðið um meiri samdrátt að ræða (ef gengið er „rétt" skráð).

87. Tæplega geta orðið nokkrar breytingar í plastiðnaði af eða á. Einangrunarplast nýtur staðarverndar og umbúðagerð nýtur tiltölulega lágrar tollverndar (sem og iðnaðurinn í heild). Eins og er kaupir iðngreinin að nokkru innlent „hráefni" (millistigsafurð), sem yrði að fylgja tollalækkununum eftir í verði til að vera samkeppnishæft.

Umbúðirnar keppa meðal annars við pappírspoka í lágum tollflokki. Þegar verndartollar falla niður, hverfur þessi mismunur. Og þróun erlendis sýnir mikla aukningu í hvers kyns plastframleiðslu.

88. Veiðarfæraiðnaður og pappírsvörugerð er ekki rædd sérstaklega, þar sem hugsanleg EFTA-aðild skiptir vart máli fyrir þá framleiðslu, sem nú er stunduð í þessum greinum. Hins vegar gæti komið til greina að veita „ljósmóðurhjálp" við að koma á laggirnar nýrri framleiðslu, þegar fram líða stundir, t. d. þorskaneta- og síldarnótagerð. Að því er virðist, er ekki bannað í stofnsamningi EFTA, að hafa „hvítvoðungstoll" um skeið.

89. Í stofnsamningi EFTA er einkasöluréttur viðurkenndur, með vissum skilyrðum. Er talið, að staða Áburðarverksmiðjunnar muni ekki breytast við hugsanlega EFTA-aðild.

90. Af þeim greinum, sem teljast til byggingavöru- og byggingarhluta-iðnaðar, samkvæmt flokkun eftir markaðsaðstöðu, hefur þegar verið gerð grein fyrir innréttingasmíði.

Af öðrum greinum er einungis minnzt lítillega á sementsframleiðslu. Sementsverksmiðjan á í miklum örðugleikum að stríða um þessar mundir. Samkvæmt stofnsamningi EFTA er heimilt að gera sérstakar ráðstafanir í atvinnujöfnunarskyni milli landssvæða. Ef verksmiðjan þarfnast stuðnings, virðist mega gera það með ýmsum hætti, án þess að brotið yrði í bága við stofnsamninginn.

91. Ástæða er til að gefa góðan gaum að framtíð íslenzks niðursuðuiðnaðar úr sjávarafurðum og þeim möguleikum, sem skapast á erlendum markaði við EFTA-aðild. Markaðurinn er fyrir hendi, t. d. í Svíþjóð, svo framarlega sem gæðin standa fyrir sínu. Búast má við harðnandi keppni um hráefni. Reynslan sýnir, að erlendir kaupendur koma með gyllitilboð, þegar taka á upp vinnslu úr innlendu hráefni í landinu sjálfu. Er fyllsta ástæða til að athuga, hvernig tryggja megi innlendum framleiðendum hráefni og stuðla að verðjöfnun, þar eð sveiflur geta orðið miklar á erlendum markaði.

92. Af þeim greinum, sem einkum má búast við, að setji vörur sínar á erlendan markað við EFTA-inngöngu, má nefna niðursuðuiðnað, innréttingasmíði, prjónaiðnað og skinna- og leðuriðnað. Af nýjum greinum, sem hugsanlega mætti koma á fót má einkum nefna efnaiðju og rafeindaiðnað.

93. Niðurstöður rannsóknar minnar hníga að því, að iðnþróun mundi eflast með aðild að *EFTA með þeirri samningsgerð, sem nú er kostur á.*

2. Inngangur.

2.1 Ísland og EFTA.

Sameining landssvæða eða samvinna milli ríkja í Evrópu í því skyni að koma á fríverzlun eða nánara efnahagssamstarfi[1]) er ekki nýtt fyrirbrigði. En þróunin á sviði frjálsrar verzlunar hefur verið æði skrykkjótt.

Lesa má af sögunni, að byr frjálsræðis í viðskiptum blés í Evrópu nokkru eftir lok Napóleonsstyrjaldanna. Sem dæmi má nefna sameiningu smáríkja Þýzkalands í tollabandalag árið 1834 og afnám tolla á korni í Englandi árið 1846. Svo að við tökum stórt stökk í sögunni, hafa umræður á síðari árum einkum beinzt að Efnahagsbandalagi Evrópu (EEC) og Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA).

Ísland stendur nú eitt utan fríverzlunar- eða nánara efnahagssamstarfs af þeim ríkjum í Evrópu, sem voru aðilar að Efnahags- og samvinnustofnun Evrópu (OEEC) á sínum tíma.

Eins og fram kemur í skýrslu þeirri, sem íslenzka EFTA-nefndin hefur látið frá sér fara[2]), hafa íslenzk stjórnvöld fylgzt með framvindu mála í EEC og EFTA frá upphafi. Og sem kunnugt er, samþykkti Alþingi hinn 12. nóvember 1968 tillögu til þingsályktunar um heimild ríkisstjórnarinnar að sækja um aðild Íslands að EFTA. Formlegar samningaviðræður við EFTA-ráðið hófust 23. janúar 1969. Og þann 6. nóvember s. l. staðfesti ráðherrafundur EFTA það samkomulag með hvaða kjörum Ísland gæti orðið aðili að EFTA, og var EFTA-ráðinu falið að ganga endanlega frá samkomulaginu. Kjörin eru í aðalatriðum þau, að Ísland geti orðið fullgildur meðlimur EFTA 1. marz 1970 og fái 10 ára aðlögunartímabil til að fella niður verndartolla. Jafnframt fái Íslendingar tollfrjálsan aðgang að mörkuðum EFTA (fyrir „verndarvörur") þegar í upphafi.

Af hálfu Íslendinga er fyrirhugað að fella niður íslenzka verndartolla um 30% í upphafi aðlögunartímabilsins, gera síðan hlé í 4 ár, en fella niður þau 70%, sem eftir eru, í jöfnum áföngum 1974—1980, eða um 10% í byrjun hvers árs. Sótt er um að fá meira hægfara aðlögunartíma í byrjun fyrir sælgæti, sement og öl- og gosdrykkjaframleiðslu. Einnig er farið fram á undanþágu á olíu og benzíni frá fríverzlunarákvæðum vegna Rússlandsviðskipta.

Til verndarvara teljast þær vörur, sem framleiddar eru innanlands eða þeim hliðstæðar vörur. Enda þótt það sé ekki skilyrði fyrir EFTA-aðild, að fjáröflunartollar lækki, er miðað við, að tollar á hráefnum, vélum og orkugjöfum lækki örar en afurðatollar (eða um meira en 30%), ef til aðildar kæmi, til að létta erfiðari samkeppnisaðstöðu íslenzks iðnaðar á heimamarkaði. Verndartollalækkanir á afurðum yrðu eingöngu gagnvart EFTA-löndum, en tollalækkanir á hráefnum, vélum og orkugjöfum samkvæmt „þeztukjaraákvæðum", þ. e. gilda jafnt gagnvart öllum löndum.

Stofnsamningur EFTA felur í sér fríverzlun á iðnaðarvörum og nokkrum tegundum sjávarafurða. Ber þá að hafa í huga, að vara telst því aðeins „EFTA-vara", að hún falli undir sérstök fríverzlunarákvæði, sem m. a. gera ráð fyrir, að verðmæti efna

1) Í þessari skýrslu er ekki alltaf skýrt tekið fram, hvernig efnahagssamstarf um er að ræða, en vonandi skilst það af samhenginu. Er einkum um þrenns konar samvinnu að ræða:
a) Fríverzlun á tilteknum vörum (sbr. EFTA).
b) Tollabandalag, og er þá átt við sameiginlegt tollsvæði á öllum vörum, en án neins samstarfs í efnahagsmálum, menningarmálum o. s. frv.
c) Víðtækt samstarf í tollamálum, efnahagsmálum, menningarmálum o. fl. (sbr. EEC og væntanlega NORDEK).

2) Skýrsla um Fríverzlunarsamtök Evrópu (EFTA). EFTA-nefndin október 1968.

á ýmsum vinnslustigum vörunnar sé a. m. k. að 50 hundraðshlutum af svæðisuppruna.

Það hefur talsvert verið skrifað og skrafað um það, hvort við Íslendingar ættum að taka þátt í Fríverzlunarsamtökum Evrópu. Efnahagsbandalag Evrópu liggur okkur fjær, bæði viðskiptalega og hvað skuldbindingar snertir. Um 40% af vöruviðskiptum Íslands hafa verið við EFTA-löndin, en um 20% við EEC. Þátttaka í Efnahagsbandalaginu mundi hafa víðtækari skuldbindingar í för með sér, enda er hún ekki til umræðu á þessu stigi málsins. Það ber þó engan veginn að líta á þátttöku Íslands í EFTA sem endanlega lausn á viðskiptamálum okkar Íslendinga um alla framtíð. Bæði eigum við talsverð viðskipti við lönd utan EFTA, einkum Bandaríkin, EEC-löndin og Austur-Evrópu, og afstaða Íslendinga hlýtur að fara eftir framtíðarþróun mála á sviði efnahagssamvinnu í Evrópu og Ameríku.

Kjarni efnahagssamvinnu er útrýming á tollsvæðum, eða viðskiptalegum landamærum, ef svo mætti að orði komast. Efnahagsleg landamæri eru oft tilviljanakennd og hafa alið af sér margt illt, bæði haftastefnu, einokun og ekki hvað sízt styrjaldir.

Það er ástæða til að ætla, að öðru jöfnu, að efnahagsleg samvinna milli þjóða leiði til hagkvæmari framleiðslu vegna sérhæfingar og betri nýtingar framleiðsluþátta, þ. e. a. s. hagkvæmari skiptingu vinnuafls, fjármagns og hráefna niður á framleiðslu í hinum ýmsu löndum, er að samvinnunni standa. Sú umskipan framleiðsluþátta, sem hér kemur til greina, getur haft „fórnarkostnað" eða tap í för með sér á sumum sviðum. Þetta tap verður að sjálfsögðu að vinna upp á öðrum sviðum, ef efnahagssamvinnan á að vera hagstæð.

Nú kann sumum að finnast það ákaflega einfalt mál að reikna út, hvort við eigum að ganga í EFTA eður ei. Vega beri óhagræði á móti hagræði og sjá, hvort útkoman verði jákvæð eða neikvæð. Þetta er rétt svo langt sem það nær. Vandinn er sá, að þau „hagræði" og „óhagræði", sem um er að ræða, eru ekki alltaf mælanleg með áreiðanlegum hætti og að ekki er alltaf um sambærilegar stærðir að ræða. Enn fremur er hér um ákvarðanir við óvissu að ræða, svo að mismunandi áhættuviðhorf geta gefið mismunandi niðurstöður. Af þessu leiðir, að ekki er unnt að tiltaka eina ákveðna tölu fyrir þjóðarbúið í heild um það, hvernig fer. Það, sem kleift væri að gera, væri að útbúa eins konar framkvæmdaáætlun, sem byggðist á skilyrðisbundnum ákvörðunum. Á hverjum einstökum tíma er um marga möguleika að ræða með mismunandi miklum líkum. Aðeins einn þessara möguleika verður að veruleika, og verður að taka ákvarðanir samkvæmt því. Þetta væri „fræðilega rétt" lausn, svo að segja, en hætt er við, að málið yrði það yfirgripsmikið og flókið, að smáatriðin og óvissan bæru hugsunina ofurliði, a. m. k. ef slíkir útreikningar ættu að vera grundvöllur raunhæfra ákvarðana.

Það væri öllu árennilegra að reikna út, hvert væri væntanlegt tap eða gróði fyrir einstakt fyrirtæki, ef af EFTA-aðild yrði. Helzt mætti reyna að reikna þetta út fyrir tiltekna iðngrein, þótt það sé vissum örðugleikum háð. Hvernig á t. d. að bera saman eftirfarandi breytingar og fá fram eina ákveðna tölu um hag eða óhag? Hjá tilteknu fyrirtæki er salan á fyrsta misseri eftir inngöngu í EFTA (ef til kemur) við ákveðna framleiðslutilhögun áætluð 1000 einingar, hvort sem gengið yrði í EFTA eða ekki. Þetta er meðaltal og því óvissu háð, sem framleiðandinn verður að reyna að meta. Jafnframt er áætlað að segja þurfi upp 5 starfsmönnum. Allir geta starfsmennirnir fengið vinnu annars staðar að loknu þjálfunarnámskeiði þeim að kostnaðarlausu. Jafnframt eykst framleiðni fyrirtækisins vegna aukinnar sjálfvirkni, verð vörunnar hækkar ekki eins ört og ella og meiri áherzla er lögð á gæði vegna harðari samkeppni, sem kemur bæði innlendum og erlendum neytendum til góða. Svona mætti lengi telja, en hvernig á að gera þetta samanburðarhæft?

Í vestrænum þjóðfélögum er markaðsskipulag ríkjandi á flestum sviðum efnahagslífsins. Þetta á að minnsta kosti við um þær afurðir, sem fríverzlun innan

EFTA nær til. Þetta þýðir í höfuðatriðum, að vöruverð það, sem myndast á hinum frjálsa markaði, er vísbending um framleiðslutilhögun. Ef Ísland gerist aðili að fríverzlunarsamtökum, er í rauninni verið að gera innlenda verðmyndun háðari því verðlagi, sem ríkir á alþjóðamarkaði, eða a. m. k. í nánara samræmi við verðlagsþróun í þeim löndum, sem samvinna er höfð við. *Þess vegna mætti rannsaka, hvaða afleiðingar innganga í Fríverzlunarsamtök Evrópu hefur með því að athuga, hvaða áhrif breytt verðhlutföll og aukin stærð markaðarins hefur á þjóðarbúskapinn. En erfiðleikarnir á að mæla áhrif yrðu hinir sömu eftir sem áður.*

2.2. Tilhögun þessarar rannsóknar.

Í skýrslu þeirri, sem hér fer á eftir, er ekki gerð allsherjaráttekt á áhrifum væntanlegrar EFTA-aðildar á íslenzkt efnahagslíf. Tilgangur þessarar rannsóknar er að kanna, hvaða áhrif hugsanleg EFTA-aðild kunni að hafa á íslenzkan iðnað, einkum þann, sem nú er stundaður.

Það gefur auga leið, að fyrsta skrefið í slíkri rannsókn er *að huga að þróun íslenzks iðnaðar á undanförnum árum og stöðu hans í dag.*

Ég vil leggja á það áherzlu, að áreiðanleiki þeirra niðurstaðna, sem hér verða dregnar af ýmsum tölulegum upplýsingum, hlýtur að fara eftir áreiðanleika heimildanna. Vísað er til heimilda eftir því, sem tilefni gefst til.

Þar sem EFTA-nefndin hefur samið skýrslu um EFTA-málefni og efnahagslega þróun innan EFTA-ríkjanna, er ekki ástæða til að rekja það hér, sem þar kemur fram, nema að nokkru leyti.

Stefnt var að því að ljúka þessari rannsókn á tiltölulega skömmum tíma. Þar af leiðir, að ógjörningur var að leggja út í mikla söfnun frumgagna. Verður skýrslan ekki eins heilsteypt fyrir bragðið.

Rannsóknin hefur að verulegu leyti stuðzt við þær tölulegu upplýsingar, sem fyrir hendi voru. Þó eru undantekningar hér á, t. d. um könnun á fjárhagsstöðu fyrirtæka árið 1968. Einnig var sent fyrirspurnarblað til þeirra fyrirtækja, sem eru í úrtaki Efnahagsstofnunar (sbr. Viðauka I). Það kom fljótlega í ljós, að ekki væri ráðlegt að líta eingöngu á tollverndaðar iðngreinar, heldur væri einmitt ástæða til að athuga, hvort unnt væri að finna einhvern mismun, í einu eða öðru tilliti, á þróun í tollvernduðum iðngreinum annars vegar og lítt eða ekki tollvernduðum iðngreinum hins vegar.

Sömuleiðis var það afráðið að einskorða ekki rannsóknina við tollamál. Það verður að líta á allar mikilvægar stærðir, sem hafa áhrif á afkomu fyrirtækjanna, einfaldlega vegna þess að meira reynir á ýmsa rekstrarliði, þegar samkeppni harðnar. Þess vegna er hér ekki einungis vikið að tollamálum, heldur einnig stefnu í lánamálum, afskriftarreglum, samruna, útflutningsábyrgðum o. fl.

Til að fá betri hugmynd um áhrif tolla á hagkerfið og samband á milli markaða og leiða (hagstjórnartækja) eru tveir kaflar almenns eðlis um þessi atriði.

Þar á eftir eru flestar þær tollverndaðar iðngreinar — og nokkrar aðrar —, sem gætu lent í aðlögunarörðugleikum, ef af EFTA-aðild yrði, ræddar hver fyrir sig.

Helztu niðurstöður 2.—10. kafla þessarar skýrslu hafa verið dregnar saman í 1. kafla, til hagræðis fyrir lesandann. Einnig hefur verið valinn sá kostur að skipa ýmsum töflum og línuritum aftast í viðauka til að gera skýrsluna læsilegri, þótt það kosti nokkrar uppflettingar fyrir þá, sem vilja rannsaka niðurstöður og heimildir nánar.

3. Efnahagssamvinna í Vestur-Evrópu eftir heimsstyrjöldina síðari.

3.1 GATT

Í síðustu heimsstyrjöld voru meðal bandamanna uppi áform um víðtæka efnahags- og viðskiptasamvinnu að stríði loknu. Árangur þeirra viðræðna var m. a. stofnun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans. Ekkert varð af stofnun sambærilegrar alheimsviðskiptastofnunar, en árið 1947 gerðu 23 lönd með sér samning um að koma á fót alþjóðasamkomulagi um viðskiptamál: Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti eða GATT (The General Agreement on Tariffs and Trade). Nú hafa alls 74 lönd gerzt aðilar að GATT, 9 lönd hafa önnur tengsl, en utanríkisviðskipti GATT-aðilanna nema um 80% alþjóðaviðskipta.

Samstarfið í GATT grundvallast á almennri beztakjarameðferð í viðskiptum, viðleitni til afnáms á innflutningshöftum og einstökum innlendum gjöldum, sem kynnu að valda mismunun. Undantekningar frá beztukjarameðferð um tolla er að finna í sérstökum ákvæðum um tollabandalög og fríverzlunarsvæði

Aðalmarkmið GATT-samstarfsins hefur verið að efla alþjóðaviðskipti og þá einkum í formi tollalækkana. Margar viðræður hafa átt sér stað á milli aðildarríkjanna. Þær fyrstu áttu sér stað í Genf 1947. Árið 1949 var þingað í Frakklandi, þá í Torquay á Englandi árið 1951, síðan aftur í Genf 1961, 1961—1962 (Dillon-viðræðurnar) og 1964—1967 (Kennedy-viðræðurnar). Var Íslandi ásamt nokkrum öðrum löndum boðin þátttaka í Kennedy-viðræðunum, og gerðumst við aðilar að GATT í þeim samningum.

Árangur af þessum viðræðum hefur að mestu leyti farið eftir því umboði, sem bandaríska þingið hefur veitt Bandaríkjastjórn til tollalækkana. Allar viðræðurnar, að Kennedy-viðræðunum undanskildum, voru skipulagðar þannig, að tvö lönd sömdu í senn um tollalækkanir á einstökum vörutegundum.

3.2 Efnahagsbandalag Evrópu og Fríverzlunarsamtök Evrópu.

Segja má, að allverulegur árangur hafi orðið af þessum viðræðum. Fljótlega varð ljóst, að með þeim yrði ekki stofnað til frjálsra viðskipta. Innan Vestur-Evrópu náði OEEC mikilvægum árangri um afnám viðskiptahafta, en ekki miðaði að sama skapi í GATT á sviði tolla. Myndun Efnahagsbandalagsins og EFTA varð til þess, að skriður komst á tolla- og efnahagssamvinnumálin.

Árið 1955 hófu sex lönd, Frakkland, Vestur-Þýzkaland, Ítalía og Benelux-löndin viðræður með það fyrir augum að mynda efnahagsbandalag. Lönd þessi höfðu síðan 1952 haft samvinnu á sviði kola- og stáliðnaðar, en hugðu nú, sumpart af stjórnmálalegum ástæðum, til nánara samstarfs. Viðræður þessara landa leiddu til þess, að þau gerðu með sér sérstakan samning árið 1957, Rómarsáttmálann.

Rómarsáttmálinn kveður svo á, að aðildarríkjunum beri að fylgja sömu viðskiptastefnu út á við, en það þýðir m. a., að þau verða að semja sameiginlega við lönd utan bandalagsins, sem óska inngöngu. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hver samskipti Efnahagsbandalagsins og Englands hafa verið. Tvisvar hefur slitnað upp úr viðræðum, og gangur mála hefur einkum farið eftir aðstöðu Frakka. Þótt stjórnarskipti hafi orðið í Frakklandi, virðist allt í óvissu um inngöngu Breta og hinna umsækjendanna þriggja, Dana, Norðmanna og Íra, a. m. k. í náinni framtíð.

Sjö Evrópulönd, sem reynt höfðu árangurslaust að ná fríverzlunarsamningi við Efnahagsbandalagið innan OEEC, héldu með sér fund í Genf 1958 og Osló 1959 í

þeim tilgangi að hafa samráð um viðbrögð við stofnun Efnahagsbandalagsins. Þessi lönd voru Austurríki, Bretland, Danmörk, Noregur, Portúgal, Sviss og Svíþjóð. Myndun fríverzlunarsamtaka var talin raunhæfasta lausnin, og gengið var frá stofnsamningi Fríverzlunarsamtaka Evrópu í Stokkhólmi í ársbyrjun 1960. Finnar fengu aukaaðild að samtökunum um það bil ári síðar, en ekki hafa aðrir bætzt í hópinn fyrr en nú, að Íslendingar sóttu um aðild.

Upphaflega var ákveðið í EFTA, að tollar skyldu vera að fullu afnumdir — á þeim vörum, sem fríverzlunin náði til — í síðasta lagi hinn 1. janúar 1970. Þessari áætlun var flýtt, og höfðu tollar verið felldir niður að fullu í árslok 1966, nema í Finnlandi, þar sem niðurfellingunni lauk ári seinna, og í Portúgal, sem hafði samið um lengra aðlögunartímabil.

Gagnstætt Rómarsáttmálanum inniheldur stofnsamningur EFTA-ríkjanna fáar ákveðnar samkeppnisreglur, ákvæði um ríkisstyrki, opinber innkaup, samkeppnishömlur, atvinnurekstrarréttindi og undirboð og niðurgreiðslur. Þess í stað hefur verið valin sú leið að setja ákvæði um samkeppnishegðun, eftir því sem tilefni gefst til. Er sá háttur hafður á, að aðildarríki, sem finnst sér mismunað eða á hlut sinn gengið á einhvern hátt, getur tekið slíkt upp við EFTA-ráðið.

3.3 Reynslan af EFTA

Þegar á heildina er litið, hefur samvinnan innan EFTA tekizt vel, þrátt fyrir miklu óljósari reglugerð en Rómarsáttmálann. Þau brot á samkomulaginu, sem orðið hafa, hafa ekki leitt til almenns virðingarleysis á stofnsamningnum. Alvarlegasta brotið á samningnum var, þegar Bretar lögðu gjald á allan innflutning. Sennilega hefur öðrum EFTA-ríkjum gengið betur að sætta sig við innflutningsgjald en innflutningstakmörkun, af tvennu illu. Þess má geta í þessu sambandi, að Frakkar takmörkuðu innflutning frá félagsríkjunum í Efnahagsbandalaginu árið 1968, en bæði markaðsbandalögin hafa áskilið sér rétt í GATT til að vernda greiðslujöfnuð sinn með takmörkunum á innflutningi frá þriðja aðila, ef nauðsyn krefur.

Hin jákvæða reynsla af EFTA er athyglisverð, m. a. vegna þess, að hún sýnir, að unnt er að afnema tolla og aðrar viðskiptahömlur, án þess að stofna til tollabandalags eða efnahagsbandalags. En það liggur einmitt til grundvallar Rómarsáttmálanum, að aðildarríkin taki upp í áföngum sömu stefnu í tollamálum, viðskiptum, landbúnaði og ríkisrekstri og stofni til frjálsra fjármagns- og vinnuaflsflutninga sín á milli. Vafalaust er, að þessi ákvæði Rómarsáttmálans hafa haft hagstæð áhrif á þróun mála innan Efnahagsbandalagsins. Ógerningur er þó að skera úr um, hvort tollabandalag eða fríverzlunarsamtök séu heppilegri leið til efnahagssamvinnu. Hvorn kostinn ber að velja, fer m. a. eftir menningu og sögu viðkomandi þjóða, viðhorfum þeirra til frjálsrar verzlunar, á hvaða stigi þau eru efnahagslega o. s. frv. Séu samtök ekki sérlega bindandi, geta einstök ríki skákað í skjóli stærðar sinnar og efnahagsstyrkleika. Einhliða ákvarðanir Englendinga um innflutningsgjaldið 1964 eru gott dæmi þess.

Það má með nokkrum sanni segja, að hugmyndin um norrænt efnahagsbandalag, NORDEK (Nordisk ekonomisk union), hafi fengið betri hljómgrunn, þegar ljóst varð, að Norðurlöndin gætu orðið sterk sem heild, þó að hvert þeirra um sig væri tiltölulega lítils megnugt. Norðurlönd eiga og margt það sameiginlegt frá fornu fari, sem ríki Efnahagsbandalagsins eru að leitast við að koma á.

Svo að við víkjum aftur að EFTA, var markmiðið með stofnun þess þríþætt. Í fyrsta lagi var stefnt að því að verða aðnjótandi þess ábata, sem fríverzlun hefur í för með sér. Í öðru lagi var það takmark í sjálfu sér að sýna fram á, að Fríverzlunarsamtökin gætu stuðlað að efnahagslegum framförum. Þetta hefur hvort tveggja tekizt. Í þriðja lagi var tilgangurinn með stofnun EFTA sá að gjalda Efnahagsbandalaginu líku líkt. Af ýmsum ástæðum hefur þetta tekizt miður en skyldi. Þó er ástæða

til að ætla, að tilvera EFTA hafi gert Efnahagsbandalagið samningsliprara í Kennedy-viðræðunum í GATT og valdið því, að nokkur árangur náðist yfirleitt.

Ekki eru allir sammála um, hversu mikið stofnun EEC eða EFTA beri að þakka þá aukningu viðskipta, sem orðið hefur. En eins og gefur að skilja, hefði óhjákvæmilega orðið talsverð aukning á viðskiptum, að öðru jöfnu, vegna aukinnar velmegunar og fólksfjölgunar, enda þótt þessi samtök hefðu ekki verið stofnuð. Hins vegar hef ég ekki séð því haldið fram, að heildaráhrifin hafi verið neikvæð, enda væri það ekki staðreyndunum samkvæmt. Án þess að valda talnaflóði, er það athyglisvert, að útflutningsaukningin hefur ekki orðið mest í Englandi og Sviþjóð, eins og e. t. v. var gert ráð fyrir, heldur í hinum minni ríkjum samtakanna, Austurríki, Sviss og Noregi. Mest hefur útflutningur Portúgals aukizt, en það er sumpart vegna þess, að önnur EFTA-ríki hafa sett á stofn verksmiðjur þar í landi til útflutningsframleiðslu.

Vísitölu útflutnings og innflutnings er að sjá í töflu 1.

Það ber þó ekki að rýna í útflutninginn eingöngu. Eins og sjá má í töflu 1, hefur innflutningur að sjálfsögðu einnig aukizt. Enda er það forsenda þess, að fríverzlun verði gagnkvæmur ávinningur fyrir aðildarríkin.

Ef við lítum á málin frá annarri hlið, má segja, að iðnþróun eins lands geti orðið þeim mun örari, sem það hefur — eða fær — auðveldari aðgang að nálægum og traustum markaði. Þannig flýtti það fyrir iðnvæðingu Noregs og Sviþjóðar á sínum tíma, að sterk eftirspurn var í Bretlandi eftir framleiðslu þessara landa. Það er því athyglisvert, hversu þróunin í viðskiptum EFTA-landanna hefur orðið hagstæð, þrátt fyrir veika stöðu Bretlands á efnahagssviðinu. Er því ástæða til að ætla, að fyrir hendi sé nýr vaxtarbroddur í viðskiptum EFTA, ef Englendingar ná sér á strik aftur.

EFTA er markaður um 100 milljóna manna. Íbúatalan segir þó ekki allt. Þótt EFTA telji aðeins um 3% mannkyns, nema viðskipti þess rúmlega 15% af alheimsviðskiptum. Áberandi er, hversu mikil utanríkisviðskipti hinna minni ríkja EFTA eru. Fáa mundi gruna, að þau Norðurlönd, sem eru í EFTA, flytja meira inn en Frakkland, sem hefur 2.5 sinnum fleiri íbúa; að meira er flutt út frá Bretlandi til Noregs en til Indlands; meira til Sviþjóðar en Kanada eða Frakklands, næstum jafnmikið til Danmerkur og Ítalíu og meira til Finnlands en Japans.

Í töflu 2 er að finna nokkrar tölur um íbúafjölda, fjölskyldnafjölda, tekjur á mann og inn- og útflutning á mann í hinum ýmsu löndum EFTA og á Íslandi til samanburðar. Tölurnar eru fyrir árið 1967 og tala sínu máli.

Tafla 1.

Innbyrðis viðskipti EFTA-landanna í vísitöluformi 1965 og 1967: 1950 = 100.

Lönd	Útflutningur 1965	Útflutningur 1967	Innflutningur 1965	Innflutningur 1967
EFTA	194	233	196	222
Austurríki	251	348	232	299
Bretland	172	158	166	178
Danmörk	186	221	192	218
Finnland	188	234	235	245
Noregur	197	249	191	246
Portúgal	301	477	196	237
Sviss	213	271	222	277
Sviþjóð	207	243	234	262

Heimild: Skýrsla um Fríverzlunarsamtök Evrópu.

Tafla 2.

Fólksfjöldi, fjölskyldnafjöldi, tekjur á mann og innflutningur á mann í EFTA-löndum og á Íslandi árið 1967.

	Fólks-fjöldi í millj.	Fjöl-skyldna-fjöldi[1]) í millj.	Tekjur á mann í U. S. $	Innflutn-ingur á mann í U. S. $
Austurríki	7.32	2.3	1110	396
Bretland	55.10	16.0	1361	331
Danmörk	4.84	1.6	1819	694
Finnland	4.66	1.3	1212	347
Noregur	3.78	1.1	1698	941
Portúgal	9.38	2.2	424	140
Sviss	6.07	1.8	2194	771
Svíþjóð	7.87	2.6	2534	660
Ísland	0.199	0.043[2])	1532	866

1) Ekki er sagt fyrir hvaða ár tölurnar eru í heimildinni: Using EFTA. Sennilega eru þær fyrir árið 1966

2) Fjöldi fjölskyldnakjarna, samkv. skýrgr. í Hagtíðindum.

Heimildir: IMF. International Financial Statistics, Oct., 1969. Using EFTA. The EFTA Secretariat, 1968. Hagtíðindi nr. 1, 1968. Fjármálatíðindi nr. 1,1969.

4. Almennt um atvinnurekstur og breytta samkeppnisaðstöðu íslenzkra iðnfyrirtækja.

4.1 Skilyrði efnahagslegra framfara.

Við Íslendingar stöndum á tímamótum. Eftir velgengnisár fengum við að kenna á aflabresti og um tíma einnig á verðhruni á mörgum veigamiklum útflutningsafurðum. Stærsta iðjuver landsins er nýtekið til starfa, og aldrei hefur verið rætt um iðnvæðingu landsins af jafnmikilli alvöru.

Það er því eðlilegt, að við Íslendingar spyrjum okkur að því, hvaða skilyrði séu fyrir framtíðariðnþróun á landi voru.

Ef við höfum aukningu þjóðarframleiðslu á mann sem mælikvarða á velgengni, má einkum auka hana með eftirfarandi hætti:

1. Aukinni framleiðni með aðstoð fjármagns, menntunar og tækni.
2. Meiri verðmætasköpun, með því að leggja áherzlu á sérhæfingu framleiðsluþátta og þá framleiðslu, þar sem hlutfallslegir yfirburðir okkar eru hvað mestir í samanburði við aðrar þjóðir.

Þegar öllu er á botninn hvolft, er ókleift að koma þessu til leiðar, *nema fyrirtækin sjái sér hag í því.* Það er ekki nóg að framleiða vörur. Það þarf einnig að selja þær. Og til þess að salan gangi vel, verða eftirfarandi skilyrði að vera fyrir hendi:

3. Iðnaðurinn verður að hafa aðgang að markaði — eða mörkuðum — fyrir framleiðslu sína.
4. Iðnaðurinn verður að geta framleitt og selt vöru sína á verði, sem er bæði samkeppnishæft og gefur nægilegan arð, til að hann geti staðið straum af nýrri fjárfestingu; fjárfestingu, sem felur í sér endurnýjun, útvíkkun og rannsóknir — og þar með aukna framleiðslu og framleiðni.
5. Iðnaðurinn verður auðvitað að standa sig og leggja eitthvað í sölurnar, ef góður árangur á að nást. Leiðtogar hans verða að vera vakandi fyrir öllum framförum á sviði stjórnunar, skipulagningar, tæknibreytinga og sölustarfsemi.
6. Heildarkostnaður fyrirtækja hér á landi má ekki vera í of miklu ósamræmi við heildarkostnað keppinauta þeirra í öðrum löndum. Einn liður kann að vera hærri og annar lægri, en þau atriði, sem vega þyngst á metunum, eru launagreiðslur, afskriftarreglur, lánafyrirgreiðslur og skattar.

Það væri takmarkaður grundvöllur fyrir sérhæfingu og viðskiptum, ef allir kostnaðarliðir væru svipaðir hjá innlendum og erlendum fyrirtækjum. Það er grundvallarkenning frjálsrar verzlunar, að hún geti verið báðum til ávinnings, enda þótt annar aðilinn hafi *algera* kostnaðaryfirburði á öllum sviðum. Það eru *hlutfallslegir* yfirburðir sem koma til greina.[1])

Vonandi finnst öllum þau atriði, sem hér hafa verið talin upp, svo sjálfsögð og eðlileg, að þeim finnist þeir hafa heyrt þau oft áður.

---

1) Langar mig í þessu sambandi að vísa til greinarinnar *„Íslenzkur iðjurekstur"* frá 1943 eftir Klemens Tryggvason og Torfa Ásgeirsson, í *Iðnsögu Íslands*, síðara bindi, bls. 336—363. Þau rök, sem þar eru færð fyrir verkaskiptingu, eru sígild sannindi.

4.2 Markaðsmál.

Einn liður í framangreindri upptalningu er greiður aðgangur að markaði. Sé markaðurinn fyrir hendi, er unnt að koma við sérgreiningu og fjöldaframleiðslu. Nú er afar erfitt að finna jafngóða viðmiðun um framleiðslutilhögun í lýðræðisþjóðfélagi og það verðlag, sem myndast á frjálsum markaði. Í jafnlitlu landi og Íslandi er tæplega hægt að tala um frjálsan markað fyrir þær vörur, sem eru verndaðar með tollum eða innflutningstakmörkunum — jafnvel innflutningsbanni. Það verður því að hafa heimsmarkaðsverð að leiðarljósi, hvað hagstæðustu framleiðslutilhögun snertir. Það má auðvitað ryðja þeim innflutningstálmunum, sem fyrir eru, úr vegi með einhliða ákvörðun valdhafanna. Hitt hlýtur þó að vera skynsamlegra að leitast við að verða aðnjótandi sömu réttinda hjá öðrum þjóðum og við veitum þeim. Og að sjálfsögðu hugsa þær einnig á sama hátt. Af þessu leiðir, að við verðum að semja við aðrar þjóðir um gagnkvæm réttindi, ef við eigum að öðlast stærri markað fyrir framleiðslu okkar. Jafnframt verður, ef um semst, verðmyndun innanlands háðari heimsmarkaðsverði — ekki einungis vöruverð, heldur einnig gengið, verðið á gjaldmiðli þjóðarinnar, og laun, verðið á vinnuafli.

En við höfum ekki stjórn mála algerlega í okkar höndum. Myndi nágrannaþjóðir okkar og viðskiptalönd samtök sín á milli, t. d. með því að fella niður innbyrðis tolla, veldur þetta okkur greinilega óhagræði. Sá tollur, sem íslenzkir útflytjendur verða að greiða, er kostnaður, sem fyrirtækin í samtökunum sleppa við. Þetta hlýtur annaðhvort að draga úr þeim útflutningi, sem átti sér stað, eða draga úr þeim útflutningi, sem annars hefði orðið. Þetta leiðir til minni gjaldeyristekna en ella, sem að minnsta kosti til skamms tíma er erfitt að bæta sér upp með sölu til annarra landa (utan samtakanna). Minna verður um gjaldeyri til að greiða með innflutning, svo að einnig hann verður minni en áður.

Því hefur verið haldið fram, að við höfum takmörkuð not fyrir EFTA, vegna þess að hagkvæmara sé að selja aðalútflutningsafurðir okkar í Bandaríkjunum og Rússlandi. Ég held einmitt, að markaðsmálin hafi legið í láginni hjá okkur vegna þess, að sjávarútvegurinn var ekki undir því kominn, að tollfrjáls markaður fengist í Evrópu, og Íslendingum var ekki jafnhugað um að auka fjölbreytni atvinnuveganna á meðan allt lék í lyndi.

Það hlýtur einnig að verða hagkvæmt, eftir sem áður, að selja ýmsar vörur til Bandaríkjanna og Rússlands, þótt Ísland gangi í EFTA. Þetta er einfaldlega vegna þess, að t. d. í Bandaríkjunum er það stór og sterkur markaður, að framleiðsla okkar á ýmsum varningi verður aldrei með stærri stíl en svo, að ekki þarf að ná nema til lítils geira af markaðnum til að selja hana alla — og það á góðu verði. Og það væri hrapallegt að vanrækja þá möguleika, sem þar eru fyrir hendi, við inngöngu í EFTA.

Sumir íslenzkir framleiðendur eru svo svartsýnir að álíta, að með inngöngu í Fríverzlunarsamtök Evrópu mundu þeir ekki fá aðgang að 100 milljón manna heldur glata 200 þúsund manna markaði.

Þetta hlýtur að þýða annaðhvort,

a) að átt sé við framleiðslu, sem við erum óhæfir til að stunda, og framleiðsla á viðkomandi vöru mundi leggjast niður, eða,
b) að við — að framleiðandanum meðtöldum — stöndum ekki í stykkinu.

Varðandi a) hef ég það að segja, að það er einlæg skoðun mín — og styðst hún við nokkur rök — að eitt af frumskilyrðum fyrir framförum sé, að einstaklingurinn gangi ekki að því vísu, að sumar þjóðir — þar á meðal hans eigin — séu dæmdar til fátæktar um alla eilífð vegna auðlindaskorts, en aðrar blómstri í skjóli náttúrugæða sinna.

Það vill oft gleymast, að mismunandi háir tollar þýða í rauninni mismunandi gengi fyrir viðkomandi vörur. Séu tollar felldir niður, kemur eitt raunverulegt gengi til með að ráða, og það er eftir sem áður hægt að veita atvinnuvegunum

gengisvernd — eða réttara sagt, gengið verður að vera rétt skráð, svo að atvinnuvegirnir verði samkeppnisfærir, bæði heima og erlendis. Það hlýtur einnig að vera svo, að þeim mun veigameiri þáttur atvinnulífsins, sem iðnaðurinn verður, því meir verður gengi íslenzku krónunnar að miðast við afkomu hans. Það er því útilokað, að allur sá iðnaður, sem nú er tollverndaður, leggist í rúst. Einnig ber að minnast þess, að ekki fór allt í kalda kol fyrir síðustu tvær gengisbreytingar, en tímabilið frá 1964 til 1966 — og fram í september 1967 — er einkar lærdómsríkt með tilliti til þess, hvaða áhrif aukið innflutningsfrelsi og tollalækkanir kunni að hafa á íslenzkan iðnað.

Þetta er nánast það samanburðartímabil, sem við höfum, en 1963 var innflutningsfrelsi aukið umfram það er varð 1960, og tollar lækkaðir og samræmdir innbyrðis.

Einnig má segja, að 1966—1967 (í sept.) hafi „gengisverndin" verið orðin það lág, að tollverndin vó ekki upp á móti henni. Léttir það talsvert fyrir aðlögun að EFTA, ef til kemur, að gengið er „nokkurn veginn" rétt skráð, en líta verður á summuna af gengisvernd og tollvernd til að sjá, hvað íslenzkur iðnaður muni þola af lækkunum. Að sjálfsögðu var tími til kominn að lagfæra skráningu íslenzku krónunnar 1967 og 1968, en tölur um afkomu tollverndaðs iðnaðar fyrir 1968 gefa til kynna, að summan af gengisvernd og tollvernd sé orðin það mikil, að hann mundi vel þola þó nokkrar tollalækkanir (eða gengishækkun). Enda mun gengið fyrst og fremst miðað við afkomu sjávarútvegsins. Einnig eru fyrirtæki í tollvernduðum greinum lítt samrásuð, þ. e. eitt fyrirtæki byggir ekki afkomu sína á öðru, þannig að til neikvæðra keðjuverkana ætti ekki að koma. Dæmi þess, að fyrirtæki vinni úr innlendu hráefni, er að finna, m. a. í teppagerð, sem framleiðir úr íslenzku ullarbandi, og húsgagnagerð, sem notar íslenzk áklæði að nokkru leyti.

Nú verður allmikil röskun á tollskránni og vandkvæði í sumum tilvikum að flokka vörur í verndarflokk annars vegar og fjáröflunarflokk hins vegar. Mun t. d. ullarbandið lenda í verndartolli og því ekki fylgja lækkunum á hráefnistollum, þar sem þessi vörutegund er framleidd innanlands. Veldur þetta þá prjónaiðnaði óhagræði, sem notar þetta hráefni — eða mundi sennilega nota í ríkara mæli en nú. Væri ráðlegt að finna veginn meðaltoll í slíkum tilvikum með því að nota framleiðsluverðmæti viðkomandi iðngreina fyrir vogtölur.

Sömuleiðis veldur stefna okkar í landbúnaðarmálum iðnaðinum óhagræði í sumum tilvikum. Sumir framleiðendur telja sig ekki alltaf fá jafn gæðamikil hráefni og erlendir keppinautar þeirra og þurfa í sumum tilfellum að greiða hærra verð fyrir hráefni, eins og t. d. mjólkurduft, sem er veigamikill þáttur aðfanga í sælgætisgerð.

Með tilliti til þessa væri ráðlegt að taka tollskrána til gagngerrar endurskoðunar og sömuleiðis stefnu okkar í landbúnaðarmálum á a. m. k. vissum sviðum.

Borið hefur á því, að íslenzkir atvinnurekendur óttist m. a. tvennt, ef EFTA-aðild verður: Ásælni útlendinga í íslenzk fyrirtæki og undirboð eða dumpun.

Varðandi möguleika útlendinga til að kaupa eða setja á stofn íslenzk fyrirtæki, er réttur þeirra bundinn við þrenns konar rekstur:

1. Dreifingu EFTA-vöru á heildsölustigi.
2. Fyrirtæki til samsetningar, þjónustu og vinnslu, sem tekur til EFTA-vöru.
3. Framleiðslu á vöru, sem aðallega er til útflutnings til annars EFTA-lands.

Í fyrsta lagi er hér um þröngt svið að ræða. Í öðru lagi er í undirbúningi löggjöf í samræmi við svokallaða „konsesjonslöggjöf" Norðmanna. Viðkomandi ráðherra fengi þá heimild til að banna stofnsetningu fyrirtækja, sem talin eru ósæki-leg, ef hið sama er látið ganga yfir heimamenn og aðra EFTA-menn. Í þriðja lagi minnka tollalækkanir líkur á því, að erlendir framleiðendur setji hér á stofn fyrirtæki til framleiðslu á vöru fyrir íslenzkan markað, vegna þess að ekkert er arðvænlegra en setjast að fyrir innan tollmúrinn til að sleppa við tollana. Við höf-

um sloppið við þetta vegna smæðar markaðarins og óhagkvæmni á framleiðslu í of smáum stíl. Við ættum varla að amast við því, að einhverjir kæmu hér á fót fyrirtækjum til útflutnings. Í fjórða lagi höfum við algera stjórn á fjármagnsstraumum til og frá landinu. Þetta þýðir, að við getum neitað um „yfirfærslu", ef ástæða þykir til. Í fimmta lagi ætti ásóknin í að kaupa upp íslenzk fyrirtæki — ekki sízt verzlunarfyrirtæki — ekki að vera mikil, ef hagur þeirra er jafn bágborginn og af er látið. Í sjötta lagi erum við hvorki að gera hrossakaup né selja okkur. Úrsögn úr EFTA er alltaf fyrir hendi og ekki er bannað að grípa til aðgerða til að vernda greiðslujöfnuð eða til að tryggja jafnvægi í byggð landsins, ef æskilegt er talið. Það er hagur nágranna okkar jafnt sem okkar sjálfra, að efnahagslíf blómgist á Íslandi — jafnvel frá beinhörðu peningasjónarmiði — til að geta selt sem mest af hvers kyns varningi. Og síðast en ekki sízt ættu íslenzkir atvinnurekendur að gera sér glögga grein fyrir því, að aðild að fríverzlunarbandalagi er bezta trygging þess, að ekki verði horfið aftur til þeirrar haftastefnu, sem ríkti í viðskiptamálum á Íslandi ekki alls fyrir löngu.

Varðandi þann möguleika, að flest EFTA-ríkja gangi í Efnahagsbandalagið, má benda á, að allt bendir til, að slíkt kæmi ekki til framkvæmda á næstu 5 árum, sem þýðir, að íslenzkir atvinnurekendur verða búnir að afskrifa þær vélar, sem þeir kaupa á næstunni, og því tilbúnir undir næstu atrennu.

4.3 Stjórnun.

Að því er b) viðkemur, stöndum við þar frammi fyrir mikilvægu vandamáli. Hvert einasta fyrirtæki verður sífellt að aðlaga sig þeim ytri aðstæðum, sem það býr við. Tæknin er stöðugum breytingum háð, og það verður sífellt að vera að taka upp nýjar framleiðsluaðferðir til að heltast ekki úr lestinni. Neyzluvenjur fólks breytast með tímanum vegna betri efnahags, áhrifa frá umhverfinu, o. s. frv. Sú breyting á eftirspurn, sem verður, útheimtir nýjar eða endurbættar vörur og þar með framleiðsluaðferðir. Samkeppnisaðstaðan getur skyndilega breytzt, ef nýir keppinautar koma til sögunnar, eða uppbygging iðngreinarinnar verður önnur — vegna samruna einstakra fyrirtækja, sölusamninga þeirra í milli eða samvinnu með öðrum hætti.

Myndun efnahagsbandalaga gerir ekki hvað sízt kröfu til dugandi stjórnenda. Og eitt aðaleinkenni góðs stjórnanda er að kunna að notfæra sér þekkingu annarra.

Mannlausar verksmiðjur með hljóðnuðum vélum ættu að færa mönnum heim sanninn um, að fyrirtæki er annað og meira en húskofinn einn og vélarkramið. Það er hugvit stjórnandans og hæfileiki hans til að beita þekkingu á skipulagðan hátt, sem setur svip sinn á fyrirtækið.

Þetta hefur okkur ekki öllum lærzt enn. Tiltölulega fáir tæknilærðir menn starfa hjá íslenzkum fyrirtækjum, svo að ekki sé minnzt á viðskiptafræðinga. Það er ekki hægt að loka augunum fyrir þessari staðreynd með því að segja, að fyrirtækin séu svo lítil, að þau þurfi ekki á sérhæfðum mannafla að halda. Eru þau ekki einmitt lítil vegna þess arna? Hversu mörg fyrirtæki hér á landi geta sagt til um það daginn eftir gengisfellingu eða verðhækkanir með nokkurri nákvæmni, hvaða áhrif þetta hafi á afkomu þeirra? Af hverju stofna ekki fleiri viðskiptafræðingar og tæknimenntaðir menn fyrirtæki á Íslandi?

Í tveimur næstu köflum verða ýmsar upplýsingar um íslenzkan iðnað dregnar fram, einkum með tilliti til þess, hvar íslenzkur iðnaður er á vegi staddur.

5. Þróun íslenzks iðnaðar 1960—1968.

5.1 Rekstraryfirlit íslenzks iðnaðar 1964—1968.

Efnahagsstofnunin hefur tekið saman rekstraryfirlit iðnaðar 1964—1968. Er hér um að ræða áætlaðar tölur út frá úrtaki.

Efnahagsstofnunin hefur einnig greint iðnað í eftirfarandi undirflokka:

1. *Tollverndaðar iðngreinar.*
2. *Lítt eða ekki tollverndaðar iðngreinar.*
3. *Byggingarvöru- og byggingarhlutaiðnaður.*
4. *Málm-, skipasmíða- og bifvélaiðnaður.*
5. *Ýmis viðgerða- og smáiðnaður.*

Í töflu 38[1]) sjáum við nokkrar rekstrarstærðir í *öllum iðnaði*, öðrum en fiskiðnaði.

Við munum von bráðar ræða tvo fyrstu flokkana, en iðngreinar í flokki 3—5 njóta „fjarlægðarverndar" að meira eða minna leyti.

Rétt er að gera strax nokkrar athugasemdir um flokkunina, úrtakið og atvinnugreinaskiptinguna.

Varðandi flokkunina ber að hafa í huga, að hún getur orkað tvímælis í sumum tilfellum. Þannig er *innréttingasmíði* talin til byggingarvöru- og byggingarhlutaiðnaðar, en ætti e. t. v. að flokkast undir tollverndaðan iðnað.

Að því er snertir *lítt eða ekki tollverndaðar iðngreinar*, er vafasamt að telja *mjólkuriðnað* og *Áburðarverksmiðjuna* (kemiskur undirstöðuiðnaður) til þessa flokks: önnur greinin nýtur innflutningsbanns, en hin einkaleyfisverndar. *Brauð- og kökugerð* er í þessum flokki, en kexgerð í *tollverndaða flokknum*. Þessu hefur ekki verið breytt hér, en er haft í huga, þegar gerð er grein fyrir horfum í mismunandi iðngreinum í 10. kafla. Sömuleiðis mætti segja, að *„prentiðngreinar"* nytu málverndar að nokkru leyti og að *leirkerasmíði* ætti að teljast til tollverndaðs iðnaðar. Verður þá fátt eftir af óvernduðum greinum, nema *veiðarfæragerð* og *pappírsvörugerð*.

Viðvíkjandi úrtakinu er það að segja, að það tekur fyrst og fremst til stærstu fyrirtækjanna í hverri iðngrein, sem getur verið bæði kostur og galli. Miðað við vinnuaflsnotkun tekur úrtakið til í flestum tilfellum 30—100% allra fyrirtækja í viðkomandi iðngrein, sbr. viðauka II.

Varðandi þau atvinnugreinanúmer, sem tilgreind eru í töflum, er farið eftir atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands. Getur verið erfitt að flokka sum fyrirtæki, er stunda margs konar starfsemi, og hefur þá starfsemi þessi stundum verið klofin og skipt niður í flokka. Eftir sem áður er nauðsynlegt að hafa fyrirtæki með allólíka starfsemi í sama atvinnugreinanúmeri, til þess að þau verði ekki allt of mörg. Atvinnugreinanúmer þau, sem máli skipta í þessari skýrslu, er einnig að finna í viðauka III, töflu 44, en þar sem mikið mun rætt um annars vegar *tollverndaðar iðngreinar* og *lítt eða ekki tollverndaðar iðngreinar*, eru iðngreinar í þessum flokkum taldar upp hér sérstaklega:

---

1) Tafla 38 og töflur með hærra númeri eru í viðauka III.

Skilgreining á atvinnugreinanúmerum samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.

I. *Tollverndaður iðnaður:*


207 Kexgerð.
208 Sælgætisgerð.
209 Matvælaiðnaður, annar en gosdrykkjaiðnaður, ót. a.
211 Framleiðsla áfengis.
213 Öl- og gosdrykkjagerð.
220 Tóbaksiðnaður.
231 Ullarþvottur, spuni, vefnaður o. fl.
232 Prjónastofur og prjónlesverksmiðjur.
241 Skógerð, önnur en gúmmískógerð.
243 Fatagerð.
244 Framleiðsla á fullunnum vefnaðarvörum.
261 Húsgagnagerð.
291 Sútun og verkun skinna.
293 Leðuriðnaður, annar en skó- og fatagerð, (hanzkagerð þó meðtalin).
315 Málningar- og lakkgerð.
319 Önnur kemisk framleiðsla (m. a. hreinlætisvörur).
370 Smíði og viðgerðir rafmagnstækja.
394 Skartgripagerð og góðmálmasmíði.
397 Burstagerð.
398 Plastiðnaður.

II. *Lítt eða ekki tollverndaðar iðngreinar:*

202 Mjólkuriðnaður.
206 Brauð- og kökugerð.
233 Kaðla-, færa-, línu-, tauma-, neta- og nótagerð.
252 Trétunnu-, trékassa- og körfugerð.
272 Pappírsvörugerð.
281 Prentun.
282 Prentmyndagerð.
283 Bókband.
284 Blaða- og bókaútgáfa.
311 Kemiskur undirstöðuiðnaður.
333 Leirsmíði og postulínsiðnaður.

Ef við hugum nánar að rekstraryfirliti alls iðnaðar, og þá fyrst *ágóða eftir skatt*, gefur yfirlit áranna 1964—1967 til kynna, að ágóðinn fer minnkandi ár frá ári, (sbr. línurit 1 og töflu 38). Er ekki úr vegi að leita skýringa á þessu:

1. Minnkun ágóðans milli 1964 og 1965, eða um 33 390 þús. kr., má skýra með lélegri afkomu tollverndaðs iðnaðar, en ágóðinn minnkaði þar um 40 005 þús. kr. frá 1964—1965. Sé kafað enn dýpra, börðust þeir einkum í bökkum, sem stunduðu *ullarþvott, spuna og vefnað*. *Skógerð* var á hraðri leið niður á við, og það blés á móti í *fatagerð, sælgætisgerð, húsgagnagerð, hreinlætisvöruframleiðslu.*



Línurit 1.
Áætlaður ágóði eftir skatt í iðnaði 1964–1968

Ætla mætti, að þessir örðugleikar í tollvernduðum iðnaði stöfuðu af því, að tollar hefðu verið lækkaðir og innflutningsfrelsi aukið, en árið 1960 var innflutningsfrelsi aukið og hámarkstollar lækkaðir, og árið 1963 samræmdir innbyrðis. Tollarnir voru þó háir eftir sem áður, en 4 tollalækkanir hafa orðið síðan. En skýringuna á ágóðarýrnun tollverndaðs iðnaðar má finna annars staðar.

Liðurinn *laun og tengd gjöld* jókst um rúmlega 66 milljónir í *tollvernduðum iðnaði 1964—1965* (sbr. töflu 39).

Vitaskuld gætu launagreiðslur aukizt vegna þess, að meira væri unnið en áður. En því er *ekki* fyrir að fara í þessu tilfelli: vinnuvikur voru heldur færri í tollvernduðum iðnaði 1965 en 1964. Einnig bendir það til þess, að framleiðsla hafi ekki aukizt 1964—1965, að útgjöld vegna aðfanga, annarra en vinnuafls, eru svipuð bæði árin.

2. Ágóðarýrnunina 1965—1966 má rekja til rekstrarafkomu í flokknum *Málm-, skipasmíða- og bifvélaiðnaður*. Ágóðinn minnkaði um 29 263 þús. kr. í þessum flokki iðnaðar á þessu tímabili, en í öllum iðnaði um 30 626 þús. kr., sbr. Línurit 1 og Töflu 42). (Áætlað er, að ágóði eftir skatt hafi minnkað úr 16.8 millj. í 9.5 millj. í *málmsmíði* 1965—1966, í *skipasmíði* úr 0.75 millj. í ÷ 4.6 millj., og í *bifvélaiðnaði* úr 10.3 millj. í ÷ 5.3 millj.).
3. Sömu sögu er að segja um þróunina 1965—1966 og 1966—1967: *hér virðist málm-, skipasmíða- og bifvélaiðnaður* valda mestu um þróun ágóðans á verri veg. Heildarminnkun ágóðans var tæpar 17 milljónir, en minnkun hans í áðurgreindum flokki nam rúmlega 21 millj. kr. Af þessari upphæð má hins vegar rekja um 17 millj. til *málsmíði einnar* (sbr. Töflu 44).

Það er hvað fróðlegast að athuga, hvaða áhrif gengisbreytingarnar 1967 og 1968 hafa haft á afkomu fyrirtækja í einstökum iðngreinum og iðnaði í heild. Kemur í ljós, að ágóði eftir skatt í *iðnaði sem heild* (öðrum en fiskiðnaði) eykst um rúmlega 30 milljónir 1968. Í *tollvernduðum iðnaði* eykst ágóðinn um tæpar 39 milljónir 1968, en minnkar um tæpar 13 milljónir í *lítt eða ekki tollvernduðum iðngreinum*, sbr. línurit 1 og töflu 40.

Greinilegt er, að gengisbreytingarnar 1967 og 1968 hafa haft veruleg áhrif á afkomu fyrirtækja í tollvernduðum iðngreinum. Einkum hefur afkoman batnað, sbr. töflu 44, í *matvælaiðnaði, ullarþvotta-, spuna- og vefnaðarverksmiðjum, prjónastofum og prjónaverksmiðjum, fatagerð, sútun og verkun skinna, málningar- og lakkframleiðslu* og *hreinlætisvöruframleiðslu*. Ágóði eftir skatt hefur þó minnkað í nokkrum vernduðum iðngreinum 1968, einkum í *sælgætisgerð* og *húsgagnaframleiðslu* (bæði 1967 og 1968). *Innréttingasmíði*, sem að réttu lagi ætti að tilheyra þessum flokki, hefur sýnt svipaða afkomu 1966—1968.

Er ekki úr vegi að leita nánari skýringa á því, hvers vegna ágóði eftir skatt minnkar í lítt eða ekki tollvernduðum greinum 1967 og 1968.

Ef litið er á ágóða eftir skatt í *veiðarfæraiðnaði*, minnkar hann 1967, en eykst 1968 — eða réttara sagt tapið eykst 1967, en ágóða er skilað 1968. Í *pappírsvörugerð (umbúðaiðnaði)* er tap 1967, en gróði 1968. Ástæðunnar til þess, að hagur óverndaðra iðngreina í heild hefur ekki vænkazt 1968, er því ekki að leita í afkomu þessara tveggja greina. Afkoman hefur einnig batnað stórlega í *mjólkuriðnaði*, sem er í þessum flokki, þótt vafamál sé á réttmæti þess.

Ástæðuna fyrir ágóðarýrnun í lítt eða ekki tollvernduðum greinum 1967 er einkum að finna í afkomu *brauð- og kökugerðar, pappírsvörugerðar, prentunar og bóka- og blaðaútgáfu*.

Blandast vart hugur um, að hér kemur fyrst og fremst versnandi efnahagsástand til greina (og sennilega einnig verðlagsákvæði í brauð- og kökugerð, sbr. 10. kafla). Árið 1968 kemur Kísiliðjan til sögunnar og veldur því, að ágóðinn fer ekki upp á við þetta ár.

Ef við víkjum aftur að tollvernduðum iðnaði, er greinilegt, að gengisbreytingarnar hafa breytt afkomu hans mjög til batnaðar. Athyglisvert er, að framleiðslutekjur eru þar svo til hinar sömu 1966 og 1967, sbr. línurit 2 og töflu 39, jafnframt því sem ágóðinn er hærri 1967, sbr. línurit 1 og töflu 39.

Eigi að síður eru aðföng frá öðrum fyrirtækjum og innflutningi og launagreiðslur lægri 1967 en 1966. Hér hlýtur einkum tvennt að koma til greina:

1. Fyrirtækin framleiddu minna 1967, en hækkuðu vöruverðið. (Ekki er hægt að gera ráð fyrir frjálsri samkeppni í þessum greinum, þ. e. að fyrirtækin hafi engin áhrif á verðmyndun).
2. Fyrirtækin drógu úr framleiðslu 1967, en seldu af gömlum birgðum, á svipuðu verði og áður. (Ósennilegt er, að aðfangaverð (og laun) hafi lækkað).

Fyrri skýringin er miklu líklegri: má reyndar sjá í töflu 45 (aftar í þessari skýrslu), að magnvísitala lækkar í flestum tollvernduðum greinum 1967. (Aðalundantekning er *plastiðnaður)*.

Magnvísitölur fyrir árið 1968 eru ekki fyrir hendi, en slysatryggðar vinnuvikur eru færri 1968 en 1967 og 1966, þannig að svipaða sögu virðist að segja um ágóða-þróunina 1967—1698 og 1966—1967. Ágóðinn virðist fyrst og fremst hækka vegna þess, að fyrirtækin hafa getað hækkað verð framleiðslunnar meira en sem nemur hækkun hráefna og launa. Þetta væri ákaflega erfitt í harðri samkeppni, þar ræður hvert einstakt fyrirtæki litlu um vöruverð.

Ástæða er því til að ætla, að summan af gengisvernd og tollvernd sé orðin allhá og að samkeppni milli innlendra fyrirtækja innbyrðis sé af skornum skammti í a. m. k. sumum hinna tollvernduðu iðngreina. Hið síðara má að nokkru leyti skýra með smæð markaðarins og samkeppni við innflutning: ekki er unnt að starfrækja mörg fyrirtæki í sumum iðngreinum (t. d. hreinlætisvöruframleiðslu) við slíkar aðstæður.


Einnig munu fulltrúar launþega í Verðlagsnefnd hafa tekið frjálslegri afstöðu til verðálagningar í sumum tollvernduðum iðngreinum 1967.

Við munum huga nánar að sambandinu milli fjölda fyrirtækja og verðlags-

þróunar annars vegar og innflutningsverndar og verðlagsþróunar hins vegar síðar í þessum kafla.

Þess má einnig geta í þessu sambandi, að í *málmsmíði* breytist tap 1967 í tæplega 13 milljón króna ágóða 1968. Afkoma batnar einnig í greininni *smíði og viðgerðir rafmagnstækja* 1968. *Bifvélaviðgerðir* sýna hins vegar rúmlega 13 milljóna króna tap árið 1968 (sbr. töflu 44).

Byggingavöru- og byggingahlutaiðnaður skilar af sér sífellt minni ágóða ár frá ári, og árið 1968 er tap (sjá töflu 41).




Línurit 2
Hlutfallsbreytingar framleiðslutekna og aðfanga frá fyrra ári í tollvernduðum iðnaði 1965-1968

5.2 Þróun framleiðslumagns 1960—1967.

Framleiðslu- eða sölutekjur fyrirtækis eru margfeldi framleiðslumagns og verðs. Nú kann fyrirtæki að framleiða margar vörutegundir og verðið að vera breytingum undirorpið.

Það væri ærið verkefni út af fyrir sig að skýra þá framleiðslu- og verðlagsþróun, sem orðið hefur. Hjá þessu er þó sneitt hér að mestu.




Línurit 3
Hlutfallsbreytingar framleiðslumagnsvísitölu f.f.ári í nokkrum tollvernduðum iðngreinum 1960 – 1967

Það er nokkuð erfitt að átta sig á töflu 45, eins og hún er. Frá fríverzlunarsjónarmiði er forvitnilegt að bera saman þróun í annars vegar *tollvernduðum iðngreiðnum* og hins vegar *óvernduðum iðngreinum*. Tafla 46 sýnir breytingu magnvísitölu frá ári til árs í % í nokkrum tollvernduðum iðngreinum, en tafla 47 sýnir sams konar tölur fyrir 2 „óverndaðar" iðngreinar, *veiðarfæragerð og umbúðaiðnað*.

Um töflu 46 má m. a. þetta segja:

1. 7 iðngreinar af 14 sýna fram á meðaltalsbreytingu, sem er undir *samtölu iðnaðar* (= 3.6%); þar af er þróunin allneikvæð að meðaltali í 2 greinum, *kexgerð og skóiðnaði*. *Fataiðnaður* stendur nokkurn veginn í stað, (hvað framleiðslumagn snertir).
2. 6 iðngreinar (samkvæmt flokkuninni í töflu 46) eru fyrir ofan meðaltal: *sælgætisgerð, kaffibrennsla og matarefnagerð, trjávöruiðnaður, vefjariðnaður, framleiðsla á öðrum fullunnum vefnaðarvörum og plastiðnaður*. Ein tala er jöfn meðaltalinu, eða fyrir *málningarvörur og kemisk undirstöðuefni*.



Línurit 4
Hlutfallsbreytingar framleiðslumagnsvísitölu f.f.ári í tveimur lítt tollvernduðum iðngreinum 1960–1967

Hlutfallsbreytingar nokkurra tollverndaðra iðngreina eru sýndar í línuriti 3, og hinna tveggja óvernduðu í línuriti 4.

Meðalaukning framleiðslumagnsvísitölu í % er talsvert fyrir ofan meðallag í *veiðarfæraiðnaði*, eða 7.2%. *Umbúðaiðnaður* (pappírsvörugerð) sýnir hins vegar öfuga þróun, eða meðalminnkun um 0.4%, þ. e. stendur nokkurn veginn í stað. Athyglisvert er, að aðeins 3 iðngreinar í tollvernduðum iðnaði sýna hlutfallslega framleiðsluaukningu, sem er meiri en 7.2% að meðaltali, eða *framleiðsla á fullunnum vefnaðarvörum, trjávöruiðnaður og plastiðnaður*. Fyrst talda greinin er lítil (tjöld, svefnpokar o. s. frv.), og magnið hefur verið afar sveiflukennt, sbr. línurit 2, sem sýnir hlutfallsbreytingar magnvísitölu í nokkrum iðngreinum. Tölur um trjávöruiðnað ber að taka með fyrirvara, þ. e. þær eru fengnar eftir krókaleiðum, sbr. skýringu við töflu 45. Hvort um vanmat eða ofmat er að ræða, er óvitað. Þróunin í plastiðnaði er í samræmi við þróun með öðrum þjóðum: ör vöxtur. Því miður eru „óvernduðu" greinarnar aðeins 2, sem hér eru til samanburðar, og hann því hæpinn. Mér segir þó svo hugur um, að þær hafi verið látnar keppa við frjálsan innflutning án umtalsverðrar tollverndar vegna hagsmuna sjávarútvegsins, fremur en vegna þess, að við séum betur til þess fallnir að stunda þessar iðngreinar en aðrar. Verður því að telja, að „óvernduðu" greinarnar hafi staðið sig vel eftir atvikum.

Nýjustu upplýsingar um framleiðslumagnsþróun er að finna í Hagsveifluvog iðnaðarins í júlí 1969 (svo og í dagblöðum). Samkvæmt henni er einkum búizt við aukningu framleiðslumagns, miðað við 1968, í *brauð- og kökugerð, ullariðnaði, veiðarfæraiðnaði, húsgagnagerð, sútun, hreinlætisvörum* og *skipasmíði* (og er þá ekki talið eftir röð skv. aukningu).

Áður en við yfirgefum magntölurnar, er rétt að benda á, að þær „ná" í rauninni alls ekki framleiðsluþróuninni algerlega, því að talsverður munur getur verið á t. d. 1 kg af þvottaefni árið 1960 og 1967, þar sem gæðabreytingar koma til greina. Þess vegna er ástæða til að ætla, að vísitölur framleiðslumagns vanmeti þróunina: rétt væri að gefa magni mismunandi vogtölur mismunandi ár.

5.3 Vísitölur atvinnumagns 1960—1968.

Við skulum næst huga að vinnuaflsnotkun iðnaðarins á undanförum árum. Tölur atvinnumagns má síðan bera saman við framleiðslumagn, en framleiðsla á mann, eða *framleiðni*, er í mörgum tilvikum góður mælikvarði á aðlögunarhæfni viðkomandi iðngreinar. Framleiðniþróun verður rædd í næsta undirkafla (5.4).

Vísitölur atvinnumagns í iðnaði 1960—1968 (þó aðeins til 1967 í sumum) er að finna í töflu 48 í viðauka III.

Án þess að ræða töflu 48 náið, má benda á eftirfarandi.

1. Vinnuaflsnotkun er ekki eins stöðug í *fiskiðnaði* og öðrum iðnaði.
2. Vinnuaflsnotkun hefur einkum farið minnkandi (miðað við vísitölu) í *kexgerð, skóiðnaði* og *fatagerð*. Vísitala atvinnumagns hefur einkum aukizt í *plastiðnaði* og við *sementsframleiðslu*.

5.4 Framleiðniþróun í íslenzkum iðnaði 1960—1967.

Vegna þess að breytt var um fyrirkomulag slysatryggðra vinnuvikna 1963, — en vinnuaflsnotkun er reiknuð samkvæmt þeim — eru tölur um atvinnumagn og framleiðni ekki eins áreiðanlegar fyrir 1960—1962 og 1963—1967. Framleiðnivísitölu er að finna í töflu 3 fyrir tímabilið 1963—1967, en í töflu 49 (í viðauka IV) fyrir árin 1960—1962. En eins og áður er getið, má einkum læra af tímabilinu 1964—1967 um aukið innflutningsfrelsi og tollalækkanir.

Tafla 3. Vísitölur framleiðni í iðnaði (öðrum en fiskiðnaði) 1963—1967.

Iðngrein	1963	1964	1965	1966	1967	Meðalbreyting[2] í %
1. Mjólkuriðnaður	87.5	93.3	100.0	92.5	89.1	0.65
2. Brauð- og kökugerð	98.3	110.6	100.0	98.5	97.6	0.13
3. Kexgerð	94.6	94.3	100.0	98.5	104.1	2.48
4. Sælgætisgerð	104.4	98.3	100.0	115.0	112.8	2.25
5. Kaffibrennsla og matarefnagerð	106.3	91.9	100.0	83.0	107.8	2.05
6. Öl- og gosdrykkjagerð	118.8	117.0	100.0	103.4	117.4	0.23
7. Vefjariðnaður	94.1	85.6	100.0	115.1	108.3	4.25
8. Veiðarfæraiðnaður	165.4	106.8	100.0	152.3	173.2	6.05
9. Skóiðnaður	96.6	112.1	100.0	119.3	144.9	11.50
10. Fatagerð	106.5	92.3	100.0	116.2	123.8	4.43
11. Húsgagna- og innréttingasmíði	[1]	101.9	100.0	113.4	123.8	6.90
12. Pappírsvörugerð (umbúðaiðnaður)	93.2	101.3	100.0	105.2	89.7	÷ 0.53
13. Skinna- og leðuriðnaður	166.4	135.3	100.0	103.2	117.2	÷ 7.00
14. Kemískur undirst.iðn., máln. og lökk	85.8	98.7	100.0	98.1	94.1	2.58
15. Hreinlætisvörur		88.6	100.0	90.9	86.8	÷ 0.23
16. Sementsframleiðsla	98.3	95.4	100.0	81.9	69.0	÷ 8.00
17. Málmiðnaður 18. Smíði og viðgerðir rafmagnstækja	109.6	105.3	100.0	87.6	105.4	÷ 0.25
19. Plastiðnaður	80.2	97.5	100.0	102.2	90.2	3.69
20. Samtala iðnaðar (annars en fiskiðn.)	98.5	98.5	100.0	101.0	100.3	0.45

Heimildir: Sjá töflu 45 og töflu 48.

Framleiðni getur einkum aukizt með þrennum hætti:

1. *Til skamms tíma* getur framleiðni aukizt, ef framleiðsluaukningin er meiri en vinnuaflsaukningin.

1) Óvitað.
2) Frá fyrra ári 1964—1967.

2. Framleiðni getur einnig aukizt til *skamms tíma* með þeim hætti, að framleiðslumagn minnki, en vinnuaflsnotkun minnkar enn meir. Samkvæmt lögmálinu um minnkandi jaðarafköst vinnuaflsins, eykur hver nýr maður framleiðsluna minna, en sá næsti á undan. Þar af leiðir, að framleiðnin ætti að aukast, ef afkastamestu starfsmönnum er sagt síðast upp.
3. *Til langs tíma* er unnt að endurnýja vélakost, þjálfa starfsfólk eða jafnvel reisa nýja verksmiðju. Við þetta kunna framleiðsluaðferðir að gerbreytast. Það er tilhneiging til að styðjast æ meir við sjálfvirkni. Slíkt kostar fé, en sparar oft á tíðum vinnuafl. Þar sem hver einstakur starfsmaður öðlast þannig fleiri fjármagnseiningar til að starfa með, ef svo mætti að orði komast, má vænta þess, að afköst hans (á einhverja tímaeiningu) aukist. Það er einkum í þessu tilfelli, sem búast má við framleiðniaukningu með þeim hætti, að framleiðsla aukist, en vinnuaflsnotkun minnki.

Tölurnar í töflu 3 ná yfir tiltölulega skammt tímabil. Tæknibreytingar eru hins vegar orðnar svo örar, að þar ætti að vera unnt að greina, hvert stefnir. Óruggar *skýringar* á framleiðniþróuninni verða þó ekki fundnar, nema með nákvæmari rannsókn á fjárfestingarákvörðunum einstakra fyrirtækja í viðkomandi iðngreinum. Ekki hefur unnizt tími til að sinna slíkri rannsókn, svo að við skulum ræða töflu 3, eins og hún er.

Það er áberandi, hversu óregluleg framleiðniþróun er bæði frá einni iðngrein til annarrar og einum tíma til annars. Ber að hafa fastlega í huga við túlkun á þeim framleiðnitölum, sem hér koma fram, að þær ná eingöngu til *magn*breytinga en ekki til *gæða*breytinga á framleiðslu og mannafla.

Framleiðniþróun 1963—1967.

1. *Mjólkuriðnaður:* Framleiðni er einna mest, þegar framleiðsla er mest. Vísitala atvinnumagns hefur haldizt nokkuð óbreytt. Þetta bendir til þess, að umframafkastageta sé fyrir hendi.
2. *Brauð- og kökugerð:* Framleiðni er nokkuð stöðug, nema 1964. Framleiðsluaukningin og vinnnuaflsaukning virðast haldast í hendur.
3. *Kexgerð:* Framleiðnin er svo til óbreytt 1963—1964, en hefur verið hærri 1965—1967.
4. *Sælgætisgerð:* Framleiðslan á mann fer talsvert vaxandi (að meðaltali). Framleiðslan hefur aukizt hraðar en vinnuaflið.
5. *Kaffibrennsla og matarefnagerð:* Framleiðni sveiflast upp og niður frá einu ári til annars. Hún er nokkurn veginn hin sama 1967 og 1963.
6. *Öl- og gosdrykkjagerð:* Einnig hér eru sveiflur, fyrst niður á við 1963—1965, en síðan upp á við svo til jafnmikið.
7. *Vefjariðnaður:* Hér er um athyglisverða framleiðniþróun að ræða. Meðalaukningin er 4.25% á ári. Framleiðslan eykst og atvinnumagnið minnkar fram til 1966. 1967 kemur afturkippur.
8. *Veiðarfæraiðnaður:* Hér eru breytingar framleiðnivísitölunnar mestar frá einu ári til annars. Hún lækkar úr 165.4 árið 1963 í 100 árið 1965, en hækkar síðan í 152.3 árið 1966 og 173.2 árið 1967. Meðalaukningin er rúmlega 6% á ári. Þessi þróun sýnir síður en svo fylgni við aflabrögð frá einu ári til annars. (Er ekki fjarri lagi, að framleiðslumagnið sé mikið árið eftir fiskiár). Þær sveifur, sem hér um ræðir, má rekja til þess, að árið 1964 verður gerbylting í veiðarfæragerð. Var þá farið að framleiða úr gerviefnum. Jókst þá innflutningur gífurlega, en með endurnýjun Hampiðjunnar 1966, samfara aukinni sjálfvirkni, verður innlend framleiðsla aftur samkeppnishæf.
9. *Skógerð:* Framleiðni eykst, en það er m. a. vegna minnkandi framleiðslu og minni mannaflanotkunar (sbr. kenninguna um minnkandi jaðarafköst, sem áður er minnzt á).

10. Fatagerð: Magnvísitala er nokkuð stöðug 1964—1967. Vinnuaflsnotkun hefur hins vegar minnkað ár frá ári. Þetta hefur hins vegar leitt til mjög hagstæðrar framleiðniþróunar, eða um 4.43% að meðaltali á ári.

11. Húsgagna- og innréttingasmíði: Hér eykst framleiðni 1964—1967 um að meðaltali 6.9% á ári. Þessi tala er fengin eftir krókaleiðum. Ef hún er rétt átti samtala iðnaðar (3.6%) að hækka nokkuð. Ef talan er rétt, er um mjög athyglisverða þróun að ræða.

12. Pappírsvörugerð: Framleiðni eykst nokkuð til 1966, en minnkar verulega 1967, sem bendir til þess, að afkastageta hafi þá verið illa nýtt.

13. Skinna- og leðuriðnaður: Framleiðniþróun fremur óhagstæð. Hún fer að vísu vaxandi 1966 og 1967, en vex ekki nógu hratt til að halda í horfinu.

14.—15. Kemiskur undirstöðuiðnaður, málning og lökk, og hreinlætisvörur: Í þessum iðngreinum sveiflast framleiðnin upp og síðan niður. Hámark er 1965.

16. Sementsframleiðsla: Hagstæð framleiðniþróun fram til 1965, en þá snýst þróunin við samkvæmt þeim tölum, sem fyrir liggja. En skýring á þessum umskiptum kann að vera sú, að mannafli við sementsframleiðsluna sjálfa hafi verið látinn vinna byggingavinnu í þágu verksmiðjunnar, þegar framleiðslan dróst saman. Auk þess hefur flutninga- og viðgerðastarfsemi aukizt á þessum tíma vegna breyttra starfshátta. Á árinu 1966 hófst einnig verzlun með innflutt gjall, sem selt var sem fullunnið sement til Búrfellsframkvæmda. Er þetta einnig skýring á aukningu slysatryggðra vinnuvikna í sementsframleiðslu.

17.—18. Málmiðnaður og smíði og viðgerðir rafmagnstækja: Framleiðnin er mest 1963, lækkar 1964—1966, en hækkar aftur upp í 1964-töluna 1967.

19. Plastiðnaður: Framleiðni fer vaxandi fram til 1966, minnkar 1967. Meðalaukning á ári er talsverð, eða 3.69%.

20. Samtala iðnaðar (annars en fiskiðnaðar) sýnir, að framleiðnin hefur svo til staðið í stað 1963—1965, þó stígur hún heldur upp á við. Er þetta þeim mun merkilegra sem þróunin í einstökum greinum er í flestum tilfellum óreglubundin: iðngreinarnar virðast bæta hver aðra upp, hvað framleiðni snertir.

Eins og áður er getið, eru framleiðnitölur fyrir árin 1960—1962 ekki sérlega áreiðanlegar, en áætlað er, að framleiðni hafi aukizt um 4.9% 1960—1962 og um 1.8% 1963—1967.

5.5 Vergt vinnsluvirði á mannár í iðnaði 1964—1968.

Tafla 4. Vergt vinnsluvirði á mannár í iðnaði 1964—1968, tekjuvirði á verðlagi hvers árs. Áætlaðar tölur skv. úrtaki. Þúsundir króna.

	1964	1965	1966	1967	1968	Meðalaukn. í %
1. Iðnaður alls (annar en fiskiðnaður) ..	168	194	232	245	268	
Breyt. frá fyrra ári í %		15.5	19.6	5.6	9.4	12.5
2. Tollverndaður iðnaður	152	169	202	223	264	
Breyt. frá fyrra ári í %		11.2	19.5	10.4	18.4	14.9
3. Lítt eða ekki tollverndaðar iðngreinar	189	218	263	264	279	
Breyt. frá fyrra ári í %		15.3	20.6	0.4	5.7	10.5

Heimild: Sjá töflur 38—40.

Tölur um vergt vinnsluvirði gefa hugmynd um verðmætasköpun eða framlag til vergra þjóðartekna. Ég hef kosið að nota *vergt* vinnsluvirði sem samanburðargrundvöll fremur en hreint vinnsluvirði.


Vergt vinnsluvirði er skilgreint sem framleiðslutekjur skv. markaðsvirði, að frádregnum óbeinum sköttum (plús framleiðslustyrkjum), aðföngum frá öðrum fyrirtækjum og innflutningi og viðhaldi (sbr. töflu 38—43). Hreint vinnsluvirði fæst með því að draga *afskriftir* (slit og úreldingu fjármuna) og leigur frá vergu vinnsluvirði.

Afskriftir eru stærð, sem bæði fer eftir aldri fjárfestingar og fyrirtækin geta ráðið henni nokkuð innan þeirra marka, sem lög gera ráð fyrir. Þær gætu því brenglað samanburðinn. Hins vegar eru afskriftir og vaxtagreiðslur tiltölulega meiri í fjárfrekum iðnaði, þannig að vergt vinnsluvirði ætti að vera þar tiltölulega hátt, að öðru jöfnu.

Nú getur vergt vinnsluvirði aukizt, annaðhvort með því að auka framleiðslutekjur eða minnka aðfangakostnað, eða hvort tveggja (ef gert er ráð fyrir, að óbeinir skattar og framleiðslustyrkir séu óbreyttir). Í þeim tilfellum, sem vinnsluvirði eykst með því að auka framleiðsluna meira en aðföngin, miðað við óbreytt verðlag, ætti vinnsluvirðisþróunin að sýna fylgni við framleiðniþróunina. Þar sem hins vegar bæði verð afurða og aðfanga kann að breytast, hefur það áhrif á vinnsluvirðið. Þar sem verðvísitala aðfanga er ekki fyrir hendi, hefur ekki reynzt kleift að reikna út vergt vinnsluvirði á föstu verðlagi, þótt það hefði verið æskilegt.

Með tilliti til ráðleggingа í sambandi við, hvaða iðngreinar beri helzt að styðja við bakið á, ef svo ber undir, er erfitt að finna betri mælikvarða en ágóða, framleiðni og/eða vinnsluvirði (verðmætasköpun). Ástæðurnar til þess að miða ekki við ágóðan einan eru einkum:

a) Unnt er t. d. að sýna fram á dálaglegan ágóða í skjóli einokunar, fákeppni (oligopoly), tollverndar eða innflutningsverndar.
b) Ef tvö fyrirtæki eru borin saman; annað leggur áherzlu á að framleiða sem mest og notar aðföng ósparlega; hitt framleiðir minna en nýtir betur aðföng, getur ágóði þeirra verið hinn sami. (Hér er gert ráð fyrir óbreyttu verði á afurðum og aðföngum).



Línurit 5
Vergt vinnsluvirði á mannár í iðnaði 1964-1968

Það kemur fram í töflu 4 og línuriti 5, að vergt vinnsluvirði á mannár er talsvert hærra í *lítt eða ekki tollverndaðum iðngreinum* en *tollverndaðum iðnaði*, en mismunurinn fer minnkandi. Það er auðvitað ekki útilokað, að við séum betur fallnir til að stunda þær iðngreinar, sem eru lítt eða ekki tollverndaðar, en ég á bágt með að sjá það. Og enda þótt svo væri hafa óvernduðu iðngreinarnar orðið að standa í meiri samkeppni um vöruverð en hinar vernduðu, og ósennilegt er, að fyrirtækin í óvernduðu greinunum hafi notið sérstakra ívilnana um hráefniskaup. (Það kann hins vegar að vera, að þau séu skynsamlegar rekin með tilliti til birgðahalds og hráefnisinnkaupa). Ekki má heldur útiloka áhrif verðlagsákvæða.

Ætla mætti, að launagreiðslur á mann væru svipaðar í vernduðum og óvernduðum greinum. Það á hins vegar eftir að koma í ljós í þessari skýrslu, að svo er ekki. Laun á mannár voru mun hærri í lítt eða ekki tollverndaðum iðngreinum 1964—1967. Gerir þetta — og sitthvað fleira — frammistöðu í þessum iðngreinum mjög athyglisverða.

Tafla 5. Vergt vinnsluvirði á mannár í iðnaði (öðrum en fiskiðnaði) 1964—1968 á verðlagi hvers árs, tekjuvirði. Áætlaðar tölur skv. úrtaki. Þúsundir króna.

	1964	1965	1966	1967	1968
Mjólkuriðnaður	269	300	363	354	387
Kexgerð	94	147	140	156	169
Sælgætisgerð	149	163	201	232	221
Öl- og gosdrykkjagerð	220	216	245	252	285
Ullarþvottur, spuni og vefnaður	166	121	180	238	178
Veiðarfæraiðnaður	163	181	233	240	256
Skógerð	161	151	161	217	209
Fatagerð	112	138	162	183	199
Húsgagnaframleiðsla	161	182	227	239	242
Innréttingasmíði	159	211	241	241	252
Pappírsvörugerð	220	237	291	295	312
Sútun og verkun skinna	162	121	177	165	434
Leðurgerð	123	139	160	194	209
Kemiskur undirstöðuiðnaður	316	309	326	379	399
Málning og lökk	208	238	266	309	390
Annar kemiskur iðnaður (m. a. hreinlætisvörur)	236	222	262	312	397
Sement	589	581	520	434	544
Málmsmíði	148	189	229	233	265
Smíði og viðgerðir rafmagnstækja	147	182	186	209	248
Iðnaður alls (annar en fiskiðnaður)	168	194	232	245	278

Heimild: Unnið úr tölum frá Efnahagsstofnuninni.

Ef við lítum á vergt vinnsluvirði á mannár í einstökum iðngreinum í töflu 5, sjáum við, að innbyrðis hlutföll iðngreina milli ára hafa haldizt til óbreytt 1964—1967.

1. *Iðngreinar með vinnsluvirði undir 200 þús. kr. 1964—1967.*[1]) Þær iðngreinar, sem sýna lægst vinnsluvirði á mann 1964—1967 og það undir 200 þús. kr. á ári, eru *kexgerð, sútun og verkun skinna, fatagerð* og *leðurgerð*, en allt eru þetta verndaðar greinar.

1) Þeim, sem áhuga hafa á samanburði við árið 1960, er vísað til Fjármálatíðinda nr. 1 1964, bls. 26.

2. *Iðngreinar með vinnsluvirði milli 200 og 300 þús. kr. 1967.* Telja verður *skógerð* og *smíði og viðgerðir rafmagnstækja* á mörkunum, þar eð 1967 er fyrsta árið, sem vergt vinnsluvirði á mannár er yfir 200 þúsund krónum í þessum greinum.
   Húsgagnasmíði og *innréttingagerð* ná markinu 1965 og hafa verið nær 250 þús. kr. síðan.
   Sælgætisgerð kemst naumlega í þennan flokk 1966, en veiðarfæragerð vel, og *öl- og gosdrykkjagerð* og *pappírsvörugerð* hafa verið yfir 200 þús. kr. markinu 1964—1967. *Málmsmíði* fór vel yfir 200 þús. kr. vinnsluvirði 1966 og æ síðan.
3. *Iðngreinar með vinnsluvirði yfir 300 þús. kr. 1967.* Í þessum flokki eru mjólkuriðnaður, svo og efnaiðngreinarnar *kemiskur undirstöðuiðnaður, sementsframleiðsla* og árið 1967 bætast *málning og lökk og hreinlætisvörur* í hópinn. Áburðarverksmiðjan tilheyrir flokknum „kemiskur undirstöðuiðnaður". Bæði áburðar- og sementsframleiðsla er fjárfrek, svo að eðlilegt er, að þær greinar séu í þessum flokki, þar eð ekki er tekið tillit til afskrifta og vaxta í vergu vinnsluvirði. Um fjármagnsnotkun og fjármögnun fyrirtækja er rætt síðar í þessum kafla.
4. Ef við lítum á *árið 1968,* eykst vergt vinnsluvirði á mannár í öllum þeim greinum, sem hér eru taldar, nema í *sælgætisgerð* og *skógerð.* Aukningin er áberandi mest í einni iðngrein: *sútun og verkun skinna.* Vinnsluvirðið hækkar úr 165 þús. kr., árið 1967, í 434 þús. kr. árið 1968, eða um 163%. Hljóta hér bæði gerbreyttar framleiðsluaðferðir, sem byggjast á verðmætari framleiðslu, áhrif gengisfellingarinnar og e. t. v. hækkun á heimsmarkaðsverði að koma til greina. Í kemískum undirstöðuiðnaði má einnig rekja ábatann að nokkru til gengisbreytingarinnar, en einnig til verðmætasköpunar Kísiliðjunnar, sem tók til starfa á árinu.

5.6 Launagreiðslur á mannár í iðnaði 1964—1968.

Tafla 6. Launagreiðslur[1]) á mannár[2]) í iðnaði (öðrum en fiskiðnaði) 1964—1968.
Áætlaðar tölur skv. úrtaki. Þúsundir króna.

	1964	1965	1966	1967	1968
1. Iðnaður alls	123	147	182	192	177
Breyting frá fyrra ári í %		19.5	23.8	5.5	÷7.8
Breyting á meðalbrúttótekjum frá fyrra ári í % skv. framt. einstakl.		20.3	22.7	2.0	
2. Tollverndaður iðnaður	111	130	156	162	183
Breyting frá fyrra ári í %		17.1	20.0	3.8	13.0
3. Lítt eða ekki tollverndaður iðnaður	132	158	196	201	201
Breyting frá fyrra ári í %		19.7	24.1	2.6	0.0
4. Munur á 3 og 2 í %	18.9	21.5	25.6	24.1	9.8

Heimildir: Sjá töflu 38—40, nema um breytingu á meðalbrúttótekjum, sjá Hagtíðindi, nr. 2, 1967, nr. 2, 1968 og nr. 4, 1969.

1) Hér er um að ræða liðinn „laun og tengd gjöld".
2) Mannár eru reiknuð sem 52 slysatryggðar vinnuvikur. Um nánari skilgreiningu sjá Hagtíðindi, nr. 6, 1965, bls. 121—123.

Það kemur nokkuð á óvart, að jafnmikill munur skuli vera á launum í *tollvernduðum iðnaði* og *lítt eða ekki tollvernduðum* og hér kemur fram á árunum 1964—1967. Eins og sjá má í töflu 6, voru launin á mannár 18.9% hærri í lítt eða ekki tollvernduðum iðnaði árið 1964 og mismunurinn jókst 1965 og 1966, minnkaði nokkuð 1967, en minnkar verulega 1968. Er ekki úr vegi að íhuga þetta mál nánar. Viðvíkjandi heimildum og flokkun iðngreina er rétt að athuga,

a) hvort upplýsingasöfnun kunni að vera þannig, að hún kunni að valda þessum mismun að einhverju leyti, og
b) hvort flokkun iðngreina sé þannig úr garði gerð, að útilokun einstakra greina dragi úr launamismun þeim sem fram kemur.

Viðvíkjandi a) er það að segja, að tilhneiging er til að taka stærstu fyrirtækin í hverri iðngrein í úrtakið, sem byggt er á. Gera má ráð fyrir, að „stóru" fyrirtækin séu flest rekin í hlutafélagsformi, en þau „litlu" kunna að vera að einhverju leyti í öðru félagsformi. Kann þetta að valda einhverri hneigð (kerfisbundinni skekkju) í niðurstöðum.

Varðandi flokkun iðngreina, eru m. a. *mjólkuriðnaður* og *„prentiðngreinar"* taldar til lítt eða ekki tollverndaðs iðnaðar. Eru laun í þessum iðngreinum mun hærri en meðallaun í öllum iðnaði (öðrum en fiskiðnaði) skv. úrtakinu.

Mjólkuriðnaðurinn nýtur bæði innflutningsbanns og fjarlægðarverndar. Auk þess mundu næstum engar mjólkurafurðir teljast EFTA-vörur. „Prentiðngreinarnar" njóta hins vegar málverndar að nokkru leyti.

Sá launamismunur, er fram kemur, verður þó ekki allur skýrður með því, að úrtaksaðferð og flokkun valdi kerfisbundinni skekkju í þá átt að auka hann. Munurinn er þeim mun athyglisverðari sem hann eykst 1964—1966, og halda mætti í fljótu bragði, að unnt væri að greiða tiltölulega há laun í skjóli tollverndar.

Sennilega kemur hér margt til greina, en e. t. v. er hægt að rekja launamismuninn 1964—1967 til einhvers eftirtalinna atriða, eða samblands af þeim:

1. Að lítt eða ekki tollverndaður iðnaður hafi notað tiltölulega meira af sérmenntuðu fólki.
2. Að meiri eftir-, nætur- og helgidagavinna hafi verið í þessum iðngreinum.
3. Að tiltölulega stór hluti starfsliðs í tollvernduðum greinum er kvenfólk, en jafnrétti kauptaxta karla og kvenna varð algert 1. jan. 1967, eftir fjögurra ára útjöfnunartímabil.

Laun á mannár eru tiltölulega há í *mjólkuriðnaði 1964—1968* og í *pappírsvörugerð* 1965—1967. Gæti þetta bent til þess, að um sérmenntað fólk væri að ræða að einhverju leyti, en ekki hefur gefizt ráðrúm til að kanna þetta atriði til hlítar.

Sú staðreynd, að mismunurinn minnkar verulega 1968, bendir til þess, að um samband af 2. og 3. sé að ræða. Skortur var á karlmönnum á vinnumarkaðnum 1965—1966 og fram á árið 1967, sem gæti hafa leitt til þess, að þeir hafi verið „yfirborgaðir" með eftir-, nætur- og helgidagavinnu.

Nokkur mismunur er eftir sem áður fyrir hendi, eða 9.8% árið 1968.

5.7 Neyzla, hlutdeild íslenzkra framleiðenda í markaðnum og skipting markaðsins á milli íslenzkra fyrirtækja innbyrðis[1]).

Tafla 50 sýnir, að *útgjöld neytenda alls* eru hlutfallslega mest 1960 og 1966, og mynda „boga" niður á við yfir tímabilið 1960—1966. Neyzlumynstrið virðist allstöðugt. Þó má merkja nokkra minnkun nauðsynjavarnings og hækkun á út-

1) Við samningu þessa undirkafla og athuganir í sambandi við hann, hefur höfundur notið aðstoðar Vals Valssonar, stud. oecon.

gjöldum vegna varanlegra búsmuna og samgangna, einkum síðustu ár tímabilsins. Er þetta í samræmi við svokallað „Engelslögmál“, sem gerir ráð fyrir, að útgjöld vegna óbreyttra neyzluvörutegunda, sem oft á tíðum er nauðsynjavarningur, minnki hlutfallslega með auknum tekjum, og öfugt, að eftirspurn eftir „æðri“ fæðutegundum og varanlegri munum aukist tiltölulega meir en tekjurnar. En gera verður ráð fyrir tekjuaukningu hjá öllum almenningi á þessu tímabili.

Sjö ár eru ekki sérlega langur tími: að öðru jöfnu væri kannski ekki að vænta verulegra breytinga á útgjaldaliðum neytenda á svo skömmum tíma. En miðað við hina miklu aukningu þjóðartekna 1965 og 1966 og hið aukna innflutningsfrelsi, sem komið hefur verið á síðan 1960, er merkilegt, hversu hlutfallstala einstakra útgjaldaliða hefur haldizt stöðug síðan 1960.


Það er ætlun mín að gera spá um neyzluna á næstu árum. Með því að áætla neyzluna má fá hugmynd um stærð þess markaðar, sem innlendir og erlendir framleiðendur verða að keppa um (hér á landi). Þar sem ekki eru til tölulegar upplýsingar um útgjöld neytenda í einstökum liðum fyrir 1967 og 1968, virðist hæpið að gera slíka spá. Bæði hafa gengisfellingarnar 1967 og 1968 haft gífurleg áhrif á neyzluna og skiptingu markaðarins milli innlendrar og erlendrar framleiðslu, að minnsta kosti í sumum tilvikum. Auk þess er engin rannsókn til, svo að ég viti, um það, hverju neyzluvenjur Íslendinga eru aðallega háðar, um „verðteygni“ og „tekjuteygni“ einstakra vörutegunda o. s. frv.

Ef litið er á töflu 51, sem sýnir hlutfall einstakra útgjalda neytenda og heildarneyzlu þeirra árin 1965 og 1966, kemur í ljós, að við verjum hlutfallslega um helmingi meiru til *húsnæðis* en hinar Norðurlandaþjóðirnar (að meðaltali). Hlýtur þetta að koma niður á öðrum hlutfallstölum töflunnar fyrir Ísland: við eyðum tiltölulega minnstu í *drykkjarvörur, tóbak, skemmtanir* og *aðra þjónustu*. Aðeins Danir verja minna í *mat*, aðeins Finnar eyða minna í *varanlega búsmuni* og aðeins útgjöld Norðmanna eru minni vegna *samgangna*, að hlutfallstölu til. Hins vegar eyða aðeins Norðmenn meiru í *fatnað og einkamuni* en við: Þessi útgjaldaliður virðist fara að nokkru eftir veðurfari — eða kannski réttara sagt veðurfarsbreytingum — landanna. Athyglisvert er, að í Finnlandi og á Íslandi, þar sem húsnæðisútgjöldin[1]) eru tiltölulega hæst, eru útgjöld vegna varanlegra búsmuna (þ. e. húsgagna og heimilisáhalda) tiltölulega lægst. Þetta gæti bent til þess, að byggingarkostnaður sé tiltölulega hár í þessum löndum, því að varla býr fólk í tómum húsum. Það væri að fara of langt út fyrir efnið að leita skýringa á hinum ýmsu útgjaldaliðum. Það gefur auga leið, að breytingar á mikilvægum neyzluliðum, eins og húsnæði, geta haft veruleg áhrif á eftirspurn eftir framleiðslu einstakra fyrirtækja.

Rétt er að gera þá athugasemd strax, að í raun og veru segir tafla 7 ekki allan sannleikann um markaðsskiptinguna. Ef notaðar væru magneiningar sem viðmiðun í stað sölutekna, yrði hlutdeild íslenzks varnings í markaðnum minni, þar eð íslenzka framleiðslan hefur hækkað meira í verði en sú erlenda (sbr. síðar í þessum kafla). T. d. féll skóframleiðslan úr 87 000 pörum 1961 í 43 000 pör 1966. Sömu sögu er að segja af tilbúnum fatnaði, þótt minnkunin sé þar minni.

---

1) Húsnæðisliðurinn fyrir Ísland er ekki hinn sami fyrir Ísland í töflu 50 og töflu 51, þar eð hann hefur nýlega verið endurskoðaður af Efnahagsstofnuninni.



Línurit 6
Hlutdeild íslenzkrar framleiðslu
í markaðnum 1963–1966

Tafla 7. Skipting markaðarins milli innlendra og erlendra framleiðenda fyrir nokkrar vörutegundir, miðað við sölutekjur og verðlag hvers árs, 1963—1966.

Vörutegund	1963 (þús. kr.)	1964 (þús. kr.)	1965 (þús. kr.)	1966 (þús. kr.)
1. **Skófatnaður alls**	203 711	261 163	286 381	315 717
a) Innfluttir skór	170 739	231 993	263 628	279 387
b) Innlend framleiðsla	32 972	29 170	22 753	36 330
Hlutdeild ísl. framl. í %	16.2	11.2	7.9	11.5
2. **Tilbúinn fatnaður alls**	791 052	1 023 389	1 148 780	1 320 512
a) Innfluttur fatnaður	321 172	492 711	592 444	738 052
b) Innlend framleiðsla	469 880	530 678	556 336	582 460
Hlutdeild ísl. framl. í %	59.4	51.9	48.4	44.1
3. **Varanlegir búsmunir alls**	571 680	792 100	931 200	1 206 219
a) Innfluttar vörur	342 384	472 468	606 346	851 858
b) Innlend framleiðsla	229 296	319 632	324 854	354 361
Hlutdeild ísl. framl. í %	40.1	40.4	34.9	29.4

Heimild: Efnahagsstofnunin.

Það er greinilegt í töflu 7, að íslenzkir framleiðendur hafa ekki haldið hlutdeild sinni í markaðnum, jafnvel þótt miðað sé við sölutekjur og verðlag hvers árs, sbr. einnig línurit 6. Athyglisvert er þó, að sölutekjur hafa farið vaxandi öll árin á tilbúnum fatnaði og varanlegum búsmunum, þrátt fyrir minni markaðshlutdeild, sem sýnir öran vöxt markaðarins — jafnvel þótt tekið sé tillit til rýrnunar íslenzku krónunnar.

Ekki eru til tölur um þróunina 1967—1968, en ástæða er til að ætla, að mikil breyting hafi orðið á markaðshlutdeild íslenzkum fyrirtækjum í hag með nýrri skráningu gengisins, enda mun óhætt að fullyrða, að í sumum tilfellum hafi gengið verið það rangt fyrir gengisbreytingarnar 1967 og 1968, að tollverndin hafi ekki vegið upp á móti því.

Hvað skiptingu markaðarins milli innlendra fyrirtækja innbyrðis viðvíkur, er hentugt að athuga hana með því að reikna út svokölluð „þjöppunarhlutföll" (concentration ratios). Er þá athugað, hver sé stærð stærsta fyrirtækis í tiltekinni iðngrein í hundruðustuhlutum, miðað við alla iðngreinina í einhverju tilliti. Sem viðmiðun eða mælieiningu má nota t. d. framleiðslutekjur, framleiðslumagn eða fjölda starfsmanna. Sé aðeins eitt fyrirtæki starfandi í iðngreininni, verður þjöppunarhlutfallið 100%. En jafnframt því, sem hlutfallstala stærsta fyrirtækisins og allra fyrirtækja í iðngreininni er kannað, er oftast athugaður hundraðshluti tveggja stærstu, fjögurra stærstu fyrirtækjanna o. s. frv.

Þjöppunarhlutföllin ættu að gefa nokkra mynd af samkeppni fyrirtækjanna, a. m. k. innbyrðis. Í lokuðu eða hálflokuðu hagkerfi, þar sem innflutningur er enginn eða lítill sem enginn, í samanburði við innlenda framleiðslu á tiltekinni vöru, má gera ráð fyrir, að áhrif innflutnings á efnahagslífið séu óveruleg. Þjöppunarhlutföll ættu því að gefa góða mynd af markaðsaðstæðum í slíkum tilvikum. Að vísu taka þjöppunarhlutföll ekki tillit til hugsanlegra samtaka framleiðenda á markaðnum um verðmyndun, sölu, framleiðslutilhögun o. s. frv., en gera má ráð fyrir, að líkurnar á öflugum samtökum framleiðenda séu minni, því minna sem þjöppunarhlutfallið er. Þar sem innflutningur er mikill í hlutfalli við þjóðarframleiðslu á Íslandi, segja þjöppunarhlutföllin ekki eins mikið og ella. Eigi að síður gefa þjöppunarhlutföll nokkrar upplýsingar um markaðinn, eins og hann er.

Tafla 8. Þjöppunarhlutföll í nokkrum völdum iðngreinum 1968, með tilliti til stærsta fyrirtækisins í hverri iðngrein og með framleiðslutekjur á tekjuvirði sem mælieiningu. Áætlað samkvæmt úrtaki.

Hlutdeild stærsta fyrirtækis í %	Iðngrein
91—100:	Framleiðsla úr olíu og kolum
	Sementsframleiðsla
76— 90:	Skógerð (önnur en gúmmískógerð)
61— 75:	Pappírsvörugerð
	Sútun
	Leirsmíði og postulínsiðnaður
	Kemískur undirstöðuiðnaður
46— 60:	Kexgerð
	Kaðla-, færa-, línu-, tauma-, neta og nótagerð (veiðarfæragerð)
31— 45:	Matvælaiðnaður
	Gosdrykkjagerð
	Prjónaverksmiðjur
	Málningar- og lakkgerð
16— 30:	Sælgætisgerð
	Ullarþvottur, spuni og vefnaður
	Framleiðsla á öðrum fullunnum vefnaðarvörum, ót. a.
	Leðuriðnaður
	Ýmisleg kemísk framleiðsla
	Skartgripagerð og góðmálmasmíði
	Burstagerð
	Plastiðnaður
1— 15:	Fatagerð
	Húsgagnagerð
	Innréttingasmíði
	Gúmmíiðnaður
	Raftækjasmíði og viðgerðir

Heimild: Úrtak Efnahagsstofnunar varðandi framleiðslutekjur samkvæmt skattframtölum fyrirtækja 1968. Skipting iðngreina er samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.

Samkvæmt töflu 8 er þjöppunarhlutfallið hæst í *framleiðslu úr olíu og kolum* og *sementsframleiðslu*. Þá er og mikil samþjöppun í *skógerð, pappírsvörugerð, sútun* og *kemískum undirstöðuiðnaði*, en þar munar mest um Áburðarverksmiðjuna. Minnst virðist samþjöppunin vera í m. a. *fatagerð, húsgagnagerð* og *innréttingasmíði*. Rétt er að gera nokkrar athugasemdir við tölur þær, sem notaðar voru, svo og flokkunina.

Í fyrsta lagi er nauðsynlegt, að öllum fyrirtækjum, sem framleiða margar vörutegundir eða hafa mörg framleiðslustig, sé nákvæmlega skipt niður í rekstrareindir, til þess að unnt sé að fá nákvæmar tölur yfir hina mismunandi iðnaðarframleiðslu. Á þessu vill verða nokkur misbrestur hjá fyrirtækjum, sérstaklega þeim minni. Þetta veldur því svo, að í sumum iðngreinum eru tölur yfir heildarframleiðslutekjur of lágar og þjöppunarhlutfallið of hátt. Í slíkum tilvikum eru það þó tölur yfir allra minnstu fyrirtækin, sem ekki eru nákvæmar, og veldur það því ekki alvarlegum skekkjum. Í annan stað er atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar þannig upp byggð, að í mörgum tilvikum er ekki gerður greinarmunur á

beinni framleiðslustarfsemi annars vegar og þjónustustarfsemi hins vegar. Þannig er undirgrein nr. 233 bæði ætluð veiðarfæragerð og veiðarfæraviðgerðum auk annars, og grein 300 rúmar auk framleiðslu úr gúmmí, hjólbarðaviðgerðir. Fleiri slík dæmi mætti nefna. Þessi flokkun veldur því, að í sumum greinum er þjöppunarhlutfallið of lágt, ef einungis ætti að taka tillit til beinnar framleiðslustarfsemi. Rétt er því að leggja áherzlu á, að í sumum tilvikum sýnir taflan þjöppunarhlutföll iðngreina, sem eru skilgreindar á mjög breiðum grunni. Til frekari skýringa á einstökum iðngreinum vísast til áðurnefndrar atvinnuvegaflokkunar Hagstofunnar í Viðauka I.

Vegna þess, að flokkunin í úrtaki því, sem stuðzt er við, er ekki nægilega tæmandi, hefur aðeins hlutdeild stærsta fyrirtækis verið reiknuð út í töflu 8, en ekki fjögurra stærstu, átta stærstu, o. s. frv., eins og æskilegt hefði verið.

Þær tölur um þjöppunarhlutföll, sem mér er kunnugt um frá öðrum löndum, eru frá löndum á hærra iðnþróunarstigi en Ísland. Þess vegna má gera ráð fyrir, að um litla fylgni sé að ræða milli íslenzkra hlutfalla og hinna erlendu. Enda er greinilegt, að samþjöppun er mest í allt öðrum greinum hér á landi en í Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandi, Vestur-Þýzkalandi og Svíþjóð. Hins vegar er það allmerkilegt, að í þessum ríkjum er mikil fylgni milli þjöppunarhlutfalla eftir atvinnugreinum. Það bendir til þess, að það sé ekki tilviljun háð, hversu mörg fyrirtæki þrífast í hverri iðngrein, heldur komi þar til greina hagkvæmni á framleiðslu í stórum stíl, ódeilanleiki eininga eða annað[1]).

5.8 Samanburður á verðlagsþróun íslenzkrar og erlendrar neyzluvöru.

Vert er í upphafi að geta, hverjir séu helztir ákvörðunarliðir verðlagsþróunarinnar, eins og hún hefur verið hér á landi síðustu árin, en þeir eru erlend samkeppni, verðlagseftirlit, þáttur erlendra aðfanga á kostnaðarverði, tollvernd, gengisskráning, þáttur innlendra kaupgreiðslna á kostnaðarverði, fjöldi innlendra fyrirtækja á markaðnum, fjöldi framleiðslutegunda, sem einstök fyrirtæki framleiða, sérstaklega með tilliti til verðlagseftirlits, o. fl. Áhrif þessara liða eru eðlilega mjög misjöfn að mikilvægi og stöðugleika. Áhrif flestra þessara liða eru næsta augljós og þarfnast ekki frekari útskýringa, þótt vandkvæðum sé bundið að mæla þau.

Tafla 9. Verðvísitala nokkurra neyzluvörutegunda 1960—1966.


	Íslenzk framleiðsla		Innfluttar vörur	
	1960	1966	1960	1966
1. Skófatnaður alls	100	148	100	121
Kvenskór	100	150	100	117
2. Tilbúinn fatnaður alls	100	185	100	110
Karlmannaföt	100	187	100	117
Kvenkjólar o. þ. h.	100	168	100	106
Karlmannaskyrtur	100	178	100	116
Nylonsokkar kvenna	100	73	100	73
Náttfatnaður kvenna	100	141	100	124
3. Varanlegir búsmunir	100	185	100	125
Teppi	100	190	100	190
Þvottavélar o. fl.	100	163	100	111
Húsgögn	100	184	100	125

Heimild: Efnahagsstofnunin.

1) Varðandi þessi mál vísast til Richard Caves: *American Industry: Structure, Conduct, Performance*, og Alf Carling: *Industriens struktur och konkurrensförhållanden*. Stockholm 1968.

Helzt eru það áhrif verðlagseftirlits, sem ekki eru einhlít, svo sem kemur fram í 10. kafla, þar sem athuguð eru áhrif verðlagsákvæða á afkomu einstakra iðngreina.

Tafla 9 og einnig tafla 52 (í Viðauka III) sýna verðlagsþróun nokkurra vörutegunda síðustu árin, sem bæði fluttust til landsins og voru framleiddar innanlands, á tímabilinu 1960—1966.



Línurit 7
Verðvísitala nokkurra neyzluvörutegunda

Verðlagsþróun nokkurra neyzluvörutegunda er einnig sýnd í línuriti 7.

Undantekningalitið virðist íslenzka varan hafa hækkað mun meira á þessu tímabili en sú erlenda. Í tveimur tilvikum hafa verðbreytingarnar verið þær sömu, þ. e. teppum og nylonsokkum kvenna. Hins vegar hefur erlenda varan aldrei hækkað meira en sú innlenda miðað við þær vörutegundir, sem taflan greinir frá. Erlenda varan í töflu 9 hækkar í einungis einu tilviki um meira en 25%, en íslenzka varan hefur hækkað í öllum tilfellum utan einu um meira en 40%.

Erfitt er mjög að ákvarða, hvað mestu hefur ráðið um þróunina í einstökum greinum, en þó er vert að ræða það nokkuð. Í þeim greinum, þar sem erlend samkeppni hefur verið hvað minnst, hafa verðhækkanir verið hvað mestar. Sérstaklega á þetta við um greinar, þar sem staðarvernd er mikil. Greinilegast verður þetta, þar sem vinnuaflskostnaður er að auki hlutfallslega mikill, eins og í þjónustugreinunum. Áhrif verðlagseftirlits til að halda niður verðlagi í einstökum greinum, verða ekki greind, enda erfitt að einangra þau áhrif. Fróðlegt er að bera saman þróunina í 2 greinum, sem undir verðlagseftirliti eru og tölur eru fyrir hendi um, fatagerð og matargerð. Önnur greinin, fatagerð, býr við erlenda samkeppni, en hin, matvælagerð, við algera vernd. Því er það, að verðlagsþróun matvæla er miklu brattari en verðlagsþróun fatnaðar. Þar, sem verndin er minnst

og erlenda samkeppnin mest, hefur verðlag yfirleitt ekki hækkað eins ört og verið í meira samræmi við erlenda verðlagsþróun. Má í þessu tilviki benda á skóframleiðslu, nylonsokkaframleiðslu, og — en síður þó — framleiðslu teppa.

Verðlagsþróun í innlendum drykkjarvörum er heldur torræð, þar sem hún nær ekki að halda í við þróun verðlags erlendra drykkjarvara á íslenzkum markaði. Nokkuð er erfitt að bera þessar tvær stærðir saman, þar sem önnur á nær eingöngu við um erlent áfengi, en hin um innlenda gosdrykki ásamt áfengum drykkjum. Verðlagning gosdrykkja er undir verðlagseftirliti, en áfengir drykkir munu yfirleitt verðlagðir íslenzkri framleiðslu til framdráttar.

Tafla 53 í Viðauka III á að gefa nokkra mynd af verðþróun íslenzkra framleiðsluvara fyrir og eftir gengisbreytingarnar 1967 og 1968, skv. upplýsingum frá verðlagsstjóra. Á þeim vörutegundum, sem sýndar eru í töflunni, hefur verð hækkað um 22—90% á tímabilinu frá miðju ári 1966 eða síðar til loka árs 1968 eða miðs árs 1969. Ekki var unnt að finna nákvæmlega sama tímabil fyrir allar verðbreytingarnar úr skýrslunum frá verðlagsstjóra. Ætti það þó tæpast að koma að sök. Hækkanirnar eru mismiklar og munar þar eflaust mestu um hækkanir á erlendu hráefni. Að öðru jöfnu ætti sú vara, sem mest er framleidd úr erlendu hráefni, að hækka mest, sbr. kaffi.

Er ekki lagt í að túlka hækkanir þessar nánar hér, því að varhugavert er að gera slíkt, nema upplýsingar séu jafnframt fyrir hendi um álagningu á öðrum vörutegundum hlutaðeigandi fyrirtækis, svo og verðhækkanir á afurðum þess og þróun heimsmarkaðsverðs nokkuð aftur í tímann.

5.9 Upplýsingar unnar af fyrirspurnarblaði.

Eftirfarandi upplýsingar eru einkum unnar af fyrirspurnarblaði, sem sent var til fyrirtækja í úrtaki Efnahagsstofnunarinnar (sbr. Viðauka I) í júlí 1969. Fyrirspurnarblaðið og svarprósenta er birt í Viðauka II.

1. Greiðsluskilmálar.

Þeir greiðsluskilmálar, sem íslenzk iðnfyrirtæki setja viðskiptamönnum sínum, eru yfirleitt 2—3 mánaða víxlar (kexgerð, sælgætisgerð, matvælaiðnaður, ullarþvottur, spuni og vefnaður, prjónastofur og prjónlesverksmiðjur, fatagerð, plast- og umbúðagerð). Í málningar og lakkgerð, annarri kemískri framleiðslu, smíði og viðgerð rafmagnstækja, heyrir það til undantekninga, að viðskiptamönnum séu veitt lán til lengri tíma en tveggja mánaða. Lánsform er hér, eins og fyrr, víxlar. Helmingur greiðslna í öðrum steinefnaiðnaði er staðgreiðslur, en hinn helmingurinn er gegn þriggja mánaða víxli. Sementskostnaður mun vera um helmingur alls kostnaðar í greininni, og má segja, að lánveitingar samsvari honum. Lán til lengri tíma en þriggja mánaða (3 mán.—3 ár) eru einkum veitt í gólfteppagerð, húsgagnagerð og málmsmíði, enda má segja, að um fjárfestingarvörur sé að ræða.

2. Tollur á afurðum og hráefnum og hlutdeild erlendra aðfanga í heildaraðföngum 1968.

Meðaltollur þeirra erlendra afurða, sem keppa við verndaðan iðnvarning á Íslandi, er mjög misjöfn eða 10% á kaffi til 100% á sælgæti, því litla, sem leyft er að flytja inn. Nokkuð hafa tollar verið lækkaðir hin allra síðustu ár.

Veginn meðaltollur hráefna og umbúða í hverri iðngrein, er unninn úr svörum þeim, sem bárust á fyrirspurnarblöðum EFTA-rannsóknar iðnaðarmálaráðuneytisins. Í þessu tilviki er byggt á raunverulegum tollgreiðslum iðnfyrirtækja. ***Endurspeglar því sú tilhögun núverandi innkaupavenjur, hvað innlend og erlend innkaup snertir.*** Sagan er þó ekki þar með öll sögð, því að nokkuð er um innlenda

Tafla 10. Tölur varðandi tollvernd nokkurra íslenzkra iðngreina 1968.

Iðngrein	Meðaltollur afurða	Veginn meðal-tollur hráefna og umbúða	Hlutdeild erl. hráefna og umbúða
Kex	80	5	66
Sælgæti	100	34	50
Matvælaiðnaður:			
a) Smjörlíki	70	23	80
b) Kaffi	10	0	100
Gosdrykkir	100	28	100
Prjónastofur	65	12	25
Skór	65	20	1)
Fatnaður	65	32	52
Húsgögn	90	37	80
Málning og lökk	60	28	63
Sápa	80	32	70
Smíði og viðgerðir rafmagnstækja	40	19	99
Plastiðnaður	38	35	60
Burstagerð	70	35	1)

Heimildir: Tollskráin og Fyrirspurnarblað.

framleiðslu, sem keppir við erlend hráefni. Eðlilega mótast verð slíkrar framleiðslu innlendrar vöru af cif.-verði hinnar erlendu vöru, að viðbættum tollgreiðslum hverju sinni. Því mætti segja, að verð innlenda framleiðandans, umfram hið erlenda cif.-verð, feli í sér toll, sem renni að vísu ekki til ríkisins, heldur til innlenda framleiðandans. Hins vegar er allsendis ómögulegt að gera slíkum „tollum" skil vegna skorts upplýsinga. Vert er þó að benda á, að verndaðir framleiðendur innlendra hráefna yrðu að fylgja í verðlagi hvers kyns tollalækkunum, sem drægi úr tollvernd þeirra, ef þeir vilja ekki eiga á hættu að verða af viðskiptum. Veginn meðaltollur er allsmisjafn í einstökum greinum eða 0% á kaffi og allt að 37% í húsgagnaframleiðslu.

Hlutdeild erlendra hráefna og umbúða í heildaraðföngum verndaðra iðngreina er sömuleiðis unnin úr svörum við fyrirspurnum í EFTA-rannsókn iðnaðarmálaráðuneytisins. Sama er að segja um útkomutölur hér og hér að ofan, að þær endurspegla innkaupavenjur, eins og þær eru 1969. Verndaðar iðngreinar virðast mjög háðar erlendum framleiðendum um öll aðföng og í sumum tilfellum eru þau að öllu leyti útlend, t. d. í *smíði og viðgerðum rafmagnstækja, gosdrykkjaframleiðslu,* og *kaffibrennslu.* Minnst er hlutdeild erlendra hráefna og hvað það snertir sér í parti hjá prjónaiðnaði, en hann fær 25% hráefnis erlendis frá.

Þær þrjár stærðir, sem hafa að nokkru verið ræddar hér að framan, gefa að hluta til kynna þá tollvernd, sem einstakar iðngreinar njóta. Ekki er þó mögulegt að byggja mat sitt á þeim eingöngu við mat tollverndar. Nauðsynlegt er t. d. að miða við kostnaðarverð vöru, en það er óþekkt og ófáanlegt. Taka verður og tillit til vélanotkunar. Í því tilviki er nauðsynlegt að vita fjármunamagn, svo og slit þess og úreldingu. Ógerningur er hins vegar að afla sér upplýsinga um allt þetta. Sumir, t. d. Arne Haar, hafa freistazt til að reikna út tollvernd, en með mjög vafasömum árangri.

1) Óvitað.

Tollabreytingar hafa eðlilega áhrif á tollverndina. Skiptir þar bæði tímasetning og háttur breytinganna miklu máli. Tímasetning er mikilvæg, þar sem öll framleiðsla tekur tíma. Setjum svo, að tilkynnt sé, að eftir viku verði allir tollar lækkaðir um t. d. 40%. Innan örskamms tíma eru erlendar fullunnar vörur komnar á markaðinn á ódýrara verði, sérstaklega þó þegar um veltivörur er að ræða. Sé gert ráð fyrir, að öflun hráefnanna taki jafn langan tíma og fullunnu varanna, þá yrðu innlendir framleiðendur því lengur að ná á markaðinn með hinar „ódýru" vörur sínar, þeim mun lengri tíma, sem framleiðslan tæki. Slíkur tímamunur getur numið vikum og jafnvel mánuðum. Tímasetning tollalækkana, séu þær verulegar, getur verið jafnvel enn mikilvægari, ef hún hefur áhrif á kaup véla til framleiðslu. Í tilvikum eins og þeim, sem hér hefur verið greint frá, getur orðið mikil röskun tollverndar í nokkurn tíma og e. t. v. með allt öðrum hætti en til var ætlazt í upphafi.

Tollbreyting getur og haft mismunandi áhrif á tollvernd, eftir því með hverjum hætti breytingin er framkvæmd. Fyrst og fremst verða áhrif á tollvernd greind eftir því, hvernig háttað er breytingum annars vegar á fullunnum afurðum og hins vegar á hráefnum. Augljóst er t. d., að séu allir tollar lækkaðir jafn mikið, þá verður tollvernd minni, ef afurðatollar eru upprunalega hærri en hráefnatollar, svo sem nú er hér á landi. Í öðru lagi gætir áhrifa tollabreytinga á tollvernd, þegar breytt er vélatollum og tollum á öðrum fjárfestingarvörum. Í þriðja lagi breytist tollvernd við áhrif tollbreytinga á innlent verðlag.

3. Birgðahald.

Ætlunin var í upphafi að fá sem gleggsta mynd af birgðahaldi íslenzkra iðnfyrirtækja og þó sérstaklega meðalbirgðum. Athugun þessi var fyrst og fremst miðuð við, að, ef yrði úr inngöngu í EFTA, þá væri mögulegt að ákvarða tilkynningarfrest með tilliti til endingartíma meðalbirgða. Handhægt hefði verið að reikna slíkan tilkynningarfrest með því að deila ársframleiðslu í meðalbirgðirnar. Einnig mundu upplýsingar um meðalbirgðir verða mjög til hagræðis, ef tollendurgreiðslum yrði beitt við EFTA-inngöngu. Vegna slæmrar heimtu og ónothæfra svara var horfið frá þessu ráði. Liggur því næst við að afla birgðatalna úr skattframtölum, ef áætla skal tilkynningarfrest eða tollendurgreiðslur. Sá galli er þó á framtöldum birgðum, að nokkuð munu þær vantaldar. Framtaldar birgðir eru einnig yfirleitt áramótabirgðir, en þá munu birgðir yfirleitt í lágmarki. Augljóst er því, að mjög takmarkað gagn er af framtöldum birgðum til áætlunar meðalbirgða.

4. Starfsmannahald.

Samkvæmt töflu 11 um starfandi fólk í vernduðum iðnaði (innréttingasmíði og leður- og skinnaiðnaður ekki meðtalinn) er það nú áætlað vera 3.564 manns eða um 4.8% alls starfandi fólks í landinu[1]). Fjölmennustu vernduðu iðngreinarnar eru *fatagerð* og *húsgagnagerð*, en við þær vinna 40% starfandi fólks í vernduðum iðnaði (20% í hvorri grein). *Ullarþvottur, spuni og vefnaður* er þriðja fjölmennasta greinin, en þar eru um 11% starfandi fólks í vernduðum iðngreinum.

Hluti starfsmanna, sem unnið hefur a. m. k. 5 ár hjá sama fyrirtækinu, gefur ýmislegt til kynna, svo sem stöðugleika atvinnu í viðkomandi grein, getu einstakra greina til að greiða „gott" kaup og í þriðja lagi aldur greinanna. Í töflu 11 má sjá, að í vernduðum iðngreinum er þessi hluti starfsmanna um það bil helmingur. Þetta gefur nokkra hugmynd um, hve rótfast starfsfólk er orðið í einstökum vernduðum greinum og um leið, hve miklu raski þetta fólk yrði fyrir, ef einhver þessara iðngreina legðist af að einhverju eða öllu leyti.

1) Arne Haar áætlar starfsfólk í tollvernduðum greinum um 4% alls vinnandi fólks í landinu 1962—1963, sbr. tollvernd íslenzks iðnaðar í *Úr þjóðarbúskapnum*, nr. 15 1965. Þessi tala er áætluð tæp 5% fyrir árið 1966 í *Skýrslu um Fríverzlunarsamtök Evrópu*, 1968.

Tafla 11. Tölur um starfsfólk og fjármagn á mannár í vernduðum iðngreinum[1]).

Iðngrein	Mannár í hverri grein 1968	Hluti starfsmanna, sem unnið hafa hjá sama fyrirt. a. m. k. 5 ár	Kvenstuðull[2])	Fjármagn á mannár í þús. kr.[3])
Kex	67	50%	75%	211
Sælgæti	257	49%	75%	400
Matvælaiðnaður:				
a) smjörlíki	139	60%		948
b) kaffi		72%		
Gosdrykkir	216	53%		582
Ullarþv., spuni og vefn.	402	40%	70%	596
Prjónastofur	215	35%	85%	442
Skógerð	69	[4])	50%	490
Fatnaður	709	41%	85%	245
Framl. á öðrum fullunnum vefnaðarvörum	36		85%	222
Húsgögn	695	60%		312
Málning og lökk	102	50%	40–50%	607
Hreinlætisvörur	116	50%	50%	610
Smíði og viðg. rafm.t.	334	80%		392
Burstagerð	26	[4])		636
Plastiðnaður	181	27%		502
Alls	3564			Meðalt. 457

Mjög er athyglisvert, að samkvæmt töflu 11, þá er áætlaður hluti kvenna, af vinnandi fólki í vernduðum iðngreinum (fyrir utan innréttingasmíði), um 65—70%. Þessi hái kvenstuðull bendir til þess, að verndaðar iðngreinar hafi yfirleitt ósérhæfðu starfsfólki á að skipa og eigi því hægt um vik að aðlaga slíkt fólk breyttum starfsskilyrðum.

Nokkuð er fjárbinding á mannár breytileg meðal verndaðra iðngreina eða lægst 211 þús. kr. í kexgerð, en langhæst í matvælaiðnaði 948 þús. kr. Mjög er athyglisvert að bera saman fjárbindingu á mannári í vernduðum og óvernduðum iðnaði[1]) en fjárbinding er 457 þús. kr. á mannári í þeirri fyrri, en 867 þús. kr. í þeirri seinni. Fjárbinding á mannár í óvernduðum iðngreinum er þannig 90% hærri en í vernduðum (miðað við bókfærð verð). Ljóst er því, að miðað við fjölda starfandi fólks í vernduðum iðngreinum, þá er fjárfesting í þeim lítil. Þegar á allt er litið varðandi starfsfólk og fjárbindingu í vernduðum iðnaði, virðist ástæða til bjartsýni. Verði verulegt umrót í verndaðri iðngrein, t. d. vegna EFTA-aðildar, má ætla að verkafólk, sem yrði fyrir barðinu á slíku, ætti tiltölulega auðvelt með að aðhæfast breyttum aðstæðum. Mikill fjöldi kvenna meðal starfsfólks bendir einkum til þessa.

Erfitt er hins vegar að segja nokkuð um aðlögunarhæfni fjármuna í vernduðum iðnaði, en þó má ætla, að ekki sé um mjög „sérhæfða" fjármuni að ræða. Fjárbinding í vernduðum iðngreinum er og minni en ætla mætti að óreyndu. Mjög at-

1) Skinna- og leðuriðnaði er sleppt, þar sem um útflutningsiðnað er að ræða.
2) Áætlaður hluti kvenna af vinnandi fólki í hverri grein.
3) Upplýsingar fengnar úr skattframtölum (sbr. töflu 54).
4) Óvitað.
5) Töflur 52—54.

hyglisvert er í þessu sambandi, að 40% alls starfsfólks í vernduðum iðnaði starfar í 2 iðngreinum, fatnaði og húsgögnum (20% í hvorri). Áföll í einungis 2 eða 3 fólksfrekustu iðngreinunum gætu því svipt mikinn hluta starfandi fólks í tollvernduðum iðnaði atvinnunni. Allar líkur eru á því, að þar yrðu konur verst úti, en þar yrði mikil aðlögunarhæfni til bjargar, ef önnur vinna byðist. En eins og betur mun koma í ljós í 10. kafla, er ekki ástæða til svartsýni, og gera má ráðstafanir í tíma, til þess að engin stóráföll komi til greina, t. d. með markvissri stefnu í mannaflamálum.

5. Markmið iðnfyrirtækja.

Í kennslubókum er venjulega gengið að því sem vísu, að höfuðmarkmið alls rekstrar sé hámarkságóði. Segja má, að hlutverk rekstrarmarkmiðs, eins og hámarkságóða, sé tvíþætt. Í fyrsta lagi má líta á það sem þann áfanga, er allt skipulag og öll áætlanagerð fyrirtækisins stefnir að, og í öðru lagi þann mælikvarða, sem eigendur fyrirtækisins hafa á frammistöðu stjórnenda þess. Ljóst er t. d., að stjórnandi fyrirtækis, sem ekki er sett skýrt afmarkað takmark, á í erfiðleikum með að marka viðkomandi fyrirtæki stefnu. Ákaflega erfitt hlýtur og að vera að mæla frammistöðu þess konar stjórnanda.

Svör forráðamanna íslenzkra iðnfyrirtækja við þeirri spurningu, hvert væri höfuðmarkmið fyrirtækja þeirra, reyndust næsta sundurleit. Helmingur eða um það bil, sem svaraði með einni eða annarri útgáfu af hámarkságóða eða ákveðinni arðgjöf. Eðli svarsins endurspeglar oft aðstæður á hverjum stað og tíma. Fyrirtæki í harðri samkeppni virðast t. d. mjög oft ætla sér sem stærsta veltu eða markaðshluta miðað við tiltekna arðgjöf. Tíðast annarra svara var „að framleiða", en lítið leiðarljós virðist það í rekstrinum. Jafnvel kom fyrir, að nefnd voru gersamlega ósamrýmanleg markmið, svo sem bæði hámarkságóði og hámarksvelta. Þegar á heildina er litið, virðist nokkur fjöldi stjórnenda íslenzkra iðnfyrirtækja gera sér litla grein fyrir, hver sé tilgangur með rekstrinum, en hér sem annars staðar er ekki unnt að koma með almennar staðhæfingar. Fyrirtækin geta haft jafn ólíkan svip og mennirnir, sem stjórna þeim.

6. Efnahagur og fjáröflun íslenzkra iðnfyrirtækja.[1])

6.1 Inngangur.

Kafli þessi um efnahag og fjáröflun iðnaðarins er að nokkru unninn úr úrtaksrannsóknum á afkomu iðnaðarins. Sá hluti úrtaksins, sem hér verður notaður, tekur til 29 iðngreina eða allra þeirra iðngreina, sem Efnahagsstofnunin flokkar, sem a) tollverndaðar b) lítt eða ekki tollverndaðar iðngreinar. Efnahagsreikningur hverrar iðngreinar er fenginn úr skattaframtölum einstakra fyrirtækja. Munu yfirleitt flest iðnfyrirtæki í hverri grein tekin með, en fremur hin stærri. Flokkun fjármuna í efnahagsreikningi er nokkuð óhentug til úrvinnslu, það er varðar flokkinn „annað", sem settur var upp fyrir illflokkanlega fjármuni. Mun hér gert ráð fyrir, að „annað" skiptist hlutfallslega á hina flokkana tvo, en sleppt að öðru leyti í útreikningum, enda yfir höfuð svo smátt, að ekki skiptir máli.

Ástæða er til að undirstrika, að einn þeirra undirkafla, sem hér fer á eftir, fjármagnsskipulag iðnfyrirtækja, er byggður á bókfærðum eigna- og skuldaliðum einstakra fyrirtækja. Verður því að umgangast tölur, sem þar koma fram sem slíkar. Sem dæmi má nefna, að sé einhver hluti eigna skattsvikinn, þá benda allar líkur til þess, að það séu lausafjármunirnir. Lausafjárstaða iðnfyrirtækja kann því að vera nokkru betri en fram kemur í útreikningum, sem hér fara á eftir. Eigið fé væri og þeim mun vantaldara sem lausafjármunir hafa ekki komið fram í skattframtölum.

6.2 Markaðurinn.

Niðurstöður.

1. Vaxtahöft á Íslandi ýta undir óarðbæra fjárfestingu.
2. Vextir án áhættuálags ýta undir ábyrgðarlausan rekstur fyrirtækja.
3. Frjálsleg peningapólitík (óhóflegt peningamagn) getur valdið auknu öryggisleysi í öllum rekstri atvinnufyrirtækja.
4. Lögbundið fjármagn við ákveðnar greinar atvinnulífsins viðheldur kyrrstöðu í atvinnulífinu.
5. Afskipti löggjafarvaldsins af fjármagnskerfinu dregur úr sveigjanleika þess til þess að aðlagast þörfum atvinnulífsins hverju sinni.

Markaðslýsing.

Ljóst er, að ekki fær ein þjóð fjárfest umfram það, sem hún sparar, nema erlent fjármagn komi þar til. Fjármagnsþörfin á hverjum tíma er háð fjárfestingunni. Fjármagn er ávísun á takmörkuð gæði, vörur og þjónustu. Samkvæmt skýrgreiningu hlýtur það að vera takmarkað að magni, þar sem fjármagnið er ígildi takmarkaðra gæða, lýtur það sömu lögmálum á frjálsum markaði og hin takmörkuðu gæði. Afnot fjármagns eiga sér því (jafnvægis-) verð, vextir, sem myndast við framboð og eftirspurn. Verð það, er myndast við samspil framboðs og eftirspurnar á hverjum tíma, stjórnar fjárfestingunni að því marki, að það skilur sjálfkrafa milli arðbærra og óarðbærra fjárfestinga. Verðið tryggir, að ekki er lagt í fjár-

1) Þessi kafli er saminn af Sigurði R. Helgasyni, M.B.A., í samráði við skýrsluhöfund. Tölur þær af efnahagsreikningi í tollvernduðum iðngreinum, sem stuðzt er við í útreikningum (sbr. viðauka III, töflu 54), hafa verið teknar úr skattframtölum fyrirtækja í úrtaki Efnahagsstofnunarinnar, og hefur Kristjón Kolbeins, cand. oecon., annazt þá samantekt.

festingar, sem talið er að gefi lægri arð en markaðsvextir. Sveiflur markaðsvaxta valda því, að fjárfestingar, sem áður voru óarðbærar, verða arðbærar og öfugt. Við stöðugt fjármagnsframboð merkja sveiflur vaxta, að fjárfestingartækifæri séu í heild mismunandi hagstæð á hverjum tíma, sem lýsir sér í breytilegri eftirspurn. Vaxtahreyfingar hafa því andsveifluáhrif á hagkerfið, þ. e. lækka í kreppu en hækka í góðæri.

Hin svokallaða klassíska hagfræði felur í sér þá kenningu, að vextir, þ. e. verðið, sem greitt er fyrir afnot fjármagns á hverjum markaði, leiti jafnvægis, þannig að heildareftirspurn fjármagns á viðkomandi markaði sé jöfn heildarframboði við þá vexti, er ríkja[1]). Klassíska kenningin var yfirleitt viðurkennd fram á fjórða tug 20. aldar. Mikil umskipti urðu í viðhorfi manna til vaxtamyndunar í kjölfar skrifa Keynes, sérstaklega vegna hugmynda, sem komu fram í „The General Theory of Employment, Interest and Money", sem gefin var út 1936. Keynes mótmælti þar hinni klassísku staðhæfingu, að vextir aðlöguðust hverju sinni breyttum efnahagsaðstæðum eftir því, sem hagkvæmast væri þjóðfélaginu. Skoðanir Keynes urðu til þess, að íhlutan ríkisvaldsins í vaxtamyndun jókst mjög um og eftir síðari heimsstyrjöld. Smám saman gróf þó undan vaxta- og peningakenningu Keynes. Kenningar hinna svokölluðu Radcliff-nefndar urðu meðal annars til þess, að vaxtamyndun var gerð æ frjálsari. Kenningar klassískrar hagfræði um vaxta- og peningamál njóta nú sívaxandi fylgis. Má segja, að vaxtamyndun sé nú að mestu frjáls með þróuðum þjóðum.

Á Íslandi er þessu nokkuð á annan veg farið, þar sem segja má, að fjármagnsmarkaðurinn (skamm- og langtímafé) sé tvískiptur: 1) Hinn frjálsi markaður og 2) hinn opinberi markaður (bankar og aðrar peningastofnanir).

1. Hinn frjálsi markaður.

Varðandi frjálsa markaðinn er erfitt að fá tölulegar upplýsingar um stærð hans og verðlag. Markaðurinn skiptist gróft í vörukaupalán, neytendalán, verðbréfalán og „okurvíxla". Munu vextir í þessum flokkum vera mjög mismunandi og oftast hærri en bankavextir.


Óhætt mun vera að ætla, að frjálsi markaðurinn sé allmiklu minni en sá opinberi. Því er eðlilegt að telja frjálsa markaðinn háðan þeim opinbera, bæði hvað magn og vaxtabreytingar snertir. Mun samband fjármagnsmarkaðanna vafalaust mjög í samræmi við eftirfarandi teikningu, sem er að vísu nokkuð gróf, en gagnleg til skýringar. (Sjá línurit á næstu síðu).

Tröppurnar tákna framboð hvers markaðshluta við gefna opinbera vexti p. Dýpt neðstu tröppunnar táknar framboð lánsfjár á opinberum markaði, en hinar efri á frjálsum markaði. Línan EE táknar eftirspurn. Punkturinn v táknar markaðsvexti á frjálsum markaði (jafnvægi framboðs og eftirspurnar). Sé dregið úr útlánum á opinberum markaði (trappa 1 styttist) færist stiginn nær lóðrétta ásnum og jafnvægisvextir hækka á frjálsum markaði. Gera má einnig ráð fyrir, að séu vextir hækkaðir á opinberum markaði, þá hækki vextir á frjálsum markaði hlutfallslega, (sem mundi þýða, að tvö efstu þrepin í teikningunni hækkuðu, jafnframt því, sem þau styttust).

2. Hinn opinberi markaður.

Þær stofnanir, sem íslenzkur fjármagnsmarkaður samanstendur af, eru að mestu í eigu hins opinbera. Nýstofnun fésýslufyrirtækja mun og mjög háð löggjafarvaldinu. Auk þessa er vaxtamyndun lögum samkvæmt í höndum Seðlabankans, sem á Íslandi er nátengdur ríkisvaldinu. Ljóst er því, að mótun og stjórn opinbers fjármagnsmarkaðar er að mestu forsjá ríkisvaldsins falið.

1) Marshall, A., „Principles of Economics", bls. 186.



Línurit 8
Samband milli opinbers og frjáls lánsfjármarkaðar

Myndun vaxta á frjálsum markaði við gefið framboð og eftirspurn mótast annars vegar af tíma og hins vegar af áhættu, sem lánveitandi tekur á sig vegna veitts láns. Lögboðnir vextir eru að vísu mismunandi á lánum til langs eða skemmri tíma, en af öðrum ástæðum en vextir á frjálsum markaði. Áhættumunur við lánveitingu hefur hins vegar verið látinn liggja milli hluta í íslenzkum vaxtareglum, en geta má þess, að verulegur vaxtamunur er á erlendum mörkuðum vegna áhættumismunar.

Augljós afleiðing meðalvaxta er sú, að í rauninni er verið að skattleggja áhættulítinn atvinnurekstur og fyrirtæki, áhættumiklum rekstri til góða. Skyldi ekki viðhorf íslenzkra stjórnenda til nauðsynjar trausts gjaldhæfis og eiginfjárstöðu breytast, ef ódýrara lánsfé fengist fyrir vikið? Má sem dæmi nefna, að það kom fram við heildarathugun á rekstri ákveðinnar atvinnugreinar, að þeim eigendum, sem stjórnað höfðu fyrirtækjum sínum vel og voru sæmilega stæðir, var ósárt um, að bækur þeirra litu sem verst út, til þess að fá sömu fyrirgreiðslu í bönkunum og skussarnir.

Þar sem vaxtakjör eru óháð áhættu, verður tilhneiging til þess, að banki geri sér lítt far um að komast fyrir áhættuna, sem einstök lán fela í sér. Mun slík afstaða að líkindum leiða til lélegri heimtu en ella.

Ekki verður sagt, að íslenzkum atvinnuvegum hafi verið íþyngt með óhóflegum vöxtum síðustu 20 árin. Vaxtakostnaður er og hefur verið frádráttarbær til skatts, þannig að raunverulegur kostnaður skattgreiðandi fyrirtækis er allmiklu lægri en bankavextir gefa til kynna. Sé t. d. gert ráð fyrir, að útlánsvextir til atvinnuveganna hafi verið um 7% á ári að meðaltali, nemur vaxtakostnaður 4.6%

(þ. e. 7% — (34% · 7%) = 4.6%) miðað við *núverandi* skattalöggjöf. Verðbólga mun hins vegar hafa numið um 10% á ári síðustu tvo áratugi. Gerlega verður af þessu greint, að fjármunir í lánakerfinu hafa rýrnað að sama skapi og hrein eign þeirra, er aðstöðu hafa haft til lántöku, hefur aukizt.

Ærin ástæða er til að leggja áherzlu á, að arðsemisjónarmið draga lítt úr mönnum að leita lána, sem þeir búast við, að borgað sé með, — þ. e. kosti minna en ekki neitt. Við frjálsa vaxtamyndun eru það vextirnir, sem skera úr, hvaða fjárfesting sé arðbær og hver ekki. Eins og áður var sagt, má því líta svo á, að vextir, sem myndast á frjálsum markaði, stjórni fjárfestingunni. Á Íslandi hafa vextir ekki þjónað þessu hlutverki, þar sem segja má, að þeir hafi ekki skipt máli við fjárfestingarákvarðanir. Umframeftirspurn hefur því verið mikil. Augljóst er af þessum ástæðum, að bankar hafa í raun og veru stjórnað fjárfestingu, svo lengi sem þetta ástand hefur ríkt. Ekki munu bankarnir hafa haft annað að leiðarljósi í „stjórn" fjárfestinga en lögboðnar lánveitingar til ákveðinna atvinnugreina. Bönkunum hefur þannig hlotnazt mikið vald. Hins vegar hvílir engin ábyrgð á íslenzkum útlánastofnunum, er vegur upp svo mikið vald.

Nú væri það nokkur lausn á þessu öngþveiti lánamála, að óbreyttu kerfinu, að starfslið bankanna reiknaði út arðsemi þeirra fjárfestinga, sem einstakir lánsumsækjendur hyggðu á, og veittu lán í samræmi við það. Er skemmst að minnast ræðu dr. Jóhannesar Nordal, Seðlabankastjóra, á aðalfundi bankans 2. apríl 1969: „Ef aukin útlán Seðlabankans og aðrar ráðstafanir í lánamálum, þar á meðal útlán á vegum Atvinnumálanefndar ríkisins, eiga að koma að tilætluðum notum, skiptir heilbrigð notkun lánsfjársins ekki minna máli en upphæð þess. Aðeins með því að beita hinum ströngustu arðsemisjónarmiðum við lánveitingar í hvaða tilgangi sem er, er unnt að tryggja, að fjármagnið komi að fullu gagni og verði til lengdar til þess að auka framleiðslu og atvinnu. Tilraunir til að halda uppi atvinnu með því að veita lánsfé til óarðbærra fyrirtækja eða framleiðslugreina hljóta að vera dæmdar til að mistakast".[1])

Augljóst er, að myndi „ströngustu arðsemisjónarmiðum" beitt við útlán, væri veruleg bót unnin á núverandi ástandi. Ugglaust þyrfti þó að leggja í allmikinn kostnað, ef auka skyldi allt eftirlit með fyrirtækjum, sem mætti spara að mestu, væru vextir látnir ráðast á tiltölulega frjálsum markaði, svo sem er í nágrannalöndunum.

Starfsemi frjáls fjármagnsmarkaðar hlýtur að miðast við, hve snurðulaust jafnvægi helzt á framboði og eftirspurn. Hæfni markaðarins til þessa er einna mest háð teygni (elasticity) viðkomandi markaðar, en hana má marka af því, hve greiðlega fjármagnið bregzt við breyttri eftirspurn eða framboði, og leitar frá einni atvinnugrein til annarrar í samræmi við vaxtabreytingar eða aðrar markaðshreyfingar, sem gefa ójafnvægi til kynna. Mikil markaðsteygni krefst alls kyns fésýslustofnana og stöðugrar aðlögunar þeirra að aðstæðum.

„Sjá má tregðu (rigidity) markaðs (þ. e. óhóflegar hindranir fjármagnsflæðis milli atvinnusviða) á því, hve lengi verulegur vaxtamunur ríkir milli nærliggjandi atvinnugreina. Slíkar hindranir eru oft afleiðing ríkisaðgerða til tryggingar óbreyttu ástandi í einhverri atvinnugrein".[2])

Hinn íslenzki fjármagnsmarkaður er mjög óteyginn. Líta má til samanburðar á fjármagnsmarkaði OECD-landa. Við það kemur í ljós, að ríkisvald OECD-landa hefur að vísu í flestum eða öllum tilvikum dregið nokkuð úr teygni viðkomandi fjármagnsmarkaða. Yfirleitt er hér um að ræða aðgerðir til að vernda sparifjáreigendur, tryggja jafnvægi markaðarins og beina fjármagni til tiltekinna atvinnugreina. Ekki er ástæða til að ræða hér höft á lánastofnunum vegna sparifjáreig-

1) Jóhannes Nordal: Fjármálatíðindi. Jan.—apríl 1969, bls. 12.
2) Committee for Invisible Transactions — OECD, „Capital Markets Study — General Report", bls. 219.

enda. Opinberar aðgerðir til að ákveða vexti eru misjafnlega miklar í OECD-löndum, en þó eru beinar ákvarðanir opinberra aðila, þ. e. lögboðið vaxtakerfi, næsta fágætar. Vaxtaákvarðanir á Spáni, í Grikklandi, Noregi og sérstaklega á Íslandi munu komast næst því að vera fullkomlega í höndum hins opinbera.

Helzta orsök óteygni fjármagnsmarkaða er skipting þeirra af hendi viðkomandi ríkisvalds í fjölda sviða, sem njóta meiri eða minni forréttinda. Þessa skipan mála, að vísu á mismunandi stigi, er að finna í öllum OECD-löndum. Í langflestum tilvikum er það lántakandi, sem forréttinda nýtur. Helztu aðferðir til lánamismununar eru:

1. Niðurgreiðslur úr opinberum sjóðum á lánum eða til lánastofnana, sem veita lán. Þessi aðferð hefur minnst áhrif á markaðinn og hefur þann kost að sýna gerlega kostnaðinn af þessari fyrirgreiðslu ríkissjóðs.
2. Undanþága vaxtatekna undan skatti af vissum lánum og vaxtabréfum ríkisins. Gallar eru nokkrir á þessari aðferð vegna skattamisræmis og truflunar á fjármagnsmarkaði, sem hún veldur.
3. Mörkun fjármagns lögum samkvæmt til ákveðinna nota í hagkerfinu, svo sem algengt er hér á landi.

Svo segir í nýútkominni skýrslu OECD um fjármagnsmarkaði: „Þessi ýmsu kerfi“ (sjá 1—3 að ofan) „eru oft notuð til þess að beina fjármagni til nota, sem opinberir aðilar telja, að beri að hlúa að umfram annað í hagkerfinu. Það er ekki vegna þessa, að við gagnrýnum þær hér, heldur vegna þess, að þær skapa greinilega vandamál vegna þeirra óhagstæðu áhrifa, sem þær hafa.

— Þeim mun erfiðara er að vega og meta kosti og galla slíkra aðgerða sem þær verða fleiri. Endanlega mynda þær ótölulegar tilfærslur framleiðsluþátta milli atvinnugreina, sem ekki verða mældar og eru vafalaust án alls samhengis.

— Þar sem fleiri og fleiri mismunandi hagsmunahópar meðal lánþega fá aðgang að fjármagni með forréttindavöxtum, stundum fast skorðuðum, missa vextirnir smám saman hlutverk sitt sem stjórntæki eftirspurnar framleiðsluþáttanna.“[1])

Án efa mun Ísland vera það OECD-land, sem lengst hefur gengið í mismunun í lána- og skattamálum atvinnuveganna. Virðist fyllilega tímabært að snúa þessari þróun við og gefa markaðsöflunum meira svigrúm á þessu sviði.

6.3 Fjármagnsskipulag iðnfyrirtækja.

Niðurstöður.

1. Stutt lán eru ofnotuð miðað við fasta fjárbindingu af íslenzkum iðnfyrirtækjum.
2. Augljóst er því, að „flöskuhálsinn“ í fjármögnun iðnfyrirtækja er ekki stuit lán, heldur fjármagn til langs tíma.
3. Íslenzka bankakerfið tekur á sig mikla áhættu *án* endurgjalds, sem fyllsta ástæða væri að flytja yfir á frjálsan verðbréfamarkað.
4. Vanmetnar afskriftir skerða eigið fé iðnfyrirtækja.
5. Eigið fé er mjög lítið í íslenzkum iðnfyrirtækjum.

a) Skammtímalán.

Vert er að leitast við að gera sér nokkra grein fyrir, hvað sé rekstrarfé nú, þegar mest er rætt um rekstrarfjárskort íslenzkra atvinnuvega. Segja má, að allt það fjármagn, sem eitt fyrirtæki bindur í veltufjármunum, sé rekstrarfé þess. Rekstrarfé samanstendur yfirleitt af stuttum lánum og föstu fjármagni, lánsfé eða eigin fé. Binding fastafjár í veltufjármunum er háð stöðugleika greiðslna til og frá fyrirtækinu,

1) Committee for Invisible Transactions „Capital Markets Study — General Report“ OECD, bls. 227.

þ. e. eðlilegt er, að þeim mun stöðugri sem greiðslur eru þeim mun meiri verður hluti langtímafjármagns í fjárbindingu veltufjármuna. Stutt lán eru erlendis að miklu leyti „sveiflulán“ vegna greiðslusveiflna.

Það er hverjum manni auðsætt, að binding fastafjár að hluta í lausafjármunum er skilyrði fyrir viðunandi greiðsluhæfni fyrirtækis, sé um stöðugan rekstur að ræða. Ljóst er, að þeim mun meiri sem binding langtímafjármagns verður í lausafjármunum þeim mun minni verður hætta greiðsluvandræða. Líta má þetta frá annarri hlið til frekara hagræðis, þ. e., að óeðlilegt hlýtur að teljast að fjármagna fastafjármuni með lánum til skamms tíma. Allt að einu er svo um nokkurn fjölda íslenzkra iðngreina og fyrirtækja.

Þegar horft er til töflu 56 og hlaupatölur[1]) iðnaðarins skoðaðar, er augljóst, að skammtímalán eru mjög ótæpilega notuð í íslenzkum iðnaði[2]). Satt að segja er greiðsluhæfni iðnaðarins mjög hætt komið vegna ofnotkunar skammtimalána miðað við bindingu langtímafjármagns. Erfitt er að gera sér grein fyrir, hvort ástand þetta hafi lengi haldizt, en síðustu gengisfellingar munu að líkindum eiga sinn þátt í því, hvernig komið er. Áhrif gengisfellinganna voru þau, að fyrirtækjum var bannað að hækka birgðir innfluttra vara sem gengismun nam. Þegar fyrirtæki þessi höfðu selt sínar gömlu birgðir og hugðust endurnýja þær, var það fjármagn, sem fékkst fyrir hinar gömlu birgðir ekki nema hluti af andvirði sama birgðamagns og fyrir gengislækkun. Jafngildir þessi hækkun eignaupptökugjaldi á iðnaðinum neytendum til góða, enda er verzlun sjaldan meiri hér á landi en um og eftir gengisfellingar. Höfuðgalli þessa gengisfyrirkomulags er, hve misjafnt afleiðingar þess lenda á iðnfyrirtækjum og reyndar öllum rekstri. Ræður þar mestu, hve miklar birgðir eru rekstrinum nauðsynlegar og að hve miklu leyti erlend lán hafa verið notuð.

Sé litið á verndaðar iðngreinar annars vegar og lítt eða ekki verndaðar hins vegar, tafla 54 og 55, kemur í ljós nokkur munur á greiðsluhæfni þessara hópa, eins og hún er mæld með hlaupatölu. Í fyrsta lagi er þessi munur ljós, þegar litið er á heildarhlaupatölur og í öðru lagi við athugun hlaupatölu einstakra greina. Í vernduðum iðnaði er hlaupatalan 1.3, þ. e. a. s. nokkur hluti veltufjármuna er fjármagnaður með fastafé, en í óvernduðum iðngreinum er hlaupatalan 1.05, sem verður að teljast óhóflega lágt. Sé litið á einstakar greinar innar *hvors flokks* fyrir sig, verður munur greiðsluhæfni flokkanna enn ljósari. Í vernduðum iðnaði er hlaupatala 16 iðngreina af 18 yfir 1.0, en í 5 óvernduðum greinum af 11 er hún yfir 1.0. Munur á eðli rekstrar iðngreina er oft skýring mismunar á hlaupatölu þeirra. Tæplega hefur slíkt þó áhrif, þegar um hópa ólíkra greina er að ræða, eins og í þessu tilviki. Leita ber því skýringa í fyrsta lagi á almennri ofnotkun skammtímalána og í öðru lagi þeim mun, sem komið hefur hér fram á vernduðum og óvernduðum iðnaði í þessu tilliti. Augljóst er þó, að í báðum tilvikum er binding langtímafjármagns of lítil miðað við það skammtímafjármagn, sem fyrir hendi er. Snúum okkur þá að langtímafjárbindingu (föst lán + eigið fé) í íslenzkum iðnfyrirtækjum.

Löng lán.

Það kemur í ljós við athugun *langra lána* í fjármögnun iðnfyrirtækja í töflu 56, að hún nemur 25% að meðaltali. Þetta hlutfall er þó ærið misjafnt fyrir einstakar iðngreinar og fyrirtæki. Verður það rætt sérstaklega síðar. Verulegur munur er á vernduðum og lítt eða ekki vernduðum iðngreinum, hvað löng lán snertir. Verndaðar iðngreinar eru að 28.9% fjármagnaðar með löngum lánum, en óverndaðar eða lítt verndaðar að 22.3%, og sé þremur iðngreinum, þar sem samvinnu- og ríkisrekstur

1) $\frac{\text{Veltufjármunir}}{\text{Stutt lán}}$ = Hlaupatala.

2) Úrtakið nær til 29 iðngreina.

er stundaður, sleppt, verður talan 17.8%. Skýra má þennan mun annaðhvort með meiri notkun stuttra lána eða meiri eiginfjárnotkun í óvernduðum iðnaði. Augljóst er af framanskráðum kafla um skammtímalán, að fyrri skýringin kemur heim og saman við staðreyndir. Athuga verður þó hluta eigin fjár iðnaðarins til þess að sjá, hvort mismunandi magn skammtímalána gefi fullnaðarskýringu á þessum mismun.

Eigið fé.

Hluti *eigin fjár* í fjármögnun iðnfyrirtækja úrtaksins er 26% að meðaltali — tafla 56. Mikill munur er í þessu tilliti á einstökum greinum og fyrirtækjum, svo sem var um hlutfall langra og skammra lána. Geta ber þess, að eigið fé, eins og það er bókfært, mun verulega vanmetið, þar sem verðbólga hefur verið mikil í áratugi, en eignir eru bókfærðar á upprunalegu kostnaðarverði. Fasteignir eru og metnar eftir þar til gerðum reglum, mjög lágt í bókun fyrirtækja. Arðsemi jafnlágt metinna eigna hlýtur því að vera ofmetin. Í fyrsta lagi er svo, þegar arðurinn er skoðaður í hlutfalli við hinar lágt metnu eignir, og í öðru lagi til skatts vegna vanmetinna afskrifta.

Lítill munur er á vernduðum og lítt eða ekki vernduðum iðnaði, hvað hlutdeild eigin fjár snertir. Bendir það til þess, að sá munur, sem er á afrakstri fjármagnseiningar í þessum 2 flokkum (sjá töflur 54, 55, 56), hafi ekki staðið lengi. Mun það vafalítið stafa af meiri áhrifum gengissveiflna á hinn verndaða iðnað. Ekki eru tölur fyrir hendi um efnahag iðnfyrirtækja frá öðrum árum en 1968.

Eigið fé íslenzkra iðnfyrirtækja hlýtur að teljast mjög lágt. Ýmsar skýringar eru tiltækar á eiginfjárskortinum, en erfitt er að sannprófa þær að gagni. Helztar eru: a) Verðbólguáhrif, þ. e. bókfært verð eigna er að meira eða minna leyti undir endurkaupsverði. b) Lágir vextir. Fyrirtæki hafa leitazt við að nota sem mest af ódýru lánsfé sér að kostnaðarlausu síðast liðin 20 ár. c) Vextir eru ekki miðaðir við mismunandi áhættuþóknun, þ. e. hlutafjáreigendur leggja jafnvel meginið af áhættunni af rekstri fyrirtækisins yfir á bankakerfið, en fá niðurgreitt lánsfé í staðinn (sjá A hluta). Því er ljóst, að það er eiganda fyrirtækis mjög í hag að hafa sem minnst eigið fé. d) Háir skattar. Ólíklegt er, að sú skýring sé rétt, eins og skattalögum er nú háttað. Hins vegar má vera, að enn eimi eftir af áhrifum skattabyrðarinnar, eins og hún var verst. e) Enginn opinber eiginfjármarkaður né fyrirgreiðslustofnanir í sambandi við öflun eigin fjár.

Athugunarvert er, hve áhrif vanmetinna afskrifta er á fjármagnsflæði fyrirtækja, þ. e. það fé, sem losnar á hverjum tíma í fyrirtækjum. Má segja, að fjármagnsflæðið sé notað til þrenns, eða til viðhalds, vaxtar og arðgreiðslna. Tvennt er það, sem ræður upphæð flæðisins: afskriftir og ágóði eftir skatta. Séu bókfærðar afskriftir jafnar raunverulegu sliti og úreldingu, má segja, að afskriftir valdi því, að eigið fé viðhaldist fullkomlega í fyrirtækinu burt séð frá ágóða. Ágóði segir þá til um, hvort möguleiki er til vaxtar og arðsútborgunar eða ekki. Vanmetnar afskriftir, t. d. vegna ósveigjanleika afskriftalaganna eða sakir verðbólgu, leiða til sífellt minnkandi eigin fjár. Vanmat afskrifta leiðir til samsvarandi hækkunar skattskylds ágóða.

Hvað áhrærir áðurnefndan mismun á hluta langra lána af fjármagni bundnu í vernduðum iðnaði annars vegar og lítt eða ekki vernduðum hins vegar, verður hann ekki skýrður með mun á eiginfjárhluta, heldur einungis með mun stuttra lána. Því miður er einungis gerlegt að rekja muninn til stuttra lána, en ekki, eins og æskilegt væri, að finna grundvallarástæðuna. Það er meðal annars sökum þess, að tölur um fjárfestingu einstakra iðngreina eru ófáanlegar. Ljóst er hins vegar, að verndaðar iðngreinar hafa fengið meiri fyrirgreiðslu lánastofnana, hvað löng lán snertir.

6.4 Fjáröflun iðnfyrirtækja.

Niðurstöður.

1. Allvel virðist séð fyrir stuttum lánum til iðnaðarins sem stendur, en fyrirgreiðslu langra lána er nokkuð ábótavant.
2. Lánsform stuttra lána eru nokkuð einhæf (víxlar) og úrelt að öllum líkindum.
3. Aðstaða er nú miklu betri en var til skamms tíma til öflunar lengri lána í iðnaði, en nokkuð skortir á sveigjanleik og valkosti.
4. Lög þau, sem til eru um bankamál, eru af ýmsum talin valda stöðnun í þeim efnum.
5. Sterkar líkur benda til þess, að skattalögin valdi smæð fyrirtækja og fyrirbyggi þátttöku almennings í þeim.
6. Skortur er mikill, að því er virðist, á stofnunum, er veiti iðnfyrirtækjum aðstoð við eiginfjáröflun.

a) Stutt lán.

Flestir íslenzkir bankar munu veita iðnfyrirtækjum einhverja fyrirgreiðslu um lánsfé til skamms tíma. Slík lán eru yfirleitt í víxilformi og lánstími mest 3—6 mánuðir. Reikningslán til skamms tíma munu einnig notuð að hluta. Eins og sagt var í kaflanum um fjármagnsskipulag iðnfyrirtækja, virðist þörfinni fyrir lánsfé til skamms tíma allvel borgið, eins og málum er nú háttað. Helzt má þó finna að einhæfni og fastheldni lánastofnana á ákveðin lánsform, samanber víxillánin. Svo mun yfirleitt vera erlendis, að notkun víxla til almennrar lánastarfsemi mun að mestu hafa lagzt af fyrir alllöngu. Afnám víxils sem lánsforms erlendis mun einkum hafa orðið vegna þess, að aðrar tryggar leiðir til lánveitinga voru fyrir hendi, sem reyndust viðskiptavinum og starfsliði banka miklu einfaldari og auðveldari í allri meðferð. Hafa yfirleitt verið teknar upp ýmsar gerðir reikningslána í stað víxlanna. Fjöldi lánsforma stuttra lána, sem erlendar lánastofnanir veita, mun og vera allmiklu meiri en hér tíðkast. Nokkuð mun það valdandi um útbreidda notkun víxillána á Íslandi, að réttarfarslega er meðferð víxillána mjög afmörkuð og veitir visst öryggi. Hins vegar er það álit ýmissa bankamanna, að önnur sambærileg lánsform standi víxlinum langt að baki í því tilliti. Bendir þetta til þess, að þörf sé endurskoðunar laga um þessi efni, ef þau hamla framförum á þessu sviði. Segja má, að stutt lán til íslenzkra iðnfyrirtækja séu tvenns konar, annars vegar þau, sem bundin eru í lágmarksveltufjármunum viðkomandi fyrirtækis, og hins vegar afgangurinn, sem notaður er til þess að fjármagna þær sveiflur, sem í veltufjármunum verða. Í nágrannalöndunum mun á hinn bóginn yfirleitt langtímafjármagn notað til bindingar í lágmarksveltufjármunum að miklu leyti.

b) Löng lán.

Iðnaðurinn á innangengt í öllu færri lánastofnanir til töku lengri lána. Mun Iðnlánasjóður að mestu einn um þær lánveitingar, en Framkvæmdasjóður að nokkru. Iðnlánasjóður var stofnaður með lögum 1935, en hóf fyrst veruleg útlán 1961 og einkum eftir 1963. Athyglisvert er, að sjóðurinn veitir einungis stofnlán, þ. e. lán til nýrra fjárfestinga. Lán þessi eru tvenns konar: Vélalán, sem veitt eru til 5 ára, og byggingalán til 10 ára. Nokkuð mun og vera um, að innlend fyrirtæki taki erlend lán til vélakaupa.

Í þróuðu löndunum munu iðnfyrirtæki yfirleitt afla sér lána til langs tíma á almennum verðbréfamörkuðum eða með beinu skuldabréfaláni til tryggingastofnana og sjóða. Segja má, að slíkir sjóðir kaupi einna mest af skuldabréfum iðnaðarins. Sjóðir þessir munu almennt vera umsvifamestir þeirra aðila, sem viðskipti eiga á erlendum verðbréfamörkuðum. Iðnfyrirtæki geta því með sölu veðskuldabréfa á verðbréfamörkuðum tryggt sér, að langtímalán séu tiltölulega stöðugur hluti fjármagnsuppbyggingarinnar, enda eru slík lán að sjálfsögðu ekki bundin fjárfestingu. Í þessu tilviki

og reyndar oft áður í þessum kafla, um efnahag iðnaðarins, kemur í ljós, að fjármagnskerfið er mjög ófullkomið, að því er snertir valkosti fjármögnunar. Er hér bæði átt við skort á stofnunum og fjölbreytni í fyrirgreiðslu þeirra stofnana, sem nú eru fyrir hendi. Í þessu sambandi er vert að benda á þann, að því er virðist, óeðlilega mikla mun á þætti langra lána í fjárbindingu einstakra iðngreina, iðngreinahópa (verndað og óverndað) og fyrirtækja, sem kom fram í B-hluta þessa kafla. Nærtækasta skýringin er einmitt sú, að markaðurinn sé næsta ófullkominn. Hins vegar er allsendis ómögulegt að ganga út frá því sem vísu sakir upplýsingaskorts.

c) Eigið fé.

Íslenzk fyrirtæki í hlutafélagsformi eru yfirleitt fremur lokuð og hlutafé á fárra manna höndum. Hvað eigendafjölda snertir, er því ekki mikill munur á sameignarfélögum og hlutafélögum. Mun oft hafa verið söðlað yfir úr sameignarfélagi í hlutafélag vegna skatta og áhættu, en að öðru leyti litlar breytingar orðið. Nokkur hlutafélög munu að vísu vera eða hafa verið opin og í almenningseign, en reglur þessara félaga hafa hins vegar oft tryggt þröngum hópi völdin til langframa. Sjaldgæft mun og, að lítil félög og fámenn hafi leitað til almennings í hlutafjárútboði, né heldur hefur almenningur sýnt sérlegan áhuga á slíkri þátttöku. Ekki er að undra þessa afstöðu, þegar ákvæði skattalöggjafarinnar, um tekjur og eign hlutabréfa, eru höfð í huga. Ljóst er, að almenn sala hlutabréfa keppir við sparifjárinnlán bankanna. Samkvæmt skattalögum eru vaxtatekjur hart nær skattfrjálsar, en skattar lagðir á tekjur af hlutabréfum. Arður af hlutabréfum er skattlagður eins og tekjur almennt, eða allt upp í 57%. Eignaskattur og eignaútsvar munu og lögð á hlutabréfaeign, en ekki sparifé, en skattar þessir geta numið allt að 2.2% af hlutafjáreign, eða 22% af útborguðum arði. Þannig getur skattprósenta af hlutabréfatekjum numið 79% af fengnum arði. Líkur eru því sterkar fyrir því, að þessi háa skattprósenta valdi smæð íslenzkra hlutafélaga. Bæði er, að hin mikla skattamismunun á hlutafjártekjum og sparifjártekjum fælir allan almenning frá hlutafjáreign, og hitt, að eigendur fámennra hlutafélaga eiga auðveldar með öll skattsvik, séu hlutabréf fyrirtækisins á fárra manna höndum.

Efalaust er, að þátttaka í rekstri atvinnufyrirtækja yrði almennari, væri hlutafé og spariinnlánum gert jafnhátt undir höfði fyrir íslenzkum skattalögum. Ekki yrði þó fullt jafnræði með hlutafjáreigendum og eigendum sparifjárinnstæðna, fyrr en komið yrði á fót stofnun, sem sæi um samræmingu á kaupum og sölu verðbréfa — kaupþingi. Væri það efalaust iðnaðinum til mikils hagræðis að hafa aðgang að kaupþingi, bæði til útvegunar eiginfjármagns og jafnvel enn frekar til sölu verðbréfalána. Kaupþing mundi einnig vera almenningi til hagræðis við sparnað sinn. Efalaust yxi og sparnaðarhneigð almennings, ef völ væri á fleiru en einu sparnaðarformi.

Kaupþing hefur hér verið starfrækt a. m. k. tvívegis, en lagzt af í bæði skiptin. Komið hefur berlega í ljós, að kaupþing fær ekki staðizt við þá peninga- og vaxtapólitík, sem rekin hefur verið síðastliðna áratugi. Skuldabréfasala, sem er meginhluti veltu á kaupþingum, á mjög örðugt uppdráttar, nema við frjálsa vaxtamyndun. Ef mikil afföll verðbréfa yrðu sökum verðbólgu, er við búið, að markaðurinn leggist niður.

6.5 Skattamál.

Niðurstöður.

1. Afskriftalögin íslenzku eru ósveigjanlegri en almennt gerist erlendis.
2. Íslenzkum atvinnuvegum er mjög mismunað í skattalögunum, bæði hvað afskriftir og aðstöðugjald snertir, og er hlutur iðnaðar þar lakastur.
3. Afskriftir eru oft mjög vanmetnar, sem leiðir til hærri skatta en ella og rýrnunar eiginfjár.
4. Tekjuskattar á fyrirtækjum eru hér lægri en í mörgum nágrannalöndum.

5. Aðstöðugjald fellur þyngra á fjöldaframleiðslu- og stórfyrirtæki en smáfyrirtækin — mjög neikvætt allri stóriðju.
6. Skattalöggjöfin er mjög óheppileg sameiningu hlutafélaga og dregur að auki óhóflega úr hlutabréfaviðskiptum.

a) Afskriftir.

Eignir eru afskrifaðar samkvæmt íslenzkum afskriftalögum af upprunalegu verði að frádregnu 10% áætluðu hrakvirði viðkomandi eignar. Á þetta við um allar eignir utan verzlunar- og skrifstofubyggingar, svo og íbúðarhús, en þar er fasteignamat lagt til grundvallar. Nokkur er munur eftir atvinnugreinum, hvaða afskriftahraði er leyfilegur lögum samkvæmt, og er hlutur iðnaðar þar lakastur. Mestur afskriftahraði er leyfður í fiskvinnslu, útgerð, landbúnaði og flugi.

Hluti eignar, sem afskrifaður er árlega, er alltaf hinn sami samkvæmt íslenzkum lögum. Í þessu tilviki er íslenzk löggjöf allmiklu ósveigjanlegri en almennt gerist erlendis. Algengt er í Evrópulöndum t. d., að leyft sé að afskrifa mest hin fyrstu notkunarár viðkomandi eignar, en sífellt minna eftir því sem líður á endingartímann (accelerated depreciation).

Íslenzkir atvinnurekendur kvarta almennt sáran undan því ákvæði afskriftalaganna, að upprunalegt kaupverð utan bygginga sé sú upphæð, sem lögð er afskriftum til grundvallar, svo sem að ofan er sagt. Ástæða þessara umkvartana er sú, að verðbólga síðustu áratuga hefur í raun lækkað afskriftir og dregið úr varðveitingu eiginfjár í fyrirtækjum. Segja má, að það slit og sú úrelding fastafjármuna, sem hefur verið færð til kostnaðar í rekstri íslenzkra atvinnuvega, sé vanmetin að verulegu leyti. Slíkt vanmat kostnaðar leiðir eðlilega til ofmats tekna og hærri skatta en ella, svo að ekki sé minnzt á rýrnun eiginfjár fyrirtækjanna. Má segja, að vanmat afskrifta hafi leitt af sér sköttun eigna að nokkru leyti með tekjuskattaprósentu, eða u. þ. b. 16 sinnum hærri en eignir eru skattlagðar nú. Einkum verða smærri fyrirtæki, er skipta sjaldan um vélar, fyrir barðinu á þessari þróun. Lík áhrif hefur það ákvæði laganna, að afskriftir bygginga skuli miðast við fasteignamat, sem mun yfirleitt vera um ⅓ af markaðsvirði. Hve mikil áhrif afskriftalögin hafa haft í þessu tilliti í þá átt að draga úr fjárfestingu í atvinnutækjum og auka fjárbindingu í alls konar skyndiviðskiptum, er ógerningur að komast fyrir um.

Oft er bent á afskriftir byggðar á endurkaupsvirði sem lausn á ástandi, eins og því, sem að ofan er lýst. Erfiðleikar í skattastjórn og eftirliti munu þó gera framkvæmd slíkra breytinga ófýsilega. Í annan stað hefur verið bent á að tengja afskriftir gengisskráningu eða einhverri viðurkenndri kostnaðarvísitölu. Virðast þær leiðir öllu greiðfærari.

b) Tekjuskattar.

Ýmislegt bendir til þess, að skattabyrði á íslenzkum iðnfyrirtækjum vegna tekjuskatta sé sízt hærri en í nágrannalöndunum. Raunveruleg skattprósenta íslenzkra tekjuskatta á hlutafélögum mun vera um 34%, en þá hefur verið gert ráð fyrir 10% arðsúthlutun og 25% skattfrjálsu varasjóðstillagi.[1]) Tekjuskattabyrði iðnfyrirtækja verður því að teljast í léttara lagi, sé miðað við alþjóðlegan mælikvarða. Sé á hinn bóginn gert ráð fyrir því verðbólguástandi, sem verið hefur hér á landi síðast liðna 2 áratugi, er ljóst, að ofmetnar skattskyldar tekjur vegna vanmetinna afskrifta hljóta að hækka allnokkuð hina raunverulegu skattprósentu tekjuskatta.

c) Aðstöðugjald.

Aðstöðugjald er skattur, álagður af bæjarfélagi, á heildarkostnað fyrirtækja að afskriftum meðtöldum. Skattstofn skal aldrei nema hærri upphæð en sem nemur „vergum tekjum" viðkomandi fyrirtækis. Frjálst er hverju bæjarfélagi að leggja á

1) Tax Policy Issues in Iceland „IMF", bls. 53.

aðstöðugjald innan þeirra marka, sem sett eru í lögum, þ. e. 1% á kaupskip og fiskvinnslu, 0.5% á fiskiskip og flugvélar, 1.5% á iðnað og 2% á annan atvinnurekstur.

Vart mun óvinsælli skattur á Íslandi en aðstöðugjaldið og kemur margt til. Erfitt er að flytja skattbyrði þess yfir á neytandann. Aðstöðugjald er að auki ótengt ágóðastærð eða öðrum þáttum, sem til kynna gæfu greiðslugetu skattgreiðenda. Fellur gjaldið t. d. miklu þyngra á veltumikil fyrirtæki með lága álagningu en veltusmá með háa. Skattbyrði aðstöðugjalds fellur og almennt þyngra á hin stærri fyrirtæki. Ljóst er, hve skaðvænleg áhrif slík sköttun hefur á viðgang fjöldaframleiðslu og stóriðju á Íslandi. Bæjarfélög krefja gjaldið með misjöfnum ákafa og sum láta það alveg vera. Verða því einstök fyrirtæki, sem gjaldið greiða, stundum að keppa við fyrirtæki, sem ekkert gjald greiða, svo að ekki sé talað um erlend fyrirtæki, sem eru að sjálfsögðu gjaldfrjáls. Ekki er vitað um gjöld sambærileg aðstöðugjaldi í nágrannalöndunum.

d) Sameining hlutafélaga og sala hlutabréfa.

Nokkuð sníða íslenzk skattalög sameiningu hlutafélaga þröngan stakk. Í fyrsta lagi er svo, þegar sameining fer fram með þeim hætti, að hlutabréf annars félagsins eru seld öðru í einu lagi. Dómstólar hafa kveðið upp úr um, að í þessu tilviki sé um slit hins seljandi hlutafélags að ræða. Leiðir slík túlkun laganna til skattskyldu söluhagnaðar umfram nafnvirði hlutabréfa. Viðhorf þetta hefur valdið því, að fátítt er mjög, að slitið sé hlutafélögum að formi til, þótt starfsemi þeirra leggist niður með öllu. Í öðru lagi má og sameina hlutafélög á þann hátt, að skipt sé á bréfum eingöngu eða að hluta. Fróðir menn telja, að sú leið hafi aldrei verið farin til sameiningar hlutafélaga á Íslandi. Nokkuð munu íslenzk lög óskýr um alla meðferð slíkra mála gagnvart sköttum. Virðist þó, sem skattskyldur yrði sá mismunur, sem væri á nafnvirði bréfa kaupenda og seljenda. Jöfnunarhlutabréf mætti gefa út til þess að jafna þann mismun, sem kann að verða, en þó aðeins ef útgáfufyrirtækið hefur a. m. k. starfað í 3 ár. Í þessu tilviki gætu hluthafar t. d. farið þá leið að kaupa aukningarhluti sjálfir og eiga í a. m. k. 3 ár. Ástæða er til að ætla, að svo óljóst og flókið fyrirkomulag valdi nokkurri tregðu í sameiningu hlutafélaga.

Ein er sú lausn á ofangreindu, að hluthafar selji ekki öll bréf sín eða gangi svo frá, að kaupandi slíti ekki keyptu félagi. Sá mikli ókostur getur hins vegar fylgt þessari lausn, að arðtekjur af hlutabréfum eru skattskyldar hjá móttakanda án tillits til þess, hvort móttakandi er einstaklingur eða félag. Arðtekjur geta þannig verið skattlagðar oftar en einu sinni á leið sinni til hinna eiginlegu eigenda.

Í Noregi munu tekjur félags af arði frá öðrum félögum vera undanþegnar tekjuskatti og í Bandaríkjunum eru a. m. k. 85% slíkra tekna undanþegnar tekjuskatti, en algjörlega undanþegnar, ef viðkomandi félag á a. m. k. 80% hlutabréfa í hinu arðgefandi félagi.[1]) Athygli er hér vakin á því, að það fyrirkomulag, að ekki sé gerður munur á í sköttun arðs samkvæmt því, hvort viðtakandi sé einstaklingur eða félag, hefur mjög neikvæð áhrif á þátttöku almennings í fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarfélögum, auk þess sem það dregur úr sameiningu einstakra hlutafélaga.

Hvað sölu hlutabréfa almennt snertir, þá gilda um hana sömu reglur og um sölu lausafjármuna yfirleitt. Verðhækkanir lausafjármuna eru ekki skattskyldar til tekjuskatts, hafi eigandi fjármuna átt þá í a. m. k. 3 ár. Augljóst er, að reglur sem þessar eru öllum verðbréfaviðskiptum til mikils óhagræðis. Líkur benda til þess, að fésýslustofnanir, svo sem kaupþing og fjárfestingarfélög, ættu óhægt um vik að ná hér fótfestu við óbreytt ástand. Verðhækkanagróði af verðbréfum er svo skattlagður t. d. í Bandaríkjunum, að hafi liðið 6 mánuðir milli sölu og kaupa er skattprósenta hæst 25%, en annars helmingur tekjuskattsprósentu viðkomandi aðila. Verðhækkunartekjur hlutabréfa munu yfirleitt einungis skattskyldar að hluta í flestum löndum.

1) Árni Vilhjálmsson: „Fjárhagsleg vandamál við sameiningu fyrirtækja". Erindi flutt á ráðstefnu SFÍ í ágúst 1967.


7. Verzlun milli landa og áhrif tolla.

7.1 Inngangur.

Áður en við reynum að meta, hvaða áhrif niðurfelling — eða lækkun — tolla, hefur á einstakar iðngreinar og þjóðarbúskapinn, skulum við gera okkur ljóst, hvaða áhrif tollar hafa á viðskipti milli tveggja ímyndaðra ríkja og ýmsar hliðarverkanir þeirra[1]). Athuga má áhrif tolls á tiltekna iðngrein, landsvæði, framleiðsluþátt, land, eða þá á alþjóðaviðskipti. Verður að gera sér glögga grein fyrir, við hvaða þolanda er átt hverju sinni, því að ekki er víst, að áhrifin séu hin sömu í öllum tilfellum. Það, sem hér verður sagt, er útskýrt með teikningum í viðauka III.


7.2 Verzlun milli tveggja landa.

Ef tvö ímynduð lönd búa við markaðsskipulag fyrir tiltekna vöru og skipta ekki við hvort annað, myndast jafnvægisverðlag í hvoru landi fyrir sig samkvæmt lögmáli framboðs og eftirspurnar, (sbr. skurðpunkt milli E_A og F_A í landi A og milli E_B og F_B í landi B í línuriti 9). Við gerum ráð fyrir því, að annaðhvort séu ekki fleiri lönd í „heiminum" eða þá, að ekki þurfi að taka tillit til þeirra.



Línurit 9
Viðskipti milli tveggja landa
án tillits til tolls

1) Þeir, sem vilja kynna sér áhrif tolla nánar en gert er í þessum kafla, ættu að kynna sér eftirfarandi rit, sem stuðzt er við í þessum kafla: C. P. Kindleberger: *International Economies*, Richard D. Irwin 1968, og P. T. Ellsworth: *The International Economy*, Macmillan 1967. — Varðandi markaðsbandalög visast til Bela Balassa: *The Theory of Economic Integration*, Allen & Unwin, London 1961.



Línurit 10
Viðskipti milli tveggja landa með tilliti til tolls

Sé nú verzlun á hinni tilteknu vöru gefin frjáls og við sleppum öllum flutningsgjöldum og tollum, myndast nýtt jafnvægisverð í löndunum, sem hlýtur að verða hið sama í báðum. Framleiðendur í því landi, þar sem jafnvægisverðið var lægra, áður en verzlun kom til — landi B í línuriti 9 —, sjá hag sinn í því að bjóða út á hverju einstöku verði í „útlandinu" — landi A — það magn, sem þeir ekki geta selt á heimamarkaðnum, en telja sig geta framleitt á arðbæran hátt


Í línuriti 9 er útflutningur frá B, sem jafnframt er innflutningur í A, gefinn til kynna. Línan Finnfl. í A sýnir það „umframboð" (U_B—F_B) í B, sem boðið er út á erlendum markaði (A). Heildarframboð í A verður þá eigin framleiðsla A-lands (F_A) plús innflutningsframboð í A (Finnfl.) eða Σ F í línuriti 9. Einnig sést, að verðlækkun verður í A, en verðhækkun í B, en viðskipti hafa yfirleitt þau áhrif að jafna út verð milli landa.

Sé tekið tillit til tolla og flutningsgjalda, hefur það áhrif á jafnvægislausnina: hér er um að ræða kostnað, sem framleiðendurnir verða að fá greiddan í hærra vöruverði til að tapa ekki á sölunni. Hversu miklu hærra verði þetta veldur í því landi, sem flutt er út til, fer eftir halla framboðs- og eftirspurnarlínanna í löndunum. Sama gildir um útflutningslandið, en verð er ekki lengur hið sama í báðum löndunum: jafnvægisverð í útflutningslandinu fæst með því að draga flutningsgjald, að viðbættum tolli, á einingu frá jafnvægisverðinu í innflutningslandinu. Þessi lausn er útskýrð í línuriti 10.

Ekki er unnt að setja fram algilda reglu um það, hvort markaðsverð vörunnar mun hækka eða lækka í „heimalandinu", þegar til útflutnings kemur. Í teikningu 3 og 4 í viðauka III er gert ráð fyrir því, að „heimalandið" sé tiltölulega lítið og að „útlandið" sé svo stór markaður, að þar ráði eitt ákveðið (heimsmarkaðs-)verð, hversu mikið sem framboðið er. Í slíkum tilfellum hækkar verð í „heimalandinu" ef *jaðarkostnaðurinn*[1], þ. e. a. s. *framboðslínan*, er stígandi. Verðlag í „heimaland-

1) Með *jaðarkostnaði* (marginal cost) er í grófum dráttum átt við það, hvernig heildarkostnaður fyrirtækisins breytist, ef framleiðslan eykst um „eina einingu".

inu" kann að lækka, ef jaðarkostnaðurinn fellur til að byrja með, en stígur eftir ákveðið framleiðslumagn.



Línurit II
Dumpun

Í línuriti 11 er sýnt, hvernig fyrirtæki, sem hefur einokunar- eða fákeppnisaðstöðu á heimamarkaði, getur séð sér hag í að selja á lægra verði á erlendum markaði. Samkvæmt íslenzkum lögum, er um dumpun (dumping) að ræða. Eftirspurnin í heimalandinu er E_H og jaðartekjurnar þá $^{M}I_H$. Ef eingöngu er selt á heimamarkaði, fæst hagstæðasta framleiðslumagn, þar sem jaðarkostnaður (^{M}K) og E'_D skerast. Framleiðsla (= sala) verður = Q_H og verð = 7.20.

Í upphafi er verði erlendis E'_D (= 4). Það hlýtur að vera skilyrði fyrir hagstæðustu lausn, að jaðartekjur séu hinar sömu á báðum mörkuðum og jafnar jaðarkostnaði. Að öðrum kosti mætti auka ágóðann með annarri skiptingu sölunnar á markaði eða með því að framleiða meira eða minna magn. Fyrirtækið selur síðan á heimamarkaði á meðan jaðartekjur eru þar hærri en erlendis (þ. e. $^{M}I_H > E'_D$), en afganginn erlendis. Heimamarkaðsverðið lækkar (P_H = 7.00), og sölumagnið heima = Q'_H, en erlendis = Q_D (=$Q'_H + Q'_D - Q'_H$) í línuriti 11.

Ef verðið lækkar niður í E''_D, er erfiðara að sjá, hvort það borgar sig að dumpa áfram. Það, sem ræður úrslitum er, hvort tapssvæðið *b* er stærra eða minna (eða jafnt og) ágóðasvæðið *c*, en á svæði *a* er jaðarágóðinn jákvæður (jaðartekjur hærri en jaðarkostnaður), á svæði *b* er jaðarágóðinn neikvæður (jaðartekjur lægri en jaðarkostnaður), en á svæði *c* verður jaðarágóðinn jákvæður. Það, sem veldur því, að dumpun[1]) geti borgað sig, er að fyrirtækið hefur fallandi jaðarkostnað og möguleikar þess á framleiðslu í stórum stíl nýtast ekki á heimamarkaði.

1) Sumir leggja þann skilning í dumpun, að hún sé fyrir hendi, þegar selt er undir kostnaðarverði auk sanngjarnrar álagningar. Bæði þetta tilfelli og það, sem hér er einkum rætt, telst til dumpunar, skv. íslenzkum lögum.

Það væri ekki svo ákaflega erfitt að gera þessi viðskipti raunhæfari með því að taka tillit til umboðslauna, birgðahalds o. fl., en ekki virðist ástæða til þess á þessum vettvangi. (Hins vegar er sá hængur á, að við höfum enga vissu fyrir því, að jafnvægislausn myndist, eins og gert hefur verið ráð fyrir hér að framan).


7.3 Áhrif tolla.

Hentugt er að skipta áhrifum tolla niður í eftirfarandi atriði:

1. Verndaráhrif.
2. Neyzluáhrif.
3. Fjáröflunaráhrif.
4. Tekjuskiptingaráhrif.
5. Viðskiptakjaraáhrif.
6. Samkeppnisáhrif.
7. Þjóðarteknaáhrif.
8. Greiðslujafnaðaráhrif.

1. Verndaráhrif.

Sé tollur lagður á, eða hækkun, á vöru, sem er framleidd í báðum löndunum, veldur það því í flestum tilfellum, að meira verður framleitt af vörunni í því landi, sem leggur á tollinn, en áður. Til þess að gera þessa framleiðsluaukningu mögulega, þarf að nota fjármagn, vinnuafl og aðra framleiðsluþætti, sem beitt hefur verið í



Línurit 12
Verndar-neyzlu- fjáröflunar og tekjuskiptingaráhrif tolla

öðrum iðngreinum. Hversu miklu tapi þjóðfélagið verður fyrir vegna tollverndarinnar, fer eftir því, hversu mikið framleiðsluþættirnir hefðu fengið í „laun" í öðrum iðngreinum og því, hversu hár tollurinn er og hve teygið framboðið er, þ. e. hversu ört framleiðslumagnið eykst við hærra markaðsverð. *Þjóðhagslegt tap vegna tollverndarinnar er því mun meira, sem greiða verður framleiðsluþáttunum hærri laun til að ná þeim úr öðrum iðngreinum, þeim mun teygnara sem framboðið er og þeim mun hærri, sem tollurinn er,* sbr. línurit 12. Tollprósentan er P' ÷ P, og verndaráhrifin koma fram í framleiðsluaukningu frá Q til Q_1 og í kostnaðaraukanum *b*.

Verndartollur hlýtur í flestum tilfellum að vera hagkvæmur — a. m. k. til skamms tíma — fyrir þá iðngrein, sem getur aukið framleiðslu sína í skjóli hans, enda þótt landið sem heild kunni að tapa á því að leggja hann á. Það er ekki ólíklegt, að það hefði mátt nýta framleiðsluþættina betur í öðrum iðngreinum.

Af þessu leiðir, að sé verndartollur felldur niður, ætti verndaða iðngreinin að geta lent í örðugleikum, a. m. k. um stundarsakir. Er þá gert ráð fyrir því, að fyrirtækin séu vel rekin miðað við aðstæður. Hafi þau látið undir höfuð leggjast að auka framleiðni og innleiða nýjar framleiðsluaðferðir, gæti aukin samkeppni stjakað við þeim.

Það er þó ætíð erfitt í hverju einstöku tilfelli að skera úr um, hvort tap, er kann að verða, stafi af því, að fyrirtæki geti ekki staðizt aukna samkeppni, eða af því að því sé illa stjórnað.

2. Neyzluáhrif.

Ef litið er á verndartoll frá sjónarhóli neytandans, er greinilegt, að hann veldur að öðru jöfnu hærra vöruverði. Neytendur sem heild verða fyrir tapi. Þetta tap má við vissar forsendur mæla sem þá minnkun á „neytendaábata" (consumers' surplus), sem á sér stað. „Neytendaábati" er skilgreindur sem sú upphæð, sem neytendur hefðu heldur viljað greiða í viðbót fyrir allar keyptar einingar vörunnar, fremur en verða af þeim. *Hversu mikið neytendatapið verður, fer eftir því, hversu „teygin" eftirspurnin er og hversu hár tollurinn er,* (sbr. línurit 12). Neytendatapið kemur fram í minnkun neyzlunnar frá Q_3 til Q_2 og minnkun „neytendaábatans" *d*.

Nú er ekki allt neytendatapið þjóðfélagslegt tap. Sumt af því er bætt upp með hærri tekjum framleiðenda eða *tekjuskiptingaráhrifum*, og auknum tekjum ríkissjóðs eða *fjáröflunaráhrifum*. Eftir verður þó í flestum tilfellum minnkun *„neytendabatans"* og *verndaráhrif*, sem fyrr er getið.

Helztu dæmi um, að neyzluáhrifin kunni að vera jákvæð, eru „hvítvoðungsgreinar" (infant industry). Þau rök, sem færð eru fyrir því, að neyzluáhrifin geti verið jákvæð, byggjast á ófullkomnun í samkeppni eða ytri aðstæðum, sem ekki leyfi frjálsa samkeppni. Við munum víkja nánar að „hvítvoðungsvinnu" síðar í þessum kafla.

3. Fjáröflunaráhrif.

Ríkissjóður fer að sjálfsögðu ekki varhluta af tollatekjunum. Árið 1968 var áætlað, að tollatekjur ríkissjóðs mundu nema um 2.300 milljónum króna, eða fjórðungi allra skattatekna ríkisins.

Ástæðan fyrir því, að sú leið að afla tekna af innflutningi er oft valin, er einfaldlega sú, að það er oft einfalt í framkvæmd, og má beita henni til að takmarka innflutning af einni eða annarri ástæðu.

Um hreinan fjáröflunartoll er að ræða eingöngu í því tilfelli, þegar sú vara, er í hlut á, er ekki framleidd í landinu. Í öllum öðrum tilfellum er um bæði *verndar-* og *fjáröflunaráhrif* að ræða, og er ógerningur að draga skýr mörk á milli

þeirra[1]). Fjáröflunaráhrifin eru tolltekjur ríkissjóðs og í línuriti 12 jafngilda þau svæðinu *c*.

4. Tekjuskiptingaráhrif.

Aukin innanlandsframleiðsla á sér stað í skjóli tollsins. Vöruverð hækkar og ágóði framleiðendanna eykst. Þeir hafa því í mörgum tilvikum hagsmuna að gæta. Með *tekjuskiptingaráhrifum* er fyrst og fremst átt við það, að neytendur verða að greiða meira fyrir vöru sína en áður og að ágóðinn, sem þar með skapast, rennur til innlendra framleiðenda, þ. e. um tekjutilfærslu milli þegna þjóðfélagsins er að ræða (sbr. viðauka III). Vitaskuld getur þessi tilfærsla tekna haft óbein áhrif, sem raska tekjuskiptingunni enn frekar, þegar á heildina er litið. Auk þess hefur þetta áhrif á umboðslaun o. fl. Almennt séð eykur frjáls verzlun verðgildi framleiðsluþáttar, sem mikið er til af í landinu, en minnkar verðgildi hins, sem er knappur. Og öfugt hafa frávik frá frjálsri verzlun þau áhrif, að verðlag knappra framleiðsluþátta eykst, en hinna minnkar. Hefur þetta bersýnilega áhrif á tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu. Tekjuskiptingaráhrifin jafngilda *a* í línuriti 12.

5. Viðskiptakjaraáhrif.

Tollar geta haft áhrif á viðskiptakjör. Jafnvel þótt viðskiptakjör tiltekins lands batni þarf þjóðin ekki að verða betur sett: sala kann að minnka það mikið, að heildarágóði verði minni en áður. En hvorugt landið vill, að viðskiptakjör þess versni vegna tollaálagninga. Þess vegna geta þau gripið til mótaðgerða. Viðskiptakjarastríð með tolla að vopni mun hvorugu gagna. Hins vegar getur það verið ávinningur beggja að fækka eða fella niður tolla.

6. Samkeppnisáhrif.

Tollar draga einatt úr samkeppni milli innlendra og erlendra framleiðenda. Í skjóli þeirra geta bæði örfá fyrirtæki ráðið markaðnum og fjöldi smáfyrirtækja þrifizt, sem ella ættu erfitt uppdráttar. Þetta kann að virðast mótsagnarkennt, en svo þarf ekki að vera, enda getur ýmislegt orðið uppi á teningnum, þegar samkeppni er úr leik. Örfá „stórfyrirtæki" geta ráðið markaðsverði og/eða mörg smá fyrirtæki með illa nýtta afkastagetu þrifizt í skjóli hás verðs.

Mest er hættan á minnkandi samkeppni í litlu landi, því að sé stór markaður fyrir hendi er ekkert arðvænlegra fyrir erlendu framleiðendurna en að setja á stofn fyrirtæki fyrir innan tollmúrana. Ættu öll „dótturfyrirtækin" innan Efnahagsbandalagsins að vera gott dæmi þess.

Þeirra áhrifa, sem nú hafa verið talin, kann að gæta á öllum sviðum hagkerfisins. Þau áhrif, sem næst verða rædd, hafa einkum áhrif á þjóðarbúið í heild.

7. Þjóðarteknaáhrif.

Þegar á þjóðarheildina er litið, fara áhrif tollahækkana eða nýrra tollaálagninga einkum eftir því, hvaða atvinnuástand ríkir á hverjum tíma og hvaða útflutningsfyrirtæki spillast. Þótt gripið væri til tolla öðru hvoru, þegar atvinnuleysi væri yfirvofandi, ætti slíkt ekki að hafa mikil skaðleg áhrif til skamms tíma. Reynslan er hins vegar sú, að það vill teygjast úr tímanum og tollarnir eru orðnir „þjóðarnauðsyn", fyrr en varir.

---

1) Viðskiptamálaráðuneytið hefur að beiðni EFTA-ráðsins flokkað alla tolla landsins í annars vegar verndartolla og hins vegar fjáröflunartolla. Hefur þá verið talið um verndartoll að ræða, ef varan er famleidd innanlands, eða þá mjög skyld vara (t. d. önnur tegund af garni), en fjáröflunartoll að öðrum kosti.

8. Greiðslujafnaðaráhrif.

Áhrif „tollvæðingar“ á greiðslujöfnuðinn eru til skamms tíma þau, að minna af þjóðartekjunum rennur úr landi. Hvort þjóðartekjurnar aukast, fer m. a. eftir atvinnuástandi og opinberum aðgerðum. Til langs tíma er ómögulegt að spá um útkomuna, nema vita stærðarhlutföll landanna og vörustreymi. Það getur hæglega farið svo, að óbein neikvæð áhrif verði svo mikil, að hagstæð þróun greiðslujafnaðar breytist í óhagstæða.

7.4 Rök með og móti vernd.

Rök *á móti* tollvernd hafa skinið í gegnum lýsingu áhrifa tolla í þessum kafla. Í þessum undirkafla mun ég því einkum ræða rök, sem færð eru fyrir tollvernd, enda þótt mishaldgóð séu.

1. *Léleg rök fyrir tollvernd.*

a) *„Látum ekki vörurnar og framleiðslutekjurnar renna út úr landinu.“*
Ein elztu og jafnframt skammsýnustu rök fyrir tollvernd eru, að viðskipti við önnur lönd leiði til þess að vörur og fjármagn streymi úr landinu. Hér er um algert skammhlaup í hugsun að ræða í flestum tilfellum. Það gleymist, að frjáls verzlun leiðir til betri starfshæfingar framleiðsluþátta og að þeir aðilar, sem viðskiptin eiga, geta báðir bætt afkomu sína, ef rétt er á málunum haldið. Unnt er að láta berast til bættra lífskjara með stríðara vöru- og þjónustustreymi landa í milli. Þar að auki liggur það í augum uppi, að aukin kaup af einni þjóð gera henni auðveldara að efla viðskipti sín við aðrar þjóðir.

Vissulega eru til undantekningar frá þeirri reglu, að viðskipti milli landa bæti hag beggja. Er þá yfirleitt um annaðhvort óskynsamlega sölumennsku að ræða eða þá innflutning undirboðsvara (dumpun) eða niðurgreiddra vara, sem reynt er að fyrirbyggja með sérstökum ákvæðum (sbr. 17. grein stofnsamnings EFTA[1]). Það virðist því alger rökleysa, að tollar bæti þjóðarhag með því að „halda vörum og tekjum heima“.

b) *„Láglaunalöndin eyðileggja alla samkeppni“.*
Því er stundum haldið fram af þeim, sem vilja tollvernd í hálaunalöndum, að frjáls innflutningur stofni landinu í fátækt, vegna þess að ekki sé hægt að keppa við lág laun erlendis. Hér er í fyrsta lagi um þá yfirsjón að ræða, að fleiri þætti en vinnuafl þarf til framleiðslunnar og í öðru lagi þann grundvallarmisskilning, að lág laun veiti einu landi *algera* framleiðsluyfirburði. Þar sem hálaunaland getur framleitt fjármagnsfrekan varning tiltölulega ódýrt, en láglaunaland vinnuaflsfrekan varning við tiltölulega lágum kostnaði, er aðeins um *hlutfallslega* yfirburði að ræða: hér er einmitt ástæða til sérhæfingar. Í þriðja lagi er um rökvillu að ræða, því að jafnvel þótt vinnuafl væri eini framleiðsluþátturinn, gæti hálaunaland keppt við láglaunaland, ef framleiðni væri nægilega há í hálaunalandinu.

c) *„Tollur jafnar kostnað milli landa.“*
Forsvarsmenn tolla benda stundum á, að til sé „vísindalegur“ tollur, sem jafni kostnað milli landa. Þetta jafngildir því að sjálfsögðu að verðlauna skussana, eða hverjum dytti í hug, að það væri vísindalegt að jafna út hagnað fyrirtækja með því að leggja sérstakt gjald á þá, sem standa sig vel?

---

1) *Skýrsla um Fríverzlunarsamtök Evrópu.*

2. *Alvarleg rök fyrir tollvernd.*

a) *„Hvítvoðungar“.*

Því er oft haldið fram — og það með réttu í sumum tilfellum — að yfirburðir annarra þjóða stafi af því, að þær hafi orðið fyrri til og þannig náð betri fótfestu á mörkuðum og betri tækniþekkingu í framleiðslu. Með því að veita nýrri iðngrein skjól líkt og jurt, sem á sér erfitt uppdráttar í veðurhörkunni, mætti koma framleiðslunni á góðan rekspöl. Eða — til að taka aðra líkingu — verður að styðja iðngreinina eins og hvítvoðung, þangað til hún kemst á legg. Gallinn er hins vegar sá, að oft er stutt við bakið á hvítvoðungnum, án tillits til lífhæfni hans. Hann er oft merkilega lengi að taka út þroskann og getur orðið vandræðabarn.

b) *Aukin fjölbreytni atvinnuveganna.*

Í þjóðfélagi, eins og því íslenzka, þar sem útflutningur er mjög einhæfur og þar að auki mikilli óvissu háður, hvað magn og verð snertir, getur verið æskilegt að auka fjölbreytni atvinnuveganna, ef áhættuandúð er ríkjandi meðal þegnanna. Þar með er ekki sagt, að æskilegt sé að gera það í skjóli tolla, vegna þess að í slíkum þjóðfélögum byggist iðnaðarframleiðslan yfirleitt að miklu leyti á innfluttum hráefnum. Allt öðru máli gegnir um ríki eins og Bandaríkin, þar sem utanríkisviðskipti nema 5—6% þjóðarframleiðslunnar. Að öðru jöfnu er hvítvoðungsvernd ráðlegri til að koma nýrri iðngrein á laggirnar en almenn tollvernd. Fjölbreytni í skjóli tollverndar hefur í för með sér slæma nýtingu framleiðsluþátta.

c) *Trygging fullrar atvinnu.*

Vafalaust má nota tollvernd í því skyni að tryggja atvinnu innanlands, sérstaklega í litlu landi, þar sem minni líkur eru til, að umheimurinn grípi til mótaðgerða. Hins vegar ber einnig að hafa í huga, að einnig er unnt að minnka sveiflur á atvinnumarkaðinum með því að selja framleiðsluna í ríkara mæli erlendis, þegar verr gengur heima fyrir, ef hægt er að koma því við. Sé reynt að tryggja fulla atvinnu með tollvernd, er ekki horft í kostnaðinn við það. Að öðru jöfnu ætti að mega ná markmiðinu með gengisbreytingu í stað tollahækkana.

8. Markmið og hagstjórnartæki í opnu þjóðfélagi.

8.1 Inngangur.

Tilgangurinn með þessum kafla er að sýna fram á, hvaða hagstjórnartækjum er einkum hægt að beita í þjóðfélagi, sem hefur mikil viðskipti við umheiminn, þ. e. a. s. er tiltölulega opið, og hvernig markmið þjóðfélagsins hafa áhrif á áhrifasvið hagstjórnartækjanna. Það á eftir að koma betur í ljós, hvað átt er við með þessum hugtökum.

8.2 Markmið og tæki almennt.

Markmið geta verið mismunandi eftir mönnum, þjóðfélögum, eða frá einum tíma til annars. Jafnvel þótt menn séu sammála um markmiðin, eru þeir ekki alltaf á eitt sáttir um, hvaða leiðir beri að fara til þess að ná þeim. Ástæður þessa ágreinings geta verið margs konar og af ýmsum toga spunnar. Þó er ekki ólíklegt, að hér komi einkum eitt eða fleiri eftirfarandi atriða til greina:

1. Unnt er að ná tilteknum markmiðum eftir mismunandi leiðum, en einhverju hliðarskilyrði er ekki fullnægt. Þetta hliðarskilyrði er þá oft eitt markmið enn. Hin tilteknu markmið gætu verið full atvinna og stöðugt verðlag, en sumir teldu, að tekjuskiptingin væri undanskilin. Stundum væri unnt að sameina menn um tiltekið markmið og þá leið, sem fara á í því skyni að ná því, ef ekki væri samtímis verið að raska öðrum stærðum í efnahagslífinu. Dæmin eru mýmörg. Sennilega væri hægt að fá meiri samstöðu um að vinna á móti hagsveiflum, ef ekki væri verið að róta allt of mikið í tekjuskiptingunni með þeim leiðum, sem valdar eru, eða þá að blanda í þetta auknum ríkisafskiptum[1]).
2. Unnt er að ná tilteknum markmiðum með mismunandi tækjum, eins og í 1, en þau tæki, sem sumum finnst leyfileg, finnst öðrum óleyfileg. Þjóðnýting er gott dæmi þess.
3. Markmiðin eru svo óljóst skýrgreind, að það gefur tilefni til misklíðar. Þau kunna jafnvel að vera ósamrýmanleg, sbr. síðar.
4. Menn geta haft mismunandi trúarviðhorf og áhættuviðhorf.
5. Einnig geta mismunandi stjórnmálaskoðanir komið til greina, eða illkvittni.

Hvernig má það vera, að markmið séu ósamrýmanleg? *Markmið* er hér skýrgreint sem ákveðið gildi á tiltekinni breytistærð í hagkerfinu (eða ákveðið gildi á breytistærð í stærðfræðilegu jöfnukerfi).

a) Markmið geta verið ósamrýmanleg, ef settar eru takmarkanir, sem mynda mótsögn.
b) Markmið og tæki, sem heild kunna að vera ósamrýmanleg í ákveðnu kerfi, en samrýmanleg í öðru. Séu markmiðin t. d. þau, að þjóðartekjur verði 25 **milljarðar árið 1970**, neyzla 20 milljarðar og fjárfesting 10 milljarðar, stangast markmiðin ekki á í opnu þjóðfélagi. Sé hins vegar gert ráð fyrir lokuðu þjóðfélagi, er um þversögn að ræða, vegna þess, að þar jafngilda þjóðartekjur neyzlu og fjárfestingu. Í opnu þjóðfélagi kemur mismunurinn fram sem erlent lán. Þar með hverfur þversögnin.
c) Hvort markmið er samrýmanlegt eða ekki, er oft háð því, hvort sum tæki eru leyfileg. Það, sem ekki er hægt í dag, er e. t. v. hægt á morgun.

---


1) Um þessi atriði sjá R. A. Musgrave: *The Theory of Public Finance.* McGraw-Hill 1959.

Það er nokkuð haldgóð regla, að yfirleitt þarf a. m. k. jafnmörg (hagstjórnar-) tæki og markmið.

Með hagstjórnartæki er t. d. átt við gengi og skattprósentur. (Hins vegar eru stærðir eins og upphæð skatta og viðskiptajöfnuður ekki hagstjórnartæki).

8.3. Áhrifasvið tækja í opnu þjóðfélagi[1]).

Í því skyni að fá yfirlit yfir, hversu víðtæk áhrif ýmis hagstjórnartæki hafa á hagkerfið, eða *áhrifasvið* þeirra, skulum við athuga fremur einfalt líkan af opnu þjóðfélagi. Jafnframt skulum við huga að því, hvort unnt sé að *raða* tækjunum með tilliti til *orsakasambands* þeirra.



Tafla 12.
Örvarit yfir líkan af opnu þjóðfélagi

1) Hér, sem annars staðar í þessum kafla, er stuðzt við Bent Hansen: *Finanspolitikens ekonomiska teori.* Stockholm 1955.

Almennt mætti segja um líkanið, að það er ekki hið eina, sem kemur til greina. Jafnframt er það einföldun og lýsir ekki hagkerfi á stöðugri hreyfingu. Þetta kemur m. a. fram í því, að stærðirnar eru ekki tímasettar. Ekki er nauðsynlegt að gera ráð fyrir jafnvægi á öðrum mörkuðum líkansins en gjaldeyrismarkaði og peningamarkaði. Annars væri hvorki gengið né vextirnir raunhæfir. Hins vegar þarf hvorki innlend eftirspurn og framleiðsla að standast á né vöruskiptajöfnuður eða vinnumarkaður að vera í jafnvægi (í venjulegum skilningi).

Til útskýringar og einföldunar er gert ráð fyrir, að landið, sem í hlut á — heimalandið — flytji inn neyzluvörur, en flytji út fjárfestingarvörur.

Í teikningunni er talað um *innri og ytri* stærðir (exogenous and endogenous variables). Ytri stærðir eru gefnar stærðir í líkaninu utan í frá eða þá stærðir, sem unnt er að stjórna (parameters). Ef við lítum á orsakaröðina, sést, að örvar liggja á milli stærðanna í örvaritinu á ákveðinn hátt. (Á móti hverri ör svarar ákveðin jafna í jöfnukerfi, en ekki öfugt).

Efst til vinstri í örvaritinu sést, að *neyzluvöruverðlag* (= V_N) heima fyrir ákveðst af þremur stærðum: tollprósentunni (=$t^M{}_N$) á innfluttum neyzluvörum, genginu (= g) og heimsmarkaðsverði neyzluvara (= $v^M{}_N$).

Óþarfi er að þekkja aðrar ytri stærðir í kerfinu til að ákveða V_N. Á sama hátt má ákveða *fjárfestingavöruverðlag* innanlands, ef vitneskja um útflutningsuppbótaprósentuna (= $t^X{}_F$), gengið (= g) og heimsmarkaðsverð fjárfestingarvara (= $v^X{}_F$) er fyrir hendi. Aftur á móti eru engar aðrar innri stærðir en V_N og V_F þess eðlis, að unnt sé að ákveða gildi þeirra, án þess að þekkja gildi einnar eða fleiri annarra innri stærða. V_N og V_F mynda því „breytistærðahóp" í 1. röð — samkvæmt skilgreiningu Simons[1]). Þessi tæki hafa því áhrif á allt kerfið, en tæki, sem eru aftar í orsakaröðinni, hafa það hins vegar ekki.

Í 2. röð eru 3 tæki (auk áhrifa frá 1. röð), launin (= l) og söluskattsprósentan á neyzluvörum (= t_N) og fjárfestingarvörum (=t_F), sem hafa áhrif á atvinnumagnið í neyzluvöruframleiðslu (= A_N) og fjárfestingarvöruframleiðslu (= A_F). A_N og A_F mynda breytistærðahóp í 2. röð. Þar sem þessi tæki eru í 2. röð, hafa þau ekki áhrif á V_N og V_F, heldur innri stærðir í sömu röð eða neðar.

Í 3. röð mynda neyzluvöruframleiðslumagn (= q_N), fjárfestingarvöruframleiðslumagn (= q_F), atvinnumagn (= A) og ráðstöfunartekjur launþega (= L_d) „breytistærðahóp". Þau tæki, sem fyrst koma við sögu í þessari röð, eru styrkir til launþega (=S_L), tekjuskattsprósenta launþega (= t_L), atvinnumagn hjá hinu opinbera (= A_O) og laun opinberra starfsmanna (= l_O).

Í 4. röð mynda ráðstöfunartekjur atvinnurekenda (= G_d) og heildareftirspurn eftir fjárfestingarvörum (= C_F) „breytistærðahóp". Ný tæki eru styrkir til framleiðenda (S_G), tekjuskattsprósenta framleiðenda (= t_G), vextirnir = r) og fjárfestingarvörukaup hins opinbera ($q^O{}_F$) í magneiningum. Heildareftirspurn eftir neyzluvörum (= C_N) myndar „breytistærðahóp" í 5. röð, og í 6. röð kemur mismunur viðskiptajafnaðar við útlönd (= J), reiknaður í erlendum gjaldeyri.

Það ætti að vera til glöggvunar að telja upp þau hagstjórnartæki, sem hið opinbera ræður yfir í þessu líkani (allt ytri stærðir).

Hagstjórnartæki hins opinbera eru 12:

1. t_N = söluskattsprósenta neyzluvarnings (reiknuð „ofan á" skattinn),
2. t_F = söluskattsprósenta fjárfestingarvarnings (reiknuð „ofan á" skattinn),
3. $t^M{}_N$ = einingartollur innflutts neyzluvarnings,
4. $t^X{}_F$ = útflutningsuppbætur á einingu fjárfestingarvara,
5. t_L = tekjuskattsprósenta launþega,
6. t_G = tekjuskattsprósenta atvinnurekenda,

1) H. A. Simon: „Causal Ordering and Identifiability". Í bókinni *Models of Man*, 1957.

7. A_O = atvinnumagn hjá hinu opinbera,
8. l_O = laun opinberra starfsmanna, reiknuð á mann og fyrir tiltekinn tíma,
9. q^O_N = magn neyzluvörukaupa hins opinbera,
10. q^O_F = magn fjárfestingarvörukaupa hins opinbera,
11. S_L = styrkir til launþega (ákveðin upphæð),
12. S_G = styrkir til atvinnurekenda (ákveðin upphæð).

Auk þess teljast vinnulaunin á almennum markaði (= 1) til ytri stærða, en þó ekki til yfirráðastærða ríkisins. Virðist þetta raunhæft, miðað við aðstæður hér á landi.

Í öðrum kafla er fjallað um útflutningsábyrgðir, sem telja má til hagstjórnartækja, þótt ekki sé tekið tillit til þeirra hér.

Sé örvaritið kannað nánar, kemur í ljós, að ákveða má hverja einstaka breytistærð (innri stærð) í tilteknum „breytistærðahópi", án vitneskju um gildi annarra breytistærða í sama hópi. Þetta þýðir, að líkanið er „afturhverft" (recursive), en ekki „samhverft" (interdependent). Þetta gerir líkanið einfaldara og byggist á forsendum þess.

Hringur hefur verið settur um þær stærðir, sem eiga að hafa ákveðin gildi, þ. e. *markmið: neyzluvöruverðlag* (= V_N), *atvinnumagn* (= A) og *viðskiptajöfnuðinn* (= J).

Það er greinilegt, að verðmyndun í „heimalandinu" er mjög háð heimsmarkaðsverði. Er þá gert ráð fyrir frjálsri samkeppni. Er ekki farið út í þá sálma að lýsa hér áhrifum ófullkominnar samkeppni eða hvaða áhrif þessi tengsl hafa á einangraða innanlandsmarkaði (eins og fasteignamarkað og landbúnaðarafurðamarkað, o. fl., sem eru utan við EFTA).

Ætla mætti, að um „verðaðlögun" yrði að ræða hjá íslenzkum framleiðendum á erlendum markaði sökum smæðar þeirra, þ. e. þeir verða að ganga út frá markaðsverði, sem stærð utan þeirra ákvörðunarsviðs, en ákveða hagkvæmasta framleiðslumagn miðað við þetta verð.

Í líkaninu hafa hin nánu tengsl milli innlends og erlends verðlags (heimmarkaðsverðs) það m. a. í för með sér, *að hvorki atvinnumagn í neyzluvöruframleiðslu né fjárfestingarvöruframleiðslu hefur áhrif á verðlagið:* breytingar á mannaflanotkun eru slitnar úr tengslum við verðlagsþróun (í þessu líkani).

Vextirnir tilheyra 4. röð. Þess vegna hafa þeir eingöngu áhrif á viðskiptajöfnuðinn, af markmiðunum (í þessu líkani). Eins og áður er getið, er gert ráð fyrir því, að vextirnir gegni jafnvægishlutverki sínu, en slíkt er ekki raunhæft, hvað Íslandi viðkemur (sbr. 6. kafla).

Gera má eftirfarandi töflu yfir áhrifasvið hagstjórnartækjanna:

Tafla 13. Áhrifasvið hagstjórnartækja í töflu 12.

	Gengi	Fjármál eða launamál	Lánamál
	Neyzluvöruverðlag		
Áhrifasvið	Atvinna	Atvinna	
	Viðskiptajöfnuður	Viðskiptajöfnuður	Viðskiptajöfnuður

Enn einu sinni: Þessi niðurstaða byggist á forsendum líkansins, bæði með tilliti til *markmiða* og *sambands* milli stærða. Væri t. d. eina markmiðið að hafa tiltekinn mismun á viðskiptajöfnuði, mætti ná því markmiði með hvaða eina tæki, sem er, að því tilskyldu, að það gæti haft tilætluð áhrif.

8.4 Breytingar á heimsmarkaðsverði.

Breytist heimsmarkaðsverð bæði á neyzlu- og fjárfestingarvörum, er einfaldast að þurrka út áhrifin á markmiðin með því að breyta genginu. Sé gengið óhagganlegt (t. d. vegna alþjóðlegs samkomulags) má ná sömu niðurstöðu með því að breyta tollum og útflutningsuppbótum. Með tilliti til EFTA-aðildar hverfur síðari möguleikinn úr sögunni. Þess vegna verður að breyta genginu, ef vinna á á móti áhrifum breytinga á heimsmarkaðsverði á hagþróunina innanlands. Að öðrum kosti mundi verðgildi peninga sveiflast öfugt við heimsmarkaðsverð. Það væri eftir sem áður hægt að tryggja fulla atvinnu og ákveðinn mismun á viðskiptajöfnuði. Við hækkað heimsmarkaðsverð yrði þá að hækka óbeina skatta og lækka tekjuskatta eða vextina.

Sömuleiðis má vinna á móti áhrifum hækkaðs heimsmarkaðsverðs á annaðhvort neyzluvörum eða fjárfestingarvörum með ýmsum hagstjórnartækjum.

Gengið hefur stærst áhrifasvið af hagstjórnartækjum. Það reynir því á það í líkaninu. Má beita því við t. d. launabreytingar eigi síður en breytingu á heimsmarkaðsverði, en í flestum tilfellum þarf þá að grípa jafnframt til hliðarráðstafana til að tryggja, að öll markmiðin náist.

8.5 Framleiðsluskattur eða söluskattur.

Útflutningur og innflutningur brúa bilið milli framleiðslu og sölu. Almennur söluskattur hefur því ekki sömu áhrif og framleiðsluskattur í „heimalandinu": hinn síðarnefndi lendir aðeins á framleiðendum í landinu sjálfu. Þess vegna er, að öðru jöfnu, réttlátara, hvað samkeppnisaðstöðu snertir, að hafa almennan söluskatt en sérstaka framleiðsluskatta (sbr. tappagjald í gosdrykkjaframleiðslu, o. fl.). Hins vegar má sýna fram á, að unnt er að velta hluta af söluskattinum yfir í verðlagið, en ekki framleiðsluskattinum. (Aðstöðugjald mundi hafa svipaða stöðu og framleiðsluskattur að þessu leyti. Hins vegar er líkanið ekki til þess fallið að kanna virðisaukaskatt). Frá neytendasjónarmiði ætti því söluskattur að vera óhagstæðari. Þó ber þess að gæta, að sérskattar geta einnig valdið neytendum „umframbyrði" (excess burden)[1]).

Þetta er enn önnur afleiðing þess, hversu verðmyndun innanlands er háð heimsmarkaðsverði. Enn fremur má sýna fram á, að söluskattur verkar eins og samsetning af tolli og framleiðsluskatti (miðað við sama einingargjald).

Í þessari skýrslu er gert ráð fyrir, að ríkissjóður bæti sér upp tekjumissi vegna tollalækkana með einum eða öðrum hætti, þannig að ráðstöfunartekjur þegnanna verði nokkurn veginn óbreyttar.

8.6 Vaxtabreytingar og lánsfjártakmarkanir.

Vöxtum og lánsfjármörkuðum eru gerð skil í öðrum kafla, en ekki er úr vegi að kanna, hvaða áhrif vextir og lánshömlur hafa í líkaninu. Í líkaninu hafa vextir áhrif á eftirspurn, en ekki framleiðslu. Þessu mætti hæglega breyta, enda er raunhæft, að stefna í lánamálum hafi áhrif á framleiðsluna með tvennu móti: annars vegar með upphæð vaxta, en hins vegar með lánatakmörkunum.

Taki framleiðslan verulegan tíma, hafa vextirnir áhrif á framleiðsluna, rétt eins og verð annarra framleiðsluþátta. Jafnvel þótt framleiðslan taki skamman tíma, er þörf fyrir rekstrarfé. Með mismunandi ströngum lánaákvæðum má hafa áhrif á framleiðslu- og atvinnumagn og ýta undir eða hamla á móti framleiðslu í fyrirtækjum með mismunandi gjaldhæfi. Því heyrist stundum haldið fram — og með réttu í aðalatriðum — að mismunurinn á áhrifum vaxta og lánatakmarkana sé sá, að vextirnir verki almennt, en lánatakmarkanirnar verki á sérstökum (til-

1) Sjá t. d. R. A. Musgrave: *The Theory of Public Finance*, 1959.

ætluðum) sviðum. Í líkaninu virðist aðalmunurinn þó felast í því, að lánatakmarkanir hafa djúpstæðari áhrif en vextirnir: þær mundu hafa áhrif á atvinnu og framleiðslu, sem tilheyra 2. röð í örvaritinu. Vextirnir koma við sögu fyrst í 4. röð og hafa áhrif á eftirspurn.

Auk þess er ekki útilokað, að stefna í lánamálum hafi áhrif á neyzluvöruverðlag heima fyrir, enda þótt engin innanlandsframleiðsla á neyzluvörum sé stunduð (í líkaninu). Er þetta einfaldlega vegna þess, að jafnvel þótt ekki sé tekið tillit til þess, að flestar innfluttar vörur fara í gegnum ýmis framleiðslustig (t. d. flutninga), þá líður alténT talsverður tími frá því, að innfluttur varningur er keyptur, þangað til hann selst: Það þarf að fjármagna innflutning og þetta krefst lánsfjár. Hér er því leið til að hafa áhrif á innflutning (og útflutning) og þar með á verðlagið — svo ekki sé minnzt á verðlagsákvæði, sem hafa bein áhrif á verðlagið. Hins vegar ætti grundvöllur fyrir verðlagsákvæðum á samkeppnisvörum að hverfa að mestu leyti, þegar innlent verðlag er gert háð heimsmarkaðsverði: Það verða þá litlir möguleikar fyrir fyrirtæki að halda uppi „of" hárri álagningu, a. m. k. um langt skeið.

Sá möguleiki er auðvitað fyrir hendi, að innflutningur (og útflutningur) sé fjármagnaður með erlendu fé, eins og tíðkast hérlendis að meira eða minna leyti. En því er þessarar hliðar málsins getið hér, að hafa má áhrif á innflutning og samkeppnisaðstöðu milli innlendra og erlendra framleiðenda með mismunun í lánum eða með lánatakmörkunum. Bæði getur ýmislegt furðulegt orðið uppi á teningnum, þegar vextirnir gegna ekki jafnvægishlutverki sínu, og einnig vill það oft gleymast, að ýmis dulbúin tæki standa til boða, ef tollarnir hverfa — og það tæki, sem erfitt er að fá rétta hugmynd um. Hvernig er t. d. hægt að segja til um, hvort heldur íslenzkir framleiðendur eða innflytjendur hafa farið varhluta af rekstrarlánum, og hvernig er unnt að mæla það „viðskiptavildartap" (goodwill loss), er innflytjandi eða íslenzkur framleiðandi verður fyrir, ef dráttur verður á afhendingu vöru sökum fjármagnsskorts eða mismununar í lánveitingum.

Að síðustu ber að hafa það í huga, að „alþjóðlegt svigrúm" hagstjórnartækja getur verið mismunandi. Einmitt þetta ákveðst af því, hversu náið efnahagsstarf á sér stað milli ríkja. Þannig er t. d. Ísland skuldbundið í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til að breyta ekki genginu, nema um „grundvallarjafnvægisleysi" (fundamental disequilibrium) sé að ræða. Ef af EFTA-aðild verður, er bannað að taka upp eða hækka útflutningstolla (þ. e. neikvæðar útflutningsuppbætur), skv. 8. gr. stofnsamnings EFTA, og skv. 13. grein (og Viðauka C), eru útflutningsuppbætur bannaðar, svo og niðurgreiðsla lána í einhverri mynd[1]).

Um útflutningsábyrgðir er fjallað í næsta kafla.

---

1) *Skýrsla um Fríverzlunarsamtök Evrópu. EFTA-nefndin 1968.*

9. Útflutningsábyrgðir og tryggingar.

9.1 Inngangur[1]).

Í stofnsamningi Fríverzlunarbandalagsins, sem gerður var í Stokkhólmi 4. janúar 1960, er einmitt getið opinberra útflutningsábyrgða og þær taldar fyllilega samningnum samkvæmar, en þó innan ákveðinna marka. Takmarkanir samningsins á ríkisábyrgðum til útflutnings, eru þannig, að slík starfsemi sé ekki niðurgreidd af opinberum aðilum. Ábyrgðir eru veittar í samræmi við þessi ákvæði t. d. í Noregi og Danmörku, samanber það, sem hér fer á eftir.

9.2 Skipulag útflutningsábyrgðartrygginga í Noregi, Danmörku og Kanada.

Noregur.

Skipulagið í Noregi byggist á lögum norska Stórþingsins, sem veita „Garanti-Instituttet for Exportkredit" (GIE) heimild eftir nánari reglum til að veita ábyrgðir og tryggingar vegna útflutnings, en upp að ákveðinni upphæð. Þessar heimildir eru veittar til þriggja ára í senn, nú síðast 1.7. 1968 til 30.6. 1971.

Auk hinnar almennu ábyrgðarheimildar, sem gefur umboð til hinnar almennu starfsemi Tryggingarstofnunarinnar GIE, og ákveður í einu lagi takmörkin fyrir þeirri hámarksupphæð, sem borin er ábyrgð á, við eitt þúsund milljónir N.kr., þá er og sérstök samþykkt, sem veitir Tryggingarstofnuninni heimild til að veita ríkisábyrgðir með sérstökum kjörum vegna útflutnings og fjárfestingar í þróunarlöndunum með takmörkun við heildarupphæðina þrjú hundruð milljónir N.kr.

Hvað stjórnun snertir, heyrir stofnunin undir Viðskiptamálaráðuneytið, sem hefur sett nánari reglugerð um framkvæmdir við veitingu lánanna. Ráðuneytið skipar og stjórn stofnunarinnar og ráð.

Danmörk.

Lögin um Exportkreditfond Danmerkur eru frá 4.4. 1960. Þau taka til tveggja höfuðforma ábyrgðartrygginga, einkum til tryggingar útistandandi skuldum erlendis og til veitingar ábyrgðar til bankalána. Ábyrgðirnar eru nú veittar af Exportkreditráðinu, en í því eiga sæti fulltrúar frá atvinnugreinasamtökum, þar á meðal einkabankanna, ásamt fulltrúa Seðlabankans og viðkomandi ráðuneyta. Viðskiptaráðuneytið setti nánari starfsreglur fyrir ráðið. Veittar eru ábyrgðir fyrir ákveðinni upphæð allt að 2½ milljarði D.kr. Sem baktrygging fyrir veittum ábyrgðum sjóðsins er eksportkreditsjóður Danmerkur, sem fær fé að hluta frá hinum gamla eksportkreditsjóði og að hluta frá dollaramótvirðissjóðnum. Heildarupphæð sjóðsins, þegar dollaramótvirðissjóðurinn hefur náð fullri stærð, mun verða um tvö hundruð milljónir danskra króna. Ef fé sjóðsins nægir ekki til að mæta áfallandi töpum, gengur ríkissjóður í ábyrgð.

Kanada.

Lög um tryggingastofnun vegna útflutningslánaábyrgða voru samþykkt árið 1944 og tók stofnunin til starfa á árinu 1945. Stofnunin nefnist á ensku Export Credits Insurance Corp. (ECIC). Hún er persóna skv. lögum, sem má lögsækja og

1) Þessi kafli er saminn af Júlíusi Sæberg Ólafssyni, cand. oecon., í samráði við skýrsluhöfund.

verður sjálf lögsótt. Í stjórn hennar sitja ýmsir háttsettir embættismenn, þ. á m. aðstoðarviðskiptamálaráðherra og aðstoðarfjármálaráðherra. Í sambandi við stofnunina starfar ráðgefandi ráð, þar sem sitja ýmsir framámenn úr atvinnulífi Kanada, sem fulltrúar landbúnaðar, banka, fiskveiða, skógariðnaðarins o. fl. o. fl.

Stofnunin hefur bæði með ábyrgðaveitingar og veitingu langærra lána að gera.

— — — — —

Hér á eftir verður einkum stuðzt við frásögn af starfsemi norsku ábyrgðartryggingarstofnunarinnar og einnig þeirrar kanadisku að nokkru.

Norska tryggingastofnunin flokkar ábyrgðirnar í:

I. Almennar ábyrgðir.
II. Sérstakar ábyrgðir.

9.3 Almennar ábyrgðir.

Með þeim getur norskur útflytjandi, sem selur með skilyrðum, er valda því, að hinn erlendi kaupandi verður þá fyrst að inna greiðslu af hendi, eftir að varan hefur verið send af stað, tryggt útistandandi skuld sína hjá tryggingastofnuninni. Þetta gerist þannig, að hann kaupir sér almennt ábyrgðartryggingaskírteini eða kaupir sér tryggingu vegna þessarar einstöku sölu. Ef um vöru er að ræða, sem aðeins útheimtir skammæ lán, til dæmis til sex mánaða, þ. e. a. s. neyzluvörur, hálfunnar vörur og hráefni, er ábyrgðin veitt með svonefndu „almennu skírteini“. Með þessu skírteini er reynt að ná yfir allan útflutning viðkomandi fyrirtækis að frádreginni sölu gegn beinni ábyrgð (kontantremburs) eða annarri fyrirframgreiðsluaðferð. Þar sem tryggingastofnunin æskir ekki afskipta af almennum viðskiptum útflytjanda, og setur því hámarksupphæð í hvert skírteini, sem nota má fyrir hvaða kaupanda sem er, í þeim löndum, sem skírteinið tiltekur. Útflytjandinn má veita lán upp að þessari upphæð án þess að leita til stofnunarinnar, að því tilskildu, að annaðhvort hafi hann áður átt hagstæð lánsviðskipti við þennan kaupanda eða útvegað tvö traust lánshæfnisvottorð frá traustum heimildum, sem réttlæti lán hans. Ef útflytjandi óskar að veita lán, sem eru hærri en samningsupphæðin, verður hann að leita heimildar hjá stofnuninni. Almennu skírteinin eru gefin út til eins árs í senn.

Í Kanada fær útflytjandinn skírteinið með þeim hætti, að hann sendir umsókn sína á einföldu eyðublaði og tiltekur þar í heildartölu og eftir löndum útflutningssölur, sem hann gerir ráð fyrir á næstu tólf mánuðum, og veitir einnig upplýsingar um sölur á undanförnum árum. Síðan sendir stofnunin útflytjandanum bréf með lista yfir iðgjaldaprósentuna fyrir hvert land, sem hann hyggst flytja út til, og skilmála, sem stofnunin vill tryggja með sölur útflytjandans. Umsókn útflytjandans er í raun og veru umsókn um slíkan lista og skapar enga skyldu fyrir útflytjandann. Hann er frjáls að ákveða sig eftir móttöku listans, hvort hann vill notfæra sér þjónustu stofnunarinnar. Ef hann samþykkir tilboðið, þá borgar hann um það bil 10% af áætlaðri iðgjaldaupphæð ársins. Þetta fé er endurgreitt, þegar skírteinið rennur út eða flyzt áfram til næsta árs, ef skírteinið er endurnýjað. Eftirstöðvar iðgjaldsins greiðast þannig, að fyrir 10. hvers mánaðar gerir útflytjandinn skýrslu yfir samninga og útskipanir, sem hann hefur gert undanfarandi mánuð, aðeins í heildartölu og eftir löndum. Ekki er nauðsynlegt að tilgreina einstakar sölur til einstakra kaupenda. Síðan reiknar hann iðgjaldið út og sendir greiðsluna með skýrslu sinni.

Stofnunin gefur út ábyrgðarskírteini, sem m. a. tiltekur mörk heildarábyrgðar og aðra skilmála. Þeir eru strangt trúnaðarmál útflytjanda og stofnunarinnar, einnig sú staðreynd, að skírteinið hafi verið gefið út. Þegar útflytjandi gerir umsókn sína, samþykkir hann að ræða ekki um skilmála eða atriði skírteinisins við nokkurn mann nema banka sinn í trúnaði.

Almenna skírteinið er ekki notað vegna útflutnings fjármagnsfrekra vara, t. d. véla og vélahluta, skipa o. þ. h. Fyrir slíkar vörur eru notuð skírteini, sem gefin eru út fyrir einstakar sölur.

Sölur til erlendra ríkisstjórna, ríkisfyrirtækja o. s. frv. heyra vanalega ekki undir hið almenna skírteini.

Ábyrgðin tekur gildi frá útgáfudegi.

Þegar um fjármagnsfrekar vörur er að ræða, er stundum æskilegt fyrir útflytjandann að fá lánsábyrgð, sem er í gildi frá undirritunardegi sölusamnings. Í undantekningartilfellum eru slíkar ábyrgðir veittar fyrir aðrar vörutegundir.

Helztu áhættur.

Helzt verður hætta á tapi vegna greiðsluvanskila ef:

a) Viðskiptavinur verður ógjaldhæfur (insolvent) skv. nánari skilgreiningu (viðskiptalegar áhættur).
b) Settar eru á nýjar viðskipta- eða gjaldeyrishömlur í landi kaupandans (stjórnmálalegar áhættur).
c) Greiðsluyfirfærslur eru stöðvaðar eða vöruskiptaverzlun tekur gildi milli Noregs og lands kaupanda (stjórnmálalegar áhættur).

Með tryggingu samninga við erlend ríki eða ríkisfyrirtæki er ekki um ógjaldhæfni að ræða í venjulegum skilningi. Í þessum tilfellum tekur tryggingin því ekki til þess, að kaupandinn greiði ekki samkvæmt samningsskyldu sinni innan nánar ákveðins tíma.

Ekki er tryggt gegn gengistapi. Þar sem salan er gerð í erlendri mynt, er tryggingarupphæðin greidd á hinu opinbera gengi, sem gilti á útskipunardegi eða þegar endurgreiðsluskuldbindingin tók gildi, ef gengið var lægra þá.

Útflutningslánaábyrgðin verndar skírteinishafa gegn greiðsluvanskilum af hálfu erlendra kaupenda, en tekur ekki til taps eða skemmda á viðkvæmum vörum. Í löndunum þrem, sem höfundur hefur upplýsingar frá, er tekið fram, að vörurnar verða að vera framleiddar í viðkomandi landi að mestu eða öllu leyti, ef veita á lánsábyrgð vegna sölu þeirra úr landinu.

Viðfeðmi ábyrgðar.

Ábyrgðin tekur aldrei til 100% áhættu, þar sem talið er nauðsynlegt, að tryggingartaki beri sjálfur hluta af tapsáhættunni. Þetta er skv. einni grundvallarreglu um útflutningslánaábyrgðir, þ. e. samábyrgðarreglunni. Í Kanada greiðir ECIC-stofnunin allt að 90% af tapsupphæðinni skv. skilyrðum og skilmálum skírteinisins, en útflytjandinn ber þá 10% áhættu.

Þannig eru settar hömlur á gáleysislegar eða handahófskenndar lánveitingar útflytjenda. Samábyrgðarhlutfallið er breytilegt eftir ástæðum.

Sérhver upphæð, sem næst inn með innheimtu, er skipt milli útflytjenda í sömu hlutföllum og tjóninu var skipt eftir. Útflytjandinn hefur því hagsmuna að gæta.

Í Noregi eru tryggingaflokkar þannig:

75% af tapi vegna ógjaldhæfis.

85% af tapi vegna annarrar áhættu, sem tryggingin nær til, en flokkarnir eru settir lægra, ef ákveðnir markaðir eða samningar eiga í hlut. Þegar sérstaklega stendur á, má hækka þá upp í 85% og 95%. Tryggingin er yfirleitt hlutfallsleg (proratarisk), ef ekki er annað tekið fram, en stundum fær útflytjandi fyrstu eigináhættu.

Ákvörðun iðgjalda.

Við útreikning á iðgjöldum er tekið tillit til innflutningslands, lengdar lánstíma, hversu mikil veð eru sett fyrir láninu, t. d. bankatrygging, ásamt öðrum atriðum, sem áhrif hafa á lánsáhættuna.

Fyrir almenn skírteini vegna skammærra lána gildir nú ákveðin skrá, þar sem iðgjaldið er breytilegt frá 0.1% (greitt strax vegna sölu á betri mörkuðum) og upp í 1% (sex mánaða gjaldfrestur vegna verri markaða).

Í Kanada miðast iðgjöldin við kostnaðarverð og eru aðeins ætluð til að mæta rekstrarkostnaði og tjónabótum. Einnig er tekið fram, að erfitt sé að sýna, hvert iðgjaldið sé á land fyrir hvern einstakan útflytjanda. Hver hefur sína markaði, lánskjör, vandamál og erfiðleika, en öll þessi atriði verður að taka til greina, þegar iðgjöldin eru ákveðin.

Unz tryggingastofnuninni hefur borizt umsókn útflytjanda, er útilokað að segja um iðgjaldið fyrir sérhvert land. Einnig er það útilokað að auglýsa iðgjaldaflokka eða gefa í skyn, hvernig þau breytast frá landi til lands af diplómatiskum ástæðum. Í Kanada eru iðgjöldin frádráttarbær til tekjuskatts.

Iðgjaldaflokkar fyrir almenn skírteini eru settir lágt með tilliti til þess, að þetta tryggingarform hefur í för með sér mesta áhættudreifingu á einstakan kaupanda og innflutningsland. Vegna einstakra skírteina er iðgjaldið ákveðið sérstaklega í hvert sinn, en þar um gilda þó ákveðnar reglur.

Í Noregi eru iðgjöld fyrir einstök skírteini gefin upp við loforð um tryggingu, sem veitt er tryggingarumsækjanda, áður en skírteinið er gefið út. Fyrir lán lengri en til tveggja ára er iðgjaldið reiknað í tvennu lagi, þ. e. grunniðgjald, sem er greitt í eitt skipti fyrir öll og tímaiðgjald, sem reiknast á hverjum tíma af útistandandi upphæð.

Ýmsar aðrar samþykktir: Lánsábyrgðarskírteini inniheldur og ýmsa aðra skilmála, sem segja fyrir um afstöðu stofnunarinnar og tryggingartaka, t. d. upplýsinga- og varfærnisskylda, frestur til gerðar skaðabótakröfu og útborgunar skaðabóta, um innheimtu viðkomandi kröfu o. s. frv.

Áhættudreifingin.

Ein af grundvallarreglum trygginga er sú, að áhættudreifingin sé sem mest og bezt. Þess vegna tryggir útflytjandi með skírteini sínu allan útflutning sinn til allra útflutningslanda sinna, nema þær sölur eru undanskildar, sem gerðar eru gegn óafturkallanlegum ábyrgðum og þær, sem greiddar eru fyrirfram.

ECIC-stofnunin í Kanada er ætíð reiðubúin til að sleppa úr nokkrum löndum, svo lengi sem þau, sem eftir eru til tryggingar, veiti ECIC nægilega áhættudreifingu. En landavalið getur orðið kostnaðarsamt. Sum af fyrstu tjónum ECIC (vegna stjórnmálaáhættu) urðu í löndum, sem útflytjendur hefðu viljað sleppa úr, vegna þess að þeim fannst áhættan engin. Reynsla ECIC-stofnunarinnar í Kanada hefur sannað, að það er raunverulega hætta á tapi vegna útflutnings til hvaða lands sem er í heiminum.

Notkun tryggingaskírteinis í fjáröflunarskyni.

Útflytjandi, sem hefur tryggt kröfur sínar á erlenda kaupendur, mun geta notað ábyrgðarskírteinið sem fjáröflunartæki. Í mörgum tilfellum veitir banki frekar lán eða víxillán, þegar hann veit, að lánsáhættunni vegna erlendra kaupenda er mætt af tryggum aðila. Þegar útflytjandinn hefur móttekið skírteinið, getur hann skriflega sótt um samþykki stofnunarinnar til að flytja réttinn til hugsanlegrar endurgreiðslu til viðkomandi banka. Stofnunin getur þá í almennu bréfi til útflytjandans veitt leyfið, og um leið tilkynnt það til bankans.

Ef svo vill til, að skaðinn skeður og fellur innan ramma tryggingaskilmála stofnunarinnar, þá greiðir hún bæturnar til bankans.

9.4 Sérstakar ábyrgðir.

Fjármögnunarábyrgðir.

Þær hafa þann tilgang að auðvelda útflytjanda að fá nauðsynleg lán, sem gera útflutningsviðskipti möguleg. Þótt ástæðan fyrir lánsábyrgðinni sé lán eða gjaldfrestur útflytjanda til erlends kaupanda, þá er fjármögnunarábyrgðin bundin við bankalán til útflytjanda. Hún mætir engri áhættu fyrir útflytjandann, sem sjálfur er ábyrgur fyrir því, að lánið verði greitt. Tryggingastofnunin hefur þannig fulla kröfu um endurgreiðslu (regres) gagnvart honum fyrir hugsanlegum greiðslum vegna ábyrgðarinnar. Ábyrgðin getur tekið til lána, sem fara til að fjármagna lager af útflutningsvörum erlendis eða vegna framleiðslu og sölu vegna fastra samninga.

Lán til útvegunar á vélum eða öðru þess háttar heyra ekki undir slíkar ábyrgðir. Ábyrgðin tekur gildi við ábyrgðaryfirlýsingu til viðkomandi banka, þar sem stofnunin tekur að sér að mæta 50%—75% af hugsanlegu tapi bankans vegna nánar tiltekins láns bankans til útflytjandans.

Ábyrgðir vegna verktakastarfsemi erlendis.

Samningur um framkvæmd verkefnis erlendis getur verið viðfangsefni fyrir venjulega lánsábyrgð, sem taki til greiðsluskyldu semjanda. Í sambandi við slíka samninga verður verktaki samt sem áður, hvað sig snertir, að setja ýmsar tryggingar gagnvart verksala, til dæmis tilboðstryggingu „bid bonds", fulllúkningartryggingu „performance bonds" og í komandi tilfellum fyrirframgreiðslutryggingu „advance payments guaranties". Það er yfirleitt verkefni banka eða tryggingafélaga að setja slíka tryggingu. Tryggingarstofnunin hefur í vissum tilfellum, t. d. ef um mjög stóra samninga er að ræða, möguleika til að taka þátt í slíkri tryggingaveitingu, ef slíkt væri nauðsynlegt, til að af gerð samnings gæti orðið. Þátttaka stofnunarinnar yrði venjulega endurtrygging (þó ekki meiri en 50% af ábyrgð bankans eða tryggingafélagsins).

Í alveg sérstökum tilfellum getur stofnunin einnig veitt slíkar ábyrgðir beint gagnvart hinum erlenda verksala.

Ábyrgðir vegna útflutningssóknar (eksport fremstöd)

Sem sérstakur stuðningur fyrir útflutningsstarfsemi á mörkuðum í Bandaríkjunum, Kanada og öðrum dollaramörkuðum, var í byrjun sjötta áratugsins gefin heimild til að veita sérstakar áhættutryggingar. Þessi tegund áhættutrygginga var seinna látin taka til annarra markaða.

Meðan lánstrygging miðast alltaf við frágenginn sölusamning, hafa þessar tryggingar eða ábyrgðir víðara notkunarsvið, að því marki, sem trygging getur náð til áhættu í sambandi við útflutningssókn og ýmsa þætti hennar, t. d. auglýsingaútgjöld, kostnað vegna annarrar starfsemi, birgðavörzlu o. s. frv.

Ábyrgðarskyldan takmarkast yfirleitt við 50% af hugsanlegu tapi viðkomandi útflytjanda. Í framkvæmd hefur ábyrgðin það form, að gerður er samningur milli tryggingarsala og viðkomandi útflytjanda, sem nær yfir ákveðið tímabil (3—5 ár). Ábyrgðirnar, sem annars hafa verið lítið notaðar, er erfitt að staðla, hvað form snertir, þar eð þær verður að sníða eftir þörfum einstakra útflytjenda.

Ríkisábyrgðir með sérstökum kjörum til þróunarlanda og fjárfestingar í þróunarlandi.

Þessar ábyrgðir eru veittar til þess að örva tilfærslu fjármagnsfrekra vara og fjárfestingar í þróunarlandi, sem liður í „viðskiptalegri aðstoð" við þessi lönd. Mál þessi fá afgreiðslu í samráði við Norsk utviklingshjelp. Það er tryggingastofnunin, sem tekur ákvörðun um ábyrgðina, en skv. meðmælum NU,

Í samþykkt norska stórþingsins segir, að veita megi útflytjanda ábyrgð, ef útflutningur eða fjárfesting „stuðlar að mikilsverðum hagvexti eða leggur grundvöllinn að mikilsverðum hagvexti í viðkomandi landi.“ Hinir sérstöku skilmálar eru þeir, að lánstíminn getur farið fram úr mörkum, sem gilda fyrir venjulegar útflutningsábyrgðir og krafizt er stjórnunarþóknunar í stað iðgjalds[1]).

Samkvæmt tilgangi sínum eru það bara fjármagnsvörur, sem heyra undir þessar reglur, og einnig verða viðskipti að vera af ákveðinni stærð, þótt ekki sé ákveðið neitt lágmark.

Lánstími, sem samþykktur er vegna venjulegra útflutningsábyrgða, er almennt takmarkaður við 5 ár (undantekning 6—7 ár), fyrir nýbyggingar skipa eru nokkuð lengri frestir.

Fyrir þróunarland er oft spurning um lengri lánsfrest fyrir meiri háttar viðskipti upp í 10 ár og í vissum tilfellum lengur.

9.5 Íslenzk viðhorf.

Hér hefur nú verið greint að nokkru frá skipulagi þessara mála í Noregi og Kanada. En hvað um Ísland? Í skemmstu máli er það að segja, að slíkt kerfi er ekki við lýði hér á landi. Iðnaðurinn hefur farið fram á, að kerfi með þessu sniði verði komið á hér, en ekki hefur orðið úr framkvæmdum enn.

Í lítilli könnun, er höfundur gerði í október s. l. á skoðunum íslenzkra útflytjenda til ýmissa atriða útflutningsmála, var spurt um viðhorf þeirra til útflutningslánaábyrgða. Spurningin hljóðaði þannig: „Teljið þér, að ríkið eigi að veita ríkisábyrgðir vegna sérlega áhættusams útflutnings? Já / nei“. Af þeim 30, sem fengu spurningalista, svöruðu 18, eða 18/30 = 60% úrtaksins, en þetta mun vera um 45% útflytjenda í landinu. Af þeim 18, sem þátt tóku í könnuninni, svöruðu 13 eða 72% já, 2 eða 11% nei og 3 eða 17% tóku ekki afstöðu.

Þeir, sem svöruðu neitandi, gáfu þær skýringar, að hætta væri á, að þetta yrði misnotað og gerði útflytjendur aðeins kærulausa við val kaupenda. Aðrir töldu þetta vera mikið matsatriði, gæti komið sumum að gagni, eins og t. d. útflytjendum iðnaðarvara, en skipti ekki máli fyrir aðra.

Það er ekki vafamál, að aukist útflutningur íslenzkra iðnaðarvara á næstu árum, sem við skulum vona, þá munu Íslendingar þurfa að koma slíku kerfi á fót til þess að vera samkeppnishæfir við t. d. Dani og Norðmenn. Sérstaklega geri ég ráð fyrir, að slíkt kerfi verði nauðsynlegt, ef Íslendingar hyggjast auka útflutning til hinna miður þróuðu ríkja, t. d. í Suður-Ameríku og Afríku.

---

1) Á fundi, sem nýlega var haldinn í Amsterdam í Hollandi, að undirlagi Sameinuðu þjóðanna, og fjallaði um fjárfestingu erlendra einkaaðila í þróunarlöndunum, kom fram, að engin þeirra þjóða, sem veita þegnum sínum tryggingu gegn stjórnmálaáhættum vegna nýrrar fjárfestingar í þróunarlöndunum, hefur orðið fyrir alvarlegum skakkaföllum, þrátt fyrir að 52 byltingar hafi átt sér stað í þróunarlöndunum á síðastliðnum 10 árum. Á meðal hinna „heppnu“ tryggingaþjóða eru Bandaríkin, Þýzkaland, Japan, Ástralía, Danmörk, Noregur, Holland og Sviss.

Einnig var rætt um það á fundinum, að margir kostir fylgdu því, að sérstök alþjóðleg stofnun sæi um tryggingar vegna fjárfestingar í þróunarlöndunum og smáar jafnt sem stórþjóðir ættu aðild að. Meðal kostanna væri það, að viðkomandi þróunarland yrði að verja þær pólitísku aðgerðir, sem stofnuðu hinni erlendu fjárfestingu í hættu. Alþjóðabankinn gerði fyrir nokkrum árum frumdrög að skipulagsskrá fyrir slíka alþjóðastofnun, en bankinn hefur ekki hrint máli þessu í framkvæmd ennþá. (*The Economist*, í marz 1968).

Heimildir: *Eksport Markedsföring*, útg. Norges Eksportskole 1967. *Den danske eksport kreditordning*, útg. Köb. 1961. *Export Credits Insurances*, útg. Viðskiptaráðuneyti Kanada, 1961.

10. Horfur í einstökum iðngreinum með tilliti til hugsanlegrar EFTA-aðildar.

10.1 Inngangur.

Hér verður ekki gerð grein fyrir hverri einstakri iðngrein, heldur fyrst og fremst þeim, sem mestrar tollverndar njóta og falla undir fríverzlunarákvæði stofnsamnings EFTA, og þá jafnframt þeim, sem búast má við, að lendi í erfiðari samkeppni en áður. Þær tölur, sem tilfærðar eru í yfirlitstöflum, er flestar að finna í 5. kafla. Ekki verður þó farið nákvæmlega eftir flokkuninni samkvæmt markaðsaðstöðu í fyrri köflum. *Rétt er að undirstrika einu sinni enn, að niðurstöðurnar eru ekki áreiðanlegri en þær upplýsingar, sem unnið er úr.*

10.2 Brauð- og kökugerð.

Tafla 14. Yfirlit þróunar í brauð- og kökugerð.

	1968	Þróun 1964—1968
1. Ágóði eftir skatt (þús. kr.)	÷4 043	Niður á við
2. Mannár	414	Hækkun '64—'66, síðan lækkun
3. Fjöldi fyrirtækja	71	
4. Vísitala framleiðslumagns (1965 = 100)	[1])105.4	Sveiflukennd[2])
5. Vísitala framleiðni (1965 = 100)	[1])97.6	Niður á við[2])
6. Vergt vinnsluvirði á mannár (þús. kr.) ..		
7. Tollur á fullunnum vörum (í %)	80	Á frílista og tollur úr 125% í 100% 1964, og 100% í 80% árið 1968.
8. Veginn meðalt. hráefna og umbúða (í %)	[3])3—5	

Það virðist vera hefð að telja brauð- og kökugerð til lítt eða ekki tollverndaðs iðnaðar, en aftur á móti kexgerð til tollverndaðs iðnaðar (sbr. skýrslu Haars 1963 og skýrslu um Fríverzlunarsamtök Evrópu 1968). Er þetta sennilega komið til af því, að aðalhráefni í brauð- og kökugerð eru hveiti og sykur, sem nú eru tollfrjáls. Hins vegar hefur þess ekki verið gætt, að hið sama gildir um kexgerð, og er veginn meðaltollur þar um 5%, sbr. töflu 16 hér á eftir. Þessi „mismunur" á brauð- og kökugerð og kexgerð virðist því óraunhæfur.

Áður en lengra er haldið, er rétt að líta á töflu 15. Í Verzlunarskýrslum eru „kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur" saman í flokki. Þess vegna er erfitt að gera sér nákvæma grein fyrir þróun innflutnings í kökum og kexi, sitt í hvoru lagi. Sömuleiðis eru „vélar til brauð- og kexgerðar" flokkaðar saman. Tafla 15 gefur eigi að síður nokkra hugmynd um þróun mála. Þar sést, að innlend framleiðsla á „brauðum, skonroki og öðrum brauðvörum" hefur aukizt að magni til, og markaðshlutdeild íslenzkrar framleiðslu haldizt svo til óbreytt 1964—1967. Hins

1) Talan er fyrir 1967.
2) 1964—1967.
3) Talan er ágizkun. Í flestum öðrum iðngreinum er stuðzt við upplýsingar af fyrirspurnarblaði.

vegar hefur innlend framleiðsla á kökum verið nokkuð skrykkjótt. Svo til sama magn var framleitt 1964 og 1966 annars vegar, og 1965 og 1967 hins vegar. Jafnframt hefur innflutningur á kökum minnkað síðan 1965, en 1964—1965 jókst innflutningur verulega (sbr. hinar heitu umræður um danska tertubotna, sem áttu sér stað).

Markaðshlutdeild íslenzkrar kökuframleiðslu hefur aukizt síðan 1965, enda þótt heildarneyzla hafi minnkað. Söluhorfur eru tiltölulega góðar fyrir 1969.

Það kemur einnig fram í töflu 15, að innflutningur á vélum og tækjum hefur verið verulegur 1964—1967, t. d. miðað við skyldar iðngreinar, sbr. síðar. (Hagsveifluvog iðnaðarins gefur hér einna mest útslag).

Tafla 15. Innflutningur og innlend framleiðsla á brauði, kökum og kexi, svo og innflutningur á vélum og tækjum til brauð- og kökugerðar 1964—1967.

	1964	1965	1966	1967
19.07.00 Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur (tonn)				
a) Innflutningur	108.1	89.0	94.8	95.1
b) Innlend framleiðsla	5 580.0	5 559.0	6 203.0	6 385.0
c) Samtals	5 688.1	5 648.0	6 297.8	6 480.1
d) Hlutdeild ísl. framleiðslu í %	98.1	98.4	98.5	98.5
19.08.00 Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur (tonn)[1]				
a) Innflutningur	465.3	929.0	705.0	636.0
b) Innlend kökuframleiðsla	847.0	794.0	849.0	796.0
c) Innlend kexframleiðsla	828.0	644.0	548.0	510.0
d) Samtals	2 140.3	2 367.0	2 102.0	1 942.0
e) Hlutdeild ísl. framleiðslu í %	78.3	60.8	67.5	67.3
84.30.01 Innflutningur á vélum, tækjum til brauð- og kexgerðir, cif-verðmæti (þús. kr.) á verðlagi hvers árs	2 308	2 224	3 397	2 030

Hver er þá ástæða hinnar óhagstæðu þróunar ágóða eftir skatt, sem fram kemur í töflu 14?

Hér held ég, að um sé að ræða áhrif verðlagsákvæða ásamt viðbrögðum framleiðenda við þeim. Sem kunnugt er, gilda hámarksákvæði um verð á brauði, en ekki kökum (nema vínarbrauðum). Er því ekki ósennilegt, að framleiðendur hafi hækkað kökuverð (m. a. vegna aukins kostnaðar) tiltölulega meira en ella, því að þá hefðu þeir jafnað verðhækkununum niður á allar framleiddar tegundir. Þar sem gera má ráð fyrir, að kökur séu „verðteygnari" en brauðvörur, dregur þetta úr eftirspurðu magni, að öðru jöfnu. Þar á ofan bætist, að kökur eru „tekjuteygnari", svo að efnahagsleg áföll alls almennings hafa sennilega gert kökukaup almennings minni en ella. Þetta er einnig reynsla Brauðs h.f., sem má segja, að sé eina brauðverksmiðjan hér á landi. Fyrirtækinu fannst brauðmarkaðurinn of lítill og hóf kökuframleiðslu.

1) Súkkulaðikex („Prince Polo" og þess háttar) telst til tollskr. nr. 18.06.09 og er því ekki meðtalið hér.

Þrátt fyrir þá óhagstæðu þróun, sem raun ber vitni, er ekki ástæða til að ætla, að þátttaka í EFTA hefði veruleg áhrif á brauð- og kökugerð. Aðalástæðurnar fyrir því eru þessar:

a) Ekki allar vörutegundir falla undir fríverzlunarákvæði EFTA.
b) Talsverður hluti framleiðslunnar nýtur fjarlægðarverndar.
c) Það er almenn reynsla, að með bættum efnahag fólks minnkar heimabakstur og kaup á tilbúnum (brauð- og) kökutegundum aukast. Neyzla tilbúinna kökutegunda á mann ætti því að fara vaxandi. Auk þess eykst heildarneyzlan vegna fólksfjölgunar. Hins vegar gæti öfug þróun átt sér stað með brauðneyzlu. Þetta er hvort tveggja óskylt EFTA.
d) Smekk fólks verður ekki breytt í einni svipan, og innlendir framleiðendur hafa betri möguleika til að aðhæfa framleiðsluna smekk fólks hér á landi en erlendir framleiðendur. Hér verður þó að benda á, að bakarar telja sig í sumum tilfellum fá lélegra hráefni en starfsbræður þeirra erlendis. T. d. telja þeir íslenzkt smjörlíki gæðaminna en danskt og innflutningur á sumum hráefnistegundum ekki tryggður, t. d. möndlum[1]). Smjörlíki fellur undir landbúnaðarvörur (sbr. tollur 15.13 í viðauka D í EFTA-skýrslunni) og verður því ekki fríverzlunarvara við inngöngu í EFTA. Þetta vandamál stafar af innflutningsbanni okkar á landbúnaðarafurðum[2]), og væri ráðlegt, að íslenzkir hráefniskaupendur, íslenzkir hráefnisframleiðendur og yfirvöld ræddu slík mál sameiginlega til að finna viðunandi lausn á þeim.

   Hins vegar ættu bakarar að geta notað heildarsamtök sér meira til framdráttar en verið hefur, t. d. að gera sameiginleg innkaup, og auglýsa sameiginlega, tryggja innflutning á vissum hráefnum o. s. frv. Bakarar höfðu með sér innkaupasamband áður fyrr, sem lagðist niður, en auðvitað fer akkur að slíkum samtökum eftir því, hvernig er á málum haldið.
e) Þrátt fyrir talsverða vélvæðingu, er fjármagn á mannár tiltölulega lágt (var 167 þúsund 1968). Bendir þetta til þess, að vélarnar dreifist á marga aðila og nýtist því illa. Af þessu leiðir lága arðsemi á fjármagnseiningu (eða 3.76% 1968). Virðist því betri nýting æskileg, hvort sem gengið verður í EFTA eða ekki.

Ég tel vandamál brauð- og kökugerðar innlent og óskylt EFTA, a. m. k. í öllum aðalatriðum.

10.3 Kexgerð.

Tafla 16. Yfirlit þróunar í kexgerð.

	1968	Þróun 1964—1968
1. Ágóði eftir skatt (þús. kr.)	258	Neikvæður 1964—1966
2. Mannár	67	Fækkandi
3. Fjöldi fyrirtækja	3	Fækkandi
4. Vísitala framleiðslumagns (1965 = 100)	[3])79.2	Lækkandi[4])
5. Vísitala framleiðni (1965 = 100)	[3])104.1	Vaxandi[4])
6. Vergt vinnsluvirði á mannár (þús. kr.)	169	Vex ört
7. Tollur á fullunnum vörum (í %)	80	Á frílista, og tollur úr 125% í 100% árið 1964, og úr 100% í 80% 1968.
8. Veginn meðalt. hráefna og umbúða (í %)	5	

1) Þetta kom fram á fundi með fulltrúum framleiðenda í starfsnefndum vegna EFTA, 30. okt. 1969.
2) Sbr. einnig það, sem sagt verður um mjólkurduft í sælgætisframleiðslu.
3) Talan er fyrir 1967.
4) 1964—1967.

Eins og tafla 16 ber með sér, hefur þróun ágóða eftir skatt verið í rétta átt, en tap var á árunum 1964—1966. Horfur eru allgóðar fyrir árið 1969, miðað við síðustu ár. Kexgerð hefur orðið að horfast í augu við frjálsan innflutning síðan 1964. Þrátt fyrir háa tollvernd (en 80% tollur er á fullunnum vörum, og veginn meðaltollur hráefna og umbúða er um 5% árið 1968), hefur innlend framleiðsla dregizt saman, starfsfólki og fyrirtækjum fækkað síðan 1961 (fyrirtækjum úr 5 árið 1960 í 3 árið 1968). Einkum hefur þessi neikvæða þróun verið ör síðan 1964. Framleiðni hefur hins vegar aukizt, og vergt vinnsluvirði á mann hefur aukizt stórlega og það t. d. mun meira en í sælgætisgerð og öl- og gosdrykkjagerð, sem hafa notið algerrar innflutningsverndar. Þetta ásamt nýju gengi íslenzku krónunnar, er eflaust orsök bættrar afkomu 1967 og 1968. Eigi að síður hefur vergt vinnsluvirði á mannár verið með því lægsta í íslenzkum iðnaði 1964—1968.

Í Verzlunarskýrslum er kex flokkað með brauði og kökum. Tafla 15 sýnir þær tölur, sem fyrir hendi eru.

Um 66% hráefna og umbúða eru innfluttar (en allar umbúðir sennilega innlendar). Hveiti og sykur eru þau erlend aðföng, sem vega þyngst á metunum. Þessi hráefni eru tollfrjáls (og koma frá löndum utan EFTA). Þess vegna er ógerningur að halda „hreinni tollvernd“ (skv. skýrgreiningu Haars) óbreyttri við inngöngu í EFTA. Um 50% starfsmanna hafa starfað lengur en 5 ár og talsverður hluti starfsliðsins eru konur, eða um 75%.

Athyglisvert er, að þrátt fyrir fækkun starfsliðs (mannára) á undanförnum árum, er fjármagn á mannár aðeins 211 þús. kr. árið 1968, sem er líkt og í „handverksgreinum“, eins og leðurgerð og skartgripasmíði. Jafnframt er afkastageta ekki fullnýtt.

Af því, sem hér hefur verið sagt, er ljóst, að kexgerð á erfiða daga, ef af EFTA-aðild verður, enda þótt nokkuð hafi lærzt í samkeppni á undanförnum árum (sbr. hina miklu aukningu vinnsluvirðis á mannár). Aðstaðan til að mæta harðri samkeppni er öllu erfiðari fyrir þá sök, að það tap, er varð 1964—66 hefur ekki unnizt upp aftur, að sjálfvirkni er ekki nægileg og að meðal-hráefnistollur er það lágur, að ómögulegt er að halda tollvernd óskertri í fyrsta áfanga tollalækkana, ef afurðatollur lækkar um 30%.

Ef markaðshlutdeild íslenzkrar kexframleiðslu á að haldast óbreytt frá því, sem nú er — hvað þá heldur að aukast — verður talsvert átak að koma til. Hef ég hvorki aðstöðu né kunnáttu til að segja nákvæmlega til um, hvað til bragðs skuli taka. Þó eru nokkur atriði, sem gefa ástæðu til nokkurrar bjartsýni:

a) Tvær kexverksmiðjur — af þeim þremur, sem starfandi eru — sjá um meginið að innlendri framleiðslu (eða um 93.9%). Nokkurn veginn sömu eigendur munu og vera að þessum tveimur verksmiðjum. Ætti því að vera hægt um vik að hagræða framleiðslunni sem bezt og erlend tækniaðstoð ætti að nýtast vel.

b) Framleiðslan virðist samkeppnishæf, hvað verð snertir (í dag).

c) Búast má við, að með auknum tekjum minnki heimabakstur, og að þetta leiði, að öðru jöfnu, til tiltölulega vaxandi kaupa á tilbúnum kökum og kexi.
Í mörgum tilfellum má nota sömu vélar til kex- og kökugerðar, þannig að ýmsir möguleikar eru fyrir hendi, enda þótt keppa verði við innlenda kökuframleiðslu.

d) Hluti framleiðslunnar er þess eðlis, að um takmarkað geymsluþol er að ræða og skammur afhendingarfrestur til verzlana er einnig samkeppnistæki.

e) Með því að gera markaðskannanir, m. a. með tilliti til útlits umbúða og gæða vörunnar, og með talsverðum auglýsingum, virðist mega fá talsverðu áorkað. Er ráðlegt að veita fyrirtækjunum tækniaðstoð þegar í upphafi aðlögunartímabilsins til að kanna heppilegan framleiðslugrundvöll og söluaðferðir.

f) Stærsta verksmiðjan hefur kaup á nýjum vélum í huga 1969 til að auka sjálfvirkni, sem ætti að bæta samkeppnisaðstöðu og bera vott um, að stjórnendur fyrirtækisins eru ekki svo svartsýnir á framtíðina, þrátt fyrir allt.

g) Þegar talað er um, að vissar iðngreinar leggist í rúst við inngöngu í EFTA, er hollt að hafa í huga, að ekki lagðist allt í rúst 1966, en segja má, að rétt fyrir síðustu tvær gengisbreytingar hafi gengisverndin verið orðin það lág, að hún hafi „etið upp" tollverndina í sumum tilfellum. Vissulega var afkoma slæm í kexgerð 1966. Mér er ekki grunlaust um, að innflutningsfrelsið 1964 hafi haft meiri áhrif á innlenda kexframleiðslu en EFTA-aðild kæmi til með að hafa. Hvort tveggja er, að framleiðendur eru reynslunni ríkari og vita betur, hvernig bregðast skuli við aukinni samkeppni.

Að öllu samanlögðu tel ég mjög athugandi að veita kexframleiðendum tæknilega aðstoð sem fyrst til að gera markaðsrannsókn til að ákveða val framleiðslutegunda og til að ákveða vélbúnað og sjálfvirkni í samræmi við heppilegustu framleiðslutilhögun í framtíðinni.

10.4 Sælgætisgerð.

Tafla 17. Yfirlit þróunar í sælgætisgerð.

	1968	Þróun 1964—1968
1. Ágóði eftir skatt (þús. kr.)	1 955	Nokkuð stöðugur nema 1968
2. Mannár	257	Fjölgar nema 1968
3. Fjöldi fyrirtækja	32	Stöðugur frá 1965
4. Vísitala framleiðslumagns (1965 = 100)	[1])121.1	Vaxandi[2])
5. Vísitala framleiðni (1965 = 100)	[1])112.8	Vaxandi[2])
6. Vergt vinnsluvirði á mannár (þús. kr.) ..	221	Vaxandi nema 1968
7. Tollur á fullunnum vörum í %	Innflutningsbann[3])	
8. Veginn meðalt. hráefna og umbúða (í %)	34	Óbreyttur

Af töflu 17 má ráða, að um fremur hagstæða þróun er að ræða 1964—1967. Það er þó erfitt að meta, hvers virði tölur um afkomu sælgætisgerðar eru, þar sem svo til algert innflutningsbann hefur ríkt. Versnandi afkoma 1968 hlýtur einkum að stafa af versnandi afkomu þjóðarinnar í heild 1967 og 1968.

Einnig er erlendur hluti hráefna og umbúða verulegur (eða um 50% 1968), þannig að talsverðar verðhækkanir hafa orðið á framleiðslunni, en hærra verð dregur úr eftirspurn að öðru jöfnu.

Samkvæmt síðustu Hagsveifluvog iðnaðarins (í júlí 1969) er búizt við betri nýtingu afkastagetu en áður, og talsvert er um fyrirhugaðar fjárfestingar á árinu.

Þar sem áætlað er lengra aðlögunartímabil fyrir sælgæti en flestar aðrar vörur, ef gengið verður í EFTA, er lítil ástæða til að bera kvíðboga fyrir þróuninni næstu 5 árin. Hins vegar hlýtur að draga að því, að til harðrar samkeppni komi, og blandast þar engum hugur um, að til vandræða geti horft í iðngreininni, ef róttækar breytingar verða ekki á uppbyggingu hennar. Má búast við, að fyrirtækjum fækki og að koma verði á hagræðingu með sem mestum vinnuaflssparnaði til að standast samkeppni.

1) Talan er fyrir 1967.
2) 1964—1967.
3) Súkkulaðikex er þó flutt inn, en á því er 100% tollur (sbr. tollskrnr. 18.06.09).

Tafla 18. Verðmismunur á erlendu og innlendu sælgæti og mjólkurdufti.

I. Sælgæti. Súkkulaði í 100 gr pakkningum.	Norskt	Enskt	Íslenzkt
a) Fob-verð/kg		109.60	
b) Cif-verð/kg	106.36	116.00 (áætlað)	
c) 35% heildsöluálag	37.23	40.60	
d) Heildsöluverð/kg	143.59	156.60	[1])239.00
e) Verðmismunur miðað við íslenzkt í kr. og %	95.41 (40%)	82.40 (34%)	

II. Mjólkurduft[2]).	Ísland	Heimsmarkaður
Nýmjólkurduft, heildsöluverð á tonn í kr.	106 500	34 943
Undanrennuduft, heildsöluverð á tonn í kr.	40 700	11 453
Íslenzkt nýmjólkurduft er 205% dýrara en erlent.		
Íslenzkt undanrennuduft er 255% dýrara en erlent.		

Heimild: Sælgætisframleiðendur.

Verðsamanburður á innlendri og erlendri framleiðslu virðist mjög óhagstæður íslenzkri framleiðslu í dag. Kemur þar ekki eingöngu til framleiðsluvanhæfni fyrirtækjanna í sumum tilfellum (miðað við frjálsa samkeppni), heldur einnig hátt verð á íslenzkri þurrmjólk (nýmjólkurdufti), sem er talsverður hluti aðfanga, eða um 17% af verðmæti allra hráefna og umbúða. (Hins vegar eru hráefni og umbúðir (samtals) jöfnum höndum innlend og erlend).

Innflutningur á vélum og tækjum síðan 1960 hefur verið sem hér segir:

Tafla 19. Innflutningur á vélum og tækjum til súkkulaði- og sykurvörugerðar 1960—1967. Cif.verðmæti (þús. kr.), á verðlagi hvers árs.

Ár	Innflutningur[3])	Ár	Innflutningur[4])
1960	368	1964	553
1961	625	1965	1 028
1962	1 089	1966	402
1963	2 020	1967	1 926

Heimild: Verzlunarskýrslur.

Ef þessar tölur eru bornar saman við innflutning „véla og tækja til brauð- og kexgerðar" í töflu 15, kemur nokkuð ólík mynd í ljós. Endurnýjun á vélakosti virðist hafa verið mun meiri í brauð- og kexgerð 1964—1967 en í sælgætisgerð, jafnvel miðað við framleiðsluverðmæti iðngreinanna, en innflutningur á vélum og tækjum til brauð- og kexgerða nemur nálægt 10 milljónum, eða 156% meiru en innflutningur á vélum og tækjum til sælgætisgerðar á þessu tímabili, sem nam 3.9 milljónum króna. Framleiðslutekjur voru hins vegar áætlaðar um 32% hærri í brauð-, köku- og kexgerð en í sælgætisgerð árið 1968. Véla- og tækjakaup voru einnig meiri í brauð-, köku- og kexgerð 1960—1963 en í sælgætisgerð, skv. Verzl-

1) Án framleiðslugjalds.
2) Sbr. verðupplýsingar 29. maí 1969.
3) Vélar til brjóstsykurs-, súkkulaði- og lakkrísgerðar (711), skv. Verzlunarskýrslum 1960—1963.
4) Verzlunarskýrslur 1964—1967 (tollskrárnr. 84.30.02).

unarskýrslum. Þó varð talsverð endurnýjun á vélakosti í sælgætisgerð 1961—1963 (sbr. töflu 19) og meiri en í brauð-, köku- og kexgerð (samtals) einstök ár, eða 1961 og 1962. Þar sem vélar afskrifast lögum samkvæmt um 90% af innkaupsverði á 5 árum (þ. e. um 18% á ári), ættu að réttu lagi véla- og tækjakaup að vera afskrifuð í sælgætisgerð (sbr. þó það, sem sagt er um áhrif verðbólgunnar á afskriftir skv. bókfærðu verði í 6. kafla).

Sá mismunur, sem fram kemur í vélvæðingunni, kann að eiga sér margar orsakir. Dettur mér í hug, að þetta sé einkum vegna þess, að vélar og tæki dreifast á fleiri fyrirtæki í brauð- og kökugerð. Þessi skoðun fær stuðning í því, að fjármagn á mannár var meira í sælgætisgerð 1968, eða 400 þús. kr. á móti 167 þús. kr. Sömuleiðis var arðsemi í sælgætisgerð meiri, eða 11.07% á móti 3.76% í brauð- og kökugerð. Samanborið við kexgerð virðist sjálfvirkni vera meiri í sælgætisgerð og álíka mikill hluti starfsliðs konur, eða um 75%.

Í samanburði við Norðurlönd starfa hér tiltölulega margir sælgætisframleiðendur, og af innflutningi véla og tækja virðist mega ráða, að um mikla endurnýjunarþörf sé að ræða í greininni. Jafnframt er raunhæft að gera ráð fyrir, að með nýjum vélbúnaði fylgi aukin sjálfvirkni. Bæði í kex- og sælgætisgerð gæti þetta leitt til fólksfækkunar, en varla er hægt að telja slíkt óæskilegt, ef unnt er að útvega fólkinu vinnu í öðrum iðnaði og framleiðni eykst.

Af því, sem hér hefur verið rakið, virðist mega draga þá ályktun, að aðlögunarvandamál sælgætisgerðar beri einkum að leysa með endurnýjun á vélakosti samfara samruna einstakra fyrirtækja. En til að auðvelda slíkan samruna verður að breyta skattalögunum (sbr. 6. kafla). *Jafnframt verður að athuga, hvort samstarf við erlenda framleiðendur komi ekki til greina, og lækka innlent þurrmjólkurverð til samræmis við heimsmarkað.*

Ef að líkum lætur, þyrfti iðngreinin tíma til að aðlaga sig innflutningsfrelsi, enda þótt tollvernd væri óbreytt. Að vísu er íslenzkt sælgæti selt á Keflavíkurflugvelli og í flugvélum, en tæplega hefur fengizt varanleg reynsla fyrir samkeppnisaðstöðu með því móti.

Ég tel það því vel ráðið að veita sælgætisframleiðendum lengri aðlögunarfrest en flestum öðrum greinum. Hins vegar er ég ekki viss um, að jafnskynsamlegt sé að setja sælgæti á frílista fyrst 1972. Væri ekki bezt fyrir framleiðendur að vita talsvert, áður en til tollalækkana kæmi, hvaða framleiðslu þeir þurfa einkum að keppa við? En um slíkt er erfitt að spá fyrirfram, og eru þar viðbrögð neytenda bezti mælikvarðinn. Er ekki ólíklegt, að reynsla fengist þá fyrir því, á hvaða sviðum bæri að sérhæfa sig, en slíkt væri að sjálfsögðu hagkvæmt að vita, *áður en* valinn er nýr vélakostur. Sömuleiðis gæti frestur valdið því, að framleiðendur streittust á móti samruna og vélvæddust hver í sínu lagi, sem svo aftur gæti haft vannýtingu afkastagetu í för með sér og meiri „fjárfestingarskekkju".

Á hinn bóginn má segja, að 1975 verða þær vélar, sem keyptar yrðu 1970, að mestu afskrifaðar og því kostnaður vegna hugsanlegrar rangrar fjárfestingar minni.

Einnig má velta því fyrir sér, hvort framleiðendur mundu yfirleitt sjá sér hag í því að endurnýja vélakost, hver í sínu lagi, fyrr en til kastanna kemur, því að það „kostar" auðvitað talsvert að sitja uppi með vannýttar vélar í 5 ár og óvissa nýtingu eftir þann tíma. Hugsi framleiðendur þannig, er innflutningsbann gálgafrestur".

Að síðustu má ekki gleyma því, að um gæðavandamál er að ræða, sem tækifæri væri til að leysa á því tímabili, sem innflutningsvernd verður við lýði.

10.5 Öl- og gosdrykkjagerð.

Tafla 20. Yfirlit þróunar í öl- og gosdrykkjagerð.

	1968	Þróun 1964—1968
1. Ágóði eftir skatt (þús. kr.)	÷332	Sveiflukenndur, en þó niður á við (Sana h.f.)
2. Mannár	216	Fjölgar jafnt og þétt, nema 1968
3. Fjöldi fyrirtækja	[1])5	Stöðugur frá 1965[2])
4. Vísitala framleiðslumagns (1965 = 100)	[1])124.6	Vaxandi[2])
5. Vísitala framleiðni (1965 = 100)	117.4	Sveiflukennd (milli 100 og 117)
6. Vergt vinnsluvirði á mannár (þús. kr.) ..	285	Vex hægt, nema lækkar 1965
7. Tollur á fullunnum vörum (í %)	Innflutningsbann	
8. Veginn meðalt. hráefna og umbúða (í %)	28	

Fyrirhugað er, að gosdrykkir, nema óáfengt öl, fari á frílista í upphafi aðlögunartímabilsins.

Öl- og gosdrykkjagerð er tekin með í þessu yfirliti um einstakar iðngreinar, enda þótt ég sjái ekki ástæðu til að óttast, að EFTA-aðild kynni að hafa veruleg áhrif á afkomu þessarar iðngreinar. Ástæðan er einfaldlega sú, að sú framleiðsla, sem hér um ræðir, nýtur mikillar fjarlægðarverndar.

Miðað við núverandi flutningsgjöld, nemur flutningskostnaður á hverja (tóma) flösku 3 kr. frá Kaupmannahöfn og 2.55 kr. frá Bretlandi (Hull og Leith). Er þá reiknað með pappaöskjum og engri rýrnun. Einnig er gert ráð fyrir, að gler yrði ekki flutt út aftur, enda óraunhæft. Ef til ódýrra „einusinniumbúða" kæmi, gæti verið ráðlegt að banna slíkt til verndar náttúrufegurð landsins, en brögð eru að því með öðrum þjóðum, að slíkum umbúðum sé hent út um holt og hæðir. Mundi þetta vart brjóta í bága við stofnsamning EFTA, þar eð innlendum og erlendum framleiðendum yrði gert jafnhátt undir höfði.

Sá möguleiki er auðvitað alltaf fyrir hendi, að innlendir og/eða erlendir aðiljar flytji inn öl- og gosdrykki í tunnum eða belgjum og setji upp átöppunarverksmiðjur. Hins vegar hljóta þær verksmiðjur, sem fyrir eru, að hafa mjög góða aðstöðu til að taka átöppunina að sér, ef þörf krefur. Sömuleiðis er íslenzki markaðurinn það lítill, að erlend fyrirtæki sæju sér vart hagræði í því að setja hér upp gosdrykkjaverksmiðjur — ekki sízt, ef þau fá spurnir af þeirri vannýttu afkastagetu, sem fyrir hendi er. Einnig tekur verulegan tíma að venja fólk við nýja gosdrykki, nema miklar auglýsingar komi til og margar þekktustu erlendar tegundir eru þegar framleiddar hérlendis.

Þessar tegundir munu framleiddar með einkaleyfi til framleiðslu og sölu á viðkomandi vöru á íslenzka markaðinum, og útilokar það atriði eitt að verulegu leyti erlenda samkeppni[3]).

Talsverðar fjárfestingar eru fyrirhugaðar á árinu skv. hagsveifluvog iðnaðarins í júlí 1969.

Hin neikvæða þróun ágóða eftir skatt á sér innlendar orsakir. Í fyrsta lagi hefur allt fram á síðustu tíma gengið erfiðlega fyrir Sana hf. á Akureyri. Auk þess er álagning opinberra gjalda og verðlagsákvæði með þeim hætti, að þörf er gagn-

1) Talan er fyrir 1967.
2) 1964—1967.
3) E. t. v. má flytja inn eftir krókaleiðum, en hæpið er, að mikil brögð verði að því.

gerrar endurskoðunar. Eins og getið er annars staðar í þessari skýrslu (sbr. 8. kafla), er æskilegra frá framleiðendasjónarmiði að hafa heldur almenna skatta en sérskatta, eins og tappagjald og framleiðslugjald í gosdrykkjagerð. Líklegt er, að verðlagsákvæðin valdi hinni hægfara aukningu vinnsluvirðisins, sbr. töflu 20.

Þrátt fyrir aukin véla- og tækjakaup, hefur sennilega annaðhvort sjálfvirkni ekki aukizt verulega, eða vannýtt afkastageta er fyrir hendi, þar sem framleiðni hefur ekki aukizt verulega, þrátt fyrir talsverða framleiðsluaukningu (sem þýðir að atvinnumagn hefur aukizt að svo til sama skapi).

Hins vegar segir mér svo hugur um, að samkeppni við innlenda gosdrykki komi úr annarri átt en frá erlendum gosdrykkjum. Ef að líkum lætur, eru drykkjarsafar samkeppnisvörur við gosdrykki („staðkvæmdarvörur"). Eins og er, eru erlendir safar dýrir, en innlendir safar vart finnanlegir. Niðurfelling á tollum á þessum samkeppnisvörum gæti dregið úr sölu á innlendum gosdrykkjum, bæði vegna ódýrari innflutnings og gæðameiri innlendrar framleiðslu. Hins vegar sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að innlendir gosdrykkjaframleiðendur verði jafnframt safaframleiðendur í ríkara mæli en nú er (sbr. Sanitas) (þó ekki niðursoðna ávaxtasafa).

Þó að það komi ekki EFTA beinlínis við, er ekki ólíklegt, að ódýrari safar dragi einnig úr mjólkurneyzlu. Ef borið er saman við aðrar Norðurlandaþjóðir, er mjólkurdrykkja og gosdrykkjaneyzla á mann einmitt tiltölulega mikil hér á landi[1]).

Aðalatriðið er, að gosdrykkjaframleiðsla nýtur þvílíkrar fjarlægðarverndar, að fríverzlun skiptir þar litlu máli um fyrirsjáanlega framtíð. Vandamál iðngreinarinnar eru sérskattar og verðlagsákvæði.

10.6 Ullarþvottur, spuni og vefnaður.

Tafla 21. Yfirlit þróunar í ullarþvotti, spuna og vefnaði 1964—1968.

	1968	Þróun 1964—1968
1. Ágóði eftir skatt (þús. kr.)	4 252	Tap 1964—'67, mest 1965
2. Mannár	402	Fækkandi '64—'67, aukn. 1968
3. Fjöldi fyrirtækja	15	Stöðugur frá 1965
4. Vísitala framleiðslumagns[4]) (1965 = 100)	[2])105.8	Hækkandi[3])
5. Vísitala framleiðni[4]) (1965 = 100)	[2])110.3	Hækkandi[3])
6. Vergt vinnsluvirði á mannár (þús. kr.) ..	278	Hækandi, nema 1965
7. Tollur á fullunnum vörum (í %)	[4])90	Á frílista 1964
8. Veginn meðalt. hráefna og umbúða (í %)	[5])	

Í þessum flokki er um mjög sundurleita framleiðslu að ræða, eins og ullarþvott og gólfdreglagerð. Fer sumt af ullinni til útflutningsframleiðslu og getur EFTA-aðild ekki orðið þar nema til góðs. Annað er eingöngu selt innanlands, og er þar gólfdreglagerð þyngst á metunum.

Iðngreinar í þessum flokki hafa nokkra sérstöðu, vegna þess að sum fyrirtæki eru háð öðrum innlendum fyrirtækjum. Þannig framleiða t. d. flest teppafyrirtæki úr íslenzku ullarbandi, og íslenzk áklæði eru notuð að nokkru leyti í húsgagnagerð.

1) Um mjólkurdrykkju annarra Norðurlandaþjóða 1963, sjá OECD: Agricultural Projections for 1975 and 1985. Paris 1968, bls. 86.
2) Talan er fyrir 1967.
3) 1964—1967.
4) Eingöngu gólfdreglagerð. Garn 35% og dúkar 40%
5) Óvitað.

Yrðu ullarbandsframleiðendur ekki samkeppnisfærir um verð, ef til tollalækkana kæmi, gætu teppagerðarmenn farið út í að kaupa erlent band. Eitthvað mun framleitt af teppum úr gerviefnum, en tollur á innfluttu ullarbandi hefur verið 25% og 10% á gerviefnum, í og með til að vernda íslenzka ullarbands- og ullargarnsframleiðslu. Þessi tollamismunur hefur lítil áhrif haft á hráefnisval teppaframleiðenda, einkum sökum óska kaupenda. Tollamismunurinn hefur hins vegar valdið því, að prjónaiðnaðurinn hefur mestmegnis snúið sér að framleiðslu úr gerviefnum, sbr. síðar. Því er ekki óeðlilegt að ætla, að eftirspurn eftir ull ykist úr þeirri átt við niðurfellingu tolla. Virðist mega eygja talsverða útflutningsmöguleika á íslenzkum vörum (sbr. Álafoss). Þó hef ég enga trú á útflutningi á teppum, nema framleiðslan verði aðhæfð kröfum neytenda á erlendum markaði. Teppamarkaður Norðurlanda er t. d. gerólíkur okkar. Menn kaupa þar síður teppi horn í horn, sennilega vegna þess, að húsnæðismarkaðurinn er þar með öðru sniði: flestir búa í leiguhúsnæði og kaupa frekar „snepla". Og auðvitað kemur hér vanabundinn smekkur til greina, sem getur kostað tíma og fé að breyta.

Salan innanlands fer áreiðanlega hjá flestum fyrirtækjanna meira eftir almennu efnahagsástandi og byggingarframkvæmdum. Talsverð umframafkastageta mun vera fyrir hendi, t. d. í teppagerð, og meiri möguleikar á runuframleiðslu (seríuframleiðslu) en nú er. Er þetta algerlega óskylt EFTA. Allverulegur hluti starfsliðs eru konur.

Ég fæ ekki annað séð en EFTA-inngöngu fylgi bæði kostir og gallar í þessari grein. Vegna sérkenna íslenzks teppamarkaðar virðist ástæða til bjartsýni og sömuleiðis vegna útflutningsmöguleika á vefnaðarvörum o. fl.

10.7 Prjónastofur og prjónlesverksmiðjur.

Tafla 22. Yfirlit um þróun í prjónaiðnaði.

	1968	Þróun 1964—1968
1. Ágóði eftir skatt (þús. kr.)	15 154	Mjög batnandi frá 1967
2. Mannár	215	Lægð 1965 og 1966
3. Fjöldi fyrirtækja	19	Fækkandi
4. Vísitala framleiðslumagns (1965 = 100)	[1])121.5	Eykst[2])
5. Vísitala framleiðni (1965 = 100)	127.9	Eykst örl 1964—'66[2])
6. Vergt vinnsluvirði á mannár (þús. kr.)	283	Vex örl
7. Tollur á fullunnum vörum (í %)	65	Allt komið á frílista 1966 og tollur úr 90% í 65% árið 1968
8. Veginn meðalt. hráefna og umbúða (í %)	12	

Í prjónaiðnaði er um mjög athyglisverða þróun að ræða, og blandast engum hugur um, að hún sé bein afleiðing annars vegar aukins viðskiptafrelsis 1960 og hins vegar gengisbreytinganna: Framleiðni eykst stórlega og vergt vinnsluvirði á mannár eykst örl.

Um tvenns konar ólíka framleiðslustarfsemi er að ræða: annars vegar framleiðsla úr íslenzkri ull fyrir Rússlandsmarkað og hins vegar framleiðsla úr erlendum gerviefnum fyrir innanlandsmarkað. Um val gerviefna mun nokkru hafa ráðið hærri tollur á erlendu ullargarni. Þetta gæti hins vegar breytzt við niðurfellingu tolla. Þó mun ullargarnið lenda í verndartolli, sem þýðir, að það fylgir afurðum í

1) Talan er fyrir 1967.
2) 1964—1966.

tollalækkunum en ekki hráefnum, þannig að áhrifa tollalækkana mun ekki gæta eins fljótt (þ. e. fyrirhugað er að fella hráefnistolla niður hraðar). Á vörusýningu í Kaupmannahöfn kom í ljós, að eindregið var óskað eftir framleiðslu úr ullargarni í stað gerviefna[1]). Gætu hér verið möguleikar á útflutningi. Og um Rússlandsviðskiptin þarf ekki að fjölyrða. Þau byggjast aðallega á miklu sölumagni. EFTA-aðild kynni að hafa þau hagstæðu áhrif, að hærra verð fengist fyrir hluta framleiðslunnar. Hins vegar verða fyrirtækin í þessari grein að keppa við erlend risafyrirtæki meira en áður, einkum frá Englandi, ef gengið verður í EFTA. Er erfitt að segja fyrirfram, hvort áhrifin á iðngreinina í heild yrðu jákvæð eða neikvæð, en hún hefur sýnt mikla aðlögunarhæfni á undanförnum árum, svo að nokkur ástæða er til bjartsýni. Um 75—85% starfsliðs mun vera konur.

Hins vegar skulum við ekki gleyma því, að vefjariðnaður hefur átt í örðugleikum á Norðurlöndum, vegna þess að samkeppni hefur aukizt frá láglaunalöndum. Einnig eru „útibúin" í Portúgal fræg (sbr. Melkaskyrtur). Við þurfum þó ekki að óttast þetta í augnablikinu, vegna þess að launin eru hér tiltölulega lág. Þess hefur meira að segja orðið vart, að Norðurlandafirmu hafa alvarlegan áhuga á því að hefja hér framleiðslu í vefjariðnaði til útflutnings.

Hér er ein af tækifærisgreinunum, en auðveldara er að sjá, hverju við sleppum en hvað við hreppum. Ástæða er til bjartsýni.

10.8 Skógerð.

Tafla 23. Yfirlit þróunar skógerðar.

	1968	Þróun 1964—1968
1. Ágóði eftir skatt (þús. kr.)	128	Var neikvæður '65—'67
2. Mannár	69	Lægst 1967, en nú vaxandi
3. Fjöldi fyrirtækja	[2])2	Fækkandi
4. Vísitala framleiðslumagns (1965 = 100)	79.4	Minnkandi verulega
5. Vísitala framleiðni (1965 = 100)	[2])144.9	Vaxandi
6. Vergt vinnsluvirði á mannár (þús. kr.)	209	Vaxandi
7. Tollur á fullunnum vörum (í %)	65	Á frílista 1964, nema gúmmískór 1966. Tollalækkun.
8. Veginn meðalt. hráefna og umbúða (í %)	20	

Tölurnar um skógerð tala sínu máli. Þrátt fyrir tollvernd hefur hallað undan ár frá ári í flestu tilliti. Nokkur huggun er í mjög jákvæðri þróun framleiðnivísitölu og vergs vinnsluvirðis. Um 50% starfsliðs eru konur. Rekstrargrundvöllur hefur skapazt (aftur) við gengisbreytingarnar, sbr. ágóðaþróunina. Greinilegt er, að ekki er grundvöllur fyrir fjölgun fyrirtækja í greininni, ef til fríverzlunar kemur — enda þótt tollur á utan-EFTA-skóm (t. d. ítölskum skóm) verði óbreyttur. *Með því að endurnýja vélakost, eins og Iðunn reyndar gerði nýlega — þótt ekki sé um nýjar vélar að ræða að öllu leyti — og sérhæfa framleiðsluna, ætti að vera hægt að stunda hér framleiðslu í smáum stíl. Samdráttur í greininni getur vart orðið öllu meiri frá því, er var 1968, einkum þar sem farið hefur verið inn á þá braut að fækka framleiðslutegundum og þá jafnframt auka sérhæfingu. Nýlega hefur verið samið um sölu á skóm til Rússlands, en vara ber við offjölgun fyrirtækja í greininni.*

1 Þetta kom fram og sitthvað fleira á fundi með fulltrúum í samstarfsnefndum vegna EFTA, 3. okt. 1969.

2) Talan er fyrir 1967.

10.9 Fatagerð.

Tafla 24. Yfirlit um þróun í fatagerð.

	1968	Þróun 1964—1968
1. Ágóði eftir skatt (þús. kr.)	3 829	Lægð 1965—'66, nú á uppleið
2. Mannár	709	Verulegur samdráttur frá 1964
3. Fjöldi fyrirtækja	[1])149	Fækkar
4. Vísitala framleiðslumagns (1965 = 100)	[1])100	Óbreytt[2])
5. Vísitala framleiðni (1965 = 100)	[1])123.8	Verulega hækkandi[2]) frá 1964
6. Vergt vinnsluvirði á mannár (þús. kr.) ..	199	Vaxandi
7. Tollur á fullunnum vörum (í %)	65	Lækkar úr 90%—65% 1968
8. Veginn meðalt. hráefna og umbúða (í %)	32	Lækkandi

Þróunin í fatagerð er merkileg margra hluta vegna.

a) Iðngreinin á í örðugleikum 1965 og 1966, en þá varð tap á rekstrinum. Afkoman batnaði 1967 og 1968. Greinilegt er, að fataiðnaður nýtur ekki mikillar hreinnar tollverndar. Í fyrsta lagi er meðaltollur hráefna og umbúða nokkuð hár, eða um 32%, en tollur á fullunnum vörum 65%. Á þá eftir að draga frá skerðingu á tollvernd, sem stafar frá notkun véla, sem tollur er greiddur af, sömuleiðis fasteignum, bifreiðum, o. s. frv.. Ég held, að það liggi alveg ljóst fyrir, að gengisverndin var orðin það lág 1966, að hún meira en át upp tollverndina.

b) Þrátt fyrir ágóðalægð 1965—66, hefur framleiðni aukizt verulega. Hið sama gildir fyrir árið 1967: framleiðnin eykst verulega. Framleiðniaukningin nemur 34% 1964—1967 (en var svo til óbreytt í öðrum iðnaði á tímabilinu). Skýringin er auðsæ: framleiðslumagn er óbreytt, en atvinnumagn minnkar, sem einkum hlýtur að stafa af aukinni sjálfvirkni.

Á meðan ekki annað sannara reynist, verður að álíta, að þessi hagstæða framleiðniþróun sé afleiðing aukinnar samkeppni. Þó er fjármagn á mannár ekki sérlega mikið (eða 245 þúsund 1968). Arðsemishlutfall er áætlað um 10%, sem er fyrir neðan meðaltal í tollvernduðum iðnaði (11.24%). Hlaupatala er áætluð 2.05 og hluti langra lána af fjármagni 42.25%, sem verður að teljast gott eftir atvikum (meðaltölin í tollvernduðum iðnaði eru 1.30 og 28.90%).

Vergt vinnsluvirði á mannár hefur farið vaxandi, en er nokkuð lágt. Ber þá að hafa í huga, að kvenfólk er um 85—90% alls starfsliðs í þessari iðngrein[3]). Talsverð umframafkastageta mun og vera fyrir hendi (eða nýting afkastagetu um 75%)[3]).

Upplýsingar um kaup á vélum og tækjum til fatagerðar er ógerningur að fá úr Verzlunarskýrslum, þar sem t. d. allar saumavélar eru flokkaðar saman, hvort heldur er til iðnaðar eða heimilisþarfa. Hefur því verið gripið til þess ráðs að spyrja helztu innflytjendur um sölu til iðnfyrirtækja.

1) Talan er fyrir 1967.
2) 1964—1967.
3) Þetta kom fram á fundi með fulltrúum í samstarfsnefndum í iðnaði vegna EFTA, 3. okt. 1969. Þar kom og sitthvað fleira fram, sem hér verður rakið.

Tafla 25. Innflutningur Pfaff h.f. á iðnaðarsaumavélum 1961 — 1. nóv. 1969.

Ár	Magn (stk.)	Cif.-verð (kr.)
1961	93	1 280 699
1962	73	1 250 943
1963	77	1 462 367
1964	73	1 500 064
1965	25	729 259
1966	28	465 861
1967	23	762 809
1968	7	211 462
1969	39	1 314 159

Heimild: Pfaff-umboðið.

Upplýsingar fengust hjá stærsta seljandanum, Pfaff-umboðinu, og mun lítið um aðrar sölur, nema nokkuð hjá SÍS (Singervélar). Eins og sjá má, var talsverður innflutningar á saumavélum til iðnaðarþarfa 1961—1964. Á tímabilinu 1965—1968 dregst innflutningur saman, sennilega vegna þess, að fyrirtækjum fækkar í greininni af einni eða annarri ástæðu, og gengu vélar þessara fyrirtækja kaupum og sölum. Salan eykst síðan aftur 1969, sennilega vegna gengislækkananna, bjartsýni atvinnurekenda í greininni, og endurnýjunarþarfar.

Að því leyti, sem ég hef kynnt mér stöðu fatagerðar og að því er fróðustu menn eru flestir sammála um, er tollverndin ekki það, sem ræður því, hvort hægt verði að stunda fatagerð á Íslandi. Byggist þessi skoðun mín á eftirfarandi:

a) *Fatagerð hefur þegar horfzt í augu við samkeppni og sýnt ótrúlega aðlögunarhæfni.*
b) *Laun eru tiltölulega lág hér og veitir þetta hlutfallslega yfirburði.* Þessir yfirburðir gætu auðvitað horfið með of miklum launahækkunum.
c) *Eitt aðalframleiðsluvandamálið er skólun starfsfólks.* Hér ættu framleiðendur, menntakerfið og aðilar, sem sjá um mannaflamál, eins og Atvinnumálanefndir, að geta lagzt á eitt og séð fyrir fræðslu starfsfólks. Má þar margt af nágrannaþjóðum okkar læra. Lítill jarðvegur virðist vera fyrir samruna fyrirtækja, eins og er, sem út af fyrir sig gæti verið góðs viti, en í mannaflamálum ættu fyrirtækin að geta séð sér hag í að starfa saman.
d) *Sumar framleiðslutegundir byggjast á mikilli þjónustu við viðskiptavini,* t. d. karlmannaföt, sem innlendir framleiðendur standa betur að vígi til að veita en erlendir.
e) Kæmi ekki á óvart, þótt fleiri fyrirtæki í greininni færu í ríkara mæli inn á þá braut (hér innanlands) að „taka að sér" dreifingu og sölu framleiðslunnar, þ. e. *auka „lárétta samrásun".*
f) Sökum þess, hve lág tollverndin er og meðaltollur hráefna og umbúða tiltölulega hár, *ætti að vera hægt að búa þannig um hnútana, að hrein tollvernd héldist nokkurn veginn óbreytt til að byrja með.* Til þess þyrfti tollur á dúk og garni að lækka verulega. Hér stangast þó hagsmunir fatagerðar á við hagsmuni innlendra framleiðenda á garni og dúk. Að því er ég bezt veit, mun garn og dúkur teljast til verndarvara og því tollar lækka um 30% (eins og á fullunnum vörum) gagnvart EFTA-löndum *eingöngu,* ef af inngöngu verður. Væri ekki óeðlilegt að athuga, hvort ekki ætti að lækka tolla samkvæmt beztukjaraákvæðum í tilfellum eins og þessu, þar sem um veigamikil hráefni í einni iðngrein er að ræða, enda þótt þau kunni að vera afurðir annarra innlendra iðn-

greina. Er þá skynsamlegt að vega saman mikilvægi iðngreinanna, t. d. með tilliti til framleiðsluverðmæta og finna þannig málamiðlunarlausn.

g) *Talsverður vélakostur virðist vera fyrir hendi,* þótt hann sé ekki nýr og jafnvel illa nýttur. Sömuleiðis ættu framleiðendur að athuga, hvort ekki borgaði sig að leigja vélar í ríkara mæli en hingað til, fremur en kaupa þær (sbr. „leasing“[1]).

10.10 Húsgagnagerð og innréttingasmíði.

Tafla 26. Yfirlit þróunar húsgagnagerðar og innréttingasmíði.

	1968	Þróun 1964—1968
1. Ágóði eftir skatt (þús. kr.)	÷15 010	Versnandi
2. Mannár	1 340	Minnkun smávægileg frá hámarki 1966
3. Fjöldi fyrirtækja	323	Fækkar frá hámarki 1966
4. Vísitala framleiðslumagns (1965 = 100)	[2])129.4	Vaxandi[3])
5. Vísitala framleiðni (1965 = 100)	[2])123.8	Vaxandi[3])
6. Vergt vinnsluvirði á mannár (þús. kr.)	247	Vaxandi
7. Tollur á fullunnum vörum (í %)	[4])60—90	[4])
8. Veginn meðalt. hráefna og umbúða (í %)	37	

Tafla 27. Yfirlit þróunar í húsgagnagerð.

	1968	Þróun 1964—1968
1. Ágóði eftir skatt (þús. kr.)	÷20 394	Jákvæður 1964—'66, neikvæður 1967—'68
2. Mannár	695	731—747 árin 1964—'67
3. Fjöldi fyrirtækja	143	
4. Vísitala framleiðslumagns (1965 = 100)	[5])123	Aukning[6])
5. Vísitala framleiðni (1965 = 100)	[5])130	Mikil aukning[6])
6. Vergt vinnsluvirði á mannár (þús. kr.)	242	Hækkandi
7. Tollur á fullunnum vörum (í %)	90	Glóbalkvóti
8. Veginn meðalt. hráefna og umbúða (í %)	37	

Mjög er athyglisvert að bera saman ágóðaþróunina í báðum greinum trésmíðaiðnaðarins, smíði innréttinga og húsgagna. Mætti ætla að óreyndu, að báðar væru sveiflugreinar og færi afkoma þeirra beggja mjög eftir almennum efnahag á hverjum tíma. Ágóðaþróunin sýnir allt annað. Afkoman í húsgagnagerð versnaði um allan helming 1967 og 1968 samfara ört lækkandi þjóðartekjum. Innréttingasmíði skilaði hins vegar góðum afrakstri á þessum 2 árum. 1966 var aftur á móti lægð í greininni, en þá var innflutningur gefinn frjáls á eldhúsinnréttingum. Var sá inn-

1) Sbr. J. C. Van Horne: *Financial Management and Policy.* Prentice-Hall, 1968.
2) Talan er fyrir 1967.
3) Þessar tölur eru byggðar á staðvirðingu sölutekna 1964—1968, sbr. 5. kafla, og ber að taka með fyrirvara.
4) Sjá töflur 27 og 28.
5) Talan er fyrir árið 1967 og fengin með staðvirðingu framleiðslutekna og ber að taka hana með fyrirvara.
6) 1964—1967 með sama fyrirvara og í 5).

Tafla 28. Yfirlit þróunar í innréttingasmíði.

	1968	Þróun 1964—1968
1. Ágóði eftir skatt (þús. kr.)	5 384	
2. Mannár	645	
3. Fjöldi fyrirtækja	177	
4. Vísitala framleiðslumagns (1965 = 100)	[1])	
5. Vísitala framleiðni (1965 = 100)	[1])	
6. Vergt vinnsluvirði á mannár (þús. kr.) ..	252	
7. Tollur á fullunnum vörum (í %)	[2])60	Á frílista 1966
8. Veginn meðalt. hráefna og umbúða (í %)	37	

flutningur á 60% tolli eða 33.3% lægri tolli en húsgögn. Erlendu innréttingarnar boluðu íslenzku framleiðslunni að nokkru af markaðinum í rúmt hálft ár, en þá náðu íslenzkir framleiðendur aftur yfirhöndinni. Nú er staðan í greininni slík, að framleiðendur hafa mikinn hug á útflutningi og hafa þegar sent út eitthvað innréttinga. Húsgagnaframleiðslan hefur, eins og áður er sagt, verið mjög illa stödd síðustu 2 árin, t. d. nam tapið 1968 rúmum 20 milljónum, að því er ætlað er, eða um tvöföldum afskriftum. Ekki virðist fjarri lagi að kenna slæmum efnahag almennings þær breytingar til hins verra, sem urðu 1967. Virðist í þessu sambandi mikil nauðsyn á að gera greinina samkeppnishæfa á erlendum mörkuðum, þannig að íslenzkir framleiðendur geti dregið úr áhrifum innlendra sveiflna með mismunandi miklum útflutningi. Stofnun, sem sæi um útflutningsábyrgðir og fjármögnun gæti í þessu tilviki og öðrum svipuðum gegnt mikilvægu hagstjórnarhlutverki.

Margir vilja kenna erlendri samkeppni um ófarir húsgagnaiðnaðarins 1967—'68. Framleiðsla á innlendum húsgögnum mun nokkuð hafa aukizt á þessum árum, jafnhliða smásamdrætti í innflutningi. Framleiðendur munu hafa lagt mjög í miklar fjárfestingar fram til 1967. Óhætt mun að fullyrða, sbr. að ofan, að eftirspurn hafi dregizt eitthvað saman 1967 og 1968. Framleiðendur bjuggu hins vegar við verulega umframafkastagetu, og því lá verðsamkeppni beinast við. Verðlagsákvæði á innfluttum húsgögnum (17% álagning) munu sízt hafa dregið úr verðsamkeppninni. Erlend samkeppnisfyrirtæki íslenzkra húsgagnaframleiðenda munu helzt hafa það umfram innlenda keppinauta, að þau miða sína framleiðslu við milljónamarkaði; framleiða í fjöldaframleiðslu. Stærð fyrirtækja skiptir ekki megin máli í þessu tilviki, heldur hve lengi hver einstakur hlutur er framleiddur. Algengt mun í erlendum smíðaverkstæðum, að eini og sami hluturinn sé framleiddur mánuðum saman. Þó eru það yfirleitt húsgögn af dýrasta tagi, sem flutt eru til landsins.

Skipulagsvandamál í íslenzkri húsgagnaframleiðslu munu vera nokkur eins og kemur fram í skýrslu Niels Högh um trésmíðaiðnaðinn[3]). Athyglisvert er t. d., að Högh taldi, að í einungis einu þeirra fyrirtækja, sem hann heimsótti, væri hægt að tala um kerfisbundna áætlun og stjórnun á framleiðslunni. Mikill fjöldi smáfyrirtækja hefur mikla dreifingu fjármuna í för með sér og lakari nýtingu en ella. Smáfyrirtækjum nýtist og verr öll aðstaða til birgðahalds og trjáþurrkunar. Innkaup og markaðseftirlit verður einnig örðugra smáframleiðendum en þeim stóru. Við inngöngu í EFTA myndu áhrifin vafalaust fyrst segja til sín í skipulagningu, bæði einstakra fyrirtækja og svo í skipulagi greinarinnar sjálfrar. Stærri markaðir myndu gera kröfu til algerrar endurskipulagningar í rekstri stærri fyrirtækja í

1) Óvitað.
2) Tollnr. 39.05.02 plastefni 35%
3) N. A. Högh „Åbendingar um trésmíðaiðnaðinn i Reykjavik og nágrenni". Rannsóknastofnun iðnaðarins, 2. júní 1969.

átt til fjöldaframleiðslu. Óhagræði minni fyrirtækja yrði meira en nú er, sem líklega myndi neyða smæstu framleiðendur til samruna eða samvinnu á sviði innkaupa og sölu. Þess ber þó að gæta, að fyrst við inngöngu í EFTA væru allar líkur á, að tollvernd héldist að mestu, en erlendir markaðir opnuðust íslenzkri framleiðslu. Aukin tækifæri segðu því fyrr til sín en samkeppnin. Gæfist þar með 4 ára forskot til að nýta sér þann aðstöðumun. *Ástæða virðist til bjartsýni um afkomu húsagagnagerðar við EFTA-aðild, en áherzla skal lögð á nauðsyn þess að aðstoða framleiðendur um hagnýtingu þeirra skipulagshátta og tækni, sem er forsenda þess, að þeir standi sig í erlendri samkeppni. Ekki þykir ástæða til að óttast um gæði íslenzkrar framleiðslu á þessu sviði. Innréttingasmíði mun á allan hátt vel undir EFTA-aðild búin, enda tollvernd þar lítil. Við höfum hlutfallslega yfirburði í launum.*

10.11 Skinna- og leðuriðnaður.

Tafla 29. Yfirlit um þróun í skinna- og leðuriðnaði.

	1968	Þróun 1964—1968
1. Ágóði eftir skatt (þús. kr.)	9 300	Mjög upp á við 1968
2. Mannár	95	
3. Fjöldi fyrirtækja		
4. Vísitala framleiðslumagns (1965 = 100)	[1])92.7	Nokkuð stöðugt nema '67
5. Vísitala framleiðni (1965 = 100)	[1])117.2	Hrapar úr 166.4 1963 í 100 1965 — nú á uppleið.
6. Vergt vinnsluvirði á mannár (þús. kr.)	356	Snarhækkar '68, nær eingöngu þó í skinnum
7. Tollur á fullunnum vörum (í %)	20—50	Loðskinn á frílista 1964.
8. Veginn meðalt. hráefna og umbúða (í %)	[2])	

Afkoma sútunariðnaðar hefur verið mjög misjöfn á síðustu 5 árum, svo sem annarra útflutningsgreina. Árin 1964—'65 var afkoman skapleg, en 1966 seig mjög á ógæfuhlið, og enn verra varð ástandið rétt fyrir gengisfellingu 1967, en það árið nam tapið tæpum 7 milljónum. 1968 jókst vinnsluvirði á mann í sútun um 163%, sem verður ekki skýrt með gengisbreytingunum einum saman, heldur með verðhækkunum á heimsmarkaði og bættum framleiðsluháttum. Afkomu- og vinnsluvirðisþróun í leðuriðnaði hefur verið allstöðug öll 5 árin.

Sútunar- og leðuriðnaður á Íslandi byggir að mestu á sauðfjárgærum í framleiðslu sinni. Einungis er unnið úr litlum hluta þess hráefnis, sem fyrir hendi hefur verið innanlands. Nú munu áætlaðar nokkrar breytingar á þessu, þar sem 300 000 skinna verksmiðja mun verða reist á Akureyri og önnur stórverksmiðja (200 000 gærur) er að rísa á Sauðárkróki. Allar líkur eru á, að hráefnagrundvöllur sútunariðnaðarins muni breikka nokkuð með endurreisn minkaræktar á Íslandi.

Vafamál er, hvort hægt er að líta á sútun sem tollverndaða iðngrein. Sútun er að mestu ætluð til útflutnings og því höfuðmarkaður afurðanna alls ekki tollvernaður. Því verður ekki séð, að EFTA-aðild gæti orðið þessari grein til skaða. Aðstaða sútunariðnaðarins ætti þvert á móti að verða enn blómlegri en nú er vegna lækkaðra tolla erlendis. Óunnin, eða söltuð skinn, eru tollfrjáls erlendis, en á sútuðum skinnum er talsverður tollur. Ennþá hærri tollur er á pelsum og annarri unninni skinnavöru.

1) Talan er fyrir 1967.
2) Óvitað. Raunar skiptir heimamarkaður vart máli í þessari grein.

10.12 Málningar- og lakkgerð.

Tafla 30. Yfirlit um þróun í málningar- og lakkgerð.

	1968	Þróun 1964—1968
1. Ágóði eftir skatt (þús. kr.)	10 084	Vaxandi
2. Mannár	102	
3. Fjöldi fyrirtækja	5	Stöðugt frá 1965
4. Vísitala framleiðslumagns (1965 = 100)	[1])94.2	Hækkandi til 1966 síðan lækkandi[2])
5. Vísitala framleiðni (1965 = 100)	[1])86.5	Stöðugt lækkandi[2])
6. Vergt vinnsluvirði á mannár (þús. kr.) ..	390	Vex nema 1968
7. Tollur á fullunnum vörum (í %)	60	Óbreyttur
8. Veginn meðalt. hráefna og umbúða (í %)	28	

Athyglisvert er, að ágóði eftir skatt vex ár frá ári, og virðist, þegar borið er saman við hreinlætisvörur hér á eftir, um mjög svipaða þróun að ræða í mörgu. Það hefði mátt halda að óreyndu, að málningar- og lakkgerð væri sveiflugrein, í nánum tengslum við byggingariðnaðinn og efnahagsástandið á hverjum tíma. Mjög seig á ógæfuhlið í byggingastarfsemi og síldveiðum 1968, en litlar urðu breytingar á málningarsölu. Helzt er sú skýring, að aðeins hluti sölunnar fer til nýbygginga, eða 15—16%, en megnið til viðhalds á húsum og skipum[3]). Mun hér bæði koma til, að erfitt var að fá málara til viðhaldsstarfa, meðan allt lék í lyndi, og betri tími gafst til að dytta að einu og öðru, þegar ekki er unnið allan sólarhringinn. Nokkuð hefur þó dregið úr framleiðslu málningar og lakks síðustu 2 árin og var 1968 94.2% af framleiðslunni 1966. Jafnframt hefur aukizt starfsfólk allnokkuð í greininni, og er því framleiðni nokkuð lækkandi. Allt þetta bendir til umframafkastagetu í greininni.

Tafla 31. Markaðsþróun í málningu og lakki 1960—1967.

	1960	1961	1962	1963	1964	1965	1966	1967
Innfl. (tonn)				173	236	274	277	275
Innl. framl. (tonn) ..	2 078	1 888	2 064	2 094	2 492	2 581	2 721	2 432
	2 078	1 888	2 064	2 267	2 728	2 855	2 998	2 707
Hluti innl. framl. í %	100	100	100	92	91	90	91	90

Eins og sjá má í töflu 30, virðist markaðshluti innlendra framleiðenda mjög traustur. Hann hefur haldizt að mestu óbreyttur síðustu 5 ár. Tollvernd íslenzkra framleiðenda virðist fremur lág og vara þeirra fyllilega sambærileg við erlenda, enda mikil samvinna við erlenda framleiðendur um rannsóknarstarfsemi og annað slíkt. Allverulegt magn af málningu hefur verið selt til Sovétríkjanna á síðustu árum. Allt þetta bendir til styrkleika greinarinnar til að standast aukna samkeppni, ef úr EFTA-aðild yrði. Má ætla, að íslenzkir framleiðendur gætu aukið framleiðslu sína talsvert án fjárfestinga vegna þeirrar umframafkastagetu, sem nefnd var hér að framan.

1) Talan er fyrir 1967.
2) 1964—1967.
3) Þessar upplýsingar eru fengnar hjá fulltrúum í samstarfsnefndum vegna EFTA, 6. október 1969.

10.13 Hreinlætisvörur (önnur kemisk framleiðsla).

Tafla 32. Yfirlit um þróun í hreinlætisvörum.

	1968	Þróun 1964—1968
1. Ágóði eftir skatt (þús. kr.)	13 785	Vaxandi frá 1965
2. Mannár	116	Minnkandi
3. Fjöldi fyrirtækja	14	Stöðugt frá 1965[2])
4. Vísitala framleiðslumagns (1965 = 100)	[1])91.9	Lækkar frá 1965[2])
5. Vísitala framleiðni (1965 = 100)	[1])86.8	Lækkar frá 1965, sem var hámark
6. Vergt vinnsluvirði á mannár (þús. kr.)	397	Vaxandi nema 1965
7. Tollur á fullunnum vörum (í %)	80	Tollur úr 110% 80% 1968
8. Veginn meðalt. hráefna og umbúða (í %)	32	

Áberandi er, hve þróunin í þessari iðngrein er í flestu svipuð þróuninni í málningar- og lakkgerð, enda eru aðstæður svipaðar í báðum greinum. Afkoma í hreinlætisvörum verður að teljast góð miðað við þá samkeppni, sem hún hefur átt við að etja: Ágóði eftir skatt hækkar síðan 1965 og þróun verðmætasköpunar er hagstæð. Hins vegar sígur framleiðniþróunin á verri veg.

Tafla 33. Markaðsþróun í hreinlætisvörum 1960—1967.

Þvottaduft:	1960	1961	1962	1963	1964	1965	1966	1967
Innfl. (tonn)	213	196	194	103	153	230	295	382
Innl. framl. (tonn)	430	541	557	634	587	553	477	473
Alls	643	737	751	737	740	783	772	855
Hluti innl. framl. í %	67	73	74	84	79	71	62	55
Þvottaefni:								
Innfl. (tonn)				55	156	184	231	234
Innl. framl. (tonn)	283	275	360	450	537	620	598	612
Alls	283	275	360	505	793	804	829	846
Hluti innl. framl. í %	100	100	100	89	68	77	72	72

Þegar litið er á markaðsþróunina verður svipað upp á teningnum. Árið 1963 framleiða íslenzkir framleiðendur fyrir yfir 80% markaðsins bæði af þvottadufti og þvottaefni. 1967 héldu íslenzkir framleiðendur einungis 55% þvottaduftsmarkaðsins og 72% þvottaefnamarkaðsins. Allar líkur eru samt á, að aðstaða innlendra framleiðenda hafi vænkazt mjög eftir síðustu gengisbreytingar. Markaðsþróun áranna 1960—1967 bendir til þess, að íslenzkir framleiðendur eigi fyrst og fremst í vök að verjast gagnvart erlendri samkeppni í sölu þvottadufts. Þvottaefnin njóta vafalaust meiri fjarlægðarverndar, og að auki mun íslenzkt vatn öðru vatni hagkvæmara til framleiðslu þvottaefna.

Íslenzkir hreinlætisvöruframleiðendur kvarta mjög undan yfirgengilegri auglýsingasamkeppni erlendra aðila í íslenzka sjónvarpinu. Telja þeir hina erlendu keppinauta sína njóta verulegs aðstöðumunar, þar sem umboðsmenn erlendra

1) Talan er fyrir 1967.
2) 1964—1967.

framleiðenda fá ókeypis sjónvarpsefni að utan til auglýsingahernaðar. Virðist ástæða til að athuga þessar umkvartanir nokkru nánar, einkum þegar haft er í huga, að ríkisstjórn stórþjóðar eins og Frakka lét sér sæma að loka franska sjónvarpinu fyrir erlendum auglýsendum í svipuðu máli. Einnig má benda á, að engar auglýsingar eru leyfðar í danska og sænska sjónvarpinu, en það mun gera aðstöðu erlendra stórframleiðenda á markaðnum mun veikari en ella.

Nefna má sem dæmi eftirfarandi lausnir á sjónvarpsauglýsingavandamálinu. Íslenzka sjónvarpið gæti boðizt til að láta gera auglýsingamyndir fyrir framleiðendur og senda þær að auki á ákveðnum tíma gegn fyrirfram ákveðinni upphæð. Með þessari aðferð væri unnt að mismuna erlendum framleiðendum, án þess að brjóta samkeppnisreglur EFTA, þar eð erlendum framleiðendum væri auðvitað frjálst að láta gera auglýsingamyndir innanlands. Önnur lausn væri að sjónvarpið tæki tiltölulega hátt gjald fyrir auglýsingar gerðar erlendis. Væri þá um dulbúna verðmismunun að ræða. Í þriðja lagi mætti svo banna allar auglýsingar í sjónvarpi yfirleitt.

Augljóst er, að stórum keppinautum erlendum mundi fækka nokkuð, ef Ísland gengi í EFTA, t. d. myndi Henkel að öllum líkindum falla út með sitt mjög selda „Dixan". Hins vegar mun t. d. risaframleiðandinn Unilever (OMO) vera innan EFTA. Erfitt er því að spá um samkeppnina.

Útflutningsmöguleikar hafa ekki verið kannaðir til hlítar. Ýmsar líkur benda til þess, að íslenzkir framleiðendur myndu standa sig betur í sölu þvottaefna en þvottadufts.

10.14 Málmsmíði.

Tafla 34. Yfirlit þróunar í málmsmíði 1964—1968.

	1968	Þróun 1964—1968
1. Ágóði eftir skatt (þús. kr.)	12 878	Í lágmarki 1967
2. Mannár	1 730	Fækkar
3. Fjöldi fyrirtækja	1)	
4. Vísitala framleiðslumagns (1965 = 100)	1)	
5. Vísitala framleiðni (1965 = 100)	105.4	Í lágmarki 1967
6. Vergt vinnsluvirði á mannár (þús. kr.)	265	Stöðugt vaxandi
7. Tollur á fullunnum vörum (í %)	1)	
8. Veginn meðalt. hráefna og umbúða (í %)	1)	

Ágóðaþróun í málmsmíði var mjög niður á við árin 1966—1967, en snöggbatnaði 1968. Miklar sveiflur hafa verið á innanlandsmarkaði síðustu árin, einkum vegna Búrfells og Straumsvíkur. Allt að einu mun markaðurinn hafa verið um 3% stærri 1968 en 1963. Á þessu tímabili mun markaðshluti íslenzkra framleiðenda hafa gengið mjög saman, eða frá 81% árið 1963 til 46%, það sem af er 1969. (Skipasmíðar eru ekki meðtaldar). Innflutningsaukning hefur orðið hvað mest í þeim framleiðslutegundum, sem auðveldast ætti að vera að framleiða hér á landi. Nokkuð villir það fyrir, að vörur til Búrfells koma hér inn í, en öll útboð í sambandi við Búrfell voru gerð, þegar allt lék í lyndi, og því hirtu íslenzkir framleiðendur ekki um að undirbjóða útlendinga.

Málmsmíði er mjög háð útgerð, og afkoma því mjög sveiflukennd. Þar við bætist, að sú grein, sem skyldust er málmsmíðinni hvað vinnuafl og tækjakost snertir, skipasmíðarnar, er einnig íslenzkri útgerð mjög háð. Gæti það orðið af-

1) Óvitað.

komu starfsfólks og fyrirtækja mjög til framdráttar, ef skipasmíðastöðvar tengdust frekar erlendum mörkuðum en nú er.

Málmsmíði er fyrst og fremst þjónustugrein og nýtur því verulegrar fjarlægðarverndar. Ekki er því ástæða til að ætla, að EFTA-aðild hefði teljandi áhrif á afkomu í greininni.

Ýmis ný tæki hafa verið smíðuð hér á landi, og standa vonir til, að unnt verði að selja þau á erlendum markaði. Sömuleiðis eru vonir tengdar við að komast inn á „kaupþing undirverktaka" (underleverandörbörs) á Norðurlöndum.

10.15 Smíði og viðgerðir rafmagnstækja.

Tafla 35. Yfirlit þróunar í smíði og viðgerð rafmagnstækja 1964—1968.

	1968	Þróun 1964—1968
1. Ágóði eftir skatt (þús. kr.)	4 704	Vaxandi frá 1967
2. Mannár	334	
3. Fjöldi fyrirtækja	76	
4. Vísitala framleiðslumagns (1965 = 100)	1)	
5. Vísitala framleiðni (1965 = 100)	105.4	Vaxandi frá 1967
6. Vergt vinnsluvirði á mannár (þús. kr.) ..	248	Stöðugt vaxandi
7. Tollur á fullunnum vörum (í %)	40—80	80% á eldavélum og slíku
8. Veginn meðalt. hráefna og umbúða (í %)	19	

Þessi flokkur samanstendur af 2 höfuðþáttum, framleiðslu annars vegar og viðgerðum hins vegar. Þar sem ekki verður séð, að EFTA-aðild breyti nokkru um afkomu viðgerðanna verður þeim sleppt, en einungis fjallað um framleiðsluna.

Starfandi menn í nýsmíði rafmagnstækja munu hafa verið um 72 árið 1967 og fer fækkandi. Fjöldi fyrirtækja er ókunnur, en mun vera a. m. k. 5. Framleiðslu má skipta í 3 höfuðflokka: heimilistæki, rafgeyma og rafmótora.

Ágóðaþróun í raftækjasmíði hefur verið allóhagstæð síðustu ár, og nam tap 789 000 kr. 1967. Vísitala framleiðslumagns í smíði raftækja hefur ekki verið unnin. Tölur um framleiðslu í einstökum vöruflokkum, sem ná yfir síðastliðin 9 ár, er hins vegar að finna í Hagtíðindum. Þar kemur fram, að smíði hvers konar heimilisvéla hefur gengið mjög saman, en framleiðsla rafgeyma og rafmótora mun aftur á móti hafa aukizt eða staðið í stað.

Hvað EFTA-aðild snertir, þá virðist rafgeymaframleiðslan standa vel að vígi. Tollvernd er fremur lítil, en fjarlægðarvernd þó nokkur. Framleiðsla rafmótora og spennubreyta virðist einnig njóta lágrar tollverndar, og ekki er álitið, að röskun yrði þar veruleg. Rafknúnar heimilisvélar eru hins vegar mjög hætt komnar og við búið, að þar dragist framleiðsla saman eða leggist af með öllu.

1) Óvitað.

10.16 Plastiðnaður.

Tafla 36. Yfirlit þróunar í plastiðnaði 1964—1968.

	1968	Þróun 1964—1968
1. Ágóði eftir skatt (þús. kr.)	6 881	Stöðugt vaxandi
2. Mannár	181	
3. Fjöldi fyrirtækja	21	
4. Vísitala framleiðslumagns (1965 = 100)	[1])119.4	Stöðugt vaxandi
5. Vísitala framleiðni (1965 = 100)	[1])90.2	Lækkar frá 1966
6. Vergt vinnsluvirði á mannár (þús. kr.) ..	318	
7. Tollur á fullunnum vörum (í %)	38	Búsáhöld 100% (óbreyttur)
8. Veginn meðalt. hráefna og umbúða (í %)	35	

Ágóðaþróun í plastiðnaði síðustu ár bendir til mjög batnandi afkomu í greininni. Gegnir það nokkurri furðu, þar sem ein helzta viðskiptagrein plastiðnaðar, byggingariðnaðurinn, hefur orðið fyrir verulegum skakkaföllum á síðustu árum. Vísitala framleiðslumagns hækkar hins vegar jafnt og þétt allt fram til 1967. Tölur um framleiðslu 1968 eru ófáanlegar. Verðlagsþróun plasts hefur hins vegar verið mjög niður á við og plastið því stöðugt unnið á við samkeppnisvörur sínar. Vísitala atvinnumagns í plastframleiðslu hefur verið enn brattstígari en vísitala framleiðslu. Afleiðing þessa birtist í lækkandi framleiðni frá 1966. Ætla má, að umframafkastageta sé nokkur í greininni, en þó verður ekki sýnt fram á það með neinum tölum.

Íslenzkur plastiðnaður er harla sundurleitur, og seljast fullunnar plastvörur bæði til ýmissa atvinnugreina og beint til neytenda. Helztu afurðir eru: einangrunarplast, slöngur og rör, baujur og flot, umbúðir, búsáhöld o. fl. Augljóst er því, að plastiðnaðurinn er ekki háður neinni einni atvinnugrein eða hinum almenna neytanda nema að hluta. Ætti þetta að leiða til tiltölulega stöðugrar afkomu meðal plastframleiðenda.

Tollvernd mun yfirleitt hverfandi í plastiðnaði nema í búsáhöldum. Fjarlægðarvernd mun hins vegar mikil, einkum í einangrunarplasti, svo sem sjá má á dreifðri starfsemi slíkra fyrirtækja hér innanlands. Ekki verður séð, að EFTA-aðild hafi hér nokkur áhrif, hvorki til hins betra né verra nema e. t. v. í búsáhaldaframleiðslu.

10.17 Nokkrar greinar í lítt eða ekki tollvernduðum iðnaði.

Ekki eru gerðar hér töflur yfir þróun fleiri greina. Vísast um þær til 5. og 6. kafla.

Veiðarfæraiðnaður og pappírsvörugerð njóta óverulegrar tollverndar, reyndar voru pappaöskjur teknar af frílista 1968, en af sérstökum ástæðum.

EFTA-aðild getur ekki haft neikvæð áhrif á rekstur þessara greina, eins og þær nú eru starfræktar. Aðildin ætti að auðvelda þeim að ryðja sér til rúms á erlendum markaði (umfram það, sem nú er).

Gæti orðið hagkvæmt að framleiða fleiri tegundir, þegar fram líða tímar, t. d. þorskanet og síldarnætur. Kæmi þá „hvítvoðungsvernd" til greina (sbr. 7. kafla). Í umsókn Íslands að EFTA eru einmitt sérákvæði þess efnis, að heimilt sé að taka upp tolla til að vernda nýjar framleiðslugreinar fyrstu 5 árin, ef þeir væru síðan felldir niður á næstu 5 árum. Og sennilega má túlka stofnsamning EFTA þannig,

1) Talan er fyrir 1967.

að þessi heimild komi til með að gilda áfram (sbr. 20. gr. stofnsamningsins). Varðandi *Áburðarverksmiðju ríkisins*, sem tilheyrir flokknum kemiskur undirstöðuiðnaður, er réttur einkasölu viðurkenndur í stofnsamningi EFTA — með vissum skilyrðum. Mun aðild að EFTA ekki hafa áhrif á rekstur og afkomu Áburðarverksmiðjunnar.

10.18 Niðursuðuiðnaður.

Landbúnaðarafurðir eru ekki fríverzlunarvörur samkvæmt stofnsamningi EFTA. Verður því hér eingöngu fjallað um niðursuðu sjávarafurða. Ekki er fyrir hendi rekstraryfirlit niðursuðuiðnaðar. Og þar sem væntanleg er í lok nóvember 1969 athugun á stöðu niðursuðuiðnaðarins[1]), er eftirfarandi einungis lauslegar hugleiðingar um nokkur atriði, sem skipta iðngreinina máli[2]).

EFTA-aðild opnar stórkostlega möguleika fyrir niðursoðnar íslenzkar sjávarafurðir. Ísland hefur stóran hluta þess hráefnis, sem fáanlegt er í Vestur-Evrópu. Sala er trygg, ef gæðin eru fullnægjandi. Má í því sambandi nefna rækjusölu til Svíþjóðar að undanförnu, en Svíar flytja jafnvel inn rækjur með flugvélum frá Kanada. Sömu sögu er að segja af öðrum tegundum afurða. Sænski markaðurinn einn gæti tekið við bróðurparti framleiðslunnar. Íslenzk síld er aðalhráefni niðursuðuiðnaðarins á vesturströnd Svíþjóðar, og væri ekki óeðlilegt, að þessi vinnsla færðist inn í landið í ríkari mæli en verið hefur. Bæði skapast meiri verðmæti og tollalækkanir erlendis jafngilda verðhækkun íslenzkum framleiðendum í vil. Tollur á rækjum mun vera um 5—10% í Svíþjóð og 7½% í Bretlandi. Tollur á hrognum er 5% í Bretlandi. Líklegt er, að samkeppni aukist um innlend hráefni (saltsíld, þorskhrogn og grásleppuhrogn), þegar vinnsla eykst innanlands. Hefur þegar borið á, að erlendir kaupendur hafa komið með hærri tilboð en áður. Það er því fyllsta ástæða til að gefa því gaum, með hvaða hætti megi tryggja innlendum framleiðendum hráefni og jafnvel, hvort ekki beri að koma á verðjöfnun með einum eða öðrum hætti, þar eð sveiflur á erlendum markaði geta valdið miklum sveiflum á innlendu hráefnisverði. Væri hér starfssvið fyrir Verðjöfnunarsjóð þann, sem lögfestur hefur verið, en ekki er tekinn til starfa. Innanlandsmarkaðurinn skiptir litlu máli í þessu sambandi, en innflutningur var gefinn frjáls 1960, og er á honum 100% tollur. Mun einungis hafa verið flutt inn að ráði, þegar íslenzka varan var ófáanleg (sardínur og smásíld). Enda er hér keppt á heimavelli.

10.19 Aukinn útflutningur vegna EFTA.

Það er ekki á eins manns færi að segja til um, hvað hugsanlega megi flytja út, annaðhvort af nýjum vörum eða vörum, sem þegar eru framleiddar í landinu. Þar sem dvalið hefur verið af ásettu ráði næstum eingöngu við innanlandsmarkaðinn og harðnandi samkeppni þar í þessari skýrslu, er ekki úr vegi að telja upp sérstaklega þær afurðir, sem líklegt er að fluttar verði út í ríkara mæli en áður, ef Ísland gengur í EFTA.

---

1) Athugunin er gerð af kanadisku fyrirtæki með stuðningi frá Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNIDO) í Vín.

2) Það, sem hér kemur fram, er að mestu leyti byggt á samtölum við fulltrúa iðnaðarins í samstarfsnefndum vegna EFTA, 11. nóv. 1969.

Af þeim iðnvarningi, sem nú er framleiddur, vænti ég einkum útflutnings í eftirtöldum greinum:

a) spuna og vefnaði,
b) prjónaiðnaði,
c) húsgagnagerð,
d) innréttingasmíði
e) skinna- og leðuriðnaði,
f) málm- og skipasmíði.
g) niðursuðuiðnaði.

Af nýrri framleiðslu virðist einkum um að ræða:

a) efnaiðju hvers konar,
b) rafeindaiðnað,
c) framleiðslu á nýjum tegundum í veiðarfæraiðnaði, málmsmíði o. fl.

Reyndar er óhætt að gera ráð fyrir, að aðgangur að stórum tollfrjálsum markaði eins og EFTA sé verulegt skilyrði stóriðju á flestum sviðum. Hefur það m. a. komið fram í áliti erlendra fyrirtækja á efnaiðju á Íslandi, að EFTA-aðild skipti þar höfuðmáli.

Ef unnt er að koma upp „samsetningariðnaði“, eins og rafeindaiðnaði, gæti hann skapað aukin atvinnutækifæri, einkum fyrir konur. Mætti þá m. a. beina konum, sem þyrftu að skipta um vinnu vegna aukinnar sjálfvirkni í tollvernduðum iðnaði, yfir í slíka starfsemi. Þá þekkingu, sem við búum yfir í fiskveiðum og allri tækni í sambandi við hana, ætti einnig að vera unnt að virkja til útflutnings, bæði hvað fiskleitartæki, veiðarfæri og fiskverkunarvélar snertir, sem og fiskiskip eða einstök tæki og búnað þeim tilheyrandi.

Viðauki I.

Listi yfir fyrirtæki í úrtaki Efnahagsstofnunarinnar.

Listinn nær til þeirra fyrirtækja, sem fyrirspurnablað var sent til.

Er jafnframt um þau fyrirtæki að ræða, sem rekstraryfirlit iðnaðar í töflu 38—43 er byggt á, fyrir þær iðngreinar, sem hér eru taldar.

Matvælaiðnaður, annar en drykkjarvörur.
Smjörlíkisgerð KEA, Akureyri.
Smjörlíki h.f.
Sultu- og efnagerð bakara.
Kaffibrennsla Akureyrar.
Kaffibrennsla O. Johnson & Kaaber h.f.
Kaffibætisverksm. O. Johnson & Kaaber h.f.
Efnagerðin Flóra, Akureyri.
Efnagerðin Valur.

Kexgerð.
Kexverksmiðjan Frón h.f.
Kexverksmiðjan Esja h.f.

Sælgætisgerð.
Súkkulaðiverksmiðjan Linda h.f., Akureyri.
Sælgætisgerðin Freyja h.f.
Sælgætisgerðin Opal h.f.
Nói h.f. — Sirius h.f.

Öl- og gosdrykkjagerð.
Verksmiðjan Vífilfell h.f.
Sanitas h.f.
Sana h.f., Akureyri.
Ölgerðin Egill Skallagrímsson h.f.

Ullarþvottur, spuni og vefnaður.
Álafoss h.f.
Dúkaverksmiðjan.
Ullarverksmiðjan Framtíðin.
Vefarinn h.f.
Ullarverksmiðjan Gefjun, Akureyri.
Teppagerðin h.f.
Verksmiðjan Axminster.

Prjónastofur og prjónlesverksmiðjur.
Prjónastofan Iðunn h.f.
Prjónastofan Snældan.
Prjónastofan Peysan s.f.
Fataverksmiðjan Hekla, Akureyri.
Prjónastofa Önnu Þórðar h.f.

Veiðarfæragerð.
Hampiðjan h.f.

Skógerð.
Skóverksmiðjan Iðunn, Akureyri.

Fatagerð.
Vinnufatagerð Íslands h.f.
Últíma h.f.
Skjólfatagerðin h.f.
Verksmiðjan Föt h.f.
Verksmiðjan Dúkur h.f.
Sportver h.f.
L. H. Muller — Fatagerð.
Lífstykkjabúðin h.f.
Fatagerð Ara & Co., h.f.
Nærfatagerðin Ceres h.f.
Sjóklæðagerðin h.f. Verksmiðjan Max h.f.
Fataverksmiðjan Gefjun.
Skinfaxi h.f.
Solido s.f.
Lady h.f.
Artemis — Nærfatagerð.
Vinnufatagerð Suðurlands, Hellu
Lokbrá h.f.
Fatagerðin h.f.,Akranesi.
Fataverksmiðjan Hekla, Akureyri.

Húsgagnagerð.
Trésmiðjan Viðir h.f.
Kristján Siggeirsson h.f.
Hansa h.f.
Nývirki h.f.
Gamla Kompaníið h.f.
Dúna h.f.
Húsgagnahöllin s.f.
Vogafell h.f.

Innréttingasmíði.
Trésmiðja Sveins M. Sveinssonar s.f.
Timburverzlun Árna Jónssonar & Co. h.f.
Húsgagnaverksmiðja Jóns Péturssonar.
Hurðir h.f.
Spónn h.f.

Trétunnugerð.
Tunnuverksmiðja ríkisins, Siglufirði og Ak.

Pappírsvörugerð.
Kassagerð Reykjavíkur h.f.
Pappírsver h.f.

Prentun.
Offsetprentsmiðjan Litbrá.

Sútun og verkun skinna.
Sláturfélag Suðurlands.
Sútunarverksmiðjan h.f.
Skinnaverksmiðjan Iðunn, Akureyri.
Sútun h.f., Akranesi.

Gúmíðnaður.
Hjólbarðinn h.f.

Kemiskur undirstöðuiðnaður.
Ísaga h.f.
Áburðarverksmiðjan h.f.

Málningar- og lakkgerð.
Málning h.f.
Slippfélagið í Reykjavík h.f.
Efnaverksmiðjan Sjöfn, Akureyri.
Harpa h.f.

Önnur kemisk framleiðsla.
Mjöll h.f.
Hreinn h.f.
Sápugerðin Frigg.
Hydrol h.f.
Efnaverksmiðjan Sjöfn, Akureyri.
Halldór Jónsson h.f.

Annar steinefnaiðnaður.
Rörsteypan h.f.
Steypustöðin h.f.
Pípugerð Reykjavíkurborgar.
Verk h.f.
Steypustöð Suðurnesja h.f., Ytri-Njarðvík.

Gleriðnaður.
Cudogler h.f.

Leirsmíði og postulínsiðnaður.
Glit h.f.

Sementsframleiðsla.
Sementsverksmiðja ríkisins.

Málmsmíði.
Vírnet h.f.
Vélsmiðjan Héðinn h.f.
J. B. Pétursson s.f.
Etna h.f.
Dósagerðin.
Runtal-ofnar h.f.
Stáliðjan.

Smíði og viðgerðir rafmagnstækja.
Ljósvirki h.f.
Rafgeymaverksmiðjan Pólar h.f.
Stálumbúðir h.f.
Raftækjaverksmiðja Hafnarfjarðar h.f.
Rafgeymir h.f.

Skartgripagerð og góðmálmasmíði.
Gull- og silfursmiðjan Erna h.f.

Plastiðnaður.
Plastprent h.f.
Sigurplast h.f.
Reyplast h.f.
Vinnuheimilið að Reykjalundi.
Nylon-plast h.f.
Börkur h.f.
Plastiðjan h.f., Eyrarbakka.
Múlalundur.

Viðauki II.

Fyrirspurnablað I: Fyrirtæki.

Próf.: GUÐMUNDUR MAGNÚSSON:
EFTA-rannsókn á vegum
iðnaðarmálaráðuneytisins 1969.

Nafn fyrirtækis .....

Iðngrein .....

Flokkur A: Sala.

A. 1. Söluleiðir (þ. e. hvort selt er beint til neytenda eða notaðir milliliðir og þá hvers konar) og fjöldi sölustaða 1968:

.....

.....

A. 2. Greiðsluskilmálar kaupenda 1968:

.....

.....

A. 3. Sölustarfsemi (vörukynningar, auglýsingar og önnur söluörvandi starfsemi önnur en umboðslaun, sölumenn og þess háttar) á undanförnum 5 árum og kostnaður í því sambandi:

.....

.....

.....

A. 4. Hversu marga sölumenn hafði fyrirtækið í þjónustu sinni 1968:

.....

Flokkur B: Framleiðsla.

B. 1. Innflutt aðföng (þ. e. hráefni og þess háttar) 1968:
(Leiðbeining: Ef ekki eru tölur fyrir hendi um þetta atriði, má finna þær með því að áætla meðalhráefnisnotkun á einingu og margfalda með framleiðslumagninu.)

Vörutegund	Magn	Uppruna-land	Verðmæti með tolli	Tollskrár-númer	Tollur í %
1.					
2.					
3.					
4.					
5.					

Hundraðshluti ofantaldra 5 tegunda af öllum innfluttum aðföngum 1968:

.....

B. 2. Innflutt aðföng 1966:

Vörutegund	Magn	Uppruna-land	Verðmæti með tolli	Tollskrár-númer	Tollur í %
1.					
2.					
3.					
4.					
5.					

Hundraðshluti ofantaldra 5 tegunda af öllum innfluttum aðföngum 1966:

.....

B. 3. Innflutt aðföng 1964:

Vörutegund	Magn	Uppruna-land	Verðmæti með tolli	Tollskrár-númer	Tollur í %
1.					
2.					
3.					
4.					
5.					

Hundraðshluti ofantaldra 5 tegunda af öllum innfluttum aðföngum 1964:

.....

B. 4. Innlend aðföng (önnur en vinnuafl) 1968:

Vörutegund	Magn	Verðmæti
1.		
2.		
3.		

Hundraðshluti ofantaldra 3 tegunda af öllum innlendum aðföngum (öðrum en vinnuafli) 1968:

.....

B. 5. Innlend aðföng (önnur en vinnuafl) 1966:

Vörutegund	Magn	Verðmæti
1.		
2.		
3.		

Hundraðshluti ofantaldra 3 tegunda af öllum innlendum aðföngum 1966:

.....

B. 6. Innlend aðföng (önnur en vinnuafl) 1964:

Vörutegund	Magn	Verðmæti
1.		
2.		
3.		

Hundraðshluti ofantaldra 3 tegunda af öllum innlendum aðföngum 1964:

.....

B. 7. Fjöldi framleiddra vörutegunda. (Vörutegund telst hér vara, sem er í eðli sínu sams konar og ber sama vörumerki.)

1968 .....

1966 .....

1964 .....

B. 8. Meðalbirgðir.

1968 .....

1966 .....

1964 .....

Flokkur C: Starfslið og verksmiðja.

C. 1. Fjöldi starfsmanna 1968: .....

C. 2. Hversu margir starfsmenn hafa unnið hjá fyrirtækinu í 5 ár eða lengur?

.....

C. 3. Staðsetning verksmiðju eða verksmiðja:

.....

.....

C. 4. Er endurnýjun eða útvíkkun í vændum og þá hvers konar?

.....

.....

Flokkur D: Almennt.

E. 1. **Aldur fyrirtækis 1968:** .....

E. 2. **Rannsóknarstarfsemi (mannfjöldi og kostnaður):**

1968 .....

1966 .....

1964 .....

E. 3. **Markmið fyrirtækisins (hámarkságóði, hámarksvelta, ákveðin arðgjöf eða eitthvað annað):**

.....

E. 4. **Hefur fyrirtækið athugað samkeppnisaðstöðu sína, ef af EFTA-aðild verður?**

.....

E. 5. **Ef fyrirtækið hefur athugað samkeppnisaðstöðu sína, hver verða viðbrögð þess við fríverzlun (að sjá, hvernig fer; verðsamkeppni; lánakjarasamkeppni; auglýsingaherferð; samvinna við erlenda aðila; framleiðslustöðvun, o. fl.):**

.....

.....

Flokkur E: Sérstakar athugasemdir.

..... 1969

(dagsetning)

.....

(nafn)

II.2. Hlutdeild úrtaks í safni og svarsprósenta við fyrirspurnablaði.

Með svarsprósentu er átt við nokkurn veginn nothæf svör. Þar sem úrtakið nær til stærstu fyrirtækja í viðkomandi iðngreinum, yrði svarsprósentan hærri, ef miðað væri við stærð fyrirtækja, t. d. samkvæmt vinnuaflsnotkun.

Tafla 37. Stærð úrtaks miðað við vinnuaflsnotkun og svarsprósenta við fyrirspurnablaði.

Atv.gr. nr.	Iðngrein	Hlutd. úrtaks í safni miðað við fjölda vinnuvikna, %	Svars-prósenta
207	Kexgerð	92	50
208	Sælgætisgerð	58	100
209	Matvælaiðnaður, annar en drykkjarvöruiðn.	58	75
213	Öl- og gosdrykkjagerð	53	25
231	Ullarþvottur, spuni, vefnaður o. fl.	64	29
232	Prjónastofur og prjónlesverksmiðjur	48	60
233	Veiðarfæri	34	100
241	Skógerð	(87) [1]	0
243	Fatagerð	58	40
252	Trétunnur	100	100
261	Húsgagnagerð	30	37
262	Innréttingar		60
272	Pappírsvörugerð	*)	0
281	Prentun	19	0
291	Sútun og verkun skinna	58	0
300	Gúmiðnaður	10	0
311	Kemiskur undirstöðuiðnaður	95	100
315	Málningar- og lakkgerð	58	75
319	Önnur kemisk framleiðsla	65	50
332	Gleriðnaður	*)	0
333	Leirsmíði og postulínsiðnaður	*)	0
334	Sementsframleiðsla	100	0
339	Annar steinefnaiðnaður	27	60
350	Málmsmíði	30	43
370	Smíði og viðgerðir á rafmagnstækjum	33	40
394	Skartgripa- og góðmálmasmíði	*)	0
398	Plastiðnaður	14	12

*) Óvitað.

1) Þessi tala er ónákvæm.

Heimild um hlutdeild úrtaks í safni (nema fyrir skógerð): *Hagsveifluvog iðnaðarins*, júlí 1969.

Viðauki III.

Tafla 38. Rekstraryfirlit iðnaðar (annars en fiskiðnaðar) 1964—1968. Áætlaðar tölur samkvæmt úrtaki. Flokkun samkvæmt markaðsaðstöðu. Þúsundir króna (nema mannár).

Rekstrarstærðir	1964	1965	1966	1967	1968
Reiknuð mannár[2])	12.228	12.429	12.709	12.163	11.962
1. Framleiðslutekjur, markaðsvirði	5.394.061	6.147.255	7.145.180	7.027.501	[3])
2. Óbeinir skattar að frádregnum styrkjum [1])	205.344	218.940	268.232	315.798	[3])
3. Framleiðslutekjur, tekjuvirði	5.188.717	5.928.315	6.876.948	6.711.712	7.676.264
4. Aðföng frá öðrum fyrirtækjum og innflutningi	3.134.361	3.516.654	3.928.480	3.728.412	4.469.466
5. Viðhald	107.582	116.410	133.688	113.499	138.231
6. Vinnsluvirði vergt, tekjuvirði (= 3÷4)	2.054.356	2.411.661	2.948.468	2.983.300	3.206.798
7. Slit og úrelding fjármuna (afskriftir)	174.539	189.571	208.693	227.764	265.853
8. Leigur	40.831	49.641	55.562	62.692	72.402
9. Vinnsluvirði, hreint, tekjuvirði (= 6÷7÷8) (= framlag til hreinna þjóðartekna, tekjuvirði)	1.838.986	2.172.449	2.684.213	2.692.844	2.868.543
10. Laun og tengd gjöld	1.498.816	1.831.294	2.314.881	2.333.615	2.123.128
11. Ágóði eftir skatt	131.276	97.986	67.366	40.620	71.253

1) Áætl. 1964, 1965 og 1966 samkv. reynslu 1967.

2) Mannár er reiknað sem 52 slysatryggðar vinnuvikur. Um nánari skýrgreiningu sjá Hagtíðindi nr. 6 1965, bls. 121—123.

3) Niðurstöðutölur liggja ekki fyrir.

Heimild: Efnahagsstofnunin.

Tafla 39. Rekstraryfirlit tollverndaðs iðnaðar 1964—1968. Þúsundir króna (nema mannár).

Rekstrarstærðir	1964	1965	1966	1967	1968
Reiknuð mannár skv. tryggingaskýrslum	4.320	4.187	4.178	3.933	3.765
1. Framleiðslutekjur, markaðsvirði	1.924.405	2.014.570	2.288.704	2.285.851	2.580.186
2. Óbeinir skattar að frádregnum styrkjum[1])	130.439	127.414	142.554	197.977	228.394
3. Framleiðslutekjur, tekjuvirði (= 1÷2)	1.793.966	1.887.156	2.146.150	2.087.874	2.351.792
4. Aðföng frá öðrum fyrirtækjum og innflutningi	1.136.910	1.178.855	1.303.819	1.212.016	1.356.137
5. Viðhald	27.169	25.047	31.212	29.425	37.145
6. Vinnsluvirði vergt, tekjuvirði (= 3÷4)	657.056	708.301	842.331	875.858	995.655
7. Slit og úrelding fjármuna (afskriftir)	41.842	47.571	54.974	65.945	72.333
8. Leigur	12.131	15.232	17.634	27.493	29.776
9. Vinnsluvirði, hreint, tekjuvirði (= 6÷7÷8) (= framlag til hreinna þjóðartekna, tekjuvirði)	603.083	645.498	769.723	782.420	893.546
10. Laun og tengd gjöld	479.074	545.516	653.700	635.663	689.347
11. Ágóði eftir skatt	46.375	6.370	9.593	27.425	66.261

1) Áætl. 1964, 1965 og 1966 samkv. reynslu 1967.

Atv.gr.nr. 207, 208, 209, 211, 213, 220, 231, 232, 241, 243, 244, 261, 291, 293, 315, 319, 370, 394, 397, 398.

Heimild: Efnahagsstofnunin.

Tafla 40. Rekstraryfirlit lítt eða ekki tollverndaðra iðngreina 1964—1968. Þúsundir króna (nema mannár).

Rekstrarstærðir	1964	1965	1966	1967	1968
Reiknuð mannár skv. tryggingaskýrslum	2.724	2.695	2.717	2.639	2.670
1. Framleiðslutekjur, markaðsverði	1.692.414	1.925.268	2.202.127	2.160.129	[2]
2. Óbeinir skattar að frádregnum styrkjum[1]	17.070	19.154	21.337	16.486	[2]
3. Framleiðslutekjur, tekjuverði	1.675.344	1.906.114	2.180.790	2.143.643	2.815.652
4. Aðföng frá öðrum fyrirtækjum og innflutningi	1.159.975	1.317.542	1.467.166	1.448.235	2.071.150
5. Viðhald	30.430	34.731	41.231	32.644	45.234
6. Vinnsluverði vergt, tekjuverði (= 3÷4)	515.369	588.572	713.624	695.408	744.502
7. Slit og úrelding fjármuna (afskriftir)	58.833	59.603	64.401	60.109	91.435
8. Leigur	11.022	13.073	13.827	12.265	17.950
9. Vinnsluverði, hreint, tekjuverði (= 6÷7÷8) (= framlag til hreinna þjóðartekna, tekjuverði)	445.514	515.896	635.396	623.034	635.117
10. Laun og tengd gjöld	358.225	425.760	533.594	531.663	535.912
11. Ágóði eftir skatt	38.061	36.183	35.732	19.508	6.644

1) Áætl. 1964, 1965 og 1966 samkv. reynslu 1967.
Atv.gr.nr. 202, 206, 233, 252, 272, 281, 282, 283, 284, 311, 333.
2) Niðurstöðutölur liggja ekki fyrir.

Heimild: Efnahagsstofnunin.

Tafla 41. Rekstraryfirlit byggingavöru- og byggingahlutaiðnaðar 1964—1968. Þúsundir króna (nema mannár).

Rekstrarstærðir	1964	1965	1966	1967	1968
Reiknuð mannár skv. tryggingaskýrslum	940	1.100	1.232	1.190	1.180
1. Framleiðslutekjur, markaðsverði	528.866	603.276	759.509	787.226	826.871
2. Óbeinir skattar að frádregnum framleiðslustyrkjum[1]	19.446	23.785	31.766	32.926	30.394
3. Framleiðslutekjur, tekjuverði (= 1÷2)	509.420	579.491	727.743	754.300	796.477
4. Aðföng frá öðrum fyrirtækjum og innflutningi	282.046	295.137	373.318	406.129	428.945
5. Viðhald	22.019	27.887	28.014	25.564	26.852
6. Vinnsluverði vergt, tekjuverði (= 3÷4)	227.374	284.354	354.425	348.171	367.532
7. Slit og úrelding fjármuna (afskriftir)	46.277	48.904	49.318	55.004	56.852
8. Leigur	7.363	7.744	7.513	6.713	5.674
9. Vinnsluverði, hreint, tekjuverði (= 6÷7÷8) (= framlag til hreinna þjóðartekna, tekjuverði)	173.734	227.706	297.594	286.454	305.006
10. Laun og tengd gjöld	137.387	182.721	247.277	236.250	256.002
11. Ágóði eftir skatt	10.825	14.554	8.461	4.984	÷2.196

1) Áætlaður 1964—1965 og 1966 samkvæmt reynslu 1967
Atv.gr.nr. 262, 329, 332, 334, 335, 339.

Heimild: Efnahagsstofnunin.

Tafla 42. Rekstraryfirlit málm-, skipasmíða- og bifvélaiðnaðar 1964—1968. Þúsundir króna (nema mannár).

Rekstrarstærðir	1964	1965	1966	1967	1968
Reiknuð mannár skv. tryggingaskýrslum	3.946	4.169	4.267	4.147	4.071
1. Framleiðslutekjur, markaðsverði	1.141.303	1.474.374	1.744.638	1.668.097	1.670.595
2. Óbeinir skattar að frádregnum framleiðslustyrkjum[1])	31.364	41.076	63.791	61.019	66.130
3. Framleiðslutekjur, tekjuverði (= 1÷2)	1.109.939	1.433.298	1.680.847	1.607.078	1.604.465
4. Aðföng frá öðrum fyrirtækjum og innflutningi	494.574	646.608	701.733	600.246	566.991
5. Viðhald	27.459	27.738	32.583	24.891	28.581
6. Vinnsluverði vergt, tekjuverði (= 3÷4)	615.365	786.690	979.114	1.006.832	1.037.474
7. Slit og úrelding fjármuna (afskriftir)	25.447	30.820	37.797	44.371	44.019
8. Leigur	7.783	12.031	14.681	14.549	13.756
9. Vinnsluverði, hreint, tekjuverði (= 6÷7÷8) (= framlag til hreinna þjóðartekna, tekjuverði)	582.135	743.839	926.636	947.912	979.699
10. Laun og tengd gjöld	505.860	654.295	848.134	895.141	895.142
11. Ágóði eftir skatt	23.613	29.180	÷83	÷21.263	÷3.557

1) Áætlaður 1964—1965 og 1966 samkvæmt reynslu 1967.

Atv.gr.nr. 350, 381, 383, 386.

Heimild: Efnahagsstofnunin.

Tafla 43. Rekstraryfirlit ýmiss viðgerða- og smáiðnaðar 1964—1968. Þúsundir króna (nema mannár).

Rekstrarstærðir	1964	1965	1966	1967	1968
Reiknuð mannár skv. tryggingaskýrslum	298	278	315	254	276
1. Framleiðslutekjur, markaðsverði	107.073	129.767	150.202	126.198	112.920
2. Óbeinir skattar að frádregnum framleiðslustyrkjum[1])	7.025	7.511	8.784	7.381	5.042
3. Framleiðslutekjur, tekjuverði (= 1÷2)	100.048	122.256	141.418	118.817	107.878
4. Aðföng frá öðrum fyrirtækjum og innflutningi	60.856	78.512	82.444	61.786	46.243
5. Viðhald	505	1.007	648	925	419
6. Vinnsluverði vergt, tekjuverði (= 3÷4)	39.192	43.744	58.974	57.031	61.635
7. Slit og úrelding fjármuna (afskriftir)	2.140	2.673	2.203	2.335	1.214
8. Leigur	2.532	1.561	1.907	1.672	5.246
9. Vinnsluverði, hreint, tekjuverði (= 6÷7÷8) (= framlag til hreinna þjóðartekna, tekjuverði)	34.520	39.510	54.864	53.024	55.175
10. Laun og tengd gjöld	18.270	23.002	32.176	34.898	46.725
11. Ágóði eftir skatt	12.402	11.699	15.663	9.966	4.101

1) Áætlaður 1964—1965 og 1966 samkvæmt reynslu 1967

Atv.gr.nr. 239, 242, 259, 300, 385, 391, 393, 395, 399.

Heimild: Efnahagsstofnunin.

Tafla 44. Áætlaður ágóði eftir skatt í iðnaði (öðrum en fiskiðnaði) 1964—1968. Þúsundir króna.

Atv.-gr.nr.	Iðngrein	1964	1965	1966	1967	1968
	Iðnaður alls	**131.276**	**97.986**	**67.366**	**40.620**	**71.253**
I.	**Tollverndaður iðnaður**	**46.375**	**6.370**	**9.593**	**27.425**	**66.261**
207	Kexgerð	÷124	÷159	÷615	206	258
208	Sælgætisgerð	7.033	3.190	7.573	8.252	1.955
209	Matvælaiðnaður, annar en drykkjarvöruiðnaður	4.908	4.321	3.480	2.345	6.393
211	Framleiðsla áfengis	÷602	÷4.791	151	÷443	10.160
213	Gosdrykkjagerð	6.095	3.233	÷40	906	÷332
220	Tóbaksiðnaður	177	56	53	188	÷2.531
231	Ullarþvottur, spuni, vefnaður o. fl.	÷618	÷18.648	÷13.416	÷2.865	4.252
232	Prjónastofur og prjónlesverksmiðjur	÷471	÷158	147	4.297	15.154
243	Fatagerð	1.786	÷4.190	÷4.326	2.121	3.829
241	Skógerð önnur en gúmmískógerð	3.339	÷22	÷2.607	÷1.932	128
244	Framleiðsla á öðrum fullunnum vefnaðarvörum	25	132	154	175	491
261	Húsgagnagerð	6.733	2.634	6.214	÷6.963	÷20.394
291	Sútun og verkun skinna	1.258	2.748	÷3.129	÷6.623	8.222
293	Leðuriðnaður, annar en skó- og fatagerð	546	311	990	580	1.078
315	Málningar- og lakkgerð	4.317	3.695	4.119	7.546	10.084
319	Önnur kemisk framleiðsla	9.524	3.764	8.365	11.205	13.785
370	Smíði og viðgerð rafmagnstækja	1.598	4.709	÷4.866	1.517	4.704
394	Skartgripagerð og góðmálmasmíði	912	4.519	5.996	4.369	2.014
397	Burstagerð	4	40	÷209	214	130
398	Plastiðnaður	÷5	986	1.559	2.330	6.881
II.	**Lítt eða ekki tollv. iðnaður**	**38.061**	**36.183**	**35.732**	**19.508**	**6.644**
202	Mjólkuriðnaður	6.522	8.581	7.766	12.304	6.833
206	Brauð og kökugerð	6.062	5.064	2.306	÷1.068	÷4.043
233	Kaðla-, færa-, línu-, neta- og nótagerð	1.324	1.413	1.182	1.176	186
252	Trétunnur, kassa og körfugerð	1.216	959	1.057	÷1.010	÷1.231
272	Pappírsvörugerð	3.136	846	2.423	÷2.325	1.940
281	Prentun[1])	7.748	7.402	6.599	2.694	9.673
282	Prentmyndagerð[1])	524	410	963	872	÷228
283	Bókband[1])	1.361	4.734	1.117	345	1.105
284	Blaða- og bókaútgáfa[1])	5.088	547	6.258	268	÷2.782
311	Kemiskur undirstöðuiðnaður	4.819	6.247	6.022	6.202	÷5.118
333	Leirsmíði og postulínsiðnaður	261	÷20	39	50	309
III.	**Byggingavöru- og byggingahlutaiðnaður**	**10.825**	**14.554**	**8.461**	**4.984**	**÷2.196**
262	Glugga-, hurða- og innréttingasmíði	7.075	10.316	551	6.765	5.384
329	Ýmis framl. úr olíu og kolum	60	116	89	÷164	÷17
332	Gleriðnaður	1.024	1.966	÷345	559	203
334	Sementsframleiðsla	6.734	2.314	592	236	÷10.052
335	Grjót- malar og sandnám	÷4.279	÷4.286	3.653	1.986	÷356
339	Annar steinefnaiðnaður	211	4.128	3.921	÷4.398	2.642
IV.	**Málm-, skipa- og bifvélaiðnaður**	**23.613**	**29.180**	**÷83**	**÷21.263**	**÷3.557**
350	Málmsmíði önnur en flutningstækja- og rafmagnstækjagerð	13.770	16.818	9.594	÷7.857	12.878
381	Skipasmíði og viðgerðir	8.224	750	÷4.614	÷14.267	÷2.588
383	Bifreiðasmíði og viðhald	1.015	10.315	÷5.327	2.887	÷13.463
386	Flugvélasmíði og viðgerðir	604	1.297	264	÷2.026	÷384
V.	**Ýmis viðgerða- og smáiðnaður**	**12.402**	**11.699**	**15.663**	**9.966**	**4.101**
239	Annar vefjariðnaður	116	140	153	÷	
242	Skóviðgerðir	6.940	5.769	6.044	2.054	÷680
259	Annar trjávöruiðnaður	1.869	2.389	5.733	7.751	2.569
300	Gúmmíiðnaður	451	105	639	÷3.045	1.442
385	Reiðhjólaviðgerðir	1.903	1.112	1.333	1.006	÷271
391	Vísindatækjasmíði	187	760	722	1.058	499
393	Viðgerðir á klukkum og úrum	640	830	697	718	310
395	Smíði og viðgerðir hljóðfæra	312	414	281	208	÷222
399	Iðnaður ótalin annars staðar	÷16	180	61	216	454

1) Talan er mjög óáreiðanleg.

Heimild: Efnahagsstofnunin.

Tafla 45. Magnvísitölur iðnaðarframleiðslu 1960—1967. 1965 = 100.

Iðngrein	1960	1961	1962	1963	1964	1965	1966	1967
Mjólkuriðnaður	55.2	64.5	71.0	79.0	89.8	100.0	92.8	86.2
Niðursuðuiðnaður	58.2	61.9	57.7	65.3	94.8	100.0	113.0	126.4
Brauð- og kökugerð	91.0	95.9	94.6	93.6	105.4	100.0	108.7	105.4
Kexgerð	130.9	137.6	137.4	135.3	128.6	100.0	85.1	79.2
Sælgætisgerð	78.5	75.9	87.4	98.1	99.5	100.0	117.7	121.1
Kaffibrennsla og matarefnagerð	79.8	86.2	90.5	93.8	97.8	100.0	98.5	101.1
Drykkjarvöru- og tóbaksiðnaður	87.6	86.3	95.2	97.9	99.6	100.0	108.6	113.3
Vefjariðnaður	78.8	75.3	93.7	90.3	91.4	100.0	111.3	98.0
Veiðarfæraiðnaður	126.3	136.7	101.9	137.8	99.3	100.0	138.7	132.0
Skóiðnaður	245.9	236.0	218.7	171.3	138.7	100.0	89.8	79.4
Fatagerð	100.4	98.4	111.4	109.4	105.0	100.0	106.8	100.0
Framleiðsla á öðrum fullunnum vefnaðarvörum	34.6	42.8	50.0	66.6	35.5	100.0	114.5	88.6
Trjávöruiðnaður[1]	(62.9)	(61.7)	(68.5)	(83.6)	100.3 (93.8)	100.0 (100.0)	122.2 (104.8)	129.4 (95.7)
Umbúðaiðnaður	84.5	81.0	91.4	104.3	113.4	100.0	101.5	82.8
Skinna- og leðuriðnaður	99.7	80.6	93.8	108.5	101.5	100.0	103.2	92.7
Framleiðsla málningarvara og kemískra undirstöðuefna	81.6	80.8	81.7	83.5	92.6	100.0	101.7	96.5
Hreinlætisvöruframleiðsla	75.5	81.4	87.0	99.6	99.8	100.0	90.9	91.9
Sementsframleiðsla	63.5	65.8	84.7	95.9	94.8	100.0	97.7	93.6
Málmiðnaður og raftækjasmíði	85.7	89.4	92.1	101.4	99.9	100.0	88.0	88.5
Plastiðnaður	30.4	32.6	46.3	71.4	88.4	100.0	109.6	119.4
Annar iðnaður	46.2	50.7	67.9	71.4	90.9	100.0	92.8	127.0
Samtala iðnaðar[2]	78.7	79.4	87.8	93.8	97.7	100.0	103.4	99.0

1) Áætlað samkvæmt vinnuaflsnotkun í tölum innan sviga, en með staðvirðingu sölutekna 1964—1967.
2) Er þá gert ráð fyrir svigatölum í trjávöruiðnaði.

Heimildir: Efnahagsstofnunin og Hagtíðindi, nr. 1, 1965, nr. 11, 1968.

Tafla 46. Hlutfallsbreytingar magnvísitölu frá fyrra ári í nokkrum tollvernduðum iðngreinum, sbr. töflu 45.

Iðngrein	1960[1]	1961	1962	1963	1964	1965	1966	1967	Meðaltal
Kexgerð		+ 5.1	÷ 0.1	÷ 1.5	÷ 5.0	÷ 22.2	÷14.9	÷ 0.7	÷ 5.0
Sælgætisgerð	÷ 3.3	÷ 3.3	+15.2	+12.2	+ 1.4	+ 0.5	+17.7	+ 2.9	+ 5.4
Kaffibrennsla og matarefnagerð	+11.9	+ 8.0	+ 5.0	+ 3.6	+ 4.3	+ 2.2	÷ 1.5	+ 2.6	+ 4.5
Drykkjarvöru- og tóbaksiðnaður	÷ 3.1	÷ 1.5	+10.3	+ 2.8	+ 1.7	+ 0.4	+ 8.6	+ 4.3	+ 2.9
Vefjariðnaður	+31.3	÷ 4.4	+24.4	÷ 3.6	+ 1.2	+ 9.1	+11.3	÷11.9	+ 5.7
Skóiðnaður	÷ 8.6	÷ 4.0	÷ 7.3	÷21.7	÷19.0	÷ 27.9	÷10.2	÷11.6	÷13.7
Fatagerð	÷ 4.7	÷ 2.0	+13.2	÷ 1.8	÷ 4.0	÷ 4.8	+ 6.8	÷ 6.4	÷ 0.5
Framleiðsla á öðrum fullunnum vefnaðarvörum	÷22.6	+23.7	+16.8	+33.2	÷46.7	+181.7	+14.5	÷22.6	+22.3
Trjávöruiðnaður	(÷ 5.6)	(÷ 1.9)	(+11.0)	(+22.0)	(+10.2)	÷ 0.3 (÷ 6.2)	+22.2 (+ 1.6)	+ 5.9 (÷ 9.1)	+ 9.2 (+ 3.6)
Skinna- og leðuriðnaður	+24.5	÷19.2	+16.4	+15.7	÷ 6.5	÷ 1.5	+ 3.2	÷10.2	+ 2.8
Framleiðsla málningarvara og kemískra undirstöðuefna	+10.7	÷ 1.0	+ 1.1	+ 2.2	+10.9	+ 8.0	+ 1.7	÷ 5.1	+ 3.6
Hreinlætisvöruframleiðsla	÷ 3.9	+ 7.8	+ 6.9	+14.5	+ 0.2	+ 0.2	÷ 9.1	+ 1.1	+ 2.2
Málmiðnaður og raftækjasmíði	÷ 8.4	+ 4.3	+ 3.0	+10.1	÷ 1.5	+ 0.1	÷12.0	+ 0.6	+ 0.9
Plastiðnaður	+54.3	+ 7.2	+42.0	+54.2	+23.8	+ 13.1	+ 9.6	+ 8.9	+26.6
Samtala iðnaðar[2]	+ 4.9	+ 0.9	+10.6	+ 6.8	+ 4.2	+ 2.4	+ 3.4	÷ 4.3	+ 3.6

1) Tölur fyrir 1960 er ekki hægt að reikna út úr töflu 45.
2) Er þá gert ráð fyrir svigatölum í trjávöruiðnaði.

Tafla 47. Hlutfallsbreytingar magnvísitölu frá fyrra ári í 2 „óvernduðum“ iðngreinum.

Iðngrein	1960[1])	1961	1962	1963	1964	1965	1966	1967	Meðaltal
Veiðarfæraiðnaður	+33.2	+ 8.2	÷25.5	+35.2	÷27.9	+ 0.7	+38.7	÷ 4.8	+ 7.2
Umbúðaiðnaður (pappírsvörugerð)	+ 0.7	÷ 4.1	+12.8	+14.1	+ 8.7	÷ 11.8	+ 1.5	÷18.4	÷ 0.4
Samtala iðnaðar	+ 4.9	+ 0.9	+10.6	+ 6.8	+ 4.2	+ 2.4	+ 3.4	÷ 4.3	+ 3.6

1) Tölur fyrir 1960 er ekki unnt að reikna út úr töflu 45.

Heimild: Sjá töflu 45.

Tafla 48. Vísitölur atvinnumagns í iðnaði [1]) 1960—1968. 1965 = 100.

Iðngrein	1960	1961	1962	1963	1964	1965	1966	1967	1968
Mjólkuriðnaður				90.3	96.2	100.0	100.3	96.7	97.2
Brauð- og kökugerð				95.2	95.3	100.0	110.3	108.0	103.5
Kexgerð	136.4	143.2	145.5	143.0	136.4	100.0	86.4	76.1	76.1
Sælgætisgerð				93.9	101.2	100.0	102.3	107.4	99.6
Kaffibrennsla og matarefnagerð	76.8	81.3	70.0	88.2	106.4	100.0	118.7	93.8	
Öl- og gosdrykkjagerð ..	70.3	65.8	68.8	82.4	85.1	100.0	105.0	117.8	106.9
Vefjariðnaður	98.9	96.3	95.7	96.0	106.8	100.0	96.7	90.5	
Veiðarfæraiðnaður				83.3	93.0	100.0	91.1	76.2	59.5
Skóiðnaður	206.5	193.5	158.1	177.3	123.7	100.0	75.3	54.8	74.2
Fatagerð	99.3	98.2	99.1	102.6	113.7	100.0	91.9	80.8	79.8
Húsgagna- og innréttingasmíði	79.9	82.6	93.4	90.0	98.4	100.0	107.8	104.5	104.3
Pappírsvörugerð (umbúðaiðnaður)	61.3	71.8	77.5	111.9	112.0	100.0	96.5	92.3	101.4
Skinna- og leðuriðnaður .	74.1	71.5	87.5	65.2	75.0	100.0	100.0	79.1	
Kemískur undirstöðuiðnaður, málning og lökk ..				97.3	93.8	100.0	103.7	102.5	121.3
Hreinlætisvörur					112.6	100.0	100.0	105.9	97.5
Sementsframleiðsla				97.6	99.4	100.0	119.3	135.6	130.5
Málmsmíði	87.5	79.5	95.6	96.2	95.2	100.0	101.4	83.6	80.7
Smíði og viðgerð rafmagnstækja	67.0	63.7	69.5	78.5	93.4	100.0	94.5	86.4	92.5
Plastiðnaður				89.0	90.7	100.0	107.2	132.4	129.3
Samtala iðnaðar (annars en fiskiðnaðar)	86.1	84.0	91.6	95.2	99.2	100.0	102.4	98.7	
Fiskiðnaður	83.3	83.6	88.3	93.5	98.8	100.0	90.4	78.5	
Allur iðnaður	85.2	83.9	90.5	94.6	99.1	100.0	98.1	91.5	

1) Tölur þessar byggjast á upplýsingum um slysatryggðar vinnuvikur alls starfsfólks 1963—1968, en verkafólks 1960—1962 ásamt áætlaðri skiptingu starfsfólks annars en verkafólks á þessu tímabili. Þessum tölum ber ekki saman við mannár í töflum um rekstraryfirlit iðnaðar, og töflum, sem á því byggist, þ. e. nokkuð vantar á, að þar sé allt meðtalið. Sömuleiðis ber ekki heimildum alls staðar saman innbyrðis. Er þó ekki um verulegan mun að ræða í þessum tilfellum.

Heimildir: Efnahagsstofnunin og Hagtíðindi, nr. 5, 1965, nr. 6, 1965, nr. 10, 1965, nr. 4, 1966, nr. 10, 1967, nr. 4, 1968, nr. 3, 1969. Fjármálatíðindi, nr. 3, 1968. Skýrsla um Fríverzlunarsamtök Evrópu, 1968.

Tafla 49. Vísitölur framleiðni í iðnaði (öðrum en fiskiðnaði) 1960—1962. 1965 = 100.

Iðngrein	1960	1961	1962
Kexgerð	96.0	96.1	94.4
Kaffibrennsla og mataefnagerð	103.9	106.0	129.3
Öl- og gosdrykkjagerð	124.6	131.2	138.4
Vefjariðnaður	79.7	78.2	97.9
Skóiðnaður	119.1	122.0	138.3
Fatagerð	101.1	100.2	112.4
Pappírsvörugerð (umbúðaiðnaður)	137.8	112.8	117.9
Skinna- og leðuriðnaður	134.5	112.7	107.2
Málmsmíði, smíði og viðgerð rafmagnstækja	110.9	124.9	111.5
Samtala iðnaðar (annars en fiskiðnaðar)	91.4	94.5	95.9

Heimildir: Sjá töflu 45 og 48.

Tafla 50. Hlutfallstala nokkurra einkaneyzluliða og vergrar þjóðarframleiðslu skv. markaðsvirði, á verðlagi hvers árs 1960—1966.

Neyzluliðir	1960	1961	1962	1963	1964	1965	1966
Útgjöld neytenda alls	70.0	65.9	65.4	66.3	65.8	64.7	68.5
Matur	17.2	16.5	15.5	16.1	16.6	15.3	15.7
Drykkjarvörur	3.5	3.0	3.2	3.1	2.8	2.9	3.1
Tóbak	2.4	2.3	2.3	2.4	1.9	2.0	2.0
Fatnaður og einkam.	8.2	7.5	7.7	8.0	8.1	7.8	7.7
Húsnæði	12.3	11.9	10.9	10.1	9.8	10.3	10.9
Ljós og hiti	3.0	3.3	3.2	2.6	2.3	2.1	2.1
Varanlegir búsmunir	4.7	3.9	4.4	4.2	4.6	4.6	5.1
Ýmis útgjöld heimilis	2.1	1.7	1.5	1.7	1.7	1.7	1.7
Snyrting og læknisþjónusta	1.3	1.2	1.6	1.7	1.8	1.7	1.9
Samgöngur	6.1	5.8	6.4	7.6	6.9	6.8	7.9
Póstur og sími	0.7	0.7	0.9	0.9	0.8	0.7	0.7
Skemmtanir	4.1	3.7	3.5	3.3	3.4	3.7	4.2
Menntun	0.3	0.3	0.3	0.3	0.2	0.3	0.3
Önnur þjónusta	0.3	0.2	0.3	0.4	0.4	0.4	0.3

Heimildir: Efnahagsstofnun um útgjöld neytenda. Fjármálatíðindi, I. tafla hvers heftis um „þjóðarframleiðslu og verðmætaráðstöfun".

Tafla 51. Einkaneyzla á Norðurlöndum í hlutfallstölum 1965 og 1966.

Neyzluliðir	Danmörk		Finnland[1])		Ísland[2])		Noregur		Svíþjóð	
	1965	1966	1965	1966	1965	1966	1965	1966	1965	1966
Matur	21.4	21.2	29.6	29.2	24.3	22.8	29.3	28.6	[4])25.2	[4])24.8
Drykkjarvörur	10.3	10.7	4.6	4.9	4.6	4.5	4.9	5.0	6.2	6.6
Tóbak			3.2	3.2	3.1	3.0	3.0	3.1	3.1	3.2
Fatnaður og einkamunir	9.5	9.1	8.9	9.2	12.1	11.2	13.6	13.4	10.3	9.9
Húsnæði	8.3	8.4	10.9	11.1	18.7	19.5	7.9	7.9	9.6	9.8
Ljós og hiti	2.2	2.2	4.1	4.0	3.3	3.1	3.4	3.5	4.0	4.1
Varanlegir búsmunir	10.9	10.5	5.6	5.3	6.6	7.3	7.5	7.7	7.9	7.7
Ýmis útgj. vegna heimilis	[3])	[3])	1.9	2.0	2.8	2.5	3.3	3.3	0.7	0.7
Snyrting og læknisþj.	[3])	[3])	3.7	3.8	3.7	3.6	4.6	4.7	4.9	4.8
Samgöngur	11.7	12.3	14.1	13.5	11.3	12.8	10.7	11.0	14.6	14.2
Skemmtanir	[3])	[3])	6.4	6.7	5.8	6.1	7.7	8.0	6.4	6.6
Önnur þjónusta	22.4	22.3	6.3	6.6	2.0	1.8	2.8	2.8	6.2	6.4
Neyzla erlendis	3.3	3.3	1.5	1.4	2.8	2.8	3.7	3.6	1.8	2.0
Neyzla útlendinga í viðk. landi dregst frá			÷0.8	÷0.9	÷1.1	÷1.0	÷2.4	÷2.6	÷0.8	÷0.8
Alls	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0

1) Nær einnig til samneyzlu.
2) Byggist á upplýsingum úr mismunandi áttum.
3) Þessir liðir eru taldir með liðnum „önnur þjónusta".
4) Samneyzla hefur verið dregin frá heildarneyzlu.

Heimild: Nordisk Statistisk Årsbok 1968.

Tafla 52. Verðvísitölur útgjalda neytenda á Íslandi 1963—1966. 1960 = 100.

Vísitölur einstakra liða		1963	1964	1965	1966
Útgjöld neytenda	alls	130	149	163	176
Innfluttar vörur og þjónusta[1])	alls	117	127	136	141
Innlendar vörur og þjónusta[1])	alls	138	165	188	214
1. Vörur og þjónusta	alls	131	150	159	172
Sama	innfl.	120	131	136	143
Sama	innl.	143	171	191	213
Matur	alls	151	184	196	217
Sama	innfl.	129	153	153	161
Sama	innl.	159	197	219	245
Drykkjarvörur	alls	115	127	137	153
Sama	innfl.	114	124	138	155
Sama	innl.	119	134	136	149
Tóbak	alls	128	143	153	167
Sama	innfl.	128	143	153	167
Sama	innl.	–	–	–	–
Fatnaður og einkamunir	alls	116	122	129	133
Sama	innfl.	107	113	114	116
Sama	innl.	128	139	166	179
Ljós og hiti	alls	133	143	149	170
Sama	innfl.	142	151	154	153
Sama	innl.	125	137	145	181
Varanlegir búsmunir	alls	123	134	139	139
Sama	innfl.	113	121	125	125
Sama	innl.	142	160	176	185
Ýmis rekstrarútgjöld til heimilishalds	alls	126	139	151	165
Sama	innfl.	126	136	145	151
Sama	innl.	126	145	164	186
Snyrtivörur, snyrtiþjónusta, lyf og greiðslur til lækna	alls	131	152	164	177
Sama	innfl.	124	138	148	155
Sama	innl.	142	178	196	226
Samgöngur	alls	122	143	157	169
Sama	innfl.	119	134	143	157
Sama	innl.	130	162	189	200
Póstur og sími	alls	131	149	149	179
Sama	innfl.	–	–	–	–
Sama	innl.	131	149	149	179
Skemmtanir	alls	139	160	173	195
Sama	innfl.	123	126	133	154
Sama	innl.	145	178	201	230
Menntun	alls	128*	154*	181*	200
Sama	innfl.	–	–	–	–
Sama	innl.	128	154	181	200*
Aðrar þjónustur	alls	159*	215*	231*	295*
Sama	innfl.	–	–	–	–
Sama	innl.	159	215	231	295
2. Húsnæði[2])	alls	125	149	178	213
3. Önnur útgjöld	alls	127	139	146	153
Frádregst:					
Útgjöld útlendinga til kaupa á vörum og þjónustu hérlendis		113	113	113	114

1) Öllum voruflokkum er skipt í innfluttar vörur, sem fara til endanlegrar notkunar efnislega óbreyttar, og í innlendar vörur, þ. e. vörur framleiddar eða að einhverju leyti unnar hérlendis, þótt úr erlendu hráefni séu.
2) Húsnæði reiknað sem leiguígildi.

SKÝRINGAR: Áætlaðar tölur eru merktar *.

Heimild: Efnahagsstofnun.

Tafla 53. Verðhækkanir í heildsölu á nokkrum vörutegundum íslenzkra framleiðenda eftir gengisbreytingar 1967 og 1968.

Tegund	Eining	1967 eða fyrr	1969	Hækkun í %
Smjörlíki (hámarksverð)	1/1 kg	kr. 26.30 (sept. '67)	kr. 48.00 (feb. '69)	82.51
Kaffi (hámarksverð)	1/1 kg	kr. 66.20 (júlí '67)	kr. 125.40 (maí '69)	89.42
Sulta	1/1 glös	kr. 40.00 (sept. '66)	kr. 67.00 (febr. '69)	67.50
Tómatsósa	1/1 fl.	kr. 45.00 (sept. '66)	kr. 60.00 (febr. '69)	33.33
Plastdósir	10 ml	kr. 0.80 (ágúst '66)	kr. 1.15 (nóv. '68)	43.75
Einangrunarplast	5″ per m²	kr. 133.25 (okt. '65)	kr. 192.00 (nóv. '68)	44.09
Þvottaefni	1/2 kg	kr. 7.55 (ágúst '66)	kr. 11.50 (jan. '69)	52.31
Þvottalögur	3/4 kg	kr. 20.50 (sept. '66)	kr. 28.00 (jan. '69)	36.58
Plastbón	1/4 kg	kr. 15.00 (ágúst '66)	kr. 22.80 (jan. '69)	52.00
Suðusúkkulaði	50 gr	kr. 6.85 (júní '66)	kr. 11.80 (júní '69)	72.26
Súkkulaðikex		kr. 3.65 (júní '66)	kr. 5.60 (júlí '69)	53.42
Appelsín gosdr. (hámarksverð)	19 cl	kr. 3.60 (maí '66)	kr. 4.93 (des. '68)	36.94
Tekex	1/4 kg	kr. 14.30 (sept. '66)	kr. 17.50 (júní '69)	22.38
Fiskbollur (niðursoðnar)	1/1 dós	kr. 19.70 (okt. '66)	kr. 28.00 (marz '69)	42.13
Sardínur (niðursoðnar)	1/4 dós	kr. 10.65 (okt. '66)	kr. 15.00 (marz '69)	40.84
Gulrætur	1/1 dós	kr. 20.50 (okt. '66)	kr. 32.80 (marz '69	60.00

Heimild: Gögn frá verðlagsstjóra.

Tafla 54. Efnahagsreikningur verndaðra iðngreina og úrvinnsluhlutföll — 1. janúar 1969. Áætl. skv. úrtaki.

Iðngreinanúmer	207	208	209	213	231	232	241	243	244	261	291	293	315	319	370	394	397	398	Samtals
Fjármunir (þús. kr.)	14106	103459	131884	125619	239489	95097	33832	174032	8018	216769	38764	4879	61900	70756	130938	11037	16546	91865	1.568.990
Veltufj.	7751	69703	85138	70860	117440	52066	13852	121016	4390	130863	17497	2606	48176	46964	69877	9425	5854	55241	928.719
Fastafj.	6013	33280	45749	53291	107966	41998	11416	48362	3578	62554	12943	2134	10512	22852	41986	1612	10692	36431	553.369
Annað	342	476	997	1468	14083	1033	8564	4654	50	9890	8324	139	3212	940	19075			193	73.440
Höfuðstóll										13462									13.462
Fjármagn (þús. kr.)	14106	103459	131884	125619	239489	95097	33832	174032	8018	216769	38764	4879	61900	70756	130938	11037	16546	91865	1.568.990
Stutt lán	4379	52428	73414	66332	151609	34431	995	59003	4060	136360	1099	2036	22215	16139	57352	2829	591	31653	716.925
Löng lán	2107	8469	27552	31594	80728	31728	26547	73526	2229	65676	31226	564	5060	7422	35598	1118	10953	11416	453.513
Hlutafé	200	4444	5119	2028	925	654		5368	54	14733		261	5738	1143	9693	358		11685	62.403
Höfuðstóll	7420	38118	25799	25665	6227	28284	6290	36135	1675		6439	2018	28887	46052	28295	6732	5002	37111	336.149
Hlaupatala	1.77	1.33	1.16	1.07	0.77	1.51	13.92	2.05	1.08	0.96	15.92	1.28	2.17	2.91	1.22	3.33	9.90	1.75	1.30
Skuld – eiginfjárhlutfall[1])	0.85	1.43	3.27	3.54	32.48	2.29	4.38	3.19	3.63	13.71	5.02	1.14	0.79	0.49	2.44	0.56	2.31	0.88	2.94
Hluti langra lána af fjármagni, %	14.94	8.18	20.89	25.15	33.71	33.36	78.47	42.25	27.80	30.29	80.55	11.56	8.17	10.48	27.19	10.12	66.20	12.42	28.90
Arðsemihlutf., % [2])	6.85	11.07	15.19	7.67	9.92	23.64	5.53	10.01	22.15	1.83	28.79	43.59	24.62	27.25	7.89	30.45	1.91	14.17	11.24
Fjármagn á mannár	211	400	948	582	596	442	490	245	222	312	625	148	607	610	392	145	636	508	417

1) Skuldir/Eigið fé.
2) Ágóði fyrir vexti og skatta/Fjármagn.

Tafla 55. Efnahagsreikningur lítt eða ekki verndaðra iðngreina og úrvinnsluhlutföll — 1. janúar 1969. Áætl. skv. úrtaki.

Iðngreinanúmer	252	202	206	233	272	281	282	283	284	311	333	252, 202 og 311 undanskilin	Samtals
Fjármunir (þús. kr.)	22621	780811	69144	102986	120899	230076	10409	19803	328974	541344	2376	884667	2.229.443
Veltufj.	13508	501181	27875	62514	58277	88290	2998	11283	292478	148746	597	544312	1.207.747
Fastafj.	9113	271011	33524	39587	61691	138327	7411	8220	36360	389942	1516	326636	996.702
Annað		8619	7745	885	931	3459		300	136	2656	263	13719	24.994
Höfuðstóll													
Fjármagn (þús. kr.)	22621	780811	69144	102986	120899	230076	10409	19803	328974	541344	2376	884667	2.229.443
Stutt lán	14002	434549	27196	46373	50547	100234	3151	7580	294791	164994	759	530631	1.144.176
Löng lán	987	84503	20552	32562	32090	58263	3618	1311	1963	261199	750	151109	497.798
Hlutafé		50	6576	15375	17268	9843	623	1273	16642	88434	73	67673	156.157
Höfuðstóll	7632	261709	14820	8676	20994	61736	3017	9639	15578	26717	794	135254	431.312
Hlaupatala	0.96	1.15	1.02	1.35	1.15	0.88	0.95	1.49	0.99	0.90	0.79	1.02	1.05
Skuld – eiginfjárhlutfall[1])	1.96	1.98	2.23	3.28	2.16	2.21	1.86	0.81	9.21	3.70	1.74	3.36	2.79
Hluti langra lána af fjármagni, %	4.36	10.82	29.72	31.61	26.54	25.32	34.76	6.62	0.60	48.25	31.68	17.08	22.33
Arðsemihlutf., %[2])	6.36	4.66	3.76	7.32	4.36	12.38	4.56	13.00	2.19	1.51	22.94	6.98	4.66
Fjármagn á mannár	665	2012	167	451	840	349	315	136	854	2374	216		835

1) Skuldir/Eigið fé.
2) Ágóði fyrir vexti og skatta/Fjármagn.

Tafla 56. Samanlagður efnahagsreikningur verndaðra og lítt eða ekki verndaðra iðngreina 1. janúar 1969. Úrvinnsluhlutföll fylgja. Áætl. skv. úrtaki.

Fjármunir (þús. kr.)	**3.798.433**
Veltufjármunir	2.136.416
Fastafjármunir	1.550.071
Annað	98.434
Höfuðstóll	13.462
Fjármagn (þús. kr.)	**3.798.433**
Stutt lán	1.861.101
Löng lán	951.311
Hlutafé	218.560
Höfuðstóll	767.461
Hlaupatala	1.15
Skuld — eiginfjárhlutfall[1])	2.85
Hluti langra lána af fjármagni	25.04%
Arðsemihlutfall[2])	7.36%
Fjármagn á mannár	5.90

1) Skuldir/Eigið fé.
2) Ágóði fyrir vexti og skatta:Fjármagn.

Fylgiskjal VII.

VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ Nóvember 1969

EFTA-aðild og aukning iðnaðarvöruútflutnings.

Greinargerð samin á vegum viðskiptaráðuneytisins af:
Jóni Sigurðssyni, hagfræðingi,
Pétri Eiríkssyni, hagfræðingi og
dr. Vilhjálmi Lúðvíkssyni, efnaverkfræðingi.

EFNISYFIRLIT

1. kafli.
Almenn áhrif EFTA-aðildar á útflutning.
1.0 Áhrif fríverzlunar á utanríkisviðskipti.
1.1 Áhrif á útflutningsverð.
1.2 Samvinna um útflutning við erlend fyrirtæki.
1.3 Framleiðsla einkaleyfisvöru.
1.4 Reynsla annarra EFTA-landa.
1.5 EFTA og leiðir til aukningar útflutnings.

2. kafli.
Áhrif EFTA-aðildar á útflutningsmöguleika einstakra iðngreina.
2.0 Inngangur.
2.1 Niðursuðuiðnaður.
2.2 Spuna- og vefjariðnaður.
2.3 Prjónlesiðnaður.
2.4 Veiðarfæragerð.
2.5 Fataiðnaður.
2.6 Húsgagna- og innréttingasmíði.
2.7 Umbúðaiðnaður.
2.8 Skinnaiðnaður, leðuriðnaður og feldskurður.
2.9 Steiniðnaður og leirmunagerð.
2.10 Raftækja- og rafeindaiðnaður.
2.11 Málm- og skipasmíði.
2.12 Ýmsar vörur.
2.13 Jarðefna- og námaframleiðsla.
2.14 Þörungar og efni úr þeim.
2.15 Ólífræn efni.
2.16 Olíu- og olíuefnaiðnaður.
2.17 Málmar og málmblöndur.
2.18 Almennt um stóriðjumöguleika.
Skrá yfir helztu heimildir.

I. KAFLI
ALMENN ÁHRIF EFTA-AÐILDAR Á ÚTFLUTNING

1.0 Áhrif fríverzlunar á utanríkisviðskipti.

Þegar nokkur ríki taka upp fríverzlun sín á milli, en halda innflutningstollum gagnvart löndum utan fríverzlunarsvæðisins, má greina tvenns konar áhrif á utanríkisverzlun þeirra, og þar með útflutning. Í fyrsta lagi beinast utanríkisviðskipti fríverzlunarlandanna inn á svæðið, þar sem eftir að innbyrðis tollar þeirra hafa verið felldir niður, reynist að öðru jöfnu ódýrara að kaupa tollfrjálsan varning framleiddan innan svæðis en tollaðan varning frá löndum utan þess. Niðurfelling innbyrðis tolla getur valdið því, að fremur verði keypt tollfrjáls innansvæðisvara en tolluð vara frá seljendum utan svæðis, jafnvel þótt verð án tolla sé þar lægra. Í öðru lagi munu innbyrðis viðskipti fríverzlunarlandanna aukast, vegna þess að verkaskipting og sérhæfing innan svæðisins vex í átt til aukinnar hagkvæmni í framleiðslu. Frá heildarsjónarmiði svæðisins eru síðari áhrifin ótvírætt jákvæð, en tvímælis kann að orka, hvernig meta skuli hin fyrri. Sé hins vegar litið á málið frá sjónarmiði einstaks lands, sem er utan fríverzlunarsamtakanna og keppir á mörkuðum þess, eru þessi fyrri áhrif, þ. e. að viðskiptin beinast inn á svæðið, alvarlegs eðlis, og út af fyrir sig ótvíræð röksemd fyrir því að sækja um aðild. (Þessi útilokunaráhrif eru ein aðalskýring þess, að Bretar hafa lengi sótt fast að komast í Efnahagsbandalag Evrópu).

Þegar lýsing tvenns konar áhrifa fríverzlunar er í eðli sínu kyrrstæð og sýnir ekki, hvernig breytingarnar gerast í tíma. Þannig gefur hún aðeins mynd af ástandinu áður en innbyrðis tollar eru afnumdir samanborið við myndina, þegar öll áhrif þeirra breytinga í verðhlutföllum, sem tollabreytingunum fylgja, eru komin fram. En þátttaka í fríverzlunarsamtökum veldur ýmsum öðrum breytingum í framleiðslu og markaðsaðstöðu en þeim, sem felast í mynd „kyrrstæðrar“ aðlögunar að breyttum verðafstöðum. Aðgangur að stórum markaði gerir fyrirtækjum kleift að færa sér í nyt hagkvæmni stórrekstrar, eða, sem e. t. v. skiptir ekki minna máli, hagkvæmni langra framleiðsluruna, þótt rekstrareiningar kunni að vera smáar. Áhrif af þessu tagi munu án efa hafa mikla þýðingu fyrir Íslendinga, ef af EFTA-aðild verður, þar sem hér eru þau takmörk, sem heimamarkaðurinn setur stærð framleiðslustarfsemi, sérstaklega knöpp. Aukin erlend samkeppni getur knúið fram framleiðniaukningu og nýsköpun í iðngreinum, sem áður gátu haft hægt um sig í skjóli verndar. Sú sérhæfing, sem leiðir af fríverzlun og fylgiáhrifum hennar, gerist ekki endilega þannig, að framleiðslu og framleiðsluþáttum sé umskipað í heilum iðngreinum (greinasérhæfing), heldur getur sérhæfing allt að einu orðið innan greina, þannig að færri sérhæfðar vörutegundir verði framleiddar í löngum hagkvæmum runum. Þróunin í EFTA-löndunum frá stofnun EFTA bendir til þess, að sérhæfing af þessu tagi hafi einmitt reynzt mikilvæg.

1.1 Áhrif á útflutningsverð.

Aðild að EFTA mun hafa áhrif á útflutningsverð. Er þá átt við hrein verð án tolla og annarra álaga.

Þar sem íslenzkar afurðir þurfa nú að keppa við tollfrjálsan innflutning innan EFTA-landanna, mun óhætt að slá því föstu, að meginhluti tolla, sem nú er á íslenzkan útflutning á EFTA-vörum til EFTA-landanna, sé greiddur af íslenzkum útflytjendum á þann hátt, að þeir fá lægra verð fyrir afurðir sínar en keppinautar þeirra innan EFTA-svæðisins. Má því búast við hækkuðu útflutningsverði fyrir þær EFTA-vörur, sem fram að þessu hafa verið fluttar til EFTA-landanna. Þessi hækkun er líkleg til að nema meginhluta tollsins. Í öðru lagi má búast við hagstæðum áhrifum

á útflutningsverð af þeirri tilfærslu, sem verður á útflutningi, þ. e. a. s. EFTA-aðild gefur útflytjendum tækifæri til að flytja út til þess EFTA-lands, þar sem útflutningsverð er raunverulega hæst. Gerum t. d. ráð fyrir, að markaðsverð einhverrar útflutningsvöru sé 1000 kr./tonn í Bretlandi og 950 kr./tonn í Danmörku og á vöruna sé lagður 15% tollur í Bretlandi en 5% í Danmörku. Útflytjandi verður þá að bjóða vöruna á 870 kr./tonn í Bretlandi og 905 kr./tonn í Danmörku til að vera samkeppnisfær á viðkomandi markaði. Hann mun vitaskuld reyna að selja vöruna í Danmörku, þótt markaðsverð þar sé lægra. Við niðurfellingu tolla mundi hann hins vegar snúa sér að brezka markaðnum. Sams konar áhrifa er líklegt að gæti í jafnvel enn ríkara mæli í tilflutningi útflutnings frá utansvæðis löndum til innansvæðis landa. Hér er gert ráð fyrir, að íslenzka framboðið sé það lítill hluti heildarmarkaðarins, að áhrif þess á markaðsverðið séu hverfandi.

1.2 Samvinna um útflutning við erlend fyrirtæki.

Í 16. grein EFTA-samningsins eru ákvæði um stofnsetningu framleiðslufyrirtækja til útflutnings á EFTA-vörum innan EFTA-svæðisins. Slík stofnsetning verður þó algjörlega háð ákvörðun íslenzkra stjórnvalda. Er nánar fjallað um þetta atriði í greinargerð fyrir þingályktunartillögunni. Þetta ákvæði hefur leitt til stofnsetningar fyrirtækja í einstökum EFTA-löndum, sem ýmist hafa verið hrein erlend fyrirtæki eða innlend fyrirtæki með erlendu fjármagni að hluta. Einnig hefur þetta ákvæði stuðlað að víðtækri samvinnu erlendra og innlendra fyrirtækja innan EFTA-svæðisins. Með samvinnu fyrirtækja innan EFTA-svæðisins — skv. ákvæðum 16. greinar eða með öðrum hætti — opnast nýir möguleikar til útflutnings, sem ekki þyrftu langan aðdraganda, þannig t. d., að íslenzk fyrirtæki tækju að sér að framleiða hluti í samstæður eða tæki, sem framleidd eru í löngum framleiðslurunum fyrir stóran markað. Án afnáms tolltálma er slíkri samvinnu þröngur stakkur skorinn.

1.3 Framleiðsla einkaleyfisvöru.

Handhafar einkaleyfa, sem staðsettir eru utan markaðssvæðis, hafa af eðlilegum ástæðum áhuga á að láta framleiða tiltekna vöru innan svæðisins til þess að spara tollamismuninn. Við EFTA-aðild ættu því íslenzk fyrirtæki að fá aðstöðu til að geta náð samningum við fyrirtæki utan EFTA-svæðisins um framleiðslu á tilteknum einkaleyfisvörum. Þess háttar samningar gætu orðið íslenzkum iðnaði og útflutningi mikil lyftistöng. Hér gæti margs konar framleiðsla komið til greina, sérstaklega á vörum, þar sem verð er hátt í hlutfalli við þyngd. Ef af EFTA-aðild verður, virðist ástæða til að kanna möguleika á þessu sviði, sérstaklega í Bandaríkjunum og Japan.

1.4 Reynsla annarra EFTA-landa.

Þegar hefur verið gerð grein fyrir þessu atriði á öðrum vettvangi, þ. e. í skýrslu EFTA-nefndarinnar. Hér verður því stiklað á stóru og einungis drepið á helztu niðurstöður. Samdóma niðurstaða þeirra athugana, sem gerðar hafa verið á áhrifum EFTA á efnahag aðildarríkjanna, er að samtökin hafi stuðlað að auknum viðskiptum innan svæðisins. Að nokkru leyti sé um tilfærslu á viðskiptum að ræða, en einnig hafi orðið veruleg hrein aukning viðskipta. Á sviði iðnaðar hafi EFTA haft áhrif til aukinnar sérhæfingar og á þann hátt stuðlað að aukinni framleiðni. (Sem dæmi um þetta má nefna hjólbarðaframleiðslu í Austurríki. Eftir að Austurríki gerðist aðili að EFTA, hafa hjólbarðaframleiðendur í Austurríki dregið úr fjölda framleiðslutegunda, með þeim áhrifum, að útflutningur vissra tegunda hjólbarða hefur aukizt, jafnhliða innflutningi annarra tegunda). Augljóst er af þeim athugunum, sem gerðar hafa verið, að EFTA hefur stuðlað að vexti þjóðarframleiðslu í aðildarlöndunum. Er það eðlileg afleiðing þess, að þjóðirnar

hafa hver um sig lagt áherzlu á framleiðslu þeirra gæða, sem hlutfallslega er hagstæðast að framleiða í hverju landi.

Því fer fjarri, að Ísland sé eina landið, sem haldið hefur uppi háum verndartollum, en síðar tekið upp tollalækkunarstefnu og gerzt aðili að fríverzlunarsamtökum. Dæmi þessa finnast bæði meðal þróaðra og vanþróaðra ríkja. Gott dæmi um slíkt ríki er Finnland. Finnland hélt uppi háum verndartollum ásamt hráefnistollum, samfara hárri gengisskráningu og innflutningshöftum. Afleiðingin varð, að öflun erlendra hráefna var erfið fyrir finnskan iðnað, og samkeppni skorti á innanlandsmarkaði. Framleiðendur þurftu heldur ekki að bæta sér upp markaðstap innanlands með útflutningi. Gengislækkunin árið 1957 og aðild Finnlands að EFTA árið 1961 breyttu algjörlega forsendunum fyrir útflutningsiðnað. Finnskir framleiðendur reyndust á mörgum sviðum fyllilega samkeppnisfærir eftir tollalækkanirnar. Finnskum framleiðendum hefur tekizt að keppa á sviði langra framleiðsluraða við stórfyrirtæki annarra landa, sérstaklega í staðlaðri framleiðslu. Útflutningur hinna svokölluðu nýju iðngreina hefur aukizt síðasta áratuginn mun hraðar en útflutningur hinna hefðbundnu greina. Í heild er talið, að aðild Finnlands að EFTA hafi haft ótvíræð hagstæð áhrif á iðnað og viðskipti landsins, og á þann hátt stuðlað að meiri almennri hagsæld.

1.5 EFTA og leiðir til aukningar útflutnings.

Hér að framan hefur verið fjallað almennt um áhrif EFTA-aðildar á útflutning og utanríkisverzlun og skyggnzt í reynslu annarra af EFTA-samstarfinu. Niðurstaða þessarar almennu athugunar er sú, að í kjölfar EFTA-aðildar muni fylgja aukning útflutnings.

Samtímis þessu er ljóst, að aukning útflutnings er forsenda þess, að hér verði tryggð sambærileg lífskjör og gerast með þeim þjóðum, sem við höfum nánast samband og samanburð við. Það er því eðlilegt, að sú spurning vakni, hver séu nærtækustu tækifæri okkar til aukningar útflutnings og hver áhrif EFTA-aðildar séu í þessu efni.

Þegar könnuð eru þau tækifæri, sem framundan eru til aukningar útflutnings, ber ótvírætt fyrst að telja aukningu í útflutningi sjávarafurða, sem byggist á frekari vinnslu aflans hérlendis, betri nýtingu aflans og nýtingu fiskstofna, sem nú eru lítt eða ekki veiddir. Í þessari greinargerð verður þó ekki fjallað um útflutning sjávarafurða, nema niðursuðuafurða. Næst sjávarvöruiðnaði má svo telja annars konar útflutningsstarfsemi, sem nýtur hagstæðra ytri skilyrða hér á landi. Þannig er um stóriðju, sem byggist á ódýrri vatnsorku og jarðhita, ullariðnað, sútun og skinnaiðnað og annan iðnað, sem byggist á aðgangi að sérstæðum innlendum hráefnum. Einnig mætti nefna minkarækt vegna ódýrs fóðurs, og aukningu ferðamannastraums vegna sérkenna landsins og náttúrufegurðar.

Aðild að EFTA hefur hagstæð áhrif á mörg þau útflutningstækifæri, sem hér eru talin. Sérstaklega á þetta við um iðnað, sem byggist á skinnum og ull, en EFTA-löndin hafa verulega tolla bæði á hálfunnum vörum úr þessum hráefnum (þar sem nærtækustu útflutningstækifærin er e. t. v. að finna, m. a. vegna þess að verðteygni á hálfunnum vörum er oftast mikil) og á fullunnum neyzluvörum, sem hér mætti þróa úr þessum efnum. Í sumum greinum stóriðju má segja, að tollfrjáls aðgangur að stórum markaði sé algjör forsenda þess, að okkur nýtist orkukostnaðaryfirburðir.

Þær greinar, sem nefndar eru hér að framan, byggjast allar einkum á gæðum landsins og sjávarins umhverfis það. Til þess að tryggja efnalegt og atvinnulegt öryggi þurfum við að leita víðar fanga, og efla útflutningsiðnað, sem ekki nýtur slíkrar séraðstöðu, heldur byggist fyrst og fremst á hugkvæmni og verkkunnáttu þjóðarinnar, og vinnur úr erlendum jafnt sem innlendum hráefnum. Hér virðast helzt koma til greina iðngreinar, þar sem flutningskostnaður er ekki þungur á metunum,

og greinar, þar sem innanlandsmarkaður er fremur stór miðað við stærð hagkvæmra framleiðslueininga. Það er einmitt í þessum greinum, sem líklegt er, að aðild að EFTA geti skipt mestu máli. En hér er einnig örðugast að ráða í, hvaða greinar — eða vörur — koma til með að reynast lífvænlegar útflutningsgreinar.

Eðli málsins samkvæmt er örðugt að sjá fyrir í einstökum atriðum áhrif EFTA-aðildar á framtíðarútflutningsstarfsemi í landinu, þótt hin almennu áhrif séu ljós. Hinir raunverulegu útflutningsmöguleikar hljóta að þróast vegna náinnar þekkingar einstakra iðnframleiðenda á tækifærum framleiðslu sinnar. Í kaflanum hér á eftir verður engu að síður gerð tilraun til að varpa nokkru ljósi á mikilvægi tolla í EFTA-löndum á hugsanlegum útflutningsvörum iðnaðarins, og getur leiddar að áhrifum EFTA-aðildar á útflutningstækifæri nokkurra greina úr hópi þeirra, sem oft eru nefndar hérlendis: „Iðnaður annar en fiskiðnaður", (auk niðursuðuiðnaðarins).

2. KAFLI
ÁHRIF EFTA-AÐILDAR Á ÚTFLUTNINGSMÖGULEIKA EINSTAKRA IÐNGREINA

2.0 Inngangur.

Hér á eftir verður rætt í nánari atriðum um hugsanleg áhrif EFTA-aðildar á útflutningsmöguleika einstakra iðngreina. Er fyrst fjallað um útflutningsmöguleika iðngreina, sem hefðbundnar má telja í landinu, en síðan um nýjar iðngreinar, einkum á sviði stóriðju, sem flestar eru enn á athugunarstigi.

Yfirlitinu um hverja iðngrein fylgir tafla, sem sýnir ytri tolla í EFTA-löndunum á nokkrum vörum, sem telja má dæmigerðar fyrir viðkomandi grein, eða á vörum, sem helst hafa verið nefndar sem hugsanlegar útflutningsvörur. EFTA-löndunum er raðað eftir heildarupphæð þjóðartekna, þannig að ætla má að öðru jöfnu, að mikilvægustu markaðirnir séu fremstir í dálkaröð. Til samanburðar er aftast í hverri töflu getið um ytri toll í löndum Efnahagsbandalags Evrópu (EBE). Í töflunum er sleppt yfirliti um tolla í Portúgal, þar sem Portúgal hefur aðlögunartíma að EFTA til ársins 1980. Flestir tollar í EFTA-löndunum eru verðtollar í % af c.i.f.-verðmæti. Undantekning er Sviss, þar sem allir tollar eru vörumagnstollar, en í hinum löndunum koma slíkir tollar einnig fyrir á einstökum vörutegundum. Ef Ísland gerist aðili að EFTA, féllu þessir ytri tollar niður gagnvart íslenzkum útflutningi. Töflunum fylgir stutt greinargerð um hugsanleg áhrif EFTA-aðildar á útflutningsmöguleika viðkomandi iðngreinar.

Í þessu yfirliti eru taldar þær iðngreinar og þeir vöruflokkar, sem um hefur verið rætt opinberlega í þessu sambandi, og sem af ýmsum ástæðum þykja líklegir til að hafa möguleika til útflutnings. Ber ekki að taka þessa upptalningu sem tæmandi — eða útilokandi — heldur sem ágrip þeirra hugmynda, sem fram hafa komið, og tilraun til að leggja mat á áhrif EFTA-aðildar á framgang þeirra.

2.1 Niðursuðuiðnaður, niðursoðið eða niðurlagt fiskmeti.

Toll-nr.	Vöruheiti:	Ytri tollur af c.i.f.-verðmæti: Bretland %	Svíþjóð Skr/kg	Sviss SFr/kg brúttó	Danmörk Dkr/kg	Austurríki % eða A.S./kg	Finnland % eða F.M./kg	Noregur Nkr/kg	EBE %
16.04	Síld	10	0.61	0.10–0.20	0.64	4.30 S/kg	24 %	0.19	18.8–21.2
16.04	Silungur	10	0.61	0.20	0.64	4.30 S/kg	24 %	0.19	14.8
16.04	Annar fiskur	10	0.61	0.20	0.64	4.30 S/kg	24 %	0.19	20
16.04	Grásleppuhrogn	30	1.01	0.80	0.64	10 S/kg	4.60 M/kg	0.19	28
16.04	Önnur hrogn	5	1.01	0.80	0.64	10 S/kg	4.60 M/kg	0.19	28
16.05	Humar	7.5	0.61	1.20	0.64	20 %	24 %	0.60	20
16.05	Rækja	7.5	0.61	1.20	0.80	20 %	24 %	2.40	18.4
16.05	Skelfiskur	7.5	0.61	1.20	0.80	20 %	24 %	2.40	20

Niðursoðið og niðurlagt fiskmeti hefur verið flutt út um langan aldur. Þessi verkunaraðferð hefur þó greinilega staðið í skugga annarra verkunaraðferða, þ. e. frystingar og söltunar. Á s. l. ári var niðursoðið og niðurlagt fiskmeti flutt út fyrir rúmar 90 m.kr., miðað við núgildandi gengi, en á fyrstu 9 mánuðum þessa árs fyrir 83 m.kr. Stærsti hluti þessa útflutnings er síld, en að öðru leyti er um þorskhrogn, grásleppuhrogn og rækju að ræða. Síldin er nú flutt svo til eingöngu til Sovétríkjanna og Bandaríkjanna. Þorskhrognin eru eingöngu flutt út til Bretlands. Grásleppuhrognin fara til Danmerkur og Frakklands og niðursoðna rækjan mest til Finnlands. Eins og sést í töflunni hér að ofan eru tollar verulegir í sumum EFTA-landanna á þessum vörum. EFTA-aðild ætti því að stuðla að verulegri framleiðslu og útflutningsaukningu í niðursuðuiðnaði. Verulegur hluti þeirrar saltsíldar, sem árlega er flutt út, mun vera lagður niður eða soðinn niður á Norðurlöndum, sérstaklega í Svíþjóð. Sænski magntollurinn á niðursoðnum eða niðurlögðum síldarafurðum samsvarar nú um 10% verðmætistolli. Á fyrstu 9 mánuðum þessa árs hafa verið flutt út 18 tonn af niðurlögðum grásleppuhrognum og hefur meðalútflutningsverð á kg numið 172 kr. Á sama tíma hafa verið flutt út 1001 tn. af söltuðum grásleppuhrognum á 55 kr. kílóið. Gæti verðmætisaukningin í þessari einu afurð því hæglega numið 100 m.kr. Sú hindrun er ef til vill ekki óyfirstíganleg, en samkeppni á sænskum markaði yrði erfið, þar sem magntollurinn nemur ca. 10% verðmætisins, að ekki sé minnzt á brezka og finnska markaðinn. Til viðbótar við þau áhrif, sem EFTA-aðild mun hafa til að glæða sölu á þeim afurðum, sem nú þegar eru framleiddar, opnast með aðildinni auknir möguleikar fyrir nýjar afurðir. Má sem dæmi nefna niðursoðin ufsaflök („sjólax"), sem víða er eftirsótt vara. Einnig má minnast á hrogn og fiskmauk í túbum, sem notast sem álegg. Í raun réttri má segja, að þessum iðnaði verða lítil takmörk sett, svo framarlega sem gæðin standist ströngustu kröfur, framleiðslukostnaðurinn haldist innan hóflegra marka og öflun góðs hráefnis sé trygg. Í sambandi við síðast talda atriðið ætti að taka til ítarlegrar athugunar, á hvern hátt megi tryggja innlendum framleiðendum hráefni án þess að hráefnisverð til þeirra sé undirorpið tímabundnum sveiflum á erlendum mörkuðum.

2.2 Spuna- og vefjariðnaður.

Toll-nr.	Vöruheiti:	Ytri tollur af c.i.f.-verðmæti: Bretland % og d/lb	Svíþjóð %	Sviss SFr/kg brúttó	Danmörk %	Austurríki % og A.S./kg	Finnland %	Noregur %	EBE %
53.10	Lopi (í smásöluumbúðum) ..	7.5%	6	1.60	5	17 %	12	8	11
53.07	Kamgarn	7.5%	6	0.60–1.10	5	8 %	6	8	5
53.06	Kardgarn	7.5%	5	0.40–0.75	5	8 %	6	8	5
53.05	Samspunnið garn	14.5%+ 10 d/lb	7	0.38–1.37	5	7–9 %	7	8	10.3–13.4
53.11	Álnavara úr ull og gerviefnum	17.5%+ 5 d/lb	14–18.4	1.80–5.50	12.5–18.4	13–16%+ 10.40S/kg	24–30	18–25	13–18
58.02	Gólfteppi úr ull	19 %	12	1.15–1.71	12.5	28 %	35	16–18	21.8
62.01	Ullarteppi	20 %	13	2.40–2.88	12.5	18%+ 11.50S/kg	31	18	17

Af spunavörum hefur nær eingöngu verið um lopaútflutning að ræða. Árið 1967 var fluttur út lopi fyrir tæpar 4 m.kr., árið 1968 fyrir rúmar 6 m.kr., og á fyrstu 9 mánuðum þessa árs fyrir um 7.5 m.kr. (allar verðmætistöflur m. v. núgildandi gengi). Aðalmarkaðslönd fyrir hespulopann eru Bandaríkin, Júgóslavía og Danmörk. Þar sem spunaiðnaðurinn er að töluverðu leyti undirstaða vefjar- og prjónaiðnaðarins, hefur hagstæð þróun hans mikil áhrif á aðrar iðngreinar. Meðan innlendur iðnaður getur ekki tekið við öllu framleiðslumagni spunaiðnaðarins, er aðgangur að erlendum mörkuðum því mikilvægur til nýtingar afkastagetu og aukinnar verðmætasköpunar. Raunar er þrátt svo komið, að núverandi ullarframleiðsla dugi ekki til og auka þurfi hráefnisöflun. Má þó benda á, að á þessu ári hafa verið flutt út um 300 tonn af þveginni ull á 63 kr./kg að meðaltali, en sú ull mun að mestu leyti hafa verið í svo lágum gæðaflokki, að innlendi iðnaðurinn treysti sér ekki til að nýta hana. Þegar haft er í huga, að meðalútflutningsverð á lopa á þessu ári nemur um 380 kr./kg sést, að til nokkurs er að vinna að bæta gæði ullarinnar.

Ullarteppi (værðarvoðir) er eina framleiðsla vefjariðnaðarins, sem flutt hefur verið út að nokkru marki. Árið 1967 voru flutt út 69 800 teppi fyrir 38 m.kr. þar af 69 200 teppi til Sovétríkjanna. Árið 1968 voru flutt út 30 000 teppi fyrir 20 m.kr., þar af 29 700 teppi til Sovétríkjanna. Fyrstu 9 mánuði þessa árs hafa verið flutt út 36 000 teppi fyrir 14.3 m.kr., þar af 33 700 teppi til Sovétríkjanna (allar verðmætistölur m. v. núverandi gengi). Eins og sést á ofan sögðu hefur teppaútflutningur verið sáralítill til annarra landa en Sovétríkjanna. Verulegir tollar eru lagðir á þessa vöru í EFTA-löndunum eða frá 12.5% í Danmörku upp í 31% í Finnlandi. Er athyglisvert í því sambandi, að tekizt hefur á þessu ári að selja, að vísu örlítið magn af teppum til Finnlands á hliðstæðu verði og til Sovétríkjanna. Virðist ástæða til að ætla, að útflutningur geti orðið töluverður til EFTA-landanna, ef við fáum tollfrjálsan aðgang að þeim mörkuðum. Af öðrum vefjarvörum má minnast á húsgagnaáklæði, en á þeirri vöru eru verulegir tollar í EFTA-löndunum, sbr. töfluna hér að ofan. Tæplega er unnt að reikna með útflutningi gólfteppa í bráð. Þyrfti að framkvæma ítarlega markaðsrannsókn, til þess að kanna smekk neytenda. Engan veginn er óhugsandi að unnt reynist að flytja út gólfteppi í framtíðinni, ef af EFTA-aðild verður. Hins vegar má telja útilokað að keppa á tollverndaðum mörkuðum í þessari grein.

2.3 Prjónlesiðnaður.

Toll-nr.	Vöruheiti:	Ytri tollur af c.i.f.-verðmæti: Bretland %	Svíþjóð %	Sviss SFr/kg brúttó	Danmörk %	Austurríki %	Finnland %	Noregur %	EBE %
60.05	Ytri prjónafatnaður úr ull ..	20.0	15.0	6.72–7.98	20.0	25.0	27.0	17.0	16.8–19.8
60.04	Ullarnærfatnaður úr prjónlesi	20.0	15.0	6.42	15.0	28.0	27.0	17.0	19.4
60.03	Ullarsokkar	20.0	14.2	6.30	15.0	29.0	27.0	17.0	18.4
60.02	Ullarvettlingar	20.0	15.0	7.12	22.5	30.0	27.0	20.0	22.4
60.05	Ytri prjónafatnaður úr ull og/eða gerviefnum	20.0–28.0	13.0–15.0	6.72–8.60	20.0–22.5	25.0–27.0	27.0–35.0	17.0–20.0	16.8–19.8

Útflutningur á prjónavörum (aðallega úr ull) hefur á síðustu árum að lang mestu leyti farið til Sovétríkjanna, en nokkuð til Bandaríkjanna. Útflutningur til annarra landa hefur verið lítill. Útflutningsverðmætið árið 1967 og 1968 var um 45—50 m.kr., m. v. núgildandi gengi. Fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins 1969 er útflutningur prjónavarnings um 66 m.kr., þannig að um verulega aukningu er að ræða.

Yfirlitið hér að framan yfir ytri tolla EFTA á prjónavörum sýnir, að um verulega tolla er að ræða, eða verðtolla á bilinu 13—35%, að því er varðar ytri prjónafatnað (vörumagnstollur Sviss liggur sennilega á þessu bili neðanverðu sem hlutfall). Við markaðsathuganir íslenzkra iðnrekenda á þessu ári virtist vera vænlegur markaður fyrir tízkufatnað úr ullarprjónlesi (vélprjónlesi) í EFTA-löndum og er greinilegt, að samkeppnisaðstaða íslenzkrar vöru af þessu tagi verður öll önnur, ef aflétt er tollum, sem víða eru um eða yfir 20%. Sama gildir að marki um handprjónaðar, hefðbundnar peysur.

Ef vel tekst til með vöruval, er næg afkastageta til að nýta fljótlega útflutningstækifæri, sem kynnu að opnast. Íslenzkur iðnaður á þessu sviði sýnist hafa ýmis hagstæð sérskilyrði, þar sem er hvort tveggja, sérstætt ullarhráefni, sem að verulegu leyti var flutt óunnið úr landi fram til ársins 1969, og rík prjónleshefð. Til þess að tryggja framgang þessarar greinar þarf að leggja mikla áherzlu á ullarkynbætur og markaðsrannsóknir og síðan vöruþróun í nánu sambandi við niðurstöður markaðsathugana.

2.4 Veiðarfæragerð.

Toll-nr.	Vöruheiti:	Ytri tollur af c.i.f.-verðmæti: Bretland %	Svíþjóð % eða Skr/kg	Danmörk %	Finnland %	Noregur % eða Nkr/kg	EBE %
59.05	Uppsett neta- eða nótaveiðarfæri úr gerviefnum (til atvinnunota)	37.0	Skr. 0.45	6.0	20.0	5.0	16.8
59.04 — 06	Önnur veiðarfæri úr gerviefnum (til atvinnunota) ..	20.0	15.0–20.0 %	0.0–10.0	20.0	Nkr. 3.60	16.8

Til þessa hefur nær enginn útflutningur verið á uppsettum veiðarfærum frá Íslandi, en lítilsháttar útflutningur á fiskilínu og kaðli til Færeyja. Hér er því ekki um neina verulega útflutningsreynslu eða fótfestu að ræða. Íslendingar ættu hins vegar að hafa ýmsar forsendur til þess að setja upp sérhæfð neta- eða nótaveiðarfæri og vörpur betur en annars staðar gerist. Hér eru margir kunnáttusamir neta-

gerðarmenn, sem í samvinnu við skipstjórnarmenn og verkfræðinga gætu e. t. v. þróað útflutningshæf veiðarfæri, þótt úr erlendum netaslöngum væru. En til þess, að svo megi verða, er óhjákvæmilegt að hafa tollfrjálsan aðgang að stórum markaði. Eins og yfirlitið hér að framan sýnir, eru umtalsverðir tollar á veiðarfærum í EFTA-löndum, þó einkum í Bretlandi, þar sem tollurinn er 20—37%. Nú kann að virðast fjarlægt, að við flytjum út veiðarfæri til landa með gróinn veiðarfæraiðnað, eins og til Bretlands eða Norðurlanda, en í því sambandi er vert að hafa hugfast, að sú sérhæfing og verkaskipting, sem leiðir af fríverzlun, gerist ekki nauðsynlega þannig, að skipt sé á heilum greinum, heldur er sérhæfing innan greina ekki síður þýðingarmikil. Auk þess er vert að leggja áherzlu á það, að veiðarfæraiðnaður hér á landi hefur tiltölulega stóran heimamarkað að bakhjarli. Heima fyrir hefur greinin ætíð keppt án teljandi verndar.

2.5 Fataiðnaður.

		Ytri tollur af c.i.f.-verðmæti							
Toll-nr.	Vöruheiti:	Bretland %	Svíþjóð %	Sviss SFr/kg brúttó	Danmörk %	Austurríki %	Finnland %	Noregur % eða Nkr/kg	EBE %
53.03	Gærufóðraðar úlpur	23	8.8	11.20	21	27.6	24	48 Kr/kg	15.2
61.01	Karlmannafatnaður úr ullarefnum	20	13	6.30	20	28	38	25–30 %	18
61.02	Kvenfatnaður úr ullarefnum	20–26	15	6.50–9.00	20	28	38	25–30 %	18
	Vetrarsportfatnaður:								
61.01–02	a) Stakkar og úlpur	20–26	15	6.30–11.20	22.5	32–35	38	20–30 %	18
61.10	b) Hanzkar	20–28	11.8–16.6	1.99	9.6	30	38	12.84 Kr/kg	18.4
61.10	c) Sokkar	20–28	11.8–16.6	1.99	7.3	30	38	24.2 %	18.4

Nokkuð hefur verið flutt út af tilbúnum fatnaði, öðrum en prjónafatnaði, á undanförnum árum. Árið 1967 nam þessi útflutningur 4.5 m.kr., árið 1968 3 m.kr. og fyrstu 9 mánuði þessa árs 2.5 m.kr. (allar tölur umreiknaðar til núverandi gengis). Meginhluti þessa útflutnings hefur farið til Færeyja, sérstaklega 1967 og 1968. Á þessu ári hafa þó verið sendar nokkrar litlar sendingar til Danmerkur, Bandaríkjanna, V-Þýzkalands, Noregs og nokkurra annarra landa. Ekki er við því að búast, að við getum hafið fjöldaframleiðslu til útflutnings á tilbúnum fatnaði í bráð. Hlýtur hér eins og víða annars staðar að koma til sérhæfing með mikilli áherzlu á einstakar vörur. Útflutningsmöguleikarnir liggja einkum í hugmyndaflugi, smekkvísi og verklagni þeirra, sem að fatagerð vinna. Má benda á í því sambandi, að Danir flytja inn fataefni frá Bretlandi, en flytja tilbúinn fatnað úr sömu efnum út til Bretlands. Þar sem flutningskostnaður er mjög lágur í hlutfalli við verðmæti þessara vörutegunda, ætti hann ekki að standa í vegi fyrir útflutningi. Ytri tollar EFTA-landanna eru verulegir á þessum vörum eða um 20% í flestum landanna, en allt upp í 38% í Finnlandi. Í heild verður að ætla, að talsverðir útflutningsmöguleikar séu fyrir hendi, ef saman fer smekkvísi, verklagni og nýting sérislenzkra hráefna.

2.6 Húsgagna- og innréttingasmíði.

Toll-nr.	Vöruheiti:	Ytri tollur af c.i.f.-verðmæti: Bretland %	Svíþjóð %	Sviss SFr/kg brúttó	Danmörk %	Austurríki % eða A.S./kg	Finnland %	Noregur % eða Nkr/kg	EBE %
94.01	Sethúsgögn, bólstruð eða skinnklædd	16	8	1.63	9.6	28–30 %	20	16 %	13.6
94.03	Borð og stólar úr tré	16	8	0.57–0.97	9.6	5.60 S/kg	12	0.96 kr/kg	13.6
94.03	Skrifstofuhúsgögn	16	8	0.57–0.97	9.6	22.4–30 %	12	12 %	13.6
94.03	Stálhúsgögn, krómuð	13	8	0.90	9.6	22.4 %	12	1.60 kr/kg	13.6
94.03	Álhúsgögn	13	8	0.90	9.6	22.4 %	12	12 %	13.6
94.03	Innréttingar	16	8	0.52–0.93	9.6	22.4 %	12	12 %	13.6

Útflutningur húsgagna hefur verið lítill sem enginn. Einungis hefur verið um litlar tilraunasendingar að ræða. Húsgagnaiðnaðurinn mun að mörgu leyti illa undir samkeppni á erlendum mörkuðum búinn. Rekstrareiningarnar eru smáar, fjármagn er illa nýtt og sérhæfing fyrirfinnst varla. Ljóst er, að endurskipulagning verður að fara fram í þessum iðnaði, bæði innan fyrirtækjanna og innan greinarinnar í heild. Með sérhæfingu einstakra fyrirtækja og samræmingu í framleiðslu og sölu er ekki ástæða til annars en að ætla, að íslenzk húsgögn geti keppt innan EFTA-markaðarins a. m. k. Einnig er hugsanlegt, að íslenzkir húsgagnaframleiðendur geti tekið upp samvinnu við húsgagnaframleiðendur eða verzlunarkeðjur á Norðurlöndum, þannig að íslenzku fyrirtækin framleiddu vissa hluti í samstæður. Að síðustu má gera ráð fyrir, að útflutningur á vissri sérhæfðri framleiðslu geti hafizt, t. d. á stólum með áklæði úr íslenzkum gærum. Á þessu ári var í fyrsta sinn gerð tilraun til útflutnings á innréttingum. Hafa verið fluttar út innréttingar fyrir 0.5 m.kr. til Færeyja. Athugaðir hafa verið útflutningsmöguleikar til Bretlands, en 16% innflutningstollur í Bretlandi gerir alla samkeppni við framleiðendur á Norðurlöndum erfiða.

Þessi grein hefur sýnt mikla aðlögunarhæfni á innlendum markaði og brást hraustlega við, þegar innflutningur innréttinga var gefinn frjáls og teknir upp glóbalkvótar fyrir húsgögn árið 1966, þannig að fyllsta ástæða er til að ætla, að útflutningsmöguleikar verði töluverðir, ef af EFTA-aðild verður. Að síðustu má á það benda, að hráefnis- og umbúðatollar eru nú áætlaðir um 37% í húsgagna- og innréttingasmíði. Niðurfelling þessara tolla mundi bæta samkeppnisaðstöðu iðnaðarins, einnig á erlendum mörkuðum, því að þótt gert sé ráð fyrir endurgreiðslu þessara tolla við útflutning, er mikið rekstrarfé bundið þar til að útflutningi kemur og mikið umstang og skriffinnska tengd endurgreiðslum eins og er.

2.7 Umbúðaiðnaður.

Toll-nr.	Vöruheiti:	Ytri tollur af c.i.f.-verðmæti: Bretland %	Svíþjóð %	Sviss SFr/kg brúttó	Danmörk %	Austurríki %	Finnland %	Noregur Nkr/kg	EBE %
48.16	Bylgjupappakassar	16.5	6.4	0.32	13.8	23.4	20.0	2.24	18.6
48.16	Aðrir pappakassar og öskjur	16.5	6.4	0.32	13.8	23.4	20.0	2.24	18.0

Undanfarin þrjú ár hefur beinn útflutningur á pappaöskjum (fiskumbúðum) aukizt að mun. Árið 1967 náði útflutningurinn ekki 1 m.kr., reiknað á núverandi

gengi. Árið 1968 var hann 6.8 m.kr., reiknað með sama hætti. Bæði árin voru Færeyjar helzti móttakandinn. Fyrstu þrjá ársfjórðunga 1969 var útflutningurinn 9.8 m.kr., þar af 5.8 m.kr. til Færeyja, 1.8 m.kr. til Danmerkur og 2.2 m.kr. til Noregs. Þessi útflutningur er enn á tilraunastigi. Hafa verður í huga, að þessar tölur um beinan útflutning segja fjarri því alla sögu um útflutningshæfni umbúðaiðnaðarins, sem er sérhæfður við pappaumbúðir um útflutningsafurðir, aðallega freðfisk. Greinin er þannig óbeinlínis veruleg útflutningsgrein, en þá oftast inn á tollfrjálsan markað. Greinin hefur einnig notið þeirrar sérstöðu að byggja upp vélakost sinn tollfrjálst að verulegu leyti. Eins og fram kemur í tollatöflunni hér að ofan eru verulegir tollar í EFTA-löndum á pappaumbúðum. Verðtollar EFTA-landa eru á bilinu 6.4—23.4%, t. d. 16.5% í Bretlandi, en þar munu vera sölumöguleikar á fiskumbúðum, einkum ef þessi tollur hverfur. Vörumagnstollarnir virðast vera miklu hæstir sem hlutfall af verðmæti miðað við þær afurðir, sem héðan hafa verið seldar til útlanda. Auk hugsanlegrar aukningar beins útflutnings umbúða í kjölfar EFTA-aðildar er ljóst, að umbúðaiðnaðurinn mun njóta góðs af útflutningsvexti annarra greina. Greinin ætti að hafa mikla vaxtarmöguleika, m. a. með því að hagnýta fleiri efni en hingað til í ríkara mæli til umbúðaframleiðslu, eins og t. d. plast.

2.8 Skinnaiðnaður, leðuriðnaður og feldskurður.

		Ytri tollur af c.i.f.-verðmæti							
Toll-nr.	Vöruheiti:	Bretland %	Svíþjóð %	Sviss SFr/kg brúttó	Danmörk %	Austurríki %	Finnland %	Noregur Nkr/kg eða %	EBE %
41.02	Fullsútaðar stórgr.húðir	13.5	6.6	0.80–0.86	9.0	11.2	17.0	2.88 Nkr	8.6
42.03	Hanzkar úr leðri	28,0	11,6	2.76–7.90	24.5	16.8–18.0	12.0	17.2–23.8 %	13.4 til 15.6
42.02	Töskur o. þ. h. úr leðri	13.0–16.0	11.8	2.52–4.76	19.5	20.0	12.0–24.0	27.6 %	12.0
43.02	Loðsútaðar gærur	9.5	4.8	0.39	12.0	8.0–12.2	24.0	12.80 Nkr	6.0
43.02	Mokkasútaðar gærur ...	9.5	4.8	0.39	12.0	8.0–12.2	24.0	12.80 Nkr	6,0
43.02	Verkuð minkaskinn	9.5	4.8	0.39	12.0	8.0–12.2	24.0	80.00 Nkr	6.0
43.03	Loðfeldir og flíkur úr gærum	23.0	8.8	11.20	21.0	27.6	24.0	48.00 Nkr	15.2
43.03	Loðfeldir og flíkur úr minkaskinni	23.0	8.8	11.20	21.0	27.6	24.0	240.00 Nkr	15.2
43.03	Hanzkar úr loðskinnum	23.0	8.8	11.20	21.0	27.6	24.0	48–240,00 Nkr	15,2
43.03	Töskur o. þ. h. úr loðskinnum	23.0	8.8	11.20	21.0	27.6	24.0	48–240.00 Nkr	15.2

Útflutningur sútaðra skinna og skinnavöru hefur verið óverulegur til þessa. Árið 1967 voru fluttar út 45 þúsund loðsútaðar gærur að verðmæti 24 m.kr., árið 1968 voru fluttar út 48 þúsund loðsútaðar gærur að verðmæti 27 m.kr., fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins 1969 voru fluttar út 55 þúsund loðsútaðar gærur að verðmæti 33 m.kr. (allar verðmætistölur m. v. núgildandi gengi). Útflutningurinn hefur mestur verið til Bandaríkjanna, en einnig nokkur til EFTA-landa. Vöxtur útflutningsins árin 1968 og 1969 sýnir samkeppnishæfni greinarinnar. Þegar þess er gætt, að árleg framleiðsla á gærum er um 900 þúsund, er ljóst, að vaxtarmöguleikar sútunar eru miklir, enda eru nú ákveðnar áætlanir um nýjar loðsútunarverksmiðjur með samtals 500 þúsund skinna ársafköstum. Þar við bætist, að minkarækt, sem nú er að hefjast á ný hérlendis, víkkar hráefnagrundvöll loðskinnaverkunar. Eftirspurn eftir sútuðum — bæði loðsútuðum og mokkasútuðum — gæruskinnum virðist nú mikil. Sé litið yfir tollayfirlitið hér að framan, kemur í ljós, að tollar EFTA-landanna á loðsútuðum gærum eru verulegir, nema í Sviss. Verðtollar hinna EFTA-landanna eru frá 4.8%

í Svíþjóð til 24% í Finnlandi (sennilega eru norsku vörumagnstollarnir enn hærri hlutfallslega). EFTA-aðild fylgir niðurfelling þessara tolla þegar í stað, og ætti það að styrkja stöðu þessarar vænlegu greinar að mun. Ef vel tekst til, getur sútunariðnaðurinn orðið undirstaða frekari framleiðslu úr skinnum, þar sem hægt væri að þróa sérstæðar íslenzkar vörur úr gæruskinnum, kálfskinnum, hrosshúðum eða jafnvel fiskroði eða hákarlsskrápi. Mikilvæg forsenda þessa er tollfrjáls aðgangur að stórum markaði, en ytri tollar á unnum vörum úr skinnum og leðri eru nú verulegir hjá EFTA-löndum, eins og yfirlitið hér að framan ber með sér. Á það má einnig benda, að slíkur frekari iðnaður úr skinnum kann að þróast fremur hægt, m. a. þar sem þjálfun kunnáttumanna í feldskurði tekur langan tíma. Greiður aðgangur að stórum markaði með hina hálfunnu vöru (sútuðu gærurnar) er nauðsynlegur, meðan slíkar framfarir í frekari vinnslu eru að komast á skrið. Sem dæmi um hugsanlegt framtíðar mikilvægi þessarar greinar sem útflutningsgreinar má nefna, að væru fluttar út árlega 900 þúsund loðsútaðar gærur í stað 900 þúsund saltaðra, þýðir þetta við núverandi verðlag aukningu vergra útflutningstekna um u. þ. b. 300 m.kr. á ári. Þessi aukning ætti að geta orðið tiltölulega fljótt, þar sem framkvæmdir við verksmiðjubyggingar eru að hefjast eða eru hafnar.

2.9 Steiniðnaður og leirmunagerð.

		Ytri tollur af c.i.f.-verðmæti							
Toll-nr.	Vöruheiti:	Bretland % eða £/cwt	Svíþjóð %	Sviss SFr/tonn brúttó	Danmörk %	Austurríki % eða A.S./tonn	Finnland % eða F.M./m²	Noregur % eða NKr/kg	EBE %
25.17	Tilskorið grjót	8 %	0	0.8	0	8 %	0	0	0
68.02	Grjótmunir	8 %	8	46–96	4	30 %	4%	9.6–16 %	10.4–11.2
68.07	Steinull, blásið einangrunarefni	8 %	6.4	96	6.4	5 %	12%	24 %	8
69.01	Eldfastir kísilsteinar	6 %	0	28	0	14.4%	12%	0	8
	Leirvörur:								
69.05	Þakplötur	9.5%	4	16	4	9.6%	12%	3.2%	5.6
69.05	Útiflísar	16 %	4	64	4	12.2%	12%	3.2%	8
69.06	Leir og basaltrör	16 %	4	80–88	4	8 %	12%	0	12.8
69.08	Veggflísar með glerungi	15–24 %	14.2	83–150	10.8	735–1120S/t	2.25FM/m²	4.8%	14.4
69.09	Leirílát	16 %	0–4	126	0	14.4%	9%	6.4%	10.8
69.12	Borðbúnaður	1£/cwt	11.8	130	19.5	28 %	32%	0.24Kr/kg	12–14
69.14	Ýmsir leirmunir	16 %	11.8	130–440	13.8	25 %	25%	0.48Kr/kg	12

Í þessari grein hefur lítið eitt verið flutt út. Samkvæmt útflutningsskýrslum nam verðmæti útfluttra leirmuna til skrauts og húsbúnaðar 1967 56 þús. kr., árið 1968 71 þús. kr. og á fyrstu þrem ársfjórðungum 1969 hefur útflutningsverðmætið numið um 167 þús. kr. Þetta getur þó ekki talizt annað en sölutilraunir í markaðskönnunarskyni. Sú reynsla virðist þó hafa fengizt, að eitt fyrirtæki hefur ráðgert mjög verulega aukningu starfsemi sinnar og hefur notið aðstoðar erlendra aðila við að kanna innlend hráefni, sem gætu orðið undirstaða aukinnar og fjölbreyttari framleiðslu. Ytri tollar í EFTA-löndunum eru víðast hvar nokkuð háir á þeim leirmunum, sem hér eru framleiddir nú og liggja á bilinu 12—25% af verðmæti.

Flestar aðrar stein- og leiriðnaðarvörur, sem til greina gæti komið að framleiða hér, eru einnig nokkuð tollaðar. Sérstaklega má benda á 16% toll í Bretlandi á sýruheldum steinrörum (basaltrörum), en framleiðsla þeirra mun vera í athugun, þótt ekki sé vitað, hver eru hin áætluðu markaðslönd.

Framleiðsla á munum úr slípuðu náttúrugrjóti (borðplötur, öskubakkar o. fl.), hefur verið reynd hér og útflutningsmöguleikar munu vera í athugun. Nokkur tollur er á slíkum munum, víðast frá 4—16%.

Aðrar vörur eins og eldfastir kísilsteinar, steinull og annað blásið einangrunarefni, kunna að eiga sér nokkra möguleika hér, þar sem hráefnagrundvöllurinn er fyrir hendi. Ytri tollar EFTA-landa á þessum vörum eru einnig nokkrir, eða 5—24%.

Þar sem þegar bólar á tilraunum til útflutnings hjá nokkrum aðilum í þessum flokki, virðist EFTA-aðild geta haft hagstæð áhrif á þróun þessa iðnaðar, enda býr hann ekki við tollvernd hérlendis nú. Ef slíkur iðnaður finnur rekstrarmöguleika á annað borð, er fátt því til fyrirstöðu, að hann rísi upp all fljótlega, enda munu stækkunaráform vera á döfinni hjá a. m. k. einum aðila, eins og áður er sagt.

2.10 Raftækja- og rafeindaiðnaður.

		Ytri tollur af c.i.f.-verðmæti							
Toll-nr.	Vöruheiti:	Bretland %	Svíþjóð %	Sviss SFr/tonn brúttó	Danmörk %	Austurríki %	Finnland %	Noregur %	EBE %
85.01	Rafmótorar	13.5	8	160–720	11.6	11.2–22	12	8	8–10
85.06	Heimilistæki	12–13.5	8.4	680	13.8	22	12	16	12
85.15	Útvarpsviðtæki	18	14.6	1600	20.7	38	21	23.8	18.8
90.14	Jarðvísindatæki	17–20	8	900	0	16	8	14	11.8
90.28	Ýmis mælitæki	14.5–20	0–8.8	1200	0–9	16.4	16	9.6–15.7	13

Enginn umtalsverður útflutningur á raftækjum eða rafeindatækjum hefur átt sér stað að undanförnu. Þó mun eitthvað hafa verið selt af rafhitunartækjum. Í þessum iðnaði er þó sá möguleiki, að setja megi upp samsetningaverksmiðju fyrir rafeindatæki og hefur verið bent á samvinnu við ameríska aðila, sem vilja framleiða fyrir EFTA-markað, ef af aðild Íslands verður.

Hér myndi framleiðslan byggjast á nægu vinnuafli með verklega hæfileika og almenna menntun á háu stigi. Einnig er til staðar nokkur reynsla í hönnun og smíði rafeindatækja til jarðvísindarannsókna og fiskileitar. Tollar af slíkum tækjum eru víðast allháir og myndi EFTA-aðild hafa veruleg áhrif á möguleikana í samsetningariðnaði (útvarpstæki, magnarakerfi o. þ. h.), en hins vegar tiltölulega lítil áhrif á markaðsmöguleikana fyrir sérsmíðuð vísindatæki.

2.11 Málm- og skipasmíði.

Tollnr.	Vöruheiti:	Ytri tollur af c.i.f.-verðmæti: Bretland %	Svíþjóð %	Sviss SFr/kg brúttó	Danmörk %	Austurríki %	Finnland %	Noregur % eða Nkr/kg	EBE %
89.01	Fiskiskip	0.0	0.0	.	0.0	.	0.0	0.0 %	0.0
89.01	Skemmtibátar	8.0	8.0	1.28	12.0	21.8–22.4	8.0–20.0	24.0 %	4.8–8.0
84.15/.17	Frystivélar og frystibúnaður	10.5–11.0	8.0	0.24–1.22	8.4–9.6	8.0–16.4	12.0	5.6–18.0 %	8.0
84.01/.17	Þurrkarar, katlar	11.0	8.0	0.08–0.20	6.4–8.4	16.0–17.6	10.0–12.0	0–18.0 %	8.8
84.30	Fiskvinnsluvélar (flokkunarv., hreinsunarv. o. s. frv.)	11.0	8.0	0.12–0.48	7.2	14.4	...	16.0 %	8.0
84.22	Vindur (í fiskiskip)	10.0	8.0	0.12–0.48	10.8	16.0	15.0	16.0 %	8.8
	Ýmsir (steyptir) munir til heimilisnota úr:								
73.38	a) járni	17.5	7.2	0.17	9.0–13.8	22.0	12.0	0.20Nkr	13.6
74.18	b) kopar	16.0	6.4	0.48–1.00	9.0–18.0	30.0	12.0	4.0—8.0 %	11.2
76.15	c) áli	16.0	6.4	1.60	0–15.0	27.6	12.0	13.6 %	12.8

Málm- og skipasmíði er meðal þeirra greina, sem ættu í framtíðinni að geta orðið útflutningsgreinar. Málmsmíðin hefur til þessa fyrst og fremst verið þjónustugrein sjávarútvegsins og skipasmíðar hafa nær eingöngu verið fyrir innlendan markað.

Íslendingar hafa ýmsar forsendur til þess að verða samkeppnisfærir að því er varðar sérhæfðar fiskiskipasmíðar, þrátt fyrir það, að legu landsins fylgi óhagræði vegna flutningskostnaðar smíðaefnis (en á móti þessu vegur að nokkru, að landið er ekki bundið neinum sérstökum stálframleiðendum með innkaup, og getur því beint innkaupum sínum þangað, sem bezt hentar hverju sinni).

Þau rök, sem til þess hníga, að við getum flutt út fiskiskip með árangri, eru fyrst og fremst tengd innlendri sérþekkingu á fiskveiðum og búnaði og verkkunnáttu. Þessi atriði eru þó ekki einhlít; til þess að skipasmíðaiðnaðurinn verði samkeppnisfær þurfa smíðalán og fjármagnsfyrirgreiðsla að vera a. m. k. jafnhagstæð og annars staðar gerist. Aðild að EFTA breytir litlu um samkeppnishæfni fiskiskipasmíða, þar sem engir tollar eru á slíkum skipum, hins vegar eru verulegir tollar á skemmtibátum ýmiss konar (sjá töflu), sem einnig koma til greina sem útflutningsvara, auk þess sem lækkun tolla á vélum og efnivörum, sem jöfnum höndum eru notaðar til smíða fyrir heimamarkað og útflutning, hefur ótvírætt hagræði í för með sér. Með svipuðum rökum má halda því fram, að útflutingur ýmiss konar véla og tækja, sem notuð eru við fiskveiðar og vinnslu, komi til greina. Eins og sjá má af tollayfirlitinu hér að framan, eru verulegir tollar á slíkum vörum í EFTA-löndum eða verðtollar oftast á bilinu 8—12%. Á þessum vörum munar þannig verulega um niðurfellingu tolla. Í þremur neðstu línum tollatöflunnar eru sýndir tollar á ýmsum steyptum málmmunum til heimilisnota. Þessir tollar eru nokkuð breytilegir, en í sumum landanna háir. Ekki virðist ósennilegt, að finna mætti málmsteypuvörur, sem hægt væri að framleiða hér til útflutnings, t. d. úr áli. Í þessu sambandi gæti verið mikilvægt að hafa samvinnu við erlend fyrirtæki og framleiða hér einstaka hluti í stærri tæki eða samstæður, sem framleiddar eru í löngum runum fyrir stóran markað. Slíkt alþjóðlegt samstarf er mun auðveldara, ef engir tolltálmar eru milli landanna. Sama gildir um möguleika íslenzkra vélsmiðja til þess að taka að sér hluta úr verkum útboðnum erlendis, en nú munu vonir við það tengdar, að íslenzk fyrirtæki geti tekið þátt í „kaupþingi undirverktaka“ (underleverandörbörs) á Norðurlöndum.

2.12 Ýmsar vörur.

Tollnr.	Vöruheiti:	Ytri tollur af c.i.f.-verðmæti: Bretland % eða Sh/cwt	Svíþjóð %	Sviss SFr/kg brúttó	Danmörk %	Austurríki %	Finnland % eða FM/kg	Noregur % eða NKr/kg	EBE % eða DM/kg
	Skartgripir:								
71.12/.13	Gullmunir	16–24 %	8	30.00–50.00	18	16–20	8%	12 %	7.2–8.4%
71.12/13	Silfurmunir	16–24 %	8	2.00–9.00	18	22	16%	64–192 Kr/kg	7.2–8,4%
71.15	Munir úr ísl. steinum	17–20 %	0	44.00	18	16	9%	64 Kr/kg	8.4–11.2%
	Málningarvörur:								
32.09	Málning og lökk	7.5–10 %	11	0.47	12	26.8	24%	12.5–15%	12.8%
32.12	Fylliefni o. þ. h.	8 %	5.2	0.12	8	14.4	12%	12 %	7.2%
	Plastvörur:								
39.02	Slöngur, rör, flísar	10 %	13.4	0.45	11.1	21.2	16%	15–26 %	18.4%
39.07	Ýmsir hlutir úr plasti	16–17.5%	13.4	0.68–1.20	13.4	24.5	21%	10–26 %	17.6%
42.02	Hlutir úr leðurlíki	13–16 %	11.8	1.26–3.55	19.5	20	24%	27.6%	16.2%
97.03	Leikföng	20 %	9.6	0.82	14.4	28	12%	24 %	20.8%
	Ýmsar vörur:								
18.06	Súkkulaði	4 Sh/cwt +10 %	8–20	0.50	15	32	1.15 M/kg	1 Kr/kg	22,3 % +0.50 DM/kg
19.08	Kex	10 %	8–20	0.55	15	36	1.85 M/kg	2 Kr/kg	29.2 + 0.35–1.00 DM/kg
96.02	Málningarrúllur	16 %	9.2	1.34	15	24	15%	16.8%	18.6%
96.02	Burstar	28 %	9.2	1.06	12	24	15%	9.6%	18.6%

Í töflunni hér að ofan er yfirlit yfir ytri tolla EFTA-landanna á nokkrum vörum, sem hafa verið orðaðar við útflutning. Sú skrá er hvergi nærri tæmandi, enda illkleift að gera öllum útflutningsmöguleikum skil í þessari skýrslu:

Skartgripir: Vaknaður er áhugi á athugun á útflutningsmöguleikum fyrir skartgripi. Hefur verið prentaður upplýsingabæklingur um íslenzka skartgripi. Þar sem grein þessi stendur föstum rótum hér á landi, kostir fjöldaframleiðslu eru mjög takmarkaðir, og smekkvísi ótvíræð, ætti aðild að EFTA að auka útflutningsmöguleika töluvert. Mætti búast mjög fljótlega við hagstæðum áhrifum af EFTA í þessari grein.

Málningarvörur: Málning hefur verið flutt út til Sovétríkjanna og Færeyja. Nemur útflutningurinn það sem af er þessu ári 10.5 m.kr. Ekki er að búast við, að EFTA-aðild geti haft veruleg áhrif til aukningar útflutnings, þar sem flutningskostnaður er hár í hlutfalli við verðmæti. Kæmu helzt dýrustu tegundir málningar til greina.

Plastvörur: Möguleikar til útflutnings plastvara liggja einkum í, að framleiddar verði einkaleyfisvörur, þar sem handhafar einkaleyfis eru utan EFTA-landanna. Kæmi þetta einkum til greina með bandarísk og japönsk einkaleyfi. Má segja, að lítil takmörk séu slíkri framleiðslu sett, ef hún kemst einu sinni á. Frumskilyrði fyrir þess háttar framleiðslu er EFTA-aðild, þar sem enginn áhugi yrði hjá handhöfum einkaleyfa að öðrum kosti.

Ýmsar vörur: Aðrar vörur, sem eru á ofanritaðri töflu, eru þar fyrst og fremst til þess að gefa hugmynd um ytri tolla í EFTA-löndunum. Útflutningsaðstaða þeirra vörutegunda, sem þar eru taldar, er svo óljós, að ekki er ástæða til að fjalla frekar þar um að sinni.

2.13 Jarðefna- og námaframleiðsla.

Toll-nr.	Vöruheiti:	Ytri tollur af c.i.f.-verðmæti: Bretland %	Svíþjóð %	Sviss SFr/tonn brúttó	Danmörk %	Austurríki %	Finnland %	Noregur %	EBE %
25.12	Kísilgúr, ósekkjaður	0	0	0.30	0	0	0	0	0
25.12	Kísilgúr, sekkjaður	6	0	0.30	0	0	0	0	0
25.13	Vikur	0	0	0.30	0	0	0	0	0
25.32	Biksteinn	0	0	0.30	0	5	0	0	0
26.01	Málmgrýti, hvers konar	0	0	0	0	0	0	0	0

Þar sem litlir eða engir tollar eru yfirleitt á vörum í þessum flokki, hefur EFTA-aðild engin bein áhrif á þróunarmöguleika þessara útflutningsgreina.

2.14 Þörungar og efni úr þeim.

Toll-nr.	Vöruheiti:	Ytri tollur af c.i.f.-verðmæti: Bretland %	Svíþjóð %	Sviss SFr/tonn brúttó	Danmörk %	Austurríki %	Finnland %	Noregur %	EBE %
14.05	Þörungamjöl	0	0	5	0	0	0	0	0
39.06	Alginsýra og alginöt	8	0	40	11.1	0	0	24	7.2

Enginn tollur er af þaramjöli, svo að EFTA-aðild hefur engin bein áhrif á möguleika þaravinnslu. Hins vegar eru víða nokkrir tollar af alginsýru, sem unnin er úr sæþörungum. Ekki verður þó séð, að EFTA-aðild hafi nein veruleg áhrif á möguleikana til alginatvinnslu hér á landi, enda önnur atriði, sem ráða, svo sem þróun öflunaraðferða fyrir hráefni og framleiðsluaðferðar fyrir alginatvinnsluna.

2.15 Ólífræn efni.

Toll-nr.	Vöruheiti:	Ytri tollur af c.i.f.-verðmæti: Bretland %	Svíþjóð %	Sviss SFr/tonn brúttó	Danmörk DKr/tonn	Austurríki % eða A.S./tonn	Finnland %	Noregur %	EBE %
25.01	Salt	0	0	6.00	0	0	0	0	0
28.01	Klór	8	5,6	16.00	80	570 S/t	0	0	11.2
28.01	Bróm	0	0	24.00	0	0	0	0	12.0
28.04	Fosfór	8	0	24.00	0	0	0	0	9.6
28.17	Vítissódi	10	5	27.80	0	700 S/t	9	0	12.8
28.25	Títanoxíð	12	0	16.00	0	8.4 %[1])	4	0	9.6
28.30	Kalsíumklóríð	16	0	8.00	0	0	0	0	6.4
28.30	Magnesíumklóríð	0	0	2.40	0	0	0	0	6.4
28.32	Natríum- og kalíkóröt	8	0	35.80	0	0–16 %	0	0	6.4–8.0
28.33	Brómíð og brómöt	25	0	40.00	0	0	0	0	12.0
28.42	Natríumkarbónat	8	0	12.00	0	137 S/t	0	0	10.4
28.42	Natríumbíkarbónat	8	0	12.00	0	378 S/t	0	0	8.8
31.04	Kalíumklóríð	0	0	0.80	0	0	0	0	0

1) Með undanþágum til sérstakra nota.

Í sambandi við hugsanlega sjóefnavinnslu á Reykjanesi er fróðlegt að líta á nokkur undirstöðuefni, sem hugsanlega fengjust á fyrsta stigi hennar. Salt, kalíklóríð og kalsíumklóríð eru öll tollfrjáls á Norðurlöndum, en þar eru jafnframt taldir aðalmarkaðir fyrir þau efni. Sama máli gegnir um flest önnur ólífræn efni nema vítissóda, sem tollaður er í Svíþjóð og Finnlandi, svo og klór, sem tollað er í Svíþjóð og Danmörku. Bróm er aðeins tollað í Sviss. Í Bretlandi, sem yrði væntanlega annað aðalmarkaðislandið fyrir bróm, er enginn tollur. Einna mest væru áhrif tollabreytingar af vörum eins og ólífrænum brómsamböndum (brómíð og brómöt) og sóda (natríum karbónati) í Bretlandi. Þá er eftirtektarvert, að magnesíumklóríð er í fáum löndum tollað.

Bent hefur verið á framleiðslumöguleikana fyrir hreinan fosfór. Markaðsverð á fosfór mun vera nálægt $ 420 á tonn. Með 8% tolli í Bretlandi leggst því á aukakostnaður, sem nemur um $ 33 á tonn. Hins vegar er talið, að spara megi nálægt $ 60 á tonn í orkukostnaði, ef verksmiðja er staðsett á Íslandi (orkuverð 2.5 mills/kwst), samanborið við staðsetningu í Bretlandi eða Þýzkalandi (orkuverð 8 mills/kwst). Þannig fer um helmingur orkuforskots okkar í tolla, ef við stöndum utan EFTA, en seljum fosfór þangað. Á það má einnig benda, að innflutningur á fosfór til Bretlands er tollfrjáls frá samveldislöndunum, en fosfórinn kemur nú þangað aðallega frá Nýfundnalandi.

Hér gæti verið nokkurt hagræði að því, að Ísland gengi í EFTA, þótt ekki sé fyllilega ljóst, hvert markaðssvæðið fyrir fosfór yrði á endanum.

Í heild má segja, að EFTA-aðild hafi ekki úrslitaáhrif á möguleikana fyrir framleiðslu á ólífrænum undirstöðuefnum, en hins vegar yrðu áhrifin hagstæð í nokkrum einstökum greinum, og færðu aukið svigrúm í vali á markaðslöndum og framleiðsluvörum.

2.16 Olíu- og olíuefnaiðnaður.

Toll-nr.	Vöruheiti:	Ytri tollur af c.i.f.-verðmæti: Bretland % eða sh/gallon	Sviss Svíþjóð %	Sviss SFr/tonn brúttó	Danmörk %	Austurríki % eða A.S./tonn	Finnland %	Noregur %	EBE %
27.10	Hreinsaðar olíur	4.5s/g	0	10	0	112S/t	0	0	0
27.14	Petroleum coke	0	0	1	0	8 %	0	0	0
27.15	Asfalt	8 %	0	6	0	0	0	0	0
27.16	Bikolíur	4.5s/g	0	32	0	16 %	0	0	3
29.01	Ýmis fljótandi kolvetni	4.5s/g	11	8	0	8–14.4%	0	0	6.4–12.8
29.02	Vínylklóríð	25 %	11	10	0	20 %	0	0	15.2
29.02	Klór og brómsambönd af kolvetnum	25 %	11–12	55–320	0	16–20 %	0	0	12.8–15.2
39.02	Polyvinylklóríð	10 %	10	104	8.8	18 %	0	26	16
85.24	Rafskaut til rafgreininga	9–12.5%	8	1	0	18 %	0	0	9

Hreinsaðar olíur frá olíuhreinsunarstöðvum eru ekki hátt tollaðar á Norðurlöndum, þar sem vitað er um talsverða markaði fyrir olíuvörur. Ýmis fljótandi kolvetni eru einnig lágt tolluð á Norðurlöndum nema í Svíþjóð.

Bent hefur verið á, að nota megi klór úr salti eða frá magnesíumvinnslu til framleiðslu á klórsamböndum af kolvetnum. Þetta gildir sérstaklega, ef hér rís upp nægilega stór olíuhreinsunarstöð, sem getur framleitt efni til olíuefnaiðnaðar. Helztu erfiðleikarnir hafa verið taldir háir tollar í hugsanlegum markaðslöndum, sérstaklega Bretlandi. Afnám 25% tolls af þessum vörum í Bretlandi gæti haft hagstæð áhrif fyrir þessa möguleika. Hér gæti þá komið til greina að framleiða klórsamband af kolvetnum, svo sem leysivökva, hreinsivökva, vinylklóríð, etylendiklóríð og jafnvel polyvinylklóríð plast.

Þannig hefði EFTA-aðild lítil bein áhrif á möguleika stærri olíuhreinsunarstöðva. Hins vegar gæti hún auðveldað mjög þróun efnaiðnaðar, sem byggist á olíuefnum og klóri.

2.17 Málmar og málmblöndur.

Toll-nr.	Vöruheiti:	Ytri tollur af c.i.f.-verðmæti: Bretland %	Svíþjóð % eða SKr/tonn	Sviss SFr/tonn brúttó	Danmörk %	Austurríki % eða A.S./tonn	Finnland %	Noregur %	EBE %
28.04	Silisíum málmur	0	62 Kr/t	48	0	0	0	24	8
28.05	Natríum málmur	8	0	24	0	0	0	0	5.6
73.02	Silisíum járnblöndur	0	56 Kr/t	5–15	0	0	0	0	10
76.01	Ál, óunnið	0	0	570	0	1400S/t	0	0	9
76.01	Álblöndur	8	0	570	0	1400S/t	0	0	9
76.02/.03	Álprofilar og -plötur	10.5	3 %	644–770	0–7	11–15 %	2	9	13.8
76.09/.16	Ýmsar vörur úr áli	14,5–16	6.4 %	252–1720	0–15	16–28.8%	2–12	10–13.5	11.8–16.2
77.01	Magnesíum, óunnið	6	0	590	0	0	0	0	9.2
77.01	Magnesíum-blöndur	8	0	590	0	0	0	0	9.2
77.03	Hlutir úr magnesíum	16	6.4 %	690–1600	4	13–15.6%	4	24	11–12.8
81.04	Títanium	10	0	50	0	0	0	0	6
81.04	Hlutir úr títanium	10	0	600–2000	0	0	0	24	8
28.04	Fosfór	8	0	24	0	0	0	0	9.6

Í þessum flokki eru margar hinar raforkufreku stóriðjugreinar, sem til greina koma við íslenzkar aðstæður. Hreint ál í stöngum er hvergi tollað í EFTA-löndum

nema í Sviss og Austurríki. Í Sviss er tollunin veruleg og jafngildir um 20% verðtollun. Álblöndur er hins vegar verulega tollaðar í Bretlandi, þar sem aðalmarkaður íslenzku álframleiðslunnar er talinn liggja. Þessi tollun í Bretlandi, 8%, jafngildir hækkun orkukostnaðar um rúmlega 3 mill/kwh og dregur þannig verulega úr samkeppnishæfni orkulinda okkar í þeirri framleiðslu. Það borgar sig því t. d. ekki sérstaklega að framleiða álblöndur af magnesíum eða silisíum, þótt slíkir möguleikar kunni annars að opnast.

Magnesíum og magnesíumblöndur eru verulega tollaðar í Bretlandi og enn meira í Sviss. Þar sem hið fyrrnefnda hlýtur að vera þýðingarmikið markaðsland fyrir hugsanlega magnesíum framleiðslu, þá getur EFTA-aðild aukið verulega á samkeppnishæfni þeirrar vinnslu hér.

Unnar vörur, t. d. málmsteypur úr áli, magnesíum og blöndum af þeim málmum, eru alls staðar allhátt tollaðar. Það væri því frumskilyrði fyrir útflutningsiðnað á þessu sviði, að stór tollfrjáls markaður opnaðist.

Í heild verður að líta á, að EFTA-aðild geti haft verulega hagstæð áhrif á þróunina innan þessara orkufreku iðngreina, sérstaklega með tilliti til markaða fyrir magnesíum og málmblöndur af áli og magnesíum á Bretlandsmarkaði, svo og möguleika smærri iðnaðar, sem byggir á málmsteypum úr þeim léttmálmum, sem hér kunna að fást.

2.18 Almennt um stóriðjumöguleika.

Í framanskráðu hefur einungis verið reynt að draga fram, hvaða tollalegar breytingar muni verða á aðstöðu hinna svonefndu stóriðjugreina við hugsanlega inngöngu Íslands í EFTA. Það er eðli málsins, að erfitt er að segja, hver verði markaðssvæðin og þróunin fyrir þessar framtíðarvörur okkar. Það er háð markaðs- og framleiðsluaðstæðum á hverjum tíma. Ýmis atriði takmarka áhrif tollalækkana á einstakar vörutegundir í stóriðjugreinum. Sérstaklega er það háð þátttakendum í framleiðslufyrirtækjunum, markaðssamböndum þeirra erlendis, verðsamþykktum á alþjóðamarkaði, svo og tæknilegum leyfisveitingum, sem framleiðslufyrirtækin byggjast á. Ekkert af þessum atriðum eru enn þekktar stærðir.

Hinar almennu niðurstöður má þó setja fram lauslega þannig, að beinu áhrifin séu lítil á möguleika fyrsta stigs sjóefnavinnslunnar, svo og áliðjuna, meiri á vaxtarmöguleika í framleiðslu á álblöndum og allmikil í framleiðslu steyptra eða formaðra hluta úr áli, magnesíum og léttmálmblöndum, þ. e. a. s. því meiri úrvinnsla sem rís hér upp, byggð á undirstöðuþrepum sjóefnavinnslu og málmbræðslu, þeim mun meiri yrðu hin hagstæðu áhrif aðildar að EFTA.

SKRÁ YFIR HELZTU HEIMILDIR

1. Kindleberger, Charles P.:
International Economics, 3rd Edition, Homewood, Ill., 1963.
2. EFTA:
The Effects of EFTA on the Economies of Member States, Geneva, January 1969.
3. EFTA-nefndin:
Skýrsla um fríverzlunarsamtök Evrópu (EFTA), október 1968.
4. Jóhannes Nordal og Sigurgeir Jónsson:
Aukning útflutnings er forsenda góðra lífskjara, Fjármálatíðindi XV. árg., nr. 3.
5. Guðmundur Magnússon:
Íslenzkur iðnaður og EFTA, nóv. 1969, (handrit).
6. Larna, Kaarlo:
Diversification of Finnish Exports, Bank of Finland Monthly Review, No 6, 1967.
7. Tollskrár EFTA-landa og Efnahagsbandalags Evrópu.
8. Hagstofa Íslands:
Verzlunarskýrslur.
9. Rannsóknarráð ríkisins:
Some Possibilities for Major New Industries in Iceland, R.r. 3., 1969.
10. Aluminium—Profile of an Industry, Metal Week, Dec. 16, 1968.
11. European Chemical News, July 5, 1968.

Ed. **153. Frumvarp til laga** [118. mál]

um endurhæfingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þjálfun og endurhæfingu fólks með varanlega skerta starfshæfni, svo að það geti sem bezt séð sér farborða með eigin vinnu. Aðstoða skal þær stofnanir, sem annast endurhæfingu, og koma á fót þeim rannsóknar-, endurhæfingar- og vinnustöðvum, sem nauðsynlegar eru, með þeim hætti, sem nánar greinir í lögum þessum.

2. gr.

Félagsmálaráðherra skipar sjö menn í endurhæfingarráð, þar af sex eftir tilnefningu eftirtalinna aðila, einn frá hverjum: Öryrkjabandalags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Sambands íslenzkra sveitarfélaga, Læknafélags Íslands og menntamálaráðuneytisins. Ráðherra skipar einn mann án tilnefningar. Skal hann hafa staðgóða þekkingu á endurhæfingarmálum. Hann skal og vera formaður ráðsins.

Kostnaður við starfrækslu endurhæfingarráðs greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Hlutverk endurhæfingarráðs skal vera:

a. að semja áætlun um þörf endurhæfingarstöðva og vinnustöðva fyrir fólk með varanlega skerta starfshæfni. Skal í áætlun þessari gerð grein fyrir stærð stofnananna, staðsetningu þeirra, verksviði og búnaði. Við samningu áætlunarinnar skal taka tillit til nýjunga í endurhæfingarmálum og stefna að því, að ráðstafanir til endurhæfingar svari jafnan sem bezt kröfum tímans.
b. að hafa eftirlit með endurhæfingarstofnunum og vinnustöðvum fyrir öryrkja.
c. að vinna að því, að verkaskipting slíkra stofnana verði sem hagkvæmust.
d. að útvega þeim, sem þarfnast endurhæfingar og þjálfunar, sbr. 13. gr., rúm á stofnun við sitt hæfi og atvinnu að þjálfun lokinni, sbr. 15. gr.
e. að stunda upplýsingastarfsemi og hvetja þá, sem ekki geta séð sér farborða vegna skertrar starfshæfni, til þess að leita þjálfunar og þeirrar meðferðar, sem við á, svo að þeir geti fengið starf við sitt hæfi.
f. að vera stjórnarvöldum til aðstoðar og ráðgjafar um endurhæfingarmálefni.

4. gr.

Áætlun sú, sem um ræðir í 3. gr. a, skal gerð fyrir árin 1972—1982. Skal með áætlun þessari stefnt að sem beztri starfrækslu endurhæfingarstöðva og vinnustöðva í landinu. Í sambandi við áætlunargerðina skal endurhæfingarráð hlutast til um, að verksvið hinna ýmsu stofnana verði samræmt og skipulagt, svo að rekstur þeirra verði eins hagkvæmur og kostur er.

Leita skal staðfestingar ráðherra á áætlun þessari.

Endurhæfingarráð skal vinna að því, að hinni staðfestu áætlun verði fylgt. Í því skyni skal ráðið beita sér fyrir því, að einstök öryrkjafélög komi á fót vinnustöðvum fyrir öryrkja á þeim stöðum og með því verksviði, sem brýnust þörf er fyrir.

5. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum endurhæfingarráðs, veitt öryrkjafélögum, sveitarfélögum og öðrum aðilum leyfi til þess að koma á fót endurhæfingarstöð og vinnustöð fyrir öryrkja.

Allar slíkar stofnanir skulu vera svo úr garði gerðar, að þær geti veitt þá þjónustu, sem eftir eðli þeirra og stærð er ætlazt til að þær veiti, þar á meðal fræðslustarfsemi, sem nauðsynleg er að dómi endurhæfingarráðs. Slík fræðsla skal vera kostuð af ríkissjóði, enda sé tilhögun hennar samþykkt af menntamálaráðuneytinu.

Allar endurhæfingarstöðvar og vinnustöðvar fyrir öryrkja eru háðar eftirliti endurhæfingarráðs. Skylt er að veita trúnaðarmönnum ráðsins aðgang að stöðvunum, tækjum og öðrum búnaði og láta í té upplýsingar um allt, sem varðar rekstur og afkomu þeirra. Ber ráðinu að leiðbeina stofnunum þessum um sérhvað það, sem betur má fara.

Samkvæmt tillögum endurhæfingarráðs getur ráðherra svipt stofnanir þessar leyfi til starfa, ef þær bæta ekki eftir kröfu ráðsins úr ágöllum innan hæfilegs tíma.

6. gr.

Þeir, sem hyggjast koma á fót stöðvum samkvæmt 5. gr. laga þessara, skulu gera endurhæfingarráði glögga grein fyrir öllu því, er lýtur að stofnun og rekstri stöðvanna.

Að fengnu samþykki ráðsins og leyfi ráðherra, sbr. 5. gr., skal stöðin njóta aðstoðar samkvæmt ákvæðum 7.—8. gr. laga þessara.

7. gr.

Til þess að koma á fót sjálfstæðum endurhæfingarstöðvum skal veita fé úr erfðafjársjóði, eftir því sem það er fyrir hendi, svo sem hér greinir:

a. Styrkur, sem nemur allt að þriðjungi stofnkostnaðar.
b. Lán, sem nemi allt að þriðjungi stofnkostnaðar. Lánið skal vera til 15 ára með 5% ársvöxtum, tryggt með 2. veðrétti í endurhæfingarstöðinni, næst á eftir 1. veðréttarláni, er má nema allt að 20% af stofnkostnaði.

8. gr.

Endurhæfingarstöðvar, sem komið er á fót samkvæmt 7. gr. þessara laga, skulu greiða þann kostnað, sem leiðir af nauðsynlegri læknisfræðilegri endurhæfingu, að svo miklu leyti sem hann er ekki greiddur af Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum opinberum aðilum.

9. gr.

Til þess að koma á fót vinnustöðvum fyrir öryrkja er heimilt að veita styrki og lán sem hér segir:

a. Styrk úr erfðafjársjóði, sem nemur allt að 40% af stofnkostnaði.
b. Lán úr atvinnuleysistryggingasjóði til 20 ára með 5% ársvöxtum, sem nemur allt að 40% stofnkostnaðar.

10. gr.

Verði halli á rekstri endurhæfingarstöðvar eða öryrkjavinnustofu, getur endurhæfingarráð lagt til, að hann verði að einum þriðja hluta greiddur úr atvinnuleysistryggingasjóði, að einum þriðja hluta af lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins og að einum þriðja hluta af rekstrarafla, og er þá stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs og tryggingaráði, hvoru um sig, heimilt að veita styrki samkvæmt tillögum endurhæfingarráðs.

11. gr.

Heimilt er að veita fé úr erfðafjársjóði til þess að koma á fót dvalarheimilum fyrir öryrkja, svo sem hér segir:

a. Lán, sem nemur allt að fjórðungi byggingarkostnaðar, sem vera skal með sömu afborgana- og vaxtakjörum og lán þau, sem um ræðir í 7. gr. b.
b. Styrk, sem má nema allt að fjórðungi byggingarkostnaðar.

12. gr.

Rétt til þess að vera aðnjótandi endurhæfingar samkvæmt lögum þessum eiga þeir, sem lögheimili eiga á Íslandi og annaðhvort:

a. geta ekki séð sér farborða vegna varanlegrar skertrar starfshæfni, eða
b. er nauðsyn þjálfunar eða endurhæfingar til þess að koma í veg fyrir, að þeir missi hæfileika sína til þess að sjá sér farborða vegna fyrirsjáanlega minnkandi starfsgetu af völdum orkutaps.

13. gr.

Hver sá, sem óskar þjálfunar vegna skertrar starfshæfni skal, ef þess gerist þörf, ganga undir hæfnis- og starfspróf, þar sem rannsökuð verður andleg og líkamleg hæfni hans. Við próf þetta skal afla upplýsinga um fortíð hans, heilsufar, menntun, uppeldi, hugðarefni, félagslegar aðstæður, efnahag og atvinnu og annað, er máli skiptir fyrir þjálfun og starfsval.

Endurhæfingarráð skal sjá um, að rannsóknir þær og próf, sem um ræðir í 1. mgr., fari fram. Í því skyni getur ráðið samið við þar til hæfa stofnun um að annast þetta verkefni.

Að lokinni rannsókn og prófi samkvæmt grein þessari skal í samráði við hlutaðeigandi mann gera áætlun um, hvernig þjálfun hans skuli haga.

14. gr.

Samkvæmt tillögu endurhæfingarráðs skulu þeir, sem njóta endurhæfingar samkvæmt lögum þessum, eiga kost á aðstoð svo sem hér segir:

a. Styrk, ef fjárhagsástæður þeirra eru með þeim hætti, að þeir geti ekki aflað sér þess, sem þeir og skyldulið þeirra mega ekki án vera til lífsframfærslu, á meðan endurhæfing fer fram.
b. Styrk eða lán til verkfæra- og tækjakaupa og annarri fyrirgreiðslu í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfsemi að endurhæfingu lokinni.

Útgjöld samkvæmt a-lið þessarar greinar skulu greidd af hlutaðeigandi sveitarfélögum. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins veitir aðstoð samkvæmt b-lið greinarinnar.

15. gr.

Nú fellur niður endurhæfingarstarfsemi, sem notið hefur styrks samkvæmt 7. og 9. gr., og er þá endurkræfur styrkur sá að fullu, sem veittur hefur verið, ásamt venjulegum útlánsvöxtum frá þeim tíma, að starfsemin féll niður. Sama gildir um styrk til dvalarheimilis öryrkja, sbr. 11. gr., ef starfsemi þess fellur niður.

16. gr.

Þeir, sem notið hafa endurhæfingar samkvæmt lögum þessum, skulu fá aðstoð til að finna starf við sitt hæfi. Endurhæfingarráð skal í samvinnu við vinnumiðlunina í landinu láta gera könnun á atvinnulífinu með tilliti til hentugra starfa fyrir fólk með skerta vinnugetu, gera spjaldskrá yfir fyrirtæki, er slíkum störfum ráða, og vinna að því, að þeir fái aðgang að þessum störfum.

Þeir, sem notið hafa endurhæfingar, skulu að öðru jöfnu, eiga forgangsrétt til atvinnu hjá ríki og bæjarfélögum.

17. gr.

Um styrk til einstaklinga vegna læknisfræðilegrar endurhæfingar, vegna gervilima- og tækjakaupa fer eftir ákvæðum laga um almannatryggingar.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1970.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 14. sept. 1967, fól félagsmálaráðherra Öryrkjabandalagi Íslands að semja drög að frumvarpi til laga um öryrkjaheimili og endurhæfingarstöðvar. Árangur þessa er frumvarp það um endurhæfingu, sem hér liggur fyrir.

Hér á landi eru engin lög um endurhæfingu fólks með skerta starfshæfni. Mikið og merkilegt starf við slíka endurhæfingu er þó unnið í landinu. Á þessu sviði hefur frumkvæði og framtak verið hjá félagasamtökum. Þótt ekki sé hér um að ræða lögboðna aðstoð hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, við endurhæfingu, hafa þessir aðilar styrkt slíka starfsemi í landinu með ýmsum hætti, beint og óbeint. Í flestum þróuðum ríkjum eru lög um endurhæfingu, sem ákveða mikla fjárhagslega aðstoð við þetta málefni. Þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (I.L.O.) hefur samþykkt ályktun eða tillögu um starfsendurhæfingu fólks með skerta starfshæfni, sbr. samþykkt þingsins árið 1955 nr. 99, sem prentuð er sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir ýmiss konar aðstoð við stofnanir, sem annast endurhæfingu. Hins vegar er ekki lagt til, að hið opinbera taki framkvæmd málsins í sínar hendur. Gert er ráð fyrir frumkvæði og framkvæmdum á vegum félagasamtaka, sem raunar hefur gefið góða raun hér á landi til þessa. Eigi að síður er nauðsynlegt, að öll slík starfsemi sé undir opinberri yfirstjórn og eftirliti, svo að tryggja megi samræmda og skipulega starfsemi, sem auka mun hagkvæmni og ná betri árangri í heild en vænta má án opinberrar íhlutunar.

Skal nú rekja í stuttu máli helztu nýmæli þessa frumvarps:

1. Yfirstjórn endurhæfingar verði falin sjö manna nefnd, endurhæfingarráði, sem ráðherra skipar eftir tilnefningu ýmissa aðila, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Formaður verði skipaður án tilnefningar.

2. Hlutverk þessa ráðs er að skipuleggja allt endurhæfingarstarf í landinu, m. a. með því að gera tíu ára áætlun um nauðsynlegar aðgerðir, sem framkvæmdar verði á árunum 1972—1982. Ráðið verði stjórnarvöldum ráðgjafaraðili um endurhæfingarmálefni.

3. Opinber fjárhagsleg aðstoð verði veitt af eftirtöldum aðilum:

a. Erfðafjársjóður veiti styrk og lán til stofnunar endurhæfingar- og vinnustöðva og dvalarheimila fyrir öryrkja, sbr. 7., 9. og 11. gr. frumvarpsins. Sjóðurinn hefur veitt slíka aðstoð, en hér er lagt til, að lögfestar verði reglur um þessa aðstoð, sem gera ráð fyrir aukinni aðstoð.
b. Atvinnuleysistryggingasjóður, veiti lán til stofnunar vinnustöðva, sbr. 9. gr., og greiði þriðjung rekstrarhalla endurhæfingar- og vinnustöðva, sbr. 10. gr.
c. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði þriðjung rekstrarhalla endurhæfingar- og vinnustöðva, sbr. 10. gr., og veiti aðstoð vegna verkfæra- og tækjakaupa, samkvæmt 14. gr. b.
d. Ríkissjóður greiði kostnað við starfrækslu endurhæfingarráðs, sbr. 2. gr., og kostnað við nauðsynlega fræðslu, umfram skyldunám samkvæmt almennum fræðslulögum, sbr. 5. gr.
e. Sveitarfélög kosti aðstoð við þá, sem starfsendurhæfingar njóta, sbr. 14. gr. a.

Endurhæfing er að verulegu leyti skipulagning og áætlanagerð um framtíð þess, er vegna slyss, sjúkdóms eða meðfæddra örkumla hefur minni möguleika á því að sjá sér og sínum farborða heldur en heilbrigður einstaklingur, og enn fremur hvers konar aðgerð er miðar að því að afla á ný glataðrar orku, með þjálfun lamaðra líkamshluta eða öðrum tiltækum ráðum.

Meginþættir endurhæfingar eru fjórir:

1. Læknisfræðileg endurhæfing.
2. Félagsleg endurhæfing.
3. Fræðsla og starfsmenntun (skólun).
4. Atvinnuendurhæfing.

Markmið læknisfræðilegrar endurhæfingar er:

a. Að draga sem mest úr skaða, andlegum eða líkamlegum, er verður vegna sjúkdóma, slysa eða meðfæddrar vanhæfni.
b. Að beita öllum tiltækum ráðum til þess að ná sem fyllstum bata á sem skemmstum tíma.
c. Sé fullur bati óhugsandi, þá að stuðla að svo góðum bata sem unnt er og kenna einstaklingnum að hagnýta sér þá orku, sem eftir er, á sem árangursríkastan hátt.

Markmið félagslegrar endurhæfingar er:

a. Að kynna sér og rannsaka hagi þess, er endurhæfa skal, og fjölskyldu hans.
b. Að gefa ráðleggingar um fjölskyldusamskipti, fjármál, húsnæðismál, atvinnumál o. fl.
c. Að veita fræðslu og ráðleggingar vegna þess andlega áfalls, sem fötlun er, og sætta viðkomandi við að lifa lífinu fatlaður. Sjúkdómar og slys geta gjörbreytt afkomumöguleikum og lífsaðstöðu manna og það oft mjög skyndilega. Það getur háð bata sjúklings, ef hann hefur áhyggjur eða kvíða vegna eigin afkomu eða fjölskyldunnar.

Fræðsla og starfsmenntun (skólun) er fólgin í hvers konar námi, bóklegu og verklegu, og er mikilvægur þáttur í endurhæfingu. Rétt valið nám getur dregið mjög úr hindrun þeirri, sem fötlun er, og bætt upp þann skaða, sem orðinn er. Nám getur algerlega skorið úr um það, hvort full starfshæfni næst á einhverju sviði.

Atvinnuendurhæfing er lokamarkmið endurhæfingarinnar og er fólgin í því að afla þeim, sem endurhæfður er, þeirrar starfshæfni, sem nægi til framfærslu hans. Hér er um að ræða:

a. Starfs- og hæfniprófun, er fer fram í þar til ætluðum hæfniprófunarstöðvum.
b. Skóla eða námskeið, sem vísað er til í samræmi við árangur hæfniprófa.
c. Þjálfunarstaði eða vinnustöðvar, er hafa það hlutverk að æfa öryrkja undir framtíðarstarf.
d. Útvegun vinnu við þau störf, er henta að endurhæfingu lokinni.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt grein þessari fjallar frumvarp þetta fyrst og fremst um atvinnuendurhæfingu. Hins vegar eru hinir ýmsu þættir endurhæfingar svo samofnir, að erfitt er að greina þá alveg að. Frumvarpið geymir því einnig ákvæði um aðra þætti endurhæfingarinnar. Til nánari skýringar á atvinnuþjálfun vísast til fylgiskjals með frumvarpinu, III. kafla.

Um 2. gr.

Endurhæfingarráð hefur miklu hlutverki að gegna um skipulag og framkvæmd endurhæfingar. Það er sá aðili, sem ætlazt er til að móti þróun þessara mála. Lagt er til, að fulltrúar í þessu ráði verði tilnefndir af þeim aðilum, sem meira og minna hafa með hina ýmsu þætti endurhæfingar eða vinnumála að gera. Í þessu efni vísast til IV. kafla fylgiskjalsins 18. gr. (2).

Það er ekki unnt að áætla kostnað vegna starfrækslu endurhæfingarráðs að svo stöddu. Gera verður ráð fyrir, að fulltrúar í endurhæfingarráði fái einhverja þóknun fyrir störf sín þar. Ráða verður fastan starfsmann og skrifstofustúlku og leggja til húsnæði með tilheyrandi.

Um 3. gr.

Til þess að tryggja sem beztan árangur af ráðstöfun þess fjár, sem ráðstafað er til endurhæfingarmála, er nauðsyn að gera áætlun um heildarþörfina í framtíðinni, sbr. fylgiskjal IV. kafla 18. gr. (3) a. Auk áætlunargerðar er lagt til, að endurhæf-

ingarráð hafi eftirlit með öllum endurhæfingarstofnunum og vinnustöðvum fyrir öryrkja. Nauðsynlegt er að samræma starfsemi hinna ýmsu stofnana, svo að endurhæfingarstarfið verði skipulega unnið í landinu. Lagt er til, að ráðið útvegi þeim, sem þarfnast endurhæfingar og þjálfunar, rúm á stofnun við sitt hæfi og síðan atvinnu að þjálfun lokinni. Í því sambandi kemur til greina náið samstarf við hina almennu vinnumiðlun í landinu, sbr. 15. gr. Lagt er til, að ráðið stundi upplýsingastarfsemi og hvetji þá, sem þurfa endurhæfingu, til þess að leita þjálfunar. Kemur þá til greina, að ráðið hlutist til um útgáfu upplýsingarita um endurhæfingu og gildi hennar. Loks skal ráðið vera stjórnarvöldum til ráðgjafar og aðstoðar um endurhæfingarmálefni.

Um 4. gr.

Grein þessi hefur að geyma nánari ákvæði um áætlun þá, sem um ræðir í 3. gr. a. Rétt þótti að ætla rúman tíma eða 2 ár til þess að gera umrædda áætlun, og hún skal gerð um 10 ára þróun. Endurhæfing kemst ekki í fullkomið horf í einni svipan, þykir því nauðsynlegt að ætla 10 ár til þess að koma upp þeim stöðvum, sem bezt gegna þörfinni um landið allt. Endurhæfingaráætlun þarf að endurskoða og endurbæta í samræmi við kröfu tímans, því þótti ekki rétt að gera ráð fyrir áætlun um lengri tíma en 10 ár.

Um 5. gr.

Svo sem áður er sagt, er gert ráð fyrir því, að aðrir aðilar en ríkisvaldið reki endurhæfingarstofnanirnar. Lagt er til, að stofnun og starfræksla slíkra stöðva sé háð leyfi ráðherra. Í 3. mgr. er lagt til, að endurhæfingarráð hafi eftirlit með því, að stöðvarnar veiti þá þjónustu, sem ætlazt er til.

Í þessari grein er getið um tvenns konar stofnanir fyrir öryrkja:

1. Endurhæfingastöðvar. Hér er um að ræða hvers konar stofnanir, er hafa það markmið að þjálfa fatlaða, líkamlega og andlega, svo sem:

a. Æfingarstöðar fyrir fatlaða.
b. Skólar.
c. Vinnustöðvar, er hafa það höfuðmarkmið að þjálfa, enda þótt einnig geti verið um atvinnu fyrir öryrkja að ræða um lengri eða skemmri tíma.

Um aðferðirnar, er endurhæfingarstöðvarnar skyldu nota til þess að ná sínu marki, vísast til fylgiskjals, sjá III. kafla.

2. Vinnustöðvar. Hér er um að ræða vinnustofur, er veita öryrkjum atvinnu um lengri tíma, svonefndar verndaðar vinnustöðvar, sjá VIII. kafla fylgiskjalsins.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar tryggja, að endurhæfingarráð geti fylgzt með því, að eðlileg sjónarmið ráði varðandi uppbyggingu og búnað þeirra stöðva, sem stofnsettar eru. Samþykki ráðsins og leyfi ráðherra eru skilyrði fyrir því, að stofnunin njóti aðstoðar þeirrar, sem um ræðir í frumvarpinu.

Um 7. gr.

Ekki er talið rétt, að endurhæfingardeildir við sjúkrahús eða hæli njóti aðstoðar samkvæmt lögum þessum, þar eð kostnaður við byggingu þeirra er greiddur af öðrum aðilum og sömuleiðis kostnaðurinn við reksturinn. Þess vegna er hér talað um sjálfstæðar endurhæfingarstöðvar og þá fyrst og fremst átt við þær, sem eru byggðar og reknar af félögum.

Erfðafjársjóður hefur lengi lánað fé og veitt styrki til byggingar öryrkjastofnana. Fjárþörf hans mun eftir samþykkt þessara laga aukast mjög. Gert er ráð fyrir, að tekjur hans vaxi verulega, þegar nýja fasteignamatið tekur gildi.

Um 8. gr.

Læknisfræðileg endurhæfing er að jafnaði greidd af opinberum aðilum. Ákvæði greinarinnar eiga að tryggja ókeypis læknisfræðilega endurhæfingu, þegar nauðsyn er talin á henni, þótt opinberir aðilar kosti hana ekki samkvæmt núgildandi lögum. Kostnaður af þessum ástæðum telst með kostnaði endurhæfingarstöðvarinnar. Um halla á rekstri slíkra stöðva gilda ákvæði 10. gr.

Um 9. gr.

Grein þessi fjallar um aðstoð til þess að koma á fót vinnustöðvum fyrir öryrkja. Hlutdeild erfðafjársjóðs í þessu efni, er ekki nýmæli, því að erfðafjársjóður hefur veitt aðstoð af þessu tagi. Það er hins vegar nýmæli í b-lið greinarinnar, þar sem gert er ráð fyrir 20 ára hagkvæmu láni úr atvinnuleysistryggingasjóði. Hlutverk vinnustöðva er að veita öryrkjum atvinnu eða þjálfa þá, svo að þeir geti séð sér farborða með eigin starfi. Hlutverk atvinnuleysistrygginga er að bæta böl þeirra, sem atvinnulausir eru, og því í raun og veru hið sama og hlutverk vinnustöðva samkvæmt frumvarpi þessu. Er því eðlilegt að gera ráð fyrir aðstoð tryggingganna í þessu skyni.

Um 10. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum eru engin ákvæði um aðstoð vegna rekstrarhalla endurhæfingar- eða öryrkjavinnustofa. Í nágrannalöndum okkar er þessu þó á annan veg farið, þar bera opinberir aðilar eðlilegan halla af slíkum rekstri.

Í grein þessari er lagt til, að halla slíkra stöðva verði skipt jafnt á milli þriggja aðila, atvinnuleysistryggingasjóðs, lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar ríkisins og rekstraraðilans. Um hlutdeild atvinnuleysistryggingasjóðs vísast til athugasemda við 9. gr. Þar eð vel heppnuð endurhæfing mun létta bótagreiðslur til ýmissa öryrkja eða jafnvel spara þær alveg, virðist eðlilegt, að sá aðili, nefnilega lífeyrisdeildin, sem greiðir örorkubætur, styðji endurhæfingarstarfið, svo sem hér er gert ráð fyrir. Til þess að tryggja hagkvæman rekstur þessara stofnana þykir nauðsynlegt, að þeir, sem annast rekstur þeirra, beri sinn hluta í halla þeim, sem óhjákvæmilega leiðir af rekstri stöðvanna, ef þær annars eiga að ná þeim tilgangi, sem þeim er ætlað.

Um 11. gr.

Hentugt og gott húsnæði er eitt torleystasta vandamál margra öryrkja. Greininni er ætlað að létta undir byggingu íbúðarhúsnæðis fyrir öryrkja og skapa möguleika til lágrar húsaleigu, sjá staflið b í þessari grein. Ætlazt er til þess, að þær framkvæmdir í þessu efni, sem nú er byrjað á, hús Öryrkjabandalags Íslands, Sjálfsbjargar og Blindrafélagsins, geti notið þessarar fyrirgreiðslu.

Ákvæðið í a-lið þessarar greinar er ekki nýmæli, því að slík lán, sem þar er gert ráð fyrir, hafa verið veitt úr erfðafjársjóði til þessa. Ákvæði b-liðsins um styrk er hins vegar nýmæli.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Þótt vel hafi verið unnið að endurhæfingu hér á landi á ýmsum sviðum, þá eru þó ófyllt skörð. Stærst þeirra er þó e. t. v. athugun og alhliða prófun á starfshæfni þeirra, er þarfnast atvinnuendurhæfingar, ásamt áætlun um framkvæmd hennar hjá hverjum einstaklingi. Þetta er grundvallaratriði við endurhæfingu hvers manns.

Prófun starfshæfninnar og áætlanagerðin um framkvæmd endurhæfingarinnar er sérstakt verkefni, sem er skylt fræðslu og rannsókn á heilsufari. Því er lagt til, að þessi þáttur sé kostaður af ríkinu, og lagt á vald endurhæfingarráðs, hver skuli annast framkvæmdina. Erfitt er að gera sér grein fyrir kostnaði við prófunina, þó er

hér ekki um verulega upphæð að ræða, þar sem fjöldi þeirra, er prófa þarf árlega, er mjög takmarkaður og ætla má, að ráðið nái hagkvæmum samningum við stofnanir, sem fyrir eru, um framkvæmd rannsókna þessara.

Um 14. gr.

Hér er um að ræða aðstoð við þá, sem endurhæfingar njóta („atföringspenge", sem Norðmenn nefna slíka hjálp).

Reglan í staflið a er samhljóða meginreglu framfærslulaga nr. 80/1947, 1. gr. Breytingin er einungis í því fólgin, að meðal þeirra atvika, sem téð lagagrein nefnir sem ástæðu til hjálpar, er í þessu frumvarpi bætt við endurhæfingu.

Nýmæli er og í b-lið greinarinnar. Í þessu sambandi er vísað til fylgiskjalsins, sjá V. kafla 22. (2).

Lagt er til, að sveitarsjóðir greiði kostnað samkvæmt a-lið þessarar greinar, en lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins veiti þá aðstoð, sem gert er ráð fyrir í b-lið greinarinnar.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Lokatakmark atvinnuendurhæfingar er, að öryrkinn fái starf við sitt hæfi. Allt, sem á undan er gengið, verður til lítils, ef það tekst ekki. Æskilegast er, að sem flestir fái störf á frjálsum vinnumarkaði hjá venjulegum fyrirtækjum. Þetta er langhagkvæmasta leiðin og sparar mikið fé, dregur úr þörf sérstakra vinnustofa fyrir öryrkja og er ánægjulegast fyrir þá sjálfa. Er því sjálfsagt að nýta möguleika atvinnulífsins eins og unnt er í þessu skyni.

Nauðsynleg forsenda þess er, að gerð verði skipuleg könnun á atvinnulífinu með tilliti til starfa, er henta fötluðum, og sú upplýsing, sem við hana fæst, verði tiltæk á einum stað. Gert er ráð fyrir, að endurhæfingarráð leiti upplýsinga hjá vinnumiðlunum í landinu í þessu sambandi og hafi þannig á takteinum þá vitneskju, sem nauðsynleg er í þessu efni. Þetta mun auðvelda mjög vinnuútvegun fyrir öryrkja.

Eðlilegt er að ríki og bæjarfélög veiti gott fordæmi með því að láta öryrkja að öðru jöfnu ganga fyrir störfum.

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Tillaga Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 99 um atvinnuþjálfun fatlaðra manna til viðreisnar þeim (1955).

I. Skilgreiningar.

1. Í tillögu þessari tákna:

a. orðin „atvinnuþjálfun til viðreisnar" þann hluta stöðugrar og samræmdrar viðreisnartilraunar, sem felur í sér ráðstöfun til þeirrar atvinnuþjónustu, t. d. leiðbeiningar um atvinnuval, þjálfun til sérstakrar atvinnu og útvegun sérstakrar atvinnu, sem miðar að því, að fatlaðir menn geti fengið og haldið í þá atvinnu, sem þeim hentar; og

b. orðin „fatlaður maður“ þann mann, sem hefur minni horfur á að geta aflað sér hentugrar atvinnu sökum þess að hann er líkamlega eða andlega fatlaður.

II. Svið atvinnuþjálfunar til viðreisnar.

2. Aðstoð um atvinnuþjálfun til viðreisnar skyldi standa öllum fötluðum mönnum opin, hvers eðlis sem fötlun þeirra er og hvernig sem hún er til komin og á hvaða aldri sem þeir eru, svo framarlega sem unnt er að búa þá undir að taka að sér hentugt starf og halda því og þeir hafa þolanlega horfur á, að það megi takast.

III. Reglur og aðferðir við leiðbeiningar um stöðuval, atvinnuþjálfun og útvegun atvinnu handa fötluðum mönnum.

3. Allar nauðsynlegar og hagkvæmar ráðstafanir skyldu gerðar til þess að koma á og efla leiðbeiningarþjónustu um atvinnuval handa fötluðum mönnum, sem þurfa á aðstoð að halda við að velja sér atvinnu eða breyta til um hana.

4. Aðgerðirnar við leiðbeiningar um atvinnuval skyldu taka til þess, er að neðan greinir, að svo miklu leyti sem það samrýmist kringumstæðum í landinu og á við í hverju einstöku tilfelli:

a. að hafa tal af þeim sýslunarmanni, sem leiðbeinir um stöðuval;
b. að kynna sér það, sem upplýst verður um atvinnusögu mannsins;
c. að kynna sér skólaferil hans og annað það, er upplýst verður um menntun hans, munnlega og verklega;
d. læknisskoðunar með atvinnuval fyrir augum;
e. viðeigandi gáfna- og hæfileikaprófa og annarrar sálfræðilegrar prófunar, þar sem það hentar;
f. að afla upplýsinga um kringumstæður hans sjálfs og skylduliðs hans;
g. að ganga úr skugga um hæfileika hans og hæfileikaþroska með því að prófa hann í starfi og með öðrum slíkum ráðum;
h. tæknilegra prófa, hvort heldur munnlegra eða með öðrum hætti, hvenær sem slíkt virðist nauðsynlegt;
i. sundurliðunar á líkamlegum hæfileikum með hliðsjón af því, hvað hverri atvinnugrein hentar, og þeim möguleika að þroska hæfileikana;
j. að afla upplýsinga um atvinnu og tækifæri til þjálfunar eftir því, hverjir hæfileikarnir eru, líkamlegir hæfileikar, og til hvers maðurinn er fallinn og hvert löngun hans stefnir, hverja reynslu hann hefur og hvað það sé, sem vinnumarkaðurinn þarfnast.

5. Þær reglur, ráðstafanir og aðferðir við atvinnuþjálfun, sem að jafnaði tíðkast, þegar um ófatlaða menn er að ræða, skyldu hafðar við fatlaða menn, eftir því sem læknisleg og uppeldisleg skilyrði leyfa.

6. (1) Þar sem þess er kostur, skyldi þjálfun fatlaðra manna gera þá svo úr garði, að þeir geti sinnt arðbærum störfum, slíkum að þeim komi að notum atvinnuhæfileikar þeirra og meðfæddir eiginleikar að því er til atvinnumöguleika kemur.

(2) Með þetta fyrir augum skyldi þjálfun þeirra vera:

a. samræmd stöðuvalinu, með ráði læknis, við þau störf, þar sem vinna sú, sem heimtuð er, hefur sem allra minnst áhrif á fötlun hans;
b. hvenær sem það hentar eða er mögulegt, vera í því starfi, sem hinn fatlaði maður hafði áður með höndum, eða lúta að þeirri vinnu, sem því er skyld; og
c. henni haldið áfram, unz hinn fatlaði maður hefur öðlazt næga kunnáttu til þess að geta að eðlilegum hætti unnið á sama grundvelli og ófatlaðir menn, ef það er mögulegt, að hann geri svo.

7. Þar sem á því eru möguleikar, skyldi hinn fatlaði maður þjálfaður við sömu skilyrði og ófatlaðir menn.

8. (1) Sérstök þjónustugrein skyldi stofnuð eða efld til þess að þjálfa þá fatlaða menn, sem sökum þess, hve fötlun þeirra er stórfelld, verða ekki þjálfaðir saman með ófötluðum mönnum.

(2) Þar sem þess er kostur eða það á við skyldu þessar þjónustugreinar, meðal annars, innifela:

a. skóla eða kennslustöðvar, með heimavist eða án hennar;
b. sérstök stutt og löng námskeið vegna sérlegra atvinnugreina;
c. framhaldsnámskeið til frekari þjálfunar fatlaðra manna.

9. Ráðstafanir skyldu gerðar til þess að hvetja vinnuveitendur til þess að sjá fötluðum mönnum fyrir þjálfun; skyldu þær ráðstafanir innifela, eftir því sem við á, fjárhagslega, tæknilega, læknislega og atvinnulega aðstoð.

10. (1) Ráðstafanir skyldu gerðar til þess að efla sérstakar aðgerðir til útvegunar atvinnu handa fötluðum mönnum.

(2) Þær aðgerðir skyldu tryggja að vel takist um ráðningar, með því að:

a. halda skrá yfir þá, er um atvinnu sækja;
b. halda skrá yfir starfshæfileika þeirra, æfingu og óskir;
c. ræða við þá, áður en þeir eru ráðnir;
d. meta, ef nauðsyn krefur, líkamlega og atvinnulega hæfileika þeirra;
e. hvetja vinnuveitendur til þess að tilkynna hlutaðeigandi stjórnarvaldi lausar stöður;
f. hafa samband við vinnuveitendur, þegar þess gerist þörf, til þess að gera ljósa starfshæfileika fatlaðra manna og útvega þeim atvinnu;
g. hjálpa þeim til að útvega sér þær leiðbeiningar um atvinnuval, atvinnuþjálfun og þá læknislegu og félagslegu þjónustu, sem þeim kann að vera nauðsynleg.

11. Framhaldsaðgerðum skyldi haldið uppi:

a. til þess að ganga úr skugga um það, hvort útvegun atvinnu eða þjálfun til atvinnu eða aðstoð við framhaldsþjálfun hafa gefið góða raun, og til þess að gera sér það ljóst, hver árangur hefur orðið af ráðum, gefnum um atvinnu, og af aðferðunum;
b. til þess eftir megni að ryðja úr vegi þeim hindrunum, er varnað gætu því, að hinn fatlaði maður uni sér vel við starf sitt.

IV. Skipulag framkvæmda.

12. Þjónustugreinar atvinnuþjálfunar skyldi skipuleggja og efla sem varanlegan og samræmdan starfsþátt, enda sé það gert af hlutaðeigandi stjórnarvaldi eða stjórnarvöldum, og eftir því sem því verður við komið, skyldi nota þá leiðbeiningu um atvinnuval, sem fyrir er, og það sem þegar er unnið að atvinnuþjálfun og vinnuráðningum.

13. Hlutaðeigandi stjórnarvald eða stjórnarvöld skyldu sjá til þess, að nægilegur mannafli og tilhlýðilega fær um að gegna starfi sínu sé fyrir hendi til þess að sinna atvinnuþjálfun fatlaðra manna, þar á meðal framhaldsþjálfun þeirra.

14. Efling þjónustu til atvinnuþjálfunar fatlaðra manna skyldi að minnsta kosti halda til jafns við eflingu hinnar almennu þjónustu við atvinnuval, atvinnuþjálfun og ráðningarstarfsemi.

15. Atvinnuþjálfun til viðreisnar fötluðum mönnum skyldi skipuleggja og efla með þeim hætti, að hinir fötluðu hafi möguleika til þess að stofna til og reka atvinnu fyrir eigin reikning á öllum sviðum starfsins.

16. Ábyrgðin á framkvæmdum og eflingu hinnar almennu skipulagningar og eflingar atvinnuþjálfunar fatlaðra manna skyldi falin:

a. einni stjórnardeild, eða
b. sameiginlega þeim stjórnarvöldum, sem hinir ýmsu liðir þjónustunnar heyra undir, og sé þá ein þessara stjórnardeilda sérstaklega ábyrg og sjái um samræmingu

17. (1) Hlutaðeigandi stjórnarvald eða stjórnarvöld skyldu gera allar nauðsynlegar og æskilegar ráðstafanir til þess að tryggja samvinnu og samræmi milli opinberra aðila og einkafyrirtækja, er starfa að atvinnuþjálfun fötluðum mönnum til viðreisnar.

(2) Tilhlýðilegt er, að í slíkum aðgerðum sé innifalið:

a. að ákvarða, hvernig takmarkast skuli ábyrgð og skylda opinberra aðila og einstaklingsframtaks;
b. fjárhagsstuðningur til einkafyrirtækja, er taka gagnlegan þátt í atvinnuþjálfun fötluðum til viðreisnar;
c. tæknilegar leiðbeiningar til einkafyrirtækja.

18. (1) Þjónustugrein, er annist atvinnuþjálfun fötluðum mönnum til viðreisnar, skyldi komið á og hún efld með aðstoð ráðgefandi nefndar sérfróðra manna, og skyldi verksvið hennar vera allt landið, og landshlutar og héruð, þar sem það hentar.

(2) Í slíkum nefndum skyldu eftir því sem hentar, vera fulltrúar:

a. þeirra stjórnarvalda og fyrirtækja, sem sinna atvinnuþjálfun fötluðum til viðreisnar;
b. félagssamtaka vinnuveitenda og verkamanna;
c. menn sérstaklega hæfir til að sitja þar sökum þekkingar sinnar á atvinnuþjálfun fötluðum mönnum til viðreisnar og fyrir afskipti sín af því máli; og
d. félagssamtaka fatlaðra manna.

(3) Það skyldi hlutverk þessara nefnda að vera með í ráðum um:

a. að því er varðar landið allt, — framtíðarskipulag starfsins við atvinnuþjálfun fatlaðra manna;
b. að því er varðar smærri svæði, — framkvæmd þeirra ráðstafana, sem gerðar eru fyrir landið í heild, hvernig þær skuli lagaðar eftir kringumstæðum á hverjum stað og hvernig samræma beri athafnir stærri og smærri landshluta í málinu.

19. (1) Hvatt skyldi til rannsókna og þær studdar, einkum af hlutaðeigandi stjórnarvöldum, til þess að fá mælikvarða á það starf, sem unnið er fötluðum mönnum til viðreisnar, og til þess að bæta um það.

(2) Slíkar rannsóknir skyldu innifela í sér stöðugar eða sérstakar athuganir á því, sem gert er til þess að útvega fötluðum mönnum atvinnu.

(3) Rannsóknirnar skyldu ná til vísindalegra rannsókna á margvíslegri tækni og aðferðum, sem beitt er við atvinnuþjálfun fötluðum mönnum til viðreisnar.

V. Aðferðir til þess að gera fötluðum mönnum mögulegt að notfæra sér viðreisnarþjónustuna.

20. Fyrir því skyldi hugað, að fötluðum mönnum verði mögulegt að notfæra sér til hlítar allt það, sem unnið er þeim til viðreisnar, og það tryggt, að eitthvert stjórnarvald aðstoði persónulega sérhvern fatlaðan mann við að ná eins mikilli viðreisn og unnt er.

21. Í þeim ráðstöfunum skyldi innifalið:

a. upplýsingar og auglýsingar um þá þjónustu, sem kostur er á um atvinnuþjálfun til viðreisnar og um þær framtíðarhorfur, sem við slíkt eru bundnar fyrir hinn fatlaða mann;
b. að hinum fatlaða manni sé veitt viðunandi fjárhagsaðstoð.

22. (1) Slík fjárhagsaðstoð skyldi veitt hvenær sem er meðan á endurreisnarstarfinu stendur, og skyldi hún hafa það markmið að létta undirbúning hins fatlaða manns til þess að tryggja sér og fá síðan haldið atvinnu, þar á meðal fyrir eigin reikning.

(2) Hún skyldi ná til ókeypis afnota af viðreisnarþjónustunni, framfærslustyrks, hvers konar nauðsynlegs ferðakostnaðar meðan á undirbúningsþjálfuninni stendur, lána eða fjárstyrkja, og að lögð séu til nauðsynleg verkfæri og útbúnaður, og til líkamsumbúða og annars slíks, þar sem um það er að ræða.

23. Fötluðum mönnum skyldi heimilað að færa sér í nyt allar greinar viðreisnarþjónustunnar án þess að missa nokkurs í um hjálp frá almannatryggingum, að svo miklu leyti sem þær eru óviðkomandi notkun slíkra þjónustugreina.

Að lána allt að 10 millj. kr. vegna endurnýjunar og sölu bifreiða, er forstöðumenn og aðrir starfsmenn ríkisstofnana hafa haft til umráða í samræmi við væntanlega reglugerð um bifreiðamál ríkisins.

Að gera makaskipti við Reykjavíkurborg á lóðum í Reykjavík þannig, að ríkisstjórnin afsalar Reykjavíkurborg lóð þeirri, sem er eign ríkisins á svæði, sem afmarkast af Hverfisgötu, Ingólfsstræti, Sölvhólsgötu og Kalkofnsvegi (Arnarhóli), rúml. 10 þús. m² að stærð, sneið af lóð stjórnarráðsins við Lækjartorg, um 965 m² að stærð, og sneiðum af lóðum Landsbókasafnshússins og Þjóðleikhússins í samræmi við skipulag Hverfisgötu, um 270 m² að stærð. Á móti afsalar Reykjavíkurborg til ríkisstjórnarinnar lóð, um 38 þús. m² að stærð, til viðauka við núverandi eignarlóð Landspítalans, og er sú viðbótarlóð innan landssvæðis, sem afmarkast af Hringbraut, Miklatorgi, Snorrabraut, Eiríksgötu og Barónsstíg.

Að hefja byggingu nýs stjórnarráðshúss á árinu 1970 og undirbúa nauðsynlega fjáröflun, til þess að unnt sé að ljúka byggingu hússins með eðlilegum hraða.

Að ábyrgjast allt að 6 millj. kr. vegna Lánasjóðs íslenzkra námsmanna.

Alþingi, 6. des. 1969.

Jón Árnason, form., frsm.
Birgir Finnsson, fundaskr.
Matthías Bjarnason.
Sverrir Júlíusson.
Gunnar Gíslason.

Sþ. **157. Nefndarálit** [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1970.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Eins og venja er, gerir meiri hluti fjárveitinganefndar grein fyrir þeim tillögum, er nefndin flytur sameiginlega. Aðild okkar að þeim er með svipuðum hætti og verið hefur. Við höfum óbundnar hendur um fylgi við þær í heild og hverja einstaka þeirra. Þær eru hins vegar með þeim hætti, að við munum yfirleitt leggja þeim lið. Við hefðum hins vegar óskað þess, að lengra hefði verið gengið í stuðningi við verklegar framkvæmdir. Þess skal þó getið, að fjárveitinganefnd hefur unnið gott verk með því að hækka framlög til þeirra langt umfram það, sem ríkisstjórnin ætlaðist til, þótt það hrökkvi skammt.

Í nefndaráliti okkar við fjárlagafrv. fyrir árið 1969 lögðum við áherzlu á úrbætur í atvinnumálum og fluttum brtt. við fjárlagafrv. um 350 millj. kr. fjárútvegun til þeirra. Ekki fékk sú tillaga fylgi stjórnarliða, heldur gengu þeir dyggilega fram í að fella hana. Sönnun fyrir réttmæti hennar lét þó ekki á sér standa, þar sem mánuði síðar var ríkisstjórnin knúin til að útvega álíka fjárhæð, er lánuð var til atvinnumála. Þrátt fyrir þá aðgerð hefur ekki tekizt að útrýma atvinnuleysi úr landinu, og nú fer það aftur vaxandi.

Fjárlagafrv. er einn þáttur úr efnahagsstefnu, er ríkisstjórn sú fylgir, er fyrir fjárlagagerð stendur. Þetta fjárlagafrv. er sönn spegilmynd af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Ef ríkisstjórnin fylgdi skipulagsstefnu í efnahagsmálum, hefði hún átt að leggja allt kapp á það við gerð þessa fjárlagafrv. að leggja fram fé til verklegra framkvæmda og láta ríkið hafa forustu á sviði atvinnulífsins, ekki sízt í þeim verkefnum, sem virðist ofvaxið einstaklingum eða félagasamtökum að leysa. Skal nánari grein gerð fyrir þessari skoðun okkar.

Á yfirstandandi ári hafa farið fram miklar umræður um marga málaflokka, er framkvæmdir eru á vegum ríkissjóðs eða með verulegu framlagi þess, og hafa þeir legið undir almennri gagnrýni. Hefur skólamálin borið þar einna hæst.

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar hafa verið með þeim hætti, að hún hefur reynt að verja sig með því, að fjárframlög á vegum ríkissjóðs nú séu meiri en áður hafa verið. Slíkur samanburður getur oft verið mjög óraunhæfur, m. a. vegna þeirra breytinga, sem orðið hafa á verðgildi krónunnar. Hitt skiptir þó mestu þar um, hver ásóknin er í verkefnið og þörfin fyrir að leysa það mikil á hverjum tíma.

Það er skoðun okkar, að þrátt fyrir það mikla starf, sem unnið var í fjárveitinganefnd til úrlausnar í þessum efnum, m. a. með því að knýja á ríkisstjórnina um aukið fé í sambandi við skólabyggingar, hefur þó Alþingi sjaldan eða aldrei verið fjær því að fullnægja þörfinni en nú, þar sem framkvæmdafé var aðeins veitt að einum þriðja til þess, er um var sótt. Framkvæmdir við byggingu kennaraskóla fá mjög lágar fjárveitingar miðað við þörfina, og háskólaframkvæmdir eru eingöngu fjármagnaðar af hálfu ríkissjóðs með lánsfé, þrátt fyrir viðvörun háskólanefndar þar um. Bygging skóla er hvort tveggja í senn knýjandi nauðsynjamál og mjög gott mál til að auka atvinnu og þar með draga úr eða koma í veg fyrir atvinnuleysi.

Heilbrigðismálin eru annað stórmálið, sem er mjög á dagskrá hjá fólkinu í landinu.

Fjárútvegun til framkvæmda við Fæðingardeild Landspítalans var knúin fram fyrir dugnað kvennasamtakanna á s. l. vetri, og með fjársöfnun þeirra í sumar, svo að framkvæmdir geta hafizt af fullum krafti á næsta ári, og ber að fagna því. Hins vegar er ástandið í læknaskipunarmálum með öllu óviðunandi, þar sem lækna vantar í mörg læknishéruð og jafnvel í heila landshluta. Það verður að gera stórt

átak með auknum fjárveitingum til að koma nýskipun á þessi mál, m. a. með því að koma upp læknamiðstöðvum.

Dreifingu á raforku til þeirra býla, sem ekki njóta rafmagns frá dreifiveitu og þar sem vegalengd milli bæja er innan við tvo km, verður að koma í framkvæmd á næstu tveim árum.

Ýmsar fleiri ríkisframkvæmdir mætti nefna, sem hefði sannarlega verið ástæða til að fjármagna á einn eða annan hátt til að leysa vandamál og auka atvinnu, svo sem aukna vegagerð, jarðboranir, opinberar byggingar, svo sem stjórnarráðshús, Alþingishús og geðdeild Landspítalans o. fl., en að því skal þó ekki vikið frekar að sinni.

Ótalið er þó það, sem mestu máli skiptir, en það er forusta ríkisins um atvinnuuppbyggingu. Við munum við þessar umræður gera tillögu um fjárútvegun til atvinnumála. Eitt af höfuðverkefnum ríkisins að okkar áliti er að hafa forustu um uppbyggingu togaraflotans. Það er augljóst, enda hefur það komið fram á opinberum vettvangi, að þeir, sem við togaraútgerð fást nú, treysta sér ekki til að endurnýja flotann. Við leggjum því til, að ríkissjóður útvegi 120 millj. kr. á næsta ári, er varið verði til að smíða togara, og fyrst og fremst verði stefnt að því, að smíði þeirra geti farið fram hér á landi.

Þá leggjum við til, að 20 millj. kr. af því fé, sem við gerum tillögu um, verði varið til atvinnu fyrir skólafólk. Yrði framkvæmd á meðferð þess fjár með sama hætti og var um lán atvinnumálanefndar ríkisins til þessa máls á yfirstandandi ári og það lánað til sveitarfélaga gegn jafnháu framlagi frá þeim til atvinnu fyrir skólafólk.

Að öðru leyti skal fé þetta ganga til atvinnuuppbyggingar án tiltekinna atvinnugreina og verði því ráðstafað á vegum fjárveitinganefndar eftir umsögn atvinnumálanefnda og sveitarstjórna viðkomandi staða. Fénu verði fyrst og fremst beint til nýrra atvinnufyrirtækja og aukinnar starfrækslu eldri fyrirtækja. Sérstökum sjóði, t. d. Atvinnujöfnunarsjóði, yrði að öðru leyti falin framkvæmd málsins.

Okkur er það ljóst, að rökin gegn þessari tillögu okkar verða þau, að fé sé ekki til, svo sem venja er um tillögur okkar. Þar er því til að svara, að það eru að okkar dómi eðlileg vinnubrögð, að Alþingi ákveði, hver þáttur ríkisins skuli vera til stuðnings við atvinnumálin, en ekki farið að þannig, að samið sé um það í þinghléi af ríkisstjórninni, eins og gert var á þessu ári.

Enn fremur er það skoðun okkar, að ríkið eigi að fylgja þeirri stefnu að auka fjárveitingar til verklegra framkvæmda, þegar atvinnu skortir, og það eigi með ríkisafskiptum að hafa áhrif á atvinnuuppbyggingu í landinu og atvinnulífið til stuðnings við atvinnurekstur einstaklinga og félaga.

Okkur er það mjög vel ljóst, að ríkissjóð skortir fé til stuðnings við atvinnuvegina og til verklegra framkvæmda, og við teljum, að svo muni verða, meðan þeirri stefnu er fylgt í efnahagsmálum, sem núverandi valdhafar fylgja. Það sannar tíu ára reynsla af stjórnarstefnunni.

Afleiðingar efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar eru m. a. þessar:

Fjárlög hafa meira en áttfaldazt á tíu árum.

Tekjur hafa farið um **þrjú þúsund milljónir króna** fram úr áætluðum tekjum fjárlaga.

Verklegar framkvæmdir eru með hverju árinu sem líður meira og meira fjármagnaðar með lánsfé, svo að skuldir vegna þeirra nema a. m. k. eitt þúsund milljónum króna, enda fer hlutfall verklegra framkvæmda í heildarútgjöldum fjárlaga minnkandi ár frá ári. Ríkisstjórnin ætlar engum nýjum verkefnum rúm í útgjöldum fjárlaga, þó að þau hækki um einn milljarð á milli ára.

Þrátt fyrir það, sem að framan er getið, er ríkissjóður rekinn með halla ár eftir ár, þó að tekjur hans fari hundruð milljóna króna fram úr áætlun fjárlaga, eins og gerzt hefur tvö síðastliðin ár. Þar við bætist, að framkvæmd á fyrirheitinu um sparnað og hagkvæmni í ríkisrekstrinum er ekki finnanleg, þó að leitað sé í fjárlagafrv. eða ríkisreikningi.

Þær staðreyndir, sem hér er skýrt frá, sanna, að stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hefur sett fjárhag ríkissjóðs í sjálfheldu. Til þess að ríkissjóður geti leyst úr þeirri fjárþörf, er nú þarf að mæta, til verklegra framkvæmda, til atvinnuvega, til aukinna rannsókna á sviði atvinnumála og efnahagslífsins, til að hagnýta auðæfi landsins, eins og t. d. jarðhita og fallvötn, til markaðsöflunar og ýmislegra umbóta, skortir ríkissjóð ekki hundruð milljóna króna, heldur milljarða.

Lítið af þeim verkefnum, sem við höfum hér nefnt, verður leyst á vegum ríkissjóðs nema með breyttri stefnu í efnahagsmálum, en til þess þarf breytta stjórnarstefnu.

Höfuðatriðið í þeirri efnahagsmálastefnu, sem koma þarf til að leysa fjármál ríkissjóðs úr sjálfheldu, verður að vera það, að ríkisvaldið hafi forustu um þá atvinnuuppbyggingu í landi og þær verklegu framkvæmdir, sem duga til þess, að atvinnuleysi hverfi og afkoma atvinnuveganna verði slík, að lífskjör hér á landi verði hliðstæð því, sem gerist hjá þeim þjóðum, er við höfum einna mest samstarf við, eins og t. d. hjá Norðurlandaþjóðunum. Þegar atvinnu- og viðskiptalíf þjóðarinnar væri komið á það stig, mundi enginn þurfa að kvíða því, að tekjur ríkissjóðs stæðu ekki vel undir útgjöldum hans, þó að verklegar framkvæmdir væru fjármagnaðar með samtímatekjum, svo sem þarf að vera í langflestum tilfellum. Hins vegar verður þjóðin að gera sér grein fyrir því, að meðan verið er að koma atvinnu- og viðskiptalífinu í eðlilegt horf, getur ríkissjóður þurft að taka á sig meiri útgjöld en hann hefur samtímatekjur til, vegna forustu um það verkefni, enda er stuðningur við atvinnuvegina og miklar opinberar framkvæmdir það eina, sem getur afsakað hallarekstur ríkissjóðs í bili, enda sé þá unnið markvisst að því að leysa þessi vandamál. Jafnhliða þessu þarf að endurskipuleggja ríkisbúskapinn sjálfan, fækka stofnunum, aðlaga ríkiskerfið að breyttum þjóðfélagsháttum og nýjum verkefnum.

Við endurtökum, að breytt stefna í efnahagsmálum verður að koma til, ef ríkissjóður á að komast út úr þeirri fjárkreppu, sem hann er nú í.

Tillögugerð okkar að þessu sinni er miðuð við þá skoðun okkar, er hér hefur verið lýst. Auk þeirrar atvinnumálatillögu, er áður greinir, flytjum við aðra svipaðs eðlis um 100 millj. króna lánsfjárútvegun til húsnæðismála og 75 millj. króna fjárveitingu, til þess að bætur almannatrygginga geti haldið eitthvað í við aukna dýrtíð.

Við gerum ekki neina tillögu um tekjuhlið fjárlagafrv., enda liggja nauðsynlegar upplýsingar um þá hlið málsins enn ekki fyrir. Það bíður 3. umræðu.

Við viljum enn á ný undirstrika, að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar, stefnan, þar sem fjármagnið fær að ráða ferðinni, hefur sett fjárhag ríkissjóðs í sjálfheldu. Algera stefnubreytingu þarf, til þess að úr þeirri sjálfheldu verði komizt.

Alþingi, 8. des. 1969.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Geir Gunnarsson. Ingvar Gíslason.

Ágúst Þorvaldsson.

Sþ. 158. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1970.

I. Frá *Einari Ágústssyni.*

	Þús. kr.
Við 5. gr. 2 04 971 Gæzluvistarsjóður.	
a. Við 1 80 Framlög úr ríkissjóði.	
Fyrir „8 300“ kemur	13 300
b. Við 3 30 Fjárfestingar.	
Fyrir „1 350“ kemur	6 350

c. Við 4 50 Ráðstöfun eigin fjár.
Fyrir „1 350“ kemur 6 350

II. Frá *Magnúsi Kjartanssyni* og *Jóni Skaftasyni*.
Við 5. gr. 2 04 371 Landspítalinn.
a. Við 1 80 Framlög úr ríkissjóði.
Fyrir „42 149“ kemur 52 149
b. Við 3 30. Liðurinn orðast svo:
Fjárfestingar 48 800
Þar af til byggingar geðdeildar 10 millj. kr.
c. Við 4 50 Ráðstöfun eigin fjár.
Fyrir „41 600“ kemur 51 600

Sþ. 159. Fyrirspurnir. [119. mál]

I. Til utanríkisráðherra um nýtingu landgrunnsins.

Frá Sigurði Bjarnasyni

1. Hvaða upplýsingar liggja fyrir um verðmæt jarðefni, föst eða fljótandi, í hafsbotni íslenzka landgrunnsins?
2. Hafa farið fram eða eru í vændum skipulegar, vísindalegar rannsóknir á landgrunninu með könnun auðlinda þess í huga?
3. Hafa íslenzkum stjórnvöldum borizt óskir um það frá erlendum aðilum að fá að kanna, með borunum eða á annan hátt, hvort olíu eða önnur verðmæt jarðefni sé að finna í landgrunninu, sbr. lög nr. 17 frá 1. apríl 1969?

II. Til iðnaðarmálaráðherra um starf forstjóra Sementsverksmiðju ríkisins.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni.

Hvenær verður auglýst laust til umsóknar forstjórastarf við Sementsverksmiðju ríkisins og það veitt samkv. 6. gr. laga nr. 35 1948, um sementsverksmiðju?

Ed. 160. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963, sbr. l. nr. 24 20. maí 1969.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Björn Fr. Björnsson, Bjarni Guðbjörnsson.

1. gr.

a) a-liður 19. gr. laganna orðist svo:
Vegir að öllum býlum, sem eru yfir 200 metra langir frá þjóðvegi.
b) Síðasta málsgr. falli niður.

2. gr.

a) Á eftir orðunum „andvirði þriggja“ í 21. gr. laganna komi: eða fjögurra.
b) Næstsíðasti málsliður sömu lagagreinar orðist svo:

Sýslunefnd ákveður hámarksgjald viðkomandi sýslu, og reiknar sýslumaður út gjald hvers hrepps o. s. frv.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ástæðan fyrir því, að frv. þetta er flutt, er m. a. sú, að verkefni sýsluvegasjóða hafa stórum aukizt á þessu ári, þar sem sýsluvegir hafa lengzt um 653.3 km.

Vegalögin frá 1963 gerðu svo ráð fyrir, að allir vegir, sem þá voru í þjóðvegatölu, yrðu það áfram næstu 5 ár, eða til ársloka 1968, en að þeim tíma liðnum skyldu þeir vegir, sem ekki samrýmdust þeim reglum, sem gilda um þjóðvegi, teljast til sýsluvega, og á þann hátt bættust í tölu sýsluvega 430.1 km. Þar að auki var vegalögum breytt þannig, að hliðarvegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum, heilsuhælum og orkuverum skyldu teljast til sýsluvega í stað landsbrauta áður. Á þennan hátt bættust 223.2 km í sýsluvegatölu, en þeim fylgir 1 millj. króna frá vegasjóði á ári hverju til endurbyggingar og viðhalds. Lengd sýsluvega er því orðin 2795 km, en framlög til þeirra árið 1968 voru áætluð 21 201 032 kr., bæði til nýbyggingar og viðhalds.

Þjóðvegakerfið, þ. e. hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir, er sem næst 8712 km, en til þeirra er veitt til nýbyggingar og viðhalds á þessu ári 320.1 millj. kr. eða sem næst 36 000 kr. á km, og má ekki minna vera. Það gefur auga leið, þar sem sýsluvegasjóðir hafa sem næst 5 sinnum minna fjármagn en þjóðvegir miðað við km, að hlutur þeirra er ekki stór, og mun frv. þetta, ef að lögum verður, bæta nokkuð úr brýnustu þörfum.

Í vegalögum segir um sýsluvegi, að þeir megi eigi vera styttri en 200 metra og eigi ná nær býli en 200 metra. Hér gætir mikils misræmis, því að sá, sem býr við þá aðstöðu, að vegur hans er allt að 399 metra lengur, verður að kosta allan veginn sjálfur, en hinn, sem býr við veg, sem er t. d. 400 metra eða lengri, kostar aðeins 200 metra vegagerð. Hér getur mismunurinn orðið býsna mikill á kostnaði, jafnvel nokkuð á annað hundrað þúsund krónur. Varla getur talizt sanngjarnt að hafa svo mikinn aðstöðumun á milli heimila. Réttara virðist vera að jafna þeim kostnaði, sem af þessu misræmi leiðir, með því að láta félagsheildir bera þann mismun, eins og lagt er til í 1. gr. þessa frv., að sýsluvegasjóðir beri þann kostnað, sem er umfram 200 metra.

Þá er í 2. gr. frv. lagt til að heimila sýslunefndum að miða tekjur sýsluvegasjóðanna við andvirði fjögurra dagvinnustunda á íbúa í stað þriggja. Hækkun þessi getur talsvert greitt fyrir vegagerð sýsluveganna, því að mótframlag vegasjóðs samkv. 28. gr. vegalaga er ekki minna en tvöfalt á við tekjur þær, sem tiltækar eru heima fyrir, á meðan vegir eru ekki fullgerðir. Sýslunefnd Dalasýslu óskaði eftir hliðstæðri breytingu á vegalögum og þeirri, sem hér um ræðir. Þótt svo virðist í fljótu bragði, að tillaga þessi auki útgjöld sveitarfélaga, þá þarf það ekki að vera alls staðar. Alþekkt er, að sýslu- og sveitarsjóðir taka lán til þess að flýta vegalagningu og standa undir vöxtum lánanna. Hugsanlegt er, að lántökur þessar hverfi, ef fjárráð sýsluvegasjóða batna, eins og hér er lagt til.

Sþ. **161. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1970 og við brtt. á þskj. 154.

I. Frá *Sigurði Grétari Guðmundssyni* og *Jónasi Árnasyni.* Þús. kr.
Við 4. gr. 1 01 882 08 Leiklistarstarfsemi.
Fyrir „1 300“ kemur 2 000

II. Frá *Lúðvík Jósefssyni, Steingrími Pálssyni* og *Jónasi Árnasyni.*
Við 4. gr. 1 01 885 Félagsheimilasjóður.
Fyrir „9 000“ kemur 15 000

III. Frá *Lúðvík Jósefssyni, Sigurði Grétari Guðmundssyni* og *Jónasi Árnasyni.*
Við 4. gr. 1 01 886 03 Íþróttasjóður.
Fyrir „5 000“ kemur 10 000

IV. Frá *Jónasi Árnasyni, Lúðvík Jósefssyni* og *Steingrími Pálssyni.*
Við 4. gr. 1 03 206. Nýr liður:
14 Til tilrauna með nýjar heyverkunaraðferðir 3 000

V. Frá *Lúðvík Jósefssyni, Steingrími Pálssyni* og *Jónasi Árnasyni.*
1. Við 4. gr. 1 03 302.
a. Við 04 Humar- og rækjuleit.
Fyrir „1 822“ kemur 2 822
b. Við 06 Fiskileit og veiðarfæratilraunir.
Fyrir „775“ kemur 3 775
2. Við 4. gr. 1 03. Nýr liður:

375	**Fullvinnsla sjávarafla:**		
0 90	Yfirfærslur:		
0 93	Til fyrirtækja og atvinnuvega	50 000	
	Gjöld samtals		50 000
	Viðfangsefni:		
02	Til stuðnings við niðursuðu- og niðurlagningariðnað og aðra fullvinnslu sjávarafurða til útflutnings ..	50 000	
	Gjöld samtals	50 000	

VI. Frá *Sigurði Grétari Guðmundssyni* og *Lúðvík Jósefssyni.*
Við 4. gr. 1 05 371 03 Heilsuspillandi húsnæði.
Fyrir „18 000“ kemur 30 000

VII. Frá *Lúðvík Jósefssyni, Steingrími Pálssyni* og *Jónasi Árnasyni.*
1. Við 4. gr. 1 05 999 06 Sumardvalarheimili, dagheimili og vistheimili.
Fyrir „900“ kemur 2 000
2. Við 4. gr. 1 05 999 15 Rekstrarstyrkur sjómannaheimila.
Fyrir „50“ kemur 500

VIII. Frá *Sigurði Grétari Guðmundssyni* og *Lúðvík Jósefssyni.*
Við 5. gr. 2 05 372 Byggingarsjóður verkamanna. Þús. kr.
a. Við 1 80 framlög úr ríkissjóði.
Fyrir „15 100“ kemur 30 100

b. Við 3 20 Veitt lán.
Fyrir „31 977“ kemur 51 977
c. Við 4 50 Ráðstöfun eigin fjár.
Fyrir „29 219“ kemur 49 219

Sþ. 162. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1970 og við brtt. á þskj. 154.

I. Frá *Lúðvík Jósefssyni, Páli Þorsteinssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni* og *Eysteini Jónssyni.*

Þús. kr.

1. Við brtt. 154, 17. 3. A. Barnaskólar 9. (Við 4. gr. 1 01 670). Nýir liðir:
a. Reyðarfjörður, sundlaug 1 000
b. Búðir í Fáskrúðsfirði 2 000
2. Við brtt. 154, 17. 3. B. Gagnfræðaskólar 3. (Við 4. gr. 1 01 670). Nýr liður:
Neskaupstaður, 2. áf. 2 500
3. Við brtt. 154, 17. 4. 15. Neskaupstaður. (Við 4. gr. 1 01 670). Liðurinn orðast svo:
Neskaupstaður, heimavist 400

II. Frá *Magnúsi Kjartanssyni, Jónasi Árnasyni* og *Sigurði Grétari Guðmundssyni.*
Við brtt. 154, 22. (Við 4. gr. 1 01 882).
a. Við c. 18 Starfslaun listamanna.
Fyrir „440“ kemur 1 000
b. Við d. 19 Listamannalaun.
Fyrir „4 229“ kemur 6 000

III. Frá *Lúðvík Jósefssyni, Páli Þorsteinssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni* og *Eysteini Jónssyni.*
Við 4. gr. 1 03 299. Nýr liður:
15 Til Sambands austfirzkra kvenna 50

IV. Frá *Magnúsi Kjartanssyni.*
Við brtt. 154, 57. a. 1. Reykjavík. (Við 4. gr. 1 04 381 03. — Bygging sjúkrahúsa).
Fyrir „24 000“ kemur 40 000

V. Frá *Lúðvík Jósefssyni, Páli Þorsteinssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni* og *Eysteini Jónssyni.*
Við brtt. 154, 80. 22. (Við 4. gr. 1 07 333 03. — Hafnarmannvirki). Nýr liður:
Borgarfjörður 4 650

VI. Frá *Stefáni Valgeirssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni, Ásgeiri Bjarnasyni, Páli Þorsteinssyni, Ágúst Þorvaldssyni* og *Magnúsi H. Gíslasyni.*
Við 6. gr. Aftan við greinina bætist nýr liður:
Að greiða Framleiðnisjóði landbúnaðarins 20 millj. kr.

Nd. 163. Frumvarp til laga [121. mál]

um sjóð til aðstoðar við þróunarríkin.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Jón Skaftason, Benedikt Gröndal, Jónas Árnason.

1. gr.

Stofna skal opinberan sjóð, er beri heitið „Þróunarsjóður".

Hlutverk sjóðsins skal vera:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um ráðstöfun fjár, sem á hverju ári er veitt á fjárlögum til aðstoðar við þróunarlöndin, og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um fjárframlög í því skyni.
2. Að skipuleggja þátttöku Íslands í framkvæmdum í þágu þróunarlanda á vegum Sameinuðu þjóðanna.
3. Að vinna að skipulagningu framkvæmda í þágu þróunarlanda, er kostaðar kunna að vera af íslenzka ríkinu, annaðhvort einu saman eða í samstarfi við aðra innlenda eða erlenda aðila.
4. Að vera til ráðuneytis opinberum aðilum og einkaaðilum, er hafa með höndum hjálparstarfsemi í þágu þróunarlanda.
5. Að veita upplýsingar um allt, er snertir aðstoð við þróunarlöndin.
6. Að rannsaka möguleika á því, að Ísland taki þátt í menntun ungs fólks frá þróunarlöndum, bæði með því að veita því aðgang að hérlendum skólastofnunum og með því að fá hæfa, íslenzka menn til þess að annast kennslu við erlendar menntastofnanir, er reknar eru í þágu þróunarlanda.
7. Að vinna með öðru móti að kynningu á högum þróunarlanda, áhuga á aukinni aðstoð Íslands við þau og auknu samstarfi við þau.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 7 mönnum, er sameinað Alþingi kýs, en utanríkisráðherra skipar formann úr hópi þeirra.

3. gr.

Stjórninni er heimilt að ráða sjóðnum starfsmann, er hefur sérþekkingu á málefnum þróunarlanda og alþjóðlegum stofnunum, er starfa að málefnum þeirra.

4. gr.

Kostnaður við stofnunina greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlagaheimild hverju sinni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt stærsta vandamál heimsins nú á dögum er tvímælalaust hið ört vaxandi bil milli ríkra þjóða og snauðra. Sú staðreynd, að um 1400 milljónir íbúa jarðar svelta og um 950 milljónir skortir nauðsynleg næringarefni, meðan auður fárra iðnaðarþjóða vex stöðugt, er meiri ógnun við heimsfriðinn í framtíðinni en nokkur deilumál þjóða í milli.

Hin ört vaxandi fólksfjölgun, sérstaklega í þróunarlöndunum, á mikinn þátt í eymd og þjáningu íbúanna. Árið 1960 voru íbúar jarðar 3 milljarðar, en 1965 voru þeir orðnir 3.3 milljarðar. Á fyrstu sextíu árum þessarar aldar hefur íbúafjöldi jarðar nær tvöfaldazt, og ef mannkyninu fjölgar jafnmikið á ári og undanfarið, má búast við tvöföldun á 35 ára fresti.

Hinn sveltandi hluti heimsins hlýtur að rísa gegn hinum auðugu þjóðum, ef hinar síðarnefndu breyta ekki algjörlega um afstöðu gagnvart fátæku þjóðunum og

veita þeim réttlátan hlut í auðæfum heimsins í stað stöðugs arðráns. Undirstaða auðlegðar flestra iðnaðarþjóða er lágt verð hráefnis og ódýrt vinnuafl í þróunarlöndunum. Má benda á, að heimsmarkaðsverð á hráefnum og matvælum, sem er aðalútflutningur þróunarlandanna, lækkaði úr 27% árið 1953 í 19.3% árið 1966 og þessi lækkun heldur áfram.

Samkvæmt upplýsingum Efnahags- og framfarastofnunar Sameinuðu þjóðanna munu meðaltekjur hvers manns í þróunarlöndunum hafa verið 190 dollarar árið 1965, en tekjur hvers manns í hinum þróuðu ríkjum voru 2200 dollarar það ár. Íbúafjöldi þróunarlandanna var þá 1.6 milljarðar, en 588 milljónir í hinum þróuðu ríkjum.

Reiknað er með því, að tekjur hvers manns í þróunarlöndunum aukist um 1.4% á ári fram til 1970 og verði þá komnar í 210 dollara. Á sama fimm ára tímabili er búizt við því, að tekjur hvers manns í hinum þróuðu ríkjum aukist um 3.3% á ári og nemi því 2610 dollurum árið 1970.

Árið 1960 samþykkti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ályktun þess efnis, að hinar betur megandi þjóðir heims stefndu að því að láta 1% af þjóðartekjum sínum renna til aðstoðar við þróunarlöndin. Árið 1968 höfðu aðeins 4 iðnaðarþjóðir (Frakkland, Belgía, Holland og Bretland) náð þessu marki, og á sama tíma hafði heildaraðstoð ríkra þjóða við þróunarlöndin minnkað um 0.20%.

Aðstoð við þróunarlöndin hefur ekki verið samþykkt einu sinni á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, heldur oft, og er vitað, að sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum hefur verið í hópi þeirra sendinefnda, sem goldið hafa jáyrði við samþykkt þessarar ályktunar (en gert fyrirvara um 1% markið). Vissulega er því eðlilegt, að aðstoð Íslands sé byggð á grundvelli þessarar ályktunar, og þó að nú sé harðara á dalnum hjá okkur en oft áður, skiptir það litlu máli, þegar örbirgðin í þróunarlöndunum er höfð í huga og hið yfirvofandi hættuástand í þeim heimshluta.

Þegar rætt er um hlut Íslands í aðstoð við þróunarlöndin, er hollt að minnast þess, hve skammt er síðan hungurdauði ógnaði tilveru íslenzku þjóðarinnar. Þá sættu Íslendingar ámóta viðskiptakjörum og þróunarlöndin í dag. 90% íbúanna stunduðu landbúnað í dreifbýlinu, en innlendur iðnaður var eingöngu heimilisiðnaður. Fæðingartalan var há, en dánartalan enn hærri. Það er ekki öld síðan Ísland bar öll einkenni þróunarlands, og enn í dag byggjum við afkomu okkar á einhæfum útflutningi hráefna. Því má segja, að söguleg reynsla þjóðarinnar skyldi okkur til að ríða á vaðið og verða meðal fyrstu þjóðanna, er gera tilmæli Sameinuðu þjóðanna að veruleika. Slíkt næst aðeins með skipulegri aðstoð hins opinbera í krafti lagasetningar, en ekki eingöngu með fórnfúsu starfi einstaklinga eða félagasamtaka þrátt fyrir góðan vilja. Mikilvægt er, að mikill hluti væntanlegrar aðstoðar Íslands fari í gegnum Sameinuðu þjóðirnar eða hjálparstofnanir þeirra.

Nd. 164. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes, Akureyri.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á tveim fundum og sent það til umsagnar Landnámi ríkisins og Jarðeignadeildinni. Að fengnum meðmælum beggja þessara aðila leggur hún til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 9. des. 1969.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.	Pálmi Jónsson, fundaskr.	Stefán Valgeirsson.
Jónas Pétursson.	Benedikt Gröndal.	Vilhjálmur Hjálmarsson.

Sþ. 165. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 154 [Fjárlög 1970].

Frá *Karli Guðjónssyni.* Þús. kr.
Við brtt. 17, 3. A. Barnaskólar. 10. (Við 4. gr. 1 01 670). Nýr liður:
Vestmannaeyjar 1 100

Ed. 166. Frumvarp til laga [122. mál]

um breyting á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson, Einar Ágústsson, Björn Jónsson.

1. gr.

Í 1. gr. breytist skilgreining orðanna alifiskur, fiskur og veiðimál, og við bætast nýjar mgr. með skilgreiningu á hugtakinu almenningur í stöðuvatni, sem komi á eftir orðinu alifiskur, á hugtakinu jörð, er komi á eftir orðinu göngusilungur, og á hugtakinu veiðihlutur, sem komi á eftir orðinu vatnasilungur.

Alifiskur: Fiskur, sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.

Fiskur: Lax (Salmo salar), silungur (S. trutta og S. alpinus) og regnbogasilungur (S. irideus) eða annar vatnafiskur, ef ræktaður verður.

Veiðimál: Hvers konar mál, er lúta að lax-, silungs- og álaveiði, fiskrækt eða fiskeldi.

Almenningur í stöðuvatni: Sá hluti stöðuvatns, sem liggur fyrir utan 115 m breitt vatnsbelti (netlög) landareigna þeirra, sem að vatninu liggja.

Jörð: Lögbýli samkvæmt ábúðarlögum.

Veiðihlutur: Hundraðshluti jarðar í veiði vatns samkvæmt arðskrá.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

2. Nú er landareign í sameign, en skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og skal réttur hvers aðila til veiði vera í hlutfalli við landverð hvers jarðarhluta, þegar landskipti fara fram, án tillits til legu jarðarhlutans að veiðivatni, enda verði eigi samkomulag um aðra skipan.

3. gr.

Síðasti málsliður 5. gr. hljóði svo:

Veiðifélagi við slík vötn er heimilt að ráðstafa veiði í samræmi við lög þessi.

4. gr.

6. gr. orðist svo:

Nú skilur vatn landareignir, enda fylgi veiðiréttur báðum landareignum, og er hvorum landeiganda heimil veiði í því veiðivatni innan þeirra marka, er lög þessi segja til um. Eigi er landeiganda rétt að standa að veiði hinum megin ár, en bjarga má hann veiði og veiðitæki að hinu landinu.

5. gr.

Framan við 12. gr. komi ný mgr., sem verði 1. mgr., svo hljóðandi, enda breytist tölusetning annarra mgr. í samræmi við það:

1. Hverjum þeim, er stundar lax- og silungsveiði, skal gert að kaupa veiðimiða, sem heimili honum að veiða lax og silung og að kaupa leyfi til slíkrar veiði, sbr. 92. gr. 6. lið. Veiðimiði er gefinn út á nafn veiðimanns og gildir eitt veiðitímabil.

6. gr.

Á eftir síðustu mgr. 14. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

7. Með sama skilorði og í 6. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa, þar sem hætta er á, að lax geti veiðzt í veiðiútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

7. gr.

1. málsliður 2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Eigi má leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns á tímabilinu frá 1. marz til 1. október en 1000 metra, ef meðalvatnsmagn ár er innan við 25 m^3 á sekúndu, en 2000 metra, ef vatnsmagnið er meira.

8. gr.

2. mgr. 18. gr. orðist svo:

2. Á tímabili því, sem um getur í 1. mgr., má hvergi stunda laxveiði lengur en 3 mánuði. Í veiðivötnum, þar sem laxveiði í net er iðkuð, er skylt að friða lax og annan göngufisk fyrir hvers konar veiði í **14 daga samfleytt á tímabilinu frá 20. maí til 15. júlí ár hvert.** Skulu veiðifélög, hvert á félagssvæði sínu, ákveða þennan friðunartíma innan nefndra tímamarka, og má breyta honum frá ári til árs. Taka slík ákvæði gildi, þá er veiðimálastjórn staðfestir þau. Nú ákveður veiðifélag eigi veiðitíma samkvæmt þessari mgr., og skal veiðimálastjóri og veiðimálastjórn þá kveða á um hann. Með sama hætti skal með fara, þar sem veiðifélag er eigi starfandi.

9. gr.

1. mgr. 19. gr. orðist svo:

1. Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangarveiði, 96 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 10 til þriðjudagskvölds kl. 10. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangarveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klst. á sólarhring hverjum. Rétt er að setja nánari reglur um daglegan stangarveiðitíma með sama hætti og ákveðið er í 2. mgr. 18. gr. Nú fer lax og göngusilungur um stöðuvatn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú var sagt.

10. gr.

1. mgr. 22. gr. hljóði svo:

1. Þrátt fyrir ákvæði 16.—21. gr. svo og ákvæði 38. gr. er leyfilegt að veiða lax og silung til klaks og vísindalegra rannsókna, hvenær sem er, hvar sem er og án tillits til stærðar.

11. gr.

Aftan við 2. mgr. 22. gr. komi:

Hrogn, sem þannig er aflað, er óheimilt að flytja úr landi nema með samþykki fisksjúkdómanefndar og að fengnu útflutningsleyfi viðkomandi yfirvalda.

12. gr.

Á eftir 2. mgr. 25. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

3. Nú telst rétt að uppræta fisk úr veiðivatni til þess að rækta annan stofn kynbetri eða aðrar fisktegundir en þær, er fyrir voru í vatni, og skal ráðherra heimilt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra að leyfa notkun sérstakra efna við eyðingu fiskstofns vatns með þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

13. gr.

Ný mgr. komi í 27. gr., sem verði 2. mgr., og breytist töluröð annarra mgr. til samræmis við það:

2. Leyfi veiðimálastjórnar og veiðimálastjóra þarf til að taka í notkun til veiða á laxi og silungi veiðarfæri úr nýjum efnum eða úr efnum framleiddum með nýjum aðferðum.

14. gr.

2. mgr. 30. gr., sem er ný, verði svo hljóðandi, enda breytist töluröð annarra mgr. til samræmis við það:

2. Eigi má stunda stangarveiði í þeim hluta straumvatns, þar sem veitt er með föstum veiðivélum eða ádrætti né á vikufriðunartíma þessara veiðitækja. Veiðimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um, hversu haga skuli veiði og friðun í vatni hverju, en hafa skal hann samráð um það við veiðifélag.

15. gr.

4. mgr. (áður 3. mgr.) 30. gr. orðist svo:

4. Veiðimálastjóri ákveður með samþykki veiðimálastjórnar, hversu margar stengur megi hafa um sinn í veiðivatni. Leita skal hann um það álits veiðifélags.

16. gr.

5. mgr. 34. gr. orðist svo:

5. Þann tíma viku, sem fiskur er friðaður gegn veiði samkvæmt 19. gr., skulu kistur og veiðikrær vera tryggilega lokaðar, en lagnet og króknet vera tekin öll upp úr vatni. Veiðimálastjóri getur mælt svo fyrir, að á garði að lagneti, krókneti, kistu eða veiðikró skuli höfð fleiri hlið en áður getur, og skulu þau standa opin þann tíma viku, er vötn eru friðuð samkvæmt 19. gr. Hlið á girðingum að kistu eða veiðikró skulu standa opin á sama tíma. Veiðimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um þetta efni.

17. gr.

3. mgr. 35. gr. hljóði svo:

3. Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst til fastrar veiðivélar.

18. gr.

Málsliður b í 2. mgr. 41. gr. hljóði svo:

b. Ef mannvirki lýtur að því að bæta veiðiskilyrði eða lífsskilyrði í veiðivatni, og það hefur verið samþykkt á aðalfundi veiðifélags, enda sé það háð samþykki veiðimálastjóra á sama hátt sem fiskvegur.

19. gr.

VIII. kafli: Um fiskræktarfélög falli niður.

20. gr.

IX. kafli: Um veiðifélög verði VIII. kafli, og töluröð annarra kafla og greina breytist í samræmi við það.

21. gr.

44. gr. (áður 62. gr.) orðist svo:

1. Skylt er mönnum að gera með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi, svo fljótt sem kostur er. Rétt er félagi:

a. Að ákveða, að veiða skuli með tilteknum veiðitækjum, eftir því sem segir í lögum þessum.
b. Að láta stunda veiði.
c. Að selja á leigu rétt til stangarveiði í öllu fiskihverfinu eða hluta þess.
d. Að skipta veiði milli félagsmanna og úthluta hverjum veiðihlut sínum.

2. Veiðifélagi er skylt að stunda fiskrækt, eftir því sem við á. Fiskrækt telst friðun fisks, umbætur á lífsskilyrðum fisks, flutningur fisks í veiðivatn, auðveldun á gönguleiðum fisks, eyðing sels og annars veiðivargs, eftirlit með veiði og annað, er lýtur að aukningu fiskstofns eða viðhaldi hans.

3. Um slíkan félagsskap, sem getur í grein þessari, skal fara svo sem mælt er í kafla þessum.

22. gr.

45. gr. (áður 63. gr.) orðist svo:

1. Félagssvæði veiðifélags getur tekið yfir:

a. Heilt fiskihverfi.
b. Einstakt veiðivatn í fiskihverfi.
c. Hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti.
d. Veiðivötn á afrétti, sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum, er staðsett eru á sama landssvæði.

2. Veiðifélag skal taka til allrar veiði á félagssvæðinu.

3. Nú er félagssvæði hluti straumvatns, og er rétt, að félagssvæði nái svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð, nema sérstaklega standi á.

23. gr.

46. gr. (áður 64. gr.) orðist svo:

1. Veiðimálastjóri og veiðimálastjórn ákveða félagssvæði veiðifélags innan marka laganna.

2. Frumkvæði að stofnun veiðifélags hafa:

a. Einn eða fleiri ábúendur eða eigendur jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði í samráði við veiðimálastjóra og veiðimálastjórn.
b. Veiðimálastjóri í samráði við veiðimálastjórn.

3. Veiðimálastjóri hlutast til um boðun stofnfundar.

24. gr.

47. gr. (áður 65. gr.) orðist svo:

1. Nú ber að stofna félag við vatn, sem veiði er í, og skal kveðja til fundar ábúendur allra jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði svo og eigendur eyðijarða. Ef félag á eða hefur til afnota land, sem veiðiréttur fylgir, skal boða formann félags. Nú hefur veiðiréttur verið skilinn frá landareign að fullu, og skal boða handhafa veiðiréttar. Þá menn, er veiði kunna að eiga í almenningi stöðuvatns samkvæmt 2. mgr. 8. gr., er eigi skylt að boða, en gefa skal þeim kost á þátttöku í félaginu, þá er stofnað hefur verið, ef þeir sanna rétt sinn. Eigi skulu þeir hafa atkvæðisrétt um málefni, er varða aðrar veiðiaðferðir en dorgarveiði.

2. Nú ber að stofna veiðifélag við vatn, sem verið hefur veiðilaust, og skal boða til fundar ábúendur allra þeirra jarða, sem lönd eiga að vatni á hinu fyrirhugaða félagssvæði.

3. Fund skal boða skriflega eða í símskeyti og eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag og auk þess með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag. Fundur er lögmætur, ef hann er löglega boðaður.

25. gr.

48. gr. (áður 66. gr.) orðist svo:

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkvæmt 47. gr., skal leggja fram bréf með ákvörðun veiðimálastjóra og veiðimálastjórnar um félagsstofnun ásamt öðrum skjölum, sem fram hafa komið um málið. Á fundinum skal ræða um stofnun félags og verkefni, kjósa stjórn og bóka fundargerð.

2. Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Ábúandi hvers lögbýlis, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati, skal hafa eitt atkvæði. Nú býr maður á fleiri en einni jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði. Nú er jörð í eyði, og hefur eigandi hennar eitt atkvæði. Nú eru ábúendur lögbýlis eða eigendur eyðijarðar fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt jarðarinnar. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og eigi eldra en þriggja mánaða og þess getið í fundarbók.

3. Nú er stofnað veiðifélag, sem einungis tekur til veiðivatna á afréttum, og skal koma eitt atkvæði fyrir hvert lögbýli, sem á veiðirétt á þeim afréttum eða rétt á til upprekstrar á þá.

26. gr.

67. gr. falli niður.

27. gr.

68. gr. falli niður.

28. gr.

Í stað 1. mgr. 69. gr. laganna (verður 49. gr.) komi tvær mgr., svo hljóðandi:

1. Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal setja félaginu samþykkt á stofnfundi eða á öðrum fundi, sem boðaður er á sama hátt sem stofnfundur. Atkvæði ⅔ félagsmanna þarf til þess, að samþykkt sé gerð. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók. Nú verður samþykkt eigi gerð vegna ónógrar fundarsóknar eða af öðrum ástæðum, og skal boða til annars fundar á sama hátt og að framan greinir. Ræður þar afl atkvæða. Um félagsmál, sem eigi er sérstaklega ákveðið í lögum, gildir afl atkvæða.

2. Nú er eigi gerð lögmæt samþykkt samkvæmt 1. mgr., og er þá veiðimálastjóra og veiðimálastjórn rétt að setja félaginu samþykkt, sem gildir, unz félagið setur sér lögmæta samþykkt með þeim hætti, er í 1. mgr. segir. Nú greinir veiðimálastjóra og veiðimálastjórn á, og sker ráðherra úr.

29. gr.

50. gr. (áður 70. gr.) orðist svo:

1. Á fundi, boðuðum á sama hátt og stofnfundur, skal gera skrá, er sýni hluta þann af veiði eða arði af veiði, sem koma á í hlut hverrar jarðar eða jarðarhluta, er veiðiréttur fylgir í vatni á félagssvæði. Við niðurjöfnun veiði eða arðs af henni skal m. a. taka tillit til aðstöðu við netjaveiði og stangarveiði, landlengdar að veiðivatni, til hrygningarskilyrða og uppeldisskilyrða fisks.

2. Arðskrá skal leggja undir úrskurð fundarmanna, og skal greiða atkvæði um hana, eins og segir í 1. mgr. 49. gr. Í arðskrá skal greina tímamark fyrir gildistöku hennar. Nú verður arðskrá eigi löglega samþykkt, og skal stjórn veiðifélags óska eftir mati samkvæmt 96. gr. Einnig er félagsmanni, sem telur gengið á hlut sinn með arðskrá, rétt að krefjast mats samkvæmt 96. gr. Tekur mat gildi tveimur mánuðum eftir birtingu í ábyrgðarbréfi frá stjórn veiðifélags eða á annan sannanlegan hátt, enda sé yfirmats eigi krafizt. Nú fer yfirmat fram, og tekur það gildi frá þeim tíma, er yfirmatsmenn ákveða.

3. Rétt er félagsmanni að krefjast endurskoðunar á arðskrá, sem gilt hefur í fimm ár.

30. gr.

5. mgr. 56. gr. (áður 76. gr.) er ný og orðist svo:

5. Um endurskoðun arðskrár skal að öðru leyti fara eins og segir í 50. gr.

31. gr.

59. gr. (áður 79. gr.) orðist svo:

1. Nú verða ábúendaskipti á jörð á félagssvæði, og er þá hinum nýja ábúanda skylt að gerast félagi og taka á sig skuldbindingar félagsmanns.

2. Eignir veiðifélags skulu teljast fylgifé jarða á félagssvæðinu í arðskrárhlutfalli. Ef ágreiningur verður vegna eignarhluta í veiðifélagi, sker mat úr, sbr. 97. gr.

32. gr.

80. gr. og 81. gr. laga nr. 53/1957 falli niður.

33. gr.

58. gr. laga nr. 53/1957 verði 60. gr.

34. gr.

61. gr. (áður 59. gr.) orðist svo:

1. Nú vill veiðifélag með ráði og samþykki veiðimálastjóra auka friðun eða láta vikufriðun gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, auka fjarlægð milli fastra veiðivéla frá því, sem í lögum er mælt, stytta hámarkslengd þeirra, draga úr veiðni veiðitækja, fækka þeim eða kveða á um meiri lágmarksstærð fisks, sem veiða má, og er það rétt, ef allir félagsmenn hverfa að einu ráði eða lögmætur félagsfundur samþykkir með ⅗ atkvæða félagsmanna, enda fari um fundarboðun og atkvæðagreiðslu eins og mælt er í 49. gr. laga þessara, og fundarefnis sé getið í fundarboði.

2. Samþykkt samkvæmt 1. mgr. öðlast gildi, þá er ráðherra staðfestir hana, enda mæli veiðimálastjórn með samþykkt.

35. gr.

66. gr. (áður 86. gr.) orðist svo:

Nú tekur maður upp fiskeldi, og skal hann þá tilkynna veiðimálastjóra það. Tilkynningu skulu fylgja skilríki um vatnsafnot og uppdrættir af ráðgerðum mannvirkjum. Er slíkum skilríkjum hefur verið skilað og þau teljast fullnægjandi, skal veiðimálastjóri gefa út viðurkenningu á eldisstöðinni, og öðlast hún þar með réttindi samkvæmt því, sbr. 70. gr. Ráðherra er rétt að setja skilyrði í reglugerð.

36. gr.

Á eftir 66. gr. komi ný grein, sem verði 67. gr. (áður 1. mgr. 60. gr.):

Hverjum manni er skylt að láta af hendi við veiðifélag land eða landsafnot, vatn eða afnot vatns, er þarf til byggingar eða starfsemi klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging slíkra stöðva eða starfsemi kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

37. gr.

Á eftir 72. gr. komi ný grein, er verði 73. gr., svo hljóðandi:

Ráðherra er rétt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva á sama hátt og ákveðið er í 6. og 7. mgr. 14. gr., enda hafi gönguseiðum verið sleppt frá stöðinni í því skyni, að fiskur gangi aftur upp í hana úr sjó.

38. gr.

74. gr. (ný gr.) orðist svo:

1. Ráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd, en í henni eiga sæti yfirdýralæknir, og sé hann formaður, veiðimálastjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Hún skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðgerðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað, er að fisksjúkdómum lýtur.

Við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum skal starfa sérfræðingur í fisksjúkdómum, og skal hann vera fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis.

39. gr.

75. gr. (áður 92. gr.) orðist svo:

Bannað er að flytja til landsins lifandi laxfisk eða annan fisk, er lifir í ósöltu vatni. Ráðherra er rétt að leyfa innflutning lifandi hrogna slíkra fiska, enda mæli fisksjúkdómanefnd með því og telji eigi hættu á, að sjúkdómar flytjist til landsins með slíkum hrognum, og þeim fylgi heilbrigðisvottorð frá viðkomandi yfirvöldum.

40. gr.

76. gr. orðist svo:

Eigi má flytja til landsins lifandi skrautfiska né hrogn þeirra. Rétt er ráðherra að leyfa tilteknum aðilum slíkan innflutning, enda samþykki fisksjúkdómanefnd það hverju sinni og sé fyrir hendi heilbrigðisvottorð, sem hún metur gilt.

41. gr.

77. gr. (áður 93. gr.) orðist svo:

1. Sótthreinsa skal hrogn, ílát og umbúðir um hrogn eða skrautfiska, sem flutt eru til landsins samkvæmt 75. og 76. gr., baða skrautfiska úr lyfjablöndu, ef ástæða þykir til, svo og hafa hrogn og fisk í sóttkví, ef nauðsynlegt þykir. Fisksjúkdómanefnd gefur fyrirmæli um sótthreinsun og sóttkví og hefur eftirlit með henni.

2. Nú er fiskur fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi, og skal sá flutningur háður fyrirmælum yfirdýralæknis.

42. gr.

78. gr. orðist svo:

Fisksjúkdómanefnd er rétt, ef ástæða þykir til, að fyrirskipa sótthreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar, sem notaður hefur verið erlendis, áður en leyfilegt sé að flytja hann inn í landið, enda sé vottorð eigi lagt fram um, að veiðitæki og veiðibúnaður hafi verið sótthreinsaður erlendis. Enn fremur er nefndinni rétt að banna, ef ástæða þykir til, innflutning á dauðum vatnafiski, ferskum eða frystum.

43. gr.

79. gr. (áður 95. gr.) orðist svo:

Nú kemur upp næmur sjúkdómur í veiðivatni eða í klak- og eldisstöð eða grunsamlegt þykir, að næmur sjúkdómur leynist í fiski á slíkum stöðum, og er ráðherra rétt að fengnum tillögum fisksjúkdómanefndar að gera hvers konar ráðstafanir, sem taldar eru nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

44. gr.

80. gr. orðist svo:

Ráðherra er rétt eftir tillögum fisksjúkdómanefndar að setja reglur um heilbrigðiseftirlit í klak- og eldisstöðvum, um töku sýnishorna, um sóttvarnaraðgerðir og um kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum, svo og kveða nánar á um önnur ákvæði þessa kafla, eftir því sem þurfa þykir.

45. gr.

82. gr. (áður 97. gr.) orðist svo:

Rétt er að skjóta eða styggja sel í veiðivatni og í ósi þess eða ósasvæði, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum.

46. gr.

Í upphafi 1. og 2. mgr. 83. gr. (áður 98. gr.) komi orðið arðgæf í stað orðsins friðlýst, og hefjist báðar mgr. þannig: „Nú eru arðgæf selalátur og . . .“

47. gr.

2. mgr. 84. gr. (áður 99. gr.) orðist svo:

2. Bætur greiða eigendur laxveiði eða göngusilungs í því fiskihverfi, er í hlut á. Skulu þær vera árgjald, sbr. þó 3. mgr. Bætur skulu ákveðnar með mati, ef eigi semur, og greiða veiðieigendur þær í arðskrárhlutfalli. Sýslumaður jafnar niður gjaldi og innheimtir á manntalsþingi. Fylgir því lögtaksréttur. Nú er veiðiréttur leigður samkvæmt 2. gr., og greiðir þá leigutaki bætur í stað leigusala.

48. gr.

85. gr. (áður 100. gr.) verði upphafsgrein XIII. kafla: Um stjórn veiði- og fiskræktarmálanna, og orðist svo:

1. Ráðherra hefur yfirstjórn allra veiði- og fiskræktarmála. Til aðstoðar ráðherra um stjórn þessara mála eru:

1. Veiðimálastjórn, sbr. 86. gr.
2. Veiðimálastjóri, sem jafnframt er framkvæmdarstjóri veiðimálastjórnar.
3. Fiskræktarráðunautur, sem jafnframt hefur yfirumsjón með klak- og eldisstöðvum ríkisins.
4. Eftirlitsmenn með veiði.

2. Rétt er ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjórnar, að setja reglugerð um verksvið, vald og ábyrgð þessara aðila innbyrðis í samræmi við ákvæði laganna.

3. Veiðimálastofnun Íslands er veiðimálastjórn með veiðimálastjóra og fiskræktarráðunaut samkvæmt lögum þessum.

49. gr.

86. gr. (áður 102. gr.) orðist svo:

1. Veiðimálastjórn er skipuð 5 aðalmönnum og jafnmörgum varamönnum til 5 ára í senn. Ráðherra skipar formann og varaformann í veiðimálastjórn án tilnefningar. Aðra nefndarmenn og varamenn þeirra skipar ráðherra eftir tilnefningu eftirtalinna aðila:

1. Búnaðarfélags Íslands,
2. Landssamband stangaveiðimanna,
3. Landssambands veiðifélaga og
4. Hafrannsóknastofnunar Íslands.

2. Veiðimálastjórn er ráðherra til aðstoðar um veiði- og fiskræktarmál. Getur hún gert tillögur um allt, er að málum þessum lýtur. Samþykkis veiðimálastjórnar skal leita um setningu reglugerða og annarra ákvæða um friðun eða veiði. Veiðimálastjórn hefur jafnframt með höndum yfirstjórn klak- og eldisstöðva ríkisins.

50. gr.

87. gr. (áður 101. gr.) orðist svo:

Ráðherra skipar veiðimálastjóra og fiskræktarráðunaut í samráði við veiðimálastjórn. Taka þeir laun úr ríkissjóði samkvæmt gildandi reglum í þeim efnum á hverjum tíma um opinbera embættismenn. Veiðimálastjóri skal vera kunnáttumaður um vatnalíffræði og hafa almenna þekkingu á veiðimálum. Fiskræktarráðunautur skal vera kunnáttumaður í fiskafræði, skipulagningu og rekstri klak- og eldisstöðva og hafa þekkingu í fiskræktarmálum.

51. gr.

88. gr. (áður 103. gr.) verði óbreytt að öðru leyti en því, að ný mgr. komi á eftir 4. mgr. greinarinnar, er orðist þannig:

5. Eftirlitsmanni er heimilt, án undangengins úrskurðar yfirvalds, að rannsaka reykhús, verzlanir, frystihús eða önnur geymsluhús, þar sem grunur leikur á, að ólöglega veiddur fiskur sé geymdur, og taka hann í sínar vörzlur, meðan frekari rannsókn fer fram, ef þurfa þykir.

52. gr.

104. gr. laganna verði 89. gr.

53. gr.

90. gr. (ný gr.) verði upphafsgrein í XIV. kafla: Stofnun Fiskræktarsjóðs, lán og styrkveitingar til fiskræktar, og orðist svo:

Stofna skal sjóð, er nefnist Fiskræktarsjóður. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að aukinni fiskrækt í ám og vötnum og efla klak, fiskakynbætur og fiskaeldi í landinu. Sjóðurinn veitir lán og styrki til bygginga slíkra stöðva, enda fullnægi þær settum skilyrðum, eftir nánari ákvæðum reglugerðar um starfsemi sjóðsins.

54. gr.

91. gr. (ný gr.) orðist svo:

Stofnfé sjóðsins er framlag úr ríkissjóði að upphæð 10 milljónir kr., þegar fjárveiting er veitt á Alþingi til þess. Stofnfé sjóðsins er höfuðstóll hans, er eigi má skerða til lána og styrkveitinga.

55. gr.

92. gr. (ný gr.) orðist svo:

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir af höfuðstóli.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, er nemi minnst 1 milljón króna.
3. Árlegt framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, er nemi búnaðarmálasjóðsgjaldi af laxi og silungi.
4. 2% af veiðitekjum veiðiréttareigenda, er innheimtist af veiðifélögum.
5. 2% af seldum veiðileyfum innan Landssambands stangaveiðimanna, enda óheimilt að leigja eða framselja öðrum aðilum afnot veiðiréttinda en þeim, sem félagar eru í þeim samtökum. Landssamband stangaveiðimanna sér um og annast innheimtu þessara tekna til sjóðsins.
6. Tekjur af seldum veiðikortum árlega til þeirra, er veiði vilja stunda í ám og vötnum landsins, enda öðrum óheimil veiði en handhöfum slíkra korta. Verð slíkra ársveiðikorta telst hæfilegt:
   a) Til erlendra veiði- og ferðamanna kr. 1000.00.
   b) Til innlendra veiðimanna yfir 16 ára aldur kr. 300.00.
   c) Til unglinga undir 16 ára aldri kr. 50.00.
7. 5‰ af heildartekjum vatnsaflsstöðva í landinu, er orku selja til almennra nota.
8. Leyfisgjald af hverjum þeim, er stundar laxveiði í net eða aðrar gildrur, og þykir hæfilegt, að slíkt gjald sé 2% af aflaverðmæti.
9. Aðrar tekjur.

56. gr.

93. gr. (ný gr.) orðist svo:

1. Ráðherra setur Fiskræktarsjóði starfsreglur í reglugerð, þar sem kveðið er á um skilyrði þau, er fullnægja þurfi til þess að hljóta lán eða styrki úr sjóðnum.

2. Veiðimálastjórn hefur stjórn og rekstur Fiskræktarsjóðs með höndum. Fiskræktarsjóð skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands.

57. gr.

94. gr. (áður 105. gr.) breytist þannig, að í upphafi gr. komi orðin „úr Fiskræktarsjóði“ í stað orðanna „úr ríkissjóði“ og að síðasta setning í gr.: „Rétt er ráðherra að ákveða, hvaða mannvirki skuli styrkja“ falli niður.

58. gr.

95. gr. (áður 106. gr.) breytist þannig, að orðin „úr Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 75 27. apríl 1962“ komi í stað orðanna „úr Ræktunarsjóði samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1947“.

59. gr.

Í 3. mgr. 96. gr. (áður 107. gr.) komi orðin „tveir mánuðir“ í stað orðanna „8 vikur“.

60. gr.

Í 1. mgr. 97. gr. (áður 108. gr.) komi orðin „að mestu eða öllu“ í stað orðanna „með öllu“, og ný mgr. bætist við gr., sem verði 3. mgr., svo hljóðandi:

3. Nú hefur maður í öðrum tilvikum en í 1. mgr. segir orðið að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna ákvæða og framkvæmdar laga þessara, og á hann kröfu til skaðabóta eftir mati. Skaðabætur skulu greiða eigendur veiðiréttar í fiskihverfi því, sem í hlut á, eftir ákvörðun matsnefndar, og má taka þær lögtaki. Ákveða má þeim, er tjón hefur beðið, bætur með því að úthluta honum arði í arðskrá. Stjórn veiðifélags er skylt að annast innheimtu bóta á félagssvæði sínu.

61. gr.

99. gr. (áður 110., 111., 112. og 113. gr.) orðist svo:

1. Það varðar mann sektum og varðhaldi, ef miklar sakir eru, ef:

a. Hann veiðir ólofað í vatni annars manns.
b. Hann hittist með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, nema sannað sé, að hann hafi átt þar lögmætt erindi.
c. Hann veiðir á tíma, þegar veiði er bönnuð, eða á stöðum, þar sem veiði er bönnuð.
d. Hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem bannað er að nota, eða fylgir eigi settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um veiðiaðferð.
e. Hann veiðir fisk, sem er minni en leyft sé að veiða, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er sleppa skal.
f. Hann brýtur ákvæði 23., 30. eða 38. gr.
g. Hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn.
h. Hann notar sprengiefni, skotvopn, rafmagn, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði.
i. Hann hlítir eigi settum reglum um veiðifélög eða samþykktum þeirra.
j. Hann hlítir annars eigi lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

2. Brot gegn ákvæðum 14. gr. innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi varðar fésektum allt að 500 000 kr. og auk þess varðhaldi, ef miklar sakir eru.

62. gr.

100. gr. (áður 114. gr.) orðist svo (óbreytt):

Brot þau, er getur í c-, d- og h-liðum 99. gr., teljast fullframin, jafnskjótt og veiðarfæri er komið að veiðistað, nema sannað sé, að það hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

63. gr.

101. gr. (áður að nokkru 1. mgr. 110. gr. laganna) orðist svo:

Nú veiðir maður ólofað í vatni annars manns, og skal sá, er misgert var við, fá allt veiðifang eða andvirði þess auk bóta fyrir annað tjón, sem hann kann að hafa orðið fyrir.

64. gr.

102. gr. (áður 115. gr.) orðist svo:

Ólöglegt veiðitæki og veiðitæki, sem eru notuð með ólöglegum hætti, skulu upptæk gerð. Eins fer um ólöglegt veiðifang, sbr. þó 101. gr.

65. gr.

116. gr. laganna verði 103. gr.

66. gr.

104. gr. er nýmæli og orðast svo:

1. Rétt er dómsmálaráðherra að fela Landhelgisgæzlunni löggæzlu samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við verður komið.

2. Rétt er dómsmálaráðherra að skipa sakadómara í Reykjavík til þess að rannsaka og dæma brot gegn lögum þessum.

67. gr.

105. gr. (áður 117. gr.) orðist svo:

Veiðifélag, sem löglega hefur verið stofnað samkvæmt eldri lögum, skal haldast, en breyta skal samþykktum þess samkvæmt 1.—2. mgr. 49. gr.

68. gr.

Fella skal niður orðið „fiskræktarfélag“ úr gr. laganna og setja orðið „veiðifélag“ í staðinn og svo fella niður samtengingar eins og t. d. „og“, „eða“ með orðinu „fiskræktarfélag“, þar sem nauðsyn krefur, og orðin „ef til er“ á eftir orðinu „veiðifélag“. Þá skal og breyta tilvitnunum í einstakar gr., þar sem þörf verður á vegna breyttrar töluraðar á lagagreinum. Enn fremur skal fella niður orðið „veiðimálanefnd“ úr gr. laganna og setja orðið „veiðimálastjórn“ í staðinn.

69. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, og gefa þau út svo breytt.

70. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Aðdragandi.

Á undanförnum árum hefur öðru hverju verið talað um nauðsyn þess að endurskoða lax- og silungsveiðilögin, nr. 53 5. júní 1957, vegna breytinga, sem orðið hafa á veiðimálum, síðan lögin voru endurskoðuð síðast. Í ársbyrjun 1963 fól landbúnaðarráðuneytið veiðimálanefnd í samráði við veiðimálastjóra að undirbúa endurskoðun laganna. Tillögur þessara aðila voru sendar ráðuneytinu í marz 1965 og þær síðan lagðar fram sem frumvarp á Alþingi með breytingum og viðbótum ráðuneytisins í marz 1966 og svo aftur á þinginu um haustið sama ár. Í tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra var m. a. gert ráð fyrir stofnun veiðiskiptafélaga og fiskræktarsjóðs, en þær tillögur voru ekki teknar upp í frv., en á hinn bóginn bætti ráðuneytið inn í það nýjum atriðum.

Alþingi sendi frv. til umsagnar til margra aðila. Nokkrir þeirra gerðu athugasemdir við tillögur frv. um breytingar á atkvæðagreiðslum í fiskræktarfélögum og veiðifélögum og á skaðabótagreiðslu, sbr. 3. mgr. 35. gr. laganna. Búnaðarþing var í hópi þeirra, sem frv. var sent til umsagnar. Lagði það til, að víðtækari endurskoðun lax- og silungsveiðilaganna færi fram heldur en frv. fól í sér.

Hinn 1. ágúst 1967 skipaði landbúnaðarráðherra átta menn í nefnd „til að endurskoða lög nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, með hliðsjón af frv. því til laga um breyting á þeim lögum, sem legið hefur fyrir Alþingi á tveimur síðustu þingum. Enn fremur geri nefndin tillögur um fiskrækt í landinu og taki til athugunar ályktun síðasta Búnaðarþings um yfirráð lax- og silungsjarða og afnot af þeim“. Í nefndina voru skipaðir þeir Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómari, formaður, Bjartmar Guðmundsson alþingismaður, Guðmundur J. Kristjánsson deildarstjóri, Gunnlaugur E. Briem ráðuneytisstjóri, dr. Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri, Jakob Hafstein lögfræðingur, Þórir Steinþórsson fyrrv. skólastjóri og Þór Guðjónsson veiðimálastjóri, sem verið hefur ritari nefndarinnar. Hinn 22. ágúst 1967 skipaði ráðherra Jón Ármann Héðinsson alþingismann til viðbótar í nefndina.

Nefndin hefur haldið marga fundi og fengið fjölda bréfa frá veiðibændum og veiðimönnum og samtökum þessara aðila. Þá hefur nefndin og gengið á fund landbúnaðarráðherra, Ingólfs Jónssonar, og rætt við hann um nokkrar breytingartillögur við lögin, en ráðherrann hafði óskað eftir því í skipunarbréfi nefndarmanna, að undir hann yrðu borin atriði, sem mundu leiða af sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Margar tillögur um breytingar við laxveiðilögin voru lagðar fyrir nefndina. Sumar þeirra fólu í sér mikilvægar breytingar frá núgildandi lögum, svo sem að banna netjaveiði, auka vikufriðun, fella niður fiskræktarfélög, gera veiðifélögin að skyldufélögum, auka við fisksjúkdómakaflann, breyta fyrirkomulagi á stjórn veiðimála, stofna fiskræktarsjóð til eflingar fiskrækt og fiskeldi og auka löggæzlu.

Um flestar breytingartillögurnar náðist samstaða í nefndinni svo og um ýmis efni, sem horfa til skýringar eða leiðir af breyttum háttum, frá því að gildandi lög voru sett.

Við endurskoðun laxveiðilaganna hefur verið höfð í huga nú eins og áður nauðsyn þess að vernda fiskstofnana fyrir ofveiði og halda í heiðri hinni gömlu reglu, að ganga skuli: „guðs gjöf til fjalls sem til fjöru, ef gengit vill hafa“. Ætlunin er að ná þessum markmiðum með því að lengja vikufriðun fyrir netjum um 12 stundir, og einnig með samfelldri friðun í 14 daga á aðalgöngutíma fisks, enda hefur netjaveiðitækni fleygt mjög fram. Enn fremur þykir eðlilegt að setja hömlur á, að tekin séu í notkun net úr nýjum efnum eða úr efnum, sem fullkomnuð hafa verið í framleiðslu sem veiðiútbúnaður.

Merkar nýjungar í frv. eru m. a. breytingar á félagslegu skipulagi veiðimála. Lagt er til, að fiskræktarfélög verði lögð niður, enda hafa þau eigi náð þeirri hylli eða útbreiðslu, sem vænzt var í upphafi. Ætlazt er hins vegar til, að veiðifélög verði starfandi samkvæmt lögum við öll fiskihverfi landsins, m. a. á afréttum, þar sem slík félög geti náð yfir fleiri en eitt fiskihverfi eftir aðstæðum. Er fyrirhugað að breyta þeirri tilhögun, sem nú er, þ. e. að veiðifélög starfi við sum fiskihverfi og eigi við önnur, enda er stjórn og rekstur veiðimála í góðu lagi, þar sem veiðifélögin starfa, til mikils gagns og hagsbóta fyrir veiðibændur. En þar sem veiðifélög eru eigi starfandi, er skipulagsleysi ríkjandi og fiskrækt vart hugsanleg vegna skorts á samstarfi. Er slíkt ástand til vandræða fyrir menn almennt við einstök fiskihverfi, þó að einstakir veiðibændur kunni að koma ár sinni vel fyrir borð vegna skipulagsleysis. Í nágrannalöndum hefur skipulag á stjórn veiðimála við fiskihverfi eða stærri félagsheildir þegar verið bundið í lögum.

Í frv. er gert ráð fyrir stofnun fiskræktarsjóðs, sem hafi það hlutverk að efla fiskrækt og fiskeldi í landinu með beinum styrkjum og lánum. Með fiskræktaraðgerðum, eins og t. d. með fiskvegagerð og með því að sleppa seiðum, má auka veiði í ám og vötnum til mikilla muna frá því, sem nú er. Nútíma fiskrækt byggir að verulegu leyti á fiskeldi, þar sem aliseiðum af mismunandi stærðum er sleppt í veiðivötn. En fisk má enn fremur ala upp til neyzlu, og má gera fiskeldið þannig að sérstakri fæðuframleiðslugrein, eins og t. d. á sér stað um silungseldi í Danmörku. Fiskur (alifiskur) er alinn upp í sérstökum eldisstöðvum, sem kostnaðarsamt er að reisa og reka. Geta slíkar eldisstöðvar reist starfsemi sína á mismunandi uppeldisaðferðum, og fer gerð og kostnaður af byggingu þeirra eftir því. Hér á landi starfa nú tíu fiskeldisstöðvar, og eru flestar þeirra litlar og í eigu einstaklinga. Bendir árangur af starfi þeirra til þess, að fiskeldi eigi mikla framtíð fyrir sér hér á landi, en vitaskuld þarf að leysa ýmsa byrjunarörðugleika, áður en fiskeldi kemst á öruggan grundvöll. Hefur ríkisstjórnin komið á fót tilraunaeldisstöð, þ. e. Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði, til þess að vinna að lausn tæknilegra vandamála við fiskeldið svo og að ala upp seiði í því skyni að nota við fiskrækt. Einn aðalerfiðleiki fiskeldis á Íslandi nú er skortur á nægjanlegri fjárhagslegri fyrirgreiðslu fyrir fiskeldisstöðvar og reyndar einnig að því er varðar fiskvegagerð, en fiskræktarsjóði er ætlað að bæta úr þessu.

Með vaxandi fiskeldi erlendis hefur fisksjúkdómamálum verið veitt sívaxandi athygli nú hin síðari ár, enda hafa fisksjúkdómar valdið miklu fjárhagslegu tjóni, m. a. í nágrannalöndunum. Rannsóknir á fisksjúkdómum hafa farið vaxandi, og heilbrigðiseftirliti hefur verið komið á, enda er þess æ tíðara krafizt, að heilbrigðisvottorð fylgi hrognum og fiski, sem fluttur er á milli staða og landa. Í laxveiðilögunum eru ákvæði um innflutning á lifandi fiski og hrognum. Í frv. er bætt við kaflann merkum atriðum, sem miða að því að færa lagaákvæði um fisksjúkdóma í það horf, sem kröfur eru nú gerðar til. Í frv. er gert ráð fyrir, að fisksjúkdómanefnd fjalli um fisksjúkdómamálin og fisksjúkdómafræðingur verði ráðinn, fyrirskipa megi sótthreinsun á veiðitækjum og veiðibúnaði til þess að hindra, að sjúkdómar berist til landsins með slíkum tækjum, og að komið verði á heilbrigðiseftirliti með klak- og eldisstöðvum.

Verðmæti lax og silungs hefur vaxið mjög hin síðari ár og ásækni manna aukizt í að veiða þessar fisktegundir ólöglega. Ber því nauðsyn til að vernda þær í vaxandi mæli gegn ólöglegri veiði og að auðvelda, að komið sé fram viðurlögum við brotum gegn laxveiðilöggjöfinni. Í frv. eru ákvæði um að létta eftirlitsmönnum leit að ólöglegu veiðifangi, að Landhelgisgæzlan taki að sér veiðieftirlit úr lofti og að sérstakur veiðidómari rannsaki og dæmi veiðilagabrot. Þá hefur refsimörkum verið breytt og þau gerð víðtækari og sektir fyrir laxveiði í sjó verið hækkaðar verulega.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Skilgreiningu á þremur orðum í lögunum er breytt lítilsháttar. Við skilgreiningu á hugtakinu „fiskur“ í lögunum er bætt við orðunum „eða annar vatnafiskur“, og við skilgreiningu á hugtakinu „veiðimál“ er bætt inn „álaveiði“. Skilgreiningu á hugtakinu „almenningur í stöðuvatni“ er að finna í 1. og 4. gr. vatnalaga nr. 15 1923. Rétt þykir að taka þessa skilgreiningu einnig upp í lög um lax- og silungsveiði. Orðið „jörð“ er skilgreint í samræmi við ákvæði ábúðarlaga. Orðið „veiðihlutur“ er hér skilgreint, og er til hægðarauka að taka orðið upp í orðskýringar laganna.

Um 2. gr.

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1957 mæla svo fyrir, að eigandi hver eigi veiði fyrir sínu landi, eftir að landareign, er var í sameign, hefur verið skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, enda hafi eigi önnur lögmæt skipun verið á ger. Getur ákvæði þetta leitt til þess, að sumir landeigendur hljóti eftir skiptingu lands betri veiðiaðstöðu heldur en aðrir og samsvarar landareign þeirra. Er grein þessari ætlað að bæta úr þessu. Eigi er samt talið rétt að setja ófrávíkjanlegar reglur um slíka skiptingu, enda er samkvæmt núgildandi ákvæðum gert ráð fyrir, að mönnum sé frjálst að hafa þá skipan á, sem þeir kjósa.

Um 3. gr.

Orðalagi gr. er breytt til samræmingar, sbr. breytingar á ákvæðum um veiðifélög, sjá kaflann um veiðifélög hér að aftan.

Um 4. gr.

Orðalag 6. gr. laganna er eigi alls kostar skýrt um réttarstöðu veiðieiganda gagnvart þeim, sem veiði á gegnt honum við veiðivatn. Er hér gerð tilraun til þess að orða greinina svo skýrt sem kostur er.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er sett til þess að afla fiskræktarsjóði tekna, sbr. 6. lið 55. gr. frv.

Um 6. gr.

Þessi mgr. er nýmæli. Laxveiði framan við árósa hefur að undanförnu verið reynd með nokkrum árangri í veiðitæki, sem notuð eru til veiða á sjávarfiski. Í 1. mgr. 14. gr. er laxveiði í sjó bönnuð. Ef ákvæði þetta á að koma að gagni að því er varðar veiði framan við árósa, þar sem bann í 6. mgr. nær eigi til, er nauðsynlegt að heimila slíkt veiðibann sem hér greinir, meðan lax er að ganga í árnar á sumrin.

Um 7. gr.

Í tillögum milliþinganefndar, sem vann að endurskoðun laxveiðilaganna á árunum 1954 og 1955, var lagt til, að friðunarsvæði við árósa yrðu 1000 metrar. Í meðförum Alþingis var svæðið fært niður í 500 metra. Reynslan hefur sýnt, að 500 metra friðunarsvæði er allt of lítið, einkum við ósa stórfljóta. Er því lagt til, að friðunarsvæði við stærri ár verði 2000 metrar og 1000 metrar við minni ár. Mörkin milli stórra og lítilla straumvatna eru sett við 25 teningsmetra á sekúndu, miðað við meðalrennsli. Til viðmiðunar má nefna, að Laxá í Aðaldal er talin rúmlega 40 teningsmetrar á sekúndu. Mælingar á vatnsföllum hér á landi eru það langt á veg komnar, að vandalítið má telja að skera úr um vatnsmagn í vatnsföllum landsins.

Um 8. og 9. gr.

Frá fornu fari hafa það verið lög á Íslandi, að lax og silungur skuli eiga færi á því að ganga upp eftir veiðivötnum, sbr. ákvæði Jónsbókar, kap. 56: „Ganga skal guðs gjöf til fjalls sem til fjöru, ef gengit vill hafa". Ákvæði íslenzkra laxveiðilaga, sbr. 17. gr., um friðunartíma, og 18. og 19. gr., um veiðarfæri, svo og VI. kafla, eru öll m. a. miðuð við það að fullnægja þessari fornu reglu, sem reist er á sjónarmiði réttlátrar veiðiskiptingar. En nú á tímum er mönnum orðið ljóst, að hér sé eigi um að tefla einungis veiðiskiptingu, heldur beri brýna nauðsyn til að setja hömlur á veiði til varðveizlu á fiskstofnum veiðivatna. Eftir því sem tímar líða, verða veiðitæki öflugri og veiðnari. Leiðir af því, að hömlur við ofveiði, sem nægilegar töldust á tilteknum tíma, reynast ónógar á síðari tíma, er veiðitæki hafa verið endurbætt. Tilkoma betri veiðitækja, frá því að lög nr. 53/1957 voru sett, gera það nauðsynlegt að setja nýjar og fastar reglur um veiði með föstum veiðivélum, en í þessu sambandi er rétt að taka fram, að veiðimálastjóri og veiðimálastjórn ákveða stangafjölda í veiðivatni og hafa því heimild til að fækka stöngum í veiðivatni, ef þess gerist þörf. Samkvæmt því, sem nú var sagt, þykir brýna nauðsyn bera til að auka friðun í 14 daga samfellt gegn allri veiði á aðalgöngutíma fisks snemma á veiðitímabilinu, m. a. til þess að varðveita snemmgengna og bezta hrygningarfiskinn.

Þá eru og gerðar þær breytingar á friðunartíma, að friðun gegn netjaveiði skuli hefjast á föstudagskvöldum kl. 10 í staðinn fyrir kl. 9 og veiði skuli hefjast á þriðjudagskvöldum kl. 10 í staðinn fyrir kl. 9. Enn fremur er bætt inn í mgr. ákvæði um, að ráðherra geti ákveðið daglegan stangarveiðitíma í veiðivötnum.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. 22. gr. laganna er bætt ákvæði um, að veiða megi vatnasilung eins og lax og göngusilung til klaks og vísindalegra rannsókna, en í lögum er slík veiði nú bundin við lax og göngusilung.

Um 11. gr.

Inn í 2. mgr. 22. gr. laganna er bætt ákvæði um, að óheimilt sé að flytja úr landi hrogn, sem aflað er með undanþágu á friðunartíma, enda komi seiði úr slíkum hrognum þá eigi að notum til fiskræktar innanlands, eins og til er ætlazt. Jafna má veiði stofnfisks, sem aflað er á friðunartíma til kreistingar á hrognum til útflutnings, til þess, að löglegur veiðitími sé lengdur, þar sem hrogn slíkra fiska koma eigi að gagni til viðhalds fiskstofnum hér á landi. Rétt þykir að heimila undanþágu frá banni við útflutningi á hrognum fiska, sem veiddir eru á friðunartíma, ef sérstak-

lega stendur á, t. d. ef hörgull er eigi á hrognum til klaks innanlands eða fiskgöngur hafa verið miklar, en veiði lítil að tiltölu. Setja má slíkum útflutningi tiltekin skilyrði, ef þurfa þykir. Útflutningur á hrognum úr fiskum, sem aflað er á lögleyfðum veiðitíma og geymdir eru fram á haust til kreistingar, svo og á hrognum alifiska, er mönnum á hinn bóginn frjáls.

Um 12. gr.

Ákvæði þessarar mgr., sem verði 3. mgr. 25. gr., er nýmæli. Á undanförnum árum hefur það tíðkazt töluvert erlendis að eyða óæskilegum fiski í veiðivötnum með þar til gerðum efnum og rækta þar síðan æskilegar fisktegundir. Rétt er að veita heimild til slíkrar meðferðar hér á landi.

Um 13. gr.

Framfarir í gerð efna í veiðitæki eru svo örar, að brýna nauðsyn ber til að hafa eftirlit með því, að ný veiðitæki ofbjóði eigi fiskstofni í veiðivötnum. Er ákvæði þetta sett til þess að tryggja slíkt eftirlit. Sams konar reglur eru í lögum erlendra þjóða.

Um 14. gr.

Rétt þykir að banna stangarveiði, þar sem veitt er með föstum veiðivélum eða ádrætti. Þykir of mikið lagt á veiðivatn, ef veitt er með öllum veiðitækjum. Virðist einsætt, að skjóta beri loku fyrir slíka meðferð á veiðivatni.

Um 15. gr.

Þessari mgr. er breytt til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á reglum laganna um veiðifélög og fiskræktarfélög.

Um 16. gr.

Settar eru skýrari og fortakslausar reglur um umbúnað lagnetja og króknetja á vikufriðunartíma. Er þetta gert að fenginni reynslu.

Um 17. gr.

Ákvæði 3. mgr. 35. gr. frá og með orðunum: „Nú rýrnar veiðiaðstaða vegna þessa ákvæðis ...“ er fellt niður, en í stað þess koma ákvæði um þetta efni í 60. gr. frv. og vísast til skýringa um hana.

Um 18. gr.

Bætt er inn í b-lið 2. mgr. 41. gr. ákvæði um, að mannvirki, er þar greinir, skuli samþykkt á aðalfundi veiðifélags til þess að vera fullgilt til undanþágu frá ákvæðum greinarinnar. Þykir nauðsynlegt, að mannvirkjagerð sú, sem ræðir um í greininni, sé vel undirbúin.

Um 19. gr.

Lagt er til, að VIII. kafli laganna: Um fiskræktarfélög verði felldur niður úr lögunum. Fiskræktarfélög sem sjálfstæðar félagsstofnanir hafa eigi notið þeirrar hylli, sem vonazt var eftir, þegar lögin um þau voru samþykkt. Veiðifélög hafa, þar sem þau hafa verið starfrækt, annazt fiskrækt, og er það eðlilegt, að sami félagsskapur við eitt og sama fiskihverfi fari með hvort tveggja hlutverk, veiðiskap og fiskrækt. Er þetta einsætt, þá er veiðifélög eru lögbundin, svo sem gert er ráð fyrir í frv. þessu. Við niðurfellingu fiskræktarfélaga fer um ráðstöfun á eignum og skuldbindingum eftir löglegum leiðum.

Um 20. gr.

Í frv. þessu er lagt til, að veiðifélög verði lögbundin og gerð að skyldufélögum. Nú eru starfandi veiðifélög í landinu við nær allar helztu veiðiár landsins og nokkur við stöðuvötn. Veiðifélögin hafa reynzt vel, en hins vegar hefur ríkt skipulagsleysi í veiðimálum á þeim stöðum, þar sem slík félög hafa eigi verið stofnuð. Má ætla að

fenginni reynslu, að skapast muni með lögbindingu veiðifélaga miklu meiri festa í meðferð veiðimála en áður til hagsbóta fyrir veiðieigendur og þjóðfélagið. Veiðifélögin hafa betri tök en einstaklingar út af fyrir sig á því að vernda fiskstofnana og vinna að fiskrækt. Í nágrannalöndum hefur lögbundnu skipulagi um veiðimál verið komið á, og styrkir það þá niðurstöðu, að þetta sé rétt leið.

Um 21. gr.

Hér er kveðið á um eitt aðalefni frv., þ. e. að mönnum skuli skylt að stofna veiðifélög í fiskihverfi hverju. Í stafliðum a til d eru taldar upp heimildir veiðifélaga um starfshætti, og eru stafliðirnir a og d nýir. Rétt þykir strax að benda á það hér, að beiti veiðifélag réttarheimildum sínum þannig, að einstakir félagsmenn verði öðrum fremur fyrir tjóni af þeim sökum, þá eiga tjónþolendur rétt til skaðabóta samkv. 60. gr. frv. Samkv. 2. mgr. þessarar gr. er veiðifélag jafnframt fiskræktarfélag. Þykir það eðlilegast, eins og áður var sagt, að sama félag fari með veiði- og fiskræktarmál í einu og sama fiskihverfi.

Um 22. gr.

Í gr. þessari er stafliður d nýr. Er þar svo kveðið á, að veiðifélag megi stofna um veiðivötn á afrétti, sem eru hlutar af einu eða fleiri fiskihverfum, er staðsett eru á sama landsvæði. Liggja haldkvæmnisástæður til grundvallar þessu ákvæði. Oft eru sömu veiðieigendur að vötnum á stórum svæðum, þótt þau séu eigi í sama fiskihverfi. Auðveldar þessi meðferð bæði fiskræktun í slíkum vötnum, leigu á þeim og eftirlit með veiði. Flest afréttarvötn liggja ofan fjallabrúna, sem fiskgöngur komast eigi upp fyrir, og liggja afréttarsvæðin því utan eðlilegra félagssvæða veiðifélaga við árnar.

Í 63. gr. 2. mgr. laga nr. 53/1957 er kveðið svo á, að félagssvæði skuli ætíð ná svo langt upp með vatni, sem veiði er stunduð. Rétt þykir að veita heimild til þess að víkja frá þessari reglu, þegar sérstaklega stendur á. Er orðalag 3. mgr. þessarar gr. við það miðað.

Um 23. gr.

Þar sem ætlazt er til, að veiðifélög verði skyldufélög, verður að setja reglur um stofnun slíkra félaga, er miðist við þá tillögu. Er því svo mælt í frv., að veiðimálastjóri í samráði við veiðimálastjórn skuli hafa frumkvæði að stofnun veiðifélags, ef ábúendur eða eigendur á hinu fyrirhugaða svæði snúa sér eigi að fyrra bragði til veiðimálastjóra og veiðimálastjórnar um félagsstofnun.

Um 24. gr.

Aðilar að fiskræktarfélagi eru eigendur þeirra jarða, þar sem veiði er hægt að stunda í því fiskihverfi. Félagsmenn samkvæmt IX. kafla sömu laga eru ábúendur jarða í fiskihverfinu. Nú er fiskræktarfélag sameinað veiðifélagi, og vaknar þá sú spurning, hvort eigendur eða ábúendur í fiskihverfi skuli vera félagsmenn. Meiri hluti nefndarmanna telur, að ábúendur jarða eigi að vera félagsmenn. Einn nefndarmanna, Gizur Bergsteinsson, tekur þetta fram: „Lax- og silungsveiði hefur frá fornu fari verið stunduð til öflunar búsílags handa heimilum á veiðijörðum. Á síðari tímum hefur orðið breyting á þessu. Lax- og silungsveiði er nú í æ stærra mæli iðkuð sem sérstök tekjuöflunargrein með sölu veiðifangs eða með arðtöku um hendur veiðifélaga. Er hér oft um mjög veigamikla tekjuöflun að tefla. Það virðist því illsamrýmanlegt grunnreglum laga um eignarrétt að svipta veiðieigendur, sem ekki búa sjálfir á jörðum sínum, hluttöku í veiðifélögum, sem jafnframt eru fiskræktarfélög og taka mjög afdrifaríkar ákvarðanir um mikilsverða atvinnugrein og um eign veiðieigenda“.

Gr. svarar til 65. gr. laga nr. 53/1957 að því viðbættu, að aftan við 1. mgr. er tekið upp ákvæði úr 1. mgr. 45. gr. laganna varðandi félagsþátttöku veiðieigenda í almenningi stöðuvatna.

Um 25. gr.

Gr. svarar til 66. gr. laganna að viðbættri 3. mgr., sem fjallar um atkvæðisrétt í veiðifélögum á afréttum, sbr. 5. gr. laganna og d-lið 22. gr. frv. Þykir rétt, að hvert lögbýli, sem aðild á að upprekstrarfélagi, hafi atkvæðisrétt.

Um 26. og 27. gr.

Ákvæði 3. mgr. 66. gr., 67. gr. og 68. gr. laganna eiga eigi við um skylduveiðifélög og eru því felld niður.

Um 28. gr.

Ákvæði 1. mgr. 69. gr. laganna eru við það miðuð, að stofnun veiðifélags sé þegar ákveðin með atkvæðum tilskilins fjölda félagsmanna. Er þar því ákveðið, að um samþykkt og önnur félagsmálefni ráði afl atkvæða. Þá er setja skal skylduveiðifélagi samþykkt, þykir eðlilegt að krefjast þess, að ⅔ félagsmanna gjaldi henni jákvæði sitt á fyrsta fundi. Ef slíkur meiri hluti er eigi fyrir hendi á fyrsta fundi, hvort sem er vegna ónógrar fundarsóknar eða ósamkomulags, eða af öðrum ástæðum, skal boða til annars fundar, og ræður þar afl atkvæða.

Nú er það tilvik hugsanlegt, að félagsmenn setji sér eigi lögmæta samþykkt, svo sem mælt er í 1. mgr., og ber þá þeim handhöfum stjórnarvalds, sem í 2. mgr. segir, að setja félagi samþykkt, sem gildir, unz félagsmenn sjálfir hefjast handa um setningu samþykktar.

Um 29. gr.

Í 1. mgr. þessarar gr. er einungis um orðalagsbreytingu, en eigi efnis, frá gildandi ákvæðum að tefla. Í 2. mgr. er nýmæli, er kveður á um gildistöku arðskrár. Hafa oft risið deilur um tímamarkið milli nýrrar og eldri arðskrár. 3. mgr. laganna er bætt inn í 2. mgr. frv., og 3. mgr. er ný í samræmi við framkvæmd þá, sem verið hefur, sbr. 2. mgr. 53. gr. laganna.

Um 30. gr.

5. mgr. 56. gr. (áður 76. gr.) er ný, en er í samræmi við þá framkvæmd, sem hefur verið viðhöfð um þessi mál.

Um 31. gr.

2. mgr. þessarar greinar er nýmæli.

Oft ber nauðsyn til, að hluta af arði veiðifélags sé varið til sameiginlegra þarfa, svo sem byggingar veiðimannahúss eða annarrar mannvirkjagerðar. Eðlilegt virðist, að þessar eignir teljist fylgifé jarða á félagssvæðinu í hlutfalli við arðskrá á hverjum tíma, enda miklum vandkvæðum bundið að greiða ábúanda, er fer frá jörð á félagssvæðinu, hluta hans í þessum eignum. Rísi ágreiningur út af kröfum fráfarandi ábúanda á hendur jarðareiganda vegna framlags til veiðifélags, skal skera úr þeim ágreiningi með mati.

Um 32. gr.

Niðurfall 80. gr. leiðir af niðurfalli ákvæða um fiskræktarfélög, og niðurfall 81. gr. leiðir af því, að veiðifélög skulu verða skyldufélög, sem starfa óslitið.

Um 33. gr.

Gr. er tekin úr VIII. kafla laga nr. 53/1957, er fjallar um fiskræktarfélög, og er hún tekin hér upp í kaflann um veiðifélög, sem eru jafnframt fiskræktarfélög.

Um 34. gr.

Ákvæði þessarar gr. geyma að nokkru reglur 59. gr. laganna, en þau veita félagsmönnum aukna heimild til þess að friða veiðivötn. Hinn aukni réttur felst í heimild til þess: 1) að auka friðun fram yfir vikufriðun, 2) að láta vikufriðun gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, og 3) stytta hámarkslengd fastra veiðivéla. Hins vegar er þess krafizt í frv., að ⅗ atkvæða allra félagsmanna þurfi til að koma slíkum

veiðitakmörkunum á. Leggja ber áherzlu á, að ráðstafanir, sem ákvæði þetta heimilar, geta leitt til skaðabótaskyldu, skv. 60. gr. frv.

Um 35. gr.

Rétt þykir, að eldisstöðvar séu háðar viðurkenningu veiðimálastjóra, enda eru þeim veitt ýmisleg sérréttindi og undanþága frá ákvæðum vissra lagagreina.

Um 36. gr.

Gr. svarar til 1. mgr. 60. gr. laga nr. 53/1957, þó þannig, að bætt er inn í gr. orðunum: „eða klak- og eldisstöðvar".

Um 37. gr.

Þessi gr. er nýmæli. Með tilkomu fiskeldisstöðva, þar sem sleppt er laxaseiðum af göngustærð í frárennsli stöðvanna í þeim tilgangi, að þau komi upp í þær aftur, verður nauðsynlegt að vernda svæðin framan við eldisstöðvar fyrir allri veiði. Vænta má, að veiði framan við eldisstöðvar verði reynd undir því yfirskini, að verið sé að veiða aðrar fisktegundir en lax. Þekkist slíkt í Elliðavogi við Reykjavík. Það er sanngirnismál, að þeir, sem ala upp laxinn, fái að njóta hans, þegar hann kemur af hafi, enda er það undirstöðuregla, sem byggt var á, er lax- og silungsveiðilögin voru samin.

Um 38. gr.

Á X. kaflanum um innflutning á lifandi fiski og hrognum eru gerðar veigamiklar breytingar og tekin upp nýmæli, sem tryggja eiga betur en gert er nú í lögum, að fisksjúkdómar berist eigi til landsins eða dreifist út innanlands. Þekking á fisksjúkdómum hefur aukizt mjög hin síðari ár og sömuleiðis skilningur á nauðsyn þess, að komið sé í veg fyrir, að fisksjúkdómar berist á milli staða og landa. Þykir nú nauðsyn bera til, að sérfróðir menn í fisksjúkdómum fjalli um slík mál og kanni sem bezt fisksjúkdóma í vatnafiskum í hverju landi, enda hefur flutningur á vatnafiski aukizt mjög hin síðari ár með ört vaxandi fiskeldi.

Með hliðsjón af nýjum viðhorfum í fisksjúkdómamálum þykir rétt að fela sérstakri nefnd sérfróðra manna, fisksjúkdómanefnd, framkvæmd fisksjúkdómamála undir yfirstjórn ráðherra, og er þetta svo og annað efni gr. nýmæli. Með formennsku í nefndinni fari yfirdýralæknir, sem leggur á ráð um meðferð dýrasjúkdómamála og sér um framkvæmd þeirra, en með honum sé veiðimálastjóri sem sérfræðingur í veiðimálum og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum sem yfirmaður dýrasjúkdómarannsókna í landinu.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að skipa sérfræðing í fisksjúkdómum í Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Er eðlilegt að ætla fisksjúkdómafræðingi að starfa þar, enda er þar alhliða aðstaða til þess að rannsaka dýrasjúkdóma. Gert er ráð fyrir, að fisksjúkdómafræðingur kanni sjúkdóma í vatnafiskum hér á landi og verði fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis í umræddum málum.

Um 39. gr.

75. gr. er efnislega eins og 92. gr. laganna, að öðru leyti en því, að í 75. gr. er eigi leyft að flytja inn lifandi vatnafiska, heldur einungis hrogn þeirra, enda má í ýmsum tilvikum sótthreinsa hrogn, en fiskar verða eigi sótthreinsaðir á sama hátt, svo að öruggt sé. Nýmæli er það í gr. að krefjast þess, að heilbrigðisvottorð fylgi hrognasendingum erlendis frá, enda er slíkri reglu beitt í mörgum löndum.

Um 40. gr.

Í 76. gr. er bannað að flytja skrautfiska til landsins, en svo nefnast smávaxnir vatnafiskar, sem einnig hafa verið kallaðir „akvarium"-fiskar og hafðir eru í búrum í hlýju vatni, oftast í híbýlum manna. Vegna sýkingarhættu frá skrautfiskum ber nauðsyn til að fylgjast með innflutningi þeirra til landsins, eftir því sem við verður

komið. Ráðherra er rétt með samþykki fisksjúkdómanefndar að leyfa tilteknum aðilum að hafa með höndum innflutning skrautfiska. Er ætlunin að koma á eftir föngum eftirliti með heilbrigði skrautfiska. Ókleift mun að koma algjörlega í veg fyrir, að skrautfiskar verði fluttir til landsins, t. d. í plastpokum, sem hafa má í vösum og í farangri ferðamanna.

Um 41. gr.

Efni 77. gr. er í aðalatriðum það sama og í 93. gr. laganna. Fisksjúkdómanefnd er ætlað að gefa fyrirmæli um sótthreinsun og sóttkví og hafa eftirlit með þessum aðgerðum í stað veiðimálastjóra og yfirdýralæknis, eins og nú er mælt í lögum. Yfirdýralæknir einn gefi fyrirmæli um flutning fisks milli landa með viðkomu á Íslandi, enda má vænta, að slík fyrirmæli muni þurfa að gefa oft með litlum fyrirvara.

Um 42. gr.

Efni 78. gr. er nýmæli. Þykir nauðsyn bera til að hafa heimild í lögum um fyrirskipun á sótthreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar til þess að koma í veg fyrir, að næmir sjúkdómar berist til landsins með slíkum útbúnaði. Á Bretlandseyjum herjar á lax og fleiri vatnafiska nú þessi árin hættulegur sjúkdómur, sem kallaður er roðsáraveiki, „Ulcerative Dermal Necrosis". Gæti hann hugsanlega borizt milli landa með veiðitækjum og veiðibúnaði. Með sótthreinsun er ef til vill kleift að koma í veg fyrir útbreiðslu slíks sjúkdóms. Rétt þykir, að fisksjúkdómanefnd gefi út fyrirskipun um sótthreinsun, þegar svo stendur á, og einnig bann við innflutningi á dauðum vatnafiskum, ferskum eða frystum, ef hætta er talin á, að fisksjúkdómar geti borizt með slíkum fiskum inn í landið. Bandaríkjamenn krefjast þess, að með vatnafiskum, ferskum eða frystum, sem fluttir eru inn í Bandaríkin, fylgi vottorð frá yfirvöldum í upprunalandinu um, að fiskurinn komi eigi frá stöðum, sem ákveðnir sjúkdómar í vatnafiski finnast á. Vænta má, að fleiri þjóðir muni í framtíðinni gera kröfu til sams konar vottorða.

Um 43. gr.

Efni gr. er í 95. gr. laganna. Sú breyting er gerð á, að í stað veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og yfirdýralæknis í lögunum skuli fisksjúkdómanefnd fjalla um málin.

Um 44. gr.

80. gr. er nýmæli. Í gr. er fjallað um heilbrigðiseftirlit í klak- og eldisstöðvum og ráðstafanir, sem gera þarf í því sambandi. Með vaxandi fiskeldi í landinu verður nauðsyn á að koma á slíku heilbrigðiseftirliti. Fiski í eldisstöðvum er þjappað saman í miklu magni á lítil svæði, og er fiski þá hættara við kvillum og jafnvel skæðum sjúkdómum. Með eftirliti fæst reynsla um heilsufar alifisks. Mun það stuðla að lækningu á kvillum og skjótri greiningu á banvænum sjúkdómum, sem gera verður sérstakar varúðarráðstafanir gegn, í því skyni að hefta útbreiðslu þeirra.

Um 45. og 46. gr.

Samkvæmt 15. gr. tilskipunar frá 20. júní 1849 um veiði skyldu sýslumenn ótilkvaddir af eigendum hvert ár á manntalsþingum lýsa friðhelgi selalátra og selalagna. Einnig skyldu sýslumenn lýsa friðhelg ný selalátur, er þættu til þess hæf. Sýslumenn munu í meira eða minna mæli hafa látið farast fyrir að framkvæma friðlýsingu þá, sem mælt er í nefndu lagaákvæði. Hefur því brostið friðlýsingu á selalátrum, þar sem menn hafa stundað selveiði frá fornu fari. Hefur þetta leitt til þess, að dómstólar hafa orðið að skýra ákvæði 13. kafla laga nr. 53/1957 með hliðsjón af ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar um verndun eignarréttinda, sbr. dóm hæstaréttar upp kveðinn 17. nóv. 1967. Ákvæðum 42. og 43. gr. er breytt með hliðsjón af þessu. Í 42. gr. eru felld niður orðin „hverjum manni", og í 1. og 2. mgr. 43. gr. er sett inn orðið „arðgæf" í stað orðsins „friðlýst".

Um 47. gr.

Í 2. mgr. þessarar greinar er fellt niður ákvæðið, að bætur skuli „ákveðnar í eitt skipti fyrir öll“. Er þetta ákvæði ósanngjarnt á verðbólgutímum. Í frv. er ákveðið, að bætur skuli greiddar í arðskrárhlutfalli, í stað þess að veiðieigendur greiði þær „að tiltölu við veiði sína síðasta ár“.

Um 48.—52. gr.

Í XIII. kafla frumvarpsins er lögð áherzla á það að koma á fót fastmótaðri stjórn beggja höfuðþátta málanna, þ. e. annars vegar veiðilöggjafarinnar og hins vegar fiskræktarákvæða laganna, undir sameiginlegri yfirstjórn veiðimálastjórnar.

Það hefur ekki dulizt nefndinni við endurskoðun þessa mikla lagabálks, að með öllu er það ofviða einum manni að bera ábyrgð og hafa stjórn á öllum þeim margháttuðu verkefnum og tilvikum, sem gert er ráð fyrir í lögunum nr. 53/1957, að séu á hendi eins manns, þ. e. veiðimálastjóra.

Með tilkomu Fiskræktarsjóðs og starfsemi hans, síauknum viðfangsefnum og vaxandi athöfnum á sviði fiskræktar og eldismálanna yrði slíkt óbreytt fyrirkomulag og ástand með öllu óviðráðanlegt.

Það ætti og að vera kappsmál allra þeirra, er vel vilja að þessum málum vinna, að stjórnun þeirra væri sem gleggst og skýrast afmörkuð á milli stjórnunarmanna í höfuðdráttum. Sú mun einnig hafa orðið þróunin í löndum þeim, þar sem mál þessi hafa náð lengst og borið ríkastan árangur.

Gera má einnig ráð fyrir því, að slík verði og reyndin hér á landi í framtíðinni og að smátt og smátt muni höfuðmálefnin skipast í afmarkaðar deildir undir sameiginlegri stjórn, annars vegar veiðimáladeild og hins vegar fiskræktardeild.

1. Veiðimálastjórn.

Í lögunum nr. 53/1957 og eldri lögum eru ákvæði um veiðimálanefnd. Samkvæmt þeim lögum áttu sæti í nefndinni 3 menn. Nú á að fjölga mönnum þessum um 2 og jafnmarga varamenn og meðferð og stjórn Fiskræktarsjóðs verði í höndum þessara manna. Loks er svo gert ráð fyrir því í XIII. kafla laganna, að yfirstjórn klak- og eldisstöðva ríkisins falli einnig undir umrædda menn. Þannig hefur þá allri stjórn veiði- og fiskræktarmálanna verið beint í einn farveg, og þykir því sjálfsagt og rétt að leggja niður nafn veiðimálanefndar og í staðinn komi veiðimálastjórn og að orðalag alls frumvarpsins breytist samkvæmt því.

Fari svo, að ríkisvaldið telji rétt að reisa og starfrækja klak- og eldisstöðvar, sem fjarlægar eru frá samkomu- og aðsetursstað veiðimálastjórnar, og hún af þeim ástæðum getur ekki sinnt yfirstjórn þeirra fiskræktarframkvæmda, virðist opin leið til endurskoðunar og breytingar á ákvæðum frumvarpsins í þessum efnum eftir fenginni reynslu, þegar þar að kæmi.

2. Fiskræktarráðunautur.

Þegar um það var rætt í nefndinni og lagðar fram tillögur um það að gera enn gleggri skil á milli framkvæmdar veiðimálanna og fiskræktarmálanna með því að ákveða í frumvarpinu stöðu fiskræktarstjóra, mætti það mótspyrnu. Var þá m. a. borið við auknum kostnaði. Nú er hins vegar upplýst, að þegar hefur verið ráðinn fiskifræðingur í þjónustu veiðimálastofnunarinnar, sem tekið getur að sér starf fiskræktarráðunautar, svo að þar af leiðandi er hér ekki um að ræða viðbótarútgjöld.

Hvaða nafni starfsmaður þessi nefnist, skiptir að sjálfsögðu ekki höfuðmáli, heldur hitt, að starfssvið hans, viðfangsefni og vald sé skýrt afmarkað frá starfssviði, verkefnum og valdi veiðimálastjóra. Á þann hátt nýtast starfskraftarnir bezt og komið í veg fyrir árekstra.

Mörkin á milli þessara starfskrafta ber að tilgreina í reglugerðarákvæðum.

3. Stjórn klak- og eldisstöðva ríkisins.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að breyting verði á stjórn klak- og eldisstöðva ríkisins frá því, sem nú er.

Þessi ráðstöfun hefur sparnað í för með sér, og það er eðlilegt og reyndar sjálfsagt, að þeim, sem trúað er fyrir störfum í veiðimálastjórn, sé einnig trúað fyrir stjórn fiskræktarstöðva ríkisins, enda hægast fyrir þá hina sömu menn að fylgjast sem gleggst með gangi þessara mála.

4. Aukið vald eftirlitsmanna.

Raddir um aukið eftirlit með lax- og silungsveiðum í landinu gerast æ háværari og liggur til þess síaukin ásækni í veiðar þessar og vaxandi brot á lögum og reglum um málefni þessi. Óskir í þessa átt hafa borizt bæði frá veiðiréttareigendum og veiðimönnum, einstaklingum og félagssamtökum þessara aðila, og er reynt með auknu valdi eftirlitsmanna, sbr. 51. gr. frv., áður 103. gr., að mæta slíkum tilmælum. Má ætla, að þetta aukna vald eftirlitsmanna verði mjög til bóta í þeim efnum að bægja frá brotum á laxveiðilöggjöfinni og draga úr ólöglegum veiðiaðferðum.

Telja verður því, að með framangreindum ákvæðum sé stigið stórt spor fram á veginn til betri stjórnar og skipulags á veiði- og fiskræktarmálunum.

Um 53.—56. gr.

Afskipti opinberra aðila af veiðimálum eru nýlegt fyrirbæri. Hafa fjárveitingar til starfsemi á vegum ríkisins í þeirra þágu svo og til styrkveitinga vegna fiskræktaraðgerða verið mjög skornar við nögl fram undir það síðasta. Veiðihlunnindi hafa vaxið að magni og verðmætum, og enn má stórauka tekjur af veiði. En til þess að auka verðmæti veiðinnar þarf mikið starf að koma til af hendi ríkisins, félaga og einstaklinga. Menn leita til ríkisins um framlög til þessa, bæði fræðileg og fjárhagsleg. Ber því brýna nauðsyn til að stórauka fjárframlög til veiðimála. Er gert ráð fyrir, að stofnaður verði sérstakur sjóður til þess að efla veiðimálin, en úr honum verði veitt fé m. a. til að stuðla að því, að reyndar verði nýjungar í veiðimálum, styrktar framkvæmdir, svo sem fiskvegagerð og bygging eldisstöðva, með beinum fjárframlögum og lánum. Brýn þörf er á að byggja á næstu árum um 20 fiskvegi fyrir um 12—15 milljónir króna. Nema lögbundnar styrkveitingar úr ríkissjóði þriðjungi af þeirri fjárhæð. Þá er þess að vænta, að styrkja þurfi á næsta áratug nokkrar eldisstöðvar, sem geti kostað 5—15 milljónir króna hver.

Í 55. gr. er gert ráð fyrir nýjum tekjustofnum til handa Fiskræktarsjóði auk framlags beint úr ríkissjóði, og er fjárheimtum stillt mjög í hóf. Mikilvægasti tekjuliðurinn yrði 5‰ af óskírum (brúttó) tekjum vatnsaflsstöðva, og mundi hann nema 400—500 þúsund krónum á ári. Er eigi ósanngjarnt, að lítið brot af þeim tekjum, sem vatnsaflið veitir, gangi til þess að búa betur um fiskinn í veiðivötnunum heldur en náttúran gerir sjálf óstudd. Þá er gert ráð fyrir, að veiðimenn greiði árlegt gjald í sjóðinn, en kvittunin veiti heimild til þess að veiða lax og silung og kaupa leyfi til slíkrar veiði. Enn fremur er veiðifélögum gert að greiða 2% af skírum tekjum sínum til sjóðsins. Rétt er í þessu sambandi að benda á nokkur veigamikil atriði sem skilyrði fyrir láni eða styrkveitingu úr væntanlegum Fiskræktarsjóði, en þau eru m. a. þessi:

1. Að lagðir séu fram fullkomnir uppdrættir að byggingarframkvæmdum, gerð klak- eða eldisstöðvarinnar eða beggja samþykktar af viðkomandi byggingaryfirvöldum.
2. Að fyrir liggi ljósar upplýsingar um það, að nægjanlegt fjármagn sé fyrir höndum til framkvæmdanna og rekstrar með væntanlegri aðstoð Fiskræktarsjóðs.
3. Að nægjanlegt og heilsusamlegt vatn sé fyrir hendi. Að gönguskilyrði séu í viðkomandi stöð, sé ráð fyrir slíku gert, varðandi framtíðarrekstur. Efnagreining vatns liggi fyrir frá Atvinnudeild Háskólans, eða annarri hliðstæðri stofnun,

er sannað gæti slíkt, svo og einnig upplýsingar, er staðfesti nægjanlegt vatn til stöðvarinnar, miðað við áætlaða framleiðslugetu, — og framleiðsluáætlun hennar.
4. Að fyrir liggi ýtarlegar upplýsingar um þær fiskategundir og fiskstofna, er rækta skal eða ala í stöðinni.
5. Að fiskræktarráðunautur hafi áður fjallað um þessi atriði og sé þeim meðmæltur, áður en fiskræktarstjórn tekur ákvörðun um fjárhagslega aðstoð við umsækjanda.

Þá er rétt að vísa til eftirfarandi ályktana frá aðalfundum stærstu samtaka sport- og áhugamanna um mál þessi, svo sem Landssambands stangaveiðimanna, Félags áhugamanna um fiskrækt og Stangaveiðifélags Reykjavíkur, svo hljóðandi:

1. Landssamband stangaveiðimanna.

Tillaga til endurskoðunarnefndar lax- og silungsveiðilaga frá aðalfundi Landssambands stangaveiðimanna:

Aðalfundur L.Í.S., haldinn í Hafnarfirði þann 16. nóv. 1968, samþykkir eftirfarandi tillögu:

Í framhaldi af fyrri tillögum L.Í.S. á aðalfundi 1961 og síðar um stofnun Fiskræktarsjóðs telur fundurinn rétt, að tekna til sjóðsins, ef stofnaður verður, sé aflað m. a. á eftirgreindan hátt:

1. Með árlegu framlagi úr ríkissjóði.
2. Með framlagi frá vatnsaflsstöðvum í landinu.

Um leið og fundurinn felur fulltrúa L.Í.S. í endurskoðunarnefnd lax- og silungsveiðilaganna að koma þessari tillögu á framfæri í nefndinni, leggur fundurinn áherzlu á, að endurskoðun nefndra laga verði hraðað svo, að frumvarp um væntanlegar breytingar verði lagt fyrir Alþingi það, er nú situr.

2. Félag áhugamanna um fiskrækt.

Um fjáröflun til klak- og eldisstöðva.

Aðalfundur Félags áhugamanna um fiskrækt, haldinn í Átthagasalnum að Hótel Sögu fimmtudaginn 9. nóvember 1967, bendir á aðkallandi nauðsyn þess, að skapaðir verði fjárhagsmöguleikar fyrir stofnun og rekstur klak- og eldisstöðva laxfiska í landinu hið allra fyrsta. Bendir fundurinn í þessu sambandi á eftirtalin meginatriði í þessum efnum:

1. **Að í fjárlögum verði stórhækkaður styrkur sá,** sem landbúnaðarráðherra er heimilað að veita til þessarar starfsemi einstaklinga og félaga.
2. **Að skylda beri þá aðila, sem virkja fallvötn landsins** og þannig hindra fiskigengd, að þeir leggi fram ríflega upphæð til þessara mála, svo sem gert er í nágrannalöndum vorum á Norðurlöndum.
3. **Framkvæmdasjóður ríkisins láni til þessarar starfsemi** og þróunar þessara mála í landinu hagkvæm lán til langs tíma, innan ákveðinnar upphæðar frá ári til árs, í samræmi við þróun þeirra og vöxt.
4. **Að Stofnlánadeild landbúnaðarins verði heimilt** að verja ákveðnum hluta lánsfjár síns til þessara mála árlega til að örva þróun þeirra og framgang.

Skorar fundurinn á Alþingi það, sem nú situr, að taka mál þessi föstum tökum og tryggja vöxt þeirra og viðgang í þessum efnum á eðlilegan og sjálfsagðan hátt, svo sem nú er viðurkennt og viðtekið meðal allra menningarþjóða heims.

3. Stangaveiðifélag Reykjavíkur.

Aðalfundur Stangaveiðifélags Reykjavíkur, haldinn 10. desember 1967, beinir þeirri áskorun til Alþingis þess, er nú situr, að tryggt verði með löggjöf, að aðilar

þeir, sem virkja fallvötn til rafmagnsframleiðslu eða annarra nytsamra almenningsþarfa, og á þann hátt torvelda og jafnvel teppa fiskgengd um ár og vötn, verði skyldaðir til að leggja fram fé til byggingar á öruggum fiskvegum við virkjanirnar.

Jafnframt skal virkjunaraðilunum gert að skyldu að greiða eða innheimta árlega ákveðið gjald af seldri orku virkjananna, og skal gjald þetta renna í ákveðinn sjóð, er veiti fé til fiskræktunar í landinu, byggingar klak- og eldisstöðva og til aukningar á göngufiskastofnum í íslenkum ám og vötnum.

4. Stangaveiðifélag Reykjavíkur.

Aðalfundur Stangaveiðifélags Reykjavíkur, haldinn 10. desember 1967, telur aðkallandi, að nú þegar verði látin fram fara ýtarleg rannsókn á því, hvaða gerð eldisstöðva fyrir vatnafiska hæfi bezt íslenzkum aðstæðum og hvernig hagkvæmast sé að byggja og reka slíkar eldisstöðvar í sveitum landsins, en að dómi fundarins gætu slíkar eldisstöðvar skapað nýja atvinnugrein í íslenzkum landbúnaði og um leið gert tekjuöflunarmöguleika íslenzkra bænda að mun fjölbreyttari.

Þess vegna fagnar fundurinn þingsályktunartillögum þeim, sem fram hafa komið á Alþingi undanfarin ár og nú á þessu þingi, er fjalla um fiskræktunar- og eldisstöðvar, og telur þær bæði mjög tímabærar og gagnlegar.

Skorar fundurinn á Alþingi og ríkisstjórn að samþykkja tillögur þessar og jafnframt, að hraðað verði, svo sem framast er unnt, framkvæmdum samkvæmt þeim.

5. Félag áhugamanna um fiskrækt.

Aðalfundur Félags áhugamanna um fiskrækt, haldinn í Átthagasalnum að Hótel Sögu fimmtudaginn 9. nóvember 1967, vekur athygli á nauðsyn þess, að fram fari skipuleg könnun á aðstöðu til fiskeldis og fiskræktunar um land allt, sem geti orðið til leiðbeiningar við áætlanir um framkvæmdir á þessu sviði.

Í þessu skyni felur aðalfundurinn stjórn félagsins að athuga, hvort fá megi hingað til lands erlendan sérfræðing, sem ásamt innlendum aðilum leggi grundvöll að slíkri úttekt á aðstöðu til fiskeldis og fiskræktar.

Fullyrða má, að allir séu sammála um það, að í nýrri og endurskoðaðri löggjöf um lax- og silungsveiði, til breytingar á lögum nr. 53/1957, sé ákveðið, að stofna beri og starfrækja Fiskræktarsjóð, er annist það hlutverk að örva og efla fiskrækt í ám og vötnum landsins, stuðla að skynsamlegum byggingum og rekstri klak- og fiskeldisstöðva og leggja grundvöll að fiskeldi sem atvinnuvegi og nýrri búgrein í landinu með framleiðslu stóraukinna þjóðarverðmæta fyrir augum. Hlutverk þessa sjóðs er því mjög þýðingarmikið og um leið afar víðtækt.

Nú er með stofnun Fiskræktarsjóðs gert ráð fyrir því, að sjóðurinn eigi að verða þess umkominn að annast lána- og styrktarfjárstuðning. Mundu þá að sjálfsögðu framangreindir greiðsluliðir á fjárlögum hverfa, með tilkomu Fiskræktarsjóðs, svo sem vera ber og teljast verður bæði heilbrigðari og skynsamlegri stefna í þessum efnum, sem gera mundi miklu víðtækara og almennara gagn en nú er með árlegum greiðslum á fjárlögum.

Það er því sanni nær að viðurkenna, að hér sé miklu fremur um tilfærslu fjár til ráðstöfunar að ræða heldur en aukin fjárútlát úr ríkissjóði. Ráðast verður svo að sjálfsögðu hverju sinni, hve aflögufær Fiskræktarsjóður verður árlega til einstakra aðila, eftir því, hvernig árar um tekjur sjóðsins og þörf þeirra, er til hans mundu sækja.

Hins vegar verður það að teljast kostur að geta látið greiðslur þessar að verulegu leyti hverfa af fjárlögum og ráðstöfun á fjármunum þeim, sem til falla til eflingar og styrktar fiskræktarmálunum, vera í höndum þeirra manna, er valdir hafa verið til stjórnunar á málum þessum og fylgjast bezt með þeim og ættu því að vita gleggst, hvar þörfin er mest hverju sinni.

Eðlilegt þykir, að veiðimálastjórn fari með stjórn sjóðsins, en ráðherra setji henni starfsreglur.

Um 57. gr.

Gr. er að mestu í samræmi við 105. gr. laganna. Í upphafi gr. koma orðin „úr Fiskræktarsjóði“ í stað orðanna „úr ríkissjóði“, en samkvæmt 92. gr. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður m. a. leggi Fiskræktarsjóði til fé.

Um 58. gr.

Leiðir þetta af breyttri löggjöf um lánasjóði landbúnaðarins.

Um 59. gr.

Menn standa oft í þeirri trú, að þeir hafi tveggja mánaða málskotsfrest samkvæmt lögunum, og verða því of seinir fyrir um málskot. Þykir því eðlilegt að breyta orðunum „8 vikur“ í orðin „tveir mánuðir“.

Um 60. gr.

Í 1. mgr. koma í stað orðanna „með öllu“ orðin „að mestu eða öllu“. Þykir rétt að rýmka skaðabótarétt manna á hendur ríkissjóði og sýslusjóði frá því, sem nú er í lögum.

Í nefndinni var um það rætt, hvort setja bæri beinar og meiri lagahömlur en frv. gerir ráð fyrir á rétt manna til að veiða með föstum veiðivélum. Eigi þótti tiltækt að gera það, nema leggja þá um leið skaðabótaskyldu á opinbera aðila. Hins vegar er veiðifélögum með 31. gr. frv. veittur réttur til að takmarka í friðunarskyni með ⅗ hlutum atkvæða allra félagsmanna veiði í fiskihverfi veiðifélags. Af slíkum takmörkunum getur leitt bótaskyldu, og kveður þessi mgr. á um, hvernig þeirri bótaskyldu skuli til lykta ráðið. Samkvæmt þessu geta félagsmenn friðað veiðivötn í fiskihverfi sínu umfram það, sem fastákveðið er í lögum, gegn því að taka á sig að greiða bætur til þeirra, er af því bíða tjón.

Um 61. gr.

Refsiákvæðin, sem áður var dreift í 110.—113. gr. laganna, hafa öll verið flokkuð í þessari gr. frv., og refsimörkin hafa verið stórum rýmkuð, þannig að dómstólum er veitt miklu meira ákvörðunarrúm en áður var. Virðast ákvæðin, eins og þau liggja nú fyrir, vera miklu skýrari og aðgengilegri en er í lögunum. Benda má á, að refsing fyrir laxveiði í sjó er hert að miklum mun.

Um 62. gr.

Gr. er efnislega óbreytt frá 114. gr. laganna.

Um 63. gr.

Ákvæði gr. eru tekin úr 1. mgr. 110. gr. laganna og er sektarupphæð felld niður.

Um 64. gr.

Ákvæði gr. er tekið úr 115. gr. laganna og bætt er við hana orðunum: „sbr. þó 101. gr.“

Um 65. gr.

Gr. breytir um röð.

Um 66. gr.

Gr. er nýmæli. Heppilegt er, að löggæzlumenn á flugvélum Landhelgisgæzlunnar hafi eftirlit með veiðimönnum í veiðivötnum landsins, þá er flugvélar þessar eru

á gæzluflugi. Heppilegt er að létta á héraðsdómurum rannsókn og uppsögn dóma vegna brota á löggjöf þessari, Virðist eðlilegt að skipa sakadómara í Reykjavík til þess að fjalla um þessi mál.

Um 67.—70. gr.

Þurfa eigi skýringar við.

Niðurlagsorð.

Frumvarp þetta byggist í meginmáli á frumvarpi því um sama efni, sem landbúnaðarráðherra lagði fram í lok síðasta Alþingis. Gafst þá hvorki tími né tóm til þess, að Alþingi fjallaði um þetta yfirgripsmikla mál.

Í niðurlagi frumvarps þess, er að framan getur, var skýrt frá því, að nefnd sú, sem landbúnaðarráðherra skipaði í ágústmánuði 1967 til að endurskoða lög um lax- og silungsveiði, nr. 53 5. júní 1957, hefði orðið „sammála í sumum greinum, en öðrum eigi“ og hefðu 3 nefndarmanna samið sérfrv. um ágreiningsefnin. Einnig er í niðurlaginu skýrt frá fyrirvara annarra 3 nefndarmanna um einstök atriði og því ekki nema 3 nefndarmenn, sem raunverulega stóðu að umræddu frumvarpi, eins og landbúnaðarráðherra lagði það fyrir Alþingi.

Mörg ákvæði í hinu umrædda frumvarpi voru tvímælalaust til stórra bóta frá því, sem var í hinum eldri lax- og silungsveiðilögum, svo sem um aukna friðun, lögbindingu veiðifélaga, stofnun Fiskræktarsjóðs, aukið og hert eftirlit og löggæzlu, ákvæðin um dómsvald fyrir brot á löggjöfinni og stórhækkuð sektarákvæði. Að sjálfsögðu er þessum ákvæðum ekki haggað í frumvarpi því, sem nú er hér með lagt fyrir Alþingi. Hins vegar eru þau í ýmsum greinum aukin og gerð ýtarlegri, leitazt við að skapa skýrari ákvæði og markalínur á milli þeirra, er eiga að hafa með höndum framkvæmd laganna, og þá í þeim efnum tekið tillit til sérfrumvarps þess, er 3 nefndarmanna sömdu og sendu landbúnaðarráðherra, en ekki var lagt fyrir Alþingi. Landbúnaðarráðherra skýrði hins vegar frá því, að frumvarp þremenninganna lægi fyrir til sýnis og afnota fyrir þingmenn.

Hin veigamestu atriði, sem í þessu frumvarpi eru, en voru ekki í frumvarpi landbúnaðarráðherra frá síðasta Alþingi, fjalla um 1) aukna friðun, 2) breytingu á fyrirkomulagi og stjórn veiði- og fiskræktarmálanna, 3) stjórn og rekstur laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði og um 4) stofnun og starfsmöguleika Fiskræktarsjóðs.

Þótt ekki sé lengra um liðið en frá síðastliðnu vori, þegar landbúnaðarráðherra lagði fyrrgreint frumvarp fyrir Alþingi í maímánuði, hafa þó ýmsir þeir atburðir gerzt, sem kalla á skjóta og víðtæka endurbót á lax- og silungsveiðilöggjöfinni, og má í því efni sérstaklega nefna:

1. Sífellt vaxandi laxveiðar á línu og í net á Atlantshafi.
2. Aukna ásókn útlendinga í veiðiréttindi í íslenzkum ám og vötnum.
3. Þjóðarnauðsyn á að hefja fiskeldi sem búgrein og stóran þátt í útflutningstekjum þjóðarinnar.
4. Stóraukna fiskrækt.
5. Aukna fræðslu um þessi þýðingarmiklu mál.
6. Rannsóknir og lýsingar á veiðivatnasvæði landsins. — Og síðast, en ekki sízt:
7. Skyldur vatnsaflsstöðva og orkuvera við fiskræktarmálin.

Það er því ekki seinna vænna, að Alþingi fjalli um mál þessi og það verði reynt, hvort meiri hluti fáist fyrir því að beina þeim inn á svipaðar brautir og aðrar menningarþjóðir hafa talið nauðsynlegt.

Nd. **167. Frumvarp til laga** [123. mál]

um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Af öllum vörum, sem koma eða eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða aðflutningsgjöld, nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða öðrum sérstökum lögum, og skulu gjöldin vera eins og fyrir er mælt í eftirfarandi

tollskrá,

þannig, að dálkur nr. 1 gildir fyrir allar innfluttar vörur nema sérstaklega sé á annan hátt ákveðið í dálki nr. 2, sem gildir fyrir vörur innfluttar til landsins samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA):

Almennar reglur um túlkun tollskrárákvæða.

Við skýringar á tollskránni skal fylgt eftirfarandi reglum:

1. Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Tollflokkunin skal byggð á orðalagi tollskrárnúmera, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla, og fari það ekki í bága við orðalag tollskrárnúmeranna eða athugasemdanna, skal fylgt eftirfarandi reglum:
2. Þegar talað er um tiltekið efni í tollskrárnúmeri, tekur það ekki einungis til efnisins óblandaðs, heldur einnig til þess í blöndum, eða í samböndum við önnur efni. Sérhver tilvísun til vara úr tilteknu efni tekur til vara, sem að öllu eða nokkru leyti eru úr því efni. Um tollflokkun blandaðra og samsettra vara fer eftir reglum 3. liðs hér á eftir.
3. Nú kemur það til álita skv. 2. lið að framan eða af öðrum ástæðum, að telja vörur til tveggja eða fleiri tollskrárnúmera, og skal þá tollflokkurinn fara eftir því sem hér segir:
   a. Tollskrárnúmer, sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu, skal tekið fram yfir tollskrárnúmer með almennari vörulýsingu.
   b. Blöndur og samsettar vörur, sem eru úr ýmsum efnum eða eru samsettar af mismunandi hlutum og ekki verða flokkaðar eftir reglunni í a, skulu flokkaðar eftir því efni eða þeim hluta, sem helzt einkennir vöruna, enda verði slíku mati komið við.
   c. Ef ekki er hægt að flokka vörur eftir reglunum í a eða b hér á undan, skal telja þær til þess tollskrárnúmers, sem ber hæstan toll.
4. Ef svo er fyrir mælt í athugasemd við flokk eða kafla, að tilteknar vörur skuli ekki taldar til þess flokks eða kafla og vísað er til annars flokks eða kafla eða í ákveðið tollskrárnúmer, þá skal athugasemdin, nema annað leiði af samhenginu, einnig eiga við allar þær vörur, sem teljast til þess flokks, kafla eða tollskrárnúmers, sem vísað er til, þó aðeins sé talað um nokkuð af vörunum í athugasemdinni.
5. Vörur, sem ekki falla undir neitt tollskrárnúmer, skulu taldar til sama tollskrárnúmers og þær vörur, sem þeim eru líkastar.

I. flokkur.
Lifandi dýr og afurðir úr dýraríkinu.

1. kafli.
Lifandi dýr.

Athugasemd:

Til kaflans teljast öll lifandi dýr, nema fiskar, krabbadýr, lindýr og smáverugróður.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverand tollur
01.01	00	**Hestar, asnar, múlasnar og múldýr**	50%		50%
01.02	00	**Nautgripir**	50%		50%
01.03	00	**Svín**	50%		50%
01.04	00	**Sauðfé og geitfé**	50%		50%
01.05	00	**Alifuglar (hænsni, endur, gæsir, kalkúnar og perluhænsni)**	50%		50%
01.06		**Önnur lifandi dýr:**			
	10	*Einkum ætluð til neyzlu handa mönnum*	50%		50%
		Annað (þar á meðal dýr í dýragarða, hundar og kettir):			
	21	Loðdýr	0		50%
	29	Annað	50%		50%

2. kafli.

Kjöt og ætir hlutar af dýrum.

Athugasemd:

Til kaflans telst ekki:

a. Vörur þær, er teljast til nr. 02.01—02.04 og nr. 02.06, ef þær eru óhæfar til neyzlu handa mönnum.

b. Þarmar, blöðrur og magar (nr. 05.04), og dýrablóð (nr. 05.15).

c. Dýrafeiti, þó ekki vörur, sem teljast til nr. 02.05 (15. kafli).

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
02.01		**Kjöt og ætir hlutar af dýrum þeim, er teljast til nr. 01.01-01.04, nýtt, kælt eða fryst:**			
	10	*Af nautgripum*	50%		50%
	20	*Af sauðfé og geitum*	50%		50%
	30	*Af svínum*	50%		50%
	40	*Af hrossum, ösnum, múlösnum og múldýrum*	50%		50%
	50	*Kjötúrgangur*	50%		50%
02.02	00	**Kjöt og ætir hlutar (þó ekki lifur) af alifuglum (hænsnum, öndum, gæsum, kalkúnum og perluhænum), nýtt, kælt eða fryst**	50%		50%
02.03	00	**Lifur úr alifuglum, ný, kæld, fryst, söltuð eða í saltlegi**	50%		50%
02.04		**Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:**			
	01	Hvalkjöt og hvalrengi	0		0
	09	Annars	50%		50%
02.05	00	**Óbrædd svínafita án kjöts og óbrædd alifuglafita, ný, kæld, fryst söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt**	50%		50%
02.06		**Kjöt og ætir hlutar af dýrum (þó ekki alifuglalifur), saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt:**			
	10	*„Bacon", svínslæri og annað svínakjöt*	50%		50%
	20	*Annað*	50%		50%

3. kafli.

Fiskur, krabbadýr og lindýr.

Athugasemd:

Til kaflans telst ekki:

a. Sjávarspendýr (nr. 01.06) og kjöt af þeim (nr. 02.04 eða 02.06).
b. Fiskur (þar með talin hrogn og lifur), krabbadýr og lindýr, dautt, óhæft til manneldis vegna uppruna síns eða ástands (5. kafli); eða
c. Styrjuhrogn, einnig eftirlíkingar (nr. 16.04).

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
03.01		**Fiskur, nýr (lifandi eða dauður), ísvarinn, kældur eða frystur:**			
	01	Lifandi fiskur í fiskabúri eða öðru íláti	50%		50%
	02	Síld ný	0		0
	03	Annar fiskur nýr	0		0
	04	Síld, ísvarin eða kæld	0		0
	05	Síld fryst	0		0
	09	Annar fiskur, ísvarinn, kældur eða frystur	0		0
03.02		**Fiskur, saltaður, í saltlegi, þurrkaður eða reyktur:**			
	01	Síld	0		0
	09	Annar	0		0
03.03		**Krabbadýr og lindýr, með eða án skeljar, ný (lifandi eða dauð), kæld, fryst, söltuð, í saltlegi eða þurrkuð; krabbadýr með skel, aðeins soðin í vatni:**			
	01	Smokkfiskur og skelfiskur til beitu	0		0
	09	Önnur	50%	35%	50%

4. kafli.

Mjólkurafurðir; fuglaegg; býflugnahunang.

Athugasemdir:

1. Til *mjólkur* telst nýmjólk, undanrenna, áfir, mysa, kefír, jóghúrt og þess háttar gerjuð mjólk.
2. Mjólk og rjómi í loftþéttum dósum telst niðursoðin mjólk og rjómi og heyrir þannig til nr. 04.02. Hins vegar telst mjólk og rjómi, sem aðeins hefur verið pasteuriserað, dauðhreinsað eða peptoniserað, ekki niðursoðið, nema vörurnar hafi verið lagðar niður í loftþéttar dósir.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
04.01	00	**Mjólk og rjómi, nýtt, þó ekki þurrkað eða sykrað**	50%		50%
04.02		**Mjólk og rjómi, niðursoðið, þurrkað eða sykrað:**			
	10	*Fljótandi eða hálffljótandi*	50%		50%
	20	*Í föstu formi, svo sem kökur eða duft*	50%		50%
04.03	00	**Smjör**	70%		70%
04.04	00	**Ostur og ostahlaup**	70%		70%
04.05	00	**Fuglaegg og eggjarauður, nýtt, rotvarið, þurrkað, sykrað eða ósykrað**	35%		70%
04.06	00	**Náttúrlegt hunang**	35%		50%

5. kafli.

Afurðir úr dýraríkinu, ót. a.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Ætar afurðir (að undanteknum þörmum, blöðrum og mögum úr dýrum, heilum eða í stykkjum, enn fremur dýrablóð, fljótandi eða þurrkað).
   b. Húðir og skinn (þar með talin loðskinn), að undanteknum vörum þeim, er teljast til nr. 05.05—05.07 (41. eða 43. kafli).
   c. Spunaefni úr dýraríkinu, að undanteknu hrosshári og hrosshársúrgangi (XI. flokkur).
   d. Hárknippi tilsniðin til burstagerðar (nr. 96.03).
2. Mannshár, flokkað eftir lengd, telst vera óunnið (nr. 05.01), enda sé það ekki jafnframt flokkað þannig, að rótarendarnir séu allir sömu megin.
3. Til *fílabeins* teljast alls staðar í tollskránni vígtennur úr fílum, mammútum, mastódonum, rostungum, náhvelum og villisvínum, horn af nashyrningum og tennur úr öllum dýrum.
4. Hvarvetna í tollskránni er með *hrosshári* átt við hár af makka eða svíra og tagli eða hala dýra, er teljast til hrossa- eða nautgripaætta.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
05.01	00	**Mannshár óunnið, einnig þvegið eða affitað; úrgangur af mannshári**	55%		80%
05.02	00	**Hár og burstir af tömdum svínum og villisvínum; greifingjahár og annað hár til burstagerðar; úrgangur af slíkum burstum og hári**	21%		30%
05.03	00	**Hrosshár og hrosshársúrgangur, einnig sett á undirlag eða á milli laga, úr öðrum efnum**	21%		30%
05.04	00	**Þarmar, blöðrur og magar, heilt eða í stykkjum, úr öðrum dýrum en fiskum**	35%	25%	35%
05.05	00	**Fiskúrgangur**	0		0
05.06	00	**Sinar og taugar; afklippur og þess háttar úrgangur af óunnum húðum og skinnum**	35%	25%	35%
05.07	00	**Hamir og aðrir hlutar af fuglum með áföstum fjöðrum eða dún, fjaðrir og hlutar af fjöðrum (hvort heldur jaðrarnir hafa verið jafnaðir eða ekki) og dúnn, ekki frekar unnið en hreinsað, sótthreinsað eða frágengið til geymslu; duft, fjaðraúrgangur eða hlutar af fjöðrum**	30%		40%
05.08	00	**Bein og hornsló, óunnið, affitað, lauslega lagað (en ekki formað), sýrumeðfarið eða gelatínsneytt; mjöl og úrgangur úr beinum og hornsló**	25%		35%
05.09	00	**Horn, hófar, neglur, klaufir, klær og nef af dýrum, óunnið eða lauslega lagað en ekki formað, og úrgangur og mjöl úr þessum vörum; hvalskíði og þess háttar, óunnið eða lauslega lagað til, en ekki formað, og skíðishár og úrgangur frá þessum vörum**	25%		35%
05.10	00	**Fílabein, óunnið eða lauslega lagað til, en ekki formað; mjöl og úrgangur frá fílabeini**	35%		35%
05.11	00	**Skjaldbökuskeljar (skildir og plötur), óunnið eða lauslega lagað til, en ekki formað; klær og úrgangur frá skjaldbökuskel**	35%		35%
05.12	00	**Kórallar og slík vara, óunnin eða lítils háttar búin undir vinnslu, en ekki frekar unnin; skeljar, óunnar eða lítils háttar búnar undir vinnslu, en ekki formaðar; mulningur og úrgangur úr skeljum**	35%		35%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
05.13	00	**Svampar náttúrlegir**	100%		100%
05.14	00	**Ambra, bifurbelgur, desmerkattardeig og moskus; spanskflugur; gall, einnig þurrkað; afurðir úr dýraríkinu af því tagi, sem notaðar eru við lyfjagerð, nýjar, kældar, frystar eða meðfarnar á annan hátt til bráðabirgða vegna geymslu**	35%		35%
05.15	00	**Afurðir úr dýraríkinu, ót. a., dauð dýr þeirra tegunda, sem 1. og 3. kafli tekur til, óhæf til manneldis**	35%	25%	35%

II. flokkur.

Afurðir úr jurtaríkinu.

6. kafli.

Lifandi trjáplöntur og aðrar jurtir; blómlaukar, rætur og þess háttar; afskorin blóm og blöð til skrauts.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast aðeins lifandi trjáplöntur og vörur (þar með taldir græðlingar), sem gróðrarstöðvar og garðyrkjuskólar venjulega hafa á boðstólum til gróðursetningar eða til skreytingar. Til kaflans teljast þó ekki kartöflur, skalotlaukur, hvítlaukur og annar matlaukur (7. kafli).
2. Til nr. 06.03 eða 06.04 teljast einnig blómvendir, blómakörfur, kransar og þess háttar að öllu eða nokkru gert úr vörum, sem teljast til þessara númera, og hafa fylgihlutar ekki áhrif á flokkunina, þó þeir séu úr öðrum efnum.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
06.01	00	**Blómlaukar, rótar- og stöngulhnýði, jarðstönglar og aðrir forðastönglar í dvala, í vexti eða í blóma**	80%		80%
06.02		**Aðrar lifandi jurtir, þar með taldar trjáplöntur, runnar, rætur, græðlingar og gróðurkvistir:**			
	01	Trjáplöntur og runnar	40%		40%
	09	Annað	40%		40%
06.03	00	**Afskorin blóm og blómknappar í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, íborið eða meðfarið á annan hátt**	100%		100%
06.04		**Laufblöð, greinar og aðrir plöntuhlutar (þó ekki blóm og blómknappar) af trjám, runnum og öðrum jurtum, og mosi, skófir og gras nothæft í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, íborið eða sérstaklega meðfarið á annan hátt:**			
	01	Jólatré (án rótar) og jólatrésgreinar	100%		100%
	09	Annað	100%		100%

7. kafli.

Grænmeti, rætur og hnýði til neyzlu.

Athugasemd:

Með orðinu *grænmeti* í nr. 07.01 er einnig átt við ætisveppa, jarðsveppa, ólívur, kapers, tómata, kartöflur, rauðrófur, gúrkur, grænar ertur, grasker, eggplöntur (aubergínur), capsicum grossum (sætt capsicum), finkul, steinselju, kjörvel, esdragon, karsa, majoran, piparrót og hvítlauk. *Grænmeti* samkvæmt nr. 07.02—07.04 tekur til allra þeirra grænmetistegunda, sem nýjar teljast til nr. 07.01. Þurrkaðir afhýddir belgávextir teljast þó til nr. 07.05, mulið capsicum grossum (sætt capsicum) til nr. 09.04, mjöl úr þurrkuðum belgávöxtum (sem teljast til nr. 07.05) til nr. 11.03, og mjöl, grjón og flögur úr kartöflum til nr. 11.05.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
07.01		**Grænmeti, nýtt eða kælt:**			
	10	*Kartöflur* ..... 100 kg	20 kr.		20 kr.
	20	*Tómatar*	70%		70%
		Annað grænmeti:			
	31	Laukur	50%		50%
	39	Annars	70%		70%
07.02	00	**Grænmeti (einnig soðið), fryst**	70%		70%
07.03	00	**Grænmeti lagt í saltlög, brennisteinssýrling eða önnur efni til varnar skemmdum um stundar sakir, en ekki tilbúið til neyzlu strax**	70%		70%
07.04	00	**Grænmeti þurrkað eða eimað, einnig sundurskorið, mulið eða steytt í duft, en ekki frekar unnið**	70%		70%
07.05	00	**Belgávextir, þurrkaðir og afhýddir, einnig flysjaðir eða klofnir** ..	*0		*0
07.06	00	**Maníókarót, arrowrót, salop, jarðartískokka, batatar og þess háttar rætur og rótarhnýði, sem innihalda mikið af sterkju eða inúlíni, nýtt eða þurrkað, heilt eða skorið sundur; mergur sagópálmans**	70%		70%

8. kafli.

Ætir ávextir og hnetur; hýði af melónum og sítrusávöxtum.

Athugasemdir:

1. Til kaflans teljast ekki ávextir og hnetur, sem eru óhæfar til neyzlu.
2. Kældir ávextir flokkast á sama hátt og nýir.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
08.01		**Döðlur, bananar, kókoshnetur, parahnetur, akajuhnetur, ananas, avokathnetur, mangóaldin, guavaber, nýtt eða þurrkað, einnig afhýtt:**			
	10	*Bananar nýir*	15%		15%
		Kókoshnetur, parahnetur og akajuhnetur, nýjar eða þurrkaðar:			
	21	Kókosmjöl	35%		70%
	29	Annað	70%		90%
	30	*Aðrir framangreindir ávextir, nýir*	40%		40%
	40	*Aðrir framangreindir ávextir, þurrkaðir*	70%		70%
08.02		**Sítrusávextir, nýir eða þurrkaðir:**			
	10	*Appelsínur, tangarínur, mandarínur og clementínur*	15%		15%
		Aðrir sítrusávextir:			
	21	Sítrónur	15%		15%
	29	Annars	15%		15%
08.03		**Fíkjur, nýjar eða þurrkaðar:**			
	10	*Nýjar*	40%		40%
	20	*Þurrkaðar*	70%		70%
08.04		**Vínber, ný eða þurrkuð:**			
	10	*Vínber ný*	40%		40%
		Vínber þurrkuð:			
	21	Rúsínur	*20%		*20%
	22	Kúrennur	20%		20%
08.05	00	**Hnetur aðrar en þær, sem teljast til nr. 08.01, nýjar eða þurrkaðar, með eða án hnotskurnar**	45%		90%
08.06		**Epli, perur eða kveður, nýtt:**			
	10	*Epli*	*12%		*12%
	20	*Perur og kveður*	15%		15%
08.07	00	**Steinaldin ný**	40%		40%
08.08	00	**Ber ný**	40%		40%
08.09		**Aðrir ávextir, nýir:**			
	01	Melónur	40%		40%
	09	Annars	40%		40%
08.10	00	**Ávextir (einnig soðnir), frystir, en ekki sykraðir**	70%		70%
08.11	00	**Ávextir niðurlagðir til geymslu um stundarsakir (t. d. með brennisteinsdíoxydgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða annari niðurlagningarupplausn), en í þessu ástandi óhæfir til neyzlu þegar í stað**	40%		40%
08.12		**Aðrir þurrkaðir ávextir en þeir, sem teljast til nr. 08.01-08.05:**			
	01	Sveskjur	*20%		*20%
	02	Apríkósur	*40%		*40%
	03	Ávextir blandaðir	*40%		*40%
	09	Annars	*40%		*40%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
08.13	00	**Hýði af melónum eða sítrusávöxtum, nýtt, fryst, þurrkað eða lagt í saltlög, brennisteinssýrling eða í önnur efni til varnar skemmdum um stundar sakir**	50%		70%

9. kafli.

Kaffi, te, maté og krydd.

Athugasemdir:

1. Blöndur af vörum, sem teljast til nr. 09.04—09.10, flokkast þannig:
   a. Blöndur af tveimur eða fleiri vörum, sem teljast til sama númers, flokkast í það númer.
   b. Blöndur af tveimur eða fleiri vörum, sem teljast til tveggja eða fleiri númera, flokkast í nr. 09.10.

   Hafi verið bætt öðrum efnum í blöndur þær, sem um getur í a- og b-lið að ofan, hefur það ekki áhrif á flokkunina, nema það breyti eðli þeirra. Sé svo, teljast blöndurnar ekki til þessa kafla. Þannig teljast samsett bragðefni til nr. 21.04.
2. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Capsicum grossum (sætt capsicum), ómalað (7. kafli).
   b. Pipar af afbrigðinu cubeba officinalis miquel og piper cubeba (nr. 12.07).

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
09.01		**Kaffi, óbrennt eða brennt, einnig kaffeinsneytt; kaffiskurn og kaffihýði; kaffilíki, sem inniheldur eitthvað af kaffi:**			
		Kaffi og kaffilíki, sem inniheldur eitthvað af kaffi:			
	11	Í smásöluumbúðum 2 kg eða minna	10%		10%
	12	Í öðrum umbúðum	0		0
	20	*Kaffiskurn og kaffihýði*	0		0
09.02	00	**Te**	10%		10%
09.03	00	**Maté**	50%		50%
09.04	00	**Pipar af tegundinni Piber, piment (allrahanda) af tegundunum Capsicum eða pimenta**	100%		100%
09.05	00	**Vanilla**	100%		100%
09.06	00	**Kanill og kanilblóm**	100%		100%
09.07	00	**Negull, heill, negulnaglar og negulstilkar**	100%		100%
09.08	00	**Múskathnetur, múskatblóm og kardamómur**	100%		100%
09.09	00	**Anís, stjörnuanís, finkull, kóríandri, rómverskt kúmen, kúmen og einiber**	100%		100%
09.10		**Blóðberg, safran, lárviðarlauf; annað krydd:**			
	01	Síldarkrydd, blandað, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%		2%
	09	Annars	100%		100%

10. kafli.
Korn ómalað.

Athugasemd:

Til kaflans telst ekki afhýtt korn eða korn unnið á annan hátt. Til nr. 10.06 telst þó, auk óunnins ríss, ris án ytra hýðis og silfurhýðis, póleraður ris og brotris, en ekki frekar unninn ris.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
10.01	00	**Hveiti og meslín**	0		0
10.02	00	**Rúgur**	0		0
10.03	00	**Bygg**	0		0
10.04	00	**Hafrar**	0		0
10.05	00	**Maís**	0		0
10.06		**Ris:**			
		Ris, með eða án ytra hýðis, en ekki frekar unninn:			
	11	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0		0
	19	Í öðrum umbúðum	0		0
		Annar ris:			
	21	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0		0
	29	Í öðrum umbúðum	0		0
10.07	00	**Bókhveiti, hirsi, kanarífuglafræ og dúrra; annað korn**	0		0

11. kafli.

Malaðar afurðir; malt; sterkja; glúten; inúlín.

Athugasemd:

Til kaflans telst ekki:

a. Brennt malt, er nota má sem kaffilíki (nr. 09.01 eða 21.01).
b. Mjöl, sem (t. d. með hitun) er tilreitt sem fæða fyrir börn eða sem sjúkrafæða (nr. 19.02). Mjöl, sem aðeins hefur sætt hitameðferð til þess að auka bökunarhæfni þess, telst hins vegar til þessa kafla.
c. Steiktar maísflögur (corn flakes) og aðrar vörur, sem teljast til nr. 19.05.
d. Lyfjavörur (30. kafli).
e. Sterkja, sem hefur einkenni ilmvara, snyrtivara eða hreinlætisvara og telst til nr. 33.06.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
11.01		**Mjöl úr korni:**			
		Mjöl úr hveiti eða úr meslini:			
	11	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0		0
	12	Í öðrum umbúðum	0		0
		Annað mjöl úr korni:			
	21	Byggmjöl	0		0
	22	Maísmjöl	0		0
	23	Rísmjöl í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0		0
	24	Rísmjöl í öðrum umbúðum	0		0
	25	Rúgmjöl í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0		0
	26	Rúgmjöl í öðrum umbúðum	0		0
	29	Annars	0		0
11.02		**Grjón úr korni og annað unnið korn, t. d. valsað, flatt út, fágað, grófmulið eða afhýtt (þó ekki afhýddur eða póleraður ris eða brotris), en ekki frekar unnið; kornfrjóangar, heilir, valsaðir, flattir út eða malaðir:**			
	10	*Hveitigrjón og meslingrjón*	0		0
		Önnur grjón úr korni:			
	21	Maís kurlaður	0		0
	22	Hafragrjón í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0		0
	23	Hafragrjón í öðrum umbúðum	0		0
	29	Annars	0		0
	30	*Annað unnið korn (þó ekki mjöl og grjón), t. d. valsað, flatt út, fágað, grófmulið eða afhýtt (þó ekki afhýddur eða póleraður ris eða brotris), en ekki frekar unnið; frjóangar úr korni, heilir, valsaðir, flattir út eða malaðir*	0		0
11.03		**Mjöl úr belgávöxtum, sem teljast til nr. 07.05:**			
	01	Mjöl úr þurrkuðum, afhýddum, flysjuðum eða klofnum belgávöxtum, í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0		0
	09	Mjöl úr þurrkuðum, afhýddum, flysjuðum eða klofnum belgávöxtum, í öðrum umbúðum	0		0
11.04	00	**Mjöl úr ávöxtum, sem teljast til einhvers númers í 8. kafla**	25%		50%
11.05		**Mjöl, grjón og flögur úr kartöflum:**			
	01	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	15%		15%
	09	Í öðrum umbúðum	15%		15%
11.06		**Mjöl og grjón úr sagó, maníókahnýði, arrowrót, saleprót og öðrum rótum og rótarhnýðum, sem teljast til nr. 07.06:**			

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
	01	Maníókamjöl til skepnufóðurs	0		0
	09	Annað	15%		15%
11.07	00	**Malt, óbrennt eða brennt**	25%		35%
11.08		**Sterkja og inúlín:**			
	01	Kartöflusterkja í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	15%		15%
	02	Kartöflusterkja í öðrum umbúðum	15%		15%
	03	Önnur sterkja og inúlín í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	15%		15%
	09	Önnur sterkja og inúlín í öðrum umbúðum	15%		15%
11.09	00	**Glúten og glútenmjöl, einnig brennt**	15%		15%

12. kafli.

Olíufræ og olíurík aldin; ýmis önnur fræ og aldin; plöntur til notkunar í iðnaði og til lyfja; hálmur og fóðurplöntur.

Athugasemdir:

1. Til nr. 12.01 teljast m. a. jarðhnetur, sojabaunir, mustarðsfræ, olíuvalmúafræ og kopra. Kókoshnetur (nr. 08.01) teljast ekki til þessa númers og ekki heldur olívur (7. eða 20. kafli).
2. a. Til nr. 12.03 telst m. a. rófnafræ, grasfræ og annað grænfóðurfræ, blómafræ, matjurtafræ, trjáfræ, ávaxtafræ, fræ af umfeðmingsgrasi og úlfabaunum.
   b. Eigi flokkast í nr. 12.03 vörur þær, sem teljast til nr. 07.05 (þurrkaðir belgávextir), til 9. kafla (m. a. krydd), til 10. kafla (korn), til nr. 12.01 (olíurík fræ og aldin) né fræ og aldin, er teljast til nr. 12.07.
3. Til nr. 12.07 teljast m. a. eftirtaldar plöntur og plöntuhlutar: Basilikum, borasurt, ísópur, allar tegundir myntu, rósmarín, ruda, salvía og malurt.
   Til nr. 12.07 teljast hins vegar ekki:
   a. Olíufræ og olíurík aldin (nr. 12.01).
   b. Lyfjavörur, er teljast til 30. kafla.
   c. Ilm- og snyrtivörur, er teljast til 33. kafla.
   d. Efni til sótthreinsunar, til varnar gegn skordýrum, sveppum og illgresi og þess háttar efni, er teljast til nr. 38.11.

			Tollskrártollur	Eftatollur	Núverandi tollur
12.01		**Olíufræ og olíurík aldin, heil eða sundurskorin:**			
	10	*Jarðhnetur*	20%		20%
	20	*Kopra*	20%		20%
	30	*Pálmahnetur og kjarnar*	20%		20%
	40	*Sojabaunir*	20%		20%
	50	*Línfræ*	20%		20%
	60	*Baðmullarfræ*	20%		20%
	70	*Rísínusfræ*	20%		20%
	80	*Önnur*	20%		20%
12.02	00	**Mjöl ófitusneytt, úr olíufræjum eða olíuríkum aldinum, þó ekki mustarðsmjöl**	20%		20%
12.03		**Fræ, aldin og sporar til sáningar:**			
	01	Grasfræ í 10 kg umbúðum og stærri	0		0
	09	Annað	0		0
12.04	00	**Sykurrófur, heilar eða sundurskornar, nýjar, þurrkaðar eða malaðar; sykurreyr**	40%		40%
12.05	00	**Síkoríurætur, nýjar eða þurrkaðar, heilar eða sundurskornar, óbrenndar**	0		0
12.06	00	**Humall og humalmjöl (lúpúlín)**	25%		35%
12.07	00	**Plöntur og plöntuhlutar (þar með talin fræ og aldin af trjám, runnum og öðrum plöntum), sem aðallega eru notaðir til framleiðslu á ilmvörum, lyfjavörum eða efnum til varnar gegn skordýrum, sveppum eða þess háttar, nýir eða þurrkaðir, heilir, sundurskornir, malaðir eða muldir**	25%		40%
12.08	00	**Jóhannesarbrauð, nýtt eða þurrkað, einnig mulið eða malað, en ekki frekar unnið; aldinkjarnar og önnur jurtaefni, sem aðallega eru notuð til manneldis, ót. a.**	70%		70%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
12.09	00	**Hálmur og hýði af korni, óunnið eða saxað, en ekki frekar unnið**	35%		35%
12.10	00	**Beðjur, kálrófur og aðrar fóðurrófur, hey, lucerne, smári, esparsettur, fóðurkál, úlfabaunir, umfeðmingsgras og þess háttar fóðurefni**	0		0

13. kafli.

Hráefni úr jurtaríkinu til litunar og sútunar; jurtalakk; kolvetnisgúmmí, náttúrlegur harpix og aðrir jurtasafar og extraktar úr jurtaríkinu.

Athugasemd:

Til 13.03 telst m. a. lakkrísextrakt, pyrethrumextrakt, humlaextrakt, alóeextrakt og ópíum. Til þessa númers telst ekki:

a. Lakkrísextrakt blandaður sykri, þegar sykurmagnið er meir en 10% af blöndunni miðað við þunga, eða hann er tilreiddur sem sykurvara (nr. 17.04).
b. Maltextrakt (nr. 19.01).
c. Extraktar úr kaffi, tei eða maté (nr. 21.02).
d. Áfengir vökvar og extraktar, sem teljast drykkjarvörur, og áfengar blöndur, svonefndir „konsentreraðir extraktar", til framleiðslu á drykkjarvörum (22. kafli).
e. Kamfóra (nr. 29.13) og glycyrrhizín (nr. 29.41).
f. Lyf, er teljast til nr. 30.03.
g. Sút- og litextrökt (nr. 32.01 og 32.04).
h. Rokgjarnar jurtaolíur og harpix (nr. 33.01), einnig vatnið frá gufueimingu rokgjarnra olía og vatnsupplausnir af slíkum olíum (nr. 33.05).
ij. Náttúrlegt gúmmí, balata, gúttaperka og þess háttar teygjanleg efni (nr. 40.01).

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
13.01	00	**Hráefni úr jurtaríkinu aðallega notuð til litunar og sútunar**	14%		20%
13.02		**Skellakk, kornlakk, staflakk og önnur jurtalökk, kolvetnisgúmmí úr jurtaríkinu; náttúrlegir harpixar, gúmmíharpixar og balsöm:**			
	01	Gúmmí arabikum	21%		30%
	02	Skellakk	21%		30%
	09	Annað	21%		30%
13.03		**Jurtasafar og extraktar úr jurtaríkinu; pektínefni, pektinöt og pektöt; agar-agar og önnur plöntuslím og hleypiefni unnin úr efnum úr jurtaríkinu:**			
	01	Pektín	25%		35%
	02	Lakkrísextrakt í 4 kg blokkum eða stærri og fljótandi lakkrísextrakt, eða lakkrísduft, á 3 lítra ílátum eða stærri	30%		40%
	03	Lakkrísextrakt annar	70%		100%
	09	Annað	30%		40%

14. kafli.

Flétti- og útskurðarefni úr jurtaríkinu; önnur efni úr jurtaríkinu ótalin annars staðar.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast ekki jurtaefni og trefjar, sem fyrst og fremst eru notuð sem spunaefni, og í því sambandi skiptir ekki máli á hvaða vinnslustigi þau eru. Eigi heldur teljast til kaflans þau jurtaefni, sem hafa sætt þeirri meðferð, að þau verða aðeins notuð sem spunaefni (XI. flokkur).
2. Til nr. 14.01 teljast m. a. klofnar víðigreinar, reyr, bambus og þess háttar; peddig og flysjaður og klofinn spanskreyr. Tréspænir (nr. 44.09) teljast ekki til þessa númers.
3. Til nr. 14.02 telst ekki tréull (nr. 44.12).
4. Til nr. 14.03 teljast ekki tilsniðin knippi til burstagerðar (nr. 96.03).

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
14.01	00	**Jurtaefni aðallega notuð til körfugerðar og annars fléttiiðnaðar, svo sem hreinsaður, bleiktur eða litaður hálmur, víðigreinar, reyr, sef, spanskreyr, bambus, raffíabast og lindibast**	14%		20%
14.02	00	**Jurtaefni aðallega notuð sem tróð eða til bólstrunar, svo sem kapok, viðarhár, marhálmur, einnig sett á undirlag eða milli laga úr öðrum efnum**	30%	21%	30%
14.03	00	**Jurtaefni aðallega notuð til burstagerðar, svo sem sópdúrra, píazzava, agavatrefjar, einnig í knippum eða hespum**	30%	21%	30%
14.04	00	**Hörð fræ, kjarnar, skurnir og hnetur til útskurðar, svo sem fílabeins- og steinhnetur**	30%	21%	30%
14.05	00	**Önnur efni úr jurtaríkinu, ót. a.**	35%	25%	35%

III. flokkur.

Feiti og olía úr jurta- og dýraríkinu og klofningsefni þeirra; tilbúin matarfeiti; vax úr jurta- og dýraríkinu

15. kafli.

Feiti og olía úr jurta- og dýraríkinu og klofningsefni þeirra; tilbúin matarfeiti; vax úr jurta- og dýraríkinu.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Feiti af svínum og alifuglum, sem ekki hefur verið brædd eða pressuð (nr. 02.05).
   b. Kakaósmjör (nr. 18.04).
   c. Hamsar (nr. 23.01), olíukökur og aðrar leifar, er til falla við vinnslu á olíu úr jurtaríkinu (nr. 23.04).
   d. Einangraðar kemískt skýrgreindar feitisýrur og feitialkóhól, tilbúið vax, lyf, málning, lökk, sápa, ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur, súlfóneraðar olíur og aðrar vörur, er teljast til VI. flokks.
   e. Faktis gerður úr olíu (nr. 40.02).
2. Leifar frá hreinsun á olíu (t. d. sápufótur og olíufótur), einnig sterínbik, ullarfeitibik og glyserólbik telst til nr. 15.17.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
15.01	00	**Feiti af svínum og fuglum, brædd eða pressuð**	70%		70%
15.02	00	**Feiti af nautgripum, sauðfé og geitum, óbrædd; tólg framleidd úr slíkri feiti (þar með talin „premier jus“)**	70%		70%
15.03	00	**Svínafeitisterín (lardstearin), oleosterín (pressutólg); svínafeitiolía, oleomargarín, tólgarolía, hvorki jafnblönduð, blönduð né unnin á annan hátt**	25%		35%
15.04	00	**Feiti og olía úr fiski og sjávarspendýrum, einnig hreinsuð**	35%	25%	35%
15.05	00	**Ullarfeiti og feitiefni unnin úr henni (hér með talið lanólín)**	35%	25%	35%
15.06	00	**Önnur feiti og olía úr dýraríkinu (hér með talin klaufaolía, beinafeiti og úrgangsefnafeiti)**	35%	25%	35%
15.07		**Feiti og feit olía úr jurtaríkinu, hrá, hreinsuð eða hreinunnin:**			
	81	*Sojabaunaolía*	7%		10%
	82	*Baðmullarfræsolía*	10%		10%
	83	*Jarðhnetuolía*	21%		30%
	84	*Ólívuolía*	21%		30%
	85	*Sólrósarolía*	25%		35%
	86	*Rapsolía, colzaolía og mustarðsolía*	25%		35%
	87	*Línolía*	21%		30%
	88	*Pálmaolía*	21%		30%
	89	*Kókosolía*	21%		30%
	91	*Pálmakjarnaolía*	21%		30%
	92	*Rísínusolía*	25%		35%
	93	*Önnur*	25%		35%
15.08		**Olía úr jurta- og dýraríkinu, soðin, oxyderuð, vatnssneydd (dehydrated), meðhöndluð með brennisteini, blásin, pólymeriseruð eða umbreytt með öðrum hætti:**			

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
	01	Línolía	21%		30%
	09	Önnur	25%		35%
15.09	00	**Degras**	25%		35%
15.10		**Feitisýrur, súr olía frá feitihreinsun, feitialkóhól:**			
		Feitisýrur og olíusýrur frá hreinsun:			
	11	Lanótex og önnur íburðarefni til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%		2%
	12	Sterín (blanda af palmitínsýru og sterínsýru)	21%		30%
	19	Aðrar	21%		30%
	20	*Feitialkóhól*	18%		35%
15.11	00	**Glyseról, glyserólvatn og glyseróllútur**	25%		35%
15.12		**Feiti og olíur úr jurta- eða dýraríkinu, vetnað að nokkru eða öllu leyti, eða gerð föst eða hert með öðrum hætti, en ekki frekar unnin:**			
	01	Sojabaunaolía	7%		10%
	02	Baðmullarfræsolía	7%		10%
	03	Aðrar olíur úr jurtaríkinu	21%		30%
	09	Olíur úr dýraríkinu	25%		35%
15.13	00	**Smjörlíki, tilbúin svínafeiti (imitation lard), og önnur tilbúin matarfeiti**	70%		70%
15.14	00	**Spermacet (hvalraf), hrátt, pressað eða hreinsað, einnig litað**	25%		35%
15.15	00	**Býflugnavax og annað skordýravax, einnig litað**	25%		35%
15.16	00	**Vax úr jurtaríkinu, einnig litað**	25%		35%
15.17	00	**Leifar frá hreinsun á feiti, feitri olíu eða vaxi úr jurta- og dýraríkinu**	25%		35%

IV. flokkur.

Matvælaframleiðsla; drykkjarvörur, etanól (etylalkóhól) og edik; tóbak.

16. kafli.

Framleiðsla úr kjöti, fiski, krabbadýrum og lindýrum.

Athugasemd:

Til þessa kafla telst ekki kjöt, fiskur, krabbadýr og lindýr, sem hafa sætt þeirri meðferð, er um getur í 2. og 3. kafla.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
16.01	00	**Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum eða dýrablóði**	100%		100%
16.02	00	**Aðrar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum, tilreiddar eða niðursoðnar**	100%		100%
16.03	00	**Kjötextrakt og annað kjötseyði**	100%	70%	100%
16.04	00	**Fiskur, tilreiddur eða niðursoðinn, þar með talin styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra**	100%	70%	100%
16.05	00	**Krabbadýr og lindýr, tilreidd eða niðursoðin**	100%	70%	100%

17. kafli.
Sykur og sykurvörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Sykurvörur, sem í er kakaó (nr. 18.06).
   b. Kemískt hreinn sykur, nema sykrósi, glúkósi og laktósi (nr. 29.43); eða
   c. Lyfjavörur (30. kafli).
2. Kemískt hreinn sakkarósi telst ávallt til nr. 17.01.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
17.01		**Rófu- og reyrsykur í föstu formi:**			
	10	*Óhreinsaður rófu- og reyrsykur í föstu formi*	0		0
		Hreinsaður rófu- og reyrsykur í föstu formi:			
	21	Molasykur í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0		0
	22	Molasykur í öðrum umbúðum	0		0
	23	Strásykur í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0		0
	24	Strásykur í öðrum umbúðum ót. a.	0		0
	25	Púðursykur	0		0
	26	Sallasykur (flórsykur)	14%		20%
	27	Steinsykur (kandís)	20%		20%
	28	Strásykur innfluttur til síldarverkunar	0		0
	29	Annar	20%		20%
17.02		**Annar sykur, síróp, hunangslíki, einnig blandað náttúrlegu hunangi; brenndur sykur:**			
	01	Drúfusykur (glúkósi)	20%		70%
	02	Hunangslíki, einnig blandað náttúrlegu hunangi	35%		70%
	03	Síróp	70%		100%
	04	Litarefni til matvælaframleiðslu (caramel)	15%		100%
	09	Annað	70%		100%
17.03		**Melassi, einnig aflitaður:**			
	01	Melassi til fóðurs	0		0
	02	Melassi til manneldis	20%		20%
17.04		**Sykurvörur, sem kakaó er ekki í:**			
	01	Lakkrís sykraður og lakkrísvörur	100%	70%	100%
	02	Möndlumassi blandaður sykri, og persipan, í 10 kg blokkum og stærri	35%		70%
	03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur	100%	70%	100%
	04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	100%	70%	100%
	05	Karamellur	100%	70%	100%
	09	Aðrar	100%	70%	100%
17.05	00	**Sykur, síróp og melassi, sem bragð- eða litarefni hafa verið látin í, þó ekki ávaxtasafi, sem sykur hefur verið látinn í að einhverju leyti**	70%		100%

18. kafli.
Kakaó og kakaóvörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast ekki vörur þær, sem taldar eru í nr. 19.02, 19.08, 22.02, 22.09 eða 30.03.
2. Til nr. 18.06 teljast sykurvörur, sem í er kakaó, og einnig aðrar neyzluvörur, sem í er kakaó, þó ekki þær, sem taldar eru í 1. athugasemd hér á undan.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
18.01	00	**Kakaóbaunir, heilar eða muldar, einnig brenndar**	30%		40%
18.02	00	**Kakaóhýði og kakaóúrgangur**	30%		40%
18.03	00	**Kakaódeig (þar með talið kakaódeig í stykkjum), einnig þótt feitin hafi verið dregin úr því**	30%		40%
18.04	00	**Kakaósmjör (feiti eða olía)**	30%		40%
18.05	00	**Kakaóduft ósykrað**	21%		30%
18.06		**Súkkulaði og aðrar neyzluvörur, sem í er kakaó:**			
	01	Kakaóduft sykrað	21%		30%
	02	Nougatmassi í 10 kg blokkum og stærri	35%		70%
	03	Búðingsduft	100%	70%	100%
	09	Aðrar	100%	70%	100%

19. kafli.

Framleiðsla úr korni, mjöli og sterkju; brauðvörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Vörur úr hveiti, sterkju eða maltextrakti tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er 50% af kakaói eða meira miðað við þyngd (nr. 18.06).
   b. Kex eða aðrar vörur úr mjöli eða sterkju sérstaklega tilreiddar sem skepnufóður (nr. 23.07).
   c. Lyfjavörur (30. kafli).
2. Með orðinu *mjöl* í þessum kafla er einnig átt við mjöl úr ávöxtum og grænmeti, og vörur úr þess konar mjöli flokkast þá eins og vörur úr kornmjöli.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
19.01	00	**Maltextrakt**	50%	35%	50%
19.02		**Vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd:**			
	01	Búðingsduft	100%		100%
	09	Annað	*50%		*50%
19.03	00	**Makkarónur, spaghetti og þess konar vörur**	60%		60%
19.04		**Tapíókagrjón og sagógrjón, tapíóka- og sagólíki unnin úr kartöflumjöli eða annarri sterkju:**			
	01	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	20%		20%
	09	Í öðrum umbúðum	20%		20%
19.05	00	**Neyzluvörur úr uppbólgnuðu eða steiktu korni eða kornvörum, svo sem „puffed rice“, „corn flakes“ eða þess konar vörur**	50%		50%
19.06	00	**Altarisbrauð, tóm hylki fyrir lyf, innsiglunaroblátur, rísþynnur og þess konar vörur**	80%	55%	80%
19.07	00	**Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur, án sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta**	*80%	55%	*80%
19.08	00	**Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti**	*80%	55%	*80%

20. kafli.

Framleiðsla úr grænmeti, ávöxtum og öðrum plöntuhlutum.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Grænmeti og ávextir, sem teljast til 7. og 8. kafla.
   b. Aldinhlaup, aldinmauk og annað þess konar, sem hefur einkenni sykurvara (nr. 17.04) eða súkkulaðivara (nr. 18.06).
2. Til nr. 20.01 og 20.02 telst einungis þess konar grænmeti, sem nýtt telst til nr. 07.01.
3. Ætar plöntur, plöntuhlutar og rætur plantna lagðar í sykurlög, t. d. engifer og hvannarót, flokkast með niðursoðnum ávöxtum, sem teljast til nr. 20.06. Brenndar jarðhnetur teljast einnig til nr. 20.06.
4. Tómatsafi, sem í er 7% eða meira af þurrefnum, telst til nr. 20.02.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
20.01	00	**Grænmeti og ávextir, tilreitt eða niðursoðið í ediki eða ediksýru, einnig með sykri, salti, sinnepi eða öðru kryddi**	100%		100%
20.02		**Grænmeti, tilreitt eða varið skemmdum með öðru en ediki eða ediksýru:**			
	01	Tómatpuré	80%	55%	80%
	02	Aspargus niðursoðinn eða niðurlagður	*60%		*60%
	09	Annað	70%		100%
20.03	00	**Ávextir frystir, með sykri**	100%		100%
20.04	00	**Ávextir, ávaxtahýði og plöntuhlutar varið skemmdum með sykri (húðað, gljásykrað eða sykrað á annan hátt)**	70%		100%
20.05	00	**Aldinsulta, aldinhlaup, aldinmauk, ávaxtapulpa og ávaxtadeig, soðið, einnig með sykri**	70%		70%
20.06	00	**Ávextir, niðursoðnir eða tilreiddir á annan hátt, einnig með sykri eða vínanda**	*50%		50%
20.07		**Ávaxta- og grænmetissafi (þar með drúfusafi), ógerjaður, einnig með sykri, en án vínanda:**			
	01	Ávaxta- og grænmetissafi, ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum og stærri	30%		40%
	09	Annar	*50%		*50%

21. kafli.

Ýmsar fæðutegundir.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Blandað grænmeti, sem telst til nr. 07.04.
   b. Brennt kaffilíki, sem inniheldur kaffi að meira eða minna leyti (nr. 09.01).
   c. Krydd og aðrar vörur, sem teljast til nr. 09.04—09.10.
   d. Ger, sem framleitt er sem lyf (nr. 30.03).
2. Extraktar úr kaffilíki því, sem um getur í b-lið 1. athugasemdar hér á undan, teljast til nr. 21.02.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
21.01	00	**Brenndar síkoríurætur og annað brennt kaffilíki; extraktar, kjarnar (essensar) og seyði úr þessum vörum**	70%	50%	70%
21.02		**Extraktar, kjarnar og seyði úr kaffi, tei eða maté; einnig vörur framleiddar úr þessum efnum:**			
	10	*Kaffiextraktar, kaffikjarnar, kaffiseyði og vörur úr þessum efnum*	70%		70%
	20	*Extraktar, kjarnar og seyði úr tei eða maté og vörur úr þessum efnum*	70%		70%
21.03	00	**Sinnepsmjöl og lagað sinnep**	100%	70%	100%
21.04	00	**Kryddsósur og önnur tilreidd bragðbætiefni**	100%	70%	100%
21.05	00	**Súpur og súputeningar, fljótandi, í föstu formi eða sem duft**	100%	70%	100%
21.06		**Náttúrlegt ger, þar með talið þurrger; tilreitt bökunarduft:**			
	01	Ger, lifandi eða dautt	80%	55%	80%
	02	Bökunarduft tilreitt	100%	70%	100%
21.07		**Aðrar fæðutegundir, ót. a.:**			
	01	Áfengislaus efni (konsentreraðir essensar) til framleiðslu á drykkjarvörum	30%		40%
	02	Búðingsduft	100%	70%	100%
	03	Neyðarmatvæli, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	20%		20%
	04	Fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	50%		50%
	05	Hálftilreidd kornvara	50%		50%
	06	Maís niðursoðinn eða niðurlagður	*60%		*60%
	09	Annars	100%		100%

22. kafli.

Drykkjarvörur, etanól (etylalkóhól) og edik.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Sjór (nr. 25.01).
   b. Eimað vatn og annað vatn af sams konar eða meiri hreinleika (nr. 28.58).
   c. Ediksýra með meira en 10% sýrustyrkleika miðað við þunga (nr. 29.14).
   d. Lyfjavörur (nr. 30.03).
   e. Ilmvörur, snyrti- og hreinlætisvörur (33. kafli).
2. Etanólstyrkleiki nefndur í nr. 22.08 og 22.09 er miðaður við Gay-Lussac's alkóhólmæli við 15° hita á Celcius.

			Tollskrártollur	Eftatollur	Núverandi tollur
22.01		**Vatn, ölkelduvatn og vatn með kolsýru; ís og snjór:**			
	01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	100%		100%
	09	Annað	0		0
22.02	00	**Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til nr. 20.07**	100%		100%
22.03	00	**Öl gert úr malti**	100%		100%
22.04	00	**Drúfusafi í gerjun og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með öðru en etanóli**	100%		100%
22.05		**Vín úr nýjum drúfum og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með etanóli:**			
	01	Freyðivín	20%		20%
	02	Hvítvín annað en rínarvín	20%		20%
	03	Rauðvín	20%		20%
	04	Rínarvín	20%		20%
	05	Sherry	20%		20%
	09	Önnur	20%		20%
22.06	00	**Vermút og annað vín úr nýjum drúfum, með bragðefnum**	20%		20%
22.07	00	**Aðrar gerjaðar drykkjarvörur, t. d. eplavín, peruvín og mjöður (hunangsvín)**	20%		20%
22.08	00	**Etanól (etylalkóhól) ómengað, með 80% etanólmagni eða meira að rúmmáli; mengað etanól sérhvers styrkleika**	25%	21%	100%
22.09		**Etanól ómengað, með minna en 80% etanólmagni að rúmmáli; brennivín og aðrir áfengir drykkir; sprittblöndur með bragðbætandi efnum til framleiðslu á drykkjarvörum:**			
	01	Etanól ómengað, með minna en 80% etanólmagni að rúmmáli	25%		100%
	02	Brennivín	20%		20%
	03	Genever	20%		20%
	04	Gin	20%		20%
	05	Koníak	20%		20%
	06	Vodka	20%		20%
	07	Whisky	20%		20%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
	08	Sprittblöndur með bragðbætandi efnum til framleiðslu á drykkjarvörum	20%		20%
	09	Annað	20%		20%
22.10	00	**Edik og edikslíki**	90%		90%

23. kafli.

Úrgangsefni frá matvælaframleiðslu; tilreitt skepnufóður.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
23.01	00	**Mjöl og duft úr kjöti, sláturúrgangi, fiski, krabbadýrum og lindýrum, óhæft til manneldis; hamsar**	35%	25%	35%
23.02	00	**Klíð og annað úrgangsefni, sem fellur til við mölun, sáldun eða aðra vinnslu korns eða belgávaxta**	0		0
23.03	00	**Sykurmelassi og annar úrgangur, sem fellur til við framleiðslu á sykri; hrat og önnur úrgangsefni frá öl- og áfengisgerð; úrgangsefni frá sterkjugerð og önnur áþekk úrgangsefni**	0		0
23.04	00	**Olíukökur og aðrar leifar, sem falla til við framleiðslu á feiti og feitum sýrum úr jurtaríkinu (þó ekki leifar frá olíuhreinsun)**	0		0
23.05	00	**Víndreggjar, óhreinsaður vínsteinn**	0		0
23.06	00	**Jurtaefni hæf til skepnufóðurs, ót. a.**	0		0
23.07	00	**Skepnufóður blandað sykri eða melassa og annað tilreitt skepnufóður**	0		0

24. kafli.
Tóbak.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
24.01	00	**Tóbak óunnið; tóbaksúrgangur**	30%		30%
24.02		**Tóbak unnið; tóbakssósa og tóbaksextrakt:**			
	10	*Vindlar þ. á m. smávindlar*	35%		35%
	20	*Vindlingar*	50%		50%
		Annað unnið tóbak:			
	31	Reyktóbak	35%		35%
	39	Annars	35%		35%

V. flokkur.

Jarðefni (mínerölsk efni).

25. kafli.

Salt; brennisteinn; mold og steintegundir; gips, kalk og sement.

Athugasemdir:

1. Sé ekki annað tekið fram, teljast til þessa kafla aðeins óunnar vörur eða vörur, sem eru þvegnar (einnig með kemiskum efnum til þess að ná burtu óhreinindum, þó þannig að vörurnar breyti ekki eðli sínu), muldar, malaðar, í duftformi, rifnar, sáldaðar eða hreinsaðar með fleytingu (flotation), með segulafli eða með öðrum mekaniskum eða fysiskum aðferðum (þó ekki umkrystöllun), en ekki brenndar eða meðfarnar á annan hátt en tilgreint er í hinum einstöku númerum.
2. Til kaflans telst ekki:
   a. Brennisteinn, þurreimdur (sublimed), felldur eða hlaupkenndur (colloidal) (nr. 28.02).
   b. Járnoxyd-jarðlitir, sem innihalda járnsambönd að jafngildi minnst 70% miðað við þunga af Fe_2O_3 (nr. 28.23).
   c. Lyfjavörur (30. kafli).
   d. Ilmvörur, snyrti- og hreinlætisvörur (nr. 33.06).
   e. Steinar og hellur til götu- og gangstéttagerðar (nr. 68.01), byggingarsteinar og teningar til mósaikgerðar (nr. 68.02) og þakhellur og aðrar þess konar hellur til bygginga (nr. 68.03).
   f. Eðalsteinar og hálfeðalsteinar (nr. 71.02).
   g. Tilbúnir natríumklóridkrystallar (þó ekki optiskar vörur) 2½ g að þyngd eða meira hver einstakur krystall (nr. 38.19) og optiskar vörur úr natríumklóridi (nr. 90.01).
   h. Rit- og teiknikrít; klæðskera- og billardkrít (nr. 98.05).

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
25.01		**Matarsalt (steinsalt, salt unnið úr sjó og borðsalt), hreint natríumklóríd, saltupplausnir og sjór:**			
	01	Matarsalt (steinsalt, salt unnið úr sjó og borðsalt) í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	5%		5%
	02	Fóðursalt	0		0
	09	Annað 1000 kg	1 kr.		1 kr.
25.02	00	**Brennisteinskís, ekki brenndur**	10%		20%
25.03	00	**Brennisteinn hvers konar, þó ekki þurreimdur (sublimed), felldur eða hlaupkenndur (colloidal)**	10%		20%
25.04	00	**Náttúrlegt grafít**	20%		35%
25.05	00	**Náttúrlegur sandur hvers konar, einnig litaður, þó ekki málmsandur, sem telst til nr. 26.01**	15%		30%
25.06	00	**Kvarz (þó ekki náttúrlegur sandur); kvarzítsteinn, einnig í söguðum eða tilhöggnum stykkjum, en ekki slípaður eða frekar unninn**	20%		35%
25.07	00	**Leir (t. d. kaólín og bentonít), andalúsít, cyanít og sillímanít, einnig brennt (þó ekki þaninn leir, sem telst til nr. 68.07); múllít; chamotteleir og dínasleir**	15%		30%
25.08	00	**Krít**	20%		35%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
25.09	00	**Jarðlitir, einnig brenndir eða blandaðir innbyrðis; náttúrlegur járngljásteinn**	20%		35%
25.10		**Náttúrleg kalsíum- og kalsíumalúmínfosföt, apatít og kalsíumfosfatrík krít:**			
	01	Til áburðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0		0
	09	Annað	20%		35%
25.11	00	**Náttúrlegt baríumsúlfat (þungspat), náttúrlegt baríumkarbónat (witherít), einnig brennt (þó ekki baríumoxyd)**	20%		35%
25.12	00	**Kísilsalli og önnur þess konar kísilsýruríik jarðefni (t. d. kísilgúr, infúsóríujörð, díatómjörð) með rúmþyngd 1 eða minna, einnig brennt**	20%		35%
25.13	00	**Vikursteinn (pimpsteinn); smergill; náttúrlegt kórund, náttúrlegt granat og önnur náttúrleg slípiefni, einnig hitameðfarin**	20%		35%
25.14	00	**Flögusteinn, einnig í söguðum og tilhöggnum stykkjum, en ekki slípaður eða frekar unninn**	20%		35%
25.15	00	**Marmari, travertin og annar kalksteinn til höggmyndagerðar eða bygginga, sem hefur rúmþyngd 2,5 eða meira, og alabastur, einnig í söguðum eða tilhöggnum stykkjum, en ekki slípað eða frekar unnið**	20%		35%
25.16	00	**Granít, porfyr, basalt, sandsteinn og steinn til höggmyndagerðar eða bygginga, einnig í söguðum eða tilhöggnum stykkjum, en ekki slípað eða frekar unnið**	20%		35%
25.17	00	**Smásteinar og mulinn og brotinn steinn (einnig hitameðfarið), mulningur, asfalthúðaður mulningur og önnur möl, sem venjulega er notuð í steinsteypu, til vega- eða járnbrautarlagningar o. þ. h.; tinna og fjöruröl, einnig hitameðfarið; korn og spænir (einnig hitameðfarið) og duft þeirra steintegunda, sem teljast til nr. 25.15 eða 25.16**	20%		35%
25.18	00	**Dólómít, einnig brennt, og dólómít í söguðum eða tilhöggnum stykkjum, en ekki slípað eða frekar unnið; samrunnið dólómít (þar með tjöruborið dólómít)**	20%		35%
25.19	00	**Náttúrlegt magnesíumkarbónat (magnesít), einnig brennt (þó ekki magnesíumoxyd)**	20%		35%
25.20		**Gips, anhydrít, brennt gips, einnig litað eða lítils háttar bætt mýkingarefnum (þó ekki gips til tannlækninga):**			
	01	Gips óunnið, einnig malað	10%		20%
	09	Annað	20%		35%
25.21	00	**Kalksteinn, sem ætlaður er til framleiðslu á kalki, sementi eða við málmvinnslu**	20%		35%
25.22	00	**Brennt kalk, leskjað kalk og hydrólískt kalk (þó ekki kalsíumoxyd og kalsíumhydroxyd)**	20%		35%
25.23	00	**Portlandssement, alúmínatsement, slaggsement, og annað hydrólískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall**	20%	14%	20%
25.24	00	**Asbest**	20%		35%
25.25	00	**Merskúm (einnig í slípuðum stykkjum) og raf; plötur, stengur o. þ. h., sem er gert úr samanlímdu en ekki frekar unnu merskúmi eða rafi; harðkol (jet)**	20%		35%
25.26	00	**Gljásteinn (glimmer) (þar með talin glimmerblöð), gljásteinsúrgangur**	20%		35%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
25.27	00	**Náttúrlegt steatít, einnig í söguðum eða tilhöggnum stykkjum, en ekki slípað eða frekar unnið; talk (talksteinn)**	20%		35%
25.28	00	**Náttúrlegt krýólít og náttúrlegt chiolít**	20%		35%
25.29	00	**Náttúrleg arsensúlfíð**	20%		35%
25.30	00	**Óhreinsuð, náttúrleg bóröt og efni unnin úr þeim, einnig brennd, þó ekki bóröt unnin úr saltupplausnum, sem fyrir eru í náttúrunni; óhreinsuð náttúrleg bórsýra, sem í er 85% eða minna af bórsýru (H_3BO_3) miðað við þurrefnið**	20%		35%
25.31	00	**Feldspat, leucit, nefelín og nefelsyenít; flússpat**	20%		35%
25.32	00	**Náttúrlegt strontíumkarbónat (einnig brennt), þó ekki strontíumoxyd; jarðefni, ót. a.; brotin leirvara**	20%		35%

26. kafli.

Málmgrýti, gjall og aska.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Náttúrlegt magnesíumkarbónat (magnesít), einnig brennt (nr. 25.19).
   b. Tómasgjall, er telst til 31. kafla.
   c. Gjallull, steinull og önnur þess háttar ull úr jarðefnum (nr. 68.07).
   d. Vörur, sem teljast til nr. 71.11, þar með talin úrgangur, afklippur og aska, sem fellur til við gull- og silfursmíði.
   e. Kopar-, nikkil- og kóbaltgrýti, sem fellur til við málmframleiðslu (XV. flokkur).
2. Orðið *málmgrýti* í nr. 26.01 tekur til jarðefna, sem notuð eru í málmiðnaði til vinnslu á kvikasilfri eða málmum þeim, sem teljast til nr. 28.50 eða til XIV. eða XV. flokks, einnig þótt þau séu í einstökum tilvikum ætluð til annars. Nr. 26.01 tekur hins vegar ekki til jarðefna, sem hafa sætt meðferð, sem ekki getur talizt venjuleg í málmiðnaði.
3. Nr. 26.03 tekur aðeins til ösku og úrgangs, sem notað er til málmvinnslu eða til framleiðslu á kemískum málmsamböndum.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
26.01		**Málmgrýti, einnig hreinsað, og brennt brennisteinskís (pyrít) og önnur náttúrleg járnsúlfíð:**			
	81	*Járngrýti (þó ekki brennt brennisteinskís)*	10%		20%
	82	*Brennisteinskís*	10%		20%
	83	*Kopargrýti*	10%		20%
	84	*Nikkilgrýti*	10%		20%
	85	*Alúmíngrýti (bauxite)*	10%		20%
	86	*Blýgrýti*	10%		20%
	87	*Zinkgrýti*	10%		20%
	88	*Tingrýti*	10%		20%
	89	*Mangangrýti*	10%		20%
	91	*Krómgrýti*	10%		20%
	92	*Wolframgrýti*	10%		20%
	93	*Títan-, vanadín-, molybden-, tantal- og zirkongrýti*	10%		20%
	94	*Málmgrýti annað en það, er telst til nr. 26.01.81-26.01.93 og nr. 26.01.96*	10%		20%
	95	*Jarðefnasambönd silfurs, platínu og annarra platínumálma*	10%		20%
	96	*Úranium- og thóríum-grýti*	10%		20%
	97	*Gull náttúrlegt, óhreinsað*	10%		20%
26.02	00	**Gjall, sindur og annar úrgangur frá járn- eða stálframleiðslu**	10%		20%
26.03	00	**Aska og annar úrgangur (þó ekki frá járn- eða stálframleiðslu), sem málmur er í eða málmsambönd**	10%		20%
26.04	00	**Annað gjall og aska, ót. a. (þar með talin þangaska)**	10%		20%

27. kafli.

Eldsneyti úr steinaríkinu, jarðolíur og efni eimd úr þeim; tjöruefni; jarðvax.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Aðgreind kemískt skýrgreind lífræn efnasambönd, önnur en hreint metan, sem telst til nr. 27.11; eða
   b. Lyfjavörur (nr. 30.03).
2. Nr. 27.07 tekur — auk þeirra efna, sem framleidd eru með eimingu háhitaðrar koltjöru — einnig til slíkra efna, sem framleidd eru með eimingu lághitaðrar koltjöru eða annarrar jarðtjöru, með vinnslu á jarðolíu eða hvers konar annarri aðferð, ef þungi arómatísku efnishlutanna er meiri en þungi hinna, sem ekki eru arómatískir.
3. Sem jarðolía og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum (nr. 27.10) teljast einnig aðrar áþekkar olíur án tillits til þess, hvernig þær eru framleiddar, ef þungi arómatískra efnasambanda er minni en annarra efnasambanda samantalinna.
4. Til nr. 27.13 teljast ekki aðeins þær vaxtegundir, sem þar eru nefndar, heldur einnig tilsvarandi vörur framleiddar með samsetningu eða á annan hátt.

				Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
27.01		**Steinkol, steinkolatöflur og annað fast eldsneyti unnið úr kolum:**				
	10	*Steinkol*	1000 kg	2 kr.		2 kr.
	20	*Steinkolatöflur og annað fast eldsneyti unnið úr kolum (þó ekki steinkol)*	1000 kg	2 kr.		2 kr.
27.02	00	**Brúnkol og brúnkolatöflur**	1000 kg	2 kr.		2 kr.
27.03	00	**Mór, mótöflur og mómylsna**	1000 kg	2 kr.		2 kr.
27.04	00	**Koks og hálfkoks úr steinkolum, brúnkolum eða mó**	1000 kg	2 kr.		2 kr.
27.05	00	**Gaskoks**	1000 kg	2 kr.		2 kr.
27.06		**Koltjara, brúnkolatjara, mótjara og önnur jarðtjara, einnig tjara eimd að nokkru leyti, tjara framleidd úr blöndu af biki ásamt kreósótolíu eða ásamt annarri olíu framleiddri úr koltjöru með eimingu:**				
	01	Netjatjara o. þ. h. til netjagerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins		2%		2%
	09	Önnur		20%		35%
27.07	00	**Olíur og önnur efni framleidd með eimingu úr háhitaðri koltjöru, aðrar olíur og efni, sem nefnt er í 2. athugasemd við þennan kafla**		15%		30%
27.08		**Koltjörubik og annað bik, unnið úr koltjöru eða annarri jarðtjöru:**				
	10	*Koltjörubik og annað jarðtjörubik*		20%		35%
	20	*Bikkoks*		20%		35%
27.09	00	**Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, óhreinsaðar**	100 kg	35 au.		35 au.
27.10		**Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, hreinsaðar; vörur ótaldar annars staðar, sem í er minnst 70% af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum miðað við þunga, enda séu þessar olíur einkennandi fyrir vörurnar:**				
	10	*Jarðolía hreinsuð að nokkru, þar með talið „topped crude"*	100 kg	35 au.		35 au.
		Benzín:				
	21	Flugvélabenzín		15%		15%
	29	Annað benzín		50%		50%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
		Ljósasteinolía (þar með talið þotueldsneyti) og lakkbenzín:			
	31	Steinolía hreinsuð til ljósa (ljósasteinolía, kerósín)	15%		15%
	32	Þotueldsneyti (jet fuel)	15%		15%
	33	Lakkbenzín (white spirit)	15%		30%
	39	Annað	15%		30%
	40	*Gasolía (distillate fuel)* 100 kg	35 au.		35 au.
	50	*Brennsluolía (residual fuel oil)* 100 kg	35 au.		35 au.
	60	*Smurningsolía og smurfeiti*	2%		2%
		Aðrar:			
	71	Íburðarefni í veiðarfæri	2%		2%
	72	Ryðvarnarefni og ryðolía	20%		35%
	79	Annars	10%		15%
27.11		**Petróleumgas og önnur loftkennd kolvatnsefnissambönd:**			
	01	Gas til eldsneytis og lýsingar	2%		2%
	09	Annað	20%		35%
27.12	00	**Vaselín**	20%		35%
27.13	00	**Parafín, smákristallað vax, móvax, ósókerít, ceresín, montanvax og aðrar vaxtegundir af mínerölskum uppruna, einnig litað**	15%		30%
27.14		**Jarðolíubítúmen, jarðolíukoks og önnur úrgangsefni frá jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum:**			
	10	*Jarðolíukoks*	20%		35%
	20	*Annað*	20%		35%
27.15	00	**Bítúmen og asfalt, náttúrlegt, bítúmenskífa, asfaltsteinn og tjörusandur**	35%		35%
27.16	00	**Bítúmenblöndur að meginstofni úr náttúrlegu asfalti, náttúrlegu bítúmeni, jarðolíubítúmeni, jarðtjöru eða jarðtjörubiki (t. d. asfaltmastix og „cut backs“)**	35%		35%
27.17	00	**Rafmagn**	2%		2%

VI. flokkur.

Kemísk og önnur svipuð framleiðsla.

Athugasemdir:

1. a. Vörur (aðrar en geislavirkt málmgrýti), sem svara til skýrgreininganna við nr. 28.50 eða 28.51, skulu teljast til þessara númera og einskis annars númers tollskrárinnar.
   b. Vörur, sem svara til skýrgreininganna við nr. 28.49 eða 28.52, skulu teljast til þessara númera og einskis annars númers tollskrárinnar, þó með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvörðunum fyrri málsgreinar (a).
2. Vörur, sem svara til skýrgreininganna við nr. 30.03, 30.04, 30.05, 32.09, 33.06, 35.06, 37.08 eða 38.11, skulu teljast til þessara númera og einskis annars númers tollskrárinnar, enda séu þær í skömmtum eða smásöluumbúðum, þó með takmörkunum þeim, sem leiðir af fyrri tölulið (1).

28. kafli.

Ólífræn kemísk efni, lífræn og ólífræn sambönd góðmálma, sjaldgæfra jarðalkalímálma, geislavirkra frumefna og ísótópa.

Athugasemdir:

1. Sé ekki annars getið í skýrgreiningum hinna einstöku tollskrárnúmera þessa kafla, tekur hann einungis til þeirra efna, er hér skulu talin:
   a. Aðgreind, kemísk frumefni og skýrgreind kemísk sambönd, einnig þótt þau séu blönduð óhreinindum.
   b. Vatnsupplausnir þeirra efna, sem nefnd eru hér að ofan í a-lið.
   c. Aðrar upplausnir þeirra efna, sem nefnd eru hér að ofan í a-lið, enda sé það vanalegt og nauðsynlegt að hafa efni þessi í uppleystu formi af öryggisástæðum eða sökum flutningahæfni og upplausnarefnið geri efnið sjálft ekki hæfara til notkunar í sérstöku skyni en hinna algengu nota.
   d. Efni þau, sem nefnd eru í a-, b- og c-lið hér að ofan og blönduð hafa verið efnum nauðsynlegum til að halda þeim í óbreyttu ástandi í geymslu eða í flutningi.
2. Auk díthíonita (hydrósúlfit), sem haldið er í óbreyttu ástandi með lífrænum efnum, og súlfóoxylata (nr. 28.36), karbónata og perkarbónata ólífrænna basa (nr. 28.42), einfaldra og komplexra cyaníða ólífrænna basa (nr. 28.43), fúlminata, cyanata og tíócyanata ólífrænna basa (nr. 28.44), lífrænna efna, sem teljast til nr. 28.49—28.52 og karbíða málmleysingja og málma (nr. 28.56), teljast einungis eftirtalin kolefnasambönd til þessa kafla:
   a. Oxyd kolefnis, blásýra, fúlmín-, ísócyan-, tíócyan- og aðrar einfaldar eða komplexar cyanósýrur (nr. 28.13);
   b. Oxyhalógenið kolefnis (nr. 28.14);
   c. Disúlfíð kolefnis (nr. 28.15);
   d. Tíókarbónöt, selenókarbónöt, tellúrkarbónöt, selencyanöt, tellúrócyanöt, tetratíócyandiammínókrómöt og önnur komplex cyanöt lífrænna basa (nr. 28.48);
   e. Fast vatnsefnisperoxyd (nr. 28.54), kolefnisoxysúlfíð, tíókarbónylhalógenið, cyanógen — halógenið og cyanamíð og málmderívatar þeirra (nr. 28.58) aðrir en kasíumcyanamíð, sem inniheldur ekki meira en 25% af köfnunarefni miðað við þunga, og þurrt anhydríð (31. kafli).

3. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Natríumklóríd og önnur steinefni, sem teljast til V. flokks tollskrárinnar.
   b. Framleiðsla, sem heyrir jafnt hinni ólífrænu sem lífrænu kemíu til, enda sé hún ekki talin upp í 2. tölulið hér að ofan.
   c. Vörur, sem nefndar eru í athugasemd 1, 2, 3 eða 4 við 31. kafla.
   d. Ólífræn efni, sem notuð eru í ljósnæma liti (nr. 32.07).
   e. Gervigrafít (nr. 38.01), eldslökkvandi efni í hylkjum fyrir slökkvitæki eða annars konar hylkjum til notkunar í sama skyni í nr. 38.17, blekeyðandi efni í smásöluumbúðum í nr. 38.19, tilbúnir krystallar (þó ekki til ljóstækniáhalda) úr magnesíumoxydi eða úr halógenídum alkalí- eða jarðalkalímálma, enda vegi hver krystall a. m. k. 2½ g (nr. 38.19).
   f. Eðalsteinar eða hálfeðalsteinar (náttúrlegir, tilbúnir eða endurgerðir) eða mylsna eða duft slíkra steina (nr. 71.02—71.04) og góðmálmar í 71. kafla.
   g. Málmar, sem falla undir eitthvert númer XV. flokks, einnig þótt um kemískt hreinan málm sé að ræða.
   h. Efni til ljóstækniáhalda, t. d. úr magnesíumoxydi eða úr halógenídum alkalímálma eða jarðalkalímálma (nr. 90.01).
4. Kemískt skýrgreindar komplexar sýrur myndaðar úr málmleysingjum, er teljast til undirkafla II, og sýrur myndaðar úr málmum, er teljast til undirkafla IV, skulu teljast til nr. 28.13.
5. Til nr. 28.29—28.48 teljast einungis sölt og peroxysölt málma og ammóníums.
   Nema annað leiði af orðalagi einstakra tollskrárnúmera, teljast tvöföld sölt og komplex sölt nr. 28.48.
6. Til nr. 28.50 telst einungis:
   a. Eftirtalin kljúfanleg kemísk frumefni og ísótópar: Náttúrlegt úranium og úraníumísótópar 233 og 235, plútoníum og plútoníumísótópar.
   b. Eftirtalin geislavirk kemísk frumefni: Technetíum, prómethíum, pólóníum, astatíne, radon, francíum, radíum, actiníum, protactiníum, neptúníum, americíum, og önnur kemísk frumefni með hærra atómnúmeri.
   c. Allir aðrir geislavirkir ísótópar, náttúrlegir eða tilbúnir, þar á meðal ísótópar góðmálma og annarra málma, er teljast til XIV. og XV. flokks.
   d. Ólífræn og lífræn sambönd þessara frumefna eða ísótópa, hvort sem þau eru kemískt skýrgreind eða ekki og blönduð eða ekki.
   e. Legeringar (aðrar en ferró-úranium), jafnblöndur og „cermets“, sem innihalda eitthvert þessara frumefna eða ísótópa eða ólífræn eða lífræn sambönd þeirra.
   f. Hylki gerð geislavirk í kjarnakljúfa, lítt geislandi eða nýgeisluð.
   Hugtakið *ísótópar*, sem notað er hér að ofan og í skýrgreiningu á nr. 28.50 og 28.51, felur einnig í sér efni með auknu innihaldi ísótópa, en hvorki kemísk frumefni, sem finnast í náttúrunni sem hreinir ísótópar, né úranium breytt í U 235.
7. Fosfórjárn (ferrífosfíð), sem inniheldur 15% eða meira af fosfór, miðað við þunga, einnig fosfórkopar (koparfosfíð), sem inniheldur yfir 8% af fosfór, miðað við þunga, telst til nr. 28.55.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
		I. Kemísk frumefni.			
28.01		**Halógen (flúor, klór, bróm og joð):**			
	10	*Klór*	18%		35%
	20	*Annað*	18%		35%
28.02	00	**Brennisteinn, þurreimdur (sublimed), eða felldur; hlaupkenndur (colloidal) brennisteinn**	18%		35%
28.03	00	**Kolefni (t. d. sót, antracensvart og acetylensvart)**	18%		35%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
28.04		**Vatnsefni, eðalgös og aðrir málmleysingjar:**			
	10	*Súrefni*	35%	25%	35%
	20	*Köfnunarefni*	18%		35%
	30	*Vatnsefni og eðalgös*	18%		35%
	40	*Annað*	18%		35%
28.05		**Alkalí-, jarðalkalí- og sjaldgæfir jarðalkalímálmar; yttríum og scandíum; kvikasilfur:**			
	10	*Kvikasilfur*	18%		35%
	20	*Annað*	18%		35%
		II. Ólífrænar sýrur og oxyd málmleysingja.			
28.06	00	**Saltsýra og klórsúlfónsýra**	18%		35%
28.07	00	**Brennisteinsdíoxyd**	18%		35%
28.08	00	**Brennisteinssýra oleum**	10%		20%
28.09	00	**Saltpéturssýra, nítreringssýra**	18%		35%
28.10	00	**Fosfórpentoxyd og fosfórsýra (meta-, ortó- og pyró-)**	18%		35%
28.11	00	**Arsentríoxyd, arsenpentoxyd og arsensýrur**	18%		35%
28.12	00	**Bóroxyd og bórsýra**	18%		35%
28.13		**Aðrar ólífrænar sýrur og önnur súrefnissambönd málmleysingja (þó ekki vatn):**			
	01	Kolsýra (koldíoxyd)	18%		35%
	09	Annars	18%		35%
		III. Halógen- og brennisteinssambönd málmleysingja.			
28.14	00	**Halógenið og oxyhalógenið málmleysingja**	18%		35%
28.15	00	**Súlfíð málmleysingja; fosfórtrísúlfíð**	18%		35%
		IV. Ólífrænir basar og oxyd, hydroxyd og peroxyd málma.			
28.16	00	**Ammóníak, vatnssnautt eða í vatnsupplausn**	18%		35%
28.17		**Natríumhydroxyd, kalíumhydroxyd, peroxyd natríums og kalíums:**			
	10	*Vítissódi (natríumhydroxyd)*	10%		20%
		Kalíumhydroxyd, peroxyd natríums og kalíums:			
	21	Kalíumhydroxyd	10%		20%
	29	Peroxyd natríums og kalíums	18%		35%
28.18	00	**Oxyd, hydroxyd og peroxyd magnesíums, strontíums og baríums**	18%		35%
28.19	00	**Zinkoxyd og zinkperoxyd**	18%		35%
28.20		**Alúmínoxyd og alúmínhydroxyd, tilbúið kórundum:**			
	10	*Alúmínoxyd og alúmínhydroxyd*	18%		35%
	20	*Tilbúið kórundum*	18%		35%
28.21	00	**Krómoxyd og krómhydroxyd**	18%		35%
28.22	00	**Manganoxyd**	18%		35%
28.23	00	**Járnoxyd og járnhydroxyd, leirlitur, enda innihaldi hann járnsambönd, sem nema 70% eða meira miðað við þunga, reiknað sem Fe_2O_3**	18%		35%
28.24	00	**Kóbaltoxyd og kóbalthydroxyd**	18%		35%
28.25	00	**Títanoxyd**	15%		25%
28.26	00	**Tinoxyd (stannóoxyd og stanníoxyd)**	18%		35%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
28.27	00	**Blýmenja og gul menja**	18%		35%
28.28	00	**Hýdrazín og hydroxylamín og ólífræn sölt þeirra; aðrir ólífrænir basar og málmoxyd, hydroxyd og peroxyd**	18%		35%
		V. Málmsölt og málmperoxysölt ólífrænna sýrna.			
28.29	00	**Flúoríd, silikóflúoríd, flúorbóröt og önnur flúorsölt**	18%		35%
28.30		**Klóríd og oxyklóríd:**			
	01	Kalsíumklóríd	10%		20%
	09	Annað	14%		30%
28.31	00	**Klórit og hypóklórit**	18%		35%
28.32	00	**Klóröt og perklóröt**	18%		35%
28.33	00	**Brómíd, oxybrómíd, brómöt, perbrómöt og hypóbrómit**	18%		35%
28.34	00	**Jódíd, oxyjódíd, jódöt og perjódöt**	18%		35%
28.35	00	**Súlfíð; pólysúlfíð**	18%		35%
28.36	00	**Díthíonit, einnig þótt þau séu blönduð lífrænum efnum til að halda þeim í óbreyttu ástandi, enn fremur súlfoxylöt**	18%		35%
28.37	00	**Súlfít og thíósúlföt**	18%		35%
28.38	00	**Súlföt (þ. á m. álún) og persúlföt**	18%		35%
28.39		**Nítrit og nítröt:**			
	01	Natríum nítrit	10%		15%
	09	Annað	18%		35%
28.40	00	**Fosfit, hypófosfit og fosföt**	18%		35%
28.41	00	**Arsenit og arsenöt**	18%		35%
28.42		**Karbónöt og perkarbónöt; ammóníumkarbónat, sem inniheldur ammóníumkarbamat:**			
	10	*Natríumkarbónat (sódi)*	10%		20%
	20	*Önnur*	18%		35%
28.43	00	**Cyaníð og cyanósölt**	18%		35%
28.44	00	**Fúlmínöt, cyanöt og tíocyanöt**	18%		35%
28.45	00	**Sílíköt, venjulegt natríum- og kalíumsílíkat**	18%		35%
28.46	00	**Bóröt og perbóröt**	18%		35%
28.47	00	**Sölt málmsýrna (t. d. krómöt, permanganöt, stannöt)**	18%		35%
28.48	00	**Önnur málmsölt og málmperoxysölt ólífrænna sýrna, þó ekki azíð**	18%		35%
		VI. Ýmislegt.			
28.49	00	**Hlaupkenndir góðmálmar, amalgöm góðmálma, ólífræn eða lífræn sölt og önnur sambönd góðmálma, þar með talin albúmínöt, próteínöt, tannöt og önnur sams konar sambönd, einnig þótt samböndin séu ekki kemískt skýrgreind**	18%		35%
28.50	00	**Kljúfanleg kemísk frumefni og ísótópar, önnur geislavirk kemísk frumefni og geislavirkir ísótópar, ólífræn eða lífræn sambönd þessara frumefna og ísótópa, einnig þótt samböndin séu ekki kemískt skýrgreind; legeringar, jafnblöndur og „cermets“, sem innihalda eitthvert af þessum frumefnum, ísótópum eða samböndum**	18%		35%
28.51	00	**Ísótópar og ólífræn eða lífræn sambönd þeirra, einnig þótt samböndin séu ekki kemískt skýrgreind, enda teljist ísótóparnir og samböndin ekki til nr. 28.50**	18%		35%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
28.52	00	**Ólífræn eða lífræn sambönd thóríums, úraníums, sem breytt hefur verið í U 235, sjaldgæfra jarðalkalímálma, yttríums eða scandíums, einnig þótt þeim sé blandað saman**	18%		35%
28.53	00	**Fljótandi andrúmsloft (einnig þótt eðalgösin hafi verið fjarlægð), samþjappað andrúmsloft**	18%		35%
28.54	00	**Vatnsefnisperoxyd (þar með talið fast vatnsefnisperoxyd)**	18%		35%
28.55	00	**Fosfíð**	18%		35%
28.56		**Karbíð (t. d. kísilkarbíð, bórkarbíð, málmkarbíð):**			
	10	*Kalsíumkarbíð*	18%		35%
	20	*Annað*	18%		35%
28.57	00	**Hydríð, nítríð, azíð, silicíð og bóríð**	18%		35%
28.58	00	**Önnur ólífræn sambönd (þar með talið eimað vatn, vatn til mælingar á rafmagnsmótstöðu og vatn af áþekkum hreinleika); amalgöm önnur en amalgöm góðmálma**	18%		35%

29. kafli.
Lífræn kemísk efni.

Athugasemdir:

1. Sé ekki annars getið í skýrgreiningum hinna einstöku tollskrárnúmera þessa kafla, tekur hann einungis til þeirra efna, er hér skulu talin:
   a. Aðgreind, kemískt skýrgreind lífræn sambönd, einnig þótt þau innihaldi óhreinindi.
   b. Blöndur af tveimur eða fleirum jafnhlutaefnum (isomers) hins sama lífræna sambands (einnig þótt séu blönduð óhreinindum), þó ekki blöndur af ísómerum acyklískra karbonhydrída (nema stereóísómerum), jafnt mettuð sem ómettuð (27. kafli).
   c. Vörutegundir, sem teljast til nr. 29.38—29.42, að báðum númerum meðtöldum, eða sykureter og sykurester og sölt þeirra, sem teljast til nr. 29.43, eða vörutegundir, sem teljast til nr. 29.44, einnig þótt þær séu ekki kemískt skýrgreindar.
   d. Efni þau, sem nefnd eru í a-, b- eða c-lið hér að ofan, uppleyst í vatni.
   e. Efni þau, sem nefnd eru í a-, b- eða c-lið hér að ofan, leyst upp í öðru upplausnarefni en vatni, enda sé það vanalegt og nauðsynlegt að hafa efni þessi í uppleystu formi af öryggisástæðum eða sökum flutningshæfni og upplausnarefnið geri efnið sjálft ekki hæfara til notkunar í sérstöku skyni en hinna algengu nota.
   f. Efni þau, sem nefnd er í a-, b-, c-, d- eða e-lið hér að ofan og blönduð hafa verið efnum nauðsynlegum til að halda þeim í óbreyttu ástandi í geymslu eða flutningi.
   g. Díazoníumsölt afmælds styrkleika, arylíd afmælds styrkleika til notkunar til tengingar við fyrrnefndu söltin, enn fremur fastir basar afmælds styrkleika í azólitarefni.

2. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Vörur, sem teljast til nr. 15.04 eða glyseról (nr. 15.11).
   b. Etanól (nr. 22.08 eða 22.09).
   c. Metan (nr. 27.11).
   d. Kolefnissambönd nefnd í athugasemd 2 við 28. kafla.
   e. Þvagefni (urea), sem inniheldur ekki meira en 45% af köfnunarefni miðað við þunga og þurrefni (31. kafli).
   f. Litunarefni úr jurta- eða dýraríkinu (nr. 32.04), tilbúin lífræn litarefni (þar með taldir pigmentlitir), tilbúnir lífrænir, ljósnæmir litir, bleikjandi lífræn efni, er festast við trefjarnar, og náttúrlegt indígó (nr. 32.05) og litir mótaðir til smásölu eða í smásöluumbúðum (nr. 32.09).
   g. Metaldehyd, hexametylentetramín og önnur sams konar efni mótuð sem töflur, stengur eða annað þess konar til notkunar sem eldsneyti og fljótandi eldsneyti til notkunar í kveikjara í hylkjum, sem ekki taka meira en 300 cm^3 (nr. 36.08).
   h. Eldslökkvandi efni í hylkjum fyrir slökkvitæki eða annars konar hylkjum til notkunar í sama skyni í nr. 38.17, blekeyðandi efni í smásöluumbúðum í nr. 38.19.
   i. Efni til ljóstækniáhalda, t. d. etylendiamíntartrat (nr. 90.01).

3. Vörur, sem flokka má í tvö eða fleiri númer þessa kafla, skulu taldar til hins síðasta þessara númera.

4. Til nr. 29.03—29.05, 29.07—29.10 og 29.12—29.21 telst, auk halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivata, einnig derivatar hvers konar tengsla innbyrðir, milli þessara substitúenta.

   Nítró- og nítrósósubstitúentar skoðast ekki sem köfnunarefnissambönd í skýrgreiningu tollskrárnúmers 29.30.

5. a. Esterar myndaðir úr lífrænum sýrum, er teljast til kafla í flokkum I—VII, og úr lífrænum samböndum, er teljast til sömu kafla, flokkast á sama hátt og það af estermyndandi samböndum, sem flokkast í það númer, sem síðast er talið.
   b. Esterar myndaðir úr etanóli eða glyceróli með sýrueinkennandi lífrænum samböndum, sem teljast til undirkaflanna I—VII, flokkast í sama tollskrárnúmer og viðkomandi sambönd með sýrueinkennum.
   c. Sölt þeirra estera, sem nefndir eru í a- og b-lið hér að ofan í tölulið 5, með ólífrænum bösum, flokkast á sama hátt og viðkomandi ester.
   d. Sölt mynduð úr lífrænum sýrum eða fenólum, sem teljast til kafla í flokkum I—VII, og úr ólífrænum bösum, teljast til sama tollskrárnúmers og viðkomandi sýra eða fenól.
   e. Halógeníð af karboxsýrum teljast til sama tollskrárnúmers og viðkomandi sýra.
6. Til nr. 29.31—29.34 teljast lífræn sambönd því aðeins, að sameindir þeirra séu, auk vatnsefnis, súrefnis og köfnunarefnis, mynduð úr atómum annarra málma eða málmleysingja (t. d. brennisteini, arseni, kvikasilfri eða blýi), sem séu í beinum tengslum við kolefnisatómin.

   Tollskrárnúmer 29.31 (lífræn brennisteinssambönd) og 29.34 (önnur ólífræn-lífræn sambönd) taka ekki til súlfó- eða halógenderivata (hér með taldir samsettir derivatar), sem auk vatnsefnis, súrefnis og köfnunarefnis einungis eru myndaðir úr brennisteins- og halógenatómum með þess konar tengslum við kolefnisatómin, að samböndin beri einkenni súlfó- eða halógenderivata (eða samsettra derivata).
7. Nr. 29.35 (mishringliða (heterocylic) sambönd) tekur ekki til innri etera, innri hemiacetala, metylenetera, ortódífenóla, epoxyda með þrí- eða fjórliðuðum hringjum, hringliða (cyclic) acetala, hringliða fjölhlutasambanda (polymers) af aldehydum, thíóaldehydum eða aldimínum, anhydrída marggildra sýrna, hringliða estera af margliðuðu alkóhóli með marggildum sýrum, hringliða úreída, ímída marggildra sýrna, hexametylentetramíns og trímetylentrínítramíns.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
		I. Karbonhydríd ásamt halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra.			
29.01		**Karbonhydríd:**			
	10	*Styren*	18%		35%
	20	*Önnur*	35%	25%	35%
29.02	00	**Halógenderivatar karbonhydrída**	18%		35%
29.03	00	**Súlfó-, nítró- og nítrósóderivatar karbonhydríða**	18%		35%
		II. Alkóhól ásamt halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra.			
29.04		**Óhringliða (acyclic) alkóhól ásamt halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra:**			
	10	*Metanól (metylalkóhól)*	18%		35%
		Annað:			
	21	Etylenglykol (frostlögur)	35%		100%
	29	Annars	18%		35%
29.05	00	**Hringliða alkóhól ásamt halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra**	18%		35%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
		III. Fenól og fenólalkóhól ásamt halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra.			
29.06	00	**Fenól og fenólalkóhól**	18%		35%
29.07	00	**Halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivatar fenóla og fenólalkóhóla**	18%		35%
		IV. Eter, alkóhólperoxyd, eterperoxyd, epoxyd með þrí- eða fjórliðuðum hringjum, acetöl og hemiacetöl ásamt halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra.			
29.08	00	**Eter, eteralkóhól, eterfenól, eteralkóhólfenól, alkóhólperoxyd og eterperoxyd ásamt halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra**	18%		35%
29.09	00	**Epoxyd, epoxyalkóhól, epoxyfenól og epoxyeter með þrí- eða fjórliðuðum hringjum ásamt halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra**	14%		30%
29.10	00	**Acetöl og hemiacetöl ásamt einföldum og samsettum acetölum og hemiacetölum mynduðum úr atómhópum með súrefnisatómum að einhverju leyti, enn fremur halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivatar þessara efna**	18%		35%
		V. Aldehyd.			
29.11		**Aldehyd, aldehydalkóhól, aldehydeter, aldehydfenól og önnur aldehyd (einföld eða samsett) með atómhópum mynduðum að einhverju leyti úr súrefni:**			
	01	Formaldehyd og formalín	10%		15%
	09	Annað	18%		35%
29.12	00	**Halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivatar efna þeirra, er teljast til nr. 29.11**	18%		35%
		VI. Keton og quinon.			
29.13	00	**Keton, ketonalkóhól, ketonfenól, ketonaldehyd, quinon, quinonalkóhól, quinonfenól, quinonaldehyd og önnur keton og quinon (einföld eða samsett) með atómhópum mynduðum að einhverju leyti úr súrefni ásamt halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivötum þessara efna**	18%		35%
		VII. Sýrur, sýruanhydríd, sýruhalógeníd, peroxysýrur og sýruperoxyd ásamt halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra.			
29.14		**Einbasiskar sýrur og anhydríd, halógeníd, peroxysýrur og peroxyd þeirra, einnig halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivatar þessara sýrna:**			
	01	Ediksýra, sölt hennar, esterar og anhydríd	18%		35%
	02	Maurasýra	0		0
	09	Annað	18%		35%
29.15	00	**Tví- eða margbasiskar sýrur og anhydríd, halógeníd, peroxysýrur og peroxyd þeirra, einnig halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivatar þeirra sýrna**	18%		35%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
29.16	00	**Alkóhólsýrur, aldehydsýrur, ketonsýrur, fenólsýrur og aðrar sýrur (einfaldar eða samsettar) með atómhópum mynduðum að einhverju leyti úr súrefni ásamt anhydrídum, halógenídum, peroxysýrum og peroxydum þeirra og enn fremur halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivatar þessara sýrna**	18%		35%
		VIII. Ester ólífrænna sýrna og sölt þeirra ásamt halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra.			
29.17	00	**Ester brennisteinssýru ásamt söltum og halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivötum**	18%		35%
29.18	00	**Ester saltpéturssýrlings og saltpéturssýru ásamt halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivötum**	18%		35%
29.19	00	**Ester fosfórsýru ásamt söltum (hér með talin laktófosföt) og halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivötum**	18%		35%
29.20	00	**Ester kolsýru ásamt söltum og halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivötum**	18%		35%
29.21	00	**Ester annarra ólífrænna sýrna (þó ekki af hydrógenhalógenídum) ásamt söltum og halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivötum**	18%		35%
		IX. Köfnunarefnissambönd.			
29.22	00	**Amín**	18%		35%
29.23	00	**Amín (einföld eða samsett) mynduð úr atómhópum með súrefnisatómum að einhverju leyti**	18%		35%
29.24	00	**Kvaterner ammóníumsölt og hydroxyd; lesítín og önnur fosfóramínólípíd**	18%		35%
29.25	00	**Amíd**	18%		35%
29.26	00	**Imíd og imín**	18%		35%
29.27	00	**Nítril**	18%		35%
29.28	00	**Díazó-, azó- og azoxydsambönd**	18%		35%
29.29	00	**Lífrænir derivatar af hydrazíni og hydroxylamíni**	18%		35%
29.30	00	**Sambönd með annars konar atómhópum, sem að einhverju leyti eru úr köfnunarefni**	18%		35%
		X. Ólífræn-lífræn sambönd og mishringliða sambönd.			
29.31	00	**Lífræn brennisteinssambönd**	18%		35%
29.32	00	**Lífræn arsensambönd**	18%		35%
29.33	00	**Lífræn kvikasilfursambönd**	18%		35%
29.34	00	**Önnur ólífræn-lífræn sambönd**	18%		35%
29.35	00	**Mishringliða (heterócyclísk) sambönd; núkleinsýrur**	18%		35%
29.36	00	**Súlfónamíd**	18%		35%
29.37	00	**Súltón og súltöm**	18%		35%
		XI. Próvítamín, vítamín, hormón og enzym, náttúrleg eða tilbúin.			
29.38	00	**Próvítamín og vítamín, náttúrleg eða tilbúin (þar með talin náttúrleg konsentröt), derivatar þeirra notaðir aðallega sem vítamín, og blöndur þessara efna, einnig í upplausn**	18%		35%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
29.39	00	**Hormón, náttúrleg eða tilbúin, og derivatar þeirra, notaðir aðallega sem hormón**	18%		35%
29.40		**Enzym:**			
	01	Ostahleypir	10%		20%
	09	Enzym (önnur en ostahleypir)	18%		35%
		XII. Glykósíd og jurtaalkalóíd, náttúrleg eða tilbúin, ásamt söltum, eterum, esterum og öðrum derivötum þeirra.			
29.41	00	**Glykósíd, náttúrleg eða tilbúin, ásamt söltum, eterum, esterum og öðrum derivötum þeirra**	18%		35%
29.42	00	**Jurtaalkalóíd, náttúrleg eða tilbúin, ásamt söltum, eterum, esterum og öðrum derivötum þeirra**	18%		35%
		XIII. Önnur lífræn sambönd.			
29.43	00	**Sykur, kemískt hreinn, nema sykrósi, glúkósi og laktósi; sykureterar og sykuresterar og sölt þeirra, nema vörur í nr. 29.39, 29.41 og 29.42**	18%		35%
29.44	00	**Antibíótika**	10%		15%
29.45	00	**Önnur lífræn sambönd**	18%		35%

30. kafli.
Vörur til lækninga.

Athugasemdir:

1. Með hugtakinu *lyf* í nr. 30.03 er átt við vörur (aðrar en matvæli og drykki ætlað sykursjúkum mönnum eða öðrum sjúklingum, matvæli með auknum vítamínstyrk, styrkjandi drykki, ölkelduvatn), sem teljast hvorki til nr. 30.02 né 30.04 og eru annað hvort
   a. framleiðsla, sem inniheldur tvö eða fleiri efni, sem eru blönduð eða sett saman til notkunar sem læknislyf eða lyf til að koma í veg fyrir sjúkdóma.
   b. óblönduð framleiðsla til notkunar í sama tilgangi eða mótuð, eða umbúin til smásölu á þann hátt, sem venjulegt er um læknislyf eða lyf til að koma í veg fyrir sjúkdóma.

   Í samræmi við ofan nefndar ákvarðanir og ákvarðanir í d-lið 3. athugasemdar skoðast eftirgreindar vörur:
   A. Sem óblönduð framleiðsla:
      1. Óblönduð efni leyst upp í vatni.
      2. Allar vörur, sem teljast til 28. og 29. kafla.
      3. Einfaldir plöntuextraktar, sem teljast til nr. 13.03, enda hafi ekki verið frekar að þeim unnið en að gera styrkleika þeirra afmældan eða leysa þá upp, og skiptir þá ekki máli, hvert upplausnarefnið er.
   B. Sem blönduð framleiðsla:
      1. Hlaupkenndar upplausnir og jafnblöndur (þó ekki hlaupkenndur bennisteinn).
      2. Plöntuextraktar unnir úr blöndu af efnum úr jurtaríkinu.
      3. Sölt þurrkuð úr ölkelduvatni að nokkru eða öllu leyti.
2. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Vatn frá eimingu rokgjarnra olía úr jurtaríkinu og vatnsupplausnir slíkra olía til lækninga (nr. 33.05).
   b. Tannkrem, einnig þótt það sé blandað efnum til að lækna eða koma í veg fyrir sjúkdóma (nr. 33.06).
   c. Lyfjasápa hvers konar (nr. 34.01).
3. Til nr. 30.05 telst einungis:
   a. Dauðhreinsað girni (catgut) til læknisaðgerða og annað dauðhreinsað efni til notkunar í sama skyni.
   b. Dauðhreinsað laminaria og laminariastifti (parastifti).
   c. Dauðhreinsuð efni til að stöðva blæðingar, enda geti líkaminn tekið þau til sín.
   d. Efni til skyggingar við röntgenrannsóknir og rannsóknarefni við læknisskoðanir til notkunar útvortis eða innvortis (þó ekki vörur þær, er teljast til nr. 30.02), jafnt óblönduð efni í skömmtum sem blönduð efni.
   e. Sement til tannviðgerða og annað tannfyllingarefni.
   f. Kassar og annað þess háttar með gögnum til hjálpar í viðlögum.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
30.01	00	**Kirtlar og önnur líffæri til lækninga, þurrkuð, mulin eða ómulin; extraktar af kirtlum eða öðrum líffærum eða úr safa þeirra til lækninga; önnur efni úr dýraríkinu framleidd til að lækna eða koma í veg fyrir sjúkdóma, enda séu þau ekki talin eða innifalin annars staðar**	15%		15%
30.02	00	**Antísera, bóluefni, toxín og hreinræktaður sýklagróður (hér með talinn smáverugróður, sem komið getur af stað gerjun, þó ekki ger) ásamt öðrum þess konar vörum**	15%		15%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
30.03		**Lyf, einnig til dýralækninga:**			
	01	Sælgæti (medicated sweets)	70%		100%
	09	Annað	15%		15%
30.04	00	**Vatt, bindi og aðrar þess konar vörur (t. d. sáraumbúðir, heftiplástur, bakstrar) gegndreyptar með efnum til lækninga eða í smásöluumbúðum, sem bera þess greinileg merki, að um vörur til lækninga sé að ræða (að undanteknum vörum nefndum í 3. lið athugasemdanna við þennan kafla)**	35%		35%
30.05	00	**Aðrar vörur til lækninga**	35%		35%

31. kafli.
Áburður.

Athugasemdir:

1. Til tollskrárnúmers 31.02 teljast einungis eftirgreindar vörur, enda séu þær ekki mótaðar eða í smásöluumbúðum eins og lýst er í nr. 31.05:
   A. Vörur, sem ein eða önnur eftirgreind lýsing á við:
      1. Natríumnítrat, sem inniheldur ekki meira en 16.03% af köfnunarefni, miðað við þunga.
      2. Ammóníumnítrat, einnig kemískt hreint.
      3. Ammóníumsúlfatnítrat, einnig kemískt hreint.
      4. Ammóníumsúlfat, einnig kemískt hreint.
      5. Kalsíumnítrat, sem inniheldur ekki meira en 16% af köfnunarefni, miðað við þunga.
      6. Kalsíummagnesíumnítrat, einnig kemískt hreinsað.
      7. Kalsíumcyanamíd, sem inniheldur ekki meira en 25% af köfnunarefni, miðað við þunga, einnig þótt það hafi sætt meðferð með olíu.
      8. Þvagefni (urea), sem inniheldur ekki meira en 45% af köfnunarefni, miðað við þunga.
   B. Áburður blandaður úr einhverjum af þeim efnum, sem nefnd eru í A-lið hér að ofan, og skiptir hreinleiki efnanna þá ekki máli.
   C. Áburður búinn til úr ammóníumklóríði eða einhverjum þeirra efna, sem nefnd eru í A- eða B-lið hér að ofan, og blandaður kalki, gipsi eða öðrum ólífrænum efnum, sem ekki hafa áburðargildi, og skiptir hreinleiki efnanna þá ekki máli.
   D. Fljótandi áburður úr vatns- eða ammóníakupplausn ammóníumnítrats eða þvagefnis, sbr. málsgr. 1 A, eða blöndum þessara efna.
2. Til nr. 31.03 teljast einungis eftirgreindar vörur, enda séu þær ekki mótaðar eða í smásöluumbúðum eins og lýst er í nr. 31.05:
   A. Vörur, sem ein eða önnur eftirfarandi lýsing á við:
      1. Tómasgjall.
      2. Kalsíumfosföt gerð auðleystari með upphitun, glæðingu eða bræðslu og náttúrleg kalsíumalúmínfosföt, sem sætt hafa sams konar meðferð.
      3. Súperfosföt (ein-, tví- eða þríföld).
      4. Díkalsíumfosfat, sem inniheldur a. m. k. 0,2% af flúór, miðað við þunga.
   B. Áburður blandaður úr einhverjum af þeim efnum, sem nefnd eru í A-lið hér að ofan, og skiptir hreinleiki efnanna þá ekki máli.
   C. Áburður búinn til úr einhverjum þeirra efna, sem nefnd eru í A- eða B-lið hér að ofan, og blandaður kalki, gipsi eða öðrum ólífrænum efnum, sem ekki hafa áburðargildi, og skiptir hreinleiki efnanna þá ekki máli.
3. Til nr. 31.04 teljast einungis eftirgreindar vörur, enda séu þær ekki mótaðar eða í smásöluumbúðum eins og lýst er í tollskrárnúmeri 31.05:
   A. Vörur, sem ein eða önnur eftirgreind lýsing á við:
      1. Óhreinsuð náttúrleg kalíumsölt (t. d. karnallit, kainit, sylvinit).
      2. Óhreinsuð kalíumsölt fengin sem úrgangur við framleiðslu á sykurrófnamelassa.
      3. Kalíumklóríd, einnig kemískt hreint (þó ekki vörur nefndar í 6. málsgr. c).
      4. Kalíumsúlfat, sem inniheldur í mesta lagi 52% K_2O miðað við þunga.
      5. Kalíummagnesíumsúlfat, sem inniheldur í mesta lagi 30% K_2O miðað við þunga.
   B. Áburður blandaður úr einhverjum af þeim efnum, sem nefnd eru í A-lið hér að ofan, og skiptir hreinleiki efnanna þá ekki máli.
4. Ammóníumfosföt, sem innihalda 6 mg eða meira af arseni í hverju kg, teljast til nr. 31.05.

5. Magnhlutföll þau, sem um er getið í málsgreinunum 1A, 2A, 3A og 4, skulu miðast við þurrefni efnisins.
6. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Dýrablóð, er telst til nr. 05.15.
   b. Aðgreind, kemiskt skilgreind sambönd (þó að undanteknum efnum þeim, sem nefnd eru í málsgreinunum 1A, 2A, 3A og 4).
   c. Ræktaðir kalíumklóríðkrystallar (aðrir en til ljóstækniáhalda), sem vega a. m. k. 2½ g hver (nr. 38.19), en efni til ljóstækniáhalda úr kalíumklóríði teljast til nr. 90.01.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
31.01	00	**Gúanó og önnur náttúrleg áburðarefni úr jurta- og dýraríkinu, einnig blönduð saman, enda hafi efnin ekki sætt kemískri meðferð**	0		0
31.02		**Köfnunarefnisáburður úr steinaríkinu eða kemískur köfnunarefnisáburður:**			
	10	*Natríumnítrat náttúrlegt*	0		0
		Annar köfnunarefnisáburður:			
	21	Kalkammonsaltpétur	0		0
	22	Kalksaltpétur (kalsíumnítrat)	0		0
	23	Tröllamjöl (kalsíumcyanamíd)	0		0
	29	Annars	0		0
31.03		**Fosfóráburður úr steinaríkinu eða kemískur:**			
	10	*Tómasgjall (thomasfosfat)*	0		0
		Annar fosfóráburður:			
	21	Súperfosfat	0		0
	29	Annars	0		0
31.04		**Kalíáburður úr steinaríkinu eða kemískur:**			
	10	*Kalísölt óhreinsuð, náttúrleg*	0		0
		Annar kalíáburður:			
	21	Kalíumklóríd	0		0
	22	Kalíumsúlfat	0		0
	29	Annars	0		0
31.05		**Annar áburður; hvers konar áburður, sem telst til þessa kafla og er mótaður í töflur eða svipað form, eða er í svo smáum umbúðum, að hvert stykki vegi 10 kg eða minna brúttó:**			
	01	Nítróphoska	0		0
	02	Áburður í smásöluumbúðum 10 kg eða minni, svo og áburður í töflum o. þ. h.	40%		40%
	09	Annars	0		0

32. kafli.

Sútunar- og litextraktar, sútunarsýrur og derivatar þeirra, litarefni, lökk og aðrar málningavörur, kítti, spartl, prentlitir, blek og túsk.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Aðgreind, kemiskt skýrgreind frumefni og sambönd (þó ekki þau efni, sem teljast til nr. 32.04 eða nr. 32.05, ólífræn ljósnæm efni í 32.07 ásamt uppleysanlegum litarefnum mótuðum til smásölu eða í smásöluumbúðum í nr. 32.09).
   b. Tannöt og aðrir tanninderívatar þeirra efna, sem teljast til nr. 29.28—29.42, 29.44 eða 35.01—35.04.
2. Til nr. 32.05 teljast blöndur ætlaðar til framleiðslu á azólitarefnum á spunatrefjum gerðar úr díazóníumsöltum og tengiliðum til myndunar litarefnisins og haldið með sérstökum efnum í óbreyttu ástandi.
3. Til nr. 32.05, 32.06 og 32.07 telst einnig framleiðsla að meginstofni gerð úr tilbúnum lífrænum litarefnum (þar með talin pigment), litlökkum eða öðrum litandi efnum og sé framleiðslan ætluð til blöndunar í plast, gúmmí og önnur þess konar efni í litunar skyni eða til tilbúnings á litum til prentunar á vefnaði. Til þessa númers teljast þó ekki tilreiddir pigmentlitir, sem nr. 32.09 tekur til.
4. Til nr. 32.09 teljast upplausnir (aðrar en „collodions") af efnum þeim, sem talin eru í nr. 39.01—39.06, í rokgjörnum lífrænum upplausnarefnum, enda sé upplausnarefnið meira en 50% upplausnarinnar, miðað við þunga.
5. Orðið *litarefni* í þessum kafla tekur ekki til efna, sem notuð eru sem fylliefni í olíuliti, enda þótt einnig sé hægt að nota þau sem pigment í distemper og aðra slíka vatnsliti.
6. Með *prentþynnum*, sem teljast til nr. 32.09, er einungis átt við slík efni eins og þau sem notuð eru til prentunar, t. d. gyllingar á bókbandi og prentunar á hattböndum og gerð eru með þeim hætti, er hér segir:
   a. Þunnar arkir úr málmdufti (einnig góðmálmum), sem haldið er saman með límí, gelatíni eða öðru bindiefni.
   b. Málmur (t. d. gull eða alúmín) eða pigment á pappír, plasti eða öðru berandi efni.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
32.01	00	**Sútunarefnaextraktar úr jurtaríkinu**	0		30%
32.02	00	**Sútunarsýrur (tannin), þar með talið galleplatannín dregið út með vatni, ásamt söltum þeirra, eterum, esterum og öðrum derivötum**	0		30%
32.03	00	**Tilbúin sútunarefni, einnig blönduð náttúrlegum sútunarefnum; tilbúinn bæs til sútunar (t. d. enzym-, pankreas- eða gerlabæs)**	0		30%
32.04		**Litarefni úr jurtaríkinu (þar með taldir viðarlitarextraktar og aðrir litarextraktar úr jurtaríkinu, þó ekki indígó) eða úr dýraríkinu:**			
	01	Barkarlitur (veiðarfæralitur)	2%		2%
	02	Bæs	30%	21%	30%
	09	Önnur	15%		30%
32.05	00	**Tilbúin lífræn litarefni (þar með talin pigmentlitarefni); tilbúnir lífrænir, ljósnæmir litir; bleikjandi lífræn efni, er festast við trefjarnar; náttúrlegt indígó**	15%		25%
32.06	00	**Litlökk (súbstrat pigment)**	15%		30%
32.07	00	**Önnur litarefni; ólífrænir, ljósnæmir litir**	15%		25%
32.08	00	**Tilreidd pigment, tilreidd gruggunarefni og tilreiddir litir, smelt og annar glerungur, fljótandi, gljáamyndandi efni og önnur þess konar framleiðsla, sem notuð er við leirmunagerð, smeltun og**			

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
		glergerð; engober (slips); glerfrit og annað gler sem duft, korn eða flögur	20%		40%
32.09		**Lökk, tær eða með pigmenti; distemper, vatnslitir til litunar á leðri o. þ. h.; málning og lökk; pigment rifin í línolíu, jarðterpentínu, fernis eða öðrum svipuðum efnum notuðum við framleiðslu á málningu; prentþynnur; uppleysanleg litarefni mótuð til smásölu eða í smásöluumbúðum:**			
	01	Blakkfernis	35%	25%	35%
	02	Prentþynnur	30%		40%
	09	Annars	60%	40%	60%
32.10	00	**Litir til listmálunar, kennslu, auglýsingagerðar, litblæbreytinga og annars þess konar, í töflum, skálpum (túbum), krukkum, flöskum, skálum eða öðru svipuðu, þar með taldar litasamstæður með eða án pensla, skála, litspjalda eða annars, er málun heyrir til**	35%		35%
32.11	00	**Þurrkefni**	35%	25%	35%
32.12	00	**Kítti, spartl og önnur fylli- eða þéttiefni; ágræðslukvoða**	60%	40%	60%
32.13		**Blek, prentlitir og aðrir þess konar litir:**			
	10	*Prentlitir*	10%		20%
	20	*Blek, túsk og aðrir þess konar litir, þó ekki prentlitir*	50%		80%

33. kafli.

Rokgjarnar olíur úr jurtaríkinu og resinóíd; ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Framleiðsla gerð að nokkru leyti úr alkóhóli til notkunar í drykkjarvörur til bragðbætis (nr. 22.09).
   b. Sápa (nr. 34.01).
   c. Terpentínolía og önnur efni, sem teljast til tollskrárnúmers 38.07.
2. Til nr. 33.06 teljast m. a. vörur, einnig óblandaðar (þó að undanskildum vörum, sem teljast til nr. 33.05), er nota má sem ilmvatn eða til hreinlætis eða snyrtingar og eru í smásöluumbúðum, er gefa til kynna, að nota eigi vöruna sem ilmvatn eða til hreinlætis eða snyrtingar.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
33.01	00	**Rokgjarnar olíur (einnig terpensnauðar), fljótandi eða fastar; resinóíd**	30%		40%
33.02	00	**Terpenríkar aukaafurðir af rokgjörnum olíum**	30%		40%
33.03	00	**Konsentröt af rokgjörnum olíum í feiti, órokgjörnum olíum, vaxi eða öðru þess háttar, fengin með enfleurage eða maceration**	30%		40%
33.04		**Blöndur af tveim eða fleiri ilmandi efnum (náttúrlegum eða tilbúnum) og blöndur (þar með taldar alkóhólupplausnir) að meginefni úr einu eða fleiri þessara efna, enda sé um að ræða hráefni til ilmvatnsgerðar, matvæla- eða drykkjaframleiðslu eða annars iðnaðar:**			
	01	Bragðbætandi efni til iðnaðar	20%		40%
	02	Ilmefni til iðnaðar	20%		40%
	03	Bökunardropar	55%		80%
	09	Annað	20%		40%
33.05	00	**Vatn frá eimingu rokgjarnra olía og vatnsupplausnir slíkra olía, einnig þótt nota megi til lækninga**	40%		60%
33.06		**Ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur:**			
	01	Hárliðunarvökvar, hárliðunarduft, hárlakk, hárlitir, hárþvottalögur (shampoo) og önnur hársnyrtiefni	100%		100%
	02	Andlitsduft	100%		100%
	03	Húðkrem og húðolía	100%		100%
	04	Ilmvötn	100%		100%
	05	Naglasnyrtiefni	100%		100%
	06	Rakkrem	100%		100%
	07	Tannsnyrtiefni	50%		50%
	08	Varalitur	100%		100%
	09	Annað	100%		100%

34. kafli.

Sápa, lífræn yfirborðsvirk efni, þvotta- og hreingerningarefni, smurefni, tilbúið vax, tilreiddar vaxblöndur, fægi- og ræstiefni, kerti og aðrar þess konar vörur, mótunarefni og vax til tannviðgerða.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Aðgreind, kemískt skýrgreind efni.
   b. Tannkrem, rakkrem og hárþvottaefni, enda þótt vörur þessar séu gerðar að einhverju leyti úr sápu eða lífrænu yfirborðsvirku efni (nr. 33.06).
2. Til nr. 34.01 telst einungis sápa, sem leysist upp í vatni, einnig þótt í hana sé blandað öðrum efnum (t. d. sótthreinsandi efnum, slípiefnum, fylliefnum eða lyfjum).
3. Sem *olíur unnar úr jarðolíu eða olíur unnar úr tjörukenndum efnum* í nr. 34.03 skoðast einungis vörur þær, sem skýrgreindar eru í 3. athugasemd við 27. kafla.
4. Sem *vaxblöndur, sem hvorki eru jafnblandaðar né innihalda upplausnarefni,* í nr. 34.04 skoðast einungis:
   A. Blöndur af vaxi úr dýraríkinu, blöndur af vaxi úr jurtaríkinu eða blöndur af tilbúnu vaxi.
   B. Blöndur ýmiss konar vaxtegunda (úr dýraríkinu, úr jurtaríkinu, úr steinaríkinu eða tilbúnar).
   C. Vaxkenndar blöndur, sem eru ekki jafnblandaðar og innihalda ekki upplausnarefni, gerðar að meginstofni úr einni eða fleiri vaxtegundum og innihalda auk þess feiti, harpix, steinefni eða annars konar efni.

   Til þessa númers telst ekki:
   a. Vax það, sem telst til nr. 27.13.
   b. Óblandað vax úr dýra- eða jurtaríkinu, sem einungis hefur verið litað.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi-tollur
34.01		**Sápa einnig lyfjasápa:**			
	01	Blautsápa	80%	55%	80%
	02	Handsápa (toiletsápa)	80%	55%	80%
	03	Raksápa	80%	55%	80%
	04	Sápa, föst, til þvotta og hreingerninga (önnur en sú, sem telst til nr. 34.01.02 og nr. 34.01.03)	80%	55%	80%
	05	Sápuspænir og sápuduft	80%	55%	80%
	09	Lyfjasápa og önnur sápa en sú, sem telst til nr. 34.01.01-34.01.05	80%	55%	80%
34.02		**Lífræn yfirborðsvirk efni; yfirborðsvirkar efnablöndur, þvotta- og ræstiefni, einnig þótt þau innihaldi sápu:**			
	01	Þvottaduft, einnig þótt það innihaldi sápu	80%	55%	80%
	02	Efnivörur til sútunar og málningargerðar	20%		35%
	09	Lífræn yfirborðsvirk efni, yfirborðsvirkar efnablöndur, þvotta- og ræstiefni (þó ekki þvottaduft), einnig þótt þau innihaldi sápu	80%	55%	80%
34.03	00	**Smurefni og efnablöndur notaðar við olíu- og fitumeðferð vefnaðar, leðurs eða annarra efna, þó ekki efnablöndur, sem innihalda 70% eða meira, miðað við þunga, af olíum unnum úr jarðolíu eða olíum unnum úr tjörukenndum efnum**	2%		2%
34.04	00	**Tilbúið vax (þar með talið vax leysanlegt í vatni), vaxblöndur, sem hvorki eru jafnblandaðar né innihalda upplausnarefni**	20%		35%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
34.05		**Fægi- og gljáefni fyrir skófatnað, húsgögn, gólf eða málma, ræstiduft og aðrar þess konar vörur, þó ekki vaxblöndur, sem teljast til nr. 34.04.00:**			
	01	Bón alls konar	80%	55%	80%
	02	Ræstiduft	80%	55%	80%
	03	Skóáburður og leðuráburður	80%		80%
	04	Slípimassi	20%		35%
	09	Annað	80%		80%
34.06	00	**Sterín-, paraffín- og vaxkerti ásamt öðrum þess konar vörum**	80%	55%	80%
34.07	00	**Mótunarefni (þar með talin mótunarefni ætluð börnum til dægrastyttingar og samstæður af mótunarefni); vax og annað mótunarefni til tannviðgerða í plötum, stöngum, skeifulaga eða öðruvísi í lögun**	35%		35%

35. kafli.

Próteín, lím og klístur.

Athugasemd:

Til þessa kafla telst ekki:

a. Próteín, sem ætluð eru til lækninga (nr. 30.03).

b. Póstkort og önnur grafísk verk úr gelatíni (49. kafli).

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
35.01	00	**Kaseín, kaseínöt og aðrir kaseínderivatar, kaseínlím**	21%		50%
35.02	00	**Albúmín, albúmínöt og aðrir albúmínderivatar**	25%		35%
35.03		**Gelatín (þar með talið gelatín í ferhyrndum plötum, einnig þótt þær séu litaðar eða unnar á yfirborðinu) og gelatínderivatar; lím unnið úr beinum, húðum, sinum eða öðru þess háttar, fiskilím; matarlím:**			
	01	Lím annað en matarlím	30%	21%	50%
	09	Annað	70%		100%
35.04	00	**Pepton og önnur próteín og derivatar þeirra; húðaduft, einnig þótt það hafi krómsaltameðferð**	25%		35%
35.05	00	**Dextrín og dextrínklístur; uppleysanleg eða brennd sterkja; sterkjuklístur**	25%		35%
35.06		**Límblöndur, ót. a.; hvers konar efni, sem nota má til límingar og eru í smásöluumbúðum, sem bera það með sér, að um lím sé að ræða, enda vegi innihald í hverju stykki ekki meira en 1 kg:**			
	01	Í smásöluumbúðum, enda vegi innihald í hverju stykki ekki meira en 1 kg	40%	30%	80%
	09	Annars	30%	21%	50%

36. kafli.

Sprengiefni; flugeldar og skrauteldar; eldspýtur, kveikilegeringar og tiltekin eldfim efni.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast ekki aðgreind, kemískt skýrgreind efni önnur en þau, sem nefnd eru í a- og b-lið 2. athugasemdar þessa kafla.
2. Til nr. 36.08 telst einungis:
   a. Metaldehyd, hexametylentetramín og önnur þess konar efni, enda séu þau mótuð (t. d. í töflur, stengur eða á annan svipaðan hátt) og ætluð til notkunar sem eldsneyti, enn fremur eldsneyti að meginefni úr alkóhóli og annað svipað tilbúið eldsneyti sem fast efni eða deig.
   b. Fljótandi eldsneyti (t. d. benzín) til notkunar í kveikjara, enda sé það í hylkjum, er ekki taka meira en 300 cm^3.
   c. Bik- og harpixblys, eldkveikjarar og aðrar þess konar vörur.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
36.01	00	**Púður**	35%		35%
36.02	00	**Sprengiefni tilbúin til notkunar, þó ekki púður**	35%		35%
36.03	00	**Kveikiþráður, sprengiþráður**	35%		35%
36.04	00	**Hvellhettur og önnur þess konar kveikiefni til notkunar við sprengingar**	35%		35%
36.05	00	**Flugeldar, skrauteldar og aðrar þess konar vörur**	35%		
36.06	00	**Eldspýtur (þó ekki bengalskar eldspýtur)**	100%		100%
36.07	00	**Ferró-ceríum og aðrar kveikilegeringar, einnig mótaðar**	100%		100%
36.08	00	**Önnur eldfim efni**	80%		80%

37. kafli.

Vörur til ljósmynda- og kvikmyndagerðar.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast ekki afklippur eða úrgangur.
2. Til nr. 37.08 telst einungis:
   a. Blönduð kemísk efni til ljósmyndagerðar (t. d. ljósnæmar jafnblöndur, framkallarar, festingar- og blæbreytingarsölt).
   b. Óblönduð kemísk efni til notkunar í sama skyni, enda séu þau í hæfilega stórum skömmtum eða í smásöluumbúðum og tilbúin til notkunar.

   Til nr. 37.08 telst ekki lakk, klístur og önnur þess konar efni til notkunar við ljósmyndagerð.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
37.01		**Ljósnæmar plötur og blaðfilmur, ólýstar, úr hvers konar öðru efni en pappír, pappa eða vefnaði:**			
	01	Röntgenfilmur og -plötur, ólýstar	30%		30%
	09	Aðrar	70%		70%
37.02		**Ljósnæmar filmur í rúllum, ólýstar, einnig gataðar:**			
	01	Röntgenfilmur	30%		30%
	02	Kvikmyndafilmur	70%		70%
	09	Aðrar	70%		70%
37.03	00	**Ljósnæmur pappír, pappi eða vefnaður, lýstur eða ólýstur, en ekki framkallaður**	70%		70%
37.04	00	**Ljósnæmar plötur og filmur, lýstar, en ekki framkallaðar, negatív eða pósitív**	70%		70%
37.05		**Plötur og filmur, einnig gataðar (aðrar en kvikmyndafilmur), lýstar og framkallaðar, negatív eða pósitív:**			
	01	Filmur með lesmáli	0		0
	02	Ljóssetningarletur	50%		50%
	09	Annað	70%		70%
37.06	00	**Kvikmyndafilmur einungis með hljómbandi, lýstar og framkallaðar, negatív eða pósitív**	70%		70%
37.07	00	**Aðrar kvikmyndafilmur, með eða án hljómbands, lýstar og framkallaðar, negatív og pósitív** 1 kg	50 kr.		50 kr.
37.08	00	**Kemísk efni til ljósmyndagerðar (þar með talið leifturduft)**	70%		70%

38. kafli.
Ýmis kemísk efni.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Aðgreind, kemískt skýrgreind frumefni og sambönd með þeim undantekningum, er nú greinir:
      1. Tilbúið grafít (nr. 38.01).
      2. Sótthreinsandi efni, efni til varnar gegn og til útrýmingar á skordýrum, sveppum og illgresi, efni til að hindra spírun, rottueitur og önnur þess konar efni, er teljast til nr. 38.11.
      3. Eldslökkvandi efni í hylkjum fyrir slökkvitæki eða annars konar til notkunar í sama skyni (nr. 38.17).
      4. Efni nefnd í a-, c-, d- eða f-lið 2. athugasemdar hér að neðan.
   b. Lyf (nr. 30.03).
2. Eftirtaldar vörur teljast til nr. 38.19 og einskis annars númers:
   a. Ræktaðir krystallar (aðrir en til ljóstækniábalda) úr magnesíumoxydi eða úr halógenídum alkalímálma eða jarðalkalímálma, enda vegi hver krystall a. m. k. 2½ g.
   b. Fúsilolía.
   c. Blekeyðandi efni í smásöluumbúðum.
   d. Leiðréttingalakk í smásöluumbúðum fyrir fjölritunarstensla.
   e. Bræðanlegir leirmunir til hitamælinga (t. d. segerkeilur).
   f. Gips sérstaklega tilreitt til notkunar við tannviðgerðir.
   g. Blönduð alkyl mjög lágt pólymeriseruð.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
38.01	00	**Tilbúið grafít; hlaupkennt (colloidal) grafít annað en jafnblöndur þess í olíu**	25%		35%
38.02	00	**Dýrakol (t. d. beinsverta, fílabeinssverta), einnig notuð**	25%		35%
38.03	00	**Ávirk kol (aflitandi, afskautandi eða aðsogandi), ávirkt kísilgúr, ávirkur leir, ávirkt alúmíngrýti (bauxite) og önnur ávirk náttúrleg steinefni**	25%		35%
38.04	00	**Gasvatn og notaður gashreinsunarleir**	25%		35%
38.05	00	**Tallolía (tallsýra)**	25%		35%
38.06	00	**Innsoðinn súlfitlútur**	25%		35%
38.07	00	**Terpentínuolía og önnur upplausnarefni úr terpenum framleidd með eimingu eða annarri aðferð úr viði barrtrjáa (t. d. balsam-, trjá- og súlfatterpentína), óhreinsað dípenten, óhreinsað cymen, „pine-oil“**	25%		35%
38.08	00	**Kólófóníum og harpixsýrur ásamt derivötum þeirra (þó ekki harpixesterar, er teljast til nr. 39.05), harpixkjarni (pínólín) og harpixolíur**	25%		35%
38.09		**Viðartjara; viðartjöruolíur (þó ekki upplausnarefni og þynnar, er teljast til nr. 38.18); viðarkreósót, óhreinsað metanól, acetónolía:**			
	01	Metanól óhreinsað	25%		35%
	02	Acetónolía	25%		35%
	09	Annað	25%		35%
38.10	00	**Bik úr jurtaríkinu hvers konar; bruggarabik og annað þess konar að meginefni úr kólófóníum eða biki úr jurtaríkinu; kjarnabindiefni (fyrir mótasand) að meginefni úr harpixefnum**	25%		35%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
38.11		**Sótthreinsandi efni, efni til varnar gegn og til útrýmingar á skordýrum, sveppum og illgresi, efni til að hindra spírun, rottueitur og önnur þess konar efni, enda séu þau í smásöluumbúðum, séu blöndur efna eða tilreidd sem sérstakar vörur til notkunar í ofan nefndu skyni (t. d. bönd, kveikir eða kerti blönduð brennisteini, flugnaveiðarar):**			
	01	Baðlyf, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%		20%
	02	Efni til að hindra spírun eða til eyðingar illgresis, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%		20%
	09	Annað	25%		35%
38.12	00	**Steining, bæs og annað þess konar til notkunar í pappírs-, vefnaðar- eða leðuriðnaði og skyldum iðngreinum**	25%		35%
38.13		**Bæs fyrir málma, bræðsluefni og önnur hjálparefni til notkunar við lóðun málma og logsuðu, lóð- og logsuðuduft ásamt lóð- og logsuðupasta úr málmi og öðrum efnum; efni til að þekja eða fylla logsuðu- eða rafsuðuþráð:**			
	01	Lóðningar- og logsuðuefni	14%		20%
	09	Annað	25%		35%
38.14	00	**Efni til varnar banki í vélum, oxyderingu, tæringu eða harpixmyndun, efni til aukningar á þykkt smurolíu og önnur svipuð efni til blöndunar í jarðolíu**	25%		35%
38.15	00	**Efni til hvatningar vúlkaniseringar**	25%		35%
38.16	00	**Efni til ræktunar smáverugróðurs**	25%		35%
38.17	00	**Blönduð efni og hleðslur til að slökkva eld; eldslökkvandi efni í hylkjum fyrir slökkvitæki eða annars konar hylkjum til notkunar í sama skyni**	25%		30%
38.18	00	**Blönduð upplausnarefni og þynnar fyrir lakk og annað þess háttar**	60%	40%	60%
38.19		**Kemísk framleiðsla og fullunnar vörur kemísks iðnaðar og skyldra iðngreina (þar með taldar blöndur úr náttúrlegum efnum), úrgangsefni kemískrar framleiðslu og skyldra iðngreina, enda séu vörur þessar ekki taldar annars staðar:**			
		Kemísk framleiðsla:			
	11	Hemlavökvi	35%		100%
	12	Frostlögur	35%		100%
	13	Sementsteypuþéttiefni	35%		35%
	14	Kol til kolburstagerðar	21%		30%
	15	Prófefni (reagenser)	25%		35%
	16	Hvatar til iðnaðarframleiðslu	25%		35%
	17	Naftanöt	25%		35%
	18	Efnivörur til sútunar	0		35%
	19	Önnur	50%		50%
	20	*Eldfast lím og mörtel*	25%		35%

VII. flokkur.

Plast — þar með talið sellulósaester og -eter, gerviharpix og önnur plastefni — og vörur úr plasti; náttúrlegt gúmmí (kátsjúk), tilbúið (syntetískt) gúmmí og faktis og vörur úr þessum efnum.

39. kafli.

Plast — þar með talið sellulósaester og -eter, gerviharpix og önnur plastefni — og vörur úr plasti.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Prentþynnur, er teljast til nr. 32.09.
   b. Tilbúið vax, er telst til nr. 34.04.
   c. Tilbúið gúmmí eins og það er skýrgreint í 40. kafla og vörur úr því.
   d. Reiðtygi og aktygi, er teljast til nr. 42.01, handtöskur og annað þess háttar til ferðalaga í nr. 42.02.
   e. Efni til körfugerðar, vörur úr því og aðrar vörur úr fléttiefnum, er teljast til 46. kafla.
   f. Tilbúin spunaefni og vörur úr þeim, er teljast til XI. flokks.
   g. Skófatnaður, höfuðföt, regnhlífar, sólhlífar, göngustafir, svipur (keyri), blævængir og hlutar til nefndra vara og aðrar vörur, er teljast til XII. flokks.
   h. Glysvarningur, er telst til nr. 71.16.
   ij. Vélar, tæki, verkfæri, rafmagnstæki og vörur, er teljast til XVI. flokks.
   k. Hlutar til farartækja, er teljast til XVII. flokks.
   l. Ljóstæknivörur úr plasti, gleraugnaumgerðir, teikniáhöld og aðrar vörur, er teljast til 90. kafla.
   m. Vörur, er teljast til 91. kafla (t. d. klukkur, úr og hlutar til þeirra).
   n. Hljóðfæri, hlutar til þeirra og aðrar vörur, er teljast til 92. kafla.
   o. Húsgögn, hlutar til þeirra og aðrar vörur í 94. kafla.
   p. Burstar og aðrar vörur, er teljast til 96. kafla.
   q. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
   r. Hnappar, rennilásar, greiður, pípumunnstykki, vindlingamunnstykki og annað þess háttar, hlutar til hitabrúsa og annars þess háttar, pennasköft, skrúfblýantar og aðrar vörur, er teljast til 98. kafla.
2. Nr. 39.01 og 39.02 taka einungis til eftirgreindra efna, sem framleidd hafa verið með kemískri samsetningu:
   a. Plast, þar með talið gerviharpix.
   b. Silíkon.
   c. Resól, fljótandi polyísóbútylen og áþekk tilbúin efni framleidd með pólýmerisation eða pólýkondensation.
3. Nr. 39.01—39.06 taka því aðeins til efnanna, að þau séu þannig á sig komin, er nú skal greina:
   a. Fljótandi eða deigkennd efni, þar með taldar jafnblöndur og upplausnir.
   b. Stykki, klumpar, korn, flögur eða duft, þar með talið pressu- eða úðaduft.
   c. Einþáttungar, sem hvergi eru minna en 1 mm í þvermál, saumlausar pípur og stengur með hvers konar þverskurði, einnig þótt þær hafi verið fágaðar á yfirborðinu, en ekki frekar unnar.

d. Plötur, arkir, þynnur og bönd, óáprentuð eða prentuð eða með öðrum hætti unnin á yfirborðinu, en ekki sniðin í annað en ferhyrnt lag og ekki frekar unnin.
e. Úrgangur og rusl.

		Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
39.01	**Efni orðin til fyrir þéttingu (kondensation), fjölþéttingu (pólykondensation) og fjölaukningu (pólyaddition), einnig þótt þau séu blönduð öðrum efnum frekari vinnslu þeirra viðkomandi, og önnur náskyld efni (t. d. fenóplast, amínóplast, alkyd, pólyallylester og önnur ómettuð pólyester, sílikon):**			
01	Bindilögur til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%		2%
02	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	21%		30%
03	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur og þræðir	25%		35%
04	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar	15%		30%
05	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,3 mm og þynnra	15%		35%
06	Límbönd (tape)	25%		35%
07	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—$2^1/_2$ mm í þvermál	4%	4%	4%
09	Annað	30%		40%
39.02	**Efni orðin til fyrir pólymerisation og kópólymerisation (t. d. pólyetylen, pólytetrahalógenetylen, pólyísóbúten, pólystyren, pólyvínylklóríd, pólyvínylacetat pólyvínylklórídacetat og aðrir pólyvínylderivatar, pólyacrylsýru- og pólymetacrylsýruderivatar, kúmarónindenharpix):**			
	Upplausnir, jafnblöndur, duft, hellur, klumpar og úrgangur:			
77	Polyethylen	10%		30%
78	Polystyren	21%		30%
79	Annað	15%		30%
83	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur og þræðir	25%		35%
84	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar	15%		30%
85	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,3 mm og þynnra	15%		35%
86	Límbönd	25%		35%
87	Gólfdúkur og gólfflísar	35%		35%
88	Plötur til myndamótagerðar	7%		15%
91	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—$2^1/_2$ mm í þvermál	4%	4%	4%
99	Annað	40%	30%	40%
39.03	**Endurunninn sellulósi, sellulósanítrat, sellulósaacetat og önnur sellulósaester, sellulósaeter og aðrir kemískir derivatar sellulósa, einnig blandað mýkiefnum (t. d. collodíum og celluloid); vúlkanfíber:**			
10	*Vúlkanfíber*	21%		30%
	Annað:			
21	Bindilögur til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%		2%

		Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
22	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	21%		30%
23	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur og þræðir	25%		35%
24	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar	15%		30%
25	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað	25%		35%
26	Límbönd	25%		35%
27	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—$2^1/_2$ mm í þvermál	4%	4%	4%
29	Annars	30%		40%
39.04	**Hert próteín (t. d. hert kaseín og hert gelatín):**			
01	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	21%		30%
02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað	25%		35%
03	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—$2^1/_2$ mm í þvermál	4%	4%	4%
09	Annað	30%		40%
39.05	**Náttúrlegt harpix ummyndað með bræðslu (t. d. bræddur kópall), gerviharpix orðið til fyrir estrun á náttúrlegu harpix eða harpix-sýrum (harpixester), kemískir derivatar af náttúrlegu gúmmíi (kátsjúki), t. d. klórkátsjúk, kátsjúkhydróklóríd, oxykátsjúk og hringliða (cyclised) kátsjúk:**			
01	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	21%		30%
02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað	25%		35%
03	Límbönd	25%		35%
04	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—$2^1/_2$ mm í þvermál	4%	4%	4%
09	Annað	30%		40%
39.06	**Önnur fjölhlutaefni með háum sameindaþunga, gerviharpix og plast, algínsýra ásamt söltum hennar og esterum; línoxyn:**			
01	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	21%		30%
02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað	25%		35%
09	Annað	30%		40%
39.07	**Vörur úr efnum, sem teljast til nr. 39.01-39.06:**			
31	Netjakúlur og netjakúlupokar, nótaflotholt	2%	2%	2%
32	Fiskkassar, fiskkörfur og línubalar	4%	4%	4%
33	Lóðabelgir	4%	4%	4%
34	Vörur til hjúkrunar og lækninga	35%		35%
35	Björgunar- og slysavarnatæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%		20%
36	Mjólkurbrúsar 10 lítra og stærri	10%		10%
37	Pípuhlutar (fittings), svo og pípu- og vélaþéttingar og hlið-stæðir smáhlutir til véla	25%		35%
38	Boltar, rær, undirlög (skinnur) o. þ. h.	25%		50%
39	Vatnsfergingarútbúnaður	35%		35%
41	Geymar, ker og önnur stór ílát með yfir 300 lítra rúmtaki ..	35%		50%
43	Skermar og hjálmar fyrir götuljósker	35%		90%
44	Flúrskinslampar	70%	50%	90%
45	Lampar, lampaskermar og lýsingartæki ót. a.	90%		90%

		Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
46	Umbúðakassar úr plasti, að rúmmáli 0,01 m^3 og stærri	40%	30%	50%
48	Flöskur, krukkur, dósir, tappar og hettur, svo og brúsar, ót. a.	40%	30%	60%
51	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	25%		35%
52	Verkfæri, ót. a.	25%		35%
53	Pokar, ót. a.	40%	30%	50%
54	Hreinlætistæki	80%		80%
55	Dúkar og þynnur, tilsniðið til fataframleiðslu o. þ. h.	65%	45%	65%
56	Fatnaður	65%	45%	65%
58	Búsáhöld, þar á meðal brúsar minni en 10 lítra	100%	70%	100%
62	Tilbúin hús og mannvirki og húshlutar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%		40%
63	Veggplötur, formsteyptar	40%		40%
64	Úraglös og úraarmbönd	50%		50%
65	Rúður	50%		50%
66	Niðurskornar gervibeitur til handfæraveiða í sjó	4%		4%
67	Mjólkurumbúðir, þar með talið kassar um mjólkurflöskur, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%		20%
68	Smávarningur og annað þess háttar, úr plasti, til að búa, slá eða leggja með ýmsa hluti, snagar, fatahengi, hilluhné og annað þess háttar	40%	30%	40%
71	Girðingastaurar	20%		20%
72	Kúplar og glös fyrir siglingaljós og duflaljósker	25%		35%
73	Skrautvörur	100%		100%
74	Burstahausar úr plasti	35%		35%
75	Bólur til gangbrautamerkinga	35%		35%
76	Töskuhandföng	30%		40%
89	Aðrar vörur úr plasti	70%	50%	70%

40. kafli.

Náttúrlegt gúmmí (kátsjúk), tilbúið gúmmí (gervigúmmí) og faktis og vörur úr þessum efnum.

Athugasemdir:

1. Sé ekki annað tekið fram hér í tollskránni, tekur orðið *gúmmí* til eftirtaldra vörutegunda, einnig vúlkaniseraðra eða hertra: Náttúrlegs gúmmís (kátsjúks), balata, gúttaperka og þess háttar náttúrlegs gúmmís, gervigúmmís, faktis framleidds úr olíum og til þessara vörutegunda endurunninna.
2. Þessi kafli tekur ekki til eftirgreindra vara úr gúmmíi og spunaefnum, sem teljast yfirleitt til XI. flokks:
   a. Prjónavoð og heklvoð eða vörur úr þeim, teygjanlegur vefnaður eða vefnaður með innsettu eða innofnu gúmmíi (annað en vélreimar, færi- eða lyftibönd eða reimar, úr gúmmíkenndu prjónuðu eða hekluðu efni, sem telst til nr. 40.10); aðrar teygjanlegar spunavoðir eða vörur úr þeim.
   b. Slöngur úr spunaefnum og áþekkar leiðslur úr spunaefni, þaktar eða fóðraðar með gúmmíi að innanverðu (nr. 59.15).
   c. Ofin spunaefni, gegndreypt, þakin eða límd saman með gúmmíi (nema vörur, er teljast til nr. 40.10), ef
      1. þunginn er 1½ kg/m² eða minna, eða
      2. þunginn er yfir 1½ kg/m² og í vörunni er yfir 50% af vefnaðarefnum miðað við þunga.

      Einnig vörur úr þessum efnum.
   d. Flóki, gegndreyptur eða þakinn með gúmmíi, ef spunaefnin eru yfir 50% af þunga vörunnar; einnig vörur úr slíkum efnum.
   e. Trefjadúkur, gegndreyptur eða þakinn með gúmmíi, eða með gúmmí sem bindiefni, hver sem þyngdin er á hvern fermetra, og vörur úr honum.
   f. Dúkur úr trefjum límdum samhliða saman með gúmmíi, hver svo sem þunginn er, miðaður við fermetra; einnig vörur úr þessum efnum.

      Plötur, þynnur og ræmur úr blásnu gúmmíi, frauðgúmmíi eða svampgúmmíi, í tengslum við spunaefni, og vörur úr þeim, skulu þó teljast til 40. kafla, ef spunaefnið er aðeins notað til styrktar.
3. Til þessa kafla teljast ekki heldur eftirtaldar vörur:
   a. Skófatnaður, hlutar til hans og aðrar vörur, er teljast til 64. kafla.
   b. Höfuðfatnaður, þar með taldar baðhettur, og hlutar til hans, sem teljast til 65. kafla.
   c. Harðgúmmíhlutar til véla, áhalda og verkfæra, svo og aðrar þær vörur til rafmagnsiðnaðar, sem teljast til XVI. flokks.
   d. Vörur, sem falla undir 90., 92., 94. eða 96. kafla.
   e. Leikföng, leiktæki, íþróttatæki og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla, nema íþróttahanzkar og vörur, er teljast til nr. 40.11.
   f. Hnappar, greiður, pípumunnstykki, pennasköft og aðrar vörur í 98. kafla.
4. Orðið *gervigúmmí* í 1. athugasemd hér að ofan og í nr. 40.02, 40.05 og 40.06 tekur til:
   a. Ómettaðra tilbúinna efna, sem með herzlu með brennisteini, selen eða tellúr má óafmáanlega breyta í efni, sem ekki sveigjast, og sem má eftir beztu vúlkaniseringu (og án blöndunar annarra efna, svo sem mýkingarefna og styrkjandi fylliefna, sem ekki eru nauðsynleg til að mynda þverbindingu) mynda ósveigjanleg efni, sem við 15° til 20° C hita má teygja þrisvar sinnum upprunalega lengd sína án þess að þau slitni, og, eftir að þau hafa verið teygð 2 sinnum upprunalega lengd sína, draga sig saman innan tveggja tíma þannig, að þau verða ekki yfir 1½ sinnum upphafleg lengd sín.

      Til slíkra efna teljast pólyisoprene (CIS), pólybútadíen, pólyklórbútadíen

(GRM), pólybútadíen-styren (GRS), pólyklórbútadíen-acrylónítríl (GRN), pólybútadíen-acrylónítríl (GRA) og bútylgúmmí (GRI).

b. „Thioplasts“ (GRP).

c. Náttúrlegt gúmmí breytt við samruna eða blöndun við gerviplast, enda uppfylli það þau skilyrði varðandi vúlkaniseringu, teygjanleika og samdráttarhæfni, sem um getur í a að ofan.

5. Til nr. 40.01 og 40.02 telst ekki:

a. Náttúrlegt og tilbúið gúmmílatex (þar með talið forvúlkaníserað gúmmílatex) blandað vúlkaníseringsefnum eða hvetjandi efnum, fylliefnum eða styrktarefnum, mýkingarefnum, litarefni (þó ekki litarefni, sem aðeins er bætt við til auðkenningar) eða öðrum efnum; þó telst latex, sem aðeins hefur verið stabíliserað eða innsoðið, og latex, sem er viðkvæmt fyrir hita, og elektrópósitívt latex, til nr. 40.01 eða 40.02, hvort sem við á.

b. Gúmmí, sem hefur verið blandað sóti (einnig með viðbót af jarðolíu) eða kísilsýru (einnig með viðbót af jarðolíu) á undan útfellingu eða hvers konar efni eftir útfellingu.

c. Blöndur þeirra efna, sem tilgreind eru í athugasemd 1 við þennan kafla, einnig með viðbót annarra efna.

6. Þráður, sem er úr toggúmmíi einu og er yfir 5 mm í þvermál, telst til nr. 40.08, og skiptir lögun þverskurðarins ekki máli.

7. Til nr. 40.10 teljast vélareimar og færibönd úr spunaefnum, sem eru gegndreypt, yfirdregin, yfirlögð eða límd saman með gúmmíi, eða gerð úr spunagarni — einþráða, fleirþráða eða með kaðalgerð — gegndreyptu eða þöktu gúmmíi.

8. Í nr. 40.06 telst forvúlkaníserað gúmmílatex vera óvúlkaníserað gúmmílatex.

Í nr. 40.07—40.14 skal balata, gúttaperka og áþekk náttúrleg teygjanleg efni, og faktis unnið úr olíu, og slík efni endurunnin úr þessum vörutegundum, teljast vúlkaníserað gúmmí, einnig þótt þær hafi ekki verið vúlkaníseraðar.

9. Sem *plötur, þynnur og bönd* í nr. 40.05, 40.08 og 40.15 teljast aðeins plötur, þynnur og bönd óáprentuð, áprentuð eða öðruvísi unnin á yfirborði, en ekki tilsniðin nema í rétthyrnd stykki og ekki frekar unnin.

Orðin *stengur* og *prófílar* í nr. 40.08 og orðin *stengur, prófílar* og *pípur* í nr. 40.15 taka til, og taka einungis til, þessara vara (hvort sem þær eru skornar í stykki og unnar á yfirborði eða ekki), að þær séu ekki öðruvísi unnar.

			Tollskrártollur	Eftatollur	Núverandi tollur
		I. Hrágúmmí.			
40.01		**Náttúrlegt gúmmílatex, einnig blandað tilbúnu gúmmílatexi; forvúlkaniserað náttúrlegt gúmmílatex; náttúrlegt gúmmí, balata, gúttaperka og áþekk náttúrleg teygjanleg efni:**			
	01	Latex, fljótandi, duft eða deig, einnig stabíliserað	21%		30%
	02	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar	21%		30%
	09	Annað	21%		35%
40.02		**Tilbúið gúmmílatex; forvúlkaníserað tilbúið gúmmílatex; gervigúmmí; faktis unnið úr olíum:**			
	01	Gervilatex, fljótandi eða duft, einnig stabíliserað	21%		30%
	09	Annað	21%		35%
40.03	00	**Endurunnið gúmmí**	25%		35%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
40.04	00	**Úrgangur og afklippur af toggúmmíi; slitnar vörur úr toggúmmíi, sem aðeins eru hæfar til endurvinnslu á gúmmíi; duft unnið úr úrgangi eða slitnum vörum úr toggúmmíi**	21%		35%
		II. Óvúlkaniserað gúmmí.			
40.05		**Plötur, þynnur og bönd úr óvúlkaniseruðu náttúrlegu gúmmíi eða gervigúmmíi, þó ekki reyktar þynnur eða krepþynnur, sem teljast til nr. 40.01 eða 40.02; korn úr óvúlkaniseruðu náttúrlegu gúmmíi eða gervigúmmíi tilbúið til vúlkaniseringar; óvúlkaniserað náttúrlegt gúmmí eða gervigúmmí, sem fyrir eða eftir útfellingu hefur annað hvort verið blandað sóti (með eða án viðbótar af jarðolíu) eða kísilsýru (með eða án viðbótar af jarðolíu) í þess konar lögum, sem þekkt er undir heitinu „masterbatch“:**			
	01	Til skógerðar, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	7%		10%
	09	Annað	21%		35%
40.06	00	**Óvúlkaniserað náttúrlegt gúmmí eða gervigúmmí, þar með talið gúmmílatex annars konar lögunar eða í öðru ástandi (t. d. stengur, pípur og snið — prófílar —, upplausnir og jafnblöndur); vörur úr óvúlkaniseruðu náttúrlegu gúmmíi eða gervigúmmíi (t. d. húðaður eða gegndreyptur spunaþráður; hringir og skífur)**	21%		35%
		III. Vörur úr toggúmmíi.			
40.07	00	**Þræðir og snúrur úr toggúmmíi, einnig þakið spunavörum; spunagarn, gegndreypt eða þakið með toggúmmíi**	35%	25%	35%
40.08		**Plötur, þynnur, bönd, stengur og þræðir úr toggúmmíi:**			
	01	Úr svampgúmmíi til skósólagerðar, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	15%		30%
	02	Annað svampgúmmí, þó ekki bönd, stengur og þræðir	50%	35%	50%
	03	Gólfdúkur	35%		35%
	09	Annað	35%		35%
40.09	00	**Pípur og slöngur úr toggúmmíi**	25%		35%
40.10	00	**Vélareimar og færibönd úr toggúmmíi**	25%		35%
40.11		**Hjólbarðar alls konar, skiptanlegir hjólbarðaslitfletir, slöngur og felgubönd úr toggúmmíi, á alls konar hjól:**			
	01	Hjólbarðar á bifreiðar og bifhjól, nýir	40%		40%
	02	Hjólbarðar hvers konar, notaðir	35%		35%
	03	Hjólbarðar á flugvélar	0		40%
	09	Annars	40%		40%
40.12	00	**Vörur úr toggúmmíi til lækninga og hjúkrunar, einnig að hluta úr harðgúmmíi**	35%		35%
40.13		**Fatnaður alls konar (þar með taldir hanzkar) og tilheyrandi, úr toggúmmíi:**			
	01	Kafarabúningur	20 %		20%
	02	Hanzkar	65%	45%	65%
	03	Röntgenklæðnaður með blýinnleggi	35%		35%
	09	Annar	65%	45%	65%
40.14		**Aðrar vörur úr toggúmmíi:**			
	01	Botnrúllur (bobbingar) og trollpokahlífar	2%		2%

		Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
02	Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%		20%
03	Burstahausar	25%		35%
04	Vélaþéttingar og þéttilistar	25%		35%
05	Vörur til tækninota, hringir í niðursuðudósir og handverkfæri	25%		35%
06	Niðurskornar gervibeitur til handfæraveiða í sjó	4%		4%
07	Vörur sérstaklega til skipa	25%		35%
08	Hurðir	30%		40%
09	Annars	70%		70%

IV. Harðgúmmí (ebónít og vúlkanít) og vörur úr því.

40.15	**Harðgúmmí í bitum, plötum, þynnum, böndum, stöngum með hvers konar þverskurði (prófílum), pípum og þráðum; úrgangur af harðgúmmíi og duft úr því:**			
01	Til skógerðar, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	15%		30%
09	Annað	25%		35%
40.16	**Aðrar vörur úr harðgúmmíi:**			
01	Til lækninga og hjúkrunar	35%		35%
09	Annars	70%		70%

VIII. flokkur.

Húðir, skinn, leður, loðskinn og vörur úr þeim; reið- og aktygi; ferðabúnaður, handtöskur og áþekk ílát; vörur úr þörmum (öðrum en silkiormaþörmum).

41. kafli.

Húðir og skinn, óunnið (þó ekki loðskinn), og leður.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Afklippur og annar þess háttar úrgangur af óunnum roðum, húðum og skinnum (nr. 05.05 og 05.06).
   b. Fuglshamir og hlutar af þeim með tilheyrandi fjöðrum eða dún (nr. 05.07 eða 67.01).
   c. Húðir eða skinn með hárum, óunnin, sútuð eða unnin (43. kafli). Til nr. 41.01 teljast þó óunnar húðir eða skinn, með hárum, af nautpeningi (þar með taldir vísundar), af hestum og öðrum dýrum af hestaættinni, sauðfé og lömbum (þó ekki persían, astrakan, karakúl og áþekk lambskinn, og skinn af indverskum, kínverskum, mongólskum og tíbetskum geitum og kiðlingum), svínum (þar með moskussvín), hreindýrum, gemsum, gazellum, rádýrum, elgum, krónhjörtum og af hundum.
2. Með *leðurlíki* er alls staðar í tollskránni aðeins átt við vörur þær, sem teljast til nr. 41.10.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
41.01		**Húðir og skinn, óunnin (ný, söltuð, þurrkuð, pækluð eða kölkuð), einnig klofin, hér með taldar gærur:**			
		Húðir af nautpeningi og hestum, þó ekki af kálfum:			
	11	Nautshúðir í botnvörpur, óunnar en saltaðar og/eða blásteinslitaðar	4%		4%
	19	Aðrar	14%		20%
	20	*Kálfsskinn*	14%		20%
	30	*Geitaskinn og kiðlingaskinn*	14%		20%
	40	*Sauðskinn og lambskinn með ull*	14%		20%
	50	*Sauðskinn og lambskinn ullarlaus*	14%		20%
	60	*Aðrar húðir og skinn*	14%		20%
41.02		**Leður úr nautshúðum (þar með talið vísundaleður) og leður úr hrosshúðum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08):**			
	10	*Kálfsleður*	20%	14%	20%
		Leður úr nautshúðum (þó ekki kálfsleður) og leður úr hrosshúðum:			
	21	Í sóla og bindisóla, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	10%		20%
	29	Annað	14%		20%
41.03	00	**Leður úr sauð- og lambskinnum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08)**	14%		20%
41.04	00	**Leður úr geitar- og kiðlingaskinnum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08)**	14%		20%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
41.05		**Annað leður (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08):**			
	01	Svínsleður	14%		20%
	09	Leður, ót. a. (þ. á m. fiskroð)	14%		20%
41.06	00	**Þvottaskinn (chamois-dressed lether)**	14%		20%
41.07	00	**Pergament**	14%		20%
41.08	00	**Lakkleður og gervilakkleður; málmþakið leður**	14%		20%
41.09	00	**Afklippur og úrgangur frá leðri, leðurlíki og pergamenti, enda sé það ekki hæft til framleiðslu á vörum úr leðri; enn fremur leðurdust, leðurduft og leðurmjöl**	14%		20%
41.10	00	**Leðurlíki að meginstofni úr leðri eða leðurþráðum, í plötum eða rúllum**	14%		20%

42. kafli.

Vörur úr leðri; reið- og aktygi; ferðabúnaður, handtöskur og áþekk ílát; vörur úr þörmum (öðrum en silkiormaþörmum).

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Dauðhreinsað girni (catgut) til læknisaðgerða og annað þess háttar dauðhreinsað efni til notkunar í sama skyni (nr. 30.05).
   b. Fatnaður og annað, er honum heyrir til (þó ekki hanzkar), fóðrað með loðskinni eða loðskinnslíki eða með loðskinni eða loðskinnslíki á ytra borði, nema þessi skinn séu aðeins leggingar til skrauts (nr. 43.03 eða 43.04).
   c. Burðarnet og annað þess háttar, er telst til XI. flokks.
   d. Vörur, er teljast til 64. kafla.
   e. Höfuðfatnaður og hlutar til hans, er teljast til 65. kafla.
   f. Svipur, keyri og aðrar vörur, er teljast til nr. 66.02.
   g. Strengir, trumbuskinn og aðrir hljóðfærahlutar (nr. 92.09 eða 92.10).
   h. Húsgögn og húsgagnahlutar (94. kafli).
   ij. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
   k. Hnappar, flibbahnappar, ermahnappar, smellur o. þ. h. og efni og hlutar til þessara vara, sem teljast til nr. 98.01 eða 71. kafla.
2. Vörur, sem ekki eru heilar eða eru ófullgerðar, flokkast á sama hátt og heilar og fullgerðar vörur, enda hafi þær að öllu verulegu leyti einkenni varanna heilla eða fullgerðra.
3. Til fatnaðar og þess, sem honum heyrir til (nr. 42.03), telst m. a. hanzkar (þar með íþróttahanzkar), svuntur og önnur hlífðarföt, axlabönd, belti, axlarólar, armbönd, þar með talin úrarmbönd.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
42.01	00	**Ak- og reiðtygi (t. d. hnakkar, aktygi, klafar, vagnólar, hnéhlífar), úr hvers konar efni og fyrir hvers konar dýr**	80%	55%	80%
42.02	00	**Ferðabúnaður (t. d. ferðaskrínur, fataskrínur, hattöskjur, ferðatöskur, bakpokar), innkaupatöskur, handtöskur, skólatöskur, skjalatöskur, veski, pyngjur, snyrtiskrín, verkfæraskrín, tóbakspungar, slíður, skrín, öskjur (fyrir vopn, hljóðfæri, sjónauka, skartgripi, flöskur, hálsbúnað, skófatnað, bursta) og áþekk ílát, úr leðri, leðurlíki, vúlkanfiber, plastplötum, plastþynnum, pappa eða vefjarefnum**	90%	65%	90%
42.03		**Fatnaður úr leðri og leðurlíki og það, sem honum heyrir til:**			
	01	Belti	65%	45%	65%
	02	Hanzkar	65%	45%	65%
	03	Úrarmbönd	50%		50%
	04	Röntgenhanzkar	35%		35%
	09	Annar	65%	45%	65%
42.04	00	**Vörur úr leðri eða leðurlíki til tækninota**	35%	25%	35%
42.05		**Aðrar vörur úr leðri eða leðurlíki:**			
	01	Leðurrendur til skógerðar, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til þess	25%		35%
	02	Töskuhandföng	30%		40%
	03	Vörur til lækninga	35%		35%
	09	Annars	65%	45%	65%
42.06	00	**Vörur úr þörmum (öðrum en silkiormaþörmum), gullsláttarhimnum, blöðrum eða sinum**	65%		65%

43. kafli.

Loðskinn og loðskinnslíki og vörur úr þeim.

Athugasemdir:

1. Með *loðskinnum* er alls staðar í tollskránni (nema í nr. 43.01) átt við sútaðar eða unnar húðir eða skinn með hárum og af alls konar dýrum.
2. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Fuglshamir og hlutar af þeim með föstum upprunalegum fjöðrum og dún (nr. 05.07 eða 67.01).
   b. Þær óunnar húðir og skinn með hárum, sem teljast til 41. kafla.
   c. Hanzkar úr leðri og loðskinni eða úr leðri og loðskinnslíki (nr. 42.03).
   d. Skófatnaður, skófatnaðarhlutar og aðrar vörur, er teljast til 64. kafla.
   e. Höfuðfatnaður og hlutar af honum, er teljast til 65. kafla.
   f. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
3. Með *plötum, krossum o. þ. h.* í nr. 43.02 er átt við loðskinn eða hluta af þeim (þó ekki skinn, sem „hleypt hefur verið fram“, lengd), sem hafa verið saumuð saman í ferhyrning, rétthyrning, kross eða trapizu án annarra efna. Önnur samansaumuð loðskinn, sem eru tilbúin til notkunar eða aðeins þarf að skera til fyrir notkun, svo og loðskinn og hlutar af þeim, sem eru saumuð saman sem fatnaður, fatahlutar, annað er fatnaði heyrir til, eða frá er gengið sem annarri vöru, telst nr. 43.03.
4. Fatnaður og annað, er honum heyrir til (þó ekki það, sem nefnt er í 2. athugasemd hér að framan), sem hefur verið fóðrað með loðskinni eða loðskinnslíki eða er með loðskinni eða loðskinnslíki á ytra borði, telst til nr. 43.03 eða 43.04 eftir atvikum, enda sé um meira en leggingar einar að ræða.
5. Með *loðskinnslíki* er alls staðar í tollskránni átt við sérhverja eftirlíkingu loðskinns, sem er úr ull, hári eða öðrum trefjum, sem eru límdar eða saumaðar saman við leður, spunaefni eða annað efni. Ofnar eftirlíkingar af loðskinni flokkast sem spunavörur (t. d. nr. 58.04).

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
43.01	00	**Loðskinn óunnin**	30%		40%
43.02	00	**Loðskinn, sútuð eða unnin (þar með teljast loðskinn saumuð saman í plötur, krossa o. þ. h.); loðskinnshlutar og afklippur (þar með talin höfuðskinn, skinn af fótum og skottum), sútað eða unnið, ekki saumað saman**	35%		50%
43.03	00	**Vörur úr loðskinnum**	65%	45%	65%
43.04		**Loðskinnslíki og vörur úr því:**			
	01	Loðskinnslíki	30%		40%
	09	Vörur úr loðskinnslíki	65%	45%	65%

IX. flokkur.

Trjáviður og vörur úr trjáviði; viðarkol; korkur og korkvörur; körfugerðarvörur og aðrar vörur úr fléttiefnum.

44. kafli.

Trjáviður og vörur úr trjáviði; viðarkol.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Trjáviður, sem aðallega er notaður til framleiðslu á ilmvörum, lyfjum, efnum til varnar gegn skordýrum, sveppum o. þ. h. (nr. 12.07).
   b. Trjáviður, sem aðallega er notaður til litunar og sútunar (nr. 13.01).
   c. Ávirk viðarkol (nr. 38.03).
   d. Körfugerðarvörur og aðrar vörur úr fléttiefnum, er teljast til 46. kafla.
   e. Skófatnaður og hlutar til hans, er teljast til 64. kafla.
   f. Göngustafir og hlutar til þeirra og hlutar í regnhlífar, sólhlífar, svipur og keyri (66. kafli).
   g. Plötur, flögur, hellur og annað þess konar úr tréspónum, trjáúrgangi og þess háttar, límt saman með sementi, gipsi eða öðrum bindiefnum úr steinaríkinu (nr. 68.09).
   h. Glysvarningur, er telst til nr. 71.16.
   ij. Farartæki og hlutar til þeirra og aðrar vörur í XVII. flokki.
   k. Vörur, er teljast til 91. kafla (t. d. klukkur og klukkukassar).
   l. Hljóðfæri og hlutar til þeirra (92. kafli).
   m. Hlutar í skotvopn (nr. 93.06).
   n. Húsgögn og húsgagnahlutar (94. kafli).
   o. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
   p. Reykjarpípur, pípuhlutar o. þ. h., hnappar, blýantar og aðrar vörur, er teljast til 98. kafla.
2. Vörur úr trjávið, sem fluttar eru inn ósamsettar eða í aðskildum hlutum eða eru að hluta úr gleri, marmara eða öðru efni, eða hlutar, sem þessum vörum heyra til og eru úr þessum tilgreindu efnum, flokkast eins og vörurnar samsettar, enda séu hinir einstöku hlutar fluttir inn samtímis.
3. Með orðunum *sérstaklega unninn trjáviður* í þessum kafla er átt við trjávið, sem fyrir kemíska meðferð, vinnslu með vélum eða með öðrum tækjum hefur fengið slíkan þéttleika, hörku eða hæfni, að hann stenzt betur kemísk áhrif, mekanísk áhrif eða áhrif frá rafmagni, og sé um samanlímdar plötur eða samanlímdan trjávið að ræða, verður vinnslan að vera önnur og meiri en traust samanlíming.
4. Til nr. 44.19—44.28 teljast einnig vörur úr spónlögðum trjáviði, krossviði, holtré, sérstaklega unnum trjáviði eða gerviviði.
5. Nr. 44.25 tekur ekki til verkfæra og áhalda, ef málmur er í blöðum þeirra, eggjum, tönnum eða hliðstæðum hlutum, sem ákvarða aðalnot þeirra.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
44.01	00	**Eldsneyti úr trjáviði, í bolum eða bútum, greinar eða hríslur í böggum; viðarúrgangur, þar með talið sag**	30%		40%
44.02	00	**Viðarkol (þar með talin kol úr hnetuskurn), einnig samanlímd** ..	30%		40%
44.03		**Trjábolir óunnir, einnig þótt börkurinn og greinar hafi verið teknar af:**			
	10	*Trjábolir til framleiðslu á viðarslípi (pulp wood)*	25%		35%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
	20	*Trjábolir af barrtrjám, til framleiðslu á borðum, plönkum, spæni o. þ. h.*	25%		35%
	30	*Trjábolir af öðrum trjátegundum en barrtrjám, til framleiðslu á borðum, plönkum, spæni o. þ. h.*	25%		35%
	40	*Námustoðir (pitprops)*	25%		35%
		Trjábolir óunnir aðrir:			
	51	Staurar og spírur í fisktrönur, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%		2%
	52	Girðingarstaurar	20%		20%
	53	Síma- og rafmagnsstaurar	25%		35%
	59	Annars	25%		35%
44.04		**Trjábolir, kantaðir á tveimur eða fjórum hliðum, en ekki frekar unnir:**			
	10	*Trjábolir af barrtrjám*	25%		35%
	20	*Trjábolir af öðrum trjátegundum*	25%		35%
44.05		**Trjáviður, sagaður eftir endilöngu, flettur eða afbarkaður, en ekki frekar unninn, meir en 5 mm að þykkt:**			
		Úr barrtrjám:			
	11	Þilfarsplankar úr „oregon-pine" „pitch-pine" eða „douglas-fir", 3×5" eða stærri	15%		15%
	19	Annar	25%		35%
		Úr öðrum trjátegundum:			
	21	Úr eik	15%		15%
	22	Úr beyki	20%		40%
	23	Úr birki og hlyni	20%		40%
	24	Úr rauðviði (mahogni)	20%		40%
	25	Úr teakviði	20%		40%
	29	Annar	20%		40%
44.06	00	**Kubbar til gatnagerðar**	25%		35%
44.07	00	**Járn- og sporbrautaþvertré**	25%		35%
44.08	00	**Trjáviður í tunnustafi, klofinn, aðeins einn aðalflötur sagaður, en ekki frekar unninn; tunnustafir, ef einn aðalflötur er sagaður ávalur, en ekki frekar unnir**	0		3%
44.09		**Trjáviður í tunnubönd; klofnar stoðir; staurar og stafir, yddað en ekki sagað niður eftir endilöngu; tréspænir notaðir við ediksgerð eða við hreinsun á vökvum:**			
	01	Trjáviður í tunnubönd	0		3%
	09	Annað	25%		35%
44.10	00	**Trjáviður í göngustafi, regnhlífar, keyri, golfkylfur, verkfæri, áhöld o. þ. h., grófunninn eða gerður sívalur, en ekki renndur, beygður eða frekar unninn**	25%		60%
44.11	00	**Tréþráður; eldspýtnaefni; trépinnar í skó**	30%		40%
44.12	00	**Viðarull og viðarmjöl**	25%		35%
44.13		**Trjáviður, heflaður, plægður, grópaður, fasaður eða unninn á annan svipaðan hátt, þar með talið ósamsett efni í parketgólf:**			
		Úr barrtrjám:			
	11	Þilfarsplankar úr „oregon-pine", „pitch-pine" eða „douglas-fir", 3×5" eða stærri	15%		15%
	19	Annar	25%		35%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
		Úr öðrum trjátegundum:			
	21	Parketstafir	50%	35%	50%
	29	Annar	30%		40%
44.14	00	**Viður sagaður, skorinn eða flagaður eftir endilöngu, en ekki frekar unninn og ekki yfir 5 mm að þykkt; spónaþynnur og þynnur í krossvið, ekki yfir 5 mm að þykkt**	18%		35%
44.15	00	**Krossviður og aðrar áþekkar límdar trjávörur (þar með talinn spónlagður trjáviður og aðrar límdar plötur); innlagður viður (með áteiknuðu eða máluðu mynstri)**	30%		35%
44.16	00	**Holplötur (lamelplötur), einnig lagðar ódýrum málmum**	30%		40%
44.17	00	**Sérstaklega unninn (improved) viður í plötum, blokkum eða þess konar**	30%		40%
44.18	00	**Gervitrjáviður úr spónum, sagi, viðarmjöli eða öðrum viðarkenndum úrgangi, haldið saman með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðru lífrænu bindiefni, í plötum, bitum eða þess háttar**	30%		40%
44.19	00	**Ramma- og húsgagnalistar úr trjáviði og listar með hvers konar þverskurði til skreytinga innanhúss, fyrir raflagnir og annað þess háttar**	60%	40%	60%
44.20	00	**Myndarammar, rammar fyrir spegla og aðrar slíkar umgerðir úr trjáviði**	70%	50%	70%
44.21	00	**Umbúðakassar, rimlakassar, öskjur og aðrar umbúðir úr trjáviði, samsett, ósamsett eða samsett að nokkru leyti**	50%	35%	50%
44.22		**Ámur, tunnur, ker, balar, fötur og aðrar slíkar beykisvörur úr trjáviði, hlutar í þessar vörur, þó ekki tunnustafir þeir, sem teljast til nr. 44.08:**			
	01	Kjöttunnur og hlutar til þeirra	4%	4%	4%
	02	Síldartunnur og hlutar til þeirra	4%	4%	4%
	09	Annað	25%		35%
44.23		**Trésmíðavörur til bygginga (þar með talin ósamsett, tilsniðin hús og samsett parketgólf):**			
	01	Hurðir, gluggar og karmar til þeirra	40%	30%	40%
	02	Hús tilhöggvin	40%	30%	40%
	03	Innréttingar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	60%	40%	60%
	09	Annað	50%	35%	50%
44.24	00	**Búsáhöld úr trjáviði**	100%	70%	100%
44.25		**Verkfæri, áhöld og hlutar til þeirra úr trjáviði (handföng, sköft og þess háttar), burstatré, sköft og handföng úr trjáviði fyrir bursta og kústa; skósmíðaleistar og blokkir úr tré, fyrir skósmíði:**			
	01	Burstatré	35%	25%	35%
	02	Skósmíðaleistar	35%	25%	35%
	03	Sköft og handföng	35%	25%	35%
	09	Annað	25%		35%
44.26	00	**Snældur, kefli og þess háttar úr renndum viði**	25%		35%
44.27		**Gólflampar, borðlampar og önnur ljósatæki, úr trjáviði; húsgögn úr trjáviði, sem ekki teljast til 94. kafla; skrín, vindlingakassar, bakkar, ávaxtaföt og hlutir til skreytingar úr trjáviði; öskjur, kistur og hylki úr trjáviði, fyrir verkfæri, teikniáhöld, hljóðfæri o. þ. h.; vörur úr trjáviði til persónulegra nota eða til skrauts, sem menn**			

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
		hafa almennt í vösum sínum, í handtöskum eða á sér; hlutar úr trjáviði til þessara vara:			
	01	Lampar og önnur ljósatæki úr trjáviði	90%		90%
	09	Annað	100%	70%	100%
44.28		**Aðrar vörur úr trjáviði, ót. a.:**			
	81	Botnvörpuhlerar og bobbingar	2%	2%	2%
	83	Merkispjöld	35%	25%	35%
	84	Árar	50%	35%	50%
	85	Stýrishjól	25%		35%
	86	Hnakkvirki og aktygjaklafar	35%		50%
	87	Glugga- og dyratjaldastengur	40%	30%	40%
	88	Herðatré	100%	70%	100%
	91	Hefilbekkir	25%		35%
	92	Skápa- og hurðahandföng	30%		40%
	93	Tréteinar (drýlar)	35%		50%
	99	Annars	70%	50%	70%

45. kafli.
Korkur og korkvörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Skófatnaður og hlutar til skófatnaðar, er teljast til 64. kafla.
   b. Höfuðfatnaður og hlutar til höfuðfatnaðar, er teljast til 65. kafla.
   c. Leikföng, leiktæki, íþróttaáhöld og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
2. Náttúrlegur korkur lauslega skorinn í ferhyrnd stykki, og náttúrlegur korkur, sem tekið hefur verið af yzta barkarlagið, telst til nr. 45.02, en ekki til nr. 45.01.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
45.01	00	**Náttúrlegur korkur, óunninn, mulinn eða malaður; korkúrgangur**	21%		30%
45.02	00	**Náttúrlegur korkur í stykkjum, plötum, þynnum eða ræmum, þar með taldir teningar og ferhyrningar til framleiðslu á töppum**	21%		30%
45.03		**Vörur úr náttúrlegum korki:**			
	01	Netja- og nótakorkur	2%		2%
	02	Björgunaráhöld úr korki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%		20%
	03	Korktappar	35%		50%
	09	Aðrar	40%		60%
45.04		**Pressaður korkur með eða án bindiefna og vörur úr slíkum korki:**			
	01	Korkvörur til skógerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	21%		30%
	02	Korkplötur til einangrunar	25%		35%
	03	Vélaþéttingar, pípur o. þ. h. úr korki	25%		35%
	04	Korkparkett	50%		50%
	05	Korkur í flöskuhettur	35%		50%
	09	Annað	60%		60%

46. kafli.

Körfugerðarvörur og aðrar vörur úr fléttiefnum.

Athugasemdir:

1. Með *fléttiefnum* er m. a. átt við strá, hálm, tágar, reyr, bambus, sef, trjáviðarspæni, ræmur af viðartrefjum og viðarberki, óspunnin vefjarefni, einþáttunga og ræmur úr plasti og pappírsræmum, en ekki ræmur úr leðri, leðurlíki eða flóka, mannshár, hrosshár, einþráðunga, né ræmur og spunagarn, sem telst til 51. kafla.
2. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Seglgarn, reipi og kaðlar, einnig fléttað (nr. 59.04).
   b. Skófatnaður og höfuðfatnaður og hlutar til þeirra, er teljast til 64. og 65. kafla.
   c. Ökutæki og hlutar til þeirra úr fléttiefnum (87. kafli).
   d. Húsgögn og hlutar til þeirra (94. kafli).
3. Með *fléttiefnum bundnum saman í plötur* í nr. 46.02 er átt við fléttiefni lögð hlið við hlið og bundin þannig saman, hvort sem bindiefnið er spunaefni eða annað.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
46.01	00	**Fléttur og aðrar þess konar vörur úr fléttiefnum til hvers konar nota, einnig fléttaðir borðar**	25%		35%
46.02		**Fléttiefni bundin saman eða ofin saman í plötur, þar með talið mottur, teppi og skermar; flöskustrá:**			
	01	Mottur til umbúða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%		20%
	02	Gólfmottur, teppi o. þ. h.	90%	65%	90%
	03	Skermar	90%		90%
	09	Annað	60%	40%	60%
46.03		**Körfugerðarvörur og aðrar vörur gerðar fyrst og fremst úr fléttiefnum eða vörum þeim, sem teljast til nr. 46.01-46.02; vörur úr lúffuknippum:**			
	01	Fiskkörfur og kolakörfur, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%	11%	15%
	02	Töskuhöldur úr fléttiefnum	30%		40%
	09	Annað	100%	70%	100%

X. flokkur.
Efnivörur í pappír; pappi, pappír og vörur úr þeim efnum.

47. kafli.
Efnivörur í pappír.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
47.01		**Pappírsmassi, vél- eða kemískt unninn úr hvers konar trefjaefni úr jurtaríkinu:**			
	10	*Viðarslíp vélunnið*	14%		20%
	20	*Pappírsmassi úr öðru en trjáviði*	14%		20%
	30	*Viðarmassi kemískur í upplausnarstigum (dissolving grades)*	14%		20%
	40	*Sóda- og súlfatviðarmassi, óbleiktur*	14%		20%
	50	*Sóda- og súlfatviðarmassi, bleiktur (annar en „dissolving grades“)*	14%		20%
	60	*Súlfitviðarmassi, óbleiktur*	14%		20%
	70	*Súlfitviðarmassi, bleiktur (annar en „dissolving grades“)*	14%		20%
	80	*Viðarmassi hálfkemískur*	14%		20%
47.02	00	**Úrgangspappír og úrgangspappi; úrgangsvörur úr pappír eða pappa aðeins hæfar til pappírsgerðar**	14%		20%

48. kafli.

Pappír og pappi; vörur úr pappírsmassa, pappír og pappa.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Prentþynnur, er teljast til nr. 32.09.
   b. Ilmpappír og andlitsfarðapappír (nr. 33.06).
   c. Pappír gegndreyptur eða þakinn sápu (nr. 34.01), pappír gegndreyptur eða þakinn ræstiefnum (nr. 34.02) og sellulósavatt gegndreypt með fægi- og gljáefnum o. s. frv. (nr. 34.05).
   d. Ljósnæmur pappír og pappi (nr. 37.03).
   e. Samfellur af plasti og pappír eða pappa (nr. 39.01—39.06), vúlkanfíber (nr. 39.03) og vörur úr slíkum efnum (nr. 39.07).
   f. Vörur, er teljast til nr. 42.02 (t. d. ferðabúnaður).
   g. Körfugerðarvörur og aðrar vörur úr fléttiefnum (46. kafli).
   h. Pappírsgarn og spunavörur úr því (XI. flokkur).
   ij. Slípiefni með pappír og pappa sem undirlag (nr. 68.06) og gljásteinsflögur með sams konar undirlagi (nr. 68.15). (Hins vegar telst pappír og pappi þakið gljásteinsdufti til nr. 48.07).
   k. Málmþynnur styrktar með pappír eða pappa (XV. flokkur).
   l. Gataður pappír og pappi í hljóðfæri (nr. 92.10).
   m. Vörur, er teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur) eða vörur, er teljast til 98. kafla (t. d. hnappar).
2. Til nr. 48.01 og 48.02 telst einnig pappír og pappi, sem er sléttur, gerður með vatnsmerki, einnig óekta, svo og pappír og pappi, sem er litaður eða marmararákaður í gegn í massanum með hvaða hætti sem er, enda leiði ekki annað af 3. athugasemd hér á eftir. Hins vegar teljast ekki til þessara númera pappír og pappi, sem er frekar unninn, t. d. yfirlagður eða gegndreyptur.
3. Pappír og pappi, sem eru þannig gerðir, að þeir geta talizt til tveggja eða fleiri af nr. 48.01—48.07, teljast til þess númers, sem er síðast í röðinni.
4. Til nr. 48.01—48.07 telst ekki pappír, pappi eða sellulósavatt í eftirgreindu ásigkomulagi:
   a. Í ræmum eða rúllum, sem eru 15 cm á breidd eða minna.
   b. Í rétthyrndum örkum, ef ekkert af hliðunum er yfir 36 cm.
   c. Með annarri lögun en rétthyrndri.

   Handgerður pappír eða pappi af hvaða stærð og lögun sem er telst þó til nr. 48.02, ef hinn ójafni kantur, sem myndast við framleiðsluna, hefur ekki verið numinn burtu að nokkru eða öllu leyti, enda leiði ekki annað af 3. athugasemd hér á undan.
5. Sem *veggfóður og linkrústa* (nr. 48.11) skoðast einungis:
   a. Pappír í rúllum hæfur til vegg- og loftskeytinga og er
      — annað hvort með einni eða tveimur auðum röndum, með eða án kennimerkis,
      — eða án auðrar randar, litaður, mynsturprentaður, upphleyptur eða skreyttur á annan hátt á yfirborði og ekki yfir 60 cm á breidd.
   b. Pappírsbryddingar, pappírsrandir og pappírshorn til vegg- og loftskreytinga.
6. Nr. 48.15 tekur m. a. til pappírsullar og pappírsræma (einnig samanbrotinna eða þakinna á yfirborði), sem ætlað er til notkunar sem fléttiefni, og til salernispappírs í rúllum og pökkum, en hins vegar ekki til vara, sem nefndar eru í 7. athugasemd hér á eftir.
7. Til nr. 48.21 teljast m. a. spjöld í statistiskar vélar, rifgötuð blöð og spjöld í Jacquardvélar og þess háttar vélar, blúndur, hilluborðar, dúkar, pentudúkar og vasaklútar, vélaþéttingar, steyptar og formaðar vörur úr pappírsmassa og fatasnið.
8. Til þessa kafla telst pappír, pappi og sellulósavatt og vörur úr þeim, með áprentun

eða myndum, ef þessi áprentun eða myndir eru ekki ákvarðandi um notkun þeirra eða valda því, að þær teljast til prentaðra verka í 49. kafla.

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
		I. Pappír og pappi í rúllum og örkum.			
48.01		**Pappír og pappi (þar með talið selluljósavatt), vélunninn, í rúllum eða örkum:**			
	10	*Dagblaðapappír*	0		4%
	20	*Prent- og skrifpappír*	0		30%
	30	*Kraftpappír og kraftpappi*	0		30%
	40	*Vindlingapappír*	70%		100%
		Annað:			
	51	Bókbandspappi og hliðstæður pappi, einnig karton	0		30%
	52	Umbúðapappír venjulegur	0		30%
	53	Veggpappi og gólfpappi	21%		30%
	59	Annað	0		30%
48.02	00	**Handgerður pappír og pappi**	0		30%
48.03		**Pergamentpappír og -pappi og annar feitiheldur pappír og pappi, einnig eftirlíkingar, og pergamyn, í rúllum eða örkum:**			
	01	Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur allt að 100 g/m²	0		4%
	09	Annað	0		30%
48.04	00	**Pappír og pappi úr samanlímdum blöðum, ógegndreypt eða óyfirdregið, með eða án innri styrkingar, í rúllum eða örkum**	0		30%
48.05	00	**Bylgjupappír og bylgjupappi, einnig með álímdu sléttu lagi, einnig krepaður, felldur, mynstraður og gataður, í rúllum og örkum**	20%		40%
48.06	00	**Pappír og pappi, línustrikað eða krossstrikað, en ekki prentað á annan hátt, í rúllum eða örkum**	7%		30%
48.07		**Pappír eða pappi, gegndreyptur, húðaður, yfirdreginn, litaður eða skreyttur á yfirborði eða áprentaður (þó ekki pappír og pappi, sem telst til nr. 48.06, eða prentaðar vörur, er teljast til 49. kafla), í rúllum eða örkum:**			
	10	*Prent- og skrifpappír*	7%		30%
		Annað:			
	81	Pappaumbúðir um mjólk, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun *fjármálaráðuneytisins*	10%	7%	15%
	82	Pappír og pappi, vaxborinn eða plastborinn	0		30%
	83	Þakpappi og annar asfaltborinn pappír	35%	25%	35%
	84	Pappír og pappi, áprentaður, ót. a.	20%	14%	60%
	85	Límborinn pappír	7%		30%
	86	Veggfóður	35%		35%
	87	Einangrunarplötur	30%		40%
	88	Vaxborinn pergamentpappír utan um fisk til útflutnings, enda sé á honum viðeigandi áletrun	4%	4%	4%
	91	Umbúðapappír, áprentaður, utan um brauð	10%	7%	40%
	92	Pappi til myndamótagerðar	7%		25%
	93	Efni í vélaþéttingar	25%		35%
	99	Annars	20%		60%
48.08	00	**Síublokkir, þynnur og plötur úr pappírsmassa**	25%		35%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
48.09	00	**Byggingarplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðrum þess háttar bindiefnum**	30%		40%
		II. Tilskorinn pappír eða pappi og vörur úr pappír og pappa.			
48.10	00	**Vindlingapappír tilskorinn, einnig heftur eða í hylkjum**	70%		100%
48.11	00	**Veggfóður og línkrústa; gagnsær gluggapappír**	35%		35%
48.12	00	**Gólfpappír og gólfpappi, með eða án línóleumhúðar, einnig tilskorinn**	35%		35%
48.13	00	**Kalkerpappír og annar pappír til fleirritunar, stensilpappír og annar hliðstæður pappír, tilskorinn, einnig í öskjum**	55%		80%
48.14		**Skrifblokkir, umslög, bréfkort, póstkort (án mynda); öskjur, möppur o. þ. h., sem aðeins innihalda bréfsefni, umslög og annað af því tagi til bréfaskrifta:**			
	01	Umslög óáprentuð	30%		50%
	02	Umslög áprentuð	50%		80%
	03	Bréfsefni í öskjum, möppum o. þ. h.	50%		100%
	09	Annað	30%		80%
48.15		**Annar pappír og pappi, tilskorið í stærðir eða form:**			
	01	Límbönd	4%		30%
	02	Rúllur í reiknivélar, ritsímatæki o. þ. h.	35%		50%
	03	Skrifpappír, fjölritunarpappír og teiknipappír, óáprentaður	7%		50%
	04	Salernispappír	50%		50%
	05	Tilskornar síuplötur	25%		35%
	06	Hólkar (umbúðir úr pappír)	25%		35%
	09	Annars	30%		80%
48.16		**Kassar, pokar og aðrar slíkar umbúðir, úr pappír og pappa:**			
	01	Pappakassar og öskjur	40%	30%	60%
	02	Pappírspokar margfaldir til umbúða um kartöflur, sement og áburð, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	15%	11%	15%
	05	Aðrir pappírspokar	40%	30%	50%
	06	Pappakassar utan um fisk til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	4%	4%	4%
	07	Pappírspokar, margfaldir, utan um fiskafurðir til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	2%	2%	2%
	09	Annað	40%	30%	100%
48.17	00	**Spjaldskrárkassar, geymsluöskjur og annað þess háttar úr pappír og pappa, til notkunar í skrifstofum, verzlunum o. þ. h.**	40%	30%	80%
48.18	00	**Skrifstofubækur, stílabækur, minnisbækur og blokkir, pöntunarbækur, kvittunarblokkir, dagbækur, ritundirlög, bréfa- og skjalabindi, bókabindi, skrifmöppur og annað þess háttar úr pappír og pappa; sýnishornaalbúm og önnur albúm og bókahlífar úr pappír og pappa**	40%	30%	50%
48.19		**Vörumiðar og merkimiðar, einnig áprentað og límborið:**			
	01	Vöru- og merkimiðar, óáprentaðir	35%		50%
	02	Áprentaðir merkimiðar fyrir útflutningsafurðir	4%	4%	4%
	09	Annað	50%	35%	70%
48.20	00	**Vinzli, spólur og annað þess háttar úr pappírsmassa, pappír eða pappa, einnig gatað eða hert**	7%		35%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
Nú gerist Ísland aðili að alþjóðasamningi um niðurfellingu eða lækkun á gjöldum af vörum með uppruna í ákveðnum löndum, og má þá binda slíka tollmeðferð því skilyrði, að innflytjandi leggi fram nauðsynlegar upplýsingar og sannanir fyrir uppruna varanna. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um þetta atriði ásamt því, hvernig nauðsynlegu eftirliti verði við komið.

21. gr.

Ef viðtakandi vöru eða sendingar leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn þau, sem 19. og 20. gr. taka til, eða sölu- eða vörureikningur tilgreinir ekki þau atriði, sem fyrirskipuð eru í 19. gr. og verulegu máli skipta, skal greiða verðtoll af því tollverði, sem ákveðið verður eftir reglum laga þessara, með 10% viðauka við það.

Ef ekki er um venjulega verzlunarvöru að ræða, vara er að mun skemmd eða alveg sérstaklega stendur á, má tollyfirvald sleppa 10% hækkun á tollverði, sem um ræðir í 1. málsgr. þessarar gr.

22. gr.

Nú gerir viðtakandi vöru það sennilegt, að hann hafi ekki fengið þau gögn, sem 19. og 20. gr. taka til, eða ef þau eru ekki fullnægjandi, og má þá tollyfirvald afhenda viðtakanda eða leyfa að afhenda viðtakanda vöru gegn því, að hann greiði allan kostnað af tollskoðun og setji þá fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og kostnaðar, sem tollyfirvald ákveður, og að viðtakandi afhendi þau gögn, sem vantar, eða leiðrétti þau gögn, sem misfellur eru á, innan hæfilegs tíma, sem tollyfirvald tiltekur. Ef vanefndir verða á því, má tollyfirvald ákveða gjöldin og taka fjártrygginguna upp í þau.

23. gr.

Ef nauðsynlegt þykir að ganga úr skugga um það, hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslum, sölu- eða vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind, er tollstjóra heimilt að krefjast aðgangs að verzlunarbókum hlutaðeiganda, bréfaviðskiptum og öðrum skjölum, sem að dómi hans geta veitt upplýsingar um nefnd atriði.

24. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð, að viðtakandi vöru skuli, innan ákveðinna tímamarka frá komudegi hennar til landsins, afhenda til tollmeðferðar fullgild aðflutningsskjöl um vöruna eða tiltekin skjöl um hana. Má leggja viðurlög við því, ef þeirri skyldu er ekki fullnægt, svo sem greiðslu dráttarvaxta, dagsektir og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila.

25. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að koma á sérstöku vörureikningseftirliti til athugunar á því, hvort verð það, sem tilgreint er á vörureikningi, sé undir eðlilegu verði, eða hvort um undirboð o. þ. h. sé að ræða.

Fjármálaráðuneytið setur nánari fyrirmæli um slíkt eftirlit.

26. gr.

Við tollskoðun er tolleftirlitinu heimilt að taka og halda eftir nauðsynlegum sýnishornum af vörunni.

Sýnishorn þessi skulu geymd í sérstöku sýnishornasafni við tollstjóraembættið í Reykjavík, og skal gefa þaðan upplýsingar um tollflokkun varanna.

Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um sýnishornasafnið.

D.
Undirboðs- og jöfnunartollar.

27. gr.

Nú má ætla, að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram með undirboðskjörum (dumping) og slíkt geti stofnað innlendum atvinnurekstri í hættu eða torveldað hann að mun, og má þá fjármálaráðherra leggja á sérstakan undirboðstoll til að hamla gegn slíkum viðskiptum.

Þá má fjármálaráðherra í sama skyni og með sömu skilyrðum leggja á sérstakan jöfnunartoll, ef ætla má, að útflutningsverðlaun, uppbætur, endurgreiðslur o. þ. h. erlendis hafi sams konar áhrif hér á landi og getið er í 1. málsgr. þessarar gr.

Ákvarðanir fjármálaráðherra um þetta efni taka gildi frá og með þeim degi, sem þær eru birtar í A-deild Stjórnartíðinda.

Undirboðs- og jöfnunartolla má ekki leggja á til lengri tíma en 6 mánaða í senn.

28. gr.

Með undirboði eða undirboðskjörum í lögum þessum er átt við það, ef erlend vara er flutt inn eða borin fram

a. á verði, sem er lægra en sambærilegt verð í útflutningslandinu á tilsvarandi vöru við venjuleg viðskiptaskilyrði, eða
b. ef slíkt verð er ekki fyrir hendi í útflutningslandinu, þá annaðhvort
   1. á verði, sem er lægra en hæsta útflutningsverð á tilsvarandi vöru til einhvers annars lands, eða
   2. á verði, sem er lægra en framleiðslukostnaður vörunnar í upprunalandinu, að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða.

Við samanburð þann, er um ræðir í 1. málsgr., skal taka tillit til mismunandi sölu- og afgreiðsluhátta, flutningskostnaðar, skatta og annars slíks aðstöðumunar, sem skipt getur máli.

29. gr.

Undirboðstollur má ekki vera hærri en sem svarar undirboðinu, þ. e. a. s. mismuninum á undirboðsverðinu og verðinu, sem tekið er til samanburðar.

Jöfnunartollur má ekki vera hærri en sem svarar greiðslum eða uppbótum, sem beint eða óbeint eru látnar í té í sambandi við framleiðslu, vinnslu, útflutning eða flutning varanna.

30. gr.

Leggja má undirboðs- og jöfnunartolla eftir framangreindum ákvæðum á eina eða fleiri vörur eða vörutegundir, á vörur frá einum eða fleiri sendendum eða vörur frá einu eða fleiri löndum.

Undirboðs- og jöfnunartolla má leggja á til bráðabirgða, þar til nánari upplýsingar liggja fyrir, ef ætla má, að dráttur kunni að valda tjóni. Slíka bráðabirgða undirboðs- og jöfnunartolla má þó ekki leggja á til lengri tíma en eins mánaðar, og skal sá mánaðartími vera innifalinn í þeim 6 mánuðum, sem um ræðir í síðustu málsgr. 27. gr., ef um það er að ræða.

Fjármálaráðherra getur sett nánari ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla og um skil á þeim. Njóta skulu tollar þessir sömu lögverndar og aðflutningsgjöld samkvæmt tolllögum.

31. gr.

Fjármálaráðherra skal, svo fljótt sem unnt er, skýra Alþingi frá álagningu undirboðs- og jöfnunartolla og ástæðunum fyrir álagningu þeirra.

32. gr.

Til rannsóknar á því, hvort skilyrði séu fyrir hendi til að leggja á undirboðs- og jöfnunartoll, skal fjármálaráðuneytinu heimilt að krefja atvinnurekendur um upplýsingar, sem geta skipt máli við ákvörðun tollsins, og ef nauðsyn krefur, getur ráðuneytið látið athuga verzlunarbækur hlutaðeigenda, bréfaviðskipti og önnur skjöl, sem að áliti þess geta skipt máli við tollákvörðunina.

E.
Ýmis ákvæði.

33. gr.

Nú er lagður á vörumagnstollur, og skal hann þá miðaður við þyngd vöru með umbúðum, nema annað sé tekið fram.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining.

Fjármálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði um vörumagnstoll, þ. á m. ákveðið, að séu saman í umbúðum vörur, sem mishár vörumagnstollur er á, skuli greiða af öllum vörunum þann vörumagnstoll, sem hvílir á þeirri vörunni, sem ber hæstan vörumagnstoll.

Um aðflutningsskýrslur og önnur skjöl viðvíkjandi vörumagnstolli skulu gilda sömu reglur og um verðtoll, eftir því sem við á.

34. gr.

Nú rís ágreiningur um það, hvort tiltekin vara sé gjaldskyld eða gjaldfrjáls eftir lögum þessum, eða hvort tiltekin vara skuli teljast fremur til eins en annars tollskrárnúmers, og skal þá fjármálaráðherra skera úr þeim ágreiningi, og er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu. Enn fremur skal fjármálaráðherra eiga fullnaðarúrskurð um það, hvað teljast skuli eðlis- og tollverð vöru, markaðsverð hennar, eðlilegt flutningsgjald eða annar eðlilegur kostnaður, sem fellur á vöru.

Fjármálaráðherra er heimilt að skipa sérstaka nefnd og fela henni að gera tillögur um úrskurði þá, sem um ræðir í 1. málsgr. þessarar gr.

Þegar leitað er úrskurðar samkvæmt þessari gr., skulu fylgja erindinu öll þau skjöl, sem skipta máli um tollun vöru, s. s. tollreikningur, sölu- eða vörureikningur og önnur staðfestingargögn, sem talin eru í 20. gr. laga þessara. Þá skal og senda með erindinu sýnishorn af vörunni, en verði því ekki við komið, skal senda nákvæma teikningu, mynd eða lýsingu á vöru þeirri, sem ágreiningur er um.

Ráðuneytinu og nefnd þeirri, sem um ræðir í 2. málsgr. þessarar gr., skal heimilt að kveðja sér til aðstoðar sérfróða menn, svo og að krefja einstaklinga, félög, fyrirtæki og stofnanir um upplýsingar, er nauðsynlegar þykja við flokkun vara eða við ákvörðun tollverðs.

35. gr.

Viðtakandi aðfluttrar vöru skal inna af hendi eða sjá um þá vinnu og aðstoð, sem nauðsynleg er við tollmeðferð vöru, að dómi tollstarfsmanna.

Tollyfirvaldi er heimilt að ráða ákveðna menn til að láta í té nauðsynlega vinnu og aðstoð við tollmeðferð vöru og að krefja viðtakendur um þóknun fyrir þessi störf eftir gjaldskrá, sem fjármálaráðuneytið setur. Má neita um tollafgreiðslu, unz gjaldið er greitt, en viðtakanda skal heimilt að leggja gjald þetta á vöruna.

36. gr.

Aðflutningsgjöld skal innheimta í heilum krónum, þannig að 50 aurar og þar yfir telst 1 króna, en lægri upphæð sé sleppt.

37. gr.

Tollstjórar skulu, í byrjun hvers mánaðar, senda tollendurskoðuninni og Hagstofunni, hvorri um sig, eintak af öllum aðflutningsskýrslum afgreiddum í undangengnum mánuði. Tollendurskoðunin og Hagstofan kveða nánar á um skil tollyfirvalda á aðflutningsskýrslum, þar á meðal um skilafresti.

F.
Refsiákvæði.

38. gr.

Hver, sem lætur tollyfirvaldi eða tollstofnun í té aðflutningsskýrslu eða vörureikning með áritaðri yfirlýsingu og öðrum upplýsingum, sbr. 15. og 16. gr., sem ekki er í samræmi við innihald sendingar, tegund vöru, magn eða verð, sæti sektum, nema hann geti óvéfengjanlega sýnt fram á það, að ósamræmið verði rakið til atriða, sem hann eða sá, sem gaf skýrslu fyrir hans hönd, gátu ekki haft áhrif á.

Ef röng aðflutningsskýrsla er hins vegar látin í té með þeim ásetningi að svíkja toll eða önnur gjöld, eða til að losna við þau, eða ef sá, sem skýrslu gaf, hefði átt að sjá, að skýrslan gat haft þessi áhrif, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Samsvarandi refsingu skal sá sæta, sem leggur fram röng gögn til staðfestingar því verði, sem upp er gefið í aðflutningsskýrslu, og hann vissi eða hlaut að vita, að voru röng og gætu haft framangreind áhrif.

Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt þessari grein eru refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Auk þeirra refsinga, sem um ræðir í þessari grein, má svipta þann, sem verður sekur um þar nefnd brot, leyfi til verzlunar um tiltekinn tíma, eða ævilangt, ef brot er margítrekað.

39. gr.

Tollstarfsmönnum öllum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um verzlunarhagi einstakra manna og fyrirtækja, þar með talin hvers konar vitneskja, sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum, sem tollstofnanir halda eftir.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1970, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 3 26. febrúar 1969 um tollskrá o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það til nýrra tollskrárlaga, sem hér er lagt fyrir Alþingi, felur í sér þær breytingar tolla, sem tengjast og eru forsenda fyrir aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (Efta).

Alþingi er í öðrum þingskjölum gerð grein fyrir ástæðunum til aðildarumsóknar Íslands að Efta. Hér verður hins vegar lýst megindráttum þeirrar breyttu stefnu í tekjuöflun ríkissjóðs, sem þetta skref hefur í för með sér.

Skv. fjárlagafrumvarpi fyrir 1970 er ráðgert við samningu þess, að gjöld af innflutningi verði 3127 m.kr. á því ári eða rúmlega 38.6% af ráðgerðum heildartekjum frumvarpsins. Inni í þessari fjárhæð eru ýmsir markaðir skattar til sérþarfa s. s. innflutningsgjöld til vegagerðar nál. 453 m.k. eða 5.6% af heildartekjum, en ekki er með talinn hluti jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af aðflutningsgjöldum, 134 m.kr. Beinar tollatekjur ríkissjóðs nema yfir 30% af ráðgerðum heildartekjum skv. frumvarpinu.

Þessi samsetning tekjuöflunar ríkisins er óþekkt í grannlöndunum, þar sem þetta hlutfall er almennt 2—3%.

Sú stefna, sem mörkuð er samhliða ráðagerðum um aðild Íslands að Efta, er því fyrsta stóra skrefið til að hverfa frá aðflutningsgjöldum sem aðaltekjulind ríkissjóðs. Sú þróun, sem hafin er með þessari stefnubreytingu, hlýtur að gerast hægt á löngum tíma. Tímasetning hennar er ákveðin eingöngu að því marki sem hún tengist aðild að Efta, en augljóst er, að háum fjáröflunartollum verður ekki haldið til lengdar á vörum, sem eru Efta óviðkomandi, þegar tollar verndarvara, hráefna og véla falla smám saman niður.

Fyrir ríkissjóð veldur þessi stefnubreyting ekki miklu í svip. Tekjuöfluninni er víxlað milli greina óbeinnar skattlagningar. Þegar til lengdar lætur má ætla, að tekjur ríkissjóðs verði háðar minni sveiflum eftir því sem á líður þessa þróun. Miklar og óvæntar tekjur vegna mikilla kaupa á hátolluðum vörum á velgengnistímum mundu hætta að falla til ríkissjóðs. Missir slíkra tekna þegar þrengir að mundi þá ekki verða eins tilfinnanlegur. Þannig má ætla, að afkoma ríkissjóðs fylgdi nánar eftir almennri afkomu þegnanna en hún hefur gert og magnaðist ekki til hins betra og verra eins og gerzt hefur hér á liðnum árum.

Lækkandi tollum fylgja einnig þau æskilegu áhrif, að innkaup íslenzkra ferðamanna, farmanna og flugáhafna erlendis í smásölu mundu hverfa smám saman. Þessi þjóðhagslega óhagkvæmu innkaup mundu þannig auka verzlun innanlands og þannig auka söluskattstekjur ríkissjóðs, en kaupendurnir mundu hætta að greiða erlendum aðilum háa verzlunarálagningu og þarlenda skatta. Jafnframt mundi þessi þróun minnka vissan aðstöðumun að þessu leyti, sem verið hefur milli þeirra borgara, sem geta ferðazt til útlanda og hinna, sem ekki geta það.

Því skrefi til tollalækkana, sem stigið er með frumvarpinu, sem hér er lagt fram, er mögulegt að mæta með söluskattshækkun án breytingar á tekjustofnasamsetningu ríkissjóðs að öðru leyti. Sýnt er, að frekari lækkanir tolla síðar gera heildarendurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs óhjákvæmilega, enda er hún orðin mjög tímabær, bæði af þessum sökum og svo vegna þess, hversu löggjöf undanfarinna ára og áratuga hefur gert tekjuöflunarkerfið margbrotið.

Með frumvarpinu eru gerðar tillögur um mjög umfangsmiklar breytingar á tollakerfi ríkisins. Þegar gerð er grein fyrir tillögunum er nauðsynlegt að greina á milli mismunandi vara skv. Efta-samningnum.

1. Verndarvörur. Hér er um að ræða iðnaðarvörur, sem Efta-samningurinn tekur til og framleiddar eru í landinu að einhverju marki eða hafa sambærilegt nota-

gildi við innlenda framleiðslu. Lagt er til, að tollur þessara vara lækki almennt gagnvart Efta-löndum, en breytist yfirleitt ekki í innflutningi frá öðrum löndum.

2. Hráefni og vélar. Hér er um að ræða efnivöru til innlends iðnaðar, sem ekki er verndarvara og mikilvægustu vélar og tæki til atvinnurekstrar þess, sem Efta-aðild snertir. Lagt er til, að tollur á þessum vörum lækki gagnvart öllum löndum. Í þessu sambandi er vert að benda á, að vörur, sem jöfnum höndum eru verndarvörur og hráefni, s. s. garn eða dúkur, eru í þessu tilfelli meðhöndlaðar sem verndarvörur og gerður tollmismunur á þeim milli Efta-landa og annarra landa.
3. Fjáröflunarvörur. Hér er um að ræða allar aðrar vörur en getur í liðum 1 og 2. Gert er ráð fyrir, að tollur á þessum vörum lækki að jafnaði ekki.

Í frumvarpinu er núgildandi tollur hvers tollskrárnúmers sýndur við hlið þess tolls, sem lagt er til að taka upp. Megindrættir breytinganna, sem gerð er tillaga um, eru þessir:

Verndarvörur. Lagt er til, að tollur á verndarvörum lækki um 30% gagnvart Efta-löndum, en standi í stað gagnvart öðrum löndum. 30% lækkun tolls er framkvæmd þannig, að tollprósenta er færð í heilan eða hálfan tug fyrir ofan 25%, en fyrir neðan þá prósentu látið standa á heilu stigi, þó svo að lægsti tollur sé 2%. Þessi lækkun er gerð í samræmi við ráðgerðar skuldbindingar gagnvart Efta og er ætlað að gilda í 4 ár.

Hráefni. Meginstefna frumvarpsins gagnvart hráefnatollum er, að þeir lækki um 50%. Þess eru allmörg dæmi og af ýmsum ástæðum að lækkun er minni. Þetta er algengast, þar sem vörur eru jöfnum höndum hráefni og fullunnar vörur, og lækkun umfram venjulega lækkun verndarvara bitnar á innlendum framleiðanda þeirrar vöru.

Vélar. Að meginstefnu til er gerð tillaga um almenna lækkun tolla á vélum í 7%. Gagnvart aðild að Efta skiptir hér máli lækkun á iðnaðarvélum til framleiðslu verndarvara. Rétt þykir að mikilvægustu vélar til útgerðar og fiskvinnslu njóti sömu kjara í þessu tilliti, og er gerð tillaga um lækkun þeirra í 7% úr 10 og 15%.

Aðrar tollalækkanir. Gerð er tillaga um nokkrar sérstakar lækkanir tolla, sem ekki snerta aðild að Efta.

Pappírstollar. Lögð er til mjög mikil breyting á tollun pappírs og pappa, bæði til almennra nota, til bókagerðar og til umbúðagerðar, svo og á vörum úr þessum efnum. Til samræmis er gerð breyting á tollun plastefna með svipað notagildi og ýmsar pappírsvörur, svo og hráefnum til þeirra vara. Þessar tillögur hafa tvíþættan tilgang.

Annars vegar er þeim ætlað að eyða að heita má þeim óhagstæðu kjörum, sem bókagerð hér á landi hefur sætt samanborið við innfluttar, erlendar bækur og blöð. Eins og kunnugt er hefur þetta erlenda efni verið flutt inn í landið tollfrjálst, meðan innlend bókagerð hefur greitt tolla af öllum sínum hráefnum og vélum.

Hins vegar er breytingunni ætlað að leysa tollyfirvöld og ráðuneyti út úr því kerfi tollívilnana og endurgreiðslna, sem stafar af því, að umbúðaiðnaði í landinu er skv. lögum ekki ætlað að greiða toll að því marki, sem hann framleiðir umbúðir um útflutningsvörur.

Þessu til viðbótar mundi verða umtalsverð lækkun tolla á algengum pappírsvörum, s. s. skólavörum, sem hafa verið mjög hátt tollaðar.

Rafhitunartæki. Gerð er tillaga um lækkun tolla á þessum vörum úr 80% í 35%, þannig að þau beri sama toll og sambærileg vara til húshitunar, svo sem miðstöðvarofnar. Tilgangurinn er að láta tollun þessara vara verða jafna, og þannig ekki verða ráðandi um það, hvort valin er húshitun með rafmagni eða öðrum hætti.

Timbur. Örðugleikar á því að greina sundur timbur sem fjáröflunarvöru, t. d. til húsbygginga og timbur sem hráefni í iðnaði valda því, að lagt er til, að allt timbur verði í tollalækkunum meðhöndlað sem hráefni og tollur lækkaður um 30%.

Ýmislegt. Sífellt berast erindi til fjármálaráðuneytisins og tollskrárnefndar, þar sem bent er á atriði, sem talið er æskilegt að lækka í tolli eða bent á misræmi í tollun. Að því leyti sem heimildir tollskrárlaga leyfa, er úr þessum erindum leyst jafnharðan, en önnur eru látin bíða íhugunar við næstu endurskoðun tollskrárlaga.

Nokkrar tillögur um breytingar eru gerðar samkvæmt erindum af þessu tagi. Sem dæmi má nefna heimild til niðurfellingar tolla af varahlutum og hjálpartækjum flugvéla, samræmingu á tollun flugelda, ofangreinda breytingu á rafhitunarbúnaði, samræmingu á tollun á spónlögðum plötum við efni til þeirra, lagfæringar á tollun efnis til dráttarbrauta, lækkun tolla á sérstökum tækjum til hárskurðar og raksturs fyrir hárskera, niðurfelling tolls á loðdýrum, samræming tolls á pappírsvörum að nokkru við toll á tízkublöðum o. fl.

Með hliðsjón af reynslu í framkvæmd laganna og til staðfestingar á notkun heimilda, sem ráðuneytið hefur notað til samræmingar gjalda af vörum, sem falla í misháa gjaldflokka eftir því úr hvaða efni þær eru framleiddar, hafa nokkrar lagfæringar verið gerðar. Sem dæmi má nefna skerma og hjálma úr plasti fyrir götuljósker, sem lækkað er til samræmis við toll af þessari vöru úr járni, flúrskinslampar úr plasti lækkaðir til samræmis við þá vöru úr járni, kassar um mjólkurflöskur úr plasti lækkaðir til samræmis við þá vöru úr alúmíni, rafmagnstengidósir úr alúmíni lækkaðar til samræmis við þær vörur úr járni, og fleira af þessu tagi.

Áhrif þessarar miklu tollalækkunar á afkomu ríkissjóðs er örðugt að áætla, því að inn í myndina koma mjög mörg óviss atriði. Áætlun hefur verið gerð á grundvelli innflutnings fyrstu 10 mánuði ársins 1969 að viðbættri áætlun um innflutning í nóvember og desember. Samkvæmt henni er tekjutap ríkissjóðs á einu ári vegna tollalækkananna:

Vegna lækkana á verndarvörum	245 m.kr.
Vegna lækkana á hráefnum og vélum	180 m.kr.
Vegna lækkana á öðrum vörum	40 m.kr.
Samtals nál.	465 m.kr.
Til að gera tekjutapsáætlunina sambærilega við áætlun fjárlaga 1970 þarf að gera ráð fyrir aukningu innflutnings 6—7% ..	30 m.kr.
Heildartekjumissir áætl.	495 m.kr.

Í þessari áætlun er gert ráð fyrir því, að allur innflutningur verndarvara komi frá EFTA-löndum og beri því lægri tollgjöld. Örðugt er að sjá um hvernig tollmismunur á verndarvörum gagnvart EFTA-löndum og öðrum löndum veldur auknum viðskiptum við EFTA-lönd á kostnað viðskipta við önnur lönd. Á sama hátt er mikil óvissa í spám um heildaráhrif tollalækkana og söluskatthækkana á eftirspurn eftir ýmsum tegundum vöru og þjónustu. Unnið er að endurskoðun tekjuáætlunar fjárlaga með hliðsjón af breytingum vegna EFTA-aðildar, svo og með hliðsjón af tekjuhorfum ríkissjóðs almennt við núverandi aðstæður.

Um fjáröflun til að mæta tekjumissi vegna breytinga þessara, vísast til sérstaks frumvarps til laga um breytingu á söluskattslögum, svo og til afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1970.

Við lagabreytingu þá, sem nú á sér stað, verður veigamikil breyting á uppsetningu tollskrár, sem er afleiðing þess að gerður er munur á gjöldum á svonefndum

verndarvörum, eftir því hvort þær eru upprunnar í löndum Fríverzlunarsamtaka Evrópu eða ekki. Verða tollskrárlög því framvegis í tveim dálkum, þannig að dálkur nr. 1 (Tollskrártollur) gildir fyrir allar vörur, sem fluttar eru til landsins nema á annan veg sé ákveðið í dálki nr. 2 (Eftatollur), sem gildir eftir því sem við á um verndarvörur með svonefndum svæðisuppruna. Er í 1. gr. frv. gert ráð fyrir heimild til þessarar tollmeðferðar. Óski innflytjandi vöru eftir svæðistollmeðferð og þar af leiðandi lægri tollgjöldum, ber honum að leggja fram nauðsynlegar upplýsingar og sannanir um uppruna varanna. Nauðsynlegt ákvæði í þessa átt er tekið upp í 2. mgr. 20. gr. frv. Að öðru leyti setur fjármálaráðherra nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, þar á meðal hvaða skilríki skuli teljast fullgild sönnun og í hvaða formi þau skuli vera. Um útflutning vara héðan til annarra Efta-landa og um vottorðagjöf í því sambandi, verður flutt sérstakt frumvarp um breytingu á lögum um tollheimtu og tolleftirlit.

Um 3. gr.

Nokkrar breytingar verða á 3. gr. frumvarpsins, þar sem upp eru taldar undanþágur og lækkunarheimildir ýmiss konar:

9. tl. Í 9. tl. er heimild til að fella niður gjöld af gjöfum, sem aðilar erlendir senda hingað af sérstöku tilefni, allt að 500.00 króna virði að mati tollyfirvalda. Upphæð þessi hefur staðið óbreytt í allmörg ár, og er nú lagt til, að hún verði hækkuð í kr. 1500.00.

10. tl. Þar er fjallað um tímabundna undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðum, sem erlendis búsettir ferðamenn hafa meðferðis hingað til lands. Framkvæmd þessarar heimildar hefur ekki gefizt vel, og er lagt til að gera ákvæði þessi skýrari og afmarka þá aðila nánar í lögunum, sem þessarar undanþágu geta notið.

14. tl. Lagt er til að fella þetta heimildarákvæði niður, en það fjallar um undanþágur frá greiðslu gjalda af umbúðum, sem Áburðarverksmiðjan flytur til landsins til framleiðslu sinnar. Niðurfelling þessarar heimildar stendur í sambandi við þá miklu breytingu, sem gerð er á hráefni til pappírsvörugerðar, þar sem lagt er til að tollar af pappír verði felldir niður og aðflutningsgjöld lækkuð almennt af umbúðum.

17. tl. Þar er heimild til að fella niður gjöld af sýrum til votheysgerðar, en með því að maurasýra í tollskrárnúmeri 29.14 er nú gerð tollfrjáls er þetta ákvæði óþarft.

20. tl. Þar er heimild til að fella niður gjöld af ritum, sem prentuð eru erlendis á íslenzku og sem talin eru hafa menningarlegt gildi. Við niðurfellingu tolla á pappír til prentunar og stórlækkunar gjalda af bókum á íslenzku, þykir rétt að heimildarákvæði þetta verði fellt úr lögum.

27. tl. Í gildandi lögum er hér að finna heimild til lækkunar gjalda að vissu marki á ákveðnum fjölda bifreiða fyrir lamað fólk og aðra sjúklinga. Er fjöldi bifreiða, sem eftirgjöf má veita af árlega, bundinn við 250, svo og til viðbótar 50 bifreiðar til endurveitinga á áður veittum eftirgjöfum. Ekki er önnur breyting gerð á heimildarákvæði þessu, en að hætt verði að gera greinarmun á því hvort um endurveitingu er að ræða eða ekki. Fjöldi bifreiðanna verður áfram 300 í allt.

31. tl. Þar er heimild til að lækka um allt að helming gjöld af efni í rafmagnsspenna. Með þeirri miklu breytingu, sem verður á tollun iðnaðarvara og efnum til þeirra, þykir rétt að lækka endurgreiðsluna niður í 40%.

35. tl. Þar er heimild til að endurgreiða gjöld af efni til framleiðslu á pappírspokum, sem teljast til ákveðinna tollskrárnúmera, sem svari því að af efninu sé greiddur 15% verðtollur. Ákvæði þetta hefur ekki praktíska þýðingu, eftir að aðflutningsgjöld af pappír hafa verið felld niður.

41. tl. Í gildandi lögum er heimild til að lækka gjöld af heilum innfluttum dráttarbrautum í 10%. Heimildarákvæði þetta hefur reynzt erfitt í framkvæmd, þar eð þess munu naumast dæmi, að dráttarbrautir séu fluttar í heilu lagi til landsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir lækkun gjalda í 10% eða lægra af öllum helztu tækjum, sem notuð eru til uppsetningar dráttarbrauta, og er því gert ráð fyrir niðurfellingu þessa heimildarákvæðis.

50. tl. Heimildarákvæði þetta, til þess að endurgreiða gjöld af hráefni til fataframleiðslu, sem lækkaði í tolli með þeirri lagabreytingu, sem gerð var fyrri hluta árs 1968, er úrelt orðið, þar eð sú heimild hefur verið notuð að fullu og er því lagt til að fella það niður.

Lagt er til að allmörg ný heimildarákvæði komi í grein þessa, og verður þeirra getið hér á eftir:

1. Lagt er til að tekið verði upp heimildarákvæði til þess að lækka toll í 30% af vörum, sem teljast til nr. 34.02.09 og 38.19.19, enda séu vörurnar notaðar sem hráefni í iðnaðarvörur og ráðuneytið gefi út sérstaka skrá með efnum, sem hér koma til greina. Yrði skrá þessi þá hliðstæð lyfjaskrá, sem ráðuneytið hefur gefið út, skv. heimild í 33. tl. laganna. (Heimildarákvæði þetta verður 17. tl.)
2. Tekið er upp nýtt heimildarákvæði til þess að fella niður gjöld af vélum, tækjum, rafmagnsvörum og öðrum fylgihlutum og viðgerðarefnum, sem ætluð eru til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær, enda stundi innflytjandinn flugrekstur eða hafi fengið viðurkenningu samgöngumálaráðuneytisins til þess að framleiða eða gera við flugvélar. (Heimildarákvæði þetta er í 21. tl.)
3. Þá er gert ráð fyrir heimildarákvæði til þess að fella niður eða endurgreiða gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á vörum í nýjum útflutningsiðngreinum eða til framleiðslu á ótollvernduðum vörum. (Heimildarákvæði þetta er í 22. tl.)
4. Tekið er upp nýtt heimildarákvæði til þess að endurgreiða bifreiðastjórum, sem hafa akstur leigubifreiða að aðalstarfi, mismun á 90% og 70% tollgjöldum af bifreiðum. Kemur tilhliðrun þessi í stað þeirrar eftirgjafar, sem leigubifreiðastjórar hafa notið í leyfisgjöldum bifreiða. (Heimildarákvæði þetta er 41. tl.)
5. Gert er ráð fyrir heimild til að endurgreiða gjaldamismun af iðnaðarvélum, sem tollafgreiddar eru eftir 1. desember 1968, þannig að innflytjendur verði jafnsettir eins og tollafgreiðsla hefði átt sér stað, eftir gildistöku laga þessara. Þá er enn fremur gert ráð fyrir heimildarákvæði til þess að endurgreiða gjaldamismun af þeim hráefnum til iðnaðarframleiðslu, sem lækka í tolli með lagabreytingu þessari, enda hafi tollafgreiðsla átt sér stað eftir 1. desember 1969, og iðnrekendur sanni með staðfestum vottorðum löggiltra endurskoðenda, að vörurnar séu fyrir hendi í birgðum hráefna eða óseldra iðnaðarvara nú þegar lagabreyting þessi tekur gildi. Endurgreiðslubeiðnir skulu þó hafa borizt tollyfirvöldum fyrir 1. júlí 1970. Nánari fyrirmæli verða sett af ráðuneytinu um framkvæmd þessa ákvæðis. (Heimildarákvæði þetta er í 50. tl.).
6. Lagt er til að taka inn í tollskrárlög heimildarákvæði, sem nú er í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1969, í þá átt að heimilt sé að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af tækjum, sem gefin verða til mannúðar- eða líknarstarfsemi. (Heimildarákvæði þetta er í 35. tl.)

Nd. 168. Frumvarp til laga [124. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Krossaland í Bæjarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Jónas Pétursson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Benedikt Egilssyni, bónda, Volaseli, Bæjarhreppi, eyðijörðina Krossaland í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi, ef það næst, ella skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni ábúanda Volasels. Hreppsnefnd Bæjarhrepps hefur gefið svofellda umsögn:

Jörðin Krossaland er umlukt vötnum, Laxá að vestan, en Jökulsá að austan, og allt um kring, þegar hún vex.

Vötn þessi hafa stöðugt sorfið úr landinu, og hefur ágangur Jökulsár sérstaklega aukizt í seinni tíð, vegna fyrirhleðslu frá austur-landi.

Útilokað virðist með öllu, að búið verði framar í Krossalandi, og teljum við undirritaðir hreppsnefndarmenn í Bæjarhreppi æskilegt, að Benedikt Egilsson, — eigandi Volasels, — sem helzt gæti nýtt jörðina eitthvað, gæti fengið hana keypta.

Bæjarhreppi, 27. nóv. 1969.

Egill Benediktsson,
oddviti.

Karl Guðmundsson. Þorsteinn Geirsson. Ólafur Bergsveinsson. Sighvatur Davíðsson.

Ed. 169. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breyting á Norðurlandasamningnum frá 6. febr. 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 10. des. 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr.	Einar Ágústsson.
Karl Guðjónsson.	Björn Fr. Björnsson.	Auður Auðuns.
	Þorsteinn Gíslason.	

Nd. 170. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 96 22. des. 1965, um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft til athugunar frumvarp þetta, sem flutt er til staðfestingar bráðabirgðalögum frá 23. júní s. l. Hún hefur rætt það á fimm fundum og kvatt til viðræðna á tveim þeirra stjórn og framkvæmdastjóra Rafmagnsveitna ríkisins, sem látið hafa nefndinni í té ýmis gögn og upplýsingar um hag og rekstrarafkomu þeirrar stofnunar. Kemur þar m. a. fram, að á síðasta ári varð 1.6 millj. kr. halli á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins og eru þá ekki meðtalin vanskil við Orkusjóð á árunum 1967 og 1968, er nema samtals 19.2 millj. kr. Gerð hefur verið rekstraráætlun fyrir árin 1969 og 1970, og samkvæmt henni er áætlaður halli yfirstandandi árs 3 millj. kr., en 1970 er áætlað, að reksturinn verði í jafnvægi. Er þar miðað við þá hækkun verðjöfnunargjaldsins, sem frv. þetta gerir ráð fyrir og er um 35 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn 1970, en allt að 17.5 millj. í ár, vegna gildistöku bráðabirgðalaganna 1. júlí s. l. Þessi hækkun verðjöfnunargjaldsins mun að dómi Rafmagnsveitna ríkisins geta valdið 4—5% hækkun á smásöluverði rafmagns til notenda.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem nefndin hefur aflað sér og stuttlega hefur verið vikið að hér að framan, telur hún, að í frumvarpi þessu felist nauðsynlegar ráðstafanir fjárhag og rekstri Rafmagnsveitna ríkisins til styrktar. Nefndin leggur þó til, að gerð sé minni háttar breyting á 7. gr. frv. og flytur um það breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Að öðru leyti leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. des. 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Pálmi Jónsson, frsm.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Guðl. Gíslason.	Þórarinn Þórarinsson.
	Lúðvík Jósefsson.	

Nd. 171. Breytingartillaga [9. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 96 22. des. 1965, um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. **172. Frumvarp til fjárlaga** [1. mál]

fyrir árið 1970.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 10. des.)

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana.

1. gr.
Greiðsluyfirlit ríkissjóðs.

		Þús. kr.
0	Gjöld	7 985 179
1	Tekjur	8 082 147
	Tekjur umfram gjöld	96 968
3	Lánahreyfingar út	186 384
4	Lánahreyfingar inn	2 230
	Mismunur	184 154
	Greiðslujöfnuður:	
	Á rekstrarreikningi	96 968
	Á lánahreyfingum	184 154
	Greiðsluhalli	87 186

2. gr.

Árið 1970 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. grein.

			Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
		0 Gjöld:		
1 00	**Æðsta stjórn ríkisins**			68 194
1 01	**Forsætis- og menntamálaráðuneytið**			1 389 473
	101—102	Yfirstjórn	22 528	
	201—783	Fræðslumál	1 228 351	
	801—899	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	138 594	
1 02	**Utanríkisráðuneytið**			127 562
	101—102	Yfirstjórn	17 243	
	201	Löggæzla á Keflavíkurflugvelli	23 436	
	301—310	Sendiráð	57 790	
	400	Alþjóðastofnanir	29 093	
1 03	**Atvinnumálaráðuneytið**			979 471
	101—172	Yfirstjórn	18 037	
	201—299	Búnaðarmál	566 822	
	301—399	Útvegsmál	184 617	
	401—471	Orkumál	150 590	
	531—999	Annað	59 405	
1 04	**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**			674 358
	101—102	Yfirstjórn	11 479	
	202—283	Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	354 821	
	301—399	Heilbrigðismál	224 881	
	401—473	Þjóðkirkjan	61 177	
	566—981	Annað	22 000	
1 05	**Félagsmálaráðuneytið**			2 681 982
	101	Yfirstjórn	4 763	
	270—272	Almannatryggingar	2 256 200	
	371—372	Húsnæðismál	263 206	
	601—999	Önnur félagsmál	157 813	
1 06	**Fjármálaráðuneytið**			418 064
	101—104	Yfirstjórn	24 048	
	201—282	Toll- og skattheimta	137 067	
	381—384	Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	64 562	
	402—999	Annað	192 387	
		Flutt		6 339 104

3. gr.

Árið 1970 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

reikningur.

1 Tekjur:

			Þús. kr.	Þús. kr.
1 1		**Skattar.**		
		Beinir skattar.		
		Persónuskattar		**601 611**
1 11 0		**Iðgjöld lífeyristrygginga:**		
1 11 01		Almannatryggingagjald	337 500	
1 11 02		Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	146 800	
1 11 1		Slysa- og atvinnuleysistryggingagjöld:		
1 11 11		Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum	55 000	
1 11 12		Iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs	53 000	
1 11 9		**Aðrir skattar:**		
1 11 91		Námsbókagjald	9 311	
		Eignarskattar		**148 087**
1 12 0		**Eignarskattar, alm.:**		
1 12 01		Eignarskattur einstaklinga	105 400	
1 12 02		Byggingasjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga	1 054	
1 12 03		Eignarskattur félaga	33 300	
1 12 04		Byggingasjóðsgjald af eignarskatti félaga	333	
1 12 1		**Erfðafjárskattur:**		
1 12 11		Erfðafjárskattur	8 000	
		Tekjuskattar		**762 550**
1 13 0		**Tekjuskattar:**		
1 13 01		Tekjuskattur einstaklinga	669 100	
1 13 02		Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga	6 691	
1 13 03		Tekjuskattur félaga	85 900	
1 13 04		Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti félaga	859	
		Óbeinir skattar.		
		Gjöld af innflutningi		**3 127 169**
1 15 0		**Aðflutningsgjöld:**		
1 15 01		Aðflutningsgjöld 2 684 211		
		Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 134 211		
			2 550 000	
1 15 02		Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum	34 000	
1 15 03		Byggingariðnaðarsjóðsgjald	2 400	
1 15 04		Tollstöðvargjald	13 413	
1 15 05		Byggingasjóðsgjald af innflutningi	13 413	
		Flutt		**4 639 417**

Rekstrar-

0 Gjöld:

			Þús. kr.	Þús. kr.
		Flutt		6 339 104
1 07	**Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið**			1 056 594
	101	Yfirstjórn	4 223	
	211	Vegamál	584 737	
	321—374	Önnur samgöngumál	423 716	
	400—499	Iðnaðarmál	34 000	
	569—582	Annað	9 918	
1 08	**Viðskiptaráðuneytið**			568 658
	101	Yfirstjórn	6 040	
	201	Niðurgreiðslur	552 000	
	902—999	Annað	10 618	
1 09	**Hagstofa Íslands**			10 696
1 10	**Ríkisendurskoðun**			10 127
		Flutt		7 985 179

reikningur.

1 Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		4 639 417
1 15 1	**Innflutningsgjöld af benzíni og gúmmígjald:**		
1 15 11	Innflutningsgjald af benzíni	405 200	
1 15 12	Gúmmígjald	47 600	
1 15 2	**Innflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum:**		
1 15 21	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	50 000	
1 15 8	**Hagnaður af sölu varnarliðseigna:**		
1 15 81	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	11 143	
	Skattar af framleiðslu		127 900
1 16 0	**Gjöld af innlendum tollvörum:**		
1 16 01	Gjald af innlendum tollvörum	70 900	
1 16 02	Sælgætisgjald	3 200	
1 16 03	Flöskugjald	23 800	
1 16 04	Álgjald	30 000	
	Skattar af seldum vörum og þjónustu		2 687 988
1 17 0	**Söluskattur:**		
1 17 01	Söluskattur 1 784 500		
	Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 142 760		
		1 641 740	
1 17 1	**Skemmtanaskattur:**		
1 17 11	Miðagjald til Menningarsjóðs	2 500	
1 17 12	Skemmtanaskattur	19 800	
1 17 2	**Launaskattur:**		
1 17 21	Launaskattur	167 000	
1 17 3	**Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.:**		
1 17 31	Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.	812 000	
1 17 32	Gjald af seldum vindlingum	12 500	
1 17 33	Gjald af seldum eldspýtum	1 700	
1 17 5	**Gjöld af útfluttum sjávarafurðum:**		
1 17 51	Síldargjald	3 500	
1 17 52	Ferskfiskmatsgjald	11 200	
1 17 53	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	10 500	
1 17 54	Síldarmatsgjald	45	
1 17 55	Síldarsölugjald	3	
1 17 9	**Aðrir skattar:**		
1 17 91	Iðnaðargjald	3 300	
1 17 92	Sérleyfisgjald	2 000	
1 17 93	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	200	
	Aðrir óbeinir skattar		534 967
1 19 0	**Aukatekjur og stimpilgjald:**		
1 19 01	Stimpilgjald	117 500	
1 19 02	Aukatekjur	32 000	
1 19 03	Þinglýsingar	41 000	
	Flutt		7 990 272

Rekstrar-

0 Gjöld:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Flutt		7 985 179

Gjöld samtals	7 985 179
Tekjur umfram gjöld	96 968
Samtals	**8 082 147**

reikningur.

1 Tekjur:

			Þús. kr.	Þús. kr.
		Flutt		7 990 272
1 19 1		Ýmsir skattar af bifreiðum:		
1 19 11		Bifreiðaskattur	130 800	
1 19 12		Bifreiðaskattur vegna hægri umferðar	15 200	
1 19 13		Skrásetningargjald bifreiða	3 700	
1 19 14		Skoðunargjald bifreiða	5 900	
1 19 15		Veggjald	16 500	
1 19 2		Ýmsir skattar af skipum:		
1 19 21		Lestagjald	1 300	
1 19 22		Vitagjald	3 500	
1 19 23		Skipaskoðunargjald	2 500	
1 19 3		Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:		
1 19 32		Hluti af umboðsþóknun og gengismun viðskiptabankanna	59 000	
1 19 33		Leyfisgjald	4 800	
1 19 9		Aðrir óbeinir skattar:		
1 19 90		Verðjöfnunargjald	70 000	
1 19 91		Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	6 000	
1 19 92		Skipulagsgjald	8 600	
1 19 93		Rafmagnseftirlitsgjald	9 400	
1 19 94		Einkaleyfisgjald frá Happdrætti H. Í.	5 000	
1 19 95		Prófgjald bifreiðastjóra	980	
1 19 96		Prófgjald iðnnema	850	
1 19 97		Rafstöðvagjald	30	
1 19 98		Sérlyfjagjald	400	
1 19 99		Hvalveiðigjald	7	
1 2		**Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings**		55 858
1 21 0		Arðgreiðslur frá B-hluta stofnunum:		
1 21 01		Afgjöld ríkisjarða	450	
1 21 02		Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	42 607	
1 21 03		Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	550	
1 21 04		Fríhöfnin, Keflavíkurflugvelli	12 251	
1 3		**Ýmsar tekjur**		36 017
1 31 0		Vextir og arður af hlutabréfum:		
1 31 01		Vextir	16 000	
1 31 02		Arður af hlutabréfum	300	
1 39 0		Ýmsar tekjur:		
1 39 02		Sameignir ríkisins	2 667	
1 39 03		Yfirverð líknarfrímerkja	50	
1 39 04		Samúðarskeyti Landssímans	1 700	
1 39 05		Sektir og upptækar vörur til Menningarsjóðs	1 600	
1 39 06		Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	13 000	
1 39 07		Ýmsar óvissar tekjur	700	
		Tekjur samtals		8 082 147

4. gr.

1 00 Æðsta stjórn ríkisins.

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Embætti forseta Íslands:**			
	0 10	Laun	2 405	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	2 136	
	0 27	Viðhald	850	
		Gjöld samtals		5 391
201	**Alþingi:**			
	0 10	Laun	36 494	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	20 580	
		Gjöld samtals		57 074
	Viðfangsefni:			
	02	Þingfararkaup alþingismanna	23 438	
	03	Skrifstofu- og alþingiskostnaður	25 447	
	04	Rekstrarkostnaður fasteigna	2 600	
	05	Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	5 000	
	06	Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings	309	
	07	Til útgáfu Alþingishátíðarkantötu dr. Páls Ísólfssonar	280	
		Gjöld samtals	57 074	
301	**Ríkisstjórn:**			
	0 10	Laun	3 035	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	682	
		Gjöld samtals		3 717
401	**Hæstiréttur:**			
	0 10	Laun	2 012	
		Gjöld samtals		2 012
			Samtals	68 194

1 01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið.

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Forsætis- og menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa:**			
	0 10	Laun	9 854	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	8 528	
	0 27	Viðhald	700	
		Gjöld samtals		19 082
		Viðfangsefni:		
	01	Yfirstjórn	10 765	
	02	Fræðileg rannsókn á skólakerfinu	2 503	
	03	Byggingadeild	2 649	
	04	Fjármáladeild	1 145	
	05	Sérstök verkefni Efnahagsstofnunar á sviði menntamála	410	
	06	Viðhald Stjórnarráðshúss og ráðherrabústaðar á Þingvöllum	700	
	07	Fálkaorðan	160	
	08	Þjóðhátíð 1974	750	
		Gjöld samtals	19 082	
102	**Efnahagsstofnunin:**			
	0 10	Laun	1 896	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	1 200	
	0 27	Viðhald	150	
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	200	
		Gjöld samtals		3 446
201	**Háskóli Íslands:**			
	0 10	Laun	45 563	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	10 803	
	0 27	Viðhald	37	
	0 70	Vextir	42	
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	3 888	
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 94	Til einstaklinga, heimila og samtaka	200	
		Gjöld samtals	60 533	
	1 00	Tekjur	150	
		Mismunur		60 383

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Viðfangsefni:		
01	Yfirstjórn	4 170	
02	Guðfræðideild	1 727	
03	Læknadeild	11 402	
04	Tannlækningar	6 989	
05	Lyfjafræði lyfsala	1 054	
06	Lagadeild	2 648	
07	Viðskiptadeild	2 178	
08	Heimspekideild	7 830	
09	Verkfræðideild	7 373	
10	Bókasafn	2 668	
11	Íþróttakennsla	1 292	
12	Rekstur fasteigna	6 332	
13	Sameiginleg útgjöld	4 870	
	Gjöld samtals	60 533	

202 Tilraunastöð Háskólans á Keldum:

0 10	Laun	5 677	
0 20	Önnur rekstrargjöld	14 075	
0 27	Viðhald	900	
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	900	
	Gjöld samtals	21 552	
1 00	Tekjur	15 915	
	Mismunur		5 637

203 Raunvísindastofnun Háskólans:

0 10	Laun	7 576	
0 20	Önnur rekstrargjöld	3 369	
0 27	Viðhald	625	
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	600	
	Gjöld samtals	12 170	
1 00	Tekjur	220	
	Mismunur		11 950
	Viðfangsefni:		
01	Yfirstjórn	3 072	
02	Rannsóknastofa í stærðfræði	1 069	
03	Rannsóknastofa í eðlisfræði	3 347	
04	Rannsóknastofa í efnafræði	1 200	
05	Rannsóknastofa í jarðvísindum	3 482	
	Gjöld samtals	12 170	

205 Handritastofnun Íslands:

0 10	Laun	2 229	
0 20	Önnur rekstrargjöld	324	
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	3 800	
	Gjöld samtals		6 353

			Þús. kr.	Þús. kr.
206	**Orðabók Háskólans:**			
0 10	Laun		1 490	
0 20	Önnur rekstrargjöld		70	
	Gjöld samtals			1 560
231	**Náttúrufræðistofnun Íslands:**			
0 10	Laun		2 715	
0 20	Önnur rekstrargjöld		1 251	
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður		65	
	Gjöld samtals			4 031
232	**Rannsóknaráð ríkisins:**			
0 10	Laun		893	
0 20	Önnur rekstrargjöld		2 800	
0 27	Viðhald		70	
	Gjöld samtals			3 763
	Viðfangsefni:			
01	Yfirstjórn		1 863	
02	Til frumathugana á nýtingu náttúruauðæfa landsins		1 700	
03	Þátttökugjald í Nordforsk		200	
	Gjöld samtals		3 763	
271	**Reiknistofnun Háskólans:**			
0 90	Yfirfærslur:			
0 91	Til fyrirtækja í B hluta		1 096	
	Gjöld samtals			1 096
276	**Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:**			
0 90	Yfirfærslur:			
0 91	Til fyrirtækja í B hluta		5 000	
	Gjöld samtals			5 000
301	**Menntaskólinn í Reykjavík:**			
0 10	Laun		21 195	
0 20	Önnur rekstrargjöld		2 987	
0 27	Viðhald		1 400	
0 70	Vextir		545	
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður		300	
	Gjöld samtals			26 427
3 00	Lánahreyfingar út		573	
302	**Menntaskólinn á Akureyri:**			
0 10	Laun		10 747	
0 20	Önnur rekstrargjöld		3 880	
0 27	Viðhald		1 100	
0 70	Vextir		615	
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður		1 500	
	Gjöld samtals			17 842
3 00	Lánahreyfingar út		479	

			Þús. kr.	Þús. kr.
303	**Menntaskólinn á Laugarvatni:**			
0	10	Laun	4 325	
0	20	Önnur rekstrargjöld	952	
0	27	Viðhald	700	
0	70	Vextir	862	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	9 500	
0	90	Yfirfærslur:		
0	94	Til einstaklinga, heimila og samtaka	25	
		Gjöld samtals		16 364
3	00	Lánahreyfingar út	750	
304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð:**			
0	10	Laun	13 709	
0	20	Önnur rekstrargjöld	4 086	
0	27	Viðhald	250	
0	70	Vextir	3 753	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	21 942	
		Gjöld samtals		43 740
3	00	Lánahreyfingar út	3 236	
305	**Menntaskóli á Ísafirði:**			
0	10	Laun	771	
0	20	Önnur rekstrargjöld	250	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 500	
		Gjöld samtals		3 521
306	**Menntaskóli á Austurlandi, byggingarstyrkur:**			
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 500	
		Gjöld samtals		2 500
307	**Menntaskólinn við Tjörnina:**			
0	10	Laun	4 462	
0	20	Önnur rekstrargjöld	3 060	
0	27	Viðhald	500	
		Gjöld samtals		8 022
321	**Kennaraskólinn:**			
0	10	Laun	24 025	
0	20	Önnur rekstrargjöld	4 436	
0	27	Viðhald	505	
0	70	Vextir	399	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	5 690	
		Gjöld samtals		35 055
3	00	Lánahreyfingar út	1 598	
322	**Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraskólans:**			
0	10	Laun	2 281	
0	20	Önnur rekstrargjöld	860	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	5 000	
		Gjöld samtals		8 141

			Þús. kr.	Þús. kr.
331	**Íþróttakennaraskóli Íslands:**			
0	10	Laun	933	
0	20	Önnur rekstrargjöld	530	
0	27	Viðhald	400	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	3 000	
		Gjöld samtals	4 863	
1	00	Tekjur	30	
		Mismunur		4 833
336	**Húsmæðrakennaraskóli Íslands:**			
0	10	Laun	1 214	
0	20	Önnur rekstrargjöld	545	
0	27	Viðhald	200	
		Gjöld samtals	1 959	
1	00	Tekjur	150	
		Mismunur		1 809
401	**Fræðslumálaskrifstofan:**			
0	10	Laun	4 504	
0	20	Önnur rekstrargjöld	4 443	
0	90	Yfirfærslur:		
0	92	Til sveitarfélaga	8 100	
		Gjöld samtals		17 047
		Viðfangsefni:		
	01	Yfirstjórn	5 276	
	02	Námsstjórar	1 827	
	07	Bókmenntakynning í skólum	143	
	08	Miðskólapróf í bóknámsdeild, landspróf	500	
	09	Námsflokkar	250	
	11	Eftirlit með veikindaforföllum	16	
	12	Til framkvæmdar sundskyldu í skólum	7 000	
	13	Til skíðakennslu í barnaskólum	120	
	14	Til skíðakennslu í gagnfræðaskólum	180	
	16	Til fyrrv. barnakennara eftir tillögum fræðslumálastjóra	105	
	18	Til fræðslumyndasafns ríkisins samkvæmt lögum nr. 49/1967	1 080	
	19	Til unglingafræðslu eftir tillögum fræðslumálastjóra	550	
		Gjöld samtals	17 047	
402	**Fjármálaeftirlit skóla:**			
0	10	Laun	1 025	
0	20	Önnur rekstrargjöld	316	
		Gjöld samtals		1 341

			Þús. kr.	Þús. kr.
421	**Fræðslumyndasafn:**			
0	10	Laun	852	
0	20	Önnur rekstrargjöld	700	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 600	
		Gjöld samtals	3 152	
1	00	Tekjur	1 080	
		Mismunur		2 072
422	**Ríkisútgáfa námsbóka:**			
0	10	Laun	3 433	
0	20	Önnur rekstrargjöld	12 164	
0	27	Viðhald	95	
0	70	Vextir	205	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	250	
		Gjöld samtals	16 147	
1	00	Tekjur	2 500	
		Mismunur		13 647
3	00	Lánahreyfingar út	320	
		Viðfangsefni:		
	02	Skrifstofa	3 135	
	03	Bókaútgáfa	13 012	
		Gjöld samtals	16 147	
431	**Iðnfræðsluráð:**			
0	10	Laun	1 130	
0	20	Önnur rekstrargjöld	540	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	50	
0	90	Yfirfærslur:		
0	94	Til einstaklinga, heimila og samtaka	150	
		Gjöld samtals		1 870
501	**Tækniskólinn:**			
0	10	Laun	5 035	
0	20	Önnur rekstrargjöld	1 300	
0	27	Viðhald	75	
0	70	Vextir	176	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	50	
		Gjöld samtals	6 636	
1	00	Tekjur	300	
		Mismunur		6 336
3	00	Lánahreyfingar út	287	
		Viðfangsefni:		
	02	Tækniskólinn í Reykjavík	5 878	
	03	Undirbúningsdeild á Akureyri	758	
		Gjöld samtals	6 636	

			Þús. kr.	Þús. kr.
506	**Vélskólinn:**			
0	10	Laun	4 910	
0	20	Önnur rekstrargjöld	3 865	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	555	
		Gjöld samtals		9 330
		Viðfangsefni:		
	01	Yfirstjórn	474	
	02	Bókleg kennsla	1 363	
	03	Verkleg kennsla og smíðar	2 837	
	04	Námskeið utan Reykjavíkur	1 600	
	05	Ósundurliðað	3 056	
		Gjöld samtals	9 330	
514	**Iðnskólinn í Reykjavík:**			
0	10	Laun	11 375	
0	27	Viðhald	501	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	300	
		Gjöld samtals		12 176
515	**Iðnskólar utan Reykjavíkur:**			
0	10	Laun	7 084	
0	20	Önnur rekstrargjöld	613	
0	27	Viðhald	257	
		Gjöld samtals		7 954
516	**Iðnskólar almennt:**			
0	10	Laun	314	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	7 200	
		Gjöld samtals		7 514
521	**Hjúkrunarskóli Íslands:**			
0	10	Laun	9 927	
0	20	Önnur rekstrargjöld	3 281	
0	27	Viðhald	400	
0	70	Vextir	324	
		Gjöld samtals	13 932	
1	00	Tekjur	2 200	
		Mismunur		11 732
3	00	Lánahreyfingar út	242	
541	**Húsmæðraskólinn í Reykjavík:**			
0	10	Laun	1 819	
0	20	Önnur rekstrargjöld	375	
0	27	Viðhald	900	
		Gjöld samtals		3 094

			Þús. kr.	Þús. kr.
542	**Húsmæðraskólinn á Ísafirði:**			
0	10	Laun	951	
0	20	Önnur rekstrargjöld	396	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	300	
		Gjöld samtals		1 647
543	**Húsmæðraskólinn á Akureyri:**			
0	10	Laun	371	
0	20	Önnur rekstrargjöld	475	
		Gjöld samtals		846
544	**Húsmæðraskólar í kaupstöðum almennt:**			
0	10	Laun	215	
		Gjöld samtals		215
561	**Myndlista- og handíðaskólinn:**			
0	10	Laun	1 904	
0	20	Önnur rekstrargjöld	741	
0	27	Viðhald	50	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	250	
		Gjöld samtals	2 945	
1	00	Tekjur	200	
		Mismunur		2 745
601	**Héraðsskólinn í Reykholti:**			
0	10	Laun	2 463	
0	20	Önnur rekstrargjöld	735	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 150	
		Gjöld samtals	4 348	
1	00	Tekjur	200	
		Mismunur		4 148
602	**Héraðsskólinn á Núpi:**			
0	10	Laun	2 279	
0	20	Önnur rekstrargjöld	1 608	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	5 700	
		Gjöld samtals	9 587	
1	00	Tekjur	375	
		Mismunur		9 212
603	**Héraðsskólinn í Reykjanesi:**			
0	10	Laun	2 169	
0	20	Önnur rekstrargjöld	611	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 800	
		Gjöld samtals	5 580	
1	00	Tekjur	145	
		Mismunur		5 435

			Þús. kr.	Þús. kr.
604	**Héraðsskólinn á Reykjum:**			
0	10	Laun	2 396	
0	20	Önnur rekstrargjöld	671	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	3 100	
		Gjöld samtals	6 167	
1	00	Tekjur	200	
		Mismunur		5 967
605	**Alþýðuskólinn á Eiðum:**			
0	10	Laun	2 825	
0	20	Önnur rekstrargjöld	1 685	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 750	
		Gjöld samtals	7 260	
1	00	Tekjur	470	
		Mismunur		6 790
3	00	Lánahreyfingar út	115	
606	**Héraðsskólinn í Skógum:**			
0	10	Laun	2 138	
0	20	Önnur rekstrargjöld	1 040	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 200	
		Gjöld samtals	4 378	
1	00	Tekjur	400	
		Mismunur		3 978
607	**Héraðsskólinn á Laugarvatni:**			
0	10	Laun	2 640	
0	20	Önnur rekstrargjöld	600	
		Gjöld samtals	3 240	
1	00	Tekjur	200	
		Mismunur		3 040
608	**Héraðsskólar, almennt:**			
0	27	Viðhald	6 930	
		Gjöld samtals		6 930
611	**Gagnfræðaskólar Reykjavíkur:**			
0	10	Laun	73 477	
0	20	Önnur rekstrargjöld	3 540	
0	27	Viðhald	7 700	
		Gjöld samtals		84 717
612	**Gagnfræðaskólar Kópavogs:**			
0	10	Laun	11 507	
0	20	Önnur rekstrargjöld	363	
0	27	Viðhald	735	
		Gjöld samtals		12 605

			Þús. kr.	Þús. kr.
613	**Gagnfræðaskólar Hafnarfjarðar:**			
0	10	Laun	8 975	
0	20	Önnur rekstrargjöld	54	
0	27	Viðhald	265	
		Gjöld samtals		9 294
614	**Gagnfræðaskólinn Keflavík:**			
19.	Við 4. gr. 1 03 286 04 Landþurrkun. Sundurliðun í sérstöku yfirliti orðast þannig: **Landþurrkun (03 286 04).** 1. Í Austur-Landeyjum ..... 50 2. Í Vestur-Landeyjum ..... 50 3. Í Leiðvallarhreppi ..... 80 4. Í Út-Hjaltastaðaþinghá ..... 50 5. Lónaengi ..... 150 6. Háfsósar 100	480
20.	Við 4. gr. 1 03 299 13 Efnarannsóknastofa Norðurlands. Fyrir „150“ kemur	250
21.	Við 4. gr. 1 03 374 Aflatryggingasjóður 04 Áhafnadeild. Fyrir „10 000“ kemur	15 000
22.	Við 4. gr. 1 03 531 Bændaskólinn á Hvanneyri 0 20 Önnur rekstrargjöld Fyrir „1 450“ kemur	1 600
23.	Við 4. gr. 1 03 533 Garðyrkjuskólinn á Reykjum 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „1 800“ kemur	2 300
24.	Við 4. gr. 1 03 581 01 Til Verzlunarskóla Íslands. Fyrir „4 190“ kemur	4 666
25.	Við 4. gr. 1 04 382 Fávitar, framfærsla. Fyrir „44 401“ kemur	48 901
26.	Við 4. gr. 1 04 471 Kirkjubyggingasjóður. Fyrir „1 500“ kemur	2 000
27.	Við 4. gr. 1 05 973 Framlag til atvinnujöfnunarsjóðs. Fyrir „45 000“ kemur	75 000
28.	Við 4. gr. 1 05 981. Nýr liður: 14 Til Norræna lýðháskólans í Genf	120
29.	Við 4. gr. 1 06 382 Eftirlaun samkvæmt launalögum. Fyrir „1 624“ kemur	2 100
30.	Við 4 gr. 1 06 383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn 0 10 Laun. Fyrir „6 076“ kemur ..... Sundurliðun í sérstöku yfirliti er aftast í þessu þingskjali.	7 329
31.	Við 4. gr. 1 06 384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur og börn 0 10 Laun. Fyrir „4 462“ kemur ..... Sundurliðun í sérstöku yfirliti er aftast í þessu þingskjali.	5 036
32.	Við 4. gr. 1 07 211 Vegagerð 0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka. Fyrir „937“ kemur	1 022
33.	Við 4. gr. 1 07 332 05 Vitabyggingar. Fyrir 1 600“ kemur	2 600
34.	Við 4. gr. 1 07. Nýr liður: 406 **Iðnþróunarsjóður:** 0 90 Yfirfærslur: 0 93 Til fyrirtækja og atvinnuvega ..... 11 000 Gjöld samtals	11 000
35.	Við 4. gr. 1 07 499. Nýr liður: 07 Til að stuðla að nýjungum í iðnaði	2 500
36.	Við 4. gr. 1 08 201 Niðurgreiðslur á vöruverði. Fyrir „552 000“ kemur	582 000
37.	Við 6. gr. Aftan við greinina bætast nýir liðir: a. Að ábyrgjast allt að 40 millj. kr. lán fyrir Byggingarsjóð verkamanna. b. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir Orkusjóð til jarðborana á Krýsuvíkur- og Tröllladyngjusvæðinu.	

c. Að gera makaskipti við Reykjavíkurborg á lóðum í Reykjavík þannig, að ríkisstjórnin afsalar Reykjavíkurborg lóð þeirri, sem er eign ríkisins á svæði, sem afmarkast af Hverfisgötu, Ingólfsstræti, Sölvhólsgötu og Kalkofnsvegi (Arnarhóli), rúml. 10 þús. m² að stærð, sneið af lóð stjórnarráðsins við Lækjartorg, um 965 m² að stærð, og sneiðum af lóðum Landsbókasafnsins og Þjóðleikhússins í samræmi við staðfest skipulag Hverfisgötu, um 270 m² að stærð. Á móti afsalar Reykjavíkurborg til ríkisstjórnarinnar lóð, um 38 þús. m² að stærð, til viðauka við núverandi eignarlóð Landspítalans, og er sú viðbótarlóð innan landssvæðis, sem markast af Hringbraut, Miklatorgi, Snorrabraut, Eiríksgötu og Barónsstíg.

d. Að heimila, að fengnum meðmælum fjárveitinganefndar, byrjunarframkvæmdir við barnaskóla á Akureyri, í Vestmannaeyjum og við gagnfræðaskóla í Neskaupstað, ef ósk kemur um það frá hlutaðeigandi sveitarfélögum.

Skipting lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár.

06 382 Samkvæmt launalögum ..... kr. 2 100 000

Samtals kr. 2 100 000

		Kr.	Kr.
06 383	Embættismenn og aðrir starfsmenn:		
	Aðalheiður Níelsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Aðalheiður Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Aðalsteinn Jakobsson, fyrrv. næturvörður	40 407	
	Ágúst Kvaran	67 344	
	Ágúst Ólafsson, póstur	16 161	
	Alfons Gíslason, fyrrv. símstjóri	40 407	
	Andrés Eyjólfsson, fyrrv. skjalavörður og alþm. ..	80 927	
	Anna Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Ari Sigurbjörnsson, fyrrv. póstur	16 161	
	Arnbjörg Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	15 703	
	Arndís Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Arndís Þorsteinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Árni Vilhjálmsson, fyrrv. erindreki	32 325	
	Arnkell Bjarnason, fyrrv. póstur	16 161	
	Ása Ásmundsdóttir	40 407	
	Ásgeir Guðmundsson frá Æðey	32 325	
	Áskell Snorrason, fyrrv. söngkennari	45 857	
	Axel Jóhannsson, fyrrv. yfirfiskmatsmaður	32 325	
	Benedikt Benjamínsson, fyrrv. póstur	16 832	
	Benedikt Gíslason	80 811	
	Benjamín Sigvaldason, fyrrv. kjötmatsmaður	16 161	
	Bergsveinn Jónsson, fyrrv. hafnsögumaður	31 406	
	Bjarni Bjarnason, fyrrv. söngkennari	32 325	
	Bjarni Sigurðsson, fyrrv. póstur	16 161	
	Bjarni Þorsteinsson	21 550	
	Björg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Björg Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Björgúlfur Ólafsson	39 258	
	Björn Einarsson	68 312	
	Björn Kristjánsson, fyrrv. póst- og símaafgrm. ..	40 437	
	Björn Stefánsson, fyrrv. póstur	16 161	
	Björn Vigfússon, fyrrv. lögregluþjónn	40 407	
	Brynjólfur Bjarnason, fyrrv. ráðherra	96 974	

	Kr.	Kr.
Böðvar Pálsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	31 406	
Eggert Konráðsson, fyrrv. póstur	16 161	
Egill Jónsson, fyrrv. símamaður	45 411	
Einar Einarsson, fyrrv. skipherra	64 742	
Einar Eiríksson	26 937	
Einar G. Eyjólfsson, fyrrv. fiskmatsmaður	26 937	
Einar Jóhannsson, fyrrv. póstur	21 550	
Einar Steindórsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	31 406	
Eiríkur Albertsson, fyrrv. sóknarprestur, biðlaun	131 893	
Elín Jóhannesdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	26 937	
Elínborg Brynjólfsdóttir, fyrrv. matráðskona	40 177	
Elísabet Eiríksdóttir, fyrrv. kennslukona	26 974	
Elísabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari	21 342	
Emilía Jónasdóttir, leikkona	32 325	
Eyjólfur Hallfreðsson, fyrrv. póstur	21 550	
Eyjólfur Hannesson, fyrrv. símstjóri	53 874	
Finnur Thorlacius, fyrrv. kennari	40 407	
Fríða Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Gísli Kristjánsson, fyrrv. starfsm. við tollgæzlu	32 325	
Gísli Sigurðsson	26 937	
Guðbjörg Kristinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	21 550	
Guðbrandur Benediktsson	26 172	
Guðfríður Jóhannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur	16 161	
Guðjón Sigurjónsson, fyrrv. þingvörður	32 059	
Guðjóna Brynhildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur	17 151	
Guðmundur Árnason, fyrrv. póstur	21 550	
Guðmundur B. Árnason, fyrrv. bréfberi	16 161	
Guðmundur Benónýsson, fyrrv. fiskmatsmaður	16 161	
Guðmundur Guðjónsson	48 488	
Guðmundur Guðmundsson, fyrrv. símstjóri	32 325	
Guðmundur Gíslason Hagalín, fyrrv. bókafulltrúi	51 383	
Guðmundur Jónsson	53 875	
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur	16 161	
Guðrún Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Gunnar Andrew Jóhannesson	53 875	
Gunnar Jóhannsson, fyrrv. alþm.	67 344	
Gunnlaugur Jóhannesson, fyrrv. vitavörður	16 161	
H. J. Hólmjárn	65 429	
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur	16 161	
Hálfdán Björnsson	32 325	
Halldór Hansen, læknir	61 658	
Halldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri	70 136	
Halldóra Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	21 550	
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fyrrv. póstur	16 161	
Hannes Einarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	32 325	
Helgi Ágústsson	53 875	
Helgi Ívarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	26 937	
Helgi Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	16 161	
Helgi Kjartansson	26 172	
Helgi Tryggvason, bókbindari	32 325	
Herdís Finnbogadóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	

	Kr.	Kr.
Herdís Guðmundsdóttir, fyrrv. handavinnukennari	32 325	
Hermína Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Hólmfríður Jónsdóttir, fyrrv. kennari	32 325	
Inga Nielsen Beck, fyrrv. símstöðvarstjóri	23 375	
Ingibjörg V. Filippusdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. kennari	53 875	
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Ingibjörg Pétursdóttir	69 774	
Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	29 226	
Ingiríður Helgadóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Ingólfur Árnason, fyrrv. póstur	21 550	
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héðaðslæknir, biðlaun	210 917	
Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Jakob Jóh. Smári, fyrrv. adjunkt, biðlaun	157 641	
Jóhann Gunnarsson, fyrrv. rafstöðvarstjóri	32 325	
Jóhann Jónsson, fyrrv. starfsm. Vífilsstaðahælis	26 937	
Jóhann Jósefsson, fyrrv. starfsm. vitamálastj.	31 406	
Jóhanna Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Jóhannes Þorgrímsson, fyrrv. kennari	32 325	
Jón Árnason, fyrrv. fiskmatsmaður	16 161	
Jón Bóasson, fyrrv. póstur	16 161	
Jón Guðmundsson, fyrrv. skrifstofustj., biðlaun	236 101	
Jón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður, Dalvík	16 161	
Jón G. Jónsson	32 325	
Jón Kerúlf, fyrrv. tollgæzlumaður	32 325	
Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður	53 874	
Jón Stefánsson	40 407	
Jón Sumarliðason	39 258	
Jóna Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	16 161	
Jónas Gunnlaugsson, fyrrv. póstur	16 161	
Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona	16 161	
Jósep Kristjánsson, fyrrv. símstöðvarstjóri	40 437	
Júlíana Sigurðardóttir, fyrrv. símaafgreiðslukona	80 811	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur	16 161	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur, Mosfelli	15 703	
Karl Árnason, fyrrv. póstur	21 550	
Karl Indriðason, fyrrv. fiskmatsmaður	21 550	
Kjartan Jóhannesson, fyrrv. söngkennari	40 407	
Kjartan Ólafsson	96 974	
Klara Guðmundsdóttir	40 407	
Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Kristín Ingileifsdóttir	47 351	
Kristín L. Sigurðardóttir, fyrrv. alþm.	67 344	
Kristinn Jónsson	32 325	
Kristinn Kristjánsson, Nýhöfn	35 972	
Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri	31 509	
Kristján Albertsson, rithöfundur	51 383	
Kristján Jónsson frá Garðsstöðum	32 325	
Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. póstur	16 161	
Kristólína Kragh, fyrrv. hárgreiðslukona	21 550	
Lilja Sigurðardóttir	32 325	

	Kr.	Kr.
Lúðvík R. Kemp	64 649	
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Magnús Guðmundsson, fyrrv. þingvörður	18 857	
Magnús Magnússon, rithöfundur	32 325	
Margrét Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	21 550	
Margrét Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	21 550	
Margrét Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	21 550	
María Einarsdóttir, fyrrv. matráðskona	32 325	
Maria Markan, óperusöngkona	51 383	
María Sigurðardóttir, fyrrv. starfsk. Alþingis	16 161	
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Njáll Friðbjörnsson, fyrrv. póstur	16 161	
Oddný Högnadóttir, fyrrv. ráðskona	32 325	
Oddný Wíum	16 161	
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	21 583	
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður	26 937	
Ólafur Guðmundsson	32 325	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis	64 649	
Ólafur Þorsteinsson, læknir	25 692	
Ólafur Þorvaldsson, fyrrv. starfsm. Alþingis	72 731	
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Páll Ólafsson, fyrrv. ræðismaður	25 692	
Páll Pálsson	40 407	
Páll Sigurjónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	16 161	
Pétur Jónsson, fyrrv. vegavinnuverkstjóri	26 937	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	26 976	
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	58 446	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	24 244	
Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	40 407	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	21 550	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	53 157	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	26 937	
Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	21 550	
Sigríður Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	32 325	
Sigríður Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	29 226	
Sigríður Tómasdóttir, fyrrv. ráðskona	31 406	
Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Sigtryggur Jónsson, fyrrv. hreppstjóri	40 406	
Sigurborg Kristjánsdóttir, fyrrv. kennari	35 969	
Sigurður Greipsson	65 426	
Sigurður Hjartarson, fyrrv. póstur	21 550	
Sigurður Nordal, prófessor	65 030	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	16 161	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	32 325	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	26 937	
Sigurlás Nikulásson	64 649	
Sigurpáll Þorsteinsson, fyrrv. póstur	15 703	
Sigursteinn Steinþórsson	40 407	
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	16 161	

		Kr.	Kr.
	Stefanía Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Steindór Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður	21 550	
	Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður	39 258	
	Steinunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Svava Jónsdóttir, fyrrv. leikkona	21 550	
	Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	16 161	
	Sölvína Konráðsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	16 161	
	Torfi Hermannsson, fyrrv. starfsm. Kleppsspítala	26 937	
	Tryggvi Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður	16 161	
	Valdimar Björnsson, fyrrv. fiskmatsmaður	21 550	
	Valgerður Kristjánsdóttir	16 161	
	Valves Kárason, fyrrv. fiskmatsmaður	32 325	
	Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	16 161	
	Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Vilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgr.m.	53 875	
	Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Þorbergur Þorvaldsson, fyrrv. póstur	24 244	
	Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Þórður Benediktsson	78 515	
	Þorlákur Stefánsson	32 325	
	Þorleifur Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	26 937	
	Þorsteinn Baldvinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	32 325	
	Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskmatsmaður	16 161	
	Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	32 325	
	Samtals		7 329 266
06 384	Ekkjur:		
	Aðalbjörg Sigurðardóttir	41 031	
	Agnethe Kamban	69 678	
	Ágústa Högnadóttir	15 703	
	Ágústa Sigurðardóttir	26 937	
	Anna Jakobína Árnadóttir	15 703	
	Anna Ólafsdóttir	17 533	
	Anna Þuríður Sæmundsdóttir	21 550	
	Anna Tómasdóttir	32 325	
	Árný Stígsdóttir	16 161	
	Arnþrúður Daníelsdóttir	17 533	
	Áslaug Nielsen	39 258	
	Ásta Jónsdóttir	91 818	
	Ásta Ólafsdóttir	32 325	
	Ástríður Eggertsdóttir	26 937	
	Ástríður Magnúsdóttir	16 161	
	Björg Jónasdóttir	23 986	
	Bryndís Þórarinsdóttir	36 595	
	Dagbjört Guðjónsdóttir	25 692	
	Dóra Þórarinsdóttir	39 258	
	Elín Einarsdóttir	48 488	
	Erla Stefánsson	64 649	
	Eufemía Ólafsdóttir	67 344	
	Fjóla Kristjánsdóttir	25 692	
	Fríða Hlíðdal	116 778	
	Guðbjörg Erlendsdóttir	32 325	

	Kr.	kr.
Guðbjörg Guðmundsdóttir	26 937	
Guðbjörg Kristjánsdóttir	41 031	
Guðfinna Blöndal	64 649	
Guðlaug Magnúsdóttir	68 280	
Guðný Halldórsdóttir	32 325	
Guðný Sigurðardóttir	26 937	
Guðný Vigfúsdóttir	32 325	
Guðríður Sigurðardóttir	16 161	
Guðrún Guðnadóttir	26 937	
Guðrún Jóhannesdóttir	16 161	
Guðrún P. Jónsdóttir	41 031	
Guðrún Pálsdóttir	37 712	
Guðrún Ragúels	16 161	
Halldóra Þórðardóttir	20 518	
Helga Friðbjarnardóttir	32 325	
Helga Hinriksdóttir	26 937	
Helga Pétursdóttir	40 407	
Hildur Blöndal	102 534	
Hildur Sívertsen	67 344	
Hjaltlína Guðjónsdóttir	40 407	
Hólmfríður Guðmundsdóttir	64 649	
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	32 325	
Hulda Þ. Björnæs	32 370	
Indína Sturludóttir	40 407	
Ingibjörg Björnsdóttir	21 342	
Ingibjörg Gamalíelsdóttir	40 407	
Ingibjörg Högnadóttir	16 161	
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	48 488	
Ingibjörg Karlsdóttir	66 961	
Ingunn Hlíðar	25 692	
Ingveldur Ólafsdóttir	16 161	
Jakobína Thorarensen	26 937	
Jóhanna Vigfúsdóttir	16 161	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	29 459	
Jónína Ásmundsdóttir	15 703	
Jónína Gissurardóttir	39 225	
Jónína Kristjánsdóttir	40 407	
Karen Louise Jónsson	40 407	
Katrín Ingibergsdóttir	29 459	
Katrín Sveinsdóttir	48 488	
Kolbrún Jónsdóttir	80 811	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	16 161	
Kristín Helgadóttir	15 703	
Kristín Pálmadóttir	32 325	
Kristín Pálsdóttir	26 937	
Kristjana Bjarnadóttir	15 703	
Kristjana G. Einarsdóttir	19 628	
Kristólína Kragh	16 161	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	25 883	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	21 550	
Lára Svansdóttir	16 161	
Lára M. Vigfúsdóttir	53 875	
Lelia Stefánsson	80 811	

	Kr.	kr.
Lilja H. Arndal	53 875	
Lilja Jörundsdóttir	32 325	
Lilja Steinsen	94 280	
Lovísa Sveinbjörnsson	107 100	
Lydia Einarsson	67 344	
Mabel Sigurjónsson	53 875	
Magdalena Ásgeirsdóttir	16 161	
Málfríður Bjarnadóttir	16 161	
Margrét Árnadóttir	40 407	
Margrét Björnsdóttir	20 554	
Margrét Eyjólfsdóttir	32 325	
Margrét Guðbrandsdóttir	48 488	
Margrét Jónasdóttir	67 344	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	65 426	
Margrét L. Lárusdóttir	16 161	
Marta Oddsdóttir	16 161	
Melitta Urbancic	25 692	
Ólafía Finnbogadóttir	16 161	
Olga E. Jónsson	30 493	
Ólöf Bjarnadóttir	42 691	
Petrína Ottesen	40 406	
Ragnheiður Hafstein	64 649	
Ragnheiður Konráðsdóttir	26 937	
Rósa Þórarinsdóttir	26 937	
Sigríður Árnadóttir	96 974	
Sigríður Bjarnason	68 515	
Sigríður Einarsson	105 205	
Sigríður Gísladóttir	16 161	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	52 018	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	17 151	
Sigríður Jónsdóttir, ekkja Þórh. Vilhjálmssonar	32 325	
Sigrún Sigurbjörnsdóttir	40 407	
Sigrún Thorarensen	21 550	
Sigurbjörg Jónsdóttir	16 291	
Sigurlaug Jónsdóttir	40 407	
Sigurlaug Sigurðardóttir	32 325	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	30 493	
Sólveig Eggerz	90 433	
Stefanía Stefánsdóttir	33 543	
Steinunn P. Eyjólfsson	18 178	
Steinunn Tómasdóttir	26 937	
Svanborg Jónsdóttir	15 727	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	26 937	
Sveindís Hansdóttir	16 161	
Unnur Skúladóttir	65 426	
Valgerður Helgadóttir	26 976	
Valgerður Ólafsdóttir	24 397	
Vigdís Guðmundsdóttir	32 325	
Þóra Magnúsdóttir	21 550	
Þóra Sigfúsdóttir	16 161	
Þóra Sigurðardóttir	16 161	
Þóra Skaftason	16 161	
Þorbjörg Kjartansdóttir	40 407	

	Kr.	kr.
Þorbjörg Leifs	32 325	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	24 244	
Þórey Jóhannsdóttir	16 161	
Þórhildur Sveinsdóttir	16 161	
Barnastyrkur:		
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16. júlí 1924, sjúklingur	16 161	
Samtals		5 035 804

Sþ. 177. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1970.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

	Þús. kr.
1. Við 5. gr. 2 05 271 Tryggingastofnun ríkisins.	
a. Við 0 94 — bótagreiðslur.	
Fyrir „1 428 500“ kemur	1 525 500
b. Við 1 80 Framlög úr ríkissjóði til lífeyristrygginga.	
Fyrir „690 900“ kemur	749 500
c. Við 1 80 Framlög tryggðra og atvinnurekenda.	
Fyrir „484 300“ kemur	511 900
d. Við 1 90 Framlög sveitarfélaga.	
Fyrir „192 300“ kemur	203 100
2. Við 5. gr. 2 07 322 Landshöfn, Þorlákshöfn.	
a. Við 0 70 Vextir.	
Fyrir „7 785“ kemur	8 200
b. Við 1 80 Framlög úr ríkissjóði.	
Fyrir „23 470“ kemur	24 700
c. Við 3 10 Afborgun lána.	
Fyrir „15 685“ kemur	16 500
d. Við 4 50 Ráðstöfun eigin fjár.	
Fyrir „15 685“ kemur	16 500
3. Við 5. gr. 2 07 323 Landshöfn, Keflavík, Njarðvík.	
a. Við 0 70 Vextir.	
Fyrir „7 600“ kemur	8 860
b. Við 1 80 Framlög úr ríkissjóði.	
Fyrir „13 200“ kemur	14 200
c. Við 3 10 Afborgun lána.	
Fyrir „7 460“ kemur	7 200
d. Við 4 50 Ráðstöfun eigin fjár.	
Fyrir „6 960“ kemur	6 700
4. Við 5. gr. 2 07 324 Landshöfn, Rifi.	
a. Við 0 70 Vextir.	
Fyrir „4 730“ kemur	5 330
b. Við 1 80 Framlög úr ríkissjóði.	
Fyrir „8 830“ kemur	9 600

Þús. kr.

c. Við 3 10 Afborgun lána.
Fyrir „4 000“ kemur 4 200
d. Við 4 50 Ráðstöfun eigin fjár.
Fyrir „4 000“ kemur 4 200
5. Við 5. gr. 2 07 371 Flugmálastjórn.
a. Við 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „31 787“ kemur 33 687
b. Við 1 80 Framlög úr ríkissjóði.
Fyrir „99 774“ kemur 104 674
c. Við 4 20 Tekin lán.
Fyrir „8 000“ kemur 5 000
d. Við 4 50 Ráðstöfun eigin fjár.
Fyrir „37 974“ kemur 40 974
e. Við 01 Stjórn flugmála.
Fyrir „20 189“ kemur 20 489
f. Við 03 Aðrir flugvellir.
Fyrir „11 255“ kemur 11 293
g. Við 04 Flugöryggisþjónusta.
Fyrir „19 549“ kemur 20 072
h. Við 07 Alþjóðlegt flugsamstarf.
Fyrir „13 295“ kemur 14 334

Nd. 178. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Við fyrstu umræðu var óskað upplýsinga varðandi málið. Nefndin hefur aflað þessara upplýsinga, og koma þær fram í bréfi frá Happdrætti Háskóla Íslands, sem fylgir hér með sem fskj.

Alþingi, 15. des. 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. — Sigurður Ingimundarson, fundaskr. — Pálmi Jónsson.
Lúðvík Jósefsson. — Þórarinn Þórarinsson. — Guðl. Gíslason.
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 12. desember 1969.

Formaður fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis hefur beint nokkrum spurningum til stjórnar Happdrættis Háskóla Íslands í bréfi dags. 11. þ. m., og er stjórninni ljúft að láta í té eftirfarandi upplýsingar:

1. Spurt er: „Hversu mikið fé á Happdrætti Háskóla Íslands nú í sjóði?“

Svar:

Sjóðseign H.H.Í. 11. des. 1969 var 62.8 millj. kr.

Vinningar í 12. flokki nema 40 millj. kr., og mikill hluti þeirra verður greiddur í næstu viku.

Happdrættið á nokkra innistæðu hjá umboðsmönnum, sem ekki hafa gert skil, en þar á móti koma um 6 millj. kr. í ósóttum vinningum frá fyrri flokkum, einkum síðustu mánaða.

Þá mun H.H.Í. greiða fyrir áramót vegna bygginga og tækja fyrir Háskólann miklar fjárhæðir, m. a. vegna frágangs Árnagarðs. Erfitt er að segja nákvæmlega um það, en upphæðin getur orðið milli 5 og 10 millj. kr.

Raunveruleg sjóðseign, þegar tekið er tillit til áætlaðra sjóðshreyfinga til áramóta, er því 12.8—17.8 millj. kr. Sjóðstaðan batnar svo aftur eftir áramót, þegar sala hlutamiða næsta árs hefst fyrir alvöru.

2. Spurt er: „Hverjar voru tekjur Happdrættis Háskóla Íslands á árinu 1968?"

Svar:

Tekjur H.H.Í. árið 1968 voru 112.5 millj. kr. brúttó, en 21.3 millj. kr. nettó, þ. e. að frádregnum vinningum, rekstrarkostnaði aðalskrifstofu og umboðslaunum. Hluti ríkissjóðs af hreinum tekjum nam kr. 4 269 551, en hluti Háskólans nam 17 078 204.

Áætlað er, miðað við söluhlutfall hjá H.H.Í. á 1. ársfjórðungi 1969, að heildarveltan 1969 vaxi í 144.5 millj. kr. og hreinar tekjur í tæpl. 27.7 millj. kr. Hlutur ríkissjóðs verður skv. því 5.5 millj. kr. og Háskólans 22.2 millj. kr.

3. Spurt er: „Hverjar eru áætlaðar tekjur Happdrættis Háskóla Íslands á árinu 1970, ef af þessari breytingu verður?"

Svar:

Engin raunveruleg áætlun hefur verið gerð um áætlaðar tekjur H.H.Í á næsta ári, enda slíkt ekki gerlegt, fyrr en sölu miða í janúar 1970 lýkur. Stjórn Happdrættisins bindur þó miklar vonir við það, að auka megi hreinar tekjur um nokkrar milljónir kr., ef frumvarpið, sem nú er fyrir Alþingi, verður samþykkt.

Stjórnin taldi ekki ráðlegt að hækka miðaverð, þar sem slíkt var gert í fyrra. Að óbreyttu miðaverði og án þeirrar lagabreytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er engin von til þess að auka tekjur Happdrættisins, en slíks er einmitt þörf, þegar hafin er byggingaalda á vegum Háskólans, sem væntanlega mun standa lengi. Nægir að vísa til skýrslu háskólanefndar um það atriði. Í kjölfar Árnagarðs kemur Stúdentaheimili, lestrarsalir fyrir stúdenta, og á næsta leiti eru byggingar fyrir verkfræðideild, lagadeild, læknadeild, tannlæknadeild o. fl. byggingar að ógleymdum tækjakaupum. Fjárþörf Háskólans er því mikil og auknar tekjur Happdrættisins gætu því létt undir með ríkissjóði, sem hefur í mörg horn að líta.

Verði frumvarpið að lögum og fái Happdrættið þannig heimild til að gefa út tvo aukaflokka á næsta ári í stað eins, er ætlunin að afnema hálfmiða. Þá eiga allir eigendur hálfmiða þess kost að kaupa heilmiða með sama númeri. Slíkt væri ekki hægt, ef aukaflokkar væru ekki tveir, heldur aðeins einn. Enn fremur aukast möguleikar á að fullnægja eftirspurn eftir röðum heilmiða, en slíkt hefur ekki verið hægt, þar sem 90—95% útgefinna heilmiða hafa selzt. Sé gert ráð fyrir því, að þeir 85 823 hálfmiðar, sem nú eru seldir, seljist sem heilmiðar, en aðrar breytingar verði ekki á sölu, mun veltan vaxa úr 144.5 millj. kr. í 206.3 millj. kr. Tekjur H.H.Í. mundu vaxa úr 27.7 millj. kr. í 39.8 millj. kr. og ríkissjóður fengi tæpl. 8 millj. kr. í stað 5.5 millj. kr., en til Háskólans rynnu 31.8 millj. kr. í stað 22.2 millj. kr.

Stjórn H.H.Í er það vitaskuld ljóst, að það er með öllu óvíst, hvort slíku marki tækist að ná á næsta ári, en telur hins vegar, að stefna beri að því á allra næstu árum. Stjórnin lítur hins vegar þannig á, að hægt sé að ná nokkrum hluta af þessari 9—10 millj. kr. tekjuaukningu til þarfa Háskólans þegar á næsta ári, og treystir á velvild Alþingis og almennings í landinu í því sambandi.

4. Spurt er: „Hversu mikil hækkun verður á veltufé, þ. e. andvirði útgefinna miða:

a. miðað við þann miðafjölda (sem heimildir eru nú fyrir) og þá miða, sem eru í umferð?

b. miðað við þann miðafjölda, sem heimildir eru nú fyrir að hafa í veltu?“

Svar:

Heimilt er nú að gefa út 65 þús. númer, þrjá flokka í hverju númeri. Notuð hefur verið heimild til að gefa út 60 þús. númer í tveimur flokkum, A og B, í formi 63 þús. heilmiða og 114 þús. hálfmiða. Heimild til að gefa út þriðja flokkinn (C-flokk), sem samþykkt var á síðasta Alþingi, hefur eðlilega ekki verið notuð enn þá, og að því verður vikið á eftir, hvers vegna talið er óheppilegt að nýta hana, nema heimild til fjórða flokksins fáist jafnframt, eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Stjórn H.H.Í. telur ekki hagkvæmt að fjölga númerum úr 60 þús. í 65 þús., eins og heimild er fyrir, og byggist það á sölutæknilegum ástæðum.

Ef allir miðar í A- og B-flokki væru seldir (2 × 60 000), næmi andvirði þeirra 172.8 millj. kr. Sala heilmiða á þessu ári, miðað við janúarsölu, nam 57 461 heilmiða af 63 þús. útgefnum og sala hálfmiða 85 823 miðum af 114 þús. útgefnum. Andvirði þeirra nemur 144.5 millj. kr., eins og áður er greint.

Undanfarin ár hefur tala óseldra heilmiða numið 3—6 þús., eða frá tæpl. 5% í tæpl. 10% af útgefnum heilmiðum. Óseldir heilmiðar eru því aðeins hrafl eitt í flestum umboðum, og er hvorki hægt að fullnægja eftirspurn þeirra, sem óska eftir röðum heilmiða, né þeirra, sem vilja fá heilmiða í sama númeri og þeir eiga hálfmiða í, en það er einmitt sú tegund eftirspurnar, sem bezt er að virkja. Samþykkt þess frumvarps, sem nú liggur fyrir Alþingi, mundi hins vegar opna möguleika til að fullnægja þeim tegundum eftirspurnar, sem hér er um rætt. Með því að bæta við aðeins einum flokki (C-flokki) er ekki hægt að verða við ósk nema annars af tveimur hálfmiðaeigendum sama númers um heilmiða með því númeri.

Ef þær heimildir, sem þegar hafa verið samþykktar, þ. e. útgáfa þriggja flokka, og 60 þús. númer gefin út (en ekki 65 þús. númer, sem heimild er fyrir, en H.H.Í. hefur ekki á prjónunum að nýta af sölutæknilegum ástæðum), næmi tala útgefinna miða 180 þús. (3 × 60 þús.), miðað við heilmiða, og andvirði þeirra 259.2 millj. kr.

Ef frumvarpið, sem liggur fyrir Alþingi, verður samþykkt, næmi tala heilmiða, sem heimilt væri að gefa út, 260 þús. (4 × 65 þús.), en af áðurgreindum ástæðum yrðu aðeins gefnir út 240 þús. miðar (4 × 60 þús.) og andvirði þeirra næmi 345.6 millj. kr. Hversu mikið af þeim mundi seljast á næsta ári, er óvíst, eins og áður er vikið að, en það mark sett að ná svo fljótt sem auðið er tæpl. 60% sölu, sem næmi brúttóveltu upp á 206.3 millj. kr., sem jafngildir því að selja alla núverandi hálfmiða í formi heilmiða.

Samþykkt frumvarpsins mundi því annars vegar opna möguleika til aukinnar sölu heilmiða til núverandi hálfmiðaeigenda og þeirra, sem „spila“ á raðir, og hins vegar sníða H.H.Í stakk við vöxt, sem sannarlega er þörf á á næstu árum vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda Háskóla Íslands.

5. Spurt er: „Hvernig skiptast tekjur H.H.Í. eftir landshlutum, t. d. kjördæmum?“

Sala hlutamiða í janúar 1969 skiptist þannig eftir kjördæmum, reiknað í hálfmiðum:

	Miðar	%
Reykjavík	122 933	61 238
Reykjanes	20 887	10 404
Vesturland	9 912	4 938
Vestfirðir	6 890	3 432
Norðurland vestra	6 435	3 206

	Miðar	%
Norðurland eystra	16 750	8 344
Austfirðir	5 703	2 841
Suðurland	11 235	5 597

Alls seldust 57 461 heilmiðar og 85 823 hálfmiðar, eins og áður er sagt.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Happdrættis Háskóla Íslands,
Guðl. Þorvaldsson,
formaður.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Ed. 179. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. marz 1961.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afstöðu til þess. Nefndinni bárust umsagnir um frumvarpið frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og frá flestum sýslumönnum landsins. Í þessum umsögnum gætir mismunandi sjónarmiða, bæði með og móti frumvarpinu. Við, sem stöndum að nefndaráliti þessu, lítum svo á, að í frumvarpinu felist sanngjörn og knýjandi réttarbót fyrir hin fjölmennari hreppsfélög, er eigi verði andmælt með gildum rökum. Leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Björn Jónsson.

Sþ. 180. Fyrirspurnir [128. mál]

til sjávarútvegsmálaráðherra um strandsiglingar.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin undirbúið tillögur um skipulagningu vöruflutninga á sjó og landi á langleiðum innanlands?
2. Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að bæta aðstöðu til vöruafgreiðslu hjá Skipaútgerð ríkisins, svo að tæknibúnaður og aukin afkastageta nýju strandferðaskipanna komi að fullum notum?
3. Hvað ætlast ríkisstjórnin fyrir varðandi farþegaflutninga með ströndum fram:
   a. Vegna sumarferða innlendra og erlendra ferðalanga,
   b. Til þjónustu við þær strandbyggðir, sem erfiðasta sókn eiga til flugvalla á vetrum?

Nd. **181. Frumvarp til laga** [9. mál]

um breyting á lögum nr. 96 22. des. 1965, um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. des.)

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Þeir aðilar, sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða selja raforku beint til notenda frá aðalorkuveitu, skulu greiða í Orkusjóð verðjöfnunargjald, sem verja skal til ráðstafana til bóta á fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

2. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Verðjöfnunargjald samkvæmt 4. gr. skal vera, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar:

Aflgjald: 420.00 kr. fyrir hvert kW.

Orkugjald 2 aurar fyrir hverja kWh.

Fyrir fyrsta dag septembermánaðar ár hvert lætur ráðherra áætla tekjur af verðjöfnunargjaldi næsta almanaksárs. Skal verðjöfnunargjaldið endurskoðað til lækkunar í samræmi við þessa áætlun og við það miðað, að heildartekjur af gjaldinu verði 70 milljónir króna.

Við lækkun verðjöfnunargjalds samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar ákveður ráðherra, hvernig sú lækkun deilist milli aflgjalds og orkugjalds.

3. gr.

Í stað orðanna „50 krónur“ í 2. mgr. 6. gr. laganna komi: 100 krónur.

4. gr.

8. gr. laganna orðist þannig:

Verðjöfnunargjald greiðist mánaðarlega eftir á með gjalddaga 15. hvers mánaðar.

Orkugjald miðast við mælaálestur seljanda og útreikning, sem sendur skal orkumálastjóra strax að álestri loknum.

Aflgjald miðast við áætlun um gjaldskylt afl, sem seljandi eða orkumálastjóri áætla eigi sjaldnar en hálfsárslega fyrir fram. Mismunur á áætluðu og afhentu afli hvers almanaksárs gerist upp eigi síðar en 1. febrúar næsta árs, með gjalddaga 15. sama mánaðar.

Gjaldendum verðjöfnunargjalds er skylt að hafa fullnægjandi mælitæki til að mæla afl og orku til ákvörðunar á gjaldskyldu. Þeim er einnig skylt að veita allar upplýsingar og aðgang að mælitækjum og skjölum, sem þarf til þess að ákveða verðjöfnunargjald.

5. gr.

Á árinu 1969 skal aflgjald samkvæmt 5. gr. reiknast þannig, að greiða skal 167 kr. fyrir hvert kW af helmingi mesta afhents afls almanaksársins og 420 kr. fyrir hvert kW af helmingi aflsins.

6. gr.

Aftan við 11. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ráðherra sá, er fer með raforkumál, skipar þrjá menn til að eiga sæti í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins og skal einn þeirra skipaður samkvæmt tillögum Sambands íslenzkra rafveitna. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar. Stjórnin hefur á hendi stjórn Rafmagnsveitna ríkisins undir yfirstjórn ráðherra. Ráðherra ákveður starfshætti og starfskjör stjórnarmanna.

Til þess að skuldbinda Rafmagnsveitur ríkisins þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 182. Breytingartillaga [9. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 96 22. des. 1965, um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen og Sigurði Ingimundarsyni.

Við 6. gr. Á eftir orðunum „þrjá menn“ komi: til fjögurra ára í senn.

Nd. 183. Frumvarp til laga [129. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Sverrir Júlíusson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Síðasti málsliður 56. gr. laganna orðist svo:

Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% lágmarksbóta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar öryrki dvelur langdvölum á sjúkrahúsi eða dvalarheimili, hefur Tryggingastofnun ríkisins heimild til að greiða honum sjálfum allt að 10% örorkubætur. Hefur sú upphæð numið um 1080 kr. á ársfjórðungi. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að greiðslan hækki í um það bil 900 kr. á mánuði.

Nd. 184. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Flm.: Matthías Bjarnason, Sverrir Júlíusson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Við 17. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, bætist ný mgr., sem verður 2. mgr., svo hljóðandi:

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða eigendum fiskibáta með þilfari, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, hluta af fæðiskostnaði sjómanna þeirra báta: 85 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann. Skilyrði fyrir greiðslu þessari er, að eigendur viðkomandi báta fullnægi reglum áhafnadeildar aflatryggingasjóðs, sem deildin setur fyrir greiðslu hluta fæðiskostnaðar á þessari bátastærð, áhafnir bátanna hafi fulla atvinnu af þessum störfum eigi skemmri tíma en sex mánuði á ári og eigendur þessara báta tryggi áhafnir sínar sömu slysatryggingum og samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

2. gr.

18. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, orðist svo:

Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu inntar af hendi eigi síðar en einum mánuði eftir lok hvers kauptryggingartímabils, eins og þau eru ákveðin í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

3. gr.

Á eftir 1. málslið 19. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Á bátum, sem eigi hafa lögskráningarskyldu, skal trúnaðarmaður Fiskifélags Íslands staðfesta úthaldsdagafjölda og áhafnarstærð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

Greinargerð.

Í samningum þeim, sem gerðir voru í febrúar s. l. milli sjómanna (undirmanna) á bátaflotanum og útvegsmanna, og í miðlunartillögum, er sáttasemjari ríkisins lagði fram til lausnar kjaradeilu yfirmanna á bátaflotanum og útvegsmanna 12. febrúar 1969 og lögfestar voru 18. febrúar 1969, fólst, að aflatryggingasjóður greiði hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna.

Til þess að standa straum af þessum kostnaði hét ríkisstjórnin að hlutast til um, að lagt verði 1% almennt útflutningsgjald á fob-verðmæti fiskafurða þeirra, sem eru útflutningsgjaldskyldar.

Þetta gjald var lögfest 16. maí 1969 og er greitt til áhafnadeildar aflatryggingasjóðs með 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (annarra en þeirra, sem koma frá hvalveiðum og selveiðum).

Í raun og veru greiða allir framleiðendur fiskafurða þetta gjald, en útvegsmenn báta, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, þ. e. bátar undir 12 rúmlestum, fá ekkert greitt af fæðiskostnaði áhafna sinna.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja þetta ranglátt og leggja því til með þessu frumvarpi, að hluti fæðispeninga verði greiddur á bátum undir 12 rúmlestum með tilteknum skilyrðum og skyldum á útvegsmenn af þessari stærð báta til samræmis við skyldur þær, sem þegar hafa verið lagðar á útvegsmenn lögskráningarskyldra báta, og verður nánar vikið að því í framsögu fyrir frumvarpinu.

Sþ. 185. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1970 og við brtt. á þskj. 176.

I. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*

		Þús. kr.
1.	Við brtt. 176, 1. Tillagan orðast svo:	
	Við 3. gr. 1 15 01. Liðurinn orðast svo:	
	Aðflutningsgjöld 2 305 263	
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 115 263	
		2 190 000
2.	Við 3. gr. 1 15 04 Tollstöðvargjald.	
	Fyrir „13 413“ kemur	11 526
3.	Við 3. gr. 1 15 05 Byggingasjóðsgjald af innflutningi.	
	Fyrir „13 413“ kemur	11 526
4.	Við 3. gr. 1 15 2 Innflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum.	
	Liðurinn fellur niður.	

II. Frá *Þórarni Þórarinssyni, Einari Ágústssyni* og *Jóni Skaftasyni.*

Við brtt. 176, 7. 1. (Við 4. gr. 1 01 516 Iðnskólinn í Reykjavík).

Fyrir „4 399“ kemur 6 000

III. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*

1. Við 4. gr. 1 05 371 05 Byggingarsjóðsgjald.
   Fyrir „22 350“ kemur 20 463
2. Við 4. gr. 1 06 281 Tollstöðvar, framlag.
   Fyrir „13 413“ kemur 11 526

IV. Frá *Þórarni Þórarinssyni, Einari Ágústssyni og Jóni Skaftasyni.*

1. Við 4. gr. 1 07 499 05 Til eflingar iðnþróunar.
   Fyrir „2 500“ kemur 5 000
2. Við brtt. 176, 35 Til að stuðla að nýjungum í iðnaði. (Við 4. gr. 1 07 499 07).
   Fyrir „2 500“ kemur 5 000
3. Við 4. gr. 1 07 499. Nýr liður:
   8 Til námskeiða fyrir iðnverkafólk 500

V. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Birgi Finnssyni* og *Jónasi G. Rafnar.*

Við 6. gr. Aftan við gr. komi nýr liður, svo hljóðandi:

Að ráða í samráði við forseta Alþingis listamann til að gera málverk af lýðveldisstofnuninni á Þingvöllum 17. júní 1944 og verja nauðsynlegu fé í því skyni.

Nd. 186. Frumvarp til laga [131. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason, Sverrir Júlíusson, Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 1. gr., 1. mgr. 2. gr. og 3. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 4. gr., ásamt frádráttarákvæðum 14. gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal af fjármálaráðherra, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1970.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um tekju- og eignarskatt eru ákvæði um sérstakan frádrátt til handa sjómönnum. Í fyrsta lagi er um að ræða svonefndan hlíðarfatafrádrátt, sem nemur 500 kr. á mánuði, og miðast frádrátturinn við þann vikufjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda. Þá fá sjómenn einnig sérstakan frádrátt, 3000 kr. fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á íslenzkum skipum ekki skemur en sex mánuði af skattárinu.

Tvennt hefur orsakað þessi sérstöku skattfríðindi sjómanna. Annars vegar, að Alþingi hefur viljað viðurkenna sérstöðu þessarar atvinnustéttar meðal þegna þjóðfélagsins. Sérstöðu vegna langtíma fjarveru þeirra frá heimilum sínum, erf-

iðrar vinnuaðstöðu og sérstakrar hættu í starfi. Hins vegar hafa ákveðnar breytingar Alþingis á þessum ákvæðum laganna orðið til þess að leysa viðkvæm deilumál sjómanna og útvegsmanna.

Þar eð lögin ákveða frádráttarupphæðina í krónum, má ljóst vera, að gildi þessara fríðinda hefur rýrnað. Því er lagt til með frv. þessu, að frádráttarupphæðir þessar séu háðar breytingum í samræmi við ákvæði 53. greinar þessara laga um skattvísitölu.

Sþ. 187. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1970.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar (HS, GeirG, IG, ÁÞ).

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 1 03 471 02 Rafvæðing í sveitum.	
Fyrir „27 100“ kemur	50 000
2. Við 6. gr. Aftan við greinina bætast nýir liðir:	
a. Að taka lán, allt að 200 millj. kr., er endurlánað verði til atvinnuveganna á vegum atvinnumálanefndar ríkisins í samráði við atvinnumálanefndir héraðanna.	
b. Að taka að láni 90 millj. kr. vegna Byggingarsjóðs ríkisins. Upphæðinni verði varið til aukinna íbúðarlána á árinu 1970.	

Sþ. 188. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1970 og við brtt. á þskj. 176.

	Þús. kr.
I. Frá *Eysteini Jónssyni, Bjartmar Guðmundssyni, Hannibal Valdimarssyni* og *Lúðvík Jósefssyni.*	
Við brtt. 176, 11. b. 17 Heiðurslaun listamanna. (Við 4. gr. 1 01 882).	
a. Fyrir „1 250“ kemur	1 375
b. Í sundurliðun bætist:	
Ríkarður Jónsson	125
II. Frá *Magnúsi Kjartanssyni, Jónasi Árnasyni* og *Sigurði Grétari Guðmundssyni.*	
Við brtt. 176, 11. (Við 4. gr. 1 01 882).	
a. Við c. 18 Starfslaun listamanna.	
Fyrir „485“ kemur	1 000
b. Við d. 19 Listamannalaun.	
Fyrir „4 184“ kemur	6 000
III. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*	
1. Við brtt. 176, 24. Tillagan orðast svo:	
Við 4. gr. 1 03 581 01 Til Verzlunarskóla Íslands.	
Fyrir „4 190“ kemur	5 866
2. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist nýr liður:	
Að selja húseign Heyrnleysingjaskólans að Stakkholti 3 í Reykjavík.	

Sþ. **189. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1970.

I. Frá *Sigurvin Einarssyni.* Þús. kr.

Við brtt. 176, 6. 15 Til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms. (Við 4. gr. 1 01 401).
Fyrir „10 000“ kemur 25 000

II. Frá *Einari Ágústssyni* og *Sigurvin Einarssyni.*

Við 4. gr. 1 01 899. Nýr liður:
57 Til Þjóðdansafélagsins, utanfararstyrkur vegna Evrópumóts 105

III. Frá *Lúðvík Jósefssyni, Páli Þorsteinssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni* og *Eysteini Jónssyni.*

Við 4. gr. 1 03 299. Nýr liður:
15 Til Sambands austfirzkra kvenna 50

IV. Frá *Lúðvík Jósefssyni, Steingrími Pálssyni* og *Jónasi Árnasyni.*

Við 4. gr. 1 03. Nýr liður:
375 Fullvinnsla sjávarafla:
0 90 Yfirfærslur:
0 93 Til fyrirtækja og atvinnuvega 30 000
Gjöld samtals 30 000
Viðfangsefni:
02 Til stuðnings við niðursuðu- og niðurlagningariðnað og aðra fullvinnslu sjávarafurða til útflutnings .. 30 000
Gjöld samtals 30 000

V. Frá *Lúðvík Jósefssyni, Páli Þorsteinssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni* og *Eysteini Jónssyni.*

Við 4. gr. 1 07 333 03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
a. Fyrir „78 050“ kemur 82 700
b. Í sundurliðun bætist við á eftir 22. tölulið:
Borgarfjörður 4 650

VI. Frá *Einari Ágústssyni.*

Við 5. gr. 2 04 971 Gæzluvistarsjóður.
a. Við 1 80 Framlög úr ríkissjóði.
Fyrir „8 300“ kemur 13 300
b. Við 3 30 Fjárfestingar.
Fyrir „1 350“ kemur 6 350
c. Við 4 50 Ráðstöfun eigin fjár.
Fyrir „1 350“ kemur 6 350

VII. Frá *Stefáni Valgeirssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni, Ásgeiri Bjarnasyni, Páli Þorsteinssyni, Ágúst Þorvaldssyni* og *Magnúsi H. Gíslasyni.*

Við 6. gr. Aftan við greinina bætist nýr liður:
Að greiða Framleiðnisjóði landbúnaðarins 20 millj. kr.
Til vara: 10 millj. kr.

Sþ. 190. Nefndarálit [46. mál]

um till. til þál. um heimildarkvikmynd um Alþingi.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd Sþ. hefur haft þáltill. þessa til meðferðar og orðið sammála um að leggja til, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1969.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Friðjón Þórðarson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Gísli Guðmundsson, með fyrirvara.

Sþ. 191. Nefndarálit [51. mál]

um till. til þál. um setningu laga um kaup lausafjár með afborgunarkjörum.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd Sþ. hefur fjallað um þáltill. þessa og orðið sammála um að leggja til, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1969.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
Friðjón Þórðarson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Gísli Guðmundsson.

Sþ. 192. Nefndarálit [60. mál]

um till. til þál. um flutning afla af miðum og hafna á milli.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd Sþ. hefur haft þáltill. þessa til meðferðar og m. a. sent hana til umsagnar ýmsum aðilum.
Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að þáltill. verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1969.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Friðjón Þórðarson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Gísli Guðmundsson.

Nd. **193. Frumvarp til laga** [132. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Sverrir Júlíusson, Matthías Bjarnason, Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

39. gr. laganna hljóði svo:

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkvæmt 18. gr. laga nr. 67 31. des. 1963, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, eða útgerðarmanni vegna hins slasaða, fullt kaup eða aflahlut í stað dagpeninga samkv. 35. gr., jafnlangan tíma og sjómannalög ákveða hverju sinni.

2. gr.

Við 1. mgr. 46. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 83/1967 bætist nýr töluliður, sem verði f-liður og hljóði svo:

f. Að greiða bætur skv. 53. gr., enda renni iðgjöld sjúkratrygginga, sem útgerðarmenn greiða og/eða ríkissjóður og sveitarsjóðir þeirra vegna, til sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar.

3. gr.

Ný gr., sem verði 53. gr. laganna, bætist við, en töluröð annarra greina breytist í samræmi við það:

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra veikinda, sem þeir bera samkvæmt 18. gr. laga nr. 67 31. des. 1963, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum sjúka, eða útgerðarmanni vegna hins sjúka, fullt kaup eða aflahlut í stað dagpeninga sjúkrasamlags samkvæmt 50. gr., jafnlangan tíma og sjómannalög ákveða hverju sinni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 11 frá 19. apríl 1963 voru gerðar nokkrar breytingar á sjómannalögum, nr. 41 frá 19. maí 1930. Með lögum nr. 67 frá 31. des. 1963 voru breytingar á sjómannalögum, sem gerðar voru með lögum nr. 41/1963, felldar inn í meginmál laganna frá 1930 og þau þannig gefin út sem lög nr. 67/1963.

Með breytingum þessum á sjómannalögum var ákvæðum um bætur til handa sjómönnum í slysa- og veikindatilfellum breytt verulega frá því, sem gilt hafði áður. Breyting þessi var í því fólgin, að nú var útgerðarmönnum skylt að greiða fullan hlut til skipverja, er slasazt hafði eða veikzt, háseta í 1 mánuð í stað 7 daga áður, stýrimönnum, vélstjórum, loftskeytamönnum og brytum í 2 mánuði í stað 1 mánaðar áður, en ákvæði um skipstjóra voru óbreytt, þ. e. 3 mánuðir.

Í 39. gr. laga um almannatryggingar, nr. 40 frá 1963, er ákvæði um það, að útgerðarmönnum sé skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, samkvæmt þá gildandi sjómannalögum, sem voru lögin frá 1930, er þeir þurfa að greiða, þannig að Tryggingastofnun ríkisins greiddi aðeins í slysatilfellum fullt kaup eða aflahlut í 1 viku frá afskráningardegi að telja. Er þessi ákvæði í lögunum um almannatryggingar voru sett, var miðað við ákvæði eldri sjómannalaga.

Eins og hér að framan kemur í ljós, voru mun víðtækari ákvæði sett í sjómannalögin frá 1963 í þessum efnum. Reynt hefur verið að fá ákvæðum þessum breytt, en það hefur með öllu reynzt árangurslaust. Skyldur útgerðarmanna í þessum tilvikum eru mjög víðtækar, mun víðtækari en annarra vinnuveitenda.

Því er í frumvarpi þessu lagt til, að Tryggingastofnun ríkisins verði gert að greiða í slysa- og veikindatilfellum sjómanna þær bætur, sem útgerðarmönnum er skylt að greiða skv. sjómannalögum, en útgerðarmönnum hins vegar gert skylt, á sama hátt og nú segir í 39. gr. laganna um almannatryggingar um bótaskyld slys, að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá, sem þeim ber skv. sjómannalögum, bæði að því er varðar slys og veikindi. Þá er gert ráð fyrir því, að sjúkraiðgjaldagreiðslur, sem útgerðarmenn greiða, renni til sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar.

Ed. 194. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 29. des. 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og athugað jafnframt breytingartillögu, sem nefndinni barst frá félagsmálaráðuneytinu, og varð sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeirri breytingu, er nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. des. 1969.

Jón Þorsteinsson, form.	Auður Auðuns, fundaskr.	Steinþór Gestsson, frsm.
Björn Fr. Björnsson.	Ásgeir Bjarnason.	Björn Jónsson.

Ed. 195. Breytingartillaga [106. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 82 29. des. 1967, um Bjargráðasjóðs Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

2. gr. orðist svo:

Á eftir síðari málsgrein 15. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Skuldabréf fyrir slíkum lánum, sem sjóðurinn tekur til að endurlána vaxtalaust, skulu undanþegin stimpilgjöldum og ríkisábyrgðargjöldum. Einnig skulu skuldabréf fyrir slíkum lánum, sem sveitarfélög taka hjá sjóðnum, undanþegin stimpilgjöldum, svo og skuldabréf vegna endurlána til einstakra bænda.

Nú hrekkur fé einstakra deilda skv. 2. gr. eigi til að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur samkvæmt lögunum, og er þá sjóðsstjórninni heimilt að lána fé frá einni deild til annarrar án vaxta.

Sþ. 196. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 176 [Fjárlög].

Frá Páli Þorsteinssyni, Eysteini Jónssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Við 18. c. (Við 4. gr. 1 03 286 03. — Fyrirhleðslur).

Á eftir 25. tölulið komi nýr liður:	Þús. kr.
Skarðsá í Breiðdal	20

Sþ. **197. Tillaga til þingsályktunar** [133. mál]

um stuðning við æðarrækt.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Friðjón Þórðarson, Gísli Guðmundsson, Gunnar Gíslason, Sigurvin Einarsson, Jónas Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, á hvern hátt bezt verði unnið að stuðningi við ræktun og verndun æðarfugls.

Greinargerð.

Æðarfugl hefur löngum verið talinn mesti nytjafugl á Íslandi. Dúntekja hefur verið og er meðal dýrmætustu kosta hlunnindajarða að fornu og nýju. Dúnninn hefur jafnan verið eftirsótt vara og oft í mjög háu verði. Á hinn bóginn krefjast varplönd nákvæmrar umhirðu og mikillar vinnu. Dúnhreinsun var og erfitt verk og seinunnið, en á síðari árum hafa hugvitsmenn fundið upp vélar, sem gjörbreytt hafa allri aðstöðu í þeim efnum. Æðarfuglinn er gæfur og spakur og verður því oft að sæta ágangi og árásum ránfugla og vargdýra. Slík árásarhætta eykst, þar sem byggð dregst saman eða leggst í eyði og vargfugli fjölgar.

Að sjálfsögðu hefur æðarfugl lengi verið alfriðaður með löggjöf, sbr. sérstaklega lög nr. 58 frá 1913, sem marka stærsta sporið í þessa átt, en áður giltu lög frá 1890 og tilskipun um veiði á Íslandi frá 1849. Einn helzti hvatamaður að setningu laganna frá 1913 var sr. Sigurður Stefánsson í Vigur, þingmaður Ísfirðinga.

Í athugasemdum, er fylgdu því frumvarpi, sagði m. a.:

„Hér er um einn hinn arðmesta og jafnframt skemmtilegasta atvinnuveg landsins að ræða, sem, ef vel er á haldið, getur átt mikinn þátt í efnalegu sjálfstæði þjóðarinnar. Þess vegna er það líka sjálfsögðu skylda löggjafarvaldsins að hlynna að honum á allan hátt.

Það er enginn efi á því, að koma má upp æðarvörpum á miklu fleiri stöðum á landinu en nú er reynt, en aðalskilyrði fyrir því er ströng friðun fugls og eggja.“

Núgildandi ákvæði um þetta efni eru í lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33 frá 1966. Í 9. grein þeirra laga eru ýmis sérákvæði sett æðarfugli til verndar, svo sem það, að frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til, ákvæði þess efnis, að lögreglustjórar skuli ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa öll æðarvörp í lögsagnarumdæmum sínum og loks ákvæði, sem fjallar um nauðsynlegar aðgerðir ábúanda, sem koma vill á fót æðarvarpi í landareign ábýlisjarðar sinnar og fá það friðlýst. — Þá eru og í gildi lög um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu), þar sem lagt er fé til höfuðs þessum skæðasta óvini æðarstofnsins í landinu. — Þrátt fyrir þessa lögvernd hefur æðarstofninum hnignað svo mjög á undanförnum árum, að eftirtekja hans er nú talin nema aðeins tæpum helmingi þess, sem hún hefur mest orðið, eða innan við 2000 kg árlega, en talið er auðvelt að koma henni yfir 4000 kg eða a. m. k. andvirði 20 milljóna króna á ári.

Á síðustu árum hefur vaknað áhugi manna til eflingar þessari nytsömu og þjóðlegu búgrein. Hefur nýlega verið haldinn stofnfundur félags um ræktun og verndun æðarfugls, svo sem greint hefur verið frá í blöðum. Þetta nýja félag hefur hlotið nafnið Æðarræktarfélag Íslands. Félagsmenn eru eigendur æðarbyggða og aðrir áhugamenn um þessi mál, og sýna samþykktir um fyrstu hlutverk félagsins, að myndarlega er af stað farið.

Tillaga þessi er flutt til að vekja athygli á þessum þarfa félagsskap og leita ráða, er verða mættu þessu málefni til eflingar og styrktar í framtíðinni.

Sþ. 198. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1970.

Frá Karli Guðjónssyni.

Við 4. gr. 1 07 333 03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.	Þús. kr.
Nýr liður í sérstöku yfirliti á eftir 26:	
Stokkseyri	1 000

Sþ. 199. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1970.

Frá Sigurði Ingimundarsyni, Magnúsi Kjartanssyni, Þórarni Þórarinssyni og Sigurði Bjarnasyni.

Við 4. gr. 1 06 999 03 Til greiðslu á dagblöðum.	Þús. kr.
Fyrir „2 500“ kemur	6 000

Sþ. 200. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1970.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 4. gr. 1 06 999 03 Til greiðslu á dagblöðum.	Þús. kr.
57 Til Þjóðdansafélagsins, vegna utanferðar	50

Nd. 201. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breyting á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1969.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson.
Pétur Sigurðsson.	Jónas Pétursson.	Stefán Valgeirsson.
	Steingrímur Pálsson.	

Nd. 202. Lög [95. mál]

um breyting á lögum nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Eftir 3. umr. í Ed., 2. des.).

Samhljóða þingskjali 135.

Sþ. 203. Tillaga til þingsályktunar [134. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 19. desember 1969 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 12. janúar 1970.

Ed. 204. Frumvarp til laga [135. mál]

um verðgæzlu og samkeppnishömlur.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið laganna.

1. gr.
Markmið laganna.

Lög þessi hafa það markmið að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins og sanngjarnri skiptingu þjóðartekna með því að

a. stuðla að þjóðfélagslega heppilegri verðlagsþróun og vinna gegn ósanngjörnu verði, hagnaði og viðskiptaháttum.
b. vinna gegn óbilgjörnum verzlunar- og samkeppnisháttum svo og samkeppnishömlum, sem hafa í för með sér skaðlegar afleiðingar fyrir neytendur, atvinnurekendur eða þjóðfélagið í heild.

2. gr.
Gildissvið laganna.

Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi á sviði framleiðslu, verzlunar og þjónustu án tillits til þess, hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum eða opinberum aðilum.

Lögin taka ekki til launa og starfskjara fyrir vinnu í annarra þjónustu né til húsaleigu. Lögin ná ekki til útflutnings né til verðlagningar, sem ákveðin er með sérstökum lögum.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um skiptingu verksviðs og valds milli viðkomandi aðila að því er varðar atvinnustarfsemi, sem hlítir sérstakri löggjöf.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

3. gr.

Framkvæmd þessara laga skal vera í höndum verðgæzluráðs og verðgæzluskrifstofu.

Í verðgæzluráði eru 9 menn. Viðskiptaráðherra skipar formann ráðsins, en Hæstiréttur 2 menn. Enn fremur skipar viðskiptaráðherra 6 menn, 3 eftir sameiginlegri tilnefningu Félags íslenzkra iðnrekenda, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Verzlunarráðs Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, og 3 eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kvenfélagasambands Íslands.

Þeir tveir menn, sem Hæstiréttur skipar, skulu vera óháðir atvinnufyrirtækjum og samtökum þeirra, sem lög þessi taka til og hafa þekkingu á atvinnu- og viðskiptamálum og kunnáttu í lögfræði og hagfræði.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og um getur í 2. mgr. 3. gr., en viðskiptaráðherra skipar varamann formanns. Ráðið er skipað til 4 ára í senn.

Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar, og skal viðskiptaráðherra þá skipa í þess stað án tilnefningar.

4. gr.

Verðgæzluráð getur fjallað um öll þau mál, sem lög þessi taka til. Ákvörðunarvald í málum skv. IV. kafla laganna er í höndum þriggja manna nefndar, formanns og þeirra tveggja, sem Hæstiréttur skipar. Ákvörðunarvald í öðrum málum er í höndum verðgæzluráðs. Verðgæzluráð getur að meira eða minna leyti falið verðgæzluskrifstofunni ákvörðunarvald sitt.

Enginn maður í verðgæzluráði má taka þátt í úrlausn máls, sem beinlínis varðar fyrirtæki eða samtök, þar sem hann hefur persónulegra hagsmuna að gæta. Ráðið kveður á um, þegar því er að skipta, hvort ráðsmaður getur tekið þátt í meðferð máls.

Ríkisstjórnin getur falið öðrum aðila störf samkvæmt lögum þessum, þegar atvinnustarfsemin er háð sérstökum lögum, sbr. 3. mgr. 2. greinar. Skulu þeir leita umsagnar verðgæzluráðs, áður en þeir taka mikilvægar ákvarðanir.

5. gr.

Verðgæzluskrifstofan annast dagleg störf verðgæzluráðs og er henni stjórnað af verðgæzlustjóra, sem viðskiptaráðherra skipar. Verðgæzlustjóri eða staðgengill hans skal sitja fundi verðgæzluráðs, en hann hefur ekki atkvæðisrétt.

Verðgæzluskrifstofan getur kvatt til sérstaka kunnáttumenn að svo miklu leyti, sem það þykir nauðsynlegt.

Starfsmenn verðgæzluskrifstofunnar mega eigi hafa hagsmuna að gæta í þeim málum, sem skrifstofan fjallar um. Sama gildir um þá sérstöku kunnáttumenn, sem skrifstofan kallar til.

6. gr.

Verðgæzluskrifstofan og önnur stjórnvöld, sbr. 3. mgr. 4. gr., sem falin hafa verið störf samkvæmt lögum þessum, geta krafizt allra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi sinnar og kvatt á sinn fund menn til munnlegrar skýrslugjafar. Enn fremur hefur verðgæzluskrifstofan rétt til að kanna reikninga og bókhald svo og að framkvæma á staðnum nauðsynlegar athuganir.

Þegar um er að ræða tæknileg leyndarmál, getur viðkomandi aðili krafizt af verðgæzlustjóra, að þær upplýsingar verði ekki kunngerðar ráðinu. Verðgæzlustjóri ákveður í hverju tilfelli, hvernig farið skuli með slíkar upplýsingar.

Verðgæzluskrifstofan getur til afnota í starfi sínu krafizt skýrslna frá öðrum opinberum stjórnvöldum, þ. á m. frá skattayfirvöldum svo og tollayfirvöldum. Önnur opinber stjórnvöld eru eigi háð venjulegri þagnarskyldu gagnvart verðgæzluskrifstofunni.

III. KAFLI
Verðákvarðanir.

7. gr.

Þegar samkeppni er takmörkuð, eins og nánar er tilgreint í IV. kafla, eða samkeppni er ekki nægilega virk til að tryggja sanngjarnt verðlag, eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, getur verðgæzluráð ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki, er greinir í 1. gr.

1. Hámarksverð og/eða hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir nánar ákveðnum reglum.

3. Verðstöðvun á vissum sviðum, allt að 6 mánuði í senn.
4. Reglur um flokkun, sundurgreiningu o. þ. h. á vörum, sem nauðsynlegar þykja vegna ákvörðunar verðs og álagningar.

8. gr.

Þegar ákvæði eru sett skv. 7. grein, skal áður að því gætt, hvort önnur tiltæk ráð henti betur gagnvart þeim samkeppnishömlum, sem um er fjallað, sbr. 11. og 16. gr.

Ákvæði samkvæmt 1. og 2. lið 7. gr. í tilvikum, sem eigi falla undir IV. kafla, skulu, eftir því sem kostur er, gilda takmarkað tímabil í senn.

9. gr.

Verðgæzluskrifstofan getur í samráði við fyrirtæki eða samtök þeirra sett reglur um sérstaka verðjöfnun í því skyni að tryggja stöðugt verð.

Ákvarðanir um tilhögun og gildistöku ráðstafana samkvæmt fyrri mgr. skal leggja fyrir verðgæzluráð til samþykktar. Einnig skal gera verðgæzluráði grein fyrir framkvæmd slíkra ráðstafana.

10. gr.

Verðákvarðanir samkvæmt 7. gr. skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt.

Verð og álagningu má ekki ákvarða lægri en svo, að fyrirtæki þeirrar tegundar, er í 1. mgr. getur, fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu, flutning ásamt afskriftum, svo og sanngjarnan hreinan hagnað, þegar tekið er tillit til áhættunnar við framleiðslu vörunnar og sölu.

11. gr.

Verðgæzluskrifstofan getur í því skyni að efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun rannsakað verð og álagningarhætti á einstökum vörum og vöruflokkum og birt greinargerðir og fréttatilkynningar þar um.

IV. KAFLI
Ákvæði um samkeppnishömlur.

12. gr.

Í því skyni að stuðla að þeim markmiðum, sem greinir í 1. gr., hefur verðgæzluskrifstofan eftirlit með einokunarfyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum, sem eru mikilsráðandi á markaðnum, og ákvörðunum, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Eftirlitið tekur og til samninga og samþykkta um samkeppnishömlur.

Tilkynna skal til verðgæzluskrifstofunnar samkvæmt kröfu þriggja manna nefndar, sbr. 4. gr., einokunarfyrirtæki, markaðsráðandi fyrirtæki og ákvarðanir, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Í tilkynningunni skal greina, hverjir séu eigendur fyrirtækisins, hvaða vörur eða þjónustu fyrirtækið framleiðir eða selur, svo og verðákvarðanir fyrirtækisins, viðskiptaskilmála og ákvarðanir um samkeppnishömlur.

Samninga og samþykktir um samkeppnishömlur, er varða verð, framleiðslu, sölu eða flutninga á öllu landinu eða í einstökum landshlutum, skal einnig tilkynna verðgæzluskrifstofunni eftir kröfu þriggja manna nefndar.

Í tilkynningunni skal greina samninginn eða samþykktina orðrétt, nöfn og heimilisföng á þeim fyrirtækjum, sem samningurinn eða samþykktin nær til, svo og verð, afslátt, aðra viðskiptaskilmála og samkeppnishömlur, sem ákveðið er í samningnum eða samþykktinni.

Verðgæzluskrifstofan gefur út eyðublöð fyrir tilkynningar og ákveður til-

kynningarfresti. Tilkynningunni skal fylgja endurrit af samningum og samþykktum svo og yfirlit yfir verð, afslátt, aðra viðskiptaskilmála og samkeppnishömlur.

Breytingar á atriðum, sem tilkynnt hafa verið, skal tilkynna tíu dögum áður en þær ganga í gildi. Verðgæzluskrifstofan getur leyft, að vikið sé frá þessum fresti.

13. gr.

Samningar og samþykktir, sem tilkynningarskyldar eru, sbr. 3. mgr. 12. gr., eru ógildar og njóta ekki verndar fyrir dómstólum, nema tilkynning hafi borizt á tilsettum tíma.

14. gr.

Verðgæzluskrifstofan heldur skrá yfir tilkynningar, sem henni berast samkv. ákvæðum 12. gr. og skal sjá um, að tilkynningarnar ásamt fylgiskjölum séu aðgengilegar öllum þeim, sem óska að kynna sér þær.

Þriggja manna nefndin getur ákveðið, að farið sé með tilkynningar og fylgiskjöl að öllu eða nokkru leyti sem trúnaðarmál, og gerir verðgæzlustjóri nauðsynlegar ráðstafanir til að þeirri ákvörðun sé framfylgt.

15. gr.

Þriggja manna nefndin getur ákveðið, að verð og álagningu, sem ákveðin hefur verið af einokunarfyrirtækjum eða markaðsráðandi fyrirtækjum eða með samningum eða samþykktum, megi ekki hækka án leyfis verðgæzluráðsins.

16. gr.

Verðgæzluskrifstofan skal sjá um, að fylgt sé reglum um tilkynningu samkvæmt 12. gr., og enn fremur kanna áhrif samkeppnishamla.

Skýrslur skrifstofunnar um samkeppnishætti skal leggja fyrir þriggja manna nefndina.

Nú telur þriggja manna nefndin, að samkeppnishömlur hafi skaðleg áhrif, og skal hún þá fela verðgæzluskrifstofunni að reyna með samningum að binda enda á þau.

Nú reynist eigi unnt að taka fyrir hin skaðlegu áhrif með samningum, og gefur þá þriggja manna nefndin nauðsynleg fyrirmæli. Slík fyrirmæli mega taka yfir bæði breytingar og ógildingu að nokkru eða öllu á samningum, samþykktum eða ákvörðunum ásamt setningu ákvæða um verðmerkingu og verðskrár o. þ. h. samkvæmt 21. og 22. gr. Enn fremur getur þriggja manna nefndin lagt til við verðgæzluráð, að ákvæðum 7. gr. verði beitt.

Í fyrirmælum, sem gefin eru skv. 4. mgr., skal tilgreina, frá hvaða tíma þau skuli gilda.

17. gr.

Nú er ekki unnt að binda enda á skaðleg áhrif samkv. ákvæðum 16. gr., eða aðrar ráðstafanir eru taldar hentugri, þá skal þriggja manna nefndin leggja skýrslu um málið fyrir viðskiptaráðherra.

18. gr.

Samkeppnishömlur teljast skaðlegar, þegar þær hafa ósanngjörn áhrif á verðmyndun og atvinnustarfsemi frá þjóðfélagslegu sjónarmiði eða koma í veg fyrir beztu hagnýtingu í framleiðslu, vörudreifingu og þjónustu.

Skaðleg áhrif geta verið fólgin í ósanngjörnu verði, álagningu eða viðskiptaskilmálum, ósanngjarnri takmörkun á frelsi til atvinnurekstrar eða ósanngjörnum mismun í viðskiptakjörum.

Mat á því, hvort verð og álagning er ósanngjörn, skal byggt á ákvæðum 10. gr.

19. gr.

Óheimilt er að ákveða, samþykkja eða semja um ófrávíkjanlegt lágmarksverð (brúttóverð) eða álagningu, er gilda skuli við endursölu á næsta sölustigi.

Þriggja manna nefndin getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. mgr., þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Heimilt er að ákveða leiðbeinandi verð eða álagningu við endursölu á næsta sölustigi, ef þess er jafnframt getið á sölureikningi, eða með stimpli á umbúðir vörunnar eða á annan hátt, að frá því megi víkja.

20. gr.

Þriggja manna nefndin getur skyldað fyrirtæki til að selja nánar tilgreinda vöru eða þjónustu til annars fyrirtækis, ef synjun um sölu telst skaðleg fyrir samkeppnishætti, sbr. 18. gr. Sala gegn óvenjulegum skilmálum jafngildir sölusynjun.

Áður en fyrirmæli um söluskyldu eru gefin út, skal verðgæzluskrifstofan athuga nánar málsatvik með tilliti til, hvort seljandinn hafi hlutlæg og sanngjörn rök fyrir synjun sinni, og einnig, hvort viðkomanda sé verulegt hagsmunamál að fá umrædda vöru keypta.

Komist þriggja manna nefndin að þeirri niðurstöðu, að um sé að ræða skaðleg áhrif á samkeppnishætti, skal fyrst reyna í samráði við málsaðila að binda enda á sölusynjunina. Takist það ekki, skal þriggja manna nefndin gefa út fyrirmæli um, að innan nánar tilgreinds tíma skuli sala gegn venjulegum skilmálum eiga sér stað. Seljandi getur þó alltaf krafizt staðgreiðslu eða tryggingar fyrir greiðslu.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

21. gr.

Verðgæzluráð skal í samráði við hlutaðeigandi samtök setja reglur um sölureikninga og um verðmerkingu og verðskrár.

Enn fremur getur verðgæzluráð sett reglur um verðupplýsingar á vörum, sem seldar eru gegn afborgun. Þessar reglur geta bæði tekið til auglýsinga og verðmerkingar í verzlunum.

22. gr.

Verðgæzluráð skal stefna að því, í samráði við hlutaðeigandi samtök, að setja reglur um að tilgreina á umbúðum magn vörutegunda, sem iðnrekendur, innflytjendur eða stórkaupmenn selja verzlunum í neytendaumbúðum.

Á sama hátt getur verðgæzluráð ákveðið, að tilteknar vörur skuli bjóða til sölu í nánar tilgreindum einingum. Einnig getur ráðið gefið fyrirmæli um, að á umbúðir séu skráðar nánari upplýsingar um efni og eiginleika vörunnar.

23. gr.

Hafi fyrirtæki hagnazt af aðgerðum, sem brjóta í bága við ákvarðanir verðgæzluráðs, þriggja manna nefndar eða verðgæzluskrifstofunnar eða við ákvarðanir samkvæmt 9. gr., getur verðgæzluráð ákveðið, að hagnaður umfram þann, sem til var ætlazt, komi til frádráttar við ákvörðun verðs eða álagningar síðar.

VI. KAFLI
Meðferð og áfrýjun mála.

24. gr.

Verðgæzluskrifstofan skal ráðgast við hlutaðeigandi aðila eða samtök þeirra, áður en ákvarðanir eru teknar varðandi verð og samkeppnishömlur.

Nefndir aðilar og samtök þeirra geta lagt skriflegar greinargerðir fyrir verðgæzluráð eða þriggja manna nefnd, áður en ákvarðanir eru teknar.

Ákvarðanir skulu tilkynntar hlutaðeigandi aðilum ásamt greinargerð um, á

hverju þær eru byggðar. Óski viðkomandi frekari upplýsinga, skulu þær látnar í té eftir því, sem unnt er, en óheimilt er að gefa upplýsingar um trúnaðarmál einstakra fyrirtækja og um mál, sem skaðað gætu þjóðfélagið í heild, ef gefnar væru.

Fundir verðgæzluráðs og þriggja manna nefndar skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Fundir um mál samkvæmt 3. mgr. 20. gr. skulu þó vera opnir, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

25. gr.

Ákvarðanir þriggja manna nefndar aðrar en skv. 15. gr. má kæra til Hæstaréttar. Kærufrestur er 1 vika frá því að ákvörðun var tilkynnt málsaðila.

Kæra til Hæstaréttar frestar ekki gildistöku ákvarðana, nema þegar um er að ræða ákvarðanir skv. 2. mgr. 14. gr. og um fyrirmæli til söluskyldu skv. 20. gr.

26. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 100—1000 króna dagsektum. Dagsektir eru ákveðnar af verðgæzluráðinu og má innheimta þær með lögtaki.

27. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

VII. KAFLI
Birting.

28. gr.

Þær ákvarðanir verðgæzluráðs, þriggja manna nefndar og verðgæzluskrifstofu, sem almenning varða, svo og athuganir samkv. ákvæðum 11. gr. skulu birtar opinberlega. Enn fremur skal birta yfirlit um tilkynningar þær, sem verðgæzluskrifstofunni berast skv. 12. gr.

Verðgæzluskrifstofan skal semja ársskýrslu til upplýsinga fyrir almenning, sem leggja skal fyrir ríkisstjórnina og Hagráð fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

Áður en niðurstöður athugana samkv. ákvæðum 11. gr. eru birtar, skal verðgæzluskrifstofan gefa hlutaðeigandi aðilum tækifæri til að láta í ljós álit sitt. Ef þess er óskað, skal einnig birta álit þeirra með niðurstöðum athugunar.

VIII. KAFLI
Refsiákvæði, gildistaka o. fl.

29. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 500 þúsund krónum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má beita varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum. Heimilt er að beita sektum jafnframt refsivist eftir því sem við á samkvæmt 49. gr. almennra hegningarlaga.

Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt 15. kafla almennra hegningarlaga.

Svipta má sökunaut rétti til að stunda starfsemi, er opinbert leyfi þarf til, um tiltekinn tíma allt að 5 árum eða ævilangt.

Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

30. gr.

Brot á lögum þessum sæta meðferð að hætti opinberra mála.

Um kvaðningu sérfróðra meðdómenda gilda almennar reglur.

Hraða skal eftir föngum meðferð mála vegna brota á lögum þessum. Héraðs-

dómarar skulu án tafar tilkynna verðgæzluskrifstofunni málalok samkvæmt 112.—114. gr. laga um meðferð opinberra mála, og einnig skulu þeir sjá um birtingu dóma.

Það skal talið fullframið brot gegn ákvæðum um hámarksverð og/eða hámarksálagningu, ef vara hefur verið verðmerkt og jafnframt boðin til sölu í neytendaumbúðum með hærra verði en magn hennar heimilar, þótt ekki sé sönnuð sala hennar.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi einu ári eftir, að þau eru staðfest, og falla þá jafnframt úr gildi lög um verðlagsmál, nr. 54 14. júní 1960, og enn fremur 15. gr. laga nr. 84 19. júní 1933, svo og önnur ákvæði laga, sem fara í bág við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra framkvæmd verðlagseftirlits, sem í gildi eru, þegar lög þessi taka gildi, skulu halda gildi sínu áfram, þar til verðgæzluráð hefur tekið afstöðu til þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er skipuð var af viðskiptaráðherra samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar í febrúar 1967. Nefndin tók ekki afstöðu til, hvenær lögin ættu að öðlast gildi, og er því lagt til í 31. gr. frumvarpsins, að lögin öðlist gildi einu ári eftir að þau hafa hlotið staðfestingu. Er ætlazt til, að þessi tími verði notaður til að undirbúa framkvæmd laganna, sérstaklega þess hluta þeirra, er fjallar um samkeppnishömlur og er nýmæli í íslenzkri löggjöf. Að öðru leyti vísast til álits nefndarinnar, sem fer hér á eftir.

Í lok febrúar 1967 ákvað ríkisstjórnin að skipa nefnd til að semja drög að nýrri löggjöf um eftirlit með einokun, hringamyndun og verðlagi. Verkefni nefndarinnar skyldi vera að endurskoða gildandi lagaákvæði um verðlag og verðlagseftirlit og jafnframt að semja drög að nýrri löggjöf um eftirlit með einokun, hringamyndun og annarri viðleitni fyrirtækja eða fyrirtækjasamtaka til sameiginlegrar afstöðu á markaði, sem hefur í för með sér óæskileg áhrif á verðmyndun og aðra viðskiptahætti, og hvernig bezt megi tryggja, að neytendur fái notið ávaxta aukinna framleiðsluafkasta í hagstæðara verðlagi og viðskiptaháttum, sbr. ályktun Alþingis um eftirlit með fyrirtækjasamtökum frá 5. maí 1965.

Nefndin var skipuð af viðskiptaráðherra og í henni áttu sæti:

Geir Gunnarsson, alþingismaður, tilnefndur af Alþýðubandalaginu.
Jón Sigurðsson, skrifstofustjóri, tilnefndur af Alþýðuflokknum.
Hannibal Valdimarsson, alþingismaður, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands.
Hermann Jónsson, skrifststj., tilnefndur af Bandalagi starfsm. ríkis og bæja.
Hjörtur Torfason, hrl., tilnefndur af dómsmálaráðuneytinu.
Davíð Sch. Thorsteinsson, framkvstj., tilnefndur af Félagi ísl. iðnrekenda.
Björgvin Schram, stórkaupmaður, tilnefndur af Félagi ísl. stórkaupmanna.
Tómas Árnason, hrl., tilnefndur af Framsóknarflokknum.
Sigurður Magnússon, kaupm., tilnefndur af Kaupmannasamtökum Íslands.
Helga Magnúsdóttir, frú, tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands.
Otto Schopka, framkvstj., tilnefndur af Landssambandi iðnaðarmanna.
Sverrir Júlíusson, alþm., tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna.
Sveinn Ásgeirsson, hagfræðingur, tilnefndur af Neytendasamtökunum.
Erlendur Einarsson, forstjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. samvinnufélaga.
Kristján Karlsson, erindreki, tilnefndur af Stéttarsambandi bænda.

Kristján G. Gíslason, stórkaupm., tilnefndur af Verzlunarráði Íslands.
Ólafur Björnsson, alþm., tilnefndur af Sjálfstæðisflokknum.
Óttarr Möller, framkvstj., tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Auk þess skipaði viðskiptaráðherra án tilnefningar eftirtalda menn í nefndina:

Þórhall Ásgeirsson, ráðuneytisstjóra í viðskiptaráðuneytinu.
Kristján Gíslason, verðlagsstjóra.
Valgeir Ársælsson, fulltrúa í viðskiptaráðuneytinu.

Viðskiptaráðherra tilnefndi Þórhall Ásgeirsson formann nefndarinnar og á fyrsta fundi hennar var Valgeir Ársælsson kjörinn ritari.

Þær breytingar urðu á skipan nefndarinnar á starfstíma hennar, að Alþýðubandalagið tilnefndi Þröst Ólafsson, hagfræðing, í júlí s. l. til að taka sæti í nefndinni í stað Geirs Gunnarssonar og Árni Jónsson, erindreki, var tilnefndur af Stéttarsambandi bænda í september s. l. í stað Kristjáns Karlssonar, sem lézt á þessu ári. Enn fremur tóku varamenn Hannibals Valdimarssonar og Kristjáns G. Gíslasonar, þeir Snorri Jónsson, framkvæmdastjóri, og Þorvarður J. Júlíusson, framkvæmdastjóri, nokkurn þátt í störfum nefndarinnar.

Að tilhlutan viðskiptaráðuneytisins var þess farið á leit við dönsk stjórnarvöld, að þau lánuðu hingað sérfræðing á sviði eftirlits með verðlagi, einokun og hringamyndun til þess að vera nefndinni til ráðuneytis. Urðu dönsk stjórnarvöld við þessari beiðni og varð að ráði, að hingað kæmi Adolf Sonne, hagfræðingur og skrifstofustjóri í Einokunareftirlitinu (Monopoltilsynet). Nefndin hóf störf 24. apríl 1967 og var ákveðið að haga störfum þannig að skipa undirnefnd 5 manna til að vinna að tillögum og álitsgerð, sem síðan yrðu lagðar fyrir nefndina til umræðu og ákvörðunar. Í undirnefnd voru Þórhallur Ásgeirsson, Hermann Jónsson, Jón Sigurðsson, Þorvarður J. Júlíusson og Valgeir Ársælsson. Starfaði A. Sonne með undirnefndinni að gerð tillagna og greinargerða og samdi jafnframt yfirlit um framkvæmd þessara mála í Danmörku, Svíþjóð og Noregi, og svaraði enn fremur fyrirspurnum nefndarmanna um framkvæmd eftirlits með einokun, hringamyndun og verðlagi í öðrum löndum. Dvaldi A. Sonne hér á tímabilinu 20. apríl til 26. maí 1967 og átti giftudrjúgan þátt í störfum nefndarinnar. Í lok maí lágu fyrir að mestu drög að frumvarpi til laga um verðgæzlu og eftirlit með samkeppnishömlum, ásamt athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins og almennri greinargerð um framkvæmd þessara mála á Norðurlöndum og víðar.

Nefndin ræddi þessar tillögur og greinargerðir í júnímánuði. Var ákveðið að fela undirnefndinni að athuga nánar einstök atriði frumvarpsins og jafnframt að semja refsiákvæði og ákvæði um gildistöku. Í júlí og ágúst lágu störf nefndarinnar niðri vegna sumarleyfa. Í september hóf undirnefndin störf að nýju og lagði fram í byrjun október breytingartillögur við hin upphaflegu drög að frumvarpi svo og tillögur um refsiákvæði og gildistöku. Voru þessar tillögur síðar ræddar á tveim fundum nefndarinnar í október og þar ákveðið að fela undirnefndinni að ganga frá nefndaráliti, sem síðan yrði tekið til endanlegrar umræðu og ákvörðunar í nefndinni.

Vegna sérstakra aðstæðna í efnahagsmálum varð hlé á störfum nefndarinnar um alllangt skeið eða þar til í júní 1969, að undirnefnd hóf störf að nýju og endurskoðaði drög að frumvarpi og greinargerð, er lá fyrir í nóvember 1967. Nefndin kom síðan saman til fundar að nýju í júní s. l. og hélt þá 2 fundi. Var þar rætt um einstök ákvæði frumvarpsins og enn fremur hugsanleg áhrif þess á framkvæmd stefnu í verðlagsmálum, ef lögfest yrði. Var síðan ákveðið að fjölrita að nýju drög að frumvarpi um verðgæzlu og eftirlit með samkeppnishömlum, ásamt greinargerð, eins og þetta lá fyrir eftir fundi nefndarinnar í júní. Þessu var síðan dreift til nefndarmanna í byrjun ágúst s. l. í allstóru upplagi til þess að nefndarmönnum gæfist kostur á að kynna þetta þeim aðilum, er tilnefndu þá í nefndina. Skömmu eftir miðjan september hóf nefndin störf að nýju. Hélt nefndin alls 6 fundi á tíma-

bilinu til októberloka. Voru á þessum fundum einkum til umræðu ákvæði frumvarpsdraganna um skipan verðgæzluráðs, verðmerkingar og gildistöku. Enn fremur var rætt um, hvaða áhrif ákvæði frumvarpsdraganna hefðu á framkvæmd verðlagseftirlits, ef þau næðu fram að ganga. Alls hélt nefndin 17 fundi á tímabilinu 24. apríl 1967 — 31. október 1969.

Nefndin varð ekki sammála. Að drögum þeim að frumvarpi um verðgæzlu og eftirlit með samkeppnishömlum ásamt greinargerð, sem hér fylgja með, standa eftirtaldir nefndarmenn:

Árni Jónsson.
Björgvin Schram (með yfirlýsingu varðandi 31. gr.).
Davíð Sch. Thorsteinsson.
Erlendur Einarsson.
Helga Magnúsdóttir (með fyrirvara um framkvæmd 21. og 22. gr., og eftirlit með álagningu á nauðsynjavöru).
Hjörtur Torfason (með fyrirvara um orðalag a-liðs 1. gr.).
Kristján G. Gíslason (með yfirlýsingu varðandi 31. gr.).
Ólafur Björnsson.
Óttarr Möller.
Otto Schopka.
Sigurður Magnússon (með yfirlýsingu varðandi 31. gr.).
Sveinn Ásgeirsson (með fyrirvara um 3. gr.).
Sverrir Júlíusson.
Þórhallur Ásgeirsson.
Valgeir Ársælsson.

Að séráliti því, sem einnig fylgir hér með, standa eftirtaldir nefndarmenn:

Hannibal Valdimarsson.
Hermann Jónsson.
Jón Sigurðsson.
Kristján Gíslason.
Þröstur Ólafsson (sem einnig skilar sérstakri greinargerð).

Einn nefndarmanna, Tómas Árnason, var fjarverandi erlendis, þegar nefndarstörfum lauk.

I. Almennar athugasemdir.

Löggjöf um samkeppnishömlur er nýtt réttarsvið, sem hefur tvo síðustu áratugi verið í örri framþróun í öllum löndum Vestur-Evrópu.

Þróun þessi hófst í Bandaríkjunum með Shermanlögunum frá 1890 og Claytonlögunum frá 1914. Í Evrópu hefur þróunin orðið síðbúnari, þar sem lög um starfsemi hringa voru fyrst sett í nokkrum löndum á árunum milli heimsstyrjaldanna. Skömmu eftir seinni heimsstyrjöldina var löggjöf um hringa sett að bandarísku fordæmi í Þýzkalandi og Japan og önnur lönd hafa síðan tekið upp samsvarandi löggjöf.

Samningafrelsið, sem byggðist á frjálshyggju 19. aldarinnar, takmarkaði að jafnaði ekki á neinn hátt heimildir til þess að gera samninga í þeim tilgangi að takmarka samkeppni. Þvert á móti gátu samningsaðilar bundið mjög hvor annan og framfylgt slíkum gagnkvæmt bindandi hömlum gegn samkeppni með aðstoð dómstóla. Samningar um hömlur gegn samkeppni beindust stundum gegn þriðja aðila, sem reglum þeim, er samningsaðilar settu um viðskipti sín, gat stafað ógn af. Réttindi þau, er slíkir samningar veittu samningsaðilum, voru þó að því leyti ekki ótvíræð, að hömlur gegn samkeppni, sem brutu í bága við almennar réttarreglur (common law) og auðsæja þjóðfélagslega hagsmuni, gátu orðið dæmdar ógildar af hálfu dómstóla. Innan rúmra takmarka var þó mögulegt að gera samninga, sem tryggðu hagsmuni samningsaðila, án þess að samkeppnishömlum yrði hnekkt, vegna þess að þær brytu í bága við hagsmuni þjóðfélagsins.

Á þessari öld hefur hugsunarhátturinn breytzt, þar sem athyglin hefur í ríkara mæli beinzt að því, að samningar, sem takmarka samkeppni, geta haft skaðleg þjóðfélagsleg áhrif. Þetta hefur byggzt á því sjónarmiði, að samningar, sem hafa í för með sér takmarkanir á samkeppni, hindra frjálsa atvinnustarfsemi og vinna gegn því, að framleiðsluöfl þjóðfélagsins verði nýtt þannig, að sem mestum afrakstri verði náð. Athygli hefur einnig í vaxandi mæli beinzt að nauðsyn þess að koma í veg fyrir misbeitingu fjármálavalds og vinna gegn því, að samsteypur og einkasölur fengju aðstöðu til þess að öðlast ósanngjarnan gróða.

Að jafnaði hefur mátt færa glögg rök fyrir löggjöf, í því skyni að vinna gegn samkeppnishömlum, sem stofnað hefur verið til með samningum og aðgerðum samtaka einstakra atvinnugreina, þar eð samtök, er veita aðilum séraðstöðu, hljóta að vekja athygli. Eðli málsins samkvæmt, er einnig auðveldara að komast að raun um, að slíkar hömlur gegn samkeppni eigi sér stað, en að um einokun (monopol) sé að ræða, þar sem slík aðstaða er sjaldnast augljós, þar eð nær ávallt er fyrir hendi framboð, er getur komið í stað þeirrar vöru, sem einokun er á, og erfitt getur verið að ákveða, hve víðtæk einokun sé og aðstöðu hennar á markaðnum. Hér við bætist, að hin tæknilega og efnahagslega þróun gerir á mörgum sviðum stórrekstur nauðsynlegan, svo að menn standa þá gjarnan gagnvart því vandamáli, að annars vegar er æskilegt eða nauðsynlegt að hafa afkastamikil stórfyrirtæki með þar af leiðandi takmörkun á samkeppni, en hins vegar er óskin um að varðveita minni og sjálfstæð fyrirtæki og samkeppni, sem örvar framtak og framfarir.

Þau sjónarmið, er hér hafa verið rædd, að því er snertir einokun og samninga um takmörkun á samkeppni, eru svo almenns eðlis, að þau hafa verið viðurkennd bæði í smærri og stærri löndum og lögð til grundvallar löggjöf, sem jafnvel í ríkum mæli viðurkennir samkeppnishömlur í framkvæmd á ákveðnum markaðssvæðum.

Löggjöf, sem sett hefur verið til þess að vinna gegn samningum um skaðlegar samkeppnishömlur, hefur í hinum ýmsu löndum annaðhvort verið fólgin í banni við slíkri samningagerð, eða eftirliti með því, að misnotkun ætti sér stað. Ef bannreglunni er fylgt, en hún liggur til grundvallar bandarískri löggjöf, enn fremur í Vestur-Þýzkalandi og Efnahagsbandalagi Evrópu, þá eru samningar um hömlur gegn samkeppni fyrirfram taldir svo skaðlegir, að þeir eru bannaðir, en þó með undanþáguheimild. Á Norðurlöndum, þar sem látið er nægja eftirlit með því, að misnotkun eigi sér ekki stað, er byggt á því sjónarmiði, að samkeppnishömlur þurfi ekki einvörðungu að hafa skaðleg áhrif, heldur geti einnig verið um gagnleg áhrif að ræða, þegar innan atvinnulífsins er stofnað til samstarfs um verðlagningu, framleiðslu og sölu. Markmið löggjafarinnar í þessum löndum er að vinna gegn skaðlegum áhrifum samkeppnishamla með eftirliti og opinberri íhlutun. Í Englandi er fylgt þriðju reglunni (forsendu reglunni), þar sem gert er ráð fyrir því, svo fremi hið gagnstæða sé ekki sannað, að samningar um samkeppnishömlur hafi skaðleg áhrif. Samningsaðilar hafa því sönnunarbyrðina á því, að ekki sé um slík skaðleg áhrif að ræða, eða að gangleg áhrif vegi á móti þeim skaðlegu áhrifum.

Notkun þeirra reglna, er nefndar hafa verið, hefur sjaldnast verið sjálfri sér samkvæm, þar sem t. d. á Norðurlöndum og Englandi hafa verið bannaðar ákveðnar samkeppnishömlur, einkum ákvarðanir um lágmarksverð (brúttóverð) á næsta sölustigi. Á hinn bóginn er gjarnan í löndum, sem byggja á bannreglunni, um svo víðtækar undanþágur að ræða, að framkvæmdin nálgast eftirlitsregluna. Gagnvart einokunarfyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum, sem ráðandi eru á markaðinum, eru bönn erfið í framkvæmd. Á þessum sviðum beinist athyglin gjarnan að því, hvort fyrirtækin misnoti markaðsaðstöðu sína. Í sumum löndum, svo sem Bandaríkjunum, er af opinberri hálfu fylgzt með fyrirtækjasamtökum, og í sumum tilvikum eru slík samtök leyst upp eða bönnuð.

Þau tæki, sem notuð eru til þess að vinna gegn skaðlegum samkeppnishömlum, eru: 1) Opinber birting þeirra og stöðugt eftirlit með þeim. 2) Refsing vegna brota á

bannákvæðum. 3) Samningsviðræður og fyrirmæli um, að samningar skuli að nokkru eða öllu úr gildi felldir. 4) Verðgæzla og 5) Verðlagsákvæði.

Með ákvæðum, sem sett eru í mörgum löndum um tilkynningar- og skrásetningarskyldu, þegar um samkeppnishömlur er að ræða, er reynt að tryggja, að allar slíkar ráðstafanir verði almenningi kunnar. Í sambandi við þetta hafa stjórnvöld stöðugt eftirlit með því, hver séu áhrif þessara samkeppnishamla. Enn fremur eru í ríkum mæli birtar opinberar skýrslur um verðákvarðanir og samkeppnisaðstöðu, og í vissum tilvikum á sér stað opinber málsmeðferð.

Refsimál vegna brota á bannákvæðum eru dæmd af almennum dómstólum, þar sem stjórnvöld þau, er eftirlit hafa með höndum, kæra til ákæruvaldsins.

Samningar og fyrirmæli um afnám skaðlegra samkeppnishamla eru eðlilegar ráðstafanir af hálfu þeirra stjórnvalda, er eftirlitið hafa með höndum. Einnig er í nokkrum löndum heimild til þess að fyrirskipa ráðstafanir, er efla samkeppni, svo sem verðmerkingu o. þ. h.

Notkun verðgæzlu og verðlagsákvæða, sem tækja til þess að vinna gegn skaðlegum takmörkunum á samkeppni, á sér einnig stað í mismunandi ríkum mæli. **Með verðgæzlu** er hér átt við það, að stjórnvöld hafa stöðugt eftirlit með verðlagi og ágóða og gefa út um það opinberar skýrslur, án þess að um beina íhlutun um verðmyndunina sé að ræða. Bezta dæmið um þetta er sennilega framkvæmd þessara mála í Svíþjóð.

Með **verðlagsákvæðum** er hér átt við það, að stjórnvöld hafa beina íhlutun um verðmyndunina, t. d. með ákvæðum um hámarksverð eða hámarksálagningu, eða með ákvæðum um það, hvaða verð ráðandi fyrirtæki megi ákveða.

Slík verðlagsákvæði eru ekki notuð í Svíþjóð, og yfirleitt óvíða. Í Danmörku eru verðlagsákvæði notuð gagnvart fyrirtækjum, sem ráðandi mega teljast á markaðinum, og þegar um samningsbundið verð er að ræða, þar sem talið er, að slíkar ráðstafanir séu vel til þess fallnar að hindra ósanngjarna verðlagningu og álagningu á sviðum, þar sem um samkeppnishömlur er að ræða. Sem dæmi um þetta, má nefna fyrirtæki, sem eitt framleiðir hveitimjöl, og samninga um taxta leigubifreiða.

Í framkvæmd er erfitt að halda fast við þann greinarmun, er hér hefur verið gerður á verðgæzlu og verðlagsákvæðum, en hér er þessi greinarmunur gerður til þess að sýna fram á muninn á því hlutverki stjórnvalda, annars vegar að rannsaka og fylgjast með þessum málum og hins vegar að stjórna þeim með beinni íhlutun.

Með því að heimila verðlagsákvæði í löggjöf um einokun og samkeppnishömlur verður nánast um verðlagslög (löggjöf um verðlagsákvæði) að ræða. Löggjöf um verðlagsákvæði hefur að jafnaði verið þáttur í óvenjulegum efnahagsmálaráðstöfunum, sem í ýmsum löndum hafa verið gerðar á tímum styrjaldar og einangrunar, en smám saman hafa menn víðast hvar komizt að þeirri niðurstöðu, að bein íhlutun um verðmyndunina hafi í för með sér ósveigjanleika í verðmynduninni og samkeppninni og skaðleg áhrif er til lengdar lætur. Íhlutun í verðmyndunina getur nefnilega, ef um frjálst efnahagslíf er að ræða að öðru leyti, ekki verið virk og nægilega víðtæk. Ósamræmi verður milli þess verðlags, sem íhlutunin nær til, og þess, sem er frjálst, og árangur íhlutunarinnar verður gjarnan sá, að verðmyndunin verður ófær um að gegna mikilvægasta hlutverki sínu, sem er að ákveða, hversu framleiðsluöfl þjóðfélagsins verði nýtt á hagkvæmastan hátt.

Þó að þessi sjónarmið hafi náð almennu fylgi, hafa hinar miklu verðhækkanir síðari ára gefið tilefni til margvíslegra verðlagsákvæða. Í sambandi við slík verðlagsákvæði hefur hið opinbera einnig hlutazt til um launaákvarðanir vinnumarkaðarins. Dæmi um þetta er stefna sú í launa- og verðlagsmálum, sem fylgt hefur verið í Hollandi, ásamt þeirri „Prices and income policy“, sem nú er fylgt í Englandi. Enn fremur má sem dæmi nefna hina svonefndu heildarlausn efnahagsmála í Danmörku 1963. Án þess að hér verði gerð tilraun til þess að meta árangur slíkra aðgerða, er það þó víst, bæði hvað snertir Holland og Danmörku, að íhlutun sú, sem átt hefur sér stað, hefur skapað spennu milli ýmissa tekjuhópa, og leitt til

krafna um sérstakar tekju- og launabreytingar, sem leitt hafa svo til verðhækkana.

Að öðru leyti má taka fram, að bein verðlagsákvæði tryggja í sjálfu sér ekki stöðugt verðlag. Til slíks þarf efnahagsmálastefnu byggða á breiðum grundvelli, sem með samhæfðum aðgerðum í atvinnumálum almennt, fjármálum og peningamálum ásamt kaupgjalds- og verðlagsmálum, miðar að nægri atvinnu, hagvexti, jafnvægi í greiðsluviðskiptum við útlönd og stöðugu verðlagi.

Það er af ýmsum ástæðum skiljanlegt, að það hefur orðið örðugt í framkvæmd að tryggja öll þessi markmið, og einkum hefur það í mörgum löndum verið vandkvæðum bundið að samræma löggjöf um verðlagsmál og samkeppnishömlur slíkri stefnu.

Tvö mikilvæg atriði í þessu sambandi skulu hér sérstaklega tekin fram:

Í fyrsta lagi er ekki hægt í skyndingu að breyta þeirri stefnu, er fylgt hefur verið og fólgin hefur verið í tollvernd, innflutningshöftum og verðlagsákvæðum, þ. e. a. s. afnema opinber afskipti og byrja að brjóta niður samkeppnishömlur einkarekstrarins. Hins vegar hefur reynsla eftirstríðsáranna í Evrópu sýnt, að hægt hefur verið að framkvæma á skipulegan og eftir atvikum samræmdan hátt afnám tolla og innflutningshafta með góðum árangri þjóðhagslega séð.

Í öðru lagi skal það tekið fram, að markmið þeirrar stefnu í efnahagsmálum, sem yfirlýst hefur verið í flestum löndum Vestur-Evrópu, hefur byggzt á eftirfarandi grundvallaratriðum:

1) Peningatekjurnar mega ekki vaxa til muna meira en raunveruleg framleiðsluafköst — eða ekki til muna meira en í hlutfalli við framleiðsluaukningu, er á sér stað erlendis. Breytt viðskiptakjör gagnvart útlöndum geta þó skapað undantekningu í þessu efni.

2) Varðveita verður aðlögunarhæfni verðmyndunarkerfisins, bæði að því er snertir hreyfanleik framleiðsluþáttanna og það hlutverk verðmyndunarinnar að ákvarða niðurröðun viðfangsefnanna.

3) Leitazt verður við að forða meiri háttar spennu félagslegs eðlis milli hinna ýmsu tekjuhópa til þess að hindra stökkbreytingar í tekjuskiptingunni.

Með tilliti til þessara tveggja atriða, sem nefnd hafa verið í 6. lið, er unnt að samhæfa löggjöf um verðlagsmál og samkeppnishömlur hinni almennu stefnu í efnahagsmálum, þar sem megináherzlan er lögð á að afnema og vinna gegn beinum og skaðlegum samkeppnishömlum, ásamt því að skapa sem bezt skilyrði fyrir frjálsari verðmyndun, með því að gefa opinberar upplýsingar um verðmyndun og álagningu. Með tilliti til þess að framkvæma þessi markmið í verðlagsmálum, hafa flest lönd í Vestur-Evrópu falið meðferð þeirra mála, er varða samkeppnishömlur, sérstökum óháðum stjórnvöldum, með aðstoð sérdómstóla. Að því er snertir verðlagsákvarðanir, er aftur á móti algengt, að stofnanir á breiðari grundvelli með aðild fulltrúa atvinnuvega, launþega og neytenda, eigi þar einnig hlutdeild að.

II. Verðlagsákvæði og verðlagseftirlit á Íslandi.

a) Þróunin fram að lokum síðari heimsstyrjaldar.

Það mun hafa verið á heimsstyrjaldarárunum fyrri, að hið opinbera hefst handa um bein afskipti af verðlagi í landinu. Ástæðan var hinar miklu verðhækkanir, sem hófust þegar eftir það, að fyrri heimsstyrjöldin skall á um mánaðamótin júlí—ágúst 1914. Þannig hækkaði t. d. framfærslukostnaður um 8% frá því í júlí og þar til í október 1914. 5. október 1914 voru því gefin út bráðabirgðalög, sem heimiluðu ráðherra Íslands að láta ákveða verðlag á innlendri og útlendri nauðsynjavöru og öðrum vörum og skipa nefnd til þessa. Voru lög þessi svo staðfest á Alþingi 1915 (l. nr. 72 1915). Nefnd var svo skipuð samkvæmt lögum þessum, en ráðstafanir þær, sem hún gerði í verðlagsmálum, voru þó mjög takmarkaðar. Hún ákvað hámarks-

verð á ýmsum stöðum úti á landi, þar sem óttazt var, að vöruskortur hefði í för með sér óeðlilega verðhækkun. En í Reykjavík var ekki sett hámarksverð á neina vöru fyrr en í desember 1915, og þá á mjólk, en ákvæðin stóðu aðeins einn mánuð. Engin skýr ákvæði voru í verðlagslögunum frá 1914 um heimild til sekta fyrir brot. 30. desember 1915 voru því gefin út bráðabirgðalög, sem heimiluðu að ákveða sektir, og voru þau staðfest á aukaþinginu 1916—17. Ári síðar eða haustið 1916, er Mjólkurfélagið hafði ákveðið mikla verðhækkun á mjólk, var aftur sett á hana hámarksverð, en sölu var þá hætt. Nokkru síðar afnam stjórnin hámarksverðið, en nefndin hætti störfum.

Á þinginu 1917 kom fram frumvarp, þar sem hinum tveim verðlagslögum var steypt saman, en það var afgreitt í efri deild með rökstuddri dagskrá, þar sem skorað var á landsstjórnina að breyta reglunum um störf verðlagsnefndar í þá átt, að hámarksverð verði ekki sett á innlenda vöru nema brýna nauðsyn bæri til, en komið á glöggu eftirliti í hverju héraði á gangverði allra lífsnauðsynja, en þó einkum innfluttrar vöru.

1917 var skipuð ný verðlagsnefnd, og fjallaði hún nær eingöngu um verð innlendrar vöru, enda voru þá taldir miklir erfiðleikar á því að ákveða hámarksverð á aðsendri vöru sökum síbreytilegra flutningsgjalda, einkum eftir það, að Þjóðverjar hófu ótakmarkaðan kafbátahernað. Vegna óánægju, sem varð út af hámarksverði á smjöri, sem nefndin ákvað, kom fram á þinginu 1917 þál.-tillaga um að skora á landsstjórnina að afnema það. Tillagan varð ekki útrædd, en hámarksverðið var afnumið þá um haustið. Á þinginu 1918 kom fram frumvarp um það, að fella verðlagslögin úr gildi, og var það rökstutt með því, að allir aðdrættir á nauðsynjavörum væru komnir í hendur Landsverzlunarinnar, en afskipti verðlagsnefndar af verði innfluttrar vöru hafi ekki náð tilgangi sínum. Þetta náði þó ekki fram að ganga, en á seinna þingi var samþykktur viðauki við gildandi lög (nr. 5 1917) um heimild fyrir landsstjórnina til ýmissa ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum, þar sem stjórninni var heimilað að ákveða, hvað mikið skuli lagt á ákveðna vöru. Verðlagsnefndirnar höfðu aldrei ákveðið hámark álagningar, heldur jafnan sett hámarksverð. En samkvæmt þessum lögum gaf stjórnin út reglugerð 19. október 1918, þar sem ákveðin var hámarksálagning í heildsölu (5—12½%) á ýmsum vörum. Engar ráðstafanir voru hins vegar gerðar til eftirlits með því, að ákvæðunum væri hlýtt, og engin ákvæði sett um álagningu í smásölu. Landsverzlunin ákvað þó jafnan einnig smásöluálagningu á þá vöru, sem hún verzlaði með í heildsölu.

Í september 1920 var enn sett á laggirnar verðlagsnefnd, sem gerðist allathafnasöm, en þar sem verðlag fór nú aftur lækkandi, eftir að það hafði náð hámarki haustið 1920, starfaði hún aðeins skamma stund og var lögð niður í apríl 1921. Þó að lagaheimildir þær, sem landsstjórnin hafði fengið á stríðsárunum til þess að ákveða hámarksverð og hámarksálagningu, væru áfram í gildi, var þeim ekki síðan beitt. Var því ekki um opinber afskipti af verðlagi að ræða um alllangt skeið, eða þar til 1934, að sett var löggjöf um afurðasölumál landbúnaðarins. Þar sem verðlagning landbúnaðarvara hefur hins vegar ávallt verið óháð almennum verðlagsákvæðum, verður saga hennar ekki rakin nánar.

Á Alþingi 1937 var að tilhlutan atvinnumálaráðherra flutt frumvarp um verðlag á almennum nauðsynjavörum. Var frumvarp þetta samþykkt á aukaþingi, sem haldið var síðar á árinu, og staðfest sem l. nr. 70 1937. Samkvæmt þessum lögum skyldi ráðherra þeim, sem færi með verzlunarmál, heimilt að ákveða, að útsöluverð eða verzlunarálagning í heildsölu eða smásölu mætti ekki vera hærri en verðlagsnefnd ákvæði, en í henni skyldu eiga sæti fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Verzlunarráði Íslands, auk formanns skipaðs af ráðherra. Ráðherra skyldi ákveða og auglýsa, til hvaða vörutegunda störf nefndarinnar skyldu taka. Með þessum lögum voru afnumin þau verðlagslög, sem í gildi voru frá fyrri heimsstyrjaldarárunum.

Ástæðan til þess að löggjöf þessi var sett mun hafa verið niðurstöður athugunar, sem atvinnumálaráðherra hafði látið gera á verði ýmissa vörutegunda, en hún var sú, að álagning væri óeðlilega mikil á ýmsar vörur, einkum þær, sem innflutningur var takmarkaður á. 1938 var verðlagsnefnd síðan skipuð og tók til starfa.

Skömmu eftir að heimsstyrjöldin síðari skall á, eða 6. okt. 1939, voru gefin út bráðabirgðalög, þar sem bannað var að hækka hundraðshluta álagningar á vörur fram yfir það, sem tíðkaðist í viðkomandi vöruflokkum fyrir 1. sept. 1939, nema með sérstöku leyfi verðlagsnefndar, og staðfesti þingið 1939 þessi lög, l. nr. 14 1940. Á þessu sama þingi hafði og verið samþykkt frv. um, að valdsvið verðlagsnefndar skyldi einnig ná til umboðsverzlunar.

Á þinginu 1940 var samþykkt frumvarp um verðlag, sem flutt hafði verið að tilhlutan viðskiptamálaráðherra, l. nr. 118 1940. Komu þessi lög í stað þeirra tveggja verðlagslaga, sem áður giltu, og voru að ýmsu leyti ýtarlegri en þau. Valdsvið verðlagsnefndar skyldi nú einnig ná til taxta fyrir viðgerðir, smíði, saumaskap, o. s. frv. Í sambandi við álagningu á efni, vöru og vinnulaun, var henni heimilað að skipta landinu í verðlagssvæði, keðjuverzlun bönnuð nema án álagningar, enn fremur var bannað að halda vörum úr umferð í þeim tilgangi að fá af þeim hærri verzlunarágóða en venjulegt var, þegar þær hefðu átt að seljast, og heimilað að ákveða, að ákvarðanir um þýðingarmikla verðhækkun megi ekki koma til framkvæmda fyrr en 4 dögum eftir að verðlagsnefnd hefur verið tilkynnt um þær og henni heimilað að banna þær, þar til athugun hefði farið fram. Úr frv. var hins vegar fellt það ákvæði, að bannað væri að hækka hundraðshluta álagningar frá því, sem verið hafði fyrir 1. sept. 1939, en það ákvæði hafði eins og áður segir verið í lögunum, sem giltu áður. Samkvæmt lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, sem samþykkt voru á þinginu 1941 (l. nr. 98 1941), var ríkisstjórninni heimilað að ákveða farmgjald á vörum, sem fluttar eru til landsins með íslenzkum skipum, eða skipum, sem Íslendingar hafa á leigu. Þann 8. jan. 1942 voru gefin út bráðabirgðalög um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Samkvæmt þeim skyldi skipa 5 manna gerðardóm, og skyldu allar breytingar á kaupi frá því, sem verið hafði 1941, leggjast undir úrskurð hans og hann þá fylgja þeirri meginreglu, að eigi megi greiða hærra grunnkaup en greitt var 1941, en honum þó heimilað að úrskurða breytingar til samræmingar og lagfæringar, ef sérstaklega stæði á. Verkföll og verkbönn voru bönnuð. Ríkisstjórnin skyldi gefa út skrá um nauðsynjavörur, sem óheimilt væri að selja við hærra verði en í árslok 1941, og þær vörur, sem ekki mætti leggja meira á en þá var gert. Gerðardómnum skyldi samt heimilt að úrskurða breytingar á verði slíkra vara, að fengnum tillögum verðlagsnefndar. Bannað var að hækka farmgjöld, nema með samþykki gerðardómsins og honum heimilað að ákveða verðlag á innlendum iðnaðarvörum og ákveða taxta fyrir viðgerðir, smíði, saumaskap, prentun o. þ. u. l. í sambandi við álagningu á efnivöru og vinnu. Á fyrsta þinginu 1942, sem fékk bráðabirgðalögin til meðferðar, voru gerðar á þeim nokkrar breytingar. Skyldi gerðardómurinn heita dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum, og voru meginatriði verðlagslaganna felld inn í lögin og dómnefndinni falið hlutverk verðlagsnefndarinnar, en verðlagslögin frá 1940 (l. nr. 118 1940, sbr. hér að framan) afnumin meðan lögin giltu. Allar verðlagsákvarðanir skyldu haldast, þar til dómnefndin gerði breytingar á þeim.

Á aukaþingi, sem haldið var sumarið 1942, lagði ríkisstjórnin fram frv. um dómnefnd í verðlagsmálum, en samkvæmt því voru afskipti nefndarinnar af kaupgjaldsmálum og verðlagi landbúnaðarafurða sem og ákvæðin um kaupfestinguna felld niður. Var frv. þetta samþykkt.

Á síðara aukaþingi, sem haldið var eftir kosningar í október 1942, bar utanþingsstjórnin, sem mynduð var í des. 1942, fram frv. um breytingar á dómnefndarlögunum, sem samþykkt var með nokkrum breytingum sem l. nr. 99 1942. Gat ríkis-

stjórnin samkvæmt því ákveðið með auglýsingu, að ekki mætti án leyfis dómnefndarinnar hækka verð á nokkurri vöru, farmgjöldum, gjaldi fyrir viðgerðir, saumaskap, prentun og öðru slíku frá því sem lægst var á hverjum stað 18. des. 1942. Ríkisstjórninni voru heimiluð afskipti af ákvörðunum dómnefndarinnar og svo kveðið á, að hún skyldi ekki einungis hafa vald til verðlagsákvarðana þeirra, sem lögin tilgreindu, heldur og skyldu til þeirra.

Skömmu eftir nýár 1943 flutti ríkisstjórnin frv. til laga um verðlag, sem náði samþykki sem l. nr. 3 1943. Var með þeim nýrri skipan komið á verðlagseftirlitið. Dómnefndarlögin voru felld úr gildi, en 5 manna viðskiptaráði, skipuðu af ríkisstjórninni, m. a. falið vald til verðlagsráðstafana og verðlagseftirlits. Þegar ráðið fjallaði um verðlagsmál, skyldu tveir þó jafnan víkja sæti, en aðrir tveir koma í þeirra stað samkvæmt ákvörðunum ríkisstjórnarinnar. Valdsvið verðlagsyfirvaldanna var enn aukið og tók nú raunverulega til allrar vöru nema landbúnaðarafurðanna. Laun fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga, voru og undanþegin ákvæðum laganna. Þá skyldi ríkisstjórnin skipa verðlagsstjóra, sem geri tillögur til viðskiptaráðs um verðlagsákvæði og hefur á hendi framkvæmd þeirra og eftirlit með, að þeim sé hlýtt. Bannað var að hækka verð á nokkru því, sem háð væri verðlagseftirliti, nema með leyfi viðskiptaráðs.

b) Þróunin frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar.

Með verðlagslögunum frá 1943 verða þáttaskil í sögu verðlagseftirlitsins hér á landi, þannig að það var þá gert allmiklu víðtækara en áður hafði verið og framkvæmd þess komið í fastara form. Síðustu tvö styrjaldarárin mátti segja, að öll sú vara og þjónusta, sem verðlagseftirlitið hafði heimild til þess að hafa afskipti af, væri háð verðlagsákvæðum, og var jafnvel svo langt gengið í því efni að taka bókaútgáfu undir verðlagsákvæði, svo umdeilanlegt sem slíkt er. Var þeirri stefnu í verðlagsmálum, sem mörkuð var með þessum lögum, haldið óbreyttri fram til ársins 1950, en þá var tekin upp önnur stefna, eins og nánar verður getið um. Með l. nr. 70 1947 um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, var hins vegar gerð sú breyting á fyrirkomulagi verðlagsmála, að þau skyldu eftirleiðis heyra undir svokallaða viðskiptanefnd, sem var deild í fjárhagsráði, og fjallaði hún auk verðlagseftirlitsins um innflutnings- og gjaldeyrismál. Viðskiptanefnd var skipuð 5 mönnum, og var felld niður sú regla, að tveir nefndarmanna skyldu víkja sæti, er fjallað var um verðlagsmál. Samkvæmt ákvæði í hinum nýju lögum skyldi miða verðlagsákvæði við þörf þeirra fyrirtækja, er hefðu vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Að öðru leyti var ekki um breytta stefnu í verðlagsmálum að ræða.

Á Alþingi 1950 voru sett ný lög um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm (l. nr. 35 1950). Samkvæmt þeim skyldi ríkisstjórnin skipa sérstakan verðgæzlustjóra samkvæmt tilnefningu 7 manna nefndar, er eftirtalin samtök ættu hvert um sig einn fulltrúa í: Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Landssamband iðnaðarmanna, Landssamband ísl. útvegsmanna og Stéttarsamband bænda. Skyldi verðgæzlustjóri ráða starfsmenn sína og trúnaðarmenn í samráði við nefndina. Á þennan hátt var allt eftirlit með verðlagi falið samtökum neytenda, en allar ákvarðanir í verðlagsmálum skyldu teknar af fjárhagsráði eða sérstökum trúnaðarmanni þess. Þessi tvískipting stóð þó ekki nema um þriggja ára skeið, en þá var starf trúnaðarmanns falið verðgæzlustjóra og embætti hans þá orðið samsvarandi því, sem embætti verðlagsstjóra hafði verið áður, þótt embættisheitinu væri ekki breytt fyrr en síðar. Auk þess að hafa eftirlit með því, að verðlagsákvæðum fjárhagsráðs væri hlýtt, skyldi hann „vekja athygli fjárhagsráðs á því, ef sams konar eða svipuð vara er löglega seld með mismunandi verði, svo að fjárhagsráð geti beint innkaupum þangað, sem þau eru hagkvæmust.“ Enn fremur var verðgæzlustjóra skylt að gera rækilegan

samanburð á verðlagi og gæðum íslenzkra iðnaðarvara og sams konar vara, sem hægt er að fá erlendis frá.

Það var og nýmæli í lögum þessum, að komið skyldi á fót í kaupstöðum landsins sérstökum dómstól, er verðlagsdómur nefndist, er rannsaka skyldi mál út af verðlagsbrotum. Í verðlagsdómi skyldu eiga sæti 2 menn, hlutaðeigandi héraðsdómari og meðdómari, er tilnefndur skyldi af 7 manna nefnd þeirri, er tilnefna skyldi verðgæzlustjóra, svo sem áður var getið. Í Reykjavík skyldi sakadómari vera formaður verðlagsdóms. Að öðru leyti höfðu verðlagsyfirvöld sömu heimildir og samkvæmt eldri lögum til afskipta af verðlagi, en í framkvæmd var nú breytt um stefnu, þannig að bein verðlagsákvæði voru að verulegu leyti afnumin, en í þess stað treyst á verðgæzlu og verðlagseftirlit samkvæmt þeim ákvæðum laganna, er rakin hafa verið.

Til aukins aðhalds í þessum efnum voru í ársbyrjun 1953 sett lög um viðauka við verðlagslögin frá 1950 (l. nr. 22 1953), þar sem verðgæzlustjóra var m. a. gert skylt að birta nöfn þeirra, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu á vöru eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á.

Enn fremur skyldi verðgæzlustjóri mánaðarlega birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitalan byggist á, og á þriggja mánaða fresti skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð á aðaltegundum byggingarefnis í Reykjavík og Hafnarfirði. Jafnframt skyldi verðgæzlustjóri afla upplýsinga um útsöluverð sömu vörutegunda á helztu verzlunarstöðum annars staðar á landinu, og birta tvisvar á ári skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð þar á þessum vörum.

Samkvæmt lögum nr. 88 1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. voru fjárhagsráð og viðskiptanefnd lögð niður, en verkefni þeirra voru falin sérstakri innflutningsskrifstofu, er tveir menn skyldu veita forstöðu. Skyldu þeir þá einnig fara með verðlagsákvarðanir, að fengnum tillögum verðgæzlustjóra, er eins og áður skyldi sjá um framkvæmd verðgæzlu og verðlagseftirlits.

Ný ríkisstjórn, er tók við völdum eftir kosningarnar sumarið 1956, gaf út bráðabirgðalög í ágústmánuði, þar sem kaupgjaldsvísitala var fest til áramóta, en jafnframt voru bannaðar allar verðhækkanir, svo og hækkun álagningar. Innflutningsskrifstofan gat þó veitt undanþágu, ef sérstaklega stóð á. Bráðabirgðalögin skyldu gilda til ársloka 1956, og voru þau staðfest á Alþingi því, sem kom saman um haustið. Jafnframt voru gefin út bráðabirgðalög þess efnis, að forstöðumönnum Innflutningsskrifstofunnar var fjölgað úr 2 í 4, og hlutu þau einnig staðfestingu Alþingis. Í árslok 1956 voru sett lög um útflutningssjóð o. fl. (l. nr. 86 1956). Samkvæmt þeim var bannað að hækka söluverð á öllum vörum, sem fluttar voru til landsins eða framleiddar innanlands fyrir gildistöku laganna, og fyrstu þrjá mánuðina eftir gildistöku þeirra voru bannaðar allar hækkanir á vöru og þjónustu, nema samþykki Innflutningsskrifstofunnar kæmi til. Var þann þetta enn framlengt að þessum 3 mánuðum liðnum, að því er snerti innlenda iðnaðarvöru og hvers konar þjónustu.

Skipaður skyldi verðlagsstjóri að nýju í stað verðgæzlustjóra og var hér nánast um nafnabreytingu að ræða, nema að því leyti að verðlagsstjórinn skyldi skipaður án tilnefningar. Stjórn Innflutningsskrifstofunnar skyldi fara með verðlagsákvarðanir í samráði við verðlagsstjóra. Bein verðlagsákvæði voru nú tekin upp að nýju, þannig að í febrúar 1957 voru sett ákvæði um hámarksálagningu bæði í heildsölu og smásölu hvað snerti flestar innfluttar vörur. Árið 1960 var sett ný löggjöf um verðlagsmál (l. nr. 54 1960). Helztu breytingar frá þágildandi lögum voru þessar: Með verðlagsákvarðanir skyldi fara sex manna nefnd, verðlagsnefnd. Formaður hennar skyldi vera ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu, en hinir 5 nefndarmennirnir skyldu kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi, þegar eftir gildistöku laganna, en síðan eftir hverjar Alþingiskosningar. Hver nefndarmaður skyldi tilnefna varamann. Afl atkvæða skyldi ráða úrslitum mála, en væru atkvæði jöfn, skyldi atkvæði formanns ráða úrslitum. Að öðru leyti voru ákvæði laganna um starfssvið

verðlagsnefndar svo og verðlagsstjóra, er skipaður skyldi af ráðherra þeim, er með verðlagsmál fer, í meginatriðum óbreytt, svo og eldri ákvæði um verðlagsdóma, en meðdómendur í þeim skyldu nú tilnefndir af 3 manna nefnd, skipaðri fulltrúum Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Stéttarsambands bænda. Næstu ár á eftir varð þó töluverð stefnubreyting í verðlagsmálum, þannig að bein verðlagsákvæði voru í allvíðtækum mæli afnumin, en verðlagsstjóra þó falið eftirlit með allri verðlagningu, einnig á þeirri vöru og þjónustu, sem undanþegin var ákvæðum. Innflutningur var og að mestu gefinn frjáls frá árinu 1961.

Með lögum um heimild til verðstöðvunar, er samþykkt voru á Alþingi skömmu fyrir jól 1966, var ríkisstjórninni heimilað að ákveða, að verð á hvers konar vöru megi ekki vera hærra en það var 15. nóvember 1966, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og mega þau þá ekki leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega, svo sem vegna hækkunar á tollverði innfluttrar vöru. Leyfi til slíkrar verðhækkunar skal vera háð samþykki ríkisstjórnarinnar. Enn fremur skyldi ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að hundraðshluti álagningar á vörum í heildsölu og smásölu megi ekki vera hærri en hann var fyrir 15. nóvember 1966. Sama skyldi gilda um umboðslaun vegna vörusölu og hvers konar álagningu, sem ákveðin var sem hundraðshluti á selda vinnu eða þjónustu.

Þessi fyrirmæli skyldu á hliðstæðan hátt taka til seldrar þjónustu og framlags í hvaða formi sem væri, þar á meðal til hvers konar þjónustu eða framlaga, sem ríki, sveitarfélög eða stofnanir þeirra, svo og aðrir opinberir aðilar, láta í té gegn gjaldi. Lög þessi skyldu vera í gildi til októberloka 1967, og voru þau þá ekki framlengd.

Í árslok 1967 var sú breyting gerð á verðlagslögunum, að verðlagsnefnd skyldi skipuð 9 mönnum, þar af skyldu 3 skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Níundi maður skyldi vera ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu, og skyldi hann vera formaður nefndarinnar.

Lög þessi giltu aðeins til ársloka 1968, en hafa nú verið framlengd fyrir árið 1969. Jafnframt endurskipulagningu verðlagsnefndar voru nú tekin upp miklu strangari verðlagsákvæði en verið höfðu fyrir verðstöðvunina 1966, og verðlagsákvæðin gerð miklu víðtækari en áður, þannig að síðan hafa þau náð til flestrar þeirrar vöru og þjónustu, sem nefndin hafði heimild til afskipta af.

c) Hámarksverð eða hámarksálagning.

Nær allan þann tíma, sem heimild hefur verið til að beita verðlagsákvæðum, hefur hún náð bæði til þess að ákveða hámarksverð og hámarksálagningu, þannig að það hefur verið framkvæmdaratriði, hvort formið hefur verið á. Hámarksálagningin hefur þó verið miklu algengari og að jafnaði ríkjandi, þegar verðlagsákvæði hafa verið víðtæk.

Stundum hefur verið um að ræða „blandaða álagningu", þ. e. auk tiltekinnar magnálagningar hefur álagning verið ákveðin sem hundraðshluti að nokkru. Á þessari reglu voru t. d. byggð ný verðlagsákvæði, er sett voru vorið 1947 og náðu til allmargra vörutegunda. T. d. má nefna, að álagning á helztu kornvörutegundir var þá ákveðin 3½% kostnaðarverðs að viðbættum 5 kr. fyrir hver 100 kg. í heildsölu, en í smásölu 8% að viðbættum 22 aurum á kg. Var þetta gert til þess að koma í veg fyrir hlutfallslega hækkun álagningar, þegar verðhækkanir yrðu, þannig að hún a. m. k. að hluta væri óbreytt að krónutali. Þegar gengisbreytingar og aðrar meiri háttar almennar verðsveiflur hafa orðið, hefur jafnan verið ákveðið, að álagning mætti ekki hækka að hundraðshluta, nema sem næmi hluta af verðhækkuninni, og stundum hefur slíkt verið lögákveðið, svo sem eftir gengislækkunina í nóvember 1968.

Þegar verðstöðvunarlöggjöf hefur ekki verið í gildi, hefur verðlagsnefnd talið sér heimilt að leyfa hærri hundraðshlutaálagningu en ella, þegar hún taldi sannað af hálfu þeirra fyrirtækja, er um slíkt sóttu, að þau hefðu gert sérstaklega hagstæð innkaup. Á árunum 1960—66 voru þess t. d. allmörg dæmi, að þeirri heimild væri beitt. Er þetta gert til þess að koma til móts við þá gagnrýni á ákvæðum um hámarksálagningu ákveðna sem hundraðshluta, að hún sé hvatning til óhagstæðari innkaupa.

III. Athugasemdir við einstakar greinar frv.

Við 1. gr.

Talið er rétt að byrja lagabálkinn með almennri stefnuyfirlýsingu, er gefur til kynna tilgang laganna.

Með „verði“ er átt við sérhverja greiðslu, sem látin er í té fyrir vöru eða þjónustu, hvort sem slíkt nefnist þóknun, flutningsgjald, taxti eða þ. h.

Með „hagnaður“ er átt við þann hreina ágóða, sem rekstur fyrirtækis gefur af sér. Orðið hagnaður (fortjeneste) er notað í 1. gr. norsku laganna, en ekki þeirra dönsku. Þegar lögin voru til meðferðar í danska þjóðþinginu, kom það fram, að verð getur verið ósanngjarnt, annaðhvort vegna þess, að um ósanngjarnan kostnað eða álagningu sé að ræða.

Með „viðskiptaháttum“ er átt við þá skilmála, sem fyrirtæki setja fyrir afhendingu vöru eða þjónustu eða rétti til afnota slíkra gæða eða endursölu, hvort heldur slíkir skilmálar snerta verð eða álagningu, þegar um endursölu er að ræða, greiðslu- eða afhendingarskilmála, sundurgreiningu, umbúðir, auglýsingar o. s. frv. Önnur hugtök í 1. gr. verða nánar skýrð í athugasemdum við eftirfarandi frumvarpsgreinar.

Við 2. gr.

Samkvæmt frv. fjalla lögin um alla atvinnustarfsemi, hvort sem hún er á vegum einkaaðila, ríkis eða sveitarfélaga. Haft er í huga, að ákveðin atvinnustarfsemi getur lotið annarri löggjöf, og því getur verið hagkvæmt, að önnur stjórnvöld hafi með hendi eftirlit samkvæmt lögum þessum. Það verður í slíkum tilvikum háð atvikum í hverju einstöku dæmi, að hve miklu leyti hægt er að nota hinar efnislegu reglur í IV., V. og VI. kafla laganna. Sú hugsun að láta lögin einnig ná til atvinnurekstrar á vegum ríkis eða sveitarfélaga byggist á því, að með slíkri ákvörðun má tryggja sams konar grundvallarlöggjöf og samræma framkvæmd hennar á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins, óháð því, hvort rekstur hinna ýmsu fyrirtækja er á vegum einkaaðila eða hins opinbera.

Tekið er fram, að löggjöfin nær ekki til launa eða starfskjara, né húsaleigu. Sömuleiðis er útflutningur undanþeginn ákvæðum laganna. Til útflutnings telst jöfnum höndum vörusala og flutningur til útlanda, sem greiddur er af erlendum aðilum, svo og sala þjónustu til erlendra aðila. Sala vöru og þjónustu til útlendinga á Íslandi telst ekki útflutningur.

Með atvinnustarfsemi er í lögum þessum átt við hvers konar efnahagslega starfsemi, hvort heldur varanlega eða tímabundna, einka- eða samvinnurekstur. Þjónusta, er opinberir aðilar veita, svo sem fræðslustarfsemi, heilbrigðisþjónusta og rekstur sjúkrahúsa, félagsmálastarfsemi o. þ. h., telst ekki atvinnustarfsemi. Aftur á móti ná lögin til samgangna og flutningastarfsemi, hvort heldur er á vegum einkaaðila eða opinberra aðila. Lögin ná ekki til starfsemi góðgerðarstofnana, þar með talin happdrætti. Góðgerðastofnanir, sem reka atvinnustarfsemi á venjulegum viðskiptagrundvelli, eru hins vegar háðar lögunum.

Ríkisstjórnin sker úr vafaatriðum um það, hvort tiltekin starfsemi sé háð lögunum eða ekki.

Lögin taka til hvers konar lausafjár, sem gengið getur kaupum og sölum, þar með talin hvers konar flutningatæki, raforka og aðrir orkugjafar, en ekki til fasteigna.

Með þjónustu er átt við hvers konar fyrirgreiðslu og vinnu, sem gjald er tekið fyrir, þar með talin flutningastarfsemi, vöruafgreiðsla, rekstur gisti- og veitingahúsa, efnalauga, snyrtistofa o. fl.

Við 3. gr.

Framkvæmd laganna er í höndum verðgæzluráðs, er skipað er 9 mönnum, og verðgæzluskrifstofu. Samkvæmt frumvarpinu er lögð áherzla á að hafa fastar reglur um skipun og tilnefningu verðgæzluráðs. Lagt er til, að viðskiptaráðherra skipi formann ráðsins án tilnefningar. Hlutlausa aðild að verðgæzluráði er reynt að tryggja með því að láta Hæstarétt skipa 2 menn og með því að mæla svo fyrir, að þeir skuli vera óháðir atvinnuhagsmunum og að öðru leyti hafa alhliða þekkingu á atvinnu- og viðskiptamálum og kunnáttu í lögum og hagfræði.

Sex meðlimir verðgæzluráðs eru skipaðir af viðskiptaráðherra, annars vegar 3 eftir sameiginlegri tilnefningu 4 samtaka atvinnuveganna og hins vegar 3 eftir tilnefningu 3 heildarsamtaka launþega og neytenda, er tilnefna hvert um sig einn mann. Talið er hagkvæmt, að fastir varamenn séu fyrir hvern mann, sem sæti á í verðgæzluráði. Þá eru ákvæði um, að ráðherra skuli skipa í ráðið án tilnefningar, ef einhver áðurgreindra aðila notfærir sér ekki rétt sinn til tilnefningar.

Við 4. gr.

Samkvæmt frv. skipa formaður og þeir tveir menn, er Hæstiréttur skipar í verðgæzluráð, 3 manna nefnd, er hefur ákvörðunarvald í þeim málum, er varða einokun og samkeppnishömlur (IV. kafli frv.). Með þessu er þó ekki loku fyrir það skotið, að verðgæzluráð ræði slík mál. Aðalatriðið er, að ákvörðunarvald í þeim efnum er í höndum 3 manna nefndarinnar, sem þannig fær aðstöðu sérdómstóls. Slíkt fyrirkomulag þekkist víða, t. d. í Noregi, Svíþjóð og Englandi, og að nokkru leyti í Danmörku, þar sem sérstök nefnd fjallar um kærur út af einokun (Monopolankenævnet).

3 manna nefnd getur ekki ákvarðað verð og álagningu. Slíkar ákvarðanir verða aðeins teknar af verðgæzluráði, sbr. III. kafla.

Í 2. mgr. 4. gr. eru settar reglur um hæfi þeirra, er sæti eiga í verðgæzluráði.

Ríkisstjórninni er heimilt skv. 3. mgr. 4. gr. að fela sérstökum stjórnvöldum eftirlit samkv. lögunum. Til þess að ná sem mestri samræmingu í slíkum tilvikum er ákveðið, að þessi stjórnvöld skuli leita umsagnar verðgæzluráðs, áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Með mikilvægum ákvörðunum er átt við ákvarðanir, sem skapa ný viðhorf eða breyta þeim kjörum, er hlutaðeigandi atvinnugrein hefur búið við í verðlagsmálum, eða breyta réttarlegri aðstöðu hennar.

Við 5. gr.

Fjallar um starfslið og hlutverk verðgæzluskrifstofunnar.

Við 6. gr.

Ákvarðanir um upplýsingaskyldu eru samsvarandi ákvæðum í núgildandi lögum.

Við 7. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar gr. laganna getur bein íhlutun um verðlagningu og álagningu átt sér stað í tvenns konar tilvikum.

Í fyrsta lagi getur íhlutun um verðákvörðun átt sér stað, þegar um samkeppnishömlur er að ræða, svo sem í IV. kafla ræðir.

Í öðru lagi getur bein íhlutun um verðlagningu átt sér stað, ef samkeppnin raunverulega — en án þess að um eiginlegar, sannanlegar samkeppnishömlur sé

að ræða — er ekki nægilega virk til þess að tryggja sanngjarna verðlagsþróun. Bein íhlutun um verðlag getur einnig átt sér stað í tilvikum, þar sem skilyrði eru fyrir ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar frá þjóðfélagslegu sjónarmiði séð.

Verðgæzluráði er heimilt að ákveða hámarksverð og/eða hámarksálagningu. Þar sem það getur í sumum tilvikum verið óheppilegt að ákveða eiginlegt hámarksverð, gerir frv. einnig ráð fyrir þeirri leið, að verðgæzluráð geti ákveðið, að verðið skuli reiknað eftir ákveðnum reglum, þannig að hlutaðeigandi fyrirtæki geta í slíkum tilvikum ákveðið verðið sjálf. Verðgæzluráð getur loks ákveðið verðstöðvun, en aðeins um 6 mánaða tíma í einu, þar sem langvarandi verðstöðvanir eru samkvæmt fenginni reynslu erfiðar í framkvæmd, nema jafnframt sé um aðrar ráðstafanir í efnahagsmálum að ræða.

4. liður heimilar í sambandi við ákvörðun verðs og álagningar að setja reglur um flokkun, sundurgreiningu o. þ. h. á vörum. Slíkar reglur geta verið nauðsynlegar, til þess að verðákvörðun sé framkvæmanleg og virk.

Við 8. gr.

Áður en til ákvarðana skv. 7. grein kemur, skal verðgæzluráð leita annarra ráða til að binda enda á samkeppnishömlur, eins og tilgreint er í 16. gr.

Þá getur ráðið beitt ákvæðum 11. gr. til þess að efla verðsamkeppni og tryggja sanngjarna verðlagsþróun.

Ætla má, að aðgerðir í verðlagsmálum, þar sem ekki er um eiginlegar samkeppnishömlur að ræða, séu oft gerðar jafnhliða öðrum ráðstöfunum í efnahagsmálum, a. m. k. ber að leitast við að samræma verðlagsákvæði af þessu tagi, ef viðtæk eru, hinni almennu stefnu í efnahagsmálum. Í þessu ljósi ber að líta ákvæði 2. mgr., þar sem heimild til slíkrar verðlagsíhlutunar er hverju sinni gerð tímabundin.

Við 9. gr.

Ákvæði þessarar gr. heimila verðgæzluskrifstofunni að semja við fyrirtæki eða samtök þeirra um það að koma á fót verðjöfnun. Slíka verðjöfnun má framkvæma á ýmsa vegu, og tilgangurinn er að draga úr verðsveiflum, sem eru tiltölulega skammvinnar og orsakast af árstíðasveiflum eða breytingum á innflutningsverði aðkeyptrar vöru, hvort heldur þær breytingar eiga rót sína að rekja til farmgjalda eða innkaupsverðs. Verðgæzluráð skal samþykkja slíkar ráðstafanir, og skal leggja fyrir það skýrslu frá verðgæzluskrifstofunni um áhrif þeirra.

Við 10. gr.

Í þessari grein felst regla um verðútreikning, sem leggja skal til grundvallar ákvörðun og mati verðs og álagningar. 1. mgr. svarar til gildandi ákvæða verðlagslaga, en í 2. mgr. eru taldir upp þeir kostnaðarliðir, sem taka skal tillit til.

Orðin „má ekki ákvarða lægri en svo“ fela í sér lágmark, sem háð er mati. Slíkt mat yrði sumpart framkvæmt samkvæmt ákvæðum 1. mgr., en sumpart samkvæmt mati og rannsókn á tilkostnaði og afkomumöguleikum samkvæmt reikningum og áætlunum.

„Nauðsynlegur kostnaður“ er nánar skilgreindur með upptalningunni. Venjulega er gerður greinarmunur á föstum og breytilegum kostnaði, þótt ekki sé að vísu hægt að draga skýrar markalínur þar á milli. Breytilegur kostnaður er kominn undir magni framleiðslu eða sölu og eru helztu þættir hans þessir:

a) innkaup hráefna, hjálparefna eða fullunninnar vöru til endursölu og
b) beinn vinnulaunakostnaður við vinnslu, pökkun o. s. frv.

Fastakostnaður innifelur:

c) óbeinan framleiðslukostnað, þar með talinn vaxtakostnað vegna fjárfestingar í fastafjármunum og
d) afskriftir.

Sem sérstakan kostnaðarflokk má nefna sölu- og afhendingarkostnað ásamt stjórnarkostnaði. Þessi kostnaðarliðir eru oft nefndir einu nafni e) **„allsherjarkostnaður“.**

Allsherjarkostnaður getur að nokkru leyti verið breytilegur og er m. a. háður verðmæti veltunnar (svonefndur verðmætisákvarðaður kostnaður). Fjáröflunarkostnaður, þar með talinn vaxtakostnaður af öðru lánsfé en því, sem bundið er í fjárfestingu í fastafjármunum, t. d. vegna yfirdrátta, víxla o. fl., telst venjulega til allsherjarkostnaðar, enda þótt slíkur vaxtakostnaður geti verið vegna fjáröflunar til vörukaupa eða venjulegra rekstrarútgjalda. Annars er það títt, að einnig vextir vegna fjárfestingar í fastafjármunum teljist til allsherjarkostnaðar, þar sem erfitt getur verið að greina milli vaxta af lánum, sem tekin eru í mismunandi skyni.

Hér á eftir skulu gerðar nokkrar athugasemdir um einstaka kostnaðarliði, sem að framan hafa verið taldir undir a—e.

Um a: Þegar gerður er upp kostnaður við innkaup vöru, er kostnaðarreglan að jafnaði lögð til grundvallar, og einnig er tekið tillit til kostnaðar við heimflutning vörunnar. Í vissum tilvikum, er telja má til undantekninga, getur verið réttmætt eða nauðsynlegt að reikna með endurkaupsverði, t. d. ef verðið grundvallast á skráðu markaðsverði, eða ef ekki er unnt að fylgja kostnaðarverði.

Um b: Við ákvörðun vinnulauna og hækkunar þeirra, eru kaupsamningar lagðir til grundvallar. Framlög til almannatrygginga, orlofsfé o. þ. h., er atvinnurekendur greiða, telst til umsamins kaups. Gerður er greinarmunur á almennum launum og lágmarkslaunum, og laun geta ýmist verið greidd sem ákvæðislaun eða tímakaup. Þegar um lágmarkskaup er að ræða, getur verið samið um launahækkanir til samræmis við framleiðniaukningu. Hið sama getur átt sér stað, þegar um ákvæðisvinnu er að ræða. Svo fremi sem framleiðniaukning vegur að nokkru eða öllu leyti á móti launahækkunum, er ekki ástæða til þess að taka að fullu tillit til launahækkana við ákvörðun verðsins.

Samningar um styttingu vinnutíma geta falið í sér launahækkanir, sem taka ber tillit til við verðákvarðanir, nema augljós framleiðniaukning eigi sér jafnframt stað.

Hin beinu vinnulaun á framleiðslueiningu geta verið mjög breytileg, eftir því hvers konar tækni er notuð. Í framkvæmd er ekki kleift að miða launakostnað á einingu við þá tækni, sem notuð er í hinum nýtízkulegustu og afkastamestu fyrirtækjum, þar eð slíkt hefði í för með sér, að fyrirtæki, er notuðu eldri tækni, yrðu rekin með verulegum halla. Á hinn bóginn er heldur ekki hægt að ákveða verðið svo hátt, að það skili fyrirtækjum, sem nota gamla tækni, eðlilegum hagnaði og eðlilegri ávöxtun fjármagnsins.

Um c: Óbeinum framleiðslukostnaði, sem að verulegu leyti er launakostnaður, er ekki unnt að skipta beinlínis niður á framleiðslueiningar. Auk launakostnaðar teljast til óbeins kostnaðar ýmsar aðrar tegundir kostnaðar, sem hægt er í einstökum tilvikum að gera sér grein fyrir samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum úr reikningum fyrirtækjanna.

Við verðákvörðun verður að skera úr ýmiss konar vandamálum.

Óbeini kostnaðurinn er oft fastur í þeim skilningi, að hann er að mestu óháður breytingum framleiðslumagns eða sölu (nýtingu afkastagetu). Hækkun framleiðslukostnaðar á einingu vegna minni sölu í bili á ekki beinlínis að gera samsvarandi verðhækkun réttmæta. Við þetta má bæta því, að fyrirtækin mundu ekki geta hækkað verð, þótt um varanlegan samdrátt í sölu sé að ræða, ef virk samkeppni er fyrir hendi. Ef samkeppni er takmörkuð, ber því að gera sér grein fyrir, hvort hin minnkaða sala með þarafleiðandi kostnaðarhækkun orsakast af því, að eftirspurnin hefur beinzt að skyldum vörum, sem sterkari samkeppnisaðstöðu hafa á markaðinum. Ef einingarkostnaðurinn miðast við ákveðna eðlilega sölu (þá venjulegu eða meðaltal), er hæð hans háð því, hvaða verð hefur til þessa verið ríkjandi. Ef um samkeppnishömlur er að ræða, er verðið að jafnaði hærra en í frjálsri samkeppni. Salan

verður því minni og kostnaður í einingu hærri, vegna lakari nýtingar afkastagetu.

Þegar salan vex og nýting afkastagetu verður betri, lækkar einingarkostnaðurinn. Að óbreyttu verði kemur þetta fram í auknum hreinum ágóða. Í slíkum tilvikum ber að gera sér grein fyrir því, hvort aukning sölunnar er varanleg eða tímabundin. Varanleg aukning afkastagetu getur átt rót sína að rekja til afkastaaukningar vegna hagræðingar. Slík afkastaaukning getur gert það eðlilegt að leyfa fyrirtækinu meiri afskriftir og meiri hreinan hagnað. Á hinn bóginn má einnig telja sanngjarnt, að sé um varanlega afkastaaukningu að ræða, þá lækki verðið, þannig að neytendur og þar með þjóðfélagið í heild fái hlutdeild í aukinni framleiðni.

Að því er snertir tillit til launakostnaðar, þegar framleiðniaukning á sér stað, vísast til þess, sem sagt hefur verið um b-lið hér að framan.

Svo fremi athyglinni sé ekki beint að kostnaðarþróuninni, þegar um betri nýtingu afkastagetu og afkastaaukningu er að ræða, getur slík þróun örvað til stofnunar nýrra fyrirtækja, ef um verulegar samkeppnishömlur er að ræða. Í sumum tilvikum getur þetta leitt til þess, að bæði hin gömlu og nýju fyrirtæki fá of lítla nýtingu afkastagetunnar, þar eð markaðurinn er ekki nógu stór til þess, að rúm sé fyrir fleiri fyrirtæki, og ekki er að svo stöddu unnt að selja umframframleiðslu á erlendum mörkuðum.

Þegar ákveða skal óbeinan kostnað, verður að gera sér grein fyrir því, hvaða reglum skuli fylgt við að skipta honum niður. Í sumum tilvikum má í því efni miða við magn, t. d. einingu, þunga eða rúmmál. Í öðrum tilvikum má miða við verðmæti, t. d. beinan kostnað vegna hráefna að viðbættum vinnulaunum.

Engin þessara reglna, sem í framkvæmd hefur verið fylgt við skiptingu kostnaðarliða, er óbrigðul, og verður því í hverju tilviki að komast að samkomulagi um þá reglu, er fylgja skal. Ákvörðun verður háð mati, þar sem hliðsjón verður höfð af efnahagslegri aðstöðu fyrirtækjanna í heild.

Um d: Afskriftir eru sérstaklega nefndar í 10. gr., þar sem þær hafa oft mikla þýðingu fyrir afkomu fyrirtækjanna er til lengdar lætur. Afskriftir eru sérstök tegund óbeins kostnaðar, þar sem þær fela í sér, að tækin slitna eða verða úrelt frá tæknilegu og fjárhagslegu sjónarmiði. Í framkvæmd getur verið erfitt að ákveða réttmætar afskriftir, þar eð þær verður að meta á grundvelli verðmætis fjármunanna, sem aftur er háð ágóðanum er til lengdar lætur. Hægt er að setja upp margs konar reglur um mat afskrifta, án þess að neinu verði slegið föstu um það, hvaða aðferð sé sú réttasta.

Í framkvæmdinni verður þó oft að byggja á hinu bókfærða verðmæti fjármuna og nota reglur skattayfirvalda um ákvörðun afskrifta. En slík ákvörðun er mati háð, þar sem taka verður tillit til efnahagslegrar aðstöðu fyrirtækjanna í heild. Sérstaklega má nefna afskriftir vörubirgða, þar sem taka verður tillit til birgðabreytinga áður en niðurstöður reikninga fyrirtækis verða metnar, þannig að raunverulegt kostnaðarverð birgða komi í ljós í reikningunum.

Um e: Allsherjarkostnaður, sem eins og áður er getið er fólginn í sölu- og afhendingarkostnaði ásamt stjórnarkostnaði, er einnig óbeinn kostnaður og vísast þar til þess, sem sagt hefur verið hér að framan um c-lið. Um þennan kostnaðarflokk kemur það stundum til álita, að hve miklu leyti skuli taka tillit til auglýsingakostnaðar ásamt afslætti og verðbótum, þar eð þessar þrjár tegundir kostnaðar hafa áhrif á söluskilyrði á seinni stigum sölunnar og gefa þannig tilefni til sérstakrar íhugunar.

Hér á eftir verður rætt um hreinan hagnað.

Svo er kveðið á í 10. gr., að fyrirtæki skuli fá greiddan **sanngjarnan, hreinan hagnað,** þegar tekið til tillit til **áhættunnar** við framleiðslu vörunnar og sölu.

Með hreinum hagnaði er átt við þá peningaupphæð, sem rekstur fyrirtækisins skilar, eftir að allur kostnaður hefur verið greiddur. Hreinn ágóði miðast við tiltekið tímabil, venjulega árið. Áður en hreinn ágóði er ákvarðaður, er oft eðlilegt að meta sérstaklega laun eiganda fyrir eigin vinnu í þágu framleiðslunnar, t. d. í handiðnaði það sveinskaup, sem meistarinn sjálfur fær við vinnu að framleiðslu-

störfum. Að öðru leyti felst í hreinum hagnaði greiddir tekjuskattar, arður, sérstök þóknun til stjórnar og starfsliðs o. þ. h.

Mat á hreinum hagnaði getur miðazt við: 1) heildarfjármagn, sem fest er í fyrirtækinu, 2) eigið fé í fyrirtækinu eða 3) veltu fyrirtækisins. Ef miðað er við heildarfjármagn verður að bæta við hreinan hagnað, sem þannig er ákvarðaður, greiddum vöxtum af lánsfé til þess að geta metið fjárhagslega afkomu fyrirtækisins í heild.

Ef miðað er við eigið fé, þegar hreinn hagnaður er metinn, verður að hafa hugfast, að hlutfallið milli eigin fjár og lánsfjár, getur haft mikil áhrif á þá hundraðstölu, sem hreinn hagnaður nemur, miðað við eigið fé.

Þar sem hreinn hagnaður í hlufalli við heildarfjármagn eða eigið fé er grundvöllur fyrir mati á arðsemi fjárfestingar, sem lagt hefur verið í, og frá sjónarmiði fyrirtækisins á því, hvort hugsanleg ný fjárfesting sé skynsamleg, gefur hreinn hagnaður í hlutfalli við veltu ekki beina vísbendingu um það, hversu meta skuli hagnaðinn. Í framkvæmdinni er þó oft hægt að miða við hreinan hagnað í hlutfalli við veltu, einkum við samanburð milli fyrirtækja.

Hér á eftir skulu gerðar nokkrar athugasemdir um það, hversu framkvæma megi reglu 10. gr. um verðútreikning.

Þegar reglur laganna um verðákvörðun koma til framkvæmda, verður að jafnaði byggt á gildandi verði, sem óskað er hækkunar á vegna kostnaðarhækkunar. Í sjaldgæfari tilvikum — a. m. k. á þenslutímum eins og verið hafa að undanförnu — getur verið um það að ræða að lækka verðið. Rétt er að gera sér grein fyrir því, að í framkvæmdinni er auðveldara að halda aftur af verðhækkunum með gagnrýninni afstöðu til kostnaðarhækkana, sem haldið er fram, að orðið hafi, en að krefjast lækkunar frá gildandi verði. Mat á verðlagi, kostnaðarhækkunum og hreinum ágóða, verður eftir því sem unnt er að byggja á reikningum, hvort heldur er frá einokunarfyrirtækjum, ráðandi fyrirtækjum á markaðinum, eða úrtaki fyrirtækja í greininni. Þegar óskað er eftir verðhækkunum, er mikilvægt við ákvörðun verðsins að leitast við að meta kostnaðarhækkanir og áhrif þeirra á hreinan hagnað. Þegar til meðferðar eru mál einokunarfyrirtækja og einstakra fyrirtækja, er ráðandi eru á markaðinum, er mikilvægt að geta á grundvelli reikninga framkvæmt mat á efnahagslegri aðstöðu fyrirtækisins í heild, þar sem eðlileg velta er lögð til grundvallar bæði mati á hreinum hagnaði og einingarkostnaði.

Þegar um nýja fjárfestingu er að ræða, er oft nauðsynlegt að ræða sérstaklega afskriftir og tillit til þeirra við verðákvörðun, þar sem fjárfestingin hefur að jafnaði í för með sér afkastaaukningu, sem að öllu eða nokkru leyti kemur fram í lægra verði, jafnvel þótt fyrirtækið öðlist um leið meiri hreinan hagnað.

Oft er erfitt að dæma um verð, sem ákveðið er með samningum eða samþykktum gerðum af samtökum fyrirtækjanna í hlutaðeigandi atvinnugrein. Þetta stafar af því, að fyrirtæki eru mismunandi stór, nota mismunandi tækni og hafa mismunandi tilkostnað. Samanburður rekstrarreikninga slíkra fyrirtækja getur verið erfiður, ef yfirleitt er hægt að fá slíka reikninga. Ef máltölur (normtalsmateriale) eru fyrir hendi, má styðjast við þær, en að öðrum kosti verður um matsatriði að ræða, þar sem einkum ber að hafa hliðsjón af breytingum í sölu. Ef salan vex, verður kostnaðarhækkunin að nokkru bætt sjálfkrafa vegna söluaukningar.

Sú grundvallarregla, er fylgja ber við verðákvörðun fyrir tiltekna starfsgrein í heild, er að miða við verð í frjálsri samkeppni, þar eð hærra verð getur leitt til offjölgunar í greininni, þ. e., að fyrirtækin verði fleiri en nauðsyn ber til. Ef slík offjölgun á sér stað, verður sala einstakra fyrirtækja of lítil og tilkostnaðurinn tiltölulega of mikill. Slíkt leiðir svo von bráðar til þess, að kröfur koma fram um hærra verð. Það er m. a. þetta sjónarmið, sem liggur því að baki, að í Noregi liggur almennt bann við samningum um verð, og í Danmörku er í framkvæmd

leitazt við að breyta slíkum samningum þannig, að þeir séu leiðbeinandi, en ekki bindandi.

Samkvæmt 19. grein frv. eru samningar um ófrávíkjanlegt lágmarksverð bannaðir, en hægt er að veita undanþágur frá slíku, sbr. 2. mgr. 19. gr. Hins vegar eru slíkir samningar leyfðir, ef verðið er aðeins til leiðbeiningar. Þar sem um samkeppnishömlur er að ræða, ef slíkt lágmarksverð, hvort heldur er bindandi eða leiðbeinandi, er leyft, er samkvæmt 15. gr. hægt að ákveða, að slíkt verð megi ekki hækka, nema með leyfi. Ákvörðun um umsóknir um slíkar verðhækkanir ber og að taka samkvæmt ákvæðum 10. gr.

Við meðferð slíkra mála skal lögð á það áherzla, að sá kostnaður, sem greiðist af vergum hagnaði, er aðeins að nokkru leyti háður innkaupsverði. Í þessu felst, að lækkun hundraðstölu vergrar álagningar getur orðið nauðsynleg, ef innkaupsverð hækkar. Í framkvæmd getur oft orðið örðugt að framfylgja slíkum hugsunarhætti kerfisbundið, en hins vegar getur ógagnrýnin afstaða til óbreyttrar hundraðstölu vergrar álagningar haft mikilvægar afleiðingar í för með sér, m. a. í mynd offjölgunar í atvinnugreininni og skekkju og ósamræmis í ákvörðun verðs og álagningar. Í mörgum löndum er til mikill bókakostur, er um þessi vandamál fjallar. Niðurstaða athugana á því vandamáli, sem hið ófrávíkjanlega lágmarksverð skapar, hefur jafnan orðið sú að banna það.

Við 11. gr.

Tilgangur þess að fela verðgæzluskrifstofunni að gera athuganir og birta greinargerðir og fréttatilkynningar er sá, að með því er hægt að örva samkeppni í verðmynduninni.

Slíkar rannsóknir krefjast vissrar tækni, sem smám saman má tileinka sér eftir því sem reynsla vex. Niðurstöður rannsókna af þessu tagi, sem birtar hafa verið í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, gætu e. t. v. verið til nokkurrar leiðbeiningar.

Við 12. gr.

Nokkrar skilgreiningar hugtaka.

Með einokunarfyrirtækjum er átt við fyrirtæki, sem eru þau einu, er bjóða fram ákveðna vöru eða þjónustu á markaðnum.

Með ráðandi fyrirtækjum er átt við fyrirtæki, sem ráða svo miklum hluta framboðs vöru eða þjónustu, að verð þess markar stefnuna í því efni og önnur fyrirtæki fylgja því, eða skilmálar þeir, er fyrirtækið setur varðandi sölu, endursölu, afhendingarskilmála o. fl., verða öðrum til viðmiðunar. Ákvarðanir einstakra fyrirtækja um samkeppnishömlur snerta viðskiptaskilmála, sem ætlað er að hafa áhrif á endursölu á síðari stigum, svo sem með því að ákveða ófrávíkjanlegt lágmarksverð, afslátt, auglýsingar o. fl.

Með samkeppnishömlum er átt við ákveðin markaðs- eða samkeppnisskilyrði, eða markaðsaðstæður, sem eru millistig milli algerrar einokunar og fullkomlega frjálsrar samkeppni.

Hvorugt þetta kemur fyrir í hreinni mynd. Algjör einokun merkir, að einn aðili ráði framboði allrar vöru og þjónustu. Fullkomlega frjáls samkeppni merkir, að enginn seljandi hafi nein áhrif á verðið. Allir seljendur verða að láta sér nægja það verð, sem á markaðnum myndast. Það næsta, sem komizt verður frjálsri samkeppni í reyndinni er torgsala og uppboð, þar sem seljendurnir verða að sætta sig við það verð, sem kaupendurnir vilja greiða, ef viðskipti eiga að geta átt sér stað.

Af þessu leiðir, að hin algengasta tegund markaðar einkennist meira eða minna af takmarkaðri samkeppni.

Samkeppnishömlum er oft skipt niður í mismunandi tegundir, og skulu nokkrar þær helztu nefndar hér á eftir.

Einokunarfyrirtæki og markaðsráðandi fyrirtæki, svo sem nefnt hefur verið hér að framan, geta verið í mynd samruna eða samsteypu. Um samruna (fusion) er að ræða, þegar fleiri fyrirtæki renna saman í eitt. Samsteypa fyrirtækja getur einnig átt sér stað á þann hátt, að fleiri hlutafélög eða önnur fyrirtæki eða þröngur hringur einstaklinga eignast hlutabréf eða önnur fjárhagsleg ítök í öðrum fyrirtækjum. Mætti kalla slíkt **samsteypu** (koncern).

Samruni eða samsteypa getur byggzt upp lárétt eða lóðrétt. Þegar um hina láréttu tegund er að ræða, er með því átt við samstarf fyrirtækja á sama framleiðslustigi, t. d. milli fleiri skóverksmiðja. Sem dæmi um hina lóðréttu tegund mætti nefna það, ef sementsverksmiðja og steinsteypufyrirtæki renna saman. Samsteypan getur einnig snert framleiðslu, heildsölu og smásölu, þannig að verksmiðjan á eða ræður þeim fyrirtækjum, er annast dreifingu í heildsölu og/eða smásölu.

Samningar eða samþykktir, sem takmarka samkeppni, geta eins og samsteypur verið ýmist af hinni láréttu eða lóðréttu tegund.

Láréttir samningar eru milli aðila á sama viðskiptastigi í framleiðslu eða verzlun. Stundum geta láréttir samningar jafnframt haft „lóðréttan" tilgang, ef t. d. er um það samið, að fast verð skuli gilda á næsta viðskiptastigi (sameiginlega ákveðið fast lágmarksverð).

Lóðréttir samningar eru gerðir milli aðila frá mismunandi viðskiptastigum, t. d. milli innflytjenda og smásala.

Ef samkeppnishömlum hefur verið komið á af félagssamtökum innan tiltekinnar atvinnugreinar, með ákvæðum í lögum þeirra eða samkvæmt ákvörðunum aðalfundar eða stjórnar, nefnist það „samþykktir". Slíkar samþykktir hafa þann tilgang að binda aðila að samtökunum varðandi verðákvarðanir þeirra o. fl. eða vera þeim til leiðbeiningar í því efni. Stundum ákveða slík samtök ströng refsiákvæði fyrir brot gegn samþykktum um samkeppnishömlur, og getur stjórn, aðalfundur eða sérstök dómnefnd dæmt til slíkra refsinga. Slíkum refsiaðgerðum verður þó ekki eða mjög sjaldan framfylgt við venjulega dómstóla.

Samþykktir geta verið af láréttri tegund, þ. e. a. s., ef þær snerta aðeins samkeppni milli aðila að samtökunum. Ef um lóðréttar samþykktir er að ræða, en þær eru einnig til, þá er með því átt við samkeppnishömlur, sem aðilar að samtökunum skulu fyrirskipa eða beina til fyrirtækja á seinni viðskiptastigum að fylgja, t. d. þannig, að aðilum að samtökunum er gert skylt að ákvarða endursöluverð á næsta viðskiptastigi (brúttóverð, sbr. hér að framan).

Samkeppnishömlur þær, sem getið hefur verið hér að framan, geta verið í ýmsum myndum, og skal drepið á þær helztu hér á eftir.

Verðsamkeppni er hægt að takmarka beinlínis með því að ákveða lágmarksverð eða fast verð, sem hvorki má víkja frá til hækkunar né lækkunar. Lágmarksverð getur verið bindandi eða leiðbeinandi. Hin lóðrétta tegund verðákvarðana nefnist brúttóverð. Ef því er ekki fylgt, getur verið, að afhending verði stöðvuð, annaðhvort með ákvörðun eins fyrirtækis eða samkvæmt samningum eða samþykktum samtaka fyrirtækjanna.

Verðinu getur einnig verið stjórnað með samningum, samþykktum eða ákvörðunum um að nota ákveðnar aðferðir við verðútreikning, t. d. að ákveða tiltekna verga álagningu. Í handiðnaðargreinum er algengt, að fyrirmæli séu þannig gefin um verðútreikning. Að öðru leyti er algengt í byggingariðnaði og meðal verktaka að gera viðtækar samþykktir eða hafa samtök um útreikning tilboða og fleira í því sambandi. Slíkar reglur má kanna, meta og hlutast til um í samræmi við ákvæði laganna um samkeppnishömlur.

Norsku verðlagslögin ákveða, að fyrirtæki, sem aðilar eru að samtökum um verðákvörðun tilboða eða skilmála, er að þeim lúta, skuli gefa þeim, er bjóða út, upplýsingar um það, í hverju íhlutun samtakanna sé fólgin. Í Svíþjóð banna lögin

um samkeppnishömlur hringamyndun meðal verktaka. Banninu fylgir refsiábyrgð. Í Danmörku tóku ný lög um útboð og tilboð gildi 1. jan. 1967. Lögin, sem eru viðauki við einokunarlögin, fela í sér ýmis bönn gegn samkeppnishömlum í byggingariðnaði og meðal verktaka.

Samkeppni getur verið takmörkuð með ýmiss konar samningum um **skiptingu markaðarins**.

Með **kvótasamningum** fær hver aðili að slíkum samningum sinn ákveðna hluta af markaðnum. Markaðnum er einnig hægt að skipta þannig, að hver aðili fái sitt markaðssvæði eða viðskiptavini. Enn fremur geta samkeppnishömlur verið fólgnar í reglum um vörugæði, vörugreiningu, afslátt, auglýsingar og önnur samkeppnistæki.

Sérhæfingarsamningar eru í því fólgnir, að fyrirtæki, sem áður hafa framleitt eða verzlað með ýmsar mismunandi vörur, gera samning um það að skipta milli sín vörutegundum, þannig að einstök fyrirtæki hætta við tilteknar vörur, en fá í þess stað alla eða stærri hlutdeild en áður í framleiðslu eða verzlun með aðrar vörutegundir.

Samningar og samþykktir um **mismunun** fjalla um eftirlit með stofnun nýrra fyrirtækja, útilokun, sérafslátt, viðskiptabann (boykot) o. þ. h. Með eftirliti með stofnun nýrra fyrirtækja er átt við það, að ákvæði eru sett um það, hvaða skilyrði ný fyrirtæki skuli uppfylla til þess að viðskipti við þau séu heimiluð. Skilyrði þau, sem þannig eru ákveðin, geta snert legu fyrirtækjanna (verzlananna), útlit þeirra, útbúnað, lánstraust, aðild að samtökum fyrirtækja í greininni á umræddum stað o. s. frv.

Með **útilokun** (eksklusivitet) er átt við það, að afhending á sér ekki stað til ákveðinna tegunda fyrirtækja, er endursölu annast, eða slík fyrirtæki kaupa aðeins af tilteknum aðilum. Útilokun getur ákvarðazt einhliða af seljanda eða kaupanda eða gagnkvæmt, þ. e. a. s. seljendur og kaupendur koma sér saman um að hafa aðeins viðskipti hvorir við aðra.

Með **sérafslætti** er við það átt, að mismunandi verð eða afslættir eru ákvarðaðir gagnvart sams konar hópum kaupenda. Slíkir mismunandi innkaupaskilmálar geta einnig snert önnur atriði en verð og afslátt, svo sem greiðslu- og afhendingarskilmála, mismunandi kjör varðandi afhent vörumagn, gæði, sundurgreiningu o. fl.

Með **viðskiptabanni** (boykot) er átt við það, að neitað er um vöruafhendingu til einstakra fyrirtækja eða tegunda fyrirtækja.

Eftirlit með stofnun fyrirtækja, útilokun, sérafsláttur, viðskiptabann o. fl. geta líka verið framkvæmd af einokunarfyrirtækjum og markaðsráðandi fyrirtækjum og komið fram í viðskiptaskilmálum þeirra eða ákvörðunum gagnvart aðilum á síðari viðskiptastigum.

Jafnvel þótt ekki séu til einokunarfyrirtæki, markaðsráðandi fyrirtæki, ákvarðanir, samningar eða samþykktir, getur samkeppni þó verið takmörkuð.

Ef fleiri aðilar bjóða fram vöru á markaði, án þess hægt sé að segja, að nokkur einstakur sé ráðandi, getur þó verið, að einn aðili hafi verðleiðsögu, þannig að aðrir aðilar fylgi í reynd því verði, er hann ákveður. Það þarf ekki ávallt að vera stærsta fyrirtækið, er verðleiðsögu hefur með höndum. Jafnvel þótt ekki sé um verðleiðsögu að ræða, getur þó ríkt ástand, sem kalla mætti „vopnað hlutleysi“. Verðbreytingar eru tregar. Ef eftirspurn eða kostnaður breytist, laga fyrirtækin sig gjarnan að slíku með öðrum samkeppnistækjum, svo sem breytingum á afslætti, auglýsingastarfsemi og veittri þjónustu, en verði er haldið óbreyttu. Slíkt ástand, sem stundum er kallað óvirk samkeppni, getur stundum haldizt langan tíma, en í öðrum tilvikum getur skollið á verðstríð.

Hin óvirka samkeppni, sem hér hefur verið rætt um, getur komizt á fót fyrir atbeina sameiginlegra stjórna fyrirtækjanna, eða verið studd af þeim, eða þá blátt áfram, að um þegjandi samkomulag er að ræða. Á óvirkri samkeppni eða þegjandi

samkomulagi um að heyja ekki verðsamkeppni er erfitt að vinna bug með öðrum beinum ráðstöfunum en ákvörðun verðs eða álagningar, sem oft getur þó reynzt óheppilegt. Rannsókn og birting verðs og álagningar, sérstaklega upplýsingar um mismunandi verð og álagningu, getur leitt til vökullar gagnrýni á verðlag og stundum orðið seljendum hvöt til þess að hefja verðsamkeppni.

Reglur um tilkynningu.

Samkvæmt 12. gr. frv. getur þriggja manna nefndin krafizt þess, að einokunarfyrirtæki, markaðsráðandi fyrirtæki, samningar og samþykktir séu tilkynnt verðgæzluskrifstofunni.

Tilgangur tilkynningarskyldu er sumpart að skapa verðgæzluskrifstofunni grundvöll til rannsókna og mats á samkeppnisaðstöðunni, sumpart að gera samkeppnishömlur í atvinnulífinu opinberar. Hið síðastnefnda er framkvæmt með því að gera tilkynningarnar öllum aðgengilegar, sbr. ákvæði 14. gr. um það atriði.

Þegar lagt er til í 12. gr., að tilkynning þurfi aðeins að eiga sér stað, ef fram kemur um það krafa, í stað þess að fyrirskipa tilkynningarskyldu eins og í mörgum öðrum löndum, þá byggist það á því, að bein tilkynningarskylda geti skapað réttarlegt öryggisleysi. Framkvæmdaástæður geta einnig gert það æskilegt, að tilkynningarskyldu verði aðeins komið á smám saman.

Í Danmörku er skilyrðislaus tilkynningarskylda varðandi samninga og samþykktir, sem hafa veruleg áhrif á verð, framleiðsluskilyrði o. fl. Af þessu leiðir, að fyrirtæki, sem gerast aðilar að samningum, er takmarka samkeppni, verða sjálf að meta, hvort áhrif þeirra séu veruleg.

Í Noregi og Svíþjóð er ekki beint tekið fram í löggjöfinni, að um slík veruleg áhrif þurfi að vera að ræða.

Í Vestur-Þýzkalandi gilda um samninga nákvæmlega skilgreindar tilkynningarreglur með nánar tilgreindum undanþágum.

Í Englandi hófst opinber skráning samninga samkvæmt Restrictive Trade Practices Act 1956, þar sem ákveðið er með sérstökum fyrirskipunum (orders) viðskiptaráðuneytisins, hvaða samninga skuli skrá.

Að því er snertir einokunarfyrirtæki og markaðsráðandi fyrirtæki, þarf ekki að tilkynna þau í Svíþjóð. Í Danmörku er hægt að krefjast tilkynninga um einstök fyrirtæki, en ekki eru fastákveðnar reglur um það, hvenær hægt sé að krefjast tilkynningar, að öðru leyti en því, að fyrirtækið sé af slíkri stærð, að það hafi eða geti haft veruleg áhrif á verðlag, framleiðsluskilyrði o. s. frv. Ef gerð er krafa um tilkynningu markaðsráðandi fyrirtækja, er lögð áherzla á fleiri atriði, svo sem hlutdeild í markaði, eðli vörunnar, markaðsskilyrði, raunverulega eða hugsanlega samkeppni frá innfluttum varningi o. fl. Í reyndinni er sjaldan krafizt tilkynningar, ef hlutdeild fyrirtækisins í markaðnum er minni en 20%.

Í Noregi nær tilkynningarskylda stórfyrirtækja til fyrirtækja, er hafa yfir 25% veltunnar í viðkomandi starfsgrein. Enn fremur nær tilkynningarskylda til fyrirtækja, sem eru í eigu erlendra fyrirtækja eða undirdeildir í þeim, ef slík fyrirtæki hafa veruleg áhrif á verðið. Enn fremur getur verðgæzlan í Noregi krafizt tilkynningar um fyrirtæki, sem eru mjög mikilvæg fyrir eina eða fleiri atvinnugreinar, ef verðgæzlan lítur svo á, að ástæða sé til sérstaks eftirlits.

Í Vestur-Þýzkalandi eru reglur um tilkynningu stórfyrirtækja, ef þau hafa myndazt við samsteypu fleiri fyrirtækja og þannig öðlazt hlutdeild í markaðnum, sem nemur 20% eða meira.

Í Englandi er ekki tilkynningarskylda stórfyrirtækja, en með nýju lögunum frá 1965, Monopolies and Mergers Act (lög um einokunarfyrirtæki og samsteypur) eru sköpuð betri skilyrði en áður fyrir íhlutun um einokunarfyrirtæki og fyrirtækjasamtök.

Sjónarmið varðandi kröfur um tilkynningu.

Verðgæzluskrifstofan verður, sennilega eftir að málið hefur verið rætt í þriggja manna nefnd, að senda út nánari fyrirmæli um það, hvers konar samkeppnishömlur skuli smám saman krefja tilkynningar um. Á grundvelli þessara tilkynninga öðlast verðgæzluskrifstofan með tímanum innsýn í áhrif samkeppnishamlna og grundvöll til að meta þau.

Með tilliti til samninga og samþykkta verður sennilega að framkvæma tilkynningarskylduna með hliðsjón af mikilvægi hlutaðeigandi vöru og starfsgreinar, þar sem einnig verður lögð á það áherzla, hvers konar samkeppnishömlur megi teljast skaðlegastar.

Nokkra vísbendingu um hið síðastnefnda má fá með athugun þeirra tegunda samkeppnishamlna, sem ræddar hafa verið hér að framan.

Að jafnaði eru samkeppnishömlur, er varða verðlagningu, þar með talið ófrávíkjanlegt lágmarksverð, ásamt þeim hömlum, er takmarka atvinnufrelsi, taldar þær skaðlegustu.

Það getur ekki talizt hafa úrslitaþýðingu, hvort samningur, samþykkt eða ákvörðun er bindandi eða leiðbeinandi og heldur ekki hvort slíkt er munnlegt eða skriflegt. Munnleg fyrirmæli geta verið jafn viðtæk og skrifleg og leiðbeinandi samkeppnishömlur jafn árangursríkar og hinar bindandi. Það sem máli skiptir er, hvort hömlunum er framfylgt og hver áhrif þær hafa, þ. e. a. s. að í framkvæmdinni verður að meta, hvort tilteknar samkeppnishömlur (samningar, samþykktir eða ákvarðanir) hafi veruleg áhrif á verð, framleiðsluskilyrði, sölu eða flutninga.

Ef samkeppnishömlur þær, er í ljós koma vegna kröfu um tilkynningu, eru mjög lítilvægar, má leggja þær til hliðar, sbr. nánari athugasemdir við 14. gr. Erfitt getur verið að svara fyrirspurnum um tilkynningaskyldu, áður en nánari upplýsingar eru fyrir hendi um það, hvernig málið er vaxið. Þó er oft hægt að leysa úr slíku munnlega. Þegar krafizt er tilkynningar einokunarfyrirtækja og markaðsráðandi fyrirtækja, ber að jafnaði að leggja áherzlu á hlutdeild í markaðnum, markaðsskilyrði, eðli vörunnar og mikilvægi í viðskiptum. Enn fremur getur verið mikilvægt, hvort fyrirtækið setur aðilum á síðari viðskiptastigum skilyrði, er takmarka samkeppni.

Skyldan til að tilkynna samninga snertir ekki hina almennu reglu um samningafrelsi, en gerir stjórnarvöldum kleift að kynna sér samkeppnishömlur og þá um leið að gera ráðstafanir gegn misferli. Í 4. mgr. 12. gr. felast ákveðnar reglur um framkvæmd, sem eru tæknilegs eðlis, og í 5. mgr. er gert skylt að tilkynna breytingar á atriðum, sem áður hafa verið gefnar tilkynningar um.

Við 13. gr.

Samkvæmt fyrirmynd í löggjöf margra landa hefur tilkynningarskylda áhrif á lögmæti samninga og samþykkta. Samkvæmt ákvæðum 13. gr. frv. eru samningar og samþykktir ógild, ef ekki hafa verið tilkynnt á réttum tíma. Lögmætisákvæðin hafa aðeins gildi frá einkamálaréttarlegu sjónarmiði, þ. e. a. s. aðilar njóta ekki í innbyrðis viðskiptum sínum verndar dómstóla, ef um er að ræða brot á samningi, sem ekki hefur verið tilkynntur á réttum tíma. Sömuleiðis verður refsiákvæðum, svo sem sektum, sem félagar í sérgreinasamtökum hafa verið dæmdir í samkvæmt samþykktum samtakanna, ekki framfylgt með höfðun einkamála við dómstóla.

Einnig gagnvart þriðja aðila er samningurinn eða samþykktin ógild, hafi tilkynningarskyldu ekki verið fullnægt á réttum tíma. Þetta getur haft þýðingu, ef aðilar fara eftir ákvæðum samnings eða samþykktar, þannig að slíkt skaði réttmæta hagsmuni þriðja aðila. Ef t. d. um sérgreinarfélög er að ræða, sem í samþykktum sínum ákveða skilyrði fyrir upptöku nýrra félaga, getur þriðji aðili, sem ekki fullnægir þessum skilyrðum, en getur sannað, að það sé hagsmunamál fyrir sig að fá

aðild að samtökunum, fengið dóm fyrir því að fá inngöngu í samtökin. Hins vegar getur hann ekki fengið tillit tekið til þess, að inngönguskilyrðin hafi verið ósanngjörn.

Á hinn bóginn njóta samningar og samþykktir, sem tilkynnt hafa verið á réttum tíma, að jafnaði réttarverndar dómstóla, meðan ekki er um það að ræða, að verðgæzluskrifstofan eða þriggja manna nefnd hafi hafið aðgerðir gegn efnisákvæðum samninganna eða samþykktanna. Þótt hins vegar sé ekki um að ræða aðgerðir af hálfu verðgæzluskrifstofu (þriggja manna nefndar), hindrar slíkt ekki venjulega heimild dómstóla til þess að dæma um samninga og samþykktir á grundvelli einkamálaréttar.

Ákvæði 13. gr. um lögmæti samninga og samþykkta verða þó varla víkkuð þannig, að þau nái til viðskiptaskilmála og samkeppnishamlna, sem ákveðin eru af einstökum fyrirtækjum.

Ef viðsemjandi einstaks fyrirtækis (kaupandi vöru) virðir ekki setta viðskiptaskilmála, á hann á hættu höfðun einkamáls eða sölusynjun. Telji viðsemjandinn viðskiptaskilmála fyrirtækisins ósanngjarna, getur hann annaðhvort höfðað einkamál fyrir dómstólum eða kært til verðgæzluskrifstofunnar. Slíka kæru ber þriggja manna nefnd að rannsaka og dæma.

Samningur eða samþykkt, sem of seint hafa verið tilkynnt, eru ógild samkvæmt 13. gr. Í reyndinni getur þó orðið um endurnýjun lögmætis að ræða, ef aðilar staðfesta samninginn eða samþykktina, þ. e. a. s. gefa út sérstaka tilkynningu um, að samningurinn eða samþykktin sé í gildi. Í slíkum tilvikum verður þó aðeins um lagagildi að ræða frá staðfestingardegi.

Við 14. gr.

Nauðsynlegt er, að verðgæzluskrifstofan haldi dagbækur, gerðabækur og geymi skjöl, sem almenningur hafi aðgang að til þess að kynna sér tilkynntar og aðrar gildandi samkeppnishömlur.

Í flestum löndum Vestur-Evrópu eru haldnar sérstakar skýrslur um þessi efni, sem almenningur hefur aðgang að. Í Finnlandi og Hollandi eru skýrslurnar þó leynilegar. Frá tæknilegu sjónarmiði eru skýrslurnar í mismunandi myndum, en veigamestu þættir þeirra eru: 1) **dagbókin**, sem upplýsir í réttri tímaröð, hvaða tilkynningar hafa verið gefnar, 2) **gerðabókin**, sem geymir stuttan útdrátt helztu atriða tilkynninganna, og 3) **skjalasafnið**, sem geymir frumgögn varðandi tilkynningarnar, þar með afrit af samningum og samþykktum.

Eins og getið hefur verið um í athugasemdum við 12. gr., myndi það vafalaust vera hagkvæmt, að verðgæzluskrifstofan sendi út leiðbeiningar um, hvernig tilkynningar skuli vera. Í því sambandi ber einnig að gefa upplýsingar um skráningarfyrirkomulagið, þ. e. a. s. hvers konar dagbækur og gerðabækur skuli haldnar og hvers konar skjöl varðveitt. Hægt er að krefjast þess af þriggja manna nefnd, að tilkynningum sé að öllu leyti eða sumpart haldið leyndum, sbr. 2. mgr. Sé þeirri kröfu hafnað, er hægt að skjóta þeim úrskurði til Hæstaréttar, sbr. 25. gr.

Við 15. gr.

Samkvæmt þessum ákvæðum getur þriggja manna nefnd ákveðið, að verð og/eða álagning, sem ákvarðast með ýmiss konar samkeppnishömlum, megi ekki hækka nema með leyfi verðgæzluskrifstofunnar. Með því geta stjórnvöld haft tök á verðlagsþróuninni, án þess að þurfa að grípa til víðtækra verðlagsákvæða. Það er forsenda fyrir ákvörðunum samkv. 15. gr., að um tilkynntar samkeppnishömlur sé að ræða, sbr. 12. gr. Ekki þarf að vera um skaðlegar samkeppnishömlur að ræða, eða gagnleg áhrif geta vegið á móti hugsanlegum skaðlegum áhrifum.

Við 16. gr.

Verðgæzluskrifstofan skal gæta þess, að reglum um tilkynningar sé fylgt, og að öðru leyti stöðugt rannsaka og meta áhrif samkeppnishamlna. Varla er unnt að

framkvæma slíkar rannsóknir í mörgum greinum í einu, heldur verður af hagkvæmnisástæðum að takmarka þær þannig, að mikilvægustu greinarnar séu fyrst teknar til rannsóknar og síðan aðrar greinar smátt og smátt eftir vissri röð.

Mat þeirra samkeppnishamlna, sem rannsakaðar hafa verið, og hugsanleg íhlutun verður eingöngu framkvæmd samkvæmt ákvörðun þriggja manna nefndar. Ef í ljós koma skaðlegar samkeppnishömlur, skal fyrst reyna að binda endi á þær með samkomulagsumleitunum, sem verðgæzluskrifstofan stjórnar. Ef ekki næst viðunandi árangur af slíkum samkomulagsumleitunum verðgæzluskrifstofunnar, getur þriggja manna nefnd gefið út fyrirmæli. Telji nefndin, að koma beri í veg fyrir skaðleg áhrif samkeppnishamlna með ákvæðum um verð og/eða álagningu, getur hún lagt til, að beitt sé ákvæðum 7. gr. Neiti verðgæzluráð í slíkum tilvikum að ákveða verð og/eða álagningu, myndi þriggja manna nefnd á ný taka það til meðferðar, hvort aðrar ráðstafanir verði gerðar samkvæmt lögunum.

Við 17. gr.

Ákvæði um, að þriggja manna nefnd verðgæzluráðs skuli gefa viðskiptaráðherra skýrslu, ef ekki verður bundinn endir á skaðleg áhrif samkeppnishamlna samkvæmt ákvæðum laganna, gætu í fljótu bragði virzt óþörf. Það, sem haft er hins vegar í huga með þessu ákvæði, er að skylda þriggja manna nefnd til þess að gera tillögur með greinargerð um sérstakar ráðstafanir, ef hún telur þeirra nauðsyn.

Við 18. gr.

Hér er um að ræða skilgreiningar á skaðlegum samkeppnishömlum. Nánari greinargerð fyrir þeim myndi verða mjög viðamikil. Hér skal því aðeins vísað til hins ýtarlega bókakosts og framkvæmdar í öðrum löndum, einkum Englandi, Danmörku, Noregi og Svíþjóð ásamt öðrum aðildarríkjum efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

Við 19. gr.

Í þessu ákvæði felst almennt bann við lágmarksverði (brúttóverði), ef það er bindandi, samsvarandi því sem framkvæmt er í mörgum öðrum löndum. Ef ræða ætti brúttóverðsfyrirkomulagið, myndi slíkt verða mjög viðamikið, og verður hér því látið nægja að vísa til ýtarlegs bókakosts um þetta efni frá öðrum löndum, sbr. fylgiskjöl með athugasemdunum. Heimild til þess að veita undanþágur frá banni gegn brúttóverði er alls staðar fyrir hendi, þar sem slík ákvæði hafa verið lögfest, sbr. 2. mgr. Um framkvæmd slíkrar undanþáguheimildar má vísa til erlends bókakosts og athugasemda við lög, sbr. fylgiskjalið. Í framkvæmd eru undanþágur fáar á Norðurlöndum, þær helztu snerta útgáfu bóka og blaða, dagblaða og tóbaksvöru.

Leiðbeinandi brúttóverð er leyfilegt, svo fremi seljandinn gefi tvímælalaust til kynna, að verðið sé leiðbeinandi og frjálst sé að víkja frá því.

Við 20. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði getur þriggja manna nefnd gefið fyrirmæli um skyldu til þess að selja ákveðna vöru eða þjónustu öðru fyrirtæki. Ekki er hægt að gefa slík fyrirmæli um söluskyldu til einstakra neytenda.

Eftirfarandi skilyrðum verður þó að vera fullnægt, til þess að slík fyrirmæli um söluskyldu verði gefin: 1) að um samkeppnishömlur sé að ræða, 2) að þær hafi þau skaðlegu áhrif, sem um getur í 18. grein, og 3) að ekki hafi reynzt unnt með samkomulagsumleitunum að binda enda á sölusynjunina.

Að því er snertir meðferð mála út af sölusynjun, eru enn fremur sett sérstök skilyrði, samkvæmt 2. mgr. Við þá athugun málsatvika, sem framkvæma skal, verður í fyrsta lagi að kanna, hvort seljandi hafi hlutlæg og sanngjörn rök fyrir synjun sinni, og í öðru lagi, hvort kaupanda sé það verulegt hagsmunamál að fá umrædda vöru keypta. Þessi tvö andstæðu sjónarmið verður svo að vega og meta hvort gagn-

vart öðru. Þar sem söluskylda er íhlutun um það frjálsræði, sem menn að jafnaði hafa til þess að ákveða það, hverja þeir vilja eiga viðskipti við, verða mikilvægar ástæður að vera fyrir hendi til þess að fyrirmæli verði gefin um söluskyldu. Mikilvægar ástæður má telja skaðlegar samkeppnishömlur, t. d. þær að halda við viðskiptabanni eða framfylgja brúttóverði, sem ekki hefur reynzt unnt að binda enda á með öðrum ráðstöfunum samkvæmt fyrirmælum laganna og ekki heldur með samningum. Þegar meta skal, hvort fyrirmæli skuli gefin um söluskyldu, skal á það litið, hvort kaupandinn öðlist með slíku ósanngjarnan hagnað, sem ekki hefur verið ætlazt til.

Sérstök vandamál geta verið fyrir hendi, ef um er að ræða einkaviðskiptasamninga milli aðeins tveggja aðila, söluvenjur, þar sem viðskipti eru takmörkuð við valin fyrirtæki, eða hættu á því, að varan sé seld í auglýsingaskyni. Að því er snertir þessi og önnur vandamál í sambandi við meðferð mála út af söluskyldu vísast til hins mjög ýtarlega bókakosts og framkvæmdar þessara mála á hinum Norðurlöndunum, sbr. fylgiskjal, þar eð Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa ákvæði hliðstæð þeim, er felast í 20. gr.

Skilyrði fyrir fyrirmælum um söluskyldu eru orðuð á mismunandi hátt í þessum 3 löndum, en hvað snertir framkvæmd þessara reglna, er munurinn ekki mikill, einkum síðan veitt var í Svíþjóð árið 1966 heimild til sekta, ef sala er ekki framkvæmd samkvæmt úrskurði näringsfrihetsrådet.

Samningaumleitanir þær, er 20. gr. gerir ráð fyrir, geta fyrst í stað farið fram á vegum verðgæzluskrifstofunnar, sem sennilega myndi oft í reyndinni geta náð viðunandi lausn. Ef svo reyndist hins vegar ekki, er gert ráð fyrir því, að þriggja manna nefnd leiti opinberlega samkomulags með aðilum, áður en fyrirmæli um söluskyldu eru gefin. Þannig er þetta í framkvæmd í Noregi og Svíþjóð og einnig, er slík mál eru rekin við nefnd þá í Danmörku, er fjallar um kærur út af einokun (monopolankenævnet), en hana skipa þrír menn.

Bæta má við, að ákvæði 20. gr. koma ekki í veg fyrir það, að deilum út af sölusynjun verði skotið til dómstóla með höfðun einkamála.

Við 21. gr.

Hér eru sett ákvæði um, að eftir að samráð hefur verið haft við hlutaðeigandi samtök, skuli setja reglur varðandi nánar tiltekna vöru eða þjónustu um sölureikninga, verðmerkingu og verðskrár. Einnig má setja reglur um verðupplýsingar og afborgunarskilmála, þegar vörur eru seldar gegn afborgun. Slíkar verðupplýsingar skulu gefa til kynna: 1) útborgun í krónum og aurum, 2) tímalengd milli afborgana (vika, mánuður o. s. frv.), 3) tölu afborgana, 4) upphæð einstakra afborgana í krónum og aurum, 5) heildarkaupverð, ef greitt er með afborgunarskilmálum. Í stað verðupplýsinga með afborgunarkjörum fyrir einstakar vörutegundir, getur verið hagkvæmt að veita neytendum nauðsynlegar upplýsingar með auglýsingum eða með því að leggja fram sýnishorn verðútreikninga. Einnig getur verið hagkvæmt að krefjast þess, að í auglýsingum um sölu gegn afborgunum séu veittar áðurnefndar upplýsingar um afborgunarkjörin.

Við 22. gr.

Með ákvæðunum er stefnt að því að gefa fyrirmæli um að tilgreina magn vörutegunda, sem seldar eru í neytendaumbúðum frá iðnrekanda eða stórkaupmanni. Magn getur verið tilgreint sem þungi, rúmfang eða tala eininga, og til þess að um jafnrétti sé að ræða milli mismunandi fyrirtækja, verða sömu reglur að gilda um innlenda framleiðslu og innflutning. Í 2. mgr. 22. gr. eru viðtækari heimildir til þess að gefa fyrirmæli um, að tilgreina skuli magn, þar sem krefjast má þess, að svo sé gert, þegar um vörur er að ræða, sem ekki eru seldar í smásöluumbúðum frá iðnrekanda eða stórkaupmanni, en settar í umbúðir í smásöluverzluninni. Einnig er

ákvæði um almenna heimild til þess að gefa fyrirmæli um, að upplýsingar séu gefnar um eðli vörunnar og magn.

Fyrirmæli af þessu tagi krefjast allmikillar undirbúningsvinnu og aðstoðar tæknilegra sérfræðinga, og hér við bætist, að forsenda fyrir framkvæmd slíkra reglna er, að tækni í þessum efnum sé komin á ákveðið stig, einkum að því er snertir upplýsingar um eðli vörunnar og magn.

Neytendur hafa í ýmsum löndum sett fram kröfur um slíkar upplýsingar, sem eðlilega á rót sína að rekja til þess, að vöruframboð í nútíma þjóðfélagi er mjög fjölbreytt og stöðugt koma fram nýjar vörutegundir í umbúðum, sem neytendur eiga erfitt með að meta. Notkun ákvæðis 22. gr. verður að samhæfa annarri löggjöf, t. d. öryggisákvæðum varðandi rafmagnstæki og heilbrigðissamþykktum. Þegar öllu er á botninn hvolft, verður að skilja 22. gr. sem grundvöll að því, að í framtíðinni verði komið á fót neytendafræðslu samkvæmt þeirri grundvallarhugsun, að með því móti megi á heilbrigðan hátt stuðla að eflingu samkeppninnar.

Við 23. gr.

Þar sem verðákvörðun verður oft í framkvæmd háð mati og óvissum ágizkunum um þróun kostnaðar í framtíðinni, getur verið hagkvæmt að framkvæma jöfnun eftir á, þannig að hagnaður umfram það, sem til hefur verið ætlazt á tilteknu tímabili, kæmi til frádráttar við ákvörðun verðs og álagningar síðar.

Hér eru höfð í huga tilvik, þar sem hvorki fyrirtækin né stjórnvöld geta haft fullkomið yfirlit yfir þróunina, og þar sem ekki er um að ræða nein refsiverð brot gegn gildandi fyrirmælum um verðlagningu af hálfu fyrirtækjanna. Í framkvæmdinni má nota ákvæði 23. gr. í sambandi við ráðstafanir, sem gerðar hafa verið samkvæmt heimild í 9. gr., og eftir atvikum í 7. gr.

Við 24. gr.

Í frv. eru gefnar nákvæmar reglur um málsmeðferð, þegar um verðlagsmál og samkeppnishömlur er fjallað.

Verðgæzluskrifstofan skal þannig ráðgast við þau fyrirtæki, er hlut eiga að máli, og samtök þeirra, áður en ákvarðanir eru teknar, en þær skulu tilkynntar skriflega. Gera skal grein fyrir ákvörðunum. Þeim aðilum, sem ákvarðanir snerta, skulu eftir því, sem unnt er, gefnar nánari upplýsingar um afgreiðslu mála, ef þeir æskja. Þó er óheimilt að láta öðrum í té upplýsingar, sem verðlagsyfirvöldunum hafa verið gefnar sem trúnaðarmál.

Slíkar reglur og framkvæmd þeirra, að því leyti, sem aðstæður leyfa, eru mikilvægar fyrir réttarmeðferð verðlags- og samkeppnismála, sumpart vegna þess, að um mikilvæg hagsmunamál er að ræða, en sumpart vegna þess, að framkvæmd dómsmála á þessu sviði á sér mjög skamma sögu í öllum löndum.

Við 25. gr.

Þegar um mál varðandi einokun og samkeppnishömlur er að ræða, er mikilvægt vegna réttaröryggis, að í lögum séu ákvæði, er heimili áfrýjun til æðri dómstóls, samkvæmt frv. til Hæstaréttar.

Að slík áfrýjun sé beinlínis heimiluð í lögum, skapar tryggingu fyrir því, að lögin séu framkvæmd á óvilhallan hátt, og með tímanum virðingu fyrir og skilning á þeim ákvörðunum, sem teknar eru.

Að því er varðar ákvarðanir í verðlagsmálum, er ekki um að ræða áfrýjunarmöguleika samkvæmt frv. Ástæðan fyrir þessu er sú, að ákvarðanir um verðlagsmál eru í þeim mæli háðar mati, að erfitt er um þær að dæma við almenna dómstóla, sem venjulega taka aðeins afstöðu til réttarágreinings, en ekki matsatriða. Á hinn bóginn er skipan verðgæzluráðs, sem í eiga sæti óhlutdrægir aðilar og fulltrúar atvinnurekenda og launþega, veruleg trygging fyrir hlutlægri málsmeðferð og

afgreiðslu mála. Við þetta má e. t. v. bæta því, að dómstólar hafa að jafnaði heimild til þess að rannsaka réttargrundvöll og lögmæti allra athafna þeirra stjórnvalda, er hér eiga hlut að máli, og þar með einnig, hver eru takmörk umboða opinberrar stjórnsýslu.

Í Danmörku er að vísu sérstaklega greiður aðgangur að því að áfrýja úrskurðum varðandi verð og álagningu til æðri dómstóla (nefndar er fjallar um kærur út af einokun, landsréttar og hæstaréttar). Í reyndinni mun það þó aðeins hafa komið fyrir í einu tilviki, að kært hafi verið til æðri dómstóls en nefndarinnar, er fjallar um kærur út af einokun.

Það frestar ekki gildistöku úrskurða, er þriggja manna nefnd hefur fellt, þótt þeir hafi verið kærðir til Hæstaréttar. Af slíkri frestun myndi leiða, að löggjöfin yrði lítt virk, auk hættu á því, að Hæstiréttur yrði ofhlaðinn slíkum kærumálum. Undanþegin reglunni um frestun gildistöku verða þó óhjákvæmilega mál út af þagnarskyldu og söluskyldu. Ef það kæmi fyrir í reynd, að áfrýjað yrði kröfu um heimild til þess að ákveða ófrávíkjanlegt lágmarksverð, verður einnig að heimila frestun gildistöku. Að ákvörðunum þriggja manna nefndar, samkvæmt ákvæðum 15. gr., verður ekki áfrýjað samkvæmt frv., grundvallast á því, að verðgæzluráði er í þessu tilviki heimilt að setja bein verðlagsákvæði, sbr. 7. gr. og 8. gr. Að öðru leyti er raunverulegt úrskurðarvald um verðákvarðanir í höndum verðgæzluráðs.

Við 26. gr.

Tilgangur þessa ákvæðis er sá að knýja fram, að verðgæzluráð fái umbeðnar upplýsingar. Annars svarar ákvæðið til 1. mgr. 20. gr. gildandi laga um verðlagsmál. Í frumvarpinu er ákvæðið ekki sett undir refsiákvæði VIII. kafla, þar sem hér er ekki um refsingu að ræða.

Við 27. gr.

Hér er kveðið á um þagnarskyldu þeirra, er sæti eiga í verðgæzluráði, og starfsliðs verðgæzluskrifstofu.

Við 28. gr.

Í löggjöf flestra landa um verðlagsmál og einokun er lögð mikil áherzla á opinbera birtingu, þar eð svo er litið á, að með því að vekja athygli almennings á samkeppnishömlum felist áhrifamikið tæki til þess að vinna gegn skaðlegum áhrifum þeirra.

Þetta er fyrst og fremst framkvæmt á þann hátt, að almenningur hefur aðgang að tilkynningum um samkeppnishömlur, sbr. V. kafla.

Hér við bætist, að birta ber eftir því sem unnt er úrskurði stjórnvalda og niðurstöðu athugana, er þau framkvæma, þannig að með því móti skapast betri skilyrði fyrir skilningi almennings og atvinnuveganna á framkvæmd löggjafarinnar og þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru samkvæmt henni.

Opinber birting hefur líka í för með sér, að stjórnvöldin eru stöðugt háð gagnrýni blaða og almennings. Ætti slíkt að hvetja til óhlutdrægni í framkvæmd og auka virðingu fyrir þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru.

Mikilvægur þáttur í því að tryggja það, að framkvæmd þessara mála sé fyrir opnum tjöldum, er skylda sú, er verðgæzluskrifstofunni er lögð á herðar, að gefa árlega skýrslu um störf sín, sem leggja skal fyrir ríkisstjórn og Hagráð. Með þessu fær Hagráð beint tilefni til þess að ræða stefnuna í verðlagsmálum, og getur að öðru leyti, til afnota í því skyni, krafið verðgæzluskrifstofuna um allar nauðsynlegar upplýsingar. Slíkar umræður í Hagráði um verðlagsmál geta að öðru leyti hugsanlega haft áhrif á einstakar ákvarðanir og athuganir verðgæzluráðs. Það myndi vafalaust vera hagkvæmt, að kveðja til formann verðgæzluráðs og verðgæzlustjóra, þegar verðlagsmál eru til umræðu í Hagráði, sér í lagi fyrrnefnd ársskýrsla.

Árið 1966 var í Noregi komið á fót verðlagsráði, þar sem verðlagsyfirvöld og fulltrúar atvinnuveganna og samtaka vinnumarkaðarins geta skipzt á skoðunum um

mikilvæga þætti verðlagsmála og grundvallarsjónarmið í þeim tilgangi að koma á samvinnu sín á milli til tryggingar stöðugu verðlagi. Fulltrúar launa- og verðlagsmálaráðuneytisins og verðgæzluskrifstofunnar taka þátt í fundum verðlagsráðs.

Í Danmörku getur Hagráð rætt öll atvinnumál og þar með einnig stefnuna í verðlagsmálum. Þegar slík mál hafa verið til meðferðar í ráðinu, hefur framkvæmdastjóri einokunareftirlitsins verið boðaður á fund þess. Í Danmörku gefur stjórn Hagráðs (skipuð þremur mönnum) út skýrslu um umræður þær, er átt hafa sér stað. Ráðið hefur aðeins ráðgefandi vald.

Við 29. gr.

1. málsgrein: Um skýringu á refsiákvæðum laga þessara fer jafnframt eftir almennum hluta almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febr. 1940, sbr. I.—II., IV. og VI.—IX. kafla laganna, enda sé í þeim ákvæðum ekki tekið fram, að þau eigi aðeins við almenn hegningarlög nr. 19/1940.

Tilvísun 29. gr. í 49. gr. almennra hegningarlaga er leiðbeiningarákvæði.

2. málsgrein: 15. kafli almennra hegningarlaga fjallar um rangan framburð og rangar sakargiftir. Refsingar fyrir rangan framburð geta varðað fangelsi allt að 4 árum.

3. málsgrein: Um réttindasviptingu er fjallað almennt í VII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 68. gr.

4. málsgrein: Tilvísun til 69. gr. almennra hegningarlaga er til leiðbeiningar um lagaframkvæmd.

Við 30. gr.

1. málsgrein: Opinber mál sæta meðferð eftir lögum nr. 82 frá 21. ágúst 1961.

2. málsgrein: Um kvaðningu meðdómenda er ákveðið í 5. gr. og 8.—12. gr. laga nr. 82/1961.

3. málsgrein: 112.—114. gr. laga nr. 82/1961 fjalla um mál, sem dómara er heimilt eða skylt að afgreiða með sátt eða dómi án atbeina saksóknara, sakir þess hve smávægileg þau eru eða skýlaus.

4. málsgrein: Með fullframningu brots er átt við, hversu langt athöfn eða afleiðingum hennar skal vera komið, til þess hún sæti refsingu eftir meginefni refsiákvæðis.

Við 31. gr.

Skiptar skoðanir hafa verið innan nefndarinnar um það, hvenær lög þessi ættu að taka gildi. Nefndarmenn hafa talið, að nokkurn tíma þyrfti til að undirbúa framkvæmd þessa lagabálks, einkum að því er varðar ákvæðin um samkeppnishömlur, sem eru nýmæli í íslenzkri löggjöf. Ekki hafa menn þó verið á einu máli um, hversu langur þessi tími þyrfti að vera, og hefur í því sambandi verið lagt til, annars vegar að lögin tækju gildi 6 mánuðum eftir að þau hlytu staðfestingu, og hins vegar 1 ári eftir staðfestingu. Þá hefur einnig verið lagt til, að lögin öðlist gildi 2 árum eftir að þau hafa hlotið staðfestingu, enda verði fullnægt ákveðnum skilyrðum um væntanlega framkvæmd laganna.

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, hefur nefndin talið eðlilegast að gera ekki ákveðna tillögu um gildistöku, heldur greina frá þeim meginsjónarmiðum, sem fram hafa komið í nefndinni.

Þórhallur Ásgeirsson.

Árni Jónsson. Björgvin Schram, Davíð Sch. Thorsteinsson. Erlendur Einarsson. (sbr. yfirlýsingu).

Helga Magnúsdóttir, Hjörtur Torfason, Kristján G. Gíslason, Ólafur Björnsson. (með fyrirvara). (með fyrirvara). (sbr. yfirlýsingu).

Óttarr Möller. Otto Schopka. Sigurður Magnússon, Sveinn Ásgeirsson, (sbr. yfirlýsingu). (með fyrirvara).

Sverrir Júlíusson. Valgeir Ársælsson.

Yfirlýsing Sigurðar Magnússonar, Björgvins Schram og Kristjáns G. Gíslasonar.

Við undirritaðir fulltrúar í nefnd þeirri, er unnið hefur að því að semja drög að frumvarpi til laga um eftirlit með einokun, hringamyndun og verðlagi, erum samþykkir því, að eigi sé tekin sérstök afstaða til 31. greinar frumvarpsins, er fjallar um gildistöku þess.

Afstaða okkar byggist á því, að við treystum því, að málið hljóti fullnaðarafgreiðslu á yfirstandandi Alþingi og að gildistaka geti átt sér stað eigi síðar en að sex mánuðum liðnum frá n. k. áramótum að telja.

Reykjavík, 27. október 1969.

Sigurður Magnússon. Björgvin Schram. Kristján G. Gíslason.

Fyrirvari Helgu Magnúsdóttur.

Með fyrirvara um, að ákvæði 21. og 22. gr. komi í framkvæmd við gildistöku laganna og einnig, að nákvæmt eftirlit verði með því, að álagningu á nauðsynjavörur sé jafnan stillt í hóf.

Blikastöðum, 30. október 1969.

F. h. Kvenfélagasambands Íslands,

Helga Magnúsdóttir.

Fyrirvari Sveins Ásgeirssonar.

Ég álít það eðlilegt, að Neytendasamtökunum verði veitt aðild að tilnefningu fulltrúa í verðgæzluráð.

Reykjavík, 30. október 1969.

Sveinn Ásgeirsson.

Fyrirvari Hjartar Torfasonar.

Mér virðist nefndin hafa komið verkefni sínu svo langt áleiðis sem til verður ætlazt að sinni, og er ég því samþykkur því áliti hennar, sem felst í gerðum drögum að frumvarpi til laga um verðgæzlu og samkeppnishömlur og greinargerð með því. Gögn þessi eru að verulegu leyti samin eftir ábendingum ráðunauts þess, sem nefndin fékk til fulltingis á árinu 1967, og tel ég æskilegt, að þau fari frá nefndinni með sem fæstum breytingum á því, sem frá honum er runnið.

Við afgreiðslu málsins vil ég aðeins undirstrika þann skilning minn á frumvarpinu, að því sé einkum ætlað 1) að tryggja almenningi vernd gegn misnotkun atvinnufyrirtækja eða samtaka þeirra á aðstöðu sinni, og 2) að veita einstökum atvinnurekendum vernd gegn misbeitingu af hálfu annarra atvinnurekenda og stuðla þannig að atvinnufrelsi, sem felur í sér óbeina vörn fyrir almenning. Umræður í nefndinni hafa að miklu leyti snúizt um fyrra atriðið, þannig að hið síðarnefnda hefur nokkuð horfið í skuggann. Vera má og, að ástæða væri til að gera því hærra undir höfði í texta frumvarpsins, þar sem rætt er um tilgang laganna, en þar er atvinnufrelsi ekki nefnt sem slíkt.

Um vernd á hinu síðastnefnda sviði ber og á það að benda, að þar eru þegar í gildi tilteknar réttarreglur, þótt óskráðar séu að mestu og lítt mótaðar. Tel ég frumvarpinu ekki ætlað að breyta þeim reglum, heldur fremur að breikka þann grundvöll, sem þegar er fyrir hendi.

Ég vil og leggja áherzlu á það sjónarmið, að æskilegt sé að veita lögum þessum sem víðtækast gildisvið. Ég er t. d. ekki sannfærður um, að æskilegt sé að megin-

stefnu til að undanþiggja útflutning ákvæðum laganna, en í framkvæmd skiptir þetta atriði litlu máli eins og nú standa sakir.

Ég geri ráð fyrir, að orðfæri frumvarpsins kunni að þurfa nánari athugunar við, áður en það fær frekari meðferð, þótt ekki verði gerðar á því efnisbreytingar. Í því sambandi vil ég geta þess, að ég tel orðinu „hagnaði" í a-lið 1. gr. í raun og veru ofaukið, og sé það fremur til lýta en hitt. Þar sem um „ósanngjarnan hagnað" er að ræða, mun hann annaðhvort stafa af ósanngjörnu verði eða ósanngjörnum viðskiptaháttum, nema hvort tveggja sé. Mundi það ekki breyta efni frumvarpsins að mínum dómi, þótt orðið væri fellt brott. Ber að minna á það, að í meðferð danska þingsins á sams konar frumvarpi var þetta sama orð fellt niður af sömu ástæðum og hér greinir, svo sem vikið er að á bls. 31 í greinargerð nefndarinnar.

Reykjavík, 30. október 1969.

Hjörtur Torfason, hrl.

Sérálit Hannibals Valdimarssonar, Hermanns Jónssonar, Jóns Sigurðssonar, Kristjáns Gíslasonar og Þrastar Ólafssonar.

Í sambandi við afgreiðslu nefndarinnar á „drögum að löggjöf um eftirlit með einokun, hringamyndun og verðlagi" óskum við að taka þetta fram:

Við teljum núgildandi löggjöf um verðlagsmál viðhlítandi í aðalatriðum. Hún felur í sér ótvíræða og óumdeilda heimild til afgerandi áhrifa á verðlagsþróunina í landinu, ef og þegar stjórnvöld telja til slíks hníga mikilvæg rök. Að hinu leytinu felur hún ekki í sér fyrirmæli um íhlutun um þessi mál. Þannig gerir núgildandi löggjöf fært að meta aðstæður á hverjum tíma og að bregðast við þeim á þann veg, sem stjórnvöld telja eðlilegt eða nauðsynlegt.

Sú gagnrýni, sem beinzt hefur að opinberum verðlagsafskiptum á undanförnum árum, hvort heldur þau hafa verið kölluð vettlingatök eða óraunhæf kverkatök, hefur því með engum rétti getað beinzt að gildandi löggjöf, heldur gegn framkvæmdaatriðum, þ. e. a. s. mati stjórnvalda á nauðsyn, eða ekki nauðsyn, opinberrar íhlutunar um þessi mál.

Enda þótt okkur sé vel ljóst, að þeir starfshættir, sem hér hafa tíðkazt, séu allt annað en fullkomnir, eða gallalausir, þá höfum við ekki komið auga á aðrar aðferðir líklegri til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun, **miðað við óbreytt ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar og í skipulagsmálefnum verzlunarinnar í landinu.** Í öllu falli getum við ekki séð, að „drög" þau, sem hér um ræðir, væru spor í rétta átt, þó að lögum yrðu. Sýnist okkur þvert á móti, að með þeim væri stefnt að því að torvelda eða hindra opinber afskipti af þessum málum, án þess að með nokkrum haldbærum hætti væri tryggt, að slíkra afskipta væri ekki þörf. Kemur stefna þessi glöggt fram í því grundvallarviðhorfi, sem „drögin" túlka, að verðlag skuli vera frjálst, og í öllum þeim margbrotnu og um margt óljósu skilyrðum, sem sett eru fyrir því að til íhlutunar geti komið.

Í samanburði við núgildandi löggjöf, tiltölulega skýra og auðtúlkaða, sýnast okkur margnefnd „drög" furðu óljós og margbrotin (laga)-smíð. Teljum við einsýnt, að mjög erfitt væri að framkvæma slíka löggjöf **að nokkru umtalsverðu gagni við okkar aðstæður** og í öllu falli óhugsandi nema með stórauknum tilkostnaði miðað við núverandi skipan.

Nokkur minniháttar efnisatriði uppkastsins teldum við þó til bóta að lögfesta, svo sem ákvæði 22. greinar, og 3. og 4. málsgr. 30. greinar.

Vitað er, að frumvarpsdrögin eru að meginefni sniðin eftir löggjöf vissra erlendra þjóða, aðallega Dana.

Vera má, að við tilteknar aðstæður geti löggjöf sem þessi náð yfirlýstum tilgangi sínum, enda sé þá mannafli og fé fyrir hendi til að halda uppi á virkan hátt svo yfirgripsmiklu og þunglamalegu eftirlitskerfi sem til þarf.

En til marks um það, hversu aðstæður hljóta að ráða þróun þessara mála, teljum við það vera, að dönsk stjórnvöld hafa á síðustu misserum, hvað eftir annað talið sig til neydd að grípa inn í hinn frjálsa samkeppnisferil með ströngum og ótvíræðum lagafyrirmælum, m. a. um festingu álagningar og verðstöðvun.

Aðstæður hér á landi teljum við vera þannig, að ekki verði enn um sinn hjá því komizt, að viss opinber íhlutun um verðlagsþróunina eigi sér stað. Nauðsyn slíkrar íhlutunar kann að verða mismunandi brýn frá einum tíma til annars og á það að okkar dómi að ráða því, hversu víðtæk og afgerandi íhlutunin er á hverjum tíma.

Slíka sveigjanlega verðlagsmálastefnu teljum við sæmilega vel fært að framkvæma innan ramma núgildandi verðlagslaga.

Sú grundvallarstefna, sem tittnefnd „drög" taka mið sitt af, fellur hins vegar ekki, að okkar áliti, að íslenzkum aðstæðum, eins og þær eru nú, **og þess vegna getum við ekki mælt með því að þessi „drög" verði gerð að lögum.**

Reykjavík, 29. október 1969.

F. h. Hannibals Valdimarssonar, Hermann Jónsson. Kristján Gíslason.
Snorri Jónsson.
Þröstur Ólafsson. Jón Sigurðsson.

Sérstök greinargerð Þrastar Ólafssonar.

Þegar taka skal afstöðu til nýrrar, stefnumótandi löggjafar, ber einkum að hafa þrennt í huga við mótun afstöðunnar.

Í fyrsta lagi verður að vera fræðilegt og hagnýtt samræmi í tilgangi laganna. Takmark laganna má ekki stangast á við frumnauðsyn ríkjandi efnahagskerfis.

Í öðru lagi verður að vera innra samræmi í þeim aðferðum, sem nota skal til að ná tilganginum. Tilgangslaust er að eyða tíma í lagasetningu, þar sem aðferð og takmark eru ósamrýmanleg.

Í þriðja lagi ber að meta pólitískt og félagslegt innihald laganna. Með þetta í huga vil ég taka eftirfarandi fram:

I. Víða í hinum vestræna heimi hafa verið gerðar tilraunir, sem lutu að því að vinna á móti hringamyndun og einokun og jafn víða hafa þessar tilraunir runnið út í sandinn.

Tilraunir þessar hafa verið andsvar við „óheppilegri" þróun hins kapitalíska hagkerfis, þ. e. myndun stórra framleiðslu- og viðskiptaeininga í gegnum samsteypu eða samruna. Tilraunirnar til að endurvekja pólitíska og efnahagslega vélgengni hagkerfisins hafa mistekizt einkum af tveimur orsökum:

a) Þeir menn, sem semja áttu lögin, hafa sjálfir að meira eða minna leyti verið fulltrúar auðhringa, ýmiss konar viðskiptasamtaka eða hagsmunahópa atvinnurekenda, þó að einnig hafi stundum verið puntað upp á samkunduna með örfáum launþegafulltrúum eins og t. d. hér.
b) Það hafa verið færð haldgóð fræðileg rök fyrir því, að þessi þróun í stórar framleiðslu- og framkvæmdaeiningar sé óhjákvæmilegt lögmál hins kapitalíska hagkerfis. Sjálf samkeppnin, sem hér á að verja og styrkja, krefst þessa samruna, en hann þýðir í reynd, að óhagkvæm fyrirtæki víkja fyrir hinum hagkvæmu og hagrænu fyrirtækjum. Hagrænn þýðir hér, eins og ætíð í borgaralegri hagfræði, gróðavænlegur.

Hin frjálsa samkeppni (í dag merkingarlítið hugtak) var ekkert annað en lögbundinn réttur hins sterka til að haga sér eftir vild. Það kemur því ýmsum spánskt fyrir sjónir, ef forsvarsmenn hinna stóru og voldugu viðskiptaeininga vilja nú ólmir afsala sér þessum frumburðarrétti sínum.

Í reynd hafa slík samkeppnislög aldrei virkað öðruvísi en faguryrt heimild þegar bezt lét, en gagnslaust blekkjandi skrifræði, þegar verst lét.

Tilgangur laganna, sem sagður er vera að bæta nýtingu framleiðsluháttanna en efla sanngjarna skiptingu þjóðarteknanna, stendur í hvimleiðri andstöðu við þarfir og staðreyndir efnahagslífsins.

Lönd, sem eru nátengd alþjóðlegum mörkuðum, eins og Ísland kemur til með að vera, verða að hafa fjársterkar og voldugar viðskiptaeiningar, hvort heldur sem er til að komast inn á erlenda markaði eða til að halda heimamarkaði sínum. Ríkjandi samkeppnisform í V.-Evrópu og N.-Ameríku er hin svokallaða mónópóliska eða ólígópóliska samkeppni, en þær einkennast af mjög fáum, stórum fyrirtækjum. Í hinum síðkapitaliska, opna hagkerfi er það beinlínis hagfræðileg nauðsyn að hafa stór fyrirtæki. Miðað við íslenzka staðhætti þýðir það einokunar- eða tvíokunarsamsteypur.

Slíkur samruni verður að koma og má ekki hindra hann. Þetta viðurkenna flestir hagfræðingar í dag. Að ætla sér að hindra, að slíkir hringar noti sér markaðsaðstöðu sína eftir vild, er barnaskapur, nema komið væri á fót afar þunglamalegu og kostnaðarsömu eftirliti, sem hefði skyldu til að grípa inn í, en ekki bara heimild.

Í V.-Þýzkalandi hefur sérstofnun, sem líta á eftir að samkeppnislögunum sé framfylgt, beinlínis verið hindruð í starfi, en samruni (og afleiðingar hans) verið örvaður. Þannig er tilgangur þessara laga í sjálfu sér út í hött og án allrar alvarlegrar meiningar.

Einkum á ég erfitt með að kyngja því, að íslenzkir hagfræðingar hafi lagt hér hönd á plóginn.

Vil ég nú benda á nokkrar innri þverstæður í sambandinu á milli yfirlýsts tilgangs og þeirra aðferða, sem nota á.

II. Þessi lagadrög eiga að leysa lögin um verðlagsmál frá 1960 af hólmi, þ. e. a. s. þau lög, sem nú gilda um verðlagsmál, skulu hverfa. Þótt ég vilji sízt fullyrða, að núgildandi lög séu fullkomin og vissulega er þar umbóta þörf, þá hafa þau þó þá kosti umfram nýja frumvarpið, að hægt er á auðveldan hátt að hafa hemil á álagningunni og þar með vöruverði að vissu marki. Hitt vitum við, að þau hafa ekki hindrað, að vöruverð hérlendis hefur hækkað meira undanfarin ár en í nokkru öðru evrópsku landi. Þau gátu hins vegar ekki hindrað verðbólgu og gengisfellingar og munu ekki megna það. En af hverju er verðlagseftirlit nauðsynlegt?

Verðlagseftirlit er tæki til að tryggja þjóðinni nægilega framfærslu á tímum þegar:

a) framboð á vörum er lítið, en „frjáls markaður" myndi leyfa miklar verðhækkanir, sem kynnu að hafa þær afleiðingar, að launþegar gætu ekki orðið sér úti um nauðsynlegasta lífsviðurværi.
b) Kapphlaupið á milli verðtaps og tilkostnaðar er í algleymingi (rauntekjur eru lægri en nafntekjur = verðbólga).

Hér er vélgengni markaðsins félagslega óþolandi.

Þetta hefur verið til staðar á Íslandi í fjölda mörg ár. Því hefur ekki þótt stætt á því að afnema verðlagslögin enn, þótt verðlagslög séu í sjálfu sér skammtíma ráðstöfun. Afnemið verðbólguna og verðlagshöftin munu hverfa. Þriðji kafli frumvarpsins á að kveða á um þau tilvik, þegar verðgæzluráð ákvarðar verð. Í greinargerð við 7. grein er m. a. komizt svo að orði:

„... bein íhlutun um verðlagningu (getur) átt sér stað, ef samkeppni raunverulega — en án þess að um eiginlegar, sannanlegar samkeppnishömlur sé að ræða — er ekki nægilega virk til þess að tryggja sanngjarna verðlagsþróun. Bein íhlutun um verðlag getur einnig átt sér stað í tilvikum, **þar sem skilyrði eru fyrir ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar frá þjóðfélagslegu sjónarmiði séð.**" Slík „skilyrði" eru stöðugt fyrir hendi í verðbólguþjóðfélagi og sést því á þessu, hver ákveður hér, hvað er „þjóðfélagslegt" sjónarmið. Í landi eins og Íslandi, þar sem enginn **virkur** markaður er fyrir hendi vegna smæðar okkar og landskosta allra — og þetta er grundvallaratriði — þá verður það að skoðast sem hræsni, þegar talað er um mjög

ófullkominn markað sem grundvöll hins samkeppnislega jafnaðarverðs. Alls staðar á Íslandi er samkeppni afar ófullkomin og hún megnar hvergi að mynda verðlag, sem teljast mætti „þjóðfélagslega heppilegt“ eða réttlátt.

Grundvöllur samkeppni og algjör forsenda hennar er traustur gjaldmiðill og tryggt og stöðugt verðlag.

Þess vegna er aðferðin (samkeppnisvarzla) til að ná takmarkinu („þjóðfélagslega heppileg verðlagsþróun“) ósamrýmanleg jafnvel þótt heiðarlegur vilji stæði á bak við. Frumvarpið er sniðið eftir allt öðru efnahagsástandi en hér ríkir.

III. En lítum að lokum á pólitískt innihald frumvarpsins.

Frumvarpið felur í sér afnám verðlagseftirlits, en það þýðir óbundnar hendur verzlunarstéttarinnar til að ákveða álagningu á vörur sínar, þetta þýðir auðvitað hærra vöruverð í bráð og lengd auk verðbólgunnar. Í staðinn fá launþegar ekkert til að rétta hlut sinn, nema ónothæf vilyrði um samkeppniseftirlit. Burt séð frá því félagslega óréttlæti, sem þetta hefur í för með sér, eru tímarnir sízt til þess fallnir að framkvæma slíka ráðstöfun nú. Vissulega þarf einhvern tíma að gera grundvallarleiðréttingar á samsetningu kerfisins.

En þessi einhliða ráðstöfun í þágu fámenns hóps manna er félagslega óþolandi og kallar á þjóðfélagslegan óróa. Hefðu stjórnvöld þessa lands boðið upp á allsherjar uppstokkun kerfisins og gengið út frá félagslegu jafnrétti allra þegna, hefði ég verið fyrstur manna til að fagna því. Verðlagsákvæði geta komið í staðinn fyrir óvirkan markað og samkeppnisskort, en þau eru félagsleg nauðsyn á verðbólgu- eða dýrtíðartímum. Við getum breytt gömlu lögunum og bætt þau á ýmsa lund, en rökstudd vissa mín er sú, að þessi nýju lög séu ekki heillavænleg, því þau eru, auk gagnleysisins, villandi og full af smugum og fögrum orðum, **en engri bindandi skyldu til að hindra almennar verðhækkanir og rýrnandi kaupmátt.**

Reykjavík, 30. október 1969.

Þröstur Ólafsson.

Fylgiskjal I.

Heimildarskrá samin af A. Sonne, skrifstofustjóra.

Dansk litteratur:

Trustkommissionens Betænkninger nr. 3.

Konkurrencebegrænsning og Monopol.

Monopoltilsynets årsberetninger 1955—65.

Monopol-Ankenævnet 1955—64, Kbh. 1965 — indeholder oversigt over ankenævnets kendelser i nævnte periode.

Tidskriftet:

Meddelelser fra Monopoltilsynet.

Om leveringsnægtelse indeholder „Meddelelser“ 1962 nr. 4 side 65 en oversigt over afgørelser i sager om leveringsnægtelse i Danmark, Norge og Sverige. I denne artikel er også en kortfattet oversigt over det i 3 lande foreliggende lovgrundlag for behandling af disse sager.

Om *lokkevaresalg som begrundelse for leveringsnægtelse* indeholder „Meddelelser“ 1965 nr. 5 side 33 en redegørelse.

Om *rabat- og bonusydelser* indeholder „Meddelelser“ 1965 nr. 5 side 111 en almindelig redegörelse.

Om *skiltningsforhold, prisberegning, kontantsrabatter og afbetalingsbetingelser* for radio- og fjernsynsapparater samt „hårde hvide varer“ indeholder „Meddelelser“ 1966 nr. 1 side 1 en redegørelse for foretagne undersøgelser. — Skiltningsbestemmelser for de nævnte varer er fastsat 19/1 1967 se Meddelelser 1967 nr. 2 side 35.

Om licitation (tilbud) inden for bygge- og anlægsvirksomhed henvises til „Meddelelser" 1966 nr. 11 side 281.

Steen Richter: Monopolloven med kommentarer; ny kommentar til den danske lov og med eksempler på praksis ventes at udkomme i efteråret 1967.

Inflationens Årsager Betænkning nr. 421 Kbh. maj 1966.

Betænkning ang. en ny konkurrencelov. Betænkning nr. 416, Kbh. 1966.

Konkurrencebegrænsninger i Dansk Erhvervsliv. Trustkommissionens Betænkninger nr. 8. Betænkning nr. 249 Kbh. 1960.

Monopollovgivningen i fællesmarkedets medlemslande udgivet af Monopoltilsynets direktorat duplikeret maj 1962.

Danmark og det europæiske økonomiske Fællesskab.

Udenrigsministeriet Kbh. 1962 især kap. IV første del. Ny udgave af denne rapport er offentliggjort i maj 1967 også indeholdende omtale af fællesskabets regler og praksis vedr. konkurrencebegrænsningsspørgsmål.

W. E. von Eyben: Konkurrencebegrænsning og illoyal konkurrence (i Festskrift til Poul Andersen, Kbh. 1958, s. 114 f.).

Bjarke Fog og Arne Rasmussen: Detailhandelen af i dag og i morgen. Kbh. 1965.

Henning Kjølby: Erhverv, Konkurrence og Samfund. Kbh. 1964.

Jan Kobbernagel: Konkurrencens retlige regulering, I, Kbh. 1957.

Mogens Koktvedgaard: Kontraheringspligt, Kbh. 1960.

Mogens Koktvedgaard: Konkurrenceprægede Immaterialretspositioner, Kbh. 1965.

Ole Lando: Agenten og eneforhandleren i vesteuropæisk ret. Kbh. 1965.

Poul Meyer: Dansk Foreningsret. Kbh. 1950.

H. Winding Pedersen: Industriens struktur og sammenslutninger. Kbh. 1965.

Poul Andersen: Dansk Forvaltningsret 4. udg. Kbh. 1963.

Alf Ross: Dansk Statsforfatning, I, Kbh. 1959.

Henry Ussing: Enkelte Kontrakter. Kbh. 1946.

Henry Ussing: Dansk Obligationsret, Alm. Del, 3 udg., Kbh. 1946.

Henry Ussing: Aftaler, 3. udg., Kbh. 1950.

Norsk Litteratur.

Tidsskriftet: Pristidende.

Anden Literatur:

Knut Blom: Prisloven med kommentar, Oslo 1954.

Thorstein Eckhoff og Øystein Gjelsvik: Prisloven af 26. juni 1953 (Oslo 1955) med kommentarer.

Kristen Andersen: Rettens stilling til konkurrenceregulerende sammenslutninger og avtaler, Oslo 1937.

Arvid Frihagen: Priskurranse og konkurrenseregulering, Jussens Venner, Oslo 1960.

Arvid Frihagen: Prisrådets organisation og virksomhed, Oslo 1961.

Svensk Litteratur.

Statens Offentliga beredningar.

1) Konkurrensbegrænsning S.O.U. 1951: 27—28.
2) Konkurrens och priser S.O.U. 1955: 45.
3) Effektivare prisövervakning S.O.U. 1961: 3.
4) Prissamverkan och konkurrens S.O.U. 1966: 48.

Tidskriftet: Pris- och kartellfrågor.

Anden Litteratur:

Statens Pris- och kartellnämd: Den Nya Pris- och kartelllagstiftingen, Stockholm, 1958.

Åke Martenius: Lagstiftingen om konkurrensbegrænsning, Stockholm, 1965.

Lars Berg og Ulf Bernitz: Fritt kundval eller leveranstvång, Stockholm, 1966.

Ulf Bernitz: Bruttoprisförbundet och andra åtgärder mot Konkurrensbegränsning i distributionen. Näringsliv och Samhälle, Stockholm, 1962.

Studieförbundet Näringsliv och Samhälle: Näringsliv i omvandling (En studie av branchrationaliseringen i Sverige 1958—62), Stockholm, 1964.

Studieförbundet Näringsliv och Samhälle: Sammanslagninger och samarbetsavtal i svensk industri 1963—64 (Ett komplement til Näringsliv i omvandling), Stockholm, 1965.

Svenska Handelsbanken: Swedish Antitrust Law, Stockholm, 1963.

Ulf af Trolle: Studier i konkurrensfilosofi och konkurrenslagstifting, Göteborg, 1963.

Engelsk Litteratur:

Registrer of Restrictive Trading Agreements Reports.

Reports of Restrictive Practices Cases.

I øvrigt henvises til Bibliografien i OECD's Guide (se nedenfor).

Tysk Litteratur:

Wirtschaft und Wettbewerb, Zeitschrift für Kartellrecht Wettbewerbsrecht und Marktorganisation, Düsseldorf.

Amerikansk Litteratur:

Corwin D. Edwards: Cartelization in Western Europe — Bureau of Intelligence and Research, U.S. Department of State, June 1964.

I øvrigt henvises om amerikansk lovgivning og praksis til fremstillingen i OECD's Guide (se nedenfor).

OECD.

1) *Guide* to Legislation on Restrictive Business Practices. Europe and North America, Texts, Explanatory Notes, Decisions, Bibliography. — (5 bind på engelsk og fransk).
2) Comparative Summary of Legislation in Europe and North America, Paris 1964.
3) Glossary of Terms Relating to Restrictive Business Practices, Paris 1965.
4) Gammelgaard: Resale Price Maintenance, Paris 1958 (om bruttoprisfastsættelse).
5) OECD's Committee on restrictive business practices udsender 2 gange om året rapporter om lovændringer og seneste praksis i medlemslandene.

De europæiske Markedsorganisationer.

EEC's konkurrenceregler er ret detailleret omtalt i den af Udenrigsministeriet, København i maj 1966 udsendte årsrapport (se foran).

Samme sted er EFTA's regler omtalt.

Om *EFTA og EEC* henvises i øvrigt til *EFTA-Observer og for Fællesskabet til:*

Amtsblatt der europäischen Gemeinschaften; Bulletin der europäischen Wirtschaftgemeinschaft; Information á la presse de parte-parole de la commission; Gesamtbericht über die Tätigkeit der Gemeinschaft; Wirtschaft und Wettbewerb, Zeitschrift für kartellrecht, Wettbewerbsrecht und Marktorganisation, Düsseldorf.

Endelig kan for EFTA's og Fællesskabernes vedkommende henvises til OECD's Guide.

Nd. **205. Nefndarálit** [70. mál]

um frv. til laga um heimild til handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi af menntamálanefnd, en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu. Að þessu sinni áréttaði menntamálaráðherra óskir sínar um, að málið yrði tekið upp að nýju. Nefndin hefur haldið fjóra fundi um málið og ræddi það all ýtarlega. Þá taldi nefndin og nauðsynlegt að fá álitsgerð stjórnar skólans um málið og óskaði eftir henni í bréfi, dags. 24. nóv. s. l. Meðal þess, sem innt var eftir, voru húsnæðismál skólans, og áleit stjórn skólans þau fullnægjandi a. m. k. næstu tvö ár, þótt til þessarar viðbótar kæmi. Þá var og bent á, hvort ekki væri hugsanlegt samstarf Kvennaskólans og hins nýja menntaskóla við Tjörnina um stúdentsmenntun. Slíka lausn taldi skólastjórnin óaðgengilega. Nefnd bréf fylgja hjálagt í afriti. Að málinu þannig allvel athuguðu leggur meiri hl. nefndarinnar því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Minni hl. (MK) mun skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 16. des. 1969.

Benedikt Gröndal, form.	Bjartmar Guðmundsson, fundaskr.	Birgir Kjaran, frsm.
Gunnar Gíslason.	Eysteinn Jónsson.	Sigurvin Einarsson.

Fylgiskjal I.

Skólastjórn Kvennaskólans,
REYKJAVÍK

24. nóv. 1969.

Frumvarpinu um heimild til handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta hefur verið vísað aftur til menntamálanefndar neðri deildar.

Nefndin telur æskilegt að fá álitsgerð stjórnar skólans um frv.

Einstakir nefndarmenn óska upplýsinga um húsnæðismál — ef frumvarpið yrði samþykkt — og hvort hugsanlegt sé samstarf Kvennaskólans og hins nýja menntaskóla við Tjörnina um stúdentsmenntunina.

Mál þetta er hægt að taka fyrir á nefndarfundi á miðvikudag, ef svar berst fyrir þann tíma.

F. h. menntamálanefndar neðri deildar.

Benedikt Gröndal. Bjartmar Guðmundsson.

Fylgiskjal II.

Kvennaskólinn í Reykjavík.

Reykjavík, 25. nóv. 1969.

Vegna fyrirspurnar háttvirtrar menntamálanefndar neðri deildar Alþingis varðandi frumvarp til laga um heimild til handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta leyfir skólastjórnin sér að lýsa því yfir, að hún er samþykk þessu frumvarpi og vonar eindregið, að það nái samþykki háttvirts Alþingis.

Varðandi húsnæði Kvennaskólans — ef frumvarpið yrði samþykkt — vill skólastjórnin taka fram, að við núverandi aðstæður mundi hægt að sjá tveimur bekkjardeildum fyrir húsnæði til bráðabirgða eða næstu tvö árin, án þess að skerða á neinn hátt starfsemi skólans í núverandi mynd.

Eftir það yrði nauðsynlegt að hefja viðbyggingu við skólann, enda er slík viðbygging nauðsynleg vegna núverandi starfsemi hans og eðlilegrar þróunar.

Varðandi hugsanlegt samstarf við Menntaskólann við Tjörnina telur skólastjórnin slíkt samstarf engan veginn æskilega lausn á vandamálum skólans.

F. h. skólastjórnar
virðingarfyllst,
Sigríður Briem Thorsteinsson. Guðrún P. Helgadóttir.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 206. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til laga um heimild til handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Ég er andvígur efni þessa frumvarps, vegna þess að ég tel það úrelta stefnu og ranga að skipa ungu fólki saman til stúdentsnáms eftir kynferði. Í þeirri hugmynd að hafa sérstakan menntaskóla handa stúlkum einum er fólgin sú afturhaldsafstaða, að konur muni til frambúðar skipa óæðri bekk í þjóðfélaginu, enda hefur frumvarpið verið rökstutt með því, að hér á landi þurfi að hafa menntaskóla, sem bjóði upp „á námsgreinar, sem sérstaklega væru við hæfi kvenna“. Slík ráðabreytni mundi hamla gegn baráttu kvenna fyrir fullu þjóðfélagslegu jafnrétti.

Í annan stað er augljóst, að hugmyndin um stúdentsnám í Kvennaskólanum brýtur gersamlega í bága við þau áform um nýskipan menntaskólanáms, sem væntanlega verða bundin í lög á þessu þingi. Þegar frumvarp til laga um menntaskóla var samið, var hugmyndin um heimild handa Kvennaskólanum til þess að brautskrá stúdenta lögð fyrir höfunda þess, og reyndust skólastjórar allra menntaskóla í landinu, þáverandi rektor Háskóla Íslands og skólastjóri Kennaraskólans andvígir þeirri hugmynd. Álit þeirra er birt hér sem fylgiskjal. Síðan það var samið, hefur einn menntaskóli enn bætzt við í Reykjavík, og gerir það slík réttindi handa Kvennaskólanum enn fráleitari.

Af þessum ástæðum legg ég til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 14. des. 1969.

Magnús Kjartansson.

Fylgiskjal.

Tilmæli Kvennaskólans í Reykjavík um réttindi til að brautskrá stúdenta.

— Umsögn meiri hluta menntaskólanefndar. —

Í upphafi voru sumir nefndarmenn á þeirri skoðun, að æskilegt væri að verða við málaleitun Kvennaskólans, vegna langrar og góðrar sögu hans og þess álits, er hann nýtur. Hins vegar komu í ljós við umræður nefndarmanna ýmis veigamikil rök, er mæla á móti því að svo sé gert. Skulu hér talin hin helztu:

1. Með því móti yrði horfið frá þeirri meginreglu um aðskilnað menntaskóla og gagnfræðaskóla, sem mótuð var í fræðslulögunum 1946, reglu, sem menntaskólarnir börðust gegn á sínum tíma. Virðist því hæpið, að unnt sé að leyfa einum skóla að brjóta þessa reglu, nema því aðeins að hún sé endurskoðuð í heild og aðrir skólar látnir njóta sömu réttinda.

2. Samkvæmt fræðslulögunum og reglugerð menntaskólanna eiga þeir að vera **samskólar.** Þróunin erlendis stefnir til samskóla. Hérlendis hefur heldur ekkert komið fram, er gefi tilefni til þess að hverfa frá þeirri meginreglu, að menntaskólar séu samskólar.

3. Í áætlun skólanefndar Kvennaskólans er gert ráð fyrir að í menntadeildinni verði hver árgangur einn bekkur óskiptur, en skólinn að öðru leyti óbreyttur. Undanfarin ár hefur aðeins ein bekkjardeild Kvennaskólans lokið landsprófi á ári. Reynslan hefur leitt í ljós, að þessar stúlkur skiptast milli deilda þannig, að ½—⅔ fara í máladeild, hinar í stærðfræðideild. (Af alls 67 stúlkum, sem stóðust landspróf í Kvennaskólanum árin 1964, 1965 og 1966, eru nú 52 við nám í menntaskólum í Reykjavík. Þar af eru 29 í máladeild, en 23 í stærðfræðideild). Með aukinni deildaskiptingu menntaskólanna mundi þessi dreifing verða enn meiri. Eru því miklar líkur á, að réttindaveiting Kvennaskólanum til handa mundi eigi ná þeim megintilgangi, er fyrir skólanefndinni vakir: að halda nemendum í sama skóla til stúdentsprófs.

4. Nú mætti hugsa sér, að skólinn fengi aðra nemendur (stúlkur) í stað þeirra, er hverfa mundu á brott vegna deildavals (sbr. 3.). Sú tilhögun mundi skapa ný vandamál: nemendum er skipt í þá tvo menntaskóla, sem fyrir eru í Reykjavík, eftir búsetu, og hvort sem aðsókn nemenda, er ljúka landsprófi við aðra gagnfræðaskóla, að stúdentadeild Kvennaskólans yrði of mikil eða of lítil til að fylla eina bekkjardeild, yrði forráðamönnum skólanna nokkur vandi á höndum, því að mjög er vafasamt, að Kvennaskólanum bættist **réttur** fjöldi með algerlega frjálsu vali nemendanna sjálfra.

5. Á sama hátt og sú skólastærð, sem hér um ræðir, er óheppileg gagnvart nemendunum: hún býður upp á of fáar námsleiðir, þá er hún einnig óheppilega lítil miðað við góða nýtingu kennara. Hætt er við, að meiri hluti kennslunnar yrði í höndum stundakennara, vegna þess að eigi eru næg verkefni fyrir fastakennara í hverri grein.

6. Kvennaskólinn hefur um langt árabil valið nemendur inn í skólann. Væru honum fengin réttindi til þess að brautskrá stúdenta, er ekki ósennilegt að þeir menntaskólar, sem fyrir eru, mundu fara fram á slík réttindi sér til handa, eða að þeim þætti ekki allir menntaskólarnir sitja við sama borð að þessu leyti.

Með tilliti til merkrar sögu Kvennaskólans er eðlilegt, að hann leiti að hlutverki, er sé stærra og í betra samræmi við kröfur tímans um menntun kvenna en það hlutverk, sem hann nú gegnir sem almennur gagnfræðaskóli. Hins vegar virðist nefndinni, að í þeirri leit hafi forráðamenn skólans bundið sig um of við núverandi tilhögun þeirra menntaskóla, sem fyrir eru í landinu. Það skal skýrt fram tekið, að allir nefndarmenn eru sammála um að styrkja beri Kvennaskólann til þess að gegna því hlutverki sem bezt að efla menntun kvenna til munns og handa og vinna á ný brautryðjandastarf í þeim efnum. Í landinu er vaxandi þörf á vel menntuðum konum til margvíslegra starfa, sem háskólamenntun er ekki bezti undirbúningur undir, þótt þau krefjist mikillar almennrar menntunar og verulegrar sérmenntunar. Hér verða þó eigi settar fram neinar ábendingar um slíkt, þar sem það væri eigi í verkahring nefndarinnar.

13. febrúar 1968.

Jóhann S. Hannesson.	Ármann Snævarr.	Steindór Steindórsson.
Einar Magnússon.	Guðm. Arnlaugsson.	Broddi Jóhannesson.

Sþ. 207. Nefndarálit [117. mál]

um till. til þál. um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu.

Frá 1. minni hl. utanríkismálanefndar.

Ég er andvígur tillögunni um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu af ástæðum þeim, sem nú skal greina:

1. Ákvörðun um aðild Íslands að EFTA hefur þegar í upphafi næsta árs víðtæk áhrif á allt verðlag í landinu. Samkvæmt fjárlögum ársins 1970 eiga tolltekjur á næsta ári að lækka um 430 milljónir króna. Söluskattur á hins vegar að hækka um 760 milljónir króna. Skattaálögur aukast þannig um a. m. k. 330 milljónir króna, en trúlega verða byrðarnar mun meiri, því að engin trygging er fyrir því, að tollalækkunin skili sér að fullu í lækkuðu vöruverði. Þessi breyting hefur ekki aðeins í för með sér stórauknar skattabyrðar, heldur og ranglátari skattheimtu, því að söluskattshækkun bitnar af mestum þunga á barnafjölskyldum og láglaunafólki. Eins og lífskjör launafólks eru nú hér á landi, tel ég slíka tekjuskerðingu óréttlætanlega með öllu.

2. Sú staðreynd er viðurkennd af öllum, að aðild að EFTA muni leiða hættur yfir verndaðar iðngreinar, sem hafa um 4000 manns í þjónustu sinni. Þótt sagt sé, að slík fyrirtæki eigi enn að njóta óbreyttrar verndar um fjögurra ára skeið, er veruleg hætt á því, að sum þeirra dragi saman seglin eða gefist upp þegar á næstu mánuðum. Atvinnuleysi hefur verið samfellt á Íslandi í meira en ár og er nú víðtækara en nokkru sinni fyrr um þetta leyti árs, enda þótt um 1000 Íslendingar hafi flutzt búferlum til annarra landa á þessu ári og um 500 stundi tímabundna atvinnu erlendis. Slíkt ástand er í senn óviðunandi félagslegt ranglæti og fráleit sóun, og ég tel það algert ábyrgðarleysi að gera ráðstafanir, sem veikja atvinnukerfi þjóðarinnar, meðan svo er ástatt.

3. Þingsályktunartillagan er rökstudd með því, að aðild að EFTA muni tryggja það, að síðar meir rísi upp hérlendis nýjar útflutningsgreinar. Hér er þó einvörðungu um að ræða almennar og órökstuddar bollaleggingar; engin iðnþróunaráætlun hefur verið gerð, engar skipulagslegar og efnahagslegar ráðstafanir til þess að hefja nýja útflutningsframleiðslu. Aðild að stórum markaði tryggir enga iðnvæðingu; til þess þarf markvissar ráðstafanir af hálfu íslenzkra stjórnarvalda og fjármálastofnana. Hins vegar hefur ríkisstjórnin unnið ötullega að því síðustu árin að laða hingað erlent fjármagn og erlend fyrirtæki, og hún fer ekkert dult með það, að tilgangurinn með aðild að EFTA sé að ýta undir slíka þróun. Sú iðnvæðing, sem um er rætt, á auðsjáanlega að vera erlend að verulegu leyti. Ég tel það í senn háskalegt sjálfstæði og lífskjörum landsmanna, að yfirráð yfir atvinnulífinu færist í vaxandi mæli á erlendar hendur.

4. Aðferðirnar til þess að laða hingað erlent fjármagn og fyrirtæki eru þær að bjóða upp á ódýra orku og ódýrara vinnuafl en fáanlegt er annars staðar í Vestur-Evrópu norðanverðri. Þannig eiga Íslendingar ekki aðeins að vera hráefnaframleiðendur, eins og þjóðin hefur verið allt of lengi, heldur og leggja erlendum fyrirtækjum til orku á kostnaðarverði eða undir því, jafnframt því sem gera á Ísland að varanlegu láglaunasvæði. Með slíkri stefnu væri verið að skipa Íslendingum skör lægra en iðnþróuðum löndum umhverfis okkur.

5. Aðild að EFTA á að festa „viðreisnarstefnuna“ í sessi, gera gengislækkanir að enn virkara hagstjórnartæki en þær hafa verið og koma í veg fyrir félagslegan áætlunarbúskap. Reynsla síðasta áratugs sannar ótvírætt, að viðreisnarstefnan megnar ekki að leysa vandamál hins íslenzka þjóðfélags; því tel ég algerlega fráleitt að binda landsmenn við þá stefnu með millirikjasamningi.

Aðild að Fríverzlunarsamtökum Evrópu hefur lengi verið undirbúin af stjórnarvöldum, sérfræðingum og nefndum. Hins vegar eru ekki nema fáar vikur liðnar síðan almenningur hefur fengið vitneskju um málavexti, og fer því fjarri, að sá tími nægi til þess, að landsmenn geti gert sér fulla grein fyrir öllum þáttum málsins og afleiðingum þeirra. Hér er hins vegar um að ræða ákvörðun, sem mundi raska högum þjóðarinnar, svo stórlega, að fráleitt er að stíga slíkt skref, nema kjósendur séu til kvaddir. Ég vil freista þess að fá um það samkomulag á þingi, að málið verði borið undir þjóðaratkvæði, og flyt því svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, þ. e. European Free Trade Association.

Nái þessi breytingartillaga ekki fram að ganga, legg ég til, að þingsályktunartillagan verði felld.

Alþingi, 16. des. 1969.

Magnús Kjartansson.

Sþ. 208. Nefndarálit [117. mál]

um till. til þál. um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin ræddi tillöguna um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu á tveim fundum. Fundina sátu auk nefndarmanna Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstjóri, Einar Benediktsson deildarstjóri og ritari nefndarinnar, Pétur Thorsteinsson ráðuneytisstjóri, en formaður nefndarinnar (SB) var fjarstaddur vegna opinberra erinda erlendis. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt. Fulltrúar Framsóknarflokksins vilja vísa tillögunni frá, og fulltrúi Alþýðubandalagsins leggur til, að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum. Meiri hlutinn telur, að ekki megi fresta því, að Ísland gerist aðili að Fríverzlunarsamtökunum, eins og felst í tillögu Framsóknarflokksins, fyrst fyrir liggur, að Ísland getur orðið aðili 1. marz n. k. með mjög aðgengilegum hætti, eins og nánar verður að vikið hér á eftir. Þjóðaratkvæði hefur ekki tíðkazt hér á landi um mál eins og hér er um að ræða.

Niðurstaða samningaviðræðnanna um hugsanlega aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum er sú, að meginatriði aðildarsamningsins, að því er Ísland snertir, geta orðið þessi:

1) Aðildarríki Fríverzlunarsamtakanna fella þegar við inngöngu Íslands niður alla þá verndartolla og öll þau höft á vörum frá Íslandi, sem þau hafa fellt niður innan samtakanna.

2) Íslendingar fá 10 ár til þess að fella niður verndartolla á þeim vörum, sem fríverzlunarsamningurinn tekur til.

3) Íslendingar geta haldið núverandi innflutningsleyfakerfi á olíum og benzíni, þannig að viðskiptin við Sovétríkin eiga að geta haldið áfram í sama horfi og nú.

4) Ekki þarf að gefa innflutning ýmissa vörutegunda (sælgætis, öls, sements, lína og kaðla, spenna og húsgagna) frjálsan fyrr en 1975, og innflutningur sumra þessara vörutegunda (sælgætis, öls og sements) þarf ekki að hefjast fyrr en 1972.

Innflutning á sams konar burstum og þeim, sem blindir framleiða hér, þarf ekki að leyfa.

5) Íslendingar verða aðilar að samkomulagi Breta annars vegar og Dana, Norðmanna og Svía hins vegar um nýtt fyrirkomulag varðandi innflutning á frystum fiski til Bretlands. Er samkomulagið fólgið í því, að freðfiskútflytjendur innan Fríverzlunarsamtakanna mega flytja til Bretlands tollfrjálst eins mikið af frystum flökum og þeim sýnist, ef innflutningsverðið er ekki undir vissu lágmarki. Hefur orðið samkomulag um hærra lágmarksverð en nú ríkir á brezka markaðnum eða svipað verð og á Bandaríkjamarkaði, og gert ráð fyrir frekari verðhækkunum.

6) Komið verður á fót norrænum iðnþróunarsjóði á Íslandi, að upphæð 14 millj. dollara eða 1232 millj. króna, í því skyni að auðvelda aðlögun íslenzks iðnaðar að markaði Fríverzlunarsamtakanna. Eiga Íslendingar að greiða 0.5 millj. dollara í sjóðinn.

7) Hin Norðurlöndin hafa samþykkt að leyfa innflutning á allt að 2 200 tonnum af dilkakjöti, en verð þar er mun hærra en á þeim markaði, sem nú er aðallega selt til, brezka markaðnum.

Meiri hluti nefndarinnar telur, að niðurstaða samningsins sé Íslendingum svo hagstæð, að einsýnt sé, að þeir eigi að gerast aðilar að Fríverzlunarsamtökunum eins fljótt og þeir eiga kost á og að ábyrgðarhluti væri að slá aðildinni á frest.

Í nefndinni var nokkuð um það rætt, hvort ákvæði 16. gr. veittu fyrirtækjum í aðildarríkjum Fríverzlunarsamtakanna óeðlilegan eða varhugaverðan rétt til atvinnurekstrar á Íslandi. Meiri hluti nefndarinnar skilur 16. gr. þannig, að hún veiti erlendum aðilum engan rétt til þess að sækja um leyfi til atvinnurekstrar á sviði fiskveiða, framleiðslu um borð í fiskiskipum, fiskvinnslu á því sviði, sem telst til sjávarútvegs, og landbúnaðar, auk þess sem ákvæði greinarinnar taka ekki til almennrar þjónustustarfsemi, svo sem starfsemi banka og vátryggingafélaga, gistihúsarekstrar og flutningastarfsemi. Til þess að íslenzk stjórnvöld hafi það eftir sem áður í hendi sinni, hvort erlendum aðilum er leyfður atvinnurekstur á Íslandi á öðrum sviðum en þessum eða ekki, hefur ríkisstjórnin flutt frumvarp um breytingu á gildandi lögum um iðju og iðnað og verzlunaratvinnu, þar sem stofnun nýrra fyrirtækja á þessum sviðum er gerð háð leyfisveitingu íslenzkra stjórnarvalda. Þótt Ísland gerist aðili að Fríverzlunarsamtökunum, yrðu að sjálfsögðu öll fyrirtæki á Íslandi eftir sem áður háð öllum reglum um gjaldeyrisviðskipti, skattamál, verðlagsmál o. s. frv. Með hliðsjón af framansögðu telur meiri hluti nefndarinnar, að íslenzk stjórnvöld geti, samfara aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum, haft það algerlega í hendi sér, hvort þau leyfa erlendum aðildum atvinnurekstur á Íslandi.

Látinn hefur verið í ljós uggur um það, að sá iðnaður, sem nú er stundaður á Íslandi, muni ekki standast samkeppni við iðnað í aðildarríkjum Fríverzlunarsamtakanna. Meiri hluti nefndarinnar telur niðurstöðu þeirra rannsókna, sem fram hafa farið, ekki benda til þess, að iðnaðurinn geti ekki lagað sig að breyttum samkeppnisaðstæðum, og bendir á reynslu aðildarríkjanna og þá sérstaklega Norðmanna í þessu sambandi. Meiri hluti nefndarinnar telur þá möguleika á nýjum greinum útflutningsiðnaðar, sem aðild að Fríverzlunarsamtökunum veitir, miklu mikilvægari en það hugsanlega óhagræði, sem einstakar greinar þess iðnaðar, sem nú er stundaður, mundu verða fyrir, en aðgangur að tollfrjálsum markaði eins og Fríverzlunarsamtökunum er forsenda þess, að hægt sé að koma á fót verulegum útflutningsiðnaði á Íslandi.

Hagur íslenzks sjávarútvegs af aðild að Fríverzlunarsamtökunum er augljós, þar eð þá falla niður tollar, sem nú þarf að greiða af mikilvægum útflutningsvörum sjávarútvegsins, og markaðsskilyrði batna. Hagur landbúnaðarins er einnig augljós, þar eð ný skilyrði skapast til útflutnings til landa, þar sem verðið er hærra en það, sem nú fæst.

Niðurstaða meiri hluta nefndarinnar er því sú að leggja til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1969.

Birgir Kjaran, form., frsm. Gylfi Þ. Gíslason, fundaskr. Matthías Á. Mathiesen.
Guðl. Gíslason.

Sþ. 209. Nefndarálit [117. mál]

um till. til þál. um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu.

Frá 2. minni hl. utanríkismálanefndar.

Eins og ljóst kom fram í þeim umræðum, sem urðu á árunum 1960—62, þegar rætt var um hugsanlega samninga Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu, hefur Framsóknarflokkurinn verið þeirrar skoðunar, að til þess mundi koma fyrr eða síðar, að Ísland þyrfti að taka upp meiri fríverzlunarstefnu en fylgt hefur verið til þessa, m. a. með sérstökum viðskipta- og tollasamningi við efnahagsbandalögin í Evrópu. Þetta yrði þó því aðeins fært, að iðnaðurinn væri undir það búinn að heyja aukna samkeppni á slíkum vettvangi. Í samræmi við það flutti Framsóknarflokkurinn tillögu um það á Alþingi 1960, að mörkuð yrði sérstök iðnþróunarstefna og iðnaðurinn efldur og styrktur á þeim grundvelli. Á öllum þingum síðan hefur Framsóknarflokkurinn flutt margar tillögur, sem hafa miðað að því að efla iðnaðinn og tryggja honum jafnræðisstöðu við landbúnað og sjávarútveg. Nær allar þessar tillögur hafa verið felldar eða svæfðar. Furðulitlar framfarir hafa því orðið hér í iðnaði á áratugnum 1960—70, enda þótt þessi áratugur hafi nær hvarvetna annars staðar orðið stórfelldasti framfaratíminn í iðnaðarsögunni. Svo mjög skorti á það, að hérlendir valdhafar hefðu á þessum tíma nægan skilning á gildi iðnaðarins og nauðsyn þess, að Íslendingar fylgdust að með öðrum þjóðum á þessu sviði.

Sökum þessa sinnuleysis og skilningsleysis valdhafanna og örðugrar aðstöðu iðnaðarins vegna þess töldu framsóknarmenn ekki tímabært á síðasta þingi, að Ísland sækti um aðild að Fríverzlunarbandalagi Evrópu. Hér þyrfti áður að marka ákveðna iðnþróunarstefnu og gera margþættar ráðstafanir til þess að búa iðnaðinn þannig í stakk, að hann gæti staðið sig í samkeppni við iðnað EFTA-landanna.

Eftir að Alþingi hafði, þrátt fyrir þessa viðvörun framsóknarmanna, ákveðið að sækja um aðild að EFTA, lögðu þeir fram bæði á Alþingi og í EFTA-nefndinni tillögur um, að þegar yrði hafizt handa um að marka ákveðna iðnþróunarstefnu og undirbúa margháttaðar ráðstafanir til stuðnings og eflingar iðnaðinum, m. a. með stórfelldri lækkun tolla á hráefnum og vélum til iðnaðarins, bættri aðstöðu í lánsfjármálum o. s. frv. Eins og fyrri daginn voru þessar tillögur Framsóknarflokksins svæfðar og ekkert raunhæft gert til að tryggja stöðu iðnaðarins frá því, sem áður var.

Þessi mál eru því enn í sömu sporunum og fyrir ári. Iðnaðurinn er ekki á neinn hátt betur undir það búinn að mæta harðnandi samkeppni á innlendum eða erlendum markaði en hann þá var. Meðan svo háttar til, gilda fullkomlega þau ummæli Guðmundar Magnússonar prófessors í EFTA-skýrslu hans, að það er hægara að sjá hverju við sleppum, en hvað við hreppum við aðild að fríverzlunarbandalagi.

Því aðeins getur fríverzlun orðið til góðs, að rekin sé skynsamleg og markviss iðnaðarstefna og kröftugar ráðstafanir gerðar til eflingar atvinnurekstrinum. Enn bólar ekki neitt á slíkum aðgerðum hjá ríkisstjórninni. Að óbreyttri slíkri stefnu verða Íslendingar vanmegnugir þess að notfæra sér EFTA-markað og standast

EFTA-samkeppni á heimamarkaði hér. Stefnubreytingar í þessum efnum er ekki að vænta hjá núverandi stjórn, því að við 10 ára vanrækslu bætist, að hún hefur í mörgu sýnt vantrú sína á íslenzkt framtak, en oftrú á erlenda forsjá. Hún er því til einskis líklegri en að kalla útlendinga til og fela þeim atvinnureksturinn í vaxandi mæli í stað þess að taka upp öflugt forustustarf til stuðnings íslenzku framtaki.

Af þátttöku í EFTA hljótast svo miklar breytingar á þjóðarbúskapnum, að endurskoða þarf flesta þætti hans með hin nýju viðhorf í huga. Þar undir kemur sjálfur ríkisbúskapurinn og tekjuöflunin til hans og þá um leið áhrif hennar á tekjuskiptinguna og lífskjör almennings. Allt tolla- og skattakerfið þarfnast af þessum ástæðum allsherjar endurskoðunar, sem hefði m. a. gagnger áhrif á stöðu atvinnuveganna og einstakra starfsgreina til að standast erlenda samkeppni. Þetta mikilvæga starf hefur verið alveg vanrækt og stefnt að því einu að hækka í skyndi söluskattinn jafnt á öllum vörum, lífsnauðsynjum sem óþarfavarningi.

Þá er mikil hætta fólgin í því, að ríkisstjórnin virðist algerlega einsýn í markaðsmálum og virðist hvergi eygja neina markaðsmöguleika nema í EFTA-löndunum. Einkum hefur viðskiptamálaráðherra lagt kapp á þennan þröngsýna og skammsýna boðskap. Augu ríkisstjórnarinnar virðast alveg lokuð fyrir því, að 70% af útflutningi Íslands fer til annarra landa en EFTA-landa og að í þessum löndum eru álitlegastir markaðir fyrir ýmsar íslenzkar iðnaðarvörur. Það er í samræmi við þetta þröngsýna sjónarmið, sem verndartollar eiga aðeins að lækka á vörum frá EFTA-löndum. Af þessu stafar sú hætta, að viðskipti okkar einangrist um of við EFTA-löndin og örðugra verði að ryðja íslenzkum útflutningvörum braut utan þeirra. Ef Íslendingum á að farnast vel, verða þeir að leita markaða sem allra víðast, en mega ekki stefna að því að binda nær öll viðskipti sín við lönd, þar sem aðeins 1/33 hluti mannkynsins býr.

Þá er af hálfu ríkisstjórnarinnar fluttur nú sá boðskapur, að Íslendingar eigi að hraða sér inn í EFTA til þess að verða samferða hinum EFTA-löndunum í samningum við Efnahagsbandalagið, sem eru á næsta leiti, að því er bezt verður séð. Flest bendir til, að þetta geti orðið Íslandi mjög óhagstætt, þar sem Íslendingar þurfa að ná allt öðrum samningum við Efnahagsbandalagið en EFTA-löndin sökum sérstöðu sinnar, en hætt er við, að slíkir samningar náist síður, ef semja ætti í einu lagi fyrir EFTA-löndin eða búið væri að tengja sig þeim með aðild rétt áður en EFTA leystist upp.

Loks er þess að geta, að ekki hafa fengizt afdráttarlausar undanþágur frá atvinnurekstrarákvæðum 16. greinar og aðlögunartíminn á aðeins að verða 10 ár, en framsóknarmenn hafa lagt áherzlu á, að hann yrði lengri. Þótt ekki hafi fengizt skýrari undanþágur við 16. greinina, hyggst ríkisstjórnin ekki að hafa neinn fyrirvara um hana við undirritun samningsins.

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, og raunar ýmsum fleiri, teljum við undirritaðir, að ekki sé tímabært að taka nú afstöðu til tengsla við EFTA, og leggjum því til, að þingsályktunartillögunni verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með sérstöku tilliti til þess, að enn hefur ekki verið gerð íslenzk iðnþróunaráætlun, sem feli í sér aðlögun að fríverzlun við önnur lönd, né viðhlítandi áætlun um aðra þætti þjóðarbúskaparins við slík skilyrði, og með því að fríverzlun sú, sem kostur er á, er ekki aðkallandi nauðsyn vegna útflutnings, eins og hann er nú, telur þingið rétt, að frestað verði að taka ákvörðun varðandi afstöðu Íslands til Fríverzlunarsamtaka Evrópu, en nú þegar hafizt handa um nauðsynlegar áætlunargerðir og málið kynnt þjóðinni sem bezt, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. des. 1969.

Þórarinn Þórarinsson, frsm. Eysteinn Jónsson.

Sþ. **210. Fjárlög** [1. mál]

fyrir árið 1970.

(Afgreidd frá Sþ. 17. des.)

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana.

1. gr.
Greiðsluyfirlit ríkissjóðs.

		Þús. kr.
0	Gjöld	8 187 384
1	Tekjur	8 396 973
	Tekjur umfram gjöld	209 589
3	Lánahreyfingar út	186 384
4	Lánahreyfingar inn	2 230
	Mismunur	184 154
	Greiðslujöfnuður:	
	Á rekstrarreikningi	209 589
	Á lánahreyfingum	184 154
	Greiðsluafgangur	25 435

2. gr.

Árið 1970 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. grein.

			Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
		0 Gjöld:		
1 00	**Æðsta stjórn ríkisins**			**68 194**
1 01	**Forsætis- og menntamálaráðuneytið**			**1 403 898**
	101—102	Yfirstjórn	22 528	
	201—783	Fræðslumál	1 239 101	
	801—899	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	142 269	
1 02	**Utanríkisráðuneytið**			**128 762**
	101—102	Yfirstjórn	17 243	
	201	Löggæzla á Keflavíkurflugvelli	23 436	
	301—310	Sendiráð	57 790	
	400	Alþjóðastofnanir	30 293	
1 03	**Atvinnumálaráðuneytið**			**990 217**
	101—172	Yfirstjórn	18 037	
	201—299	Búnaðarmál	570 242	
	301—399	Útvegsmál	189 617	
	401—471	Orkumál	150 590	
	531—999	Annað	61 731	
1 04	**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**			**679 358**
	101—102	Yfirstjórn	11 479	
	202—283	Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	354 821	
	301—399	Heilbrigðismál	229 381	
	401—473	Þjóðkirkjan	61 677	
	566—981	Annað	22 000	
1 05	**Félagsmálaráðuneytið**			**2 796 415**
	101	Yfirstjórn	4 763	
	270—272	Almannatryggingar	2 342 400	
	371—372	Húsnæðismál	261 319	
	601—999	Önnur félagsmál	187 933	
1 06	**Fjármálaráðuneytið**			**421 980**
	101—104	Yfirstjórn	24 048	
	201—282	Toll- og skattheimta	135 180	
	381—384	Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	66 865	
	402—999	Annað	195 887	
		Flutt		**6 488 824**

3. gr.

Árið 1970 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

reikningur.

1 Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 1	**Skattar.**		
	Beinir skattar.		
	Persónuskattar		**629 211**
1 11 0	**Iðgjöld lífeyristrygginga:**		
1 11 01	Almannatryggingagjald	356 700	
1 11 02	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	155 200	
1 11 1	**Slysa- og atvinnuleysistryggingagjöld:**		
1 11 11	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum	55 000	
1 11 12	Iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs	53 000	
1 11 9	**Aðrir skattar:**		
1 11 91	Námsbókagjald	9 311	
	Eignarskattar		**148 087**
1 12 0	**Eignarskattar, alm.:**		
1 12 01	Eignarskattur einstaklinga	105 400	
1 12 02	Byggingasjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga	1 054	
1 12 03	Eignarskattur félaga	33 300	
1 12 04	Byggingasjóðsgjald af eignarskatti félaga	333	
1 12 1	**Erfðafjárskattur:**		
1 12 11	Erfðafjárskattur	8 000	
	Tekjuskattar		**762 550**
1 13 0	**Tekjuskattar:**		
1 13 01	Tekjuskattur einstaklinga	669 100	
1 13 02	Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga	6 691	
1 13 03	Tekjuskattur félaga	85 900	
1 13 04	Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti félaga	859	
	Óbeinir skattar.		
	Gjöld af innflutningi		**2 713 395**
1 15 0	**Aðflutningsgjöld:**		
1 15 01	Aðflutningsgjöld 2 305 263		
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 115 263		
		2 190 000	
1 15 02	Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum	34 000	
1 15 03	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	2 400	
1 15 04	Tollstöðvargjald	11 526	
1 15 05	Byggingasjóðsgjald af innflutningi	11 526	
	Flutt		**4 253 243**

Rekstrar-

0 Gjöld:

			Þús. kr.	Þús. kr.
		Flutt		6 488 824
1 07	**Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið**			**1 079 079**
	101	Yfirstjórn	4 223	
	211	Vegamál	584 822	
	321—374	Önnur samgöngumál	432 616	
	400—499	Iðnaðarmál	47 500	
	569—582	Annað	9 918	
1 08	**Viðskiptaráðuneytið**			**598 658**
	101	Yfirstjórn	6 040	
	201	Niðurgreiðslur	582 000	
	902—999	Annað	10 618	
1 09	**Hagstofa Íslands**			**10 696**
1 10	**Ríkisendurskoðun**			**10 127**
		Flutt		8 187 384

reikningur.

1 Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		4 253 243
1 15 1	Innflutningsgjöld af benzíni og gúmmígjald:		
1 15 11	Innflutningsgjald af benzíni	405 200	
1 15 12	Gúmmígjald	47 600	
1 15 8	Hagnaður af sölu varnarliðseigna:		
1 15 81	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	11 143	
	Skattar af framleiðslu		**127 900**
1 16 0	Gjöld af innlendum tollvörum:		
1 16 01	Gjald af innlendum tollvörum	70 900	
1 16 02	Sælgætisgjald	3 200	
1 16 03	Flöskugjald	23 800	
1 16 04	Álgjald	30 000	
	Skattar af seldum vörum og þjónustu		**3 387 988**
1 17 0	Söluskattur:		
1 17 01	Söluskattur 2 544 500		
	Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 202 760		
		2 341 740	
1 17 1	Skemmtanaskattur:		
1 17 11	Miðagjald til Menningarsjóðs	2 500	
1 17 12	Skemmtanaskattur	19 800	
1 17 2	Launaskattur:		
1 17 21	Launaskattur	167 000	
1 17 3	Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.:		
1 17 31	Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.	812 000	
1 17 32	Gjald af seldum vindlingum	12 500	
1 17 33	Gjald af seldum eldspýtum	1 700	
1 17 5	Gjöld af útfluttum sjávarafurðum:		
1 17 51	Síldargjald	3 500	
1 17 52	Ferskfiskmatsgjald	11 200	
1 17 53	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	10 500	
1 17 54	Síldarmatsgjald	45	
1 17 55	Síldarsölugjald	3	
1 17 9	Aðrir skattar:		
1 17 91	Iðnaðargjald	3 300	
1 17 92	Sérleyfisgjald	2 000	
1 17 93	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	200	
	Aðrir óbeinir skattar		**535 967**
1 19 0	Aukatekjur og stimpilgjald:		
1 19 01	Stimpilgjald	117 500	
1 19 02	Aukatekjur	32 000	
1 19 03	Þinglýsingar	41 000	
	Flutt		8 305 098

Rekstrar-

0 Gjöld:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Flutt		8 187 384

Gjöld samtals	**8 187 384**
Tekjur umfram gjöld	**209 589**
Samtals	**8 396 973**

reikningur.

1 Tekjur:

			Þús. kr.	Þús. kr.
		Flutt		8 305 098
1 19 1		Ýmsir skattar af bifreiðum:		
1 19 11		Bifreiðaskattur	130 800	
1 19 12		Bifreiðaskattur vegna hægri umferðar	15 200	
1 19 13		Skrásetningargjald bifreiða	3 700	
1 19 14		Skoðunargjald bifreiða	5 900	
1 19 15		Veggjald	16 500	
1 19 2		Ýmsir skattar af skipum:		
1 19 21		Lestagjald	1 300	
1 19 22		Vitagjald	4 500	
1 19 23		Skipaskoðunargjald	2 500	
1 19 3		Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:		
1 19 32		Hluti af umboðsþóknun og gengismun viðskiptabankanna	59 000	
1 19 33		Leyfisgjald	4 800	
1 19 9		Aðrir óbeinir skattar:		
1 19 90		Verðjöfnunargjald	70 000	
1 19 91		Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	6 000	
1 19 92		Skipulagsgjald	8 600	
1 19 93		Rafmagnseftirlitsgjald	9 400	
1 19 94		Einkaleyfisgjald frá Happdrætti H. Í.	5 000	
1 19 95		Prófgjald bifreiðastjóra	980	
1 19 96		Prófgjald iðnnema	850	
1 19 97		Rafstöðvagjald	30	
1 19 98		Sérlyfjagjald	400	
1 19 99		Hvalveiðigjald	7	
1 2		Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings		55 858
1 21 0		Arðgreiðslur frá B-hluta stofnunum:		
1 21 01		Afgjöld ríkisjarða	450	
1 21 02		Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	42 607	
1 21 03		Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	550	
1 21 04		Fríhöfnin, Keflavíkurflugvelli	12 251	
1 3		Ýmsar tekjur		36 017
1 31 0		Vextir og arður af hlutabréfum:		
1 31 01		Vextir	16 000	
1 31 02		Arður af hlutabréfum	300	
1 39 0		Ýmsar tekjur:		
1 39 02		Sameignir ríkisins	2 667	
1 39 03		Yfirverð líknarfrímerkja	50	
1 39 04		Samúðarskeyti Landssímans	1 700	
1 39 05		Sektir og upptækar vörur til Menningarsjóðs	1 600	
1 39 06		Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	13 000	
1 39 07		Ýmsar óvissar tekjur	700	
		Tekjur samtals		8 396 973

4. gr.

1 00 Æðsta stjórn ríkisins.

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Embætti forseta Íslands:**			
	0 10	Laun	2 405	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	2 136	
	0 27	Viðhald	850	
		Gjöld samtals		5 391
201	**Alþingi:**			
	0 10	Laun	36 494	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	20 580	
		Gjöld samtals		57 074
		Viðfangsefni:		
	02	Þingfararkaup alþingismanna	23 438	
	03	Skrifstofu- og alþingiskostnaður	25 447	
	04	Rekstrarkostnaður fasteigna	2 600	
	05	Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	5 000	
	06	Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings	309	
	07	Til útgáfu Alþingishátíðarkantötu dr. Páls Ísólfssonar	280	
		Gjöld samtals	57 074	
301	**Ríkisstjórn:**			
	0 10	Laun	3 035	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	682	
		Gjöld samtals		3 717
401	**Hæstiréttur:**			
	0 10	Laun	2 012	
		Gjöld samtals		2 012
			Samtals	68 194

1 01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið.

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Forsætis- og menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa:**			
	0 10	Laun	9 854	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	8 528	
	0 27	Viðhald	700	
		Gjöld samtals		19 082
		Viðfangsefni:		
	01	Yfirstjórn	10 765	
	02	Fræðileg rannsókn á skólakerfinu	2 503	
	03	Byggingadeild	2 649	
	04	Fjármáladeild	1 145	
	05	Sérstök verkefni Efnahagsstofnunar á sviði menntamála	410	
	06	Viðhald Stjórnarráðshúss og ráðherrabústaðar á Þingvöllum	700	
	07	Fálkaorðan	160	
	08	Þjóðhátíð 1974	750	
		Gjöld samtals	19 082	
102	**Efnahagsstofnunin:**			
	0 10	Laun	1 896	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	1 200	
	0 27	Viðhald	150	
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	200	
		Gjöld samtals		3 446
201	**Háskóli Íslands:**			
	0 10	Laun	45 813	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	10 803	
	0 27	Viðhald	37	
	0 70	Vextir	42	
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	3 888	
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 94	Til einstaklinga, heimila og samtaka	200	
		Gjöld samtals	60 783	
	1 00	Tekjur	150	
		Mismunur		60 633

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Viðfangsefni:		
01	Yfirstjórn	4 170	
02	Guðfræðideild	1 727	
03	Læknadeild	11 402	
04	Tannlækningar	6 989	
05	Lyfjafræði lyfsala	1 054	
06	Lagadeild	2 648	
07	Viðskiptadeild	2 178	
08	Heimspekideild	7 830	
09	Verkfræðideild	7 373	
10	Bókasafn	2 918	
11	Íþróttakennsla	1 292	
12	Rekstur fasteigna	6 332	
13	Sameiginleg útgjöld	4 870	
	Gjöld samtals	60 783	
202	**Tilraunastöð Háskólans á Keldum:**		
0 10	Laun	5 677	
0 20	Önnur rekstrargjöld	14 075	
0 27	Viðhald	900	
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	900	
	Gjöld samtals	21 552	
1 00	Tekjur	15 915	
	Mismunur		5 637
203	**Raunvísindastofnun Háskólans:**		
0 10	Laun	7 576	
0 20	Önnur rekstrargjöld	3 369	
0 27	Viðhald	625	
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	600	
	Gjöld samtals	12 170	
1 00	Tekjur	220	
	Mismunur		11 950
	Viðfangsefni:		
01	Yfirstjórn	3 072	
02	Rannsóknastofa í stærðfræði	1 069	
03	Rannsóknastofa í eðlisfræði	3 347	
04	Rannsóknastofa í efnafræði	1 200	
05	Rannsóknastofa í jarðvísindum	3 482	
	Gjöld samtals	12 170	
205	**Handritastofnun Íslands:**		
0 10	Laun	2 229	
0 20	Önnur rekstrargjöld	324	
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	3 800	
	Gjöld samtals		6 353

			Þús. kr.	Þús. kr.
206	**Orðabók Háskólans:**			
0	10	Laun	1 490	
0	20	Önnur rekstrargjöld	70	
		Gjöld samtals		1 560
231	**Náttúrufræðistofnun Íslands:**			
0	10	Laun	2 715	
0	20	Önnur rekstrargjöld	1 251	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	65	
		Gjöld samtals		4 031
232	**Rannsóknaráð ríkisins:**			
0	10	Laun	893	
0	20	Önnur rekstrargjöld	2 800	
0	27	Viðhald	70	
		Gjöld samtals		3 763
		Viðfangsefni:		
	01	Yfirstjórn	1 863	
	02	Til frumathugana á nýtingu náttúruauðæfa landsins	1 700	
	03	Þátttökugjald í Nordforsk	200	
		Gjöld samtals	3 763	
271	**Reiknistofnun Háskólans:**			
0	90	Yfirfærslur:		
0	91	Til fyrirtækja í B hluta	1 096	
		Gjöld samtals		1 096
276	**Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:**			
0	90	Yfirfærslur:		
0	91	Til fyrirtækja í B hluta	5 000	
		Gjöld samtals		5 000
301	**Menntaskólinn í Reykjavík:**			
0	10	Laun	21 195	
0	20	Önnur rekstrargjöld	2 987	
0	27	Viðhald	1 400	
0	70	Vextir	545	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	300	
		Gjöld samtals		26 427
3	00	Lánahreyfingar út	573	
302	**Menntaskólinn á Akureyri:**			
0	10	Laun	10 747	
0	20	Önnur rekstrargjöld	3 880	
0	27	Viðhald	1 100	
0	70	Vextir	615	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 500	
		Gjöld samtals		17 842
3	00	Lánahreyfingar út	479	

			Þús. kr.	Þús. kr.
303	**Menntaskólinn á Laugarvatni:**			
	0 10	Laun	4 325	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	952	
	0 27	Viðhald	700	
	0 70	Vextir	862	
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	9 500	
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 94	Til einstaklinga, heimila og samtaka	25	
		Gjöld samtals		16 364
	3 00	Lánahreyfingar út	750	
304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð:**			
	0 10	Laun	13 709	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	4 086	
	0 27	Viðhald	250	
	0 70	Vextir	3 753	
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	21 942	
		Gjöld samtals		43 740
	3 00	Lánahreyfingar út	3 236	
305	**Menntaskóli á Ísafirði:**			
	0 10	Laun	771	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	250	
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 500	
		Gjöld samtals		3 521
306	**Menntaskóli á Austurlandi, byggingarstyrkur:**			
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 500	
		Gjöld samtals		2 500
307	**Menntaskólinn við Tjörnina:**			
	0 10	Laun	4 462	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	3 060	
	0 27	Viðhald	500	
		Gjöld samtals		8 022
321	**Kennaraskólinn:**			
	0 10	Laun	24 025	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	4 436	
	0 27	Viðhald	505	
	0 70	Vextir	399	
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	5 690	
		Gjöld samtals		35 055
	3 00	Lánahreyfingar út	1 598	
322	**Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraskólans:**			
	0 10	Laun	2 281	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	860	
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	5 000	
		Gjöld samtals		8 141

			Þús. kr.	Þús. kr.
331	**Íþróttakennaraskóli Íslands:**			
0	10	Laun	933	
0	20	Önnur rekstrargjöld	530	
0	27	Viðhald	400	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	3 000	
		Gjöld samtals	4 863	
1	00	Tekjur	30	
		Mismunur		4 833
336	**Húsmæðrakennaraskóli Íslands:**			
0	10	Laun	1 214	
0	20	Önnur rekstrargjöld	545	
0	27	Viðhald	200	
		Gjöld samtals	1 959	
1	00	Tekjur	150	
		Mismunur		1 809
401	**Fræðslumálaskrifstofan:**			
0	10	Laun	4 504	
0	20	Önnur rekstrargjöld	14 943	
0	90	Yfirfærslur:		
0	92	Til sveitarfélaga	8 100	
		Gjöld samtals		27 547
		Viðfangsefni:		
	01	Yfirstjórn	5 276	
	02	Námsstjórar	1 827	
	03	Til kennaranámskeiða	500	
	07	Bókmenntakynning í skólum	143	
	08	Miðskólapróf í bóknámsdeild, landspróf	500	
	09	Námsflokkar	250	
	11	**Eftirlit með veikindaforföllum**	16	
	12	Til framkvæmdar sundskyldu í skólum	7 000	
	13	Til skíðakennslu í barnaskólum	120	
	14	Til skíðakennslu í gagnfræðaskólum	180	
	15	Til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms	10 000	
	16	Til fyrrv. barnakennara eftir tillögum fræðslumálastjóra	105	
	18	Til fræðslumyndasafns ríkisins samkvæmt lögum nr. 49/1967	1 080	
	19	Til unglingafræðslu eftir tillögum fræðslumálastjóra	550	
		Gjöld samtals	27 547	
402	**Fjármálaeftirlit skóla:**			
0	10	Laun	1 025	
0	20	Önnur rekstrargjöld	316	
		Gjöld samtals		1 341

			Þús. kr.	Þús. kr.
421	**Fræðslumyndasafn:**			
0	10	Laun	852	
0	20	Önnur rekstrargjöld	700	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 600	
		Gjöld samtals	3 152	
1	00	Tekjur	1 080	
		Mismunur		2 072
422	**Ríkisútgáfa námsbóka:**			
0	10	Laun	3 433	
0	20	Önnur rekstrargjöld	12 164	
0	27	Viðhald	95	
0	70	Vextir	205	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	250	
		Gjöld samtals	16 147	
1	00	Tekjur	2 500	
		Mismunur		13 647
3	00	Lánahreyfingar út	320	
		Viðfangsefni:		
	02	Skrifstofa	3 135	
	03	Bókaútgáfa	13 012	
		Gjöld samtals	16 147	
431	**Iðnfræðsluráð:**			
0	10	Laun	1 130	
0	20	Önnur rekstrargjöld	540	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	50	
0	90	Yfirfærslur:		
0	94	Til einstaklinga, heimila og samtaka	150	
		Gjöld samtals		1 870
501	**Tækniskólinn:**			
0	10	Laun	5 035	
0	20	Önnur rekstrargjöld	1 300	
0	27	Viðhald	75	
0	70	Vextir	176	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	50	
		Gjöld samtals	6 636	
1	00	Tekjur	300	
		Mismunur		6 336
3	00	Lánahreyfingar út	287	
		Viðfangsefni:		
	02	Tækniskólinn í Reykjavík	5 878	
	03	Undirbúningsdeild á Akureyri	758	
		Gjöld samtals	6 636	

			Þús. kr.	Þús. kr.
506	**Vélskólinn:**			
	0 10	Laun	4 910	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	3 865	
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	555	
		Gjöld samtals		9 330
		Viðfangsefni:		
	01	Yfirstjórn	474	
	02	Bókleg kennsla	1 363	
	03	Verkleg kennsla og smíðar	2 837	
	04	Námskeið utan Reykjavíkur	1 600	
	05	Ósundurliðað	3 056	
		Gjöld samtals	9 330	
514	**Iðnskólinn í Reykjavík:**			
	0 10	Laun	11 375	
	0 27	Viðhald	501	
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	300	
		Gjöld samtals		12 176
515	**Iðnskólar utan Reykjavíkur:**			
	0 10	Laun	7 084	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	613	
	0 27	Viðhald	257	
		Gjöld samtals		7 954
516	**Iðnskólar almennt:**			
	0 10	Laun	314	
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður[1])	7 200	
		Gjöld samtals		7 514
521	**Hjúkrunarskóli Íslands:**			
	0 10	Laun	9 927	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	3 281	
	0 27	Viðhald	400	
	0 70	Vextir	324	
		Gjöld samtals	13 932	
	1 00	Tekjur	2 200	
		Mismunur		11 732
	3 00	Lánahreyfingar út	242	
541	**Húsmæðraskólinn í Reykjavík:**			
	0 10	Laun	1 819	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	375	
	0 27	Viðhald	900	
		Gjöld samtals		3 094

1) Sjá sundurliðun á sérstöku yfirliti nr. 1.

			Þús. kr.	Þús. kr.
542	**Húsmæðraskólinn á Ísafirði:**			
0	10	Laun	951	
0	20	Önnur rekstrargjöld	396	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	300	
		Gjöld samtals		1 647
543	**Húsmæðraskólinn á Akureyri:**			
0	10	Laun	371	
0	20	Önnur rekstrargjöld	475	
		Gjöld samtals		846
544	**Húsmæðraskólar í kaupstöðum almennt:**			
0	10	Laun	215	
		Gjöld samtals		215
561	**Myndlista- og handíðaskólinn:**			
0	10	Laun	1 904	
0	20	Önnur rekstrargjöld	741	
0	27	Viðhald	50	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	250	
		Gjöld samtals	2 945	
1	00	Tekjur	200	
		Mismunur		2 745
601	**Héraðsskólinn í Reykholti:**			
0	10	Laun	2 463	
0	20	Önnur rekstrargjöld	735	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 150	
		Gjöld samtals	4 348	
1	00	Tekjur	200	
		Mismunur		4 148
602	**Héraðsskólinn á Núpi:**			
0	10	Laun	2 279	
0	20	Önnur rekstrargjöld	1 608	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	5 700	
		Gjöld samtals	9 587	
1	00	Tekjur	375	
		Mismunur		9 212
603	**Héraðsskólinn í Reykjanesi:**			
0	10	Laun	2 169	
0	20	Önnur rekstrargjöld	611	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 800	
		Gjöld samtals	5 580	
1	00	Tekjur	145	
		Mismunur		5 435

			Þús. kr.	Þús. kr.
604	**Héraðsskólinn á Reykjum:**			
0	10	Laun	2 396	
0	20	Önnur rekstrargjöld	671	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	3 100	
		Gjöld samtals	6 167	
1	00	Tekjur	200	
		Mismunur		5 967
605	**Alþýðuskólinn á Eiðum:**			
0	10	Laun	2 825	
0	20	Önnur rekstrargjöld	1 685	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 750	
		Gjöld samtals	7 260	
1	00	Tekjur	470	
		Mismunur		6 790
3	00	Lánahreyfingar út	115	
606	**Héraðsskólinn í Skógum:**			
0	10	Laun	2 138	
0	20	Önnur rekstrargjöld	1 040	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 200	
		Gjöld samtals	4 378	
1	00	Tekjur	400	
		Mismunur		3 978
607	**Héraðsskólinn á Laugarvatni:**			
0	10	Laun	2 640	
0	20	Önnur rekstrargjöld	600	
		Gjöld samtals	3 240	
1	00	Tekjur	200	
		Mismunur		3 040
608	**Héraðsskólar, almennt:**			
0	27	Viðhald	6 930	
		Gjöld samtals		6 930
611	**Gagnfræðaskólar Reykjavíkur:**			
0	10	Laun	73 477	
0	20	Önnur rekstrargjöld	3 540	
0	27	Viðhald	7 700	
		Gjöld samtals		84 717
612	**Gagnfræðaskólar Kópavogs:**			
0	10	Laun	11 507	
0	20	Önnur rekstrargjöld	363	
0	27	Viðhald	735	
		Gjöld samtals		12 605

			Þús. kr.	Þús. kr.
613	**Gagnfræðaskólar Hafnarfjarðar:**			
	0 10	Laun	8 975	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	54	
	0 27	Viðhald	265	
		Gjöld samtals		9 294
614	**Gagnfræðaskólinn Keflavík:**			
	0 10	Laun	5 343	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	10	
	0 27	Viðhald	180	
		Gjöld samtals		5 533
615	**Gagnfræðaskólinn Garðahreppi:**			
	0 10	Laun	3 084	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	352	
	0 27	Viðhald	10	
		Gjöld samtals		3 446
616	**Gagnfræðaskólinn Seltjarnarnesi:**			
	0 10	Laun	1 643	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	19	
	0 27	Viðhald	60	
		Gjöld samtals		1 722
617	**Gagnfræðaskólinn Mosfellshreppi:**			
	0 10	Laun	1 864	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	155	
	0 27	Viðhald	140	
		Gjöld samtals		2 159
618	**Gagnfræðaskólinn Akranesi:**			
	0 10	Laun	4 889	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	5	
	0 27	Viðhald	125	
		Gjöld samtals		5 019
619	**Gagnfræðaskólinn Borgarnesi:**			
	0 10	Laun	1 346	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	37	
	0 27	Viðhald	93	
		Gjöld samtals		1 476
620	**Miðskólinn Hellissandi:**			
	0 10	Laun	742	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	20	
	0 27	Viðhald	117	
		Gjöld samtals		879

			Þús. kr.	Þús. kr.
621	**Miðskólinn Ólafsvík:**			
0	10	Laun	827	
		Gjöld samtals		827
622	**Gagnfræðaskólinn Stykkishólmi:**			
0	10	Laun	1 534	
0	20	Önnur rekstrargjöld	6	
0	27	Viðhald	225	
		Gjöld samtals		1 765
623	**Gagnfræðaskólinn Ísafirði:**			
0	10	Laun	2 704	
0	20	Önnur rekstrargjöld	100	
0	27	Viðhald	80	
		Gjöld samtals		2 884
624	**Miðskólinn Patreksfirði:**			
0	10	Laun	1 261	
0	20	Önnur rekstrargjöld	2	
		Gjöld samtals		1 263
625	**Miðskólinn Bolungarvík:**			
0	10	Laun	823	
		Gjöld samtals		823
626	**Gagnfræðaskólinn Siglufirði:**			
0	10	Laun	2 570	
0	20	Önnur rekstrargjöld	33	
0	27	Viðhald	112	
		Gjöld samtals		2 715
627	**Gagnfræðaskólinn Sauðárkróki:**			
0	10	Laun	1 635	
0	27	Viðhald	15	
		Gjöld samtals		1 650
628	**Miðskólinn Blönduósi:**			
0	10	Laun	959	
0	20	Önnur rekstrargjöld	12	
0	27	Viðhald	45	
		Gjöld samtals		1 016
629	**Miðskólinn Skagaströnd:**			
0	10	Laun	635	
0	20	Önnur rekstrargjöld	3	
0	27	Viðhald	15	
		Gjöld samtals		653

			Þús. kr.	Þús. kr.
631	**Gagnfræðaskólinn Akureyri:**			
0	10	Laun	9 005	
0	20	Önnur rekstrargjöld	264	
0	27	Viðhald	450	
		Gjöld samtals		9 719
632	**Gagnfræðaskólinn Húsavík:**			
0	10	Laun	1 840	
0	20	Önnur rekstrargjöld	12	
0	27	Viðhald	69	
		Gjöld samtals		1 921
633	**Gagnfræðaskólinn Ólafsfirði:**			
0	10	Laun	1 202	
0	20	Önnur rekstrargjöld	3	
0	27	Viðhald	55	
		Gjöld samtals		1 260
634	**Gagnfræðaskólinn Dalvík:**			
0	10	Laun	1 251	
0	20	Önnur rekstrargjöld	15	
0	27	Viðhald	53	
		Gjöld samtals		1 319
635	**Héraðsskólinn Laugum:**			
0	10	Laun	1 845	
0	20	Önnur rekstrargjöld	7	
0	27	Viðhald	543	
		Gjöld samtals		2 395
636	**Miðskólinn Lundi, Öxarfirði:**			
0	10	Laun	832	
0	20	Önnur rekstrargjöld	232	
0	27	Viðhald	30	
		Gjöld samtals		1 094
637	**Miðskólinn Seyðisfirði:**			
0	10	Laun	690	
		Gjöld samtals		690
638	**Gagnfræðaskólinn Neskaupstað:**			
0	10	Laun	1 781	
0	20	Önnur rekstrargjöld	42	
0	27	Viðhald	55	
		Gjöld samtals		1 878

			Þús. kr.	Þús. kr.
639	**Miðskólinn Reyðarfirði:**			
	0 10	Laun	623	
		Gjöld samtals		623
641	**Miðskólinn Höfn, Hornafirði:**			
	0 10	Laun	652	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	2	
		Gjöld samtals		654
642	**Gagnfræðaskólinn Vestmannaeyjum:**			
	0 10	Laun	3 660	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	8	
	0 27	Viðhald	325	
		Gjöld samtals		3 993
643	**Miðskólinn Hvolsvelli:**			
	0 10	Laun	1 487	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	559	
	0 27	Viðhald	88	
		Gjöld samtals		2 134
644	**Gagnfræðaskólinn Selfossi:**			
	0 10	Laun	4 108	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	118	
	0 27	Viðhald	125	
		Gjöld samtals		4 351
645	**Gagnfræðaskólinn Hveragerði:**			
	0 10	Laun	1 739	
		Gjöld samtals		1 739
646	**Unglingaskólar:**			
	0 10	Laun	22 794	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	1 689	
	0 27	Viðhald	1 413	
		Gjöld samtals		25 896
647	**Mið- og gagnfræðaskólar, almennt:**			
	0 10	Laun	5 000	
		Gjöld samtals		5 000

			Þús. kr.	Þús. kr.
649	**Heyrnleysingjaskólinn:**			
	0 10	Laun	5 036	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	1 720	
	0 27	Viðhald	200	
	0 70	Vextir	967	
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	210	
		Gjöld samtals	8 133	
	1 00	Tekjur	80	
		Mismunur		8 053
	3 00	Lánahreyfingar út	3 767	
651	**Barnaskólar Reykjavíkur:**			
	0 10	Laun	83 549	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	10 900	
	0 27	Viðhald	11 550	
		Gjöld samtals		105 999
652	**Barnaskólar Kópavogs:**			
	0 10	Laun	15 539	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	890	
	0 27	Viðhald	760	
		Gjöld samtals		17 189
653	**Barnaskólar Hafnarfjarðar:**			
	0 10	Laun	12 762	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	500	
	0 27	Viðhald	195	
		Gjöld samtals		13 457
654	**Barnaskólinn Keflavík:**			
	0 10	Laun	6 648	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	50	
	0 27	Viðhald	195	
		Gjöld samtals		6 893
655	**Barnaskólinn Akranesi:**			
	0 10	Laun	5 768	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	120	
	0 27	Viðhald	125	
		Gjöld samtals		6 013
656	**Barnaskólinn Ísafirði:**			
	0 10	Laun	3 615	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	168	
	0 27	Viðhald	63	
		Gjöld samtals		3 846

			Þús. kr.	Þús. kr.
657	**Barnaskólinn Siglufirði:**			
0	10	Laun	2 632	
0	20	Önnur rekstrargjöld	135	
0	27	Viðhald	85	
		Gjöld samtals		2 852
658	**Barnaskólinn Sauðárkróki:**			
0	10	Laun	1 705	
0	20	Önnur rekstrargjöld	24	
0	27	Viðhald	63	
		Gjöld samtals		1 792
659	**Barnaskólar Akureyrar:**			
0	10	Laun	11 296	
0	20	Önnur rekstrargjöld	453	
0	27	Viðhald	700	
		Gjöld samtals		12 449
661	**Barnaskólinn Húsavík:**			
0	10	Laun	2 817	
0	20	Önnur rekstrargjöld	40	
0	27	Viðhald	80	
		Gjöld samtals		2 937
662	**Barnaskólinn Ólafsfirði:**			
0	10	Laun	1 441	
0	20	Önnur rekstrargjöld	95	
0	27	Viðhald	80	
		Gjöld samtals		1 616
663	**Barnaskólinn Seyðisfirði:**			
0	10	Laun	1 309	
0	20	Önnur rekstrargjöld	35	
0	27	Viðhald	120	
		Gjöld samtals		1 464
664	**Barnaskólinn Neskaupstað:**			
0	10	Laun	2 002	
0	20	Önnur rekstrargjöld	65	
0	27	Viðhald	137	
		Gjöld samtals		2 204
665	**Barnaskólinn Vestmannaeyjum:**			
0	10	Laun	5 846	
0	20	Önnur rekstrargjöld	295	
0	27	Viðhald	443	
		Gjöld samtals		6 584

			Þús. kr.	Þús. kr.
666	**Fastir skólar utan kaupstaða:**			
0 10	Laun		89 575	
0 20	Önnur rekstrargjöld		11 621	
0 27	Viðhald		10 062	
	Gjöld samtals			111 258
668	**Farskólar:**			
0 10	Laun		2 088	
0 20	Önnur rekstrargjöld		230	
0 27	Viðhald		47	
	Gjöld samtals			2 365
669	**Barnaskólar, almennt:**			
0 10	Laun		18 755	
	Gjöld samtals			18 755
	Viðfangsefni:			
01	Forfalla- og orlofskennsla		5 300	
02	Tví- og þrískipan		2 250	
04	Ráðskonur og aðstoðarst.		11 205	
	Gjöld samtals		18 755	
670	**Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra:**			
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður[1])		206 860	
	Gjöld samtals			206 860
671	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni:**			
0 90	Yfirfærslur:			
0 91	Til fyrirtækja í B hluta		1 327	
	Gjöld samtals			1 327
701	**Vistheimilið Breiðavík:**			
0 10	Laun		1 795	
0 20	Önnur rekstrargjöld		1 830	
0 27	Viðhald		400	
	Gjöld samtals		4 025	
1 00	Tekjur		660	
	Mismunur			3 365
702	**Vernd barna og ungmenna:**			
0 10	Laun		250	
0 20	Önnur rekstrargjöld		420	
0 90	Yfirfærslur:			
0 94	Til einstaklinga, heimila og samtaka		960	
	Gjöld samtals			1 630

1) Sjá sundurliðun á sérstöku yfirliti nr. 2.

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Viðfangsefni:		
02	Barnaverndarráð	670	
05	Náms- og hælisvist unglinga, styrkur	460	
06	Framlag til að styrkja munaðarlausa, vanrækta eða fatlaða unglinga til náms	200	
07	Uppeldisheimili fyrir ungar stúlkur	300	
	Gjöld samtals	1 630	
771	**Upptökuheimilið í Kópavogi:**		
0 90	Yfirfærslur:		
0 91	Til fyrirtækja í B hluta	1 072	
	Gjöld samtals		1 072
772	**Lánasjóður íslenzkra námsmanna:**		
0 90	Yfirfærslur:		
0 91	Til fyrirtækja í B hluta	57 990	
	Gjöld samtals		57 990
781	**Náms- og fræðimenn, framlög:**		
0 90	Yfirfærslur:		
0 94	Til einstaklinga, heimila og samtaka	11 396	
	Gjöld samtals		11 396
	Viðfangsefni:		
03	Styrkur til erlendra námsmanna í íslenzkum skólum	1 306	
04	Styrkur til að bjóða grænlenzkum stúdent til námsdvalar	60	
05	Styrkur til Íslendings til að læra tungu Grænlendinga	60	
07	Styrkur til færeysks fræðimanns	30	
08	Til menntastofnunar Bandaríkjanna á Íslandi	100	
09	Styrkur til útgáfustarfa	2 630	
10	Til framhaldsnáms iðnaðarmanna erlendis	620	
11	Starfsemi stúdenta	160	
12	Félagsstofnun stúdenta	6 430	
	Gjöld samtals	11 396	
782	**Styrkur til myndlistarskóla:**		
0 90	Yfirfærslur:		
0 94	Til einstaklinga, heimila og samtaka	210	
	Gjöld samtals		210
	Viðfangsefni:		
02	Reykjavík	170	
03	Vestmannaeyjar	20	
04	Neskaupstaður	20	
	Gjöld samtals	210	

			Þús. kr.	Þús. kr.
783	**Til lektora í íslenzku við erlenda háskóla:**			
0	10	Laun	570	
		Gjöld samtals		570
801	**Landsbókasafnið:**			
0	10	Laun	4 509	
0	20	Önnur rekstrargjöld	1 100	
0	27	Viðhald	150	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 000	
		Gjöld samtals	7 759	
1	00	Tekjur	120	
		Mismunur		7 639
803	**Þjóðminjasafnið:**			
0	10	Laun	3 275	
0	20	Önnur rekstrargjöld	1 851	
0	27	Viðhald	3 010	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	366	
0	90	Yfirfærslur:		
0	92	Til sveitarfélaga	575	
		Gjöld samtals		9 077
804	**Þjóðskjalasafnið:**			
0	10	Laun	2 127	
0	20	Önnur rekstrargjöld	445	
0	80	Gjaldfærður stofnkostnaður	400	
		Gjöld samtals		2 972
805	**Safnahúsið:**			
0	10	Laun	648	
0	20	Önnur rekstrargjöld	637	
0	27	Viðhald	91	
		Gjöld samtals		1 376
806	**Listasafn Ásgríms Jónssonar:**			
0	10	Laun	183	
0	20	Önnur rekstrargjöld	194	
		Gjöld samtals		377
807	**Listasafn Einars Jónssonar:**			
0	10	Laun	172	
0	20	Önnur rekstrargjöld	300	
0	27	Viðhald	60	
		Gjöld samtals		532

			Þús. kr.	Þús. kr.
808	**Listasafn Íslands:**			
	0 10	Laun	768	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	630	
	0 27	Viðhald	100	
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 91	Til fyrirtækja í B hluta	400	
		Gjöld samtals		1 898
831	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd:**			
	0 10	Laun	200	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	405	
	0 27	Viðhald	343	
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 600	
		Gjöld samtals	2 548	
	1 00	Tekjur	150	
		Mismunur		2 398
832	**Þjóðgarðurinn, Skaftafelli:**			
	0 20	Önnur rekstrargjöld	500	
		Gjöld samtals		500
841	**Náttúruverndarráð:**			
	0 10	Laun	179	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	366	
	0 70	Vextir	53	
		Gjöld samtals		598
	3 00	Lánahreyfingar út	326	
871	**Ríkisútvarp, sjónvarp, aðflutningsgjöld:**			
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 91	Til fyrirtækja í B hluta	34 000	
		Gjöld samtals		34 000
872	**Þjóðleikhús, framlög:**			
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 91	Til fyrirtækja í B hluta	15 672	
		Gjöld samtals		15 672
873	**Sinfóníuhljómsveitin:**			
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 91	Til fyrirtækja í B hluta	5 192	
		Gjöld samtals		5 192
874	**Vísindasjóður:**			
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 91	Til fyrirtækja í B hluta	540	
		Gjöld samtals		540

			Þús. kr.	Þús. kr.
875	**Menningarsjóður, framlag:**			
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 91	Til fyrirtækja í B hluta	4 100	
		Gjöld samtals		4 100
876	**Byggingarsjóður safnahúss:**			
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 91	Til fyrirtækja í B hluta	500	
		Gjöld samtals		500
881	**Almenningsbókasöfn:**			
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 92	Til sveitarfélaga	5 836	
		Gjöld samtals		5 836
		Viðfangsefni:		
	02	Til bæjar- og héraðsbókasafna	3 250	
	03	Til sveitarbókasafna og lestrarfélaga	1 000	
	04	Til bókasafna í heimavistarskólum og opinberum stofnunum	300	
	05	Til húsabóta	727	
	06	Til Rithöfundasjóðs Íslands	455	
b. hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Nú tekur maður, sem látið hefur af störfum, upp störf að nýju, og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna, á meðan hann heldur áfram störfum. Slík niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum fyrir hvert almanaksár um sig, en broti úr mánuði sleppt.
c. voru í starfi í árslok 1967, sem verið hefði tryggingarskylt samkvæmt samkomulagi atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969, ef samkomulagið hefði öðlazt gildi 1. janúar 1955.
d. hafa áunnið sér réttindatíma samkvæmt 4. gr., sbr. 6. gr.

3. gr.

Falli félagi frá eftir 31. desember 1969, sem áunnið hefur sér a. m. k. 5 ára réttindi, skal eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 6. grein.

4. gr.

Til réttindatíma félaga skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hann hefur verið að störfum, sem verið hefðu tryggingarskyld, sbr. 2. gr. c, svo og aðeins þann tíma, sem hann hefur verið fullgildur félagi stéttarfélags, sbr. 1. gr. Haldi maður áfram störfum eftir 70 ára aldur, reiknast einnig til réttindatíma hans sá tími, sem hann hefur verið að störfum eftir sjötugt, þó eigi fram yfir 75 ára aldur.

Til réttindatíma telst ekki sá tími, sem maður er að störfum, sem tekið hefur upp störf að nýju eftir að hafa hafið töku eftirlauna. Við úrskurðun makalífeyris skal þó taka tillit til þess tíma fram til 75 ára aldurs hins látna, sem lífeyrir hefur verið felldur niður samkvæmt b-lið 2. gr., og á sama hátt skal réttindatími félaga reiknaður á ný, er hann nær 75 ára aldri.

5. gr.

Fjárhæð eftirlauna miðast við réttindatíma samkvæmt 4. gr., sbr. 6. gr., og meðallaun félagans.

Þegar meðallaun hans eru reiknuð, skal miða við laun, sem iðgjöld hefði átt að greiða af samkvæmt 3. málsgr. 10. gr. samkomulags atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969, samkvæmt skattframtali síðustu fimm almanaksárin áður en hann lét af störfum, en þó skal aldrei miða við hærri árslaun en þau, sem greiða hefði átt iðgjöld af samkvæmt nefndu ákvæði.

6. gr.

Eftirlaun skulu vera eftirfarandi hundraðshluti meðallauna samkvæmt 5. gr.:

Réttindatími	Eftirlaun félaga	Eftirlaun til eftirlifandi maka
5 ár	—	10%
6 —	—	11%
7 —	—	12%
8 —	—	13%
9 —	—	14%
10 —	12.5%	15%
11 —	14.0%	16%
12 —	15.5%	17%
13 —	17.0%	18%
14 —	18.5%	19%
15 —	20.0%	20%
16 —	22.0%	21%
17 —	24.0%	22%
18 —	26.0%	23%
19 —	28.0%	24%
20 —	30.0%	25%

Skemmri réttindatími en 10 ár veitir sjóðfélaga sjálfum ekki rétt til eftirlauna.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt grein þessari. Hafi hlutaðeigandi eftir 19. maí 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann ella hefði átt rétt á úr sjóðnum, dragast frá á sama hátt. Sé um að ræða lífeyrissjóð, sem stofnaður er eftir gildistöku laga þessara, skal frádráttur ekki vera lægri en hann mundi vera samkvæmt þeim reglum, er tíðkast hjá lífeyrissjóðum stéttarfélaga, sem starfræktir voru fyrir gildistöku laganna.

7. gr.

Greiðslur eftirlauna hefjast frá 1. janúar 1970 til þeirra, sem þá eiga rétt til þeirra samkvæmt 2. gr., og til þeirra, sem síðar öðlast rétt til þeirra, frá 1. næsta mánaðar, eftir að þeir öðluðust réttinn.

Eftirlaun greiðast eftir á fyrir hvert greiðslutímabil, er hlutaðeigandi sjóðstjórn ákveður. Þó skal eigi greitt oftar en mánaðarlega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

8. gr.

Stjórnir hlutaðeigandi lífeyrissjóða úrskurða eftirlaun og annast greiðslur þeirra. Eigi hlutaðeigandi eftirlaunaþegi ekki lífeyrisrétt í neinum lífeyrissjóði, skal stjórn lífeyrissjóðs stéttarfélags hans úrskurða eftirlaunin og greiða þau.

9. gr.

Félagsmálaráðherra skipar þrjá menn í nefnd, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin hefur yfirumsjón með úthlutun eftirlauna og úthlutar stjórnum lífeyrissjóða, sbr. 8. gr., fé því, sem þarf til greiðslu eftirlaunanna. Hún úrskurðar og um ágreining, sem upp kann að koma um úrskurðun og greiðslu eftirlauna.

Kostnaði við störf nefndarinnar skal skipt milli atvinnuleysistryggingasjóðs og ríkissjóðs á sama hátt og bótagreiðslum, sbr. 1. gr. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

10. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um ræðir í 9. gr. Í slíkri reglugerð skal m. a. ákveða, hvernig meta skuli til frádráttar samkvæmt 2. málsgr. 6. gr. innstæður hlutaðeigandi í lífeyrissjóðum með séreignaskipulagi. Enn fremur skal þar heimilt að ákveða, að lífeyrir úr lífeyrissjóði komi ekki að fullu til frádráttar eftirlaunum samkvæmt lögum þessum, sbr. 6. gr., ef um er að ræða sjóði, sem greiða hærri lífeyri fyrir stuttan starfstíma en hingað til hefur tíðkazt hjá lífeyrissjóðum stéttarfélaga, eða krefjast iðgjalda af launum umfram þau, sem greiða hefði átt iðgjöld af samkvæmt ákvæðum þeim, sem nefnd eru í 2. málsgr. 5. gr.

11. gr.

Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. janúar 1985.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en eftirlaun samkvæmt lögum þessum greiðast frá 1. jan. 1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórnir stéttarfélaga, sem lög þessi taka til, skulu senda nefnd þeirri, sem um ræðir í 9. gr., skrá yfir þá fullgilda félaga, sem voru í stéttarfélögum þeirra hinn 31. des. 1967 og fæddir eru á árinu 1914 eða fyrr. Skrár þessar skulu afhentar nefndinni fyrir lok febrúarmánaðar 1970.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt yfirlýsingu forsætisráðherra, dags. 18. maí 1969, sem prentuð er sem fylgiskjal I með frumvarpi þessu, ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir greiðslu lífeyris til aldraðra félaga stéttarfélaga innan Alþýðusambands Íslands. Fé til þessara lífeyrisgreiðslna skyldi lagt fram að ¾ hlutum úr atvinnuleysistryggingasjóði

og að ¼ hluta úr ríkissjóði. Jafnframt var því lýst yfir, að ríkisstjórnin mundi hlutast til um lagabreytingar, sem nauðsynlegar reynast vegna þessara ráðstafana.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í samræmi við téða yfirlýsingu og fylgiskjal það, sem vitnað er til í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Fylgiskjal þetta er prentað með frumvarpi þessu og merkt II.

Yfirlýsing þessi var gefin út til þess að greiða fyrir lausn kjaradeilu þeirrar, sem leyst var með samkomulaginu frá 19. maí 1969. Yfirlýsingin og fylgiskjalið, sem henni fylgdi, voru í raun og veru liður í því samkomulagi, sem þá var gert. Rétt þykir því að rita ekki athugasemdir við einstakar greinar.

Fylgiskjal I.

Yfirlýsing.

Til þess að greiða fyrir lausn yfirstandandi kjaradeilu milli stéttarfélaga innan Alþýðusambands Íslands og samtaka atvinnurekenda lýsir ríkisstjórnin yfir því, að hún mun beita sér fyrir greiðslu lífeyris til aldraðra félaga stéttarfélaga innan A.S.Í. samkvæmt ákvæðum meðfylgjandi fylgiskjals.

Fé til ofangreindra lífeyrisgreiðslna verði lagt fram að ¾ hlutum úr Atvinnuleysistryggingasjóði og að ¼ hluta úr ríkissjóði, enda verði lífeyrir til þess fólks, sem hér um ræðir, frá lífeyrissjóðum, sem samkomulag hefur orðið um að stofna, eigi lægri en tíðkast í lífeyrissjóðum stéttarfélaga, sem nú eru starfandi. Enn fremur skal gert ráð fyrir, að lífeyrissjóðir stéttarfélaganna taki við skuldbindingum þeim, er af nefndum reglum leiðir, eigi síðar en 1. janúar 1985.

Ríkisstjórnin mun hlutast til um lagabreytingar, sem nauðsynlegar reynast vegna þessara ráðstafana.

Reykjavík, 18. maí 1969.

Bjarni Benediktsson.

Fylgiskjal II.

Um félaga stéttarfélaga innan A.S.Í., sem náð hafa 55 ára aldri í árslok 1969 og voru í starfi sem launþegar í árslok 1967, skulu gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Sá, sem náð hefur 70 ára aldri 31. desember 1969 og hefur þá látið af starfi, skal frá 1. janúar 1970 eiga rétt á ellilífeyri samkvæmt 4. tölulið miðuðum við áunnin réttindi tímabilið 1955—1969. Láti hann af starfi eftir 1. janúar 1970 skal hann fá lífeyri frá 1. næsta mánaðar þar á eftir. Starfstími eftir 1. janúar 1970 skal reiknast til viðbótarréttinda, þó eigi tími fram yfir 75 ára aldur.

2. Sá, sem er á aldrinum 55—69 ára 31. desember 1969, skal frá 1. næsta mánaðar eftir að 70 ára aldri er náð, eiga rétt á ellilífeyri samkvæmt 4. tölulið miðuðum við áunnin réttindi á tímabilinu frá 55 ára til 70 ára aldurs, enda hafi hann þá látið af starfi sínu sem launþegi. Haldi hann áfram starfi eftir að 70 ára aldri er náð, skal reikna þann tíma til viðbótarréttinda, þó eigi tíma fram yfir 75 ára aldur.

3. Falli félagi, sem áunnið hefur sér a. m. k. 5 ára réttindi samkvæmt ákvæðum 1. eða 2. töluliðs, frá eftir 31. desember 1969, skal eftirlifandi maki hans eiga lífeyrisrétt samkvæmt ákvæðum 4. töluliðs.

4. Til réttindatíma, sbr. 1. og 2. tölulið, skal einungis reikna starfstíma við vinnu, sem verið hefði tryggingarskyld samkvæmt samkomulagi frá 14. maí 1969, ef samkomulagið hefði öðlazt gildi 1. janúar 1955. Til réttindatíma skal þó aðeins reikna þann starfstíma, sem hlutaðeigandi hefur verið félagi stéttarfélags innan A.S.Í. Miða skal lífeyri við réttindatíma og meðallaun félagans síðustu 5 starfs-

ár hans. Skal miða við laun þau, sem iðgjöld skulu greidd af samkvæmt 3. málsgr. 3. töluliðs samkomulagsins.

Við ákvörðun launa tímabils fyrir árslok 1969 skal styðjast við skattframtöl hlutaðeigandi, en miða þó aldrei við hærri árslaun en þau, sem greiða hefði átt iðgjöld af samkvæmt nefndu ákvæði.

Lífeyrir skal vera eftirfarandi hundraðshluti meðallaunanna:

Réttindatími	Ellilífeyrir	Makalífeyri
5 ár	—	10%
6 —	—	11%
7 —	—	12%
8 —	—	13%
9 —	—	14%
10 —	12.5%	15%
11 —	14.0%	16%
12 —	15.5%	17%
13 —	17.0%	18%
14 —	18.5%	19%
15 —	20.0%	20%
16 —	22.0%	21%
17 —	24.0%	22%
18 —	26.0%	23%
19 —	28.0%	24%
20 —	30.0%	25%

Skemmri réttindatími en 10 ár veitir ekki rétt til ellilífeyris.

5. Greiðslur úr lífeyrissjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt framangreindum ákvæðum.

6. Stjórnir lífeyrissjóða þeirra, sem samkomulag hefur orðið um að stofna eða halda áfram störfum, úrskurða lífeyri og annast greiðslur hans, samkvæmt framangreindum reglum og nánari ákvæðum, sem nefnd sú, sem um ræðir í 7. lið, setur.

7. Ríkisstjórnin skipar í nefnd þrjá menn, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin úthlutar lífeyrissjóðum, sem um er að tefla, fé því, er ríkissjóður og atvinnuleysistryggingasjóður leggja til lífeyrisgreiðslna, setur reglur um lífeyrisrétt og úrskurðar ágreining um lífeyrisgreiðslur.

Sþ. 226. Þingsályktun [46. mál]

um heimildarkvikmynd um Alþingi.

(Afgreidd frá Sþ. 12. jan.)

Samhljóða þskj. 47.

Sþ. 227. Þingsályktun [51. mál]

um setningu laga um kaup lausafjár með afborgunarkjörum.

(Afgreidd frá Sþ. 12. jan.)

Samhljóða þskj. 54.

Sþ. **228. Tillaga til þingsályktunar** [143. mál]

um varnir gegn sígarettureykingum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Jón Skaftason, Eðvarð Sigurðsson, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr tóbaksreykingum, og þá sérstaklega sígarettureykingum:

I. Víðtæk upplýsingastarfsemi um skaðvænlegar afleiðingar sígarettureykinga verði hafin í dagblöðum, hljóð- og sjónvarpi. Höfuðáherzla verði lögð á þær skyldur, sem foreldrar og kennarar hafa.
II. Í skólum verði hafin reglubundin kennsla um heilsufarslegar hættur sígarettureykinga.
III. Regluleg fræðsluerindi (námskeið) verði haldin fyrir kennara og kennaraefni um þessi mál.
IV. Stofnaðar verði „opnar deildir“ (poliklinik), sem stjórnað sé af sérfróðum læknum, og þar geti reykingamenn fengið aðstoð til þess að hætta reykingum.
V. Stofnað verði ráð lækna og leikra, sem hafi eftirfarandi hlutverk:
   a) Að safna upplýsingum um, hversu víðtækar reykingar séu, t. d. meðal skólabarna og unglinga.
   b) Að stjórna vísindalegum rannsóknum um áhrif reykinga.
   c) Að vera yfirvöldum til ráðuneytis um þessi mál.

Kostnaður við starfsemi ráðsins verði greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi:

Meðal flestra siðmenntaðra þjóða eru nú gerðar víðtækar ráðstafanir til þess að draga úr reykingum og þá fyrst og fremst sígarettureykingum. Læknavísindin hafa sannað, að heilsu manna stendur mikill háski af þessu nautnalyfi.

Nokkrir læknar hafa beðizt liðsinnis flutningsmanna þessarar tillögu um ráðstafanir gegn því hér á landi. Er það skoðun flm., að brýna nauðsyn beri til aðgerða á þessu sviði. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Um frekari rökstuðning fyrir henni skal vísað til bréfs þeirra Sigurðar Samúelssonar prófessors, Hrafnkels Helgasonar læknis og Ólafs Ólafssonar læknis, sem fylgir hér með sem fylgiskjal. Enn fremur er birt hér útvarpsræða, er Hrafnkell Helgason flutti á síðasta ári um skaðsemi reykinga. Loks eru birtar hér tillögur, sem fyrir nokkru hafa verið lagðar fram í Noregi um þessi mál.

Það er von flm., að þessari tillögu verði vel tekið á Alþingi og að hafizt verði nú þegar handa um þær ráðstafanir, sem læknar okkar leggja til, að gerðar verði í þessu þýðingarmikla heilbrigðismáli.

Fylgiskjal I.

Tillögur um leiðir til að draga úr tóbaksreykingum.

Niðurstöður rannsókna víða um heim hafa leitt í ljós, að reykingamönnum og þá aðallega þeim, er reykja sígarettur, er mjög hætt við m. a. hjarta-, æða- og lungnasjúkdómum. Samkvæmt útvarpsræðu Hrafnkels Helgasonar yfirlæknis, sem flutt var í heilbrigðisviku Hjartaverndar þ. 16. apríl 1969 og lögð er hér fram sem greinargerð, hafa margar þjóðir gert víðtækar ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksreykingum (sjá greinargerð).

Með tilliti til þessarar greinargerðar leggjum við undirritaðir læknar til, að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar hérlendis til að draga úr tóbaksreykingum og þá sérstaklega sígarettureykingum.

I. Víðtæk upplýsingastarfsemi um skaðvænlegar afleiðingar sígarettureykinga verði hafin í dagblöðum, hljóð- og sjónvarpi. Höfuðáherzla verði lögð á þær skyldur, sem foreldrar og kennarar hafa.
II. Í skólum verði hafin reglubundin kennsla um heilsufarslegar hættur sígarettureykinga.
III. Regluleg fræðsluerindi (námskeið) verði haldin fyrir kennara og kennaraefni um þessi mál.
IV. Viðvörunarmerki um heilsuspillandi áhrif sígarettureykinga verði límd á hvern sígarettupakka.
V. Kannaðar verði leiðir til þess að draga úr áhrifum sígarettuauglýsinga, t. d. með því að skylda hvern auglýsanda tóbaks að verja jafnmiklu rými til að kynna skaðvænleg áhrif sígarettureykinga.
VI. Útsöluverð sígarettupakka verði hækkað allverulega.
VII. Stofnaðar verði „opnar deildir“ (poliklinik), sem stjórnað sé af sérfróðum læknum, og þar geti reykingamenn fengið aðstoð til þess að hætta reykingum.
VIII. Stofnað verði ráð lækna og leikra, sem hafi fastráðinn ritara. Hlutverk þessa ráðs verði eftirfarandi:
a) Að safna upplýsingum um, hversu víðtækar reykingar séu, t. d. meðal skólabarna og unglinga.
b) Að stjórna vísindalegum rannsóknum um áhrif reykinga.
c) Að vera yfirvöldum til ráðuneytis um þessi mál.

Kostnaður við starfsemi ráðsins verði greiddur úr ríkissjóði.

Reykjavík, 30. apríl 1969.

Hrafnkell Helgason. Sigurður Samúelsson. Ólafur Ólafsson.

Fylgiskjal II.

„Bjartveitnefndin“ norska, sem stofnuð var eftir umræður í Stórþinginu, lagði nýlega fram m. a. eftirfarandi tillögur til að draga úr reykingum:

I. Greinagóðar upplýsingar í blöðum, hljóð- og sjónvarpi um skaðsemi tóbaksreykinga. Leggja þarf mesta áherzlu á hin almennu heilsuspillandi áhrif reykinga á lungu og hjarta, en minni áherzlu á krabbameinshættuna. Einnig verði hafin áróðursherferð meðal kennara, lækna, æskulýðsleiðtoga o. fl.
II. Athugun fari fram á banni við tóbaksauglýsingum, a. m. k. reynt að draga úr þeim. Mundi það sýna, hversu alvarlega yfirvöldin litu á hættuna af reykingum.
III. Lagt er til, að límdur sé viðvörunarmiði á hvern sígarettupakka um heilsuspillandi áhrif sígarettureykinga.
IV. Athugað sé um verðhækkun á sígarettum.
V. Reynt sé að hjálpa reykingamönnum til að hætta reykingum með því að stofna sérdeildir til lækninga.
VI. Til þess að ná þessu marki ber að stofna sérstakt ráð með fastráðnum ritara. Ráðið hafi það hlutverk að safna upplýsingum og stjórna vísindalegum athugunum um skaðsemi reykinga, auk þess að vera yfirvöldum til ráðuneytis um þessi mál. Kostnaður skal greiddur úr ríkissjóði. Nefndin lagði einnig til, að sem mest af þessu yrði gert samtímis. Vekti slíkt meiri athygli og sýndi, hversu alvarlegs eðlis málið væri.

Fylgiskjal III.

Dagana 11.—13. september 1968 var haldin í New York alþjóðaráðstefna um reykingar og heilsu, hin fyrsta sinnar tegundar í sögunni. Þarna voru saman komnir 487 vísindamenn, læknar og ýmsir aðrir sérfræðingar frá 34 löndum.

Dr. Luther L. Terry, fyrrverandi landlæknir Bandaríkjanna, flutti inngangserindið og sagði þá meðal annars: „Það eitt, hversu margir og víðkunnir vísindamenn hafa séð ástæðu til að sækja þessa ráðstefnu, vekur vonir um, að okkur takist að leysa reykingavandamálið. Við stöndum nú á tímamótum, tími efasemdanna er liðinn. Ekki er nokkur vafi á því lengur, að reykingar eru hættulegar heilsunni. Nú er mál til komið, að eitthvað sé aðhafzt". Vissulega fór dr. Terry hér með rétt mál.

Á undanförnum árum hafa farið fram víðtækar vísindalegar rannsóknir á skaðsemi reykinga. Niðurstöður þeirra verða ekki vefengdar með neinum rökum, enda margar þeirra unnar með slíkri vísindalegri nákvæmni, að betur verður ekki gert í dag. Þekktastar þessara rannsókna eru þær, sem bandaríska heilbrigðismálaráðuneytið gekkst fyrir, og var árangur þeirra birtur 1964 og 1968. Helztu niðurstöður eru í stuttu máli þessar: Dánartala reykingamanna reyndist um 70% hærri en þeirra, sem ekki reykja. Ef við lítum örlítið nánar á þessa niðurstöðu, kemur m. a. í ljós, að 77% 25 ára gamalla bandarískra karlmanna geta vænzt þess að ná 65 ára aldri, ef þeir reykja ekki sígarettur. Aðeins 54% 25 ára gamalla reykingamanna ná þessum aldri og einungis 6% verða 85 ára, en 19% þeirra, sem ekki reykja, ná 85 ára aldri. Ef bandarískir karlmenn hættu reykingum, mundi meðalaldur þeirra hækka um 3.4 ár.

Á árunum 1919—1965 hækkaði meðalaldur bandarískra karlmanna um rúm 4 ár. Þetta varð á þeim tíma, er miklar framfarir urðu í læknisfræði, súlfa- og fúkalyf komu til sögunnar, unnt var að lækna lungnabólgu, berkla og ýmsa aðra smitsjúkdóma, efnahagur batnaði og heilsugæzla tók miklum framförum. Fram komu margar nýjar aðferðir til greiningar og meðferðar fjölmargra sjúkdóma. Á sama tíma hafa reykingar aukizt mjög og tjónið í mannslífum af þeirra völdum orðið næstum eins mikið og það, sem áunnizt hefur á hálfri öld með öllum þessum framförum í læknisfræði.

Krabbamein í lungum hefur orðið tíðara í öllum löndum, þar sem sígarettuneyzla hefur aukizt. Hér á landi seldi tóbakseinkasalan árið 1920 innan við 100 sígarettur á íbúa. Árið 1960 var salan um 1100 sígarettur á hvert mannsbarn. Á árunum 1931—1954 voru 34 tilfelli af krabbameini í lungum greind hér, eða um 1.5 tilfelli á ári. Á árunum 1960—1964 voru greind hér um 20 tilfelli árlega. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er lungnakrabbi e. t. v. ekki mikið vandamál, enn þá er þetta ekki algengur sjúkdómur hér á landi, en hann á því miður örugglega eftir að færast í aukana. En reykingar valda öðrum og algengari lungnasjúkdómum en krabbameini, og á ég þar við langvinna berkjubólgu, bronkitis og lungnaþan. Tíðni þessara sjúkdóma hefur aukizt mjög undanfarin 20—30 ár, og vissulega eru reykingar aðalorsök þess.

Þessir tveir sjúkdómar eru ein algengasta orsök skertrar starfsgetu hjá fullorðnum karlmönnum og eru algengasta dánarorsök í Bandaríkjunum, næst á eftir hjartasjúkdómum. Hvernig þessu er varið hér á landi, skal ósagt látið, þessum sjúkdómum hefur lítill gaumur verið gefinn hér, enda hefur slæm aðstaða verið fyrir hendi til að greina þá. Er slíkt óviðunandi lengur, því að hér er um alvarlega og algenga sjúkdóma að ræða. Hér á landi er fjöldi fólks öryrkjar af völdum þessara tveggja sjúkdóma. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá rannsóknum Hjartaverndar fundust einkenni þessara sjúkdóma hjá allt að 7% fullorðinna karlmanna, og eru það svipaðar tölur og í nágrannalöndum okkar.

Sjúkdómar verða ekki sjaldgæfari fyrir þá sök, að lítt sé hirt um að greina þá eða ráða bót á þeim.

Fjöldi rannsókna hefur leitt í ljós hin skaðlegu áhrif tóbaksreyks á lungun. Ekki þarf að draga að sér nema einn góðan reyk, og er þá strax mælanleg minnkun á lungnastarfsemi. Hægt er að láta annað lungað anda að sér tóbaksreyk, en hitt ekki. Súrefnisnotkun og öndun verður miklu minni hjá því lunganu, sem fær í sig tóbaksreykinn. Þessi skaðlegu áhrif tóbaksreyks á lungnastarfsemi er auðvelt að fá fram bæði hjá reykingamönnum og þeim, sem ekki reykja. Við krufningu sjást breytingar í lungum hjá öllum stórreykingamönnum, stundum eru þessar breytingar forstig krabbameins.

Ég þori að fullyrða, að langvinn berkjubólga og lungnaþan eru nú þegar mjög algengir sjúkdómar hér á landi og mikið heilsufarslegt vandamál, en því miður eiga þessir sjúkdómar eftir að færast í aukana. Er engin ástæða til að ætla, að þeir verði minna vandamál hér en í nágrannalöndum okkar, og mál til komið, að við gerum okkur það ljóst og sköpum okkur aðstöðu til að fást við þá.

Eins og víða annars staðar eru kransæðasjúkdómar nú algengasta dánarorsök hérlendis. Þeir eru brýnasta heilbrigðisvandamál okkar í dag, og þessum sjúklingum fer því miður fjölgandi. Ekki er jafnákveðið samband á milli kransæðasjúkdóma og reykinga, eins og er milli reykinga og lungnasjúkdóma. Þótt reykingar einar saman valdi ekki kransæðakölkun, þá hefur fjöldi rannsókna sýnt, að þær eru hér mikill skaðvaldur. Hér er um mjög algengan sjúkdóm að ræða, og líklega muna allir fullorðnir Íslendingar eftir einhverjum ættingja eða vini, sem hefur látizt fyrir aldur fram úr þessum sjúkdómi.

Dauði af völdum kransæðakölkunar er næstum helmingi algengari hjá reykingamönnum en hinum, sem ekki reykja. Meðal yngri karlmanna, þ. e. á aldrinum 35—44 ára, sem reykja meira en 2 pakka af sígarettum á dag, er 5 sinnum hærri dánartala af völdum þessa sjúkdóms en meðal þeirra, sem ekki reykja.

Í ljós hefur komið, að reykingamenn þola kransæðastíflu miklu verr en þeir, sem ekki reykja. Sjúkdómurinn er því ekki aðeins tíðari hjá reykingamönnum, heldur eru og batahorfur miklu verri. Í Gautaborg heyrir það til undantekninga að sjá kransæðastíflu hjá manni innan við 50 ára aldur, ef ekki er um reykingamann að ræða. Birtar hafa verið í læknatímaritum kannanir, sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum, þar sem tekið var til athugunar sambandið milli kransæðakölkunar og reykinga. Niðurstaðan varð alltaf hin sama. Krufningar sýndu, að reykingamenn höfðu meiri kölkun í kransæðum en hinir, og því meiri sem þeir reyktu meira.

Ég hef minnzt hér á áhrif reykinga á lungna- og hjartasjúkdóma. En ekki er öll sagan þar með sögð. Reykingamenn fá oftar en aðrir krabbamein í munn og barkakýli, enda eru reykingar ein af orsökum þessara sjúkdóma. Fjöldi annarra sjúkdóma er og algengari hjá reykingamönnum, t. d. magasár og lifrarskorpnun, en óvíst er, hvaða samband er þar á milli. Í ljós hefur komið, að reykingamenn eru frá vinnu vegna sjúkdóma fleiri daga ár hvert en jafnaldrar þeirra og starfsbræður, sem ekki reykja. Í æsku minni heyrði ég sígarettur kallaðar líkkistunagla. Nú er ljóst, hversu réttmæt sú nafngift var. Ég fullyrði, að sígarettureykingar eru eitt stærsta heilsuvandamál okkar, svipað þjóðfélagslegt vandamál og t. d. berklar voru á sínum tíma. Berklum höfum við útrýmt að mestu, vonandi á okkur eftir að farnast eins vel í baráttunni við sígaretturnar.

Mikilvægast er að reyna að vernda börn og ungmenni fyrir þessari hættu, mér liggur við að segja lífsháska. Þessi hætta er því meiri sem menn byrja yngri að reykja. Sá, sem byrjar að reykja 14 ára, er verr settur eftir 20 ára reykingar en hinn, sem byrjaði ekki fyrr en um eða eftir tvítugt.

Víða hafa verið stofnaðar sjúkradeildir eða læknastöðvar til að reyna að hjálpa reykingamönnum að hætta reykingum. Árangurinn verður að teljast sæmilegur, ca. 50% hætta a. m. k. um tíma, eftir eitt ár er tala þeirra, sem hætt hafa, þó komin niður í um 25%. En menn verða að vilja hætta. Árangurinn hjá þeim, sem sóttu þessar stöðvar fyrir áeggjan vina eða ættingja, var næstum enginn. Á það skal bent, að allt það, sem hér hefur verið sagt um reykingar, á aðeins við um sígarettureykingar.

Enda þótt pípu- og vindlareykingar séu ekki alveg hættulausar, er skaðsemi þeirra hverfandi borin saman við sígarettureykingar. Sjúkdóms- og dánarlíkur minnka, ef menn hætta reykingum, og fer minnkandi með hverju ári sem líður, en ef menn treysta sér ekki til að hætta alveg, er pípa eða vindlar betra úrræði en sígarettur.

Þegar tóbaksframleiðendur heyrðu um niðurstöður rannsókna bandaríska heilbrigðismálaráðuneytisins, reyndu þeir fyrst að vefengja þær. Nú hafa þeir gefizt upp við það. Í staðinn eru nú framleiddar síusígarettur og fólki talin trú um, að þær séu hættuminni. Til eru síusígarettur, sem innihalda minna af nikótíni og tjöru en venjulegar sígarettur, en sá munur er hverfandi. Vissar tegundir af síusígarettum innihalda meira magn af nikótíni og tjöru en aðrar tegundir án síu. Síusígarettur í núverandi mynd leysa ekki neinn vanda.

Allar þær rannsóknir, er ég hef vitnað til, hafa verið gerðar hjá karlmönnum. Ekkert bendir til, að konur þoli betur sígarettur en karlar, en reykingar hafa verið miklu algengari hjá körlum og þeir því valdir til þessara rannsókna. Mikið hefur undanfarið verið rætt um skaðsemi ýmiss konar lyfja á fóstur í móðurlífi. Greinar hafa og birzt um skaðsemi sígarettureykinga á fóstrið, en varla mun nokkur ábyrgur læknir treysta sér til að fullyrða neitt um það að svo stöddu. En vissulega er ástæða til að rannsaka það mál nánar, enda er víða unnið að slíkum rannsóknum.

Í Bandaríkjunum, landi auglýsinga og einkaframtaks, hafa nýlega verið sett lög, er mæla svo fyrir, að hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar, sem taka auglýsingar um tóbak, skuli skyldar til að verja ókeypis jafnlöngum senditíma til upplýsinga um skaðsemi tóbaksins. Þegar Bandaríkjamenn setja slíkar hömlur á einkaframtak og auglýsingar, finnst þeim áreiðanlega mikið við liggja. Sígarettureykingar eru þar algengari en í öðrum löndum, vandamálið stærst hjá þeim, enda hafa þeir lengur og betur rannsakað þessi mál en aðrar þjóðir og sjá betur hættuna. Á sígarettupökkum, sem nú eru seldir í Bandaríkjunum, stendur: „Hafið aðgát. Sígarettureykingar geta skaðað heilsu yðar.“ Nú er reynt að fá þessu breytt, svo að þar standi. „Aðvörun: Sígarettureykingar eru hættulegar heilsu yðar og geta orsakað dauða af krabbameini eða öðrum sjúkdómum.“

Á ráðstefnu þeirri í New York, er ég gat um í upphafi þessa máls, talaði Robert heitinn Kennedy næstur á eftir dr. Terry. Hann gat þess í upphafi ræðu sinnar, að sér væri vel ljóst, hversu gífurlegt vandamál sígarettureykingar væru í Bandaríkjunum og hversu mikilvægt væri að draga úr þeim með öllum ráðum. Hann ræddi um sígarettuauglýsingar og ráð til að minnka þær. Hann kvaðst næsta dag ætla að leggja fram á þingi tvö frumvörp um þessi mál, annað á þá leið, að aðvörun um hættuna yrði að fylgja öllum sígarettuauglýsingum. Hitt var á þá leið, að heilbrigðisyfirvöld gætu bannað sígarettuauglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi á vissum tímum sólarhringsins og samfara vissu vinsælu skemmtiefni. Hann kvaðst og bráðlega mundu leggja fram frumvarp um fjórfalda skattahækkun á þeim sígarettum, er hefðu mest magn af tjöru og níkótíni.

Ég hef reynt að benda á þá geigvænlegu hættu, sem samfara er sígarettureykingum, og þá aðeins tekið með þau atriði, er fullsönnuð verða að teljast. Rætt hefur verið um, hversu aðrar þjóðir, og þá einkum Bandaríkjamenn, hafa reynt að bregðast við. Norðurlandabúar aðrir en Íslendingar hafa og hafið baráttuna, m. a. með félagastofnunum, blaða- og bókaútgáfu, reynt að hjálpa reykingamönnum að hætta að reykja, með stofnun sérstakra læknamiðstöðva og sjúkradeilda. Norska læknafélagið hefur gefið út mjög ákveðna yfirlýsingu um skaðsemi sígarettureykinga og m. a. hvatt meðlimi sína til að reykja ekki opinberlega og upplýsa sjúklinga, sérstaklega lungnasjúklinga, um skaðsemi reykinga. Reykingar voru til umræðu í norska Stórþinginu árið 1964. Þá var skipuð nefnd til að athuga skaðsemi reykinga. Eftir tveggja ára starf hefur nefnd þessi nýlega skilað áliti. Niðurstöður hennar voru mjög á sama veg og rannsóknir Bandaríkjamanna. Í álitinu var meðal annars lagt til, að skipað yrði sérstakt opinbert ráð til að stjórna baráttunni gegn reykingum og fylgjast með og stjórna rannsóknum á skaðsemi tóbaks.

Í Sovétríkjunum er nú börnum kennt um reykingahættuna í skólunum.

Ég tel ástæðu til, að við Íslendingar förum að dæmi annarra þjóða og reynum að berjast gegn þessari hættu með auknum áróðri og upplýsingum í ræðu og riti. Hér eiga heilbrigðisyfirvöld, læknar og ekki sízt kennarar mikið starf fyrir höndum. Ef vel tekst til, megum við örugglega vænta oss lengri lífdaga og betri heilsu. Ekki þýðir að hræða fólk um of eða banna reykingar. Það eru mjög gleðileg tíðindi, að nú alveg nýlega hafa verið birtar tölur, er sýna, að mjög hefur dregið úr reykingum hjá bandarískum ungmennum. Tízkan er voldug, og ef hægt væri að sannfæra unglinga um, að reykingar væru ekki lengur í tízku, heldur ófínn löstur eldri kynslóðarinnar, þá hefði vissulega mikið áunnizt. Ekki þekki ég neitt öruggara ráð til að lengja meðalaldur Íslendinga um nokkur ár og bæta heilsufar okkar en að hætta sígarettureykingum.

Ed. 229. Frumvarp til laga [9. mál]

um breyting á lögum nr. 96 22. des. 1965, um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd., 13. jan.)

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Þeir aðilar, sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða selja raforku beint til notenda frá aðalorkuveitu, skulu greiða í Orkusjóð verðjöfnunargjald, sem verja skal til ráðstafana til bóta á fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

2. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Verðjöfnunargjald samkvæmt 4. gr. skal vera, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar:

Aflgjald: 42.00 kr. fyrir hvert kW.

Orkugjald 2 aurar fyrir hverja kWh.

Fyrir fyrsta dag septembermánaðar ár hvert lætur ráðherra áætla tekjur af verðjöfnunargjaldi næsta almanaksárs. Skal verðjöfnunargjaldið endurskoðað til lækkunar í samræmi við þessa áætlun og við það miðað, að heildartekjur af gjaldinu verði 70 milljónir króna.

Við lækkun verðjöfnunargjalds samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar ákveður ráðherra, hvernig sú lækkun deilist milli aflgjalds og orkugjalds.

3. gr.

Í stað orðanna „50 krónur“ í 2. mgr. 6. gr. laganna komi: 100 krónur.

4. gr.

8. gr. laganna orðist þannig:

Verðjöfnunargjald greiðist mánaðarlega eftir á með gjalddaga 15. hvers mánaðar.

Orkugjald miðast við mælaálestur seljanda og útreikning, sem sendur skal orkumálastjóra strax að álestri loknum.

Aflgjald miðast við áætlun um gjaldskylt afl, sem seljandi eða orkumálastjóri áætla eigi sjaldnar en hálfsárslega fyrir fram. Mismunur á áætluðu og afhentu afli hvers almanaksárs gerist upp eigi síðar en 1. febrúar næsta árs, með gjalddaga 15. sama mánaðar.

Gjaldendum verðjöfnunargjalds er skylt að hafa fullnægjandi mælitæki til að mæla afl og orku til ákvörðunar á gjaldskyldu. Þeim er einnig skylt að veita allar upplýsingar og aðgang að mælitækjum og skjölum, sem þarf til þess að ákveða verðjöfnunargjald.

5. gr.

Á árinu 1969 skal aflgjald samkvæmt 5. gr. reiknast þannig, að greiða skal 167 kr. fyrir hvert kW af helmingi mesta afhents afls almanaksársins og 420 kr. fyrir hvert kW af helmingi aflsins.

6. gr.

Aftan við 11. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ráðherra sá, er fer með raforkumál, skipar þrjá menn til fjögurra ára í senn til að eiga sæti í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins og skal einn þeirra skipaður samkvæmt tillögum Sambands íslenzkra rafveitna. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar. Stjórnin hefur á hendi stjórn Rafmagnsveitna ríkisins undir yfirstjórn ráðherra. Ráðherra ákveður starfshætti og starfskjör stjórnarmanna.

Til þess að skuldbinda Rafmagnsveitur ríkisins þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 230. Frumvarp til laga [8. mál]

um stækkun lögsagnarumdæmis Seyðisfjarðarkaupstaðar.

(Eftir 3. umr. í Ed., 13. jan.)

1. gr.

Loðmundarfjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu skal lagður undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Seyðisfjarðarkaupstaðar.

2. gr.

Um fjallskil í Loðmundarfirði skulu gilda ákvæði laga nr. 42 1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl. Kostnaður við fjallskilin skal þó skiptast þannig, að eigendur eyðijarða bera ¼, sveitarfélög þau, er fjárvon eiga í löndum þessum, sameiginlega ¼ og ríkið ½. Kostnaður eyðijarðaeigenda skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við landverð eyðijarðanna samkvæmt gildandi fasteignamati. Sá hluti fjallskilakostnaðarins, sem kemur í hlut sveitarfélaganna samkvæmt grein þessari, skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þess fjár, sem kemur af fjalli og tilheyrir íbúum hvers þeirra fyrir sig.

Verði ágreiningur um fjallskilakostnað, skal Búnaðarfélag Íslands úrskurða kostnaðarreikningana.

3. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar skal sjá um grenjaleitir í Loðmundarfirði samkvæmt lögum nr. 52 5. júní 1957.

Kostnaður kaupstaðarins af þessum sökum endurgreiðist næstu fimm árin úr ríkissjóði, enda verði framkvæmd grenjaleitar hagað í samráði við veiðistjóra ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 231. Nefndarálit [32. mál]

um till. til þál. um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd Sþ. hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og sent það til umsagnar Hæstarétti og lagadeild Háskóla Íslands. Svör hafa borizt, og mæla báðir aðilar með tillögunni. Verða bréf þeirra prentuð hér með sem fylgiskjöl.

Nefndin varð ásátt um að leggja til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, hvort rétt sé að setja löggjöf um þjóðaratkvæði í mikilvægum löggjafarmálefnum svo og hvort rétt sé að setja grundvallarreglur þar um í stjórnarskrána. Skal ríkisstjórnin, ef hún telur ástæðu til, láta semja lagafrumvarp um það efni. Afla skal sem fyllstra upplýsinga um öll atriði varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu, þar á meðal um reynslu annarra þjóða í þeim efnum, en einkum ber að athuga eftirtalin atriði:

a. hvort í ákveðnum tilvikum eigi að vera skylda eða aðeins heimild til þjóðaratkvæðagreiðslu;
b. hvaða aðilar eigi að fá rétt til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu, t. d. hvort þann rétt eigi að veita tiltekinni tölu þingmanna eða ákveðnum fjölda kjósenda; og
c. hvort úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu eigi að vera bindandi eða aðeins til ráðgjafar.

Alþingi, 13. jan. 1970.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm.
Matthías Bjarnason.	Gísli Guðmundsson.	Friðjón Þórðarson.

Fylgiskjal I.

HÆSTIRÉTTUR

Reykjavík, 7. febrúar 1969.

Endurrit úr gerðabók Hæstaréttar.

Ár 1969, mánudaginn 3. febrúar, komu dómendur Hæstaréttar saman til fundar í dómhúsinu.

Lagt var fram bréf allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dagsett 7. desember 1968, þar sem beiðzt er umsagnar Hæstaréttar um tillögu til þingsályktunar „um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði“ (1968 (89. löggjafarþing) — 26. mál).

Samþykkt var að svara bréfinu sem hér segir:

„Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur með bréfi 7. desember 1968 beiðzt umsagnar Hæstaréttar um tillögu til þingsályktunar, sem fram hefur komið á Alþingi „um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði“.

Dómendur Hæstaréttar mæla með því, að mál þetta verði kannað af nefnd, er skipuð sé eins og í tillögunni greinir.“

Jónatan Hallvarðsson. Gizur Bergsteinsson.
Logi Einarsson. Benedikt Sigurjónsson.
Einar Arnalds.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.

Fylgiskjal II.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Lagadeild. Reykjavík, 24. febr. 1969.

Borizt hefur heiðrað bréf allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis frá 7. desember 1968, þar sem beiðzt er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði, en tillagan er prentuð á þingskjali nr. 26. Erindið var rætt á fundum lagadeildar 10. desember og 7. og 21. febrúar. Prófessor Ólafur Jóhannesson tók ekki þátt í meðferð málsins.

Íslenzka stjórnarskráin er um margt lítt eða ekki breytt frá því, sem var, þegar út var gefin „stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands" árið 1874. Ber hún því svip af þjóðfélagsháttum og stjórnskipunarhugmyndum löngu liðins tíma og uppfyllir ekki þau skilyrði, sem telja verður, að stjórnarskrá vor þyrfti að fullnægja. Að sumu leyti er vandaverk að samræma stjórnarskrána og þjóðfélagsaðstæður nútímans, til dæmis að því er varðar ríkisréttarlega stöðu stjórnmálaflokka og hagsmunasamtaka. Önnur atriði eru auðveldari, svo sem að finna leiðir til að auka þátttöku kjósenda í töku ákvarðana um einstök mál, þar sem þess er óskað. Hafa sums staðar verið settar reglur í stjórnarskrá um þjóðaratkvæðagreiðslur, svo sem um er getið í tillögunni, sem hér er til umsagnar. Það er að sjálfsögðu pólitískt, en ekki lögfræðilegt skoðunarefni, hvort æskilegt og heppilegt sé að auka með þessum hætti þátttöku kjósenda í töku ákvarðana. Hitt er fræðilegt viðfangsefni að kanna, hvers konar háttur verði hafður á þjóðaratkvæðagreiðslum, um hvers konar málefni þær geti fjallað og hverja þýðingu niðurstöður þeirra geti haft. Lagadeild leyfir sér að mæla með því, að slík fræðileg könnun fari fram. Hún ætti að vera til þess fallin að varpa ljósi á mál, sem hugsanlegt er, að gæti leitt til breytinga á stjórnarháttum vorum á mikilvægu sviði. — Hið háa Alþingi hefur nú fyrir skömmu gert breytingu á 33. grein stjórnarskrárinnar. Var það þannig framkvæmt, að ætla verður, að ekki sé að vænta heildarathugunar á stjórnarskrármálinu á næstunni. Meðan svo er ekki gert, er ástæða til að kanna einstök atriði, sem hugsanlegt er, að Alþingi vilji gera breytingar á. Virðist því eins og á stendur ekki vera ástæða til að tengja könnun á þjóðaratkvæðagreiðslum við önnur málefni, sem stjórnarskrána varða. Víðtækari athugun þeirra væri þó æskilegri að dómi lagadeildar.

Lagadeild vill því leyfa sér að mæla með samþykkt þingsályktunartillögunnar um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði. Um tillögugreinina sjálfa hefur deildin ekki aðra athugasemd að gera en þá, að æskilegt virðist að hafa í henni ótvíræða heimild til að ráða sérfræðinga hinni þingkjörnu nefnd til aðstoðar.

Með mikilli virðingu,

Þór Vilhjálmsson,
deildarforseti.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis,
Reykjavík.

Ed. 232. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. marz 1961.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Um afgreiðslu þessa frv. hefur eigi náðst samstaða innan nefndarinnar. Minni hl. skilar sérstöku áliti.

Frv. var sent sýslumönnum svo og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Umsagnir bárust frá 9 sýslumönnum svo og stjórn sambandsins. Fimm sýslumannanna eru andvígir frv., tveir sýnast helzt aðhyllast þá stefnu, að hætt verði að kjósa sýslunefndarmenn, en oddvitar hreppsfélaga verði sjálfkjörnir fulltrúar í sýslunefnd, loks telja tveir sýslumannanna, að eðlilegt og nauðsynlegt sé að samþykkja frv. óbreytt. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga telur frv. ekki þess eðlis, að efni þess skipti neinu höfuðmáli; miklu fremur og eðlilegra væri, að hreppsnefndaroddvitar væru sjálfkjörnir fulltrúar sinna hreppsfélaga í sýslunefnd. Í umsögn sinni segir sambandsstjórnin enn fremur, að brýna nauðsyn beri til, að hafizt verði handa um endurskoðun á skiptingu landsins í sýslur.

Það er ljóst, að þorri þeirra aðila, sem hafa tjáð sig um frv., telur það engan vanda leysa. Það, sem máli skipti, sé miklu fremur að taka til athugunar málefni sýslunefnda í heild, aðstöðu þeirra, verkefni og starf sem aðila í stjórnkerfinu.

Við undirritaðir höfum engar fregnir haft af sérstökum óskum sýslunefnda eða sveitarfélaga um breytingar á lagareglum um sýslunefndarkjör. Ekki vitum við heldur dæmi þess, að sýslunefndarmenn frá sveitarfélögum, sem hafa íbúatölu yfir 400, hafi látið í ljós óánægju eða kvartað yfir ranglæti í þeirra garð eða sveitarfélagsins í afgreiðslu mála innan sýslunefnda, sem rekja mætti til ákvæða um kjör til sýslunefnda. Þó kunna samt sem áður dæmi þess að finnast. Hins vegar hefur nokkurs uggs, svo að meira sé ekki sagt, gætt að því er varðar hin fámennari sveitarfélög, sem virðast stöðugt hafa dvínandi áhrif á skiptingu efnahags og félagslegra gæða innan stjórnarumdæma.

Hve snöggsoðið frv. er, sýnir bezt eina efnisatriði þess, að sveitarfélag með 401 íbúa eða fleiri skuli hafa tvo fulltrúa í sýslunefnd, en hin, sem færri íbúa hafa, einn fulltrúa. Viðmiðunin við 400 íbúa án frekari rökstuðnings og fjölgunin um einn fulltrúa í fjölmennari sveitarfélögum er kjörregla, sem að okkar áliti er engan veginn knýjandi réttarbót, eins og háttar. Fleirum en okkur mun þykja æðistutt stigið skrefið, ef frv. er talið fullnægja því réttlæti, sem á kann að skorta.

Ef á annað borð telst nauðsyn að hreyfa við ákvæðum laga um sýslunefndir, fer að okkar hyggju bezt á því, að þau verði tekin til rækilegrar endurskoðunar í heild.

Við leggjum því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 14. jan. 1970.

Björn Fr. Björnsson, frsm. Ásgeir Bjarnason. Steinþór Gestsson. Axel Jónsson.

Ed. 233. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um sameiningu sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin ræddi frv. á nokkrum fundum og fékk þá Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóra og Pál Líndal form. Sambands ísl. sveitarfélaga á fund, þar sem þeir gáfu ýtarlegar upplýsingar um málið.

Nefndin náði ekki samstöðu um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem meiri hlutinn leggur til á sérstöku þingskjali.

Reykjavík, 15. jan. 1970.

Jón Þorsteinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr. Axel Jónsson, frsm.

Steinþór Gestsson.

Ed. 234. Breytingartillögur [7. mál]

við frv. til laga um sameiningu sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (JÞ, AuA, AJ, StG).

1. Við 2. gr.
   a. Við 1. mgr. Í stað orðanna „felur sérstökum erindreka“ komi: felur fyrst um sinn sérstökum erindreka.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Þegar erindrekinn lætur af störfum, tekur félagsmálaráðuneytið við verkefnum hans.
2. Við 3. mgr. 7. gr. Aftan við málsgreinina bætist:
   Samþykki Alþingis þarf til þess að sameina sveitarfélög, eða hluta af sveitarfélögum, sem eru sitt í hvoru kjördæmi.

Nd. 235. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og mælir einróma með því, að það verði samþykkt. — Hannibal Valdimarsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. jan. 1970.

Guðl. Gíslason, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
Jón Kjartansson.	Friðjón Þórðarson.	Jónas Árnason.

Nd. 236. Breytingartillögur [123. mál]

við frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

I. Við 1. gr.	Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
1. Nr. 12.01.40 orðast svo: Sojabaunir	0		20%
2. Nr. 15.07.82 orðast svo: Baðmullarfræsolía	7%		10%
3. Nr. 18.01.00 orðast svo: Kakaóbaunir, heilar eða muldar, einnig brenndar	20%		40%
4. Nr. 20.02.01 orðast svo: Tómatpuré	50%	35%	80%
5. Nr. 22.08.00 orðast svo: Etanól (etylalkóhól) ómengað, með 80% etanólmagni eða meira að rúmmáli; mengað etanól sérhvers styrkleika	25%	18%	100%

		Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
6.	Í stað 29.01.20 kemur:			
	Annað:			
	21 Acetylen	35%	25%	35%
	22 Arómatísk karbónhydrid, önnur en styren, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%		35%
	29 Önnur	18%		35%
7.	Nr. 35.01.00 orðast svo:			
	Kaseín, kaseínöt og aðrir kaseínderivatar, kaseínlím	30%		50%
8.	Nr. 36.01.00 orðast svo:			
	Púður	18%		35%
9.	Nr. 36.05.00 orðast svo:			
	Flugeldar, skrauteldar og aðrar þess konar vörur	50%	35%	100%
10.	Nr. 37.01.09 orðast svo:			
	Aðrar	35%		70%
11.	Nr. 37.02.02 orðast svo:			
	Kvikmyndafilmur	35%		70%
12.	Nr. 37.02.09 orðast svo:			
	Aðrar	35%		70%
13.	Nr. 37.03.00 orðast svo:			
	Ljósnæmur pappír, pappi eða vefnaður, lýstur eða ólýstur, en ekki framkallaður	35%		70%
14.	Nr. 37.04.00 orðast svo:			
	Ljósnæmar plötur og filmur, lýstar, en ekki framkallaðar, negatív eða pósitív	35%		70%
15.	Nr. 37.05.02 fellur niður.			
16.	Nr. 37.05.09 orðast svo:			
	Annað	35%		70%
17.	Nr. 37.06.00 orðast svo:			
	Kvikmyndafilmur einungis með hljómbandi, lýstar eða framkallaðar, negatív eða pósitív	35%		70%
18.	Nr. 37.08.00 orðast svo:			
	Kemísk efni til ljósmyndagerðar (þar með talið leifturduft)	35%		70%
19.	Nr. 39.01.02 orðast svo:			
	Upplausnir, óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	15%		30%
20.	Nr. 39.03.22 orðast svo:			
	Upplausnir, óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	15%		30%
21.	Nr. 39.03.25 orðast svo:			
	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað, 0,3 mm og þynnra	25%		35%
22.	Nr. 39.04.01 orðast svo:			
	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	15%		30%
23.	Nr. 39.04.02 orðast svo:			
	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað, 0,3 mm og þynnra	25%		35%

		Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
24.	Nr. 39.05.01 orðast svo:			
	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	15%		30%
25.	Nr. 39.05.02 orðast svo:			
	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað, 0,3 mm og þynnra	25%		35%
26.	Nr. 39.06.01 orðast svo:			
	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	15%		30%
27.	Nr. 39.06.02 orðast svo:			
	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað, 0,3 mm og þynnra	25%		35%
28.	Nr. 40.09 orðast svo:			
	Pípur og slöngur úr toggúmmíi:			
	01 Pípur og slöngur fyrir háþrýsting, a. m. k. 20 kg/cm^2	7%		35%
	09 Aðrar	25%		35%
29.	Nr. 40.14.03 orðast svo:			
	Burstahausar	35%		35%
30.	Nr. 44.26.00 orðast svo:			
	Snældur, kefli og þess háttar úr renndum viði	7%		35%
31.	Nr. 44.28.91 orðast svo:			
	Hefilbekkir	7%		35%
32.	Nr. 48.07.83 fellur niður.			
33.	Nr. 48.07.94 (nýtt nr.) orðast svo:			
	Þakpappi, báraður	15%		35%
34.	Nr. 48.07.95 (nýtt nr.) orðast svo:			
	Þakpappi og annar asfaltborinn pappi, ót. a.	35%	25%	35%
35.	Nr. 48.15.04 orðast svo:			
	Salernispappír	50%	35%	50%
36.	Nr. 48.16.03 (nýtt nr.) orðast svo:			
	Mjólkurumbúðir	25%	18%	60%
37.	Nr. 48.18.00 orðast svo:			
	Skrifstofubækur, stílabækur, minnisbækur og blokkir, pöntunarbækur, kvittunarblokkir, dagbækur, ritundirlög, bréfa- og skjalabindi, bókabindi, skrifmöppur og annað þess háttar úr pappír og pappa; sýnishornaalbúm og önnur albúm og bókahlífar úr pappír og pappa	50%	35%	100%
38.	Nr. 48.19.01 orðast svo:			
	Vöru- og merkimiðar, óáprentaðir	30%		50%
39.	Nr. 49.11.09 orðast svo:			
	Annað	50%	35%	80%
40.	Nr. 50.08.00 orðast svo:			
	Silkiormaspuni; eftirlíkingar af girni (catgut) úr náttúrlegu silki	30%	20%	60%
41.	Nr. 51.04.10 orðast svo:			
	Úr syntetískum trefjum	25%	20%	40%

		Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
42.	Nr. 51.04.20 orðast svo:			
	Úr uppkembdum trefjum	25%	20%	40%
43.	Nr. 53.06.01 orðast svo:			
	Garn, þar sem hver þráður einspunninn vegur 1 g eða minna hverjir 16 metrar	15%	10%	25%
44.	Nr. 53.07.01 orðast svo:			
	Garn, þar sem hver þráður einspunninn vegur 1 g eða minna hverjir 16 metrar	15%	10%	25%
45.	Nr. 55.09.13 orðast svo:			
	Vefnaður, ólitaður og ómynstraður, eingöngu úr baðmull eða baðmull ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum	25%	20%	40%
46.	Nr. 55.09.14 orðast svo:			
	Vefnaður einlitur og ómynstraður, eingöngu úr baðmull eða baðmull ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum	25%	20%	40%
47.	Nr. 55.09.19 orðast svo:			
	Annars	25%	20%	40%
48.	Nr. 55.09.23 orðast svo:			
	Vefnaður einlitur og ómynstraður, eingöngu úr baðmull eða baðmull ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum	25%	20%	40%
49.	Nr. 55.09.29 orðast svo:			
	Annars	25%	20%	40%
50.	Nr. 56.07.19 orðast svo:			
	Annar	25%	20%	40%
51.	Nr. 56.07.29 orðast svo:			
	Annar	25%	20%	40%
52.	Nr. 59.14.00 orðast svo:			
	Kveikir úr spunatrefjum, ofnir, fléttaðir eða prjónaðir, í lampa, ofna, kveikjara, kerti og annað þess háttar; glóðarnetefni hringprjónað og hringlaga glóðarsokkar	18%		35%
53.	Nr. 60.01.01 orðast svo:			
	Úr silki eða gerviþráðum	25%	20%	40%
54.	Nr. 60.06.03 (nýtt nr.) orðast svo:			
	Prjóna- og heklvoð	30%	20%	40%
55.	Nr. 70.09.00 orðast svo:			
	Glerspeglar (þar með taldir bifreiðaspeglar), einnig í umgerð eða með baki	100%	70%	100%
56.	Nr. 70.20.10 orðast svo:			
	Garn	20%		35%
57.	Nr. 70.20.20 orðast svo:			
	Vefnaður	30%		40%
58.	Nr. 71.01.00 orðast svo:			
	Náttúrlegar perlur, óunnar eða unnar (þar með taldar óflokkaðar perlur aðeins dregnar á þráð vegna flutnings), en ekki uppsettar, inngreyptar eða flokkaðar í festi saman á þráð	20%		40%
59.	Nr. 71.02.10 orðast svo:			
	Demantar til iðnaðarnotkunar	20%		40%
60.	Nr. 71.02.20 orðast svo:			
	Aðrir demantar en til iðnaðarnotkunar	20%		40%

		Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
61.	Nr. 71.02.30 orðast svo:			
	Aðrir	20%		40%
62.	Nr. 71.03.00 orðast svo:			
	Tilbúnir og endurunnir eðalsteinar og hálfeðalsteinar, óunnir, slípaðir eða unnir á annan hátt (þar með taldir óflokkaðir steinar dregnir á þráð aðeins vegna flutnings), en ekki uppsettir, inngreyptir eða flokkaðir í festi saman á þráð	20%		40%
63.	Nr. 71.04.00 orðast svo:			
	Duft og agnir úr náttúrlegum eða tilbúnum eðalsteinum eða hálfeðalsteinum	20%		40%
64.	Nr. 71.05.00 orðast svo:			
	Silfur, þar með talið silfur með gull- og platínuhúð, óunnið eða hálfunnið	20%		40%
65.	Nr. 71.06.00 orðast svo:			
	Silfurplett (silfurdublé), óunnið eða hálfunnið	20%		40%
66.	Nr. 71.07.10 orðast svo:			
	Gullstengur	20%		40%
67.	Nr. 71.07.20 orðast svo:			
	Annað	20%		40%
68.	Nr. 71.08.00 orðast svo:			
	Óeðlir málmar og silfur, með gullhúð, óunnið eða hálfunnið	20%		40%
69.	Nr. 71.09.00 orðast svo:			
	Platína og aðrir platínumálmar, óunnir eða hálfunnir	20%		40%
70.	Nr. 71.10.00 orðast svo:			
	Óeðlir málmar og góðmálmar, með platínuhúð eða húð af öðrum platínumálmum, óunnið eða hálfunnið	20%		40%
71.	Nr. 71.11.10 orðast svo:			
	Úr silfri, platínu eða öðrum platínumálmum	20%		40%
72.	Nr. 71.11.20 orðast svo:			
	Úr gulli	20%		40%
73.	Nr. 73.10.11 orðast svo:			
	Vír til framleiðslu á naglavír, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	7%		15%
74.	Nr. 73.13.40 orðast svo:			
	Þynnur og plötur, tinaðar	0		15%
75.	Nr. 73.13.59 orðast svo:			
	Aðrar	7%		15%
76.	Nr. 73.14.01 orðast svo:			
	Logsuðuvír	7%		35%
77.	Nr. 73.14.09 orðast svo:			
	Annað	18%		35%
78.	Nr. 73.20.00 orðast svo:			
	Pípuhlutar (fittings), t. d. hólkar, hné, tengi og nipplar, úr járni eða stáli	25%		35%
79.	Nr. 73.21.09 orðast svo:			
	Annað	40%	30%	40%

		Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
80.	Nr. 73.40.48 orðast svo:			
	Jarðstrengsmúffur og tengidósir fyrir raflagnir	25%		35%
81.	Nr. 74.19.03 orðast svo:			
	Rafmagnstengidósir	25%		35%
82.	Nr. 76.16.07 orðast svo:			
	Rafmagnstengidósir	25%		70%
83.	Nr. 82.05.00 orðast svo:			
	Skiptiverkfæri í handverkfæri, mekanísk handverkfæri og -smíðavélar (t. d. til að pressa, stansa, bora, snitta, fræsa, skera, snúa, víkka, þrengja og skrúfa), hér með talin mót til að draga málmþráð og pressa heita málma, einnig stjörnur á grjótbora	7%		35%
84.	Nr. 82.06.00 orðast svo:			
	Hnífar og skurðarblöð í vélar og mekanísk tæki	7%		35%
85.	Nr. 82.07.00 orðast svo:			
	Plötur, stengur og oddar og aðrir þess konar lausir hlutar í verkfæri, úr hálfbræddum málmkarbídum (t. d. karbíd úr wolfram, molybden og vanadíum)	7%		35%
86.	Nr. 83.03 orðast svo:			
	Peningaskápar og öryggishólf, eldtraust eða styrkt með öðrum hætti, hurðir í slíka skápa og hólf, einnig peningakassar, skjalakassar og þess háttar, styrkt með einhverjum hætti, úr ódýrum málmum:			
	01 Eldtraustar hurðir með eða án karma til innbyggingar í hús	40%		100%
	09 Annað	100%		100%
87.	Nr. 83.05.00 orðast svo:			
	Smávarningur og útbúnaður fyrir lausblaðabindi, bókhaldsbækur og annað þess háttar, úr ódýrum málmum; bréfahaldarar, bréfaklemmur, heftiklemmur, merki í spjaldskrár og aðrar svipaðar vörur til notkunar í skrifstofum, úr ódýrum málmum	30%		{50% 80%
88.	Nr. 83.15.00 orðast svo:			
	Þráður, stengur, pípur, plötur í rafsuðuvír og aðrar þess konar vörur, úr ódýrum málmum eða málmkarbídum, þaktar eða fylltar með flússefni, til notkunar við lóðun, logsuðu og rafsuðu á málmum eða málmkarbídum; þráður og stengur úr pressuðu dufti af ódýrum málmum, til notkunar við málmhúðun með úðun	7%		15%
89.	Nr. 84.15.11 orðast svo:			
	Afgreiðsluborð og sýningarskápar fyrir verzlanir og varahlutir í þau	35%		35%
90.	Nr. 84.59.26 (nýtt nr.) orðast svo:			
	Hreinlætistæki	80%		25%

		Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
91.	Nr. 85.01 orðast svo:			
	Rafalar, rafhreyflar, straumbreytar (hverfieða stöðustraumbreytar), spennar, afriðlar, afriðilstæki og spankefli:			
	01 Straumfestar (ballasts)	18%		35%
	09 Annað	35%		35%
92.	Nr. 87.02.37 orðast svo:			
	Bifreiðar í jeppaflokki	40%		40%
93.	Nr. 87.10.00 orðast svo:			
	Reiðhjól án hjálparvélar (þar með talin reiðhjól til vöruflutninga á þrem hjólum)	80%		90%
94.	Nr. 87.13.02 orðast svo:			
	Barnavagnar (án drifs) og hlutar til þeirra	50%		90%
95.	Nr. 87.14.09 orðast svo:			
	Annars	40%		80%
96	Nr. 92.12.02 orðast svo:			
	Grammófónplötur til tungumálakennslu	0		50%
97.	Nr. 92.12.04 orðast svo:			
	Segulbönd með áteknu efni fyrir Fræðslumyndasafn ríkisins	0		75%
98.	Nr. 97.04.01 orðast svo:			
	Taflborð og taflmenn	50%		80%
99.	Nr. 97.04.02 orðast svo:			
	Spil	90%		100%
100.	Nr. 98.02 orðast svo:			
	Rennilásar og hlutar til þeirra:			
	01 Málmstykki til framleiðslu á rennilásum	14%		25%
	09 Annað	35%		40%

II. Við 3. gr.

1. 2. málsl. 28. tölul. orðast svo:
   Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja rúmlest, eða sem ákveðinn hundraðshluta af samningsverði.
2. 48. tölul. fellur niður.
3. Á eftir 2. málsgr. 50. tölul. kemur ný málsgr., svo hljóðandi:
   Þá er heimilt að endurgreiða timburinnflytjendum gjaldamismun af öllum sannanlegum birgðum timburs 1. marz 1970, innfluttum eftir 1. ágúst 1969.
4. Á eftir 51. tölul. koma fjórir nýir töluliðir:
   a. (52) Að endurgreiða, með nánar ákveðnum skilyrðum, gjöld af efni til framleiðslu rafagnatækja.
   b. (53) Að fella niður verðtoll af flugvélaeldsneyti, þegar gerðar hafa verið viðhlítandi breytingar á innheimtu lendingargjalda.
   c. (54) Að endurgreiða mismun á gjöldum innfluttra bifreiða, sem eftir innflutning verður breytt í slökkvibifreiðar, sem svari því, að 15% tollur sé innheimtur af bifreiðunum.
   d. (55) Að lækka gjöld af hráefni til sælgætisframleiðslu, hálfu ári áður en innflutningur sælgætis hefst.

III. Við 4. gr. Orðin „og vörurnar séu ... til sölu þar“ í niðurlagi greinarinnar falla niður.

IV. Við 17. gr. Greinin fellur niður, og breytist greinatala samkvæmt því.

Ed. 237. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með svofelldri

BREYTINGU:

Aftan við frv. komi svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Af þessu tilefni skal Verðlagsráð sjávarútvegsins endurskoða lágmarksverð, sem gilti á árinu 1969 með gildistíma fram á árið 1970. Hið endurskoðaða lágmarksverð skal taka gildi frá og með 1. janúar 1970.

Einn nefndarmanna, Gils Guðmundsson, mun þó skila séráliti um málið, og Ólafur Jóhannesson og Bjarni Guðbjörnsson undirrita með fyrirvara.

Alþingi, 16. jan. 1970.

Jón Árnason, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson.
Bjarni Guðbjörnsson, með fyrirvara.	Axel Jónsson.	Ólafur Jóhannesson, með fyrirvara.

Ed. 238. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Í desembermánuði 1968, að lokinni gengisfellingu, samþykkti stjórnarliðið hér á Alþingi lög „um ráðstafanir í sjávarútvegi", sem m. a. röskuðu stórlega samningsbundnum reglum um hlutaskipti og rýrðu þar með skiptakjör sjómanna til mikilla muna. Með lögum þessum var ákveðið, að greiða skyldi í stofnfjársjóð fiskiskipa 10% af fiskverði, en 20% af verðmæti síldar- og humarafla, þegar landað er innanlands, en 22% af brúttósöluverði aflans, þegar landað er erlendis, og skyldu þær greiðslur teknar af fiskverði, áður en reiknaður væri aflahlutur sjómanna. Með lögum þessum voru enn fremur tekin 17% af fiskverði, áður en hlutaskipti færu fram, til að standa straum af almennum rekstrarkostnaði útgerðarinnar. Samkvæmt lögum þessum fékk því útgerðin 27—37% alls landaðs aflaverðmætis að óskiptu, og var þar með umturnað hinum gömlu og hefðbundnu hlutaskiptakjörum, sem sjómenn og útgerðarmenn höfðu samið um.

Löggjöf þessi er að mínu viti einhver hin ósvífnasta árás, sem nokkru sinni hefur verið gerð á samningsrétt verkalýðsfélaga hér á landi. En hún var einnig, eins og á stóð, einstaklega ósanngjörn í garð íslenzkrar sjómannastéttar. Þessi mikla skerðing á kjörum þeirra var gerð, eftir að þeir höfðu, vegna hrapandi verðlags og mikils aflabrests á síldveiðum, búið við stórfelldari tekjumissi en nokkur önnur stétt í landinu. Mánuðum saman hafði fjöldi fiskimanna hafzt við norður undir Svalbarða

eða úti í Norðursjó og borið sáralítið úr býtum. Þá þótti ríkisstjórninni ráð að skerða aflahlut þeirra stórlega, jafnframt því sem við blasti 20—30% dýrtíðaraukning af völdum gengisfellingarinnar.

Með lagafrumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er ætlunin að skila sjómönnum aftur smávægilegum hluta þess, sem af þeim var tekið með lögum í desember 1968. Í stað þess að taka 27—37% af óskiptu og afhenda útgerðarmönnum, skulu það framvegis vera 21—31%, sem ekki koma til skipta. Enda þótt ég geti út af fyrir sig mælt með þessari lítilfjörlegu lagfæringu, þykir mér einsætt, af hinu gefna tilefni, að leggja áherzlu á ranglæti þessarar löggjafar í garð sjómanna.

Íslenzkir sjómenn vinna erfið og áhættusöm störf, sem þjóðfélaginu eru ómetanleg. Vinnutími þeirra er oft langur og starfsskilyrði erfið. Af augljósum ástæðum er það fullkomin sanngirniskrafa, að þeir beri meira úr býtum en starfsstéttir í landi. Það situr sízt á ríkisstjórn og Alþingi að rýra stórlega kjör fiskimanna með ranglátri löggjöf.

Að dómi undirritaðs ber sjómönnum og útgerðarmönnum einn og sami réttur til afla þess, sem á land kemur, þar sem um hlutaskipti er að ræða. Jafnframt á það að vera samningamál sjómanna og útgerðarmanna, hver skiptahlutföllin eru.

Alþingi, 16. jan. 1970.

Gils Guðmundsson.

Nd. 239. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur fjallað um frumvarp þetta og sent það til umsagnar Tryggingastofnunar ríkisins, er mælir með samþykkt þess.

Nefndin leggur einróma til, að frumvarpið verði samþykkt. — Hannibal Valdimarsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. jan. 1970.

Guðl. Gíslason, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr., frsm.	Jónas Árnason.
Jón Kjartansson.	Matthías Bjarnason.	Friðjón Þórðarson.

Sþ. 240. Nefndarálit [30. mál]

um till. til þál. um aukna hagnýtingu á saltsíld.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd Sþ. hefur fjallað um tillögu þessa og m. a. sent hana til umsagnar Síldarútvegsnefnd, L. Í. Ú., Fiskimálaráði, Sambandi ísl. sveitarfélaga og A. S. Í. Bárust umsagnir frá þeim öllum nema hinum síðasttalda, og töldu allir þörf á aukinni athugun á hagnýtingu saltsíldar til útflutnings, en L. Í. Ú. vildi álíta, að sú athugun væri eitt af verkefnum Síldarútvegsnefndar. Síldarútvegsnefnd, Fiskimálaráð og Samband ísl. sveitarfélaga mæltu með samþykkt þáltill., Fiskimálaráð með þeirri ábendingu, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fengi rétt til að nefna

mann í nefnd þá, er lagt er til, að skipuð verði, en Samband ísl. sveitarfélaga benti á, að nefndinni væri ætlaður næsta stuttur tími til starfa.

Allsherjarnefnd varð sammála um að leggja til, að þáltill. yrði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 5 manna nefnd, er rannsaki möguleika á aukinni hagnýtingu saltsíldar til útflutnings. Þessi rannsókn beinist að framleiðslu á síldarflökum og sölu á þeim í smápakkningum. Eftirtaldir aðilar tilnefni sinn manninn hver í nefndina: Síldarútvegsnefnd, Landssamband ísl. útvegsmanna og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, en félög síldarsaltenda sameiginlega einn mann. Viðskiptaráðherra skipar fimmta mann nefndarinnar án tilnefningar, og skal sá maður jafnframt vera formaður hennar. Nefndin skili tillögum sínum eigi síðar en í maílok 1970.

Alþingi, 15. jan. 1970.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Jónas Árnason.	Friðjón Þórðarson.	Gísli Guðmundsson.
	Vilhjálmur Hjálmarsson.	

Sþ. 241. Fyrirspurnir. [144. mál]

I. Til menntamálaráðherra um endurskoðun laga um þjóðleikhús.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hefur ríkisstjórnin í hyggju að láta endurskoða lög nr. 86 frá 5. júní 1947, um þjóðleikhús, með tilliti til fenginnar reynslu?

II. Til ríkisstjórnarinnar um fiskiðnskóla.

Frá Ingvari Gíslasyni og Jóni Skaftasyni.

1. Er þess að vænta, að ríkisstjórnin setji á stofn fiskiðnskóla?
2. Ef svo er, hvert yrði fyrirkomulag hans og hvar yrði honum valinn staður?

III. Til ríkisstjórnarinnar um álit háskólanefndar.

Frá Ingvari Gíslasyni og Jóni Skaftasyni.

1. Hefur ríkisstjórnin tekið afstöðu til meginstefnu þeirrar um nám í Háskóla Íslands, sem fram kemur í áliti háskólanefndar, útgefnu í september 1969?
2. Ef svo er ekki, er þess þá að vænta, að afstaða verði tekin svo tímanlega, að hún geti haft áhrif á fjárveitingar til háskólans á fjárlögum fyrir árið 1971?

Ed. 242. Frumvarp til laga [145. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Eystra-Stokkseyrarsel og hluta af Vestra-Stokkseyrarseli í Stokkseyrarhreppi.

Flm.: Steinþór Gestsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja frú Önnu Valdimarsdóttur, Stekkum, Sandvíkurhreppi, jörðina Eystra-Stokkseyrarsel og þann hluta Vestra-Stokkseyrarsels, sem hún hefur nú til afnota.

2. gr.

Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið af þremur mönnum, sem sýslumaður Árnessýslu dómkveður.

3. gr.

Þurfi ríkið eða ríkisstofnanir á lóð eða landspildu að halda úr hinum seldu jörðum, á það rétt á að fá hana keypta við sama verði hlutfallslega eins og Önnu var gert að greiða fyrir jarðirnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni frú Önnu Valdimarsdóttur. Jarðeign sú, sem frv. gerir ráð fyrir að seld verði, hefur verið í eyði um sinn, og ekki er talið líklegt, að hún byggist að nýju, en landið liggur vel við Stekkalandi og er nú nytjað þaðan, enda er heimajörðin, Stekkar, frekar landlítil, en vel upp byggð.

Hreppsnefndin í Stokkseyrarhreppi hefur á fundi sínum hinn 1. nóv. 1969 tjáð sig samþykka því, að frú Anna Valdimarsdóttir fengi jörðina keypta, og var sú samþykkt hreppsnefndarinnar samhljóða.

Þá hefur hreppsnefnd Sandvíkurhrepps mælt með hinum ráðgerðu kaupum, og fylgir umsögn hennar hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Litlu-Sandvík, 11. jan. 1970.

Anna Valdimarsdóttir, Stekkum í Sandvíkurhreppi, hefur farið fram á það við Alþingi, að hún fái ríkisjörðina Stokkseyrarsel í Stokkseyrarhreppi keypta. Jörð þessi hefur verið í eyði undanfarin ár, og er ekki sjáanlegt, að hún muni byggjast, enda er jörðin húsalaus að mestu, liggur ekki vel við samgöngum og er lítt ræktuð.

Anna Valdimarsdóttir býr á frekar lítilli jörð og er með mikið bú. Því hefur hún nú tekið jörðina Stokkseyrarsel I og II á leigu, og hefur hún nú hug á því að fá jörðina keypta, þar sem hún liggur mjög nálægt Stekkalandi, og virðist mjög hagkvæmt að nytja hana þaðan.

Hreppsnefnd Sandvíkurhrepps mælir með því við Alþingi, að Anna fái jörðina keypta, og mundi það bæta aðstöðu hennar mjög til búrekstrar.

Hreppsnefnd Sandvíkurhrepps, 11. 1. 1970.

Lýður Guðmundsson,
oddviti Sandvíkurhrepps.

Ed. **243. Frumvarp til laga** [146. mál]

um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Sjóðurinn nefnist Lífeyrissjóður sjómanna og starfar með því skipulagi og markmiði, sem segir í lögum þessum. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenzka togara, íslenzk farskip, sem notuð eru til farþegaflutninga eða vöruflutninga, og á íslenzk varðskip, nema yfirmenn á farskipum, sem tryggðir skulu í lífeyrissjóðum, sem skipafélögin eru aðilar að. Yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna skulu tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Heimilt er þó útgerð farskipa að tryggja yfirmönnum lífeyrissjóðsréttindi í sjóði þessum, ef samkomulag næst um það við stéttarfélög yfirmanna.

Sjóðfélagar eru enn fremur þeir sjómenn og beitingamenn, sem lögskráðir eru á íslenzk vélskip, 12 lesta eða stærri, er stunda veiðar með línu, netum, botnvörpu, dragnót, humarvörpu, þorskveiðar með hringnót, lúðuveiðar með línu, síld- og loðnuveiðar, svo og aðrar veiðar, ef í samningum milli félaga sjómanna og útvegsmanna eru ákvæði um lífeyrissjóðsréttindi frá 1. janúar 1970 eða síðar. Sama gildir, ef slík skip eru notuð til flutninga innanlands, flutninga á ísvörðum fiski eða verið er að flytja þau milli landa eða milli staða innanlands. Undanþágu frá þátttöku samkvæmt þessari málsgrein skal þó veita fyrstu 4 mánuðina, sem viðkomandi starfsmaður er hjá sömu útgerð, enda leggi hann fyrir skráningarstjóra skriflega beiðni um slíka undanþágu og eigi ekki réttindi í sjóðnum vegna fyrra tímabils. Þá er ráðherra heimilt að ákveða, að sjómenn, sem þessi málsgrein tekur til og lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, skuli vera utan við sjóðinn, enda komi fram um það eindregnar óskir frá félögum sjómanna og útvegsmanna á þeim stöðum og forsvaranlega sé frá lífeyrissjóðsmálum hlutaðeigandi manna gengið að dómi ráðherra.

Sjóðfélögum samkvæmt 2. málsgr., sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka, ef þeir hefja störf í landi við útgerð. Stjórn sjóðsins setur reglur um iðgjaldagreiðslur í slíkum tilvikum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja starfsmenn sína í sjóði þessum. Sömuleiðis er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa útgerð farskipa, varðskipa og togara að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð, flokkunarviðgerð, eða að öðrum störfum í þágu útgerðar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma, sem úr hefur fallið af þessum sökum, og ákveður stjórn sjóðsins iðgjald. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða iðgjald, er samsvari meðaltekjum togarasjómanna, ef togari tekur upp um skamman tíma aðrar veiðar en togveiðar.

3. gr.

Í 4. gr. laganna komi „sjóðfélagar“ í stað „farmenn og togarasjómenn“, og enn fremur komi „lögum nr. 40/1963“ í stað „lögum nr. 24/1956“.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Í stjórn sjóðsins eiga sæti 7 menn tilnefndir af: Hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Sömu aðilar skipa hver um sig einn varamann í stjórnina.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

5. gr.

Í 2. mgr. 8. gr. laganna komi „lögum nr. 19/1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins“ í stað „lögum nr. 42/1956, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins o. fl.“

6. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af launum, og greiðir sjóðfélagi 4%, en launagreiðandi 6%.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga samkvæmt 1. málsgr. 3. gr. skulu reiknast af heildarlaunum, er sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda. Skulu launagreiðendur halda iðgjöldum sjóðfélaga eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta beint til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga samkvæmt 2. málsgr. 3. gr. skulu á árinu 1970 miðast við eftirfarandi mánaðarlaun:

Fyrir skipstjóra	kr. 20 000.00
Fyrir 1. stýrimann og 1. vélstjóra	— 18 000.00
Fyrir 2. stýrimann, 2. og 3. vélstjóra, netamann og matsvein	— 16 000.00
Fyrir háseta	— 14 000.00

Fjárhæðir þessar skulu síðan ákveðnar í desembermánuði ár hvert fyrir fram fyrir eitt ár í senn og breytast í sama hlutfalli og kauptrygging háseta hefur hækkað frá árslokum 1969, þó þannig, að jafnan séu fjárhæðirnar reiknaðar í heilum tugum króna.

Iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt næstu málsgrein hér á undan skulu launagreiðendur halda eftir af launum og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta til lögskráningarstjóra innan 30 daga frá lokum hvers kauptryggingartímabils. Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar samkvæmt þessu ákvæði, skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip. Um skil lögskráningarstjóra við sjóðinn fer eftir ákvörðun sjóðstjórnar.

Sjóðurinn greiðir lögskráningarstjórum innheimtulaun af iðgjöldum, er þeir innheimta, svo sem um innheimtu fyrir ríkissjóð væri að ræða.

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

7. gr.

3. málsgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Það telst eitt starfsár samkvæmt grein þessari, hafi sjóðfélagi verið iðgjaldsskyldur til sjóðsins sem lögskráður sjómaður í 9 mánuði eða lengur á sama almanaksári.

8. gr.

6. málsgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda

verði aukning örorkunnar ekki rakin til annarra starfa en þeirra, sem aðild sjóðfélagans að sjóðnum er tengd.

9. gr.

Í 1. málsgr. 18. gr. laganna komi „lífeyrissjóði sjómanna“ í stað „lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum“.

Í 2. málsgr. 18. gr. komi „íslenzku skipi“ í stað „farskipi eða togara“.

10. gr.

Í 1. málsgr. 19. gr. laganna komi „lífeyrissjóði sjómanna“ í stað „lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum“.

11. gr.

Í 1. málsgr. 20. gr. laganna komi „lífeyrissjóði sjómanna“ í stað „lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum“.

12. gr.

23. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrissjóður sjómanna skal taka við öllum eignum lífeyrissjóðs togarasjómanna og undirmanna á farskipum, eins og þær eru við gildistöku laga þessara. Jafnframt verði allir sjóðfélagar lífeyrissjóðs togarasjómanna og undirmanna á farskipum félagar í lífeyrissjóði sjómanna, og skulu réttindi þeirra í sjóðnum m. a. miðuð við iðgjöld þau, er þeir höfðu til hans greitt.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1970. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 35 29. apríl 1967, um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 78/1962 og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um lífeyrissjóð sjómanna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Bráðabirgðaákvæði laganna orðist svo:

1. Skylt er sjóðnum að veita viðtöku iðgjöldum, sem haldið hefur verið eftir vegna skipverja á farskipum, frá 1. janúar 1959, svo og hluta útgerðarmanns, og veita þeim réttindi sjóðfélaga í samræmi við það.
2. Skipverji á togara eða undirmaður á farskipi, sem hinn 12. júní 1958 var orðinn eldri en 55 ára, skal við 65 ára aldur eiga rétt til lífeyris og annarra bóta og réttinda, eins og sá, sem greitt hefur til sjóðsins í 10 ár og náð hefur 65 ára aldri. Haldi hann áfram iðgjaldagreiðslu eftir að hafa náð þeim aldri, fær hann aukin réttindi samkvæmt ákvæðum laganna.

   Sá, sem hinn 12. júní 1958 var orðinn 65 ára, var enn á togara eða undirmaður á farskipi og hafði verið það minnst 10 ár, skal eiga réttindi í sjóðnum þannig miðað við framangreindan tíma, að sá, sem var 65 ára, fær rétt eins og sá, sem greitt hefur í 10 ár, 66 ára eins og sá, sem greitt hefur í 11 ár, 67 ára í 12 ár o. s. frv. Haldi hann áfram iðgjaldagreiðslu, fær hann aukin réttindi, eins og að framan greinir. Starfsár á farskipi eða togara telst í þessu tilfelli það sama og ákveðið er í 13. gr. laganna.

   Ákvæði 1. og 2. málsgr. þessa töluliðar skulu einnig gilda um sjóðfélaga samkvæmt 2. málsgr. 3. gr. með þeirri breytingu, að í stað 12. júní 1958 komi 31. desember 1969 eða annað það tímamark síðar, sem aðild að sjóðnum er miðuð við í hlutaðeigandi starfsgrein.

   Ríkissjóður endurgreiði sjóðnum árlega þann kostnað, sem af þessu bráðabirgðaákvæði leiðir. Sama gildir um þann kostnað, sem lífeyrissjóðir þeir, sem tryggja yfirmenn farskipa, verða að greiða vegna sömu reglna og hér um ræðir.

3. Vegna sjóðfélaga samkvæmt 2. málsgr. 3. gr. skal ekki greiða full iðgjöld, sbr. 1. og 3. málsgr. 11. gr., fyrr en frá 1. janúar 1972. Skal á árinu 1970 greiða 40% fullra iðgjalda og á árinu 1971 80% fullra iðgjalda, og skal réttindatími þessi tvö ár reiknast hlutfallslega skemmri, sem þessu nemur.
4. Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð þeirra stjórnarmanna, sem þá eru í stjórn sjóðsins, og varamanna þeirra. Skal ný stjórn skipuð frá sama tíma samkvæmt ákvæðum 5. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

A. Almennar athugasemdir.

Hinn 18. september 1969 skipaði Eggert G. Þorsteinsson, félagsmálaráðherra, nefnd til þess að semja lagafrumvarp, er lyti að aðild bátasjómanna að lífeyrissjóði með tilliti til samkomulags útvegsmanna og bátasjómanna við lausn kjaradeilu þessara aðila 11. febrúar s. l. Í nefndinni áttu sæti:

Einar Árnason, lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna.

Gunnar I. Hafsteinsson, héraðsdómslögmaður, tilnefndur af stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna.

Ingimar Einarsson, lögfræðingur, tilnefndur af fulltrúum togaraeigenda í stjórn L.Í.Ú.

Ingólfur Ingólfsson, framkvæmdastjóri Vélstjórafélags Íslands, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Tryggvi Helgason, tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.

Guðjón Hansen, tryggingafræðingur, skipaður án tilnefningar, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Einar Árnason hefur verið ritari nefndarinnar.

Samkvæmt áðurnefndu samkomulagi útvegsmanna og bátasjómanna hétu samningsaðilar að beita sér fyrir því á árinu 1969, að bátasjómönnum yrði með lögum tryggð aðild að Lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum, en ella skyldi stofnaður sérstakur lífeyrissjóður bátasjómanna.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með því, að bátasjómenn fái aðild að Lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum, svo sem fram kemur í meðfylgjandi lagafrumvarpi. Taldi hún rétt að einskorða tillögur sínar við þau ákvæði, sem eru í beinu sambandi við þessa niðurstöðu, enda er enn ekki lokið þeirri endurskoðun núgildandi laga um lífeyrissjóðinn, sem félagsmálaráðuneytið hefur með skírskotun til þingsályktunar Alþingis frá 17. apríl 1968 falið Guðjóni Hansen, tryggingafræðingi, að annast í samráði og samstarfi við hlutaðeigandi samtök og sjóðstjórn. Vegna óvissu um aðild bátasjómanna hefur lítið verið að þessari endurskoðun unnið á yfirstandandi ári, en væntanlega verður henni hraðað, þegar levst hefur verið það verkefni, sem nefndinni er falið.

Nokkurrar óánægju, sem m. a. hefur komið fram í dagblöðum, hefur orðið vart meðal núverandi sjóðfélaga Lífeyrissjóðs togarasjómanna og undirmanna á farskipum með þá hugmynd að veita bátasjómönnum aðild að sjóðnum. Af því tilefni hafa fulltrúar Sjómannasambands Íslands í nefndinni lýst því yfir, að þeir teldu það yfir allan vafa hafið, að a. m. k. undirmenn á togurum væru því samþykkir, að bátasjómenn fengju aðild að sjóðnum. Þá telur fulltrúi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, að ekki sé ástæða til að ætla, að yfirmenn á togurum séu andvígir aðild bátasjómanna. Með tilliti til þessarar afstöðu fulltrúa sjómanna og þess vilja, sem fram kemur í áðurnefndu samkomulagi útvegsmanna og bátasjómanna, hafa nefndarmenn orðið sammála um, að veita beri bátasjómönnum aðild, og benda jafnframt á eftirtalin rök þessu til stuðnings:

1. Mikil úrganga hefur átt sér stað úr Lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum á undanförnum árum með þeim afleiðingum, að sjóðurinn

hefur styrkzt mjög vegna iðgjalda vinnuveitenda, sem orðið hafa eftir í honum, og er því færari en ella um að standa við skuldbindingar sínar. Ógerlegt er þó að fullyrða um, hver áhrif aðild bátasjómanna hefur að þessu leyti, þegar fram í sækir, og óhjákvæmilega verður að því nokkurt öryggi fyrir sjóðinn og sjóðfélaga, að hann sé ekki um of háður þróun einnar tegundar fiskveiða.

2. Er samdráttur hefur orðið í útgerð togara, hafa margir fyrrverandi togarasjómenn snúið sér að sjómennsku á bátum og afsalað sér þeim lífeyrissjóðsréttindum, er þeir höfðu aflað sér. Meðal bátasjómanna nú eru því margir, sem þátt hafa átt í að efla Lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum, og telja fulltrúar sjómanna í nefndinni eðlilegt, að sjómannastéttin í heild njóti góðs af hagnaði sjóðsins af úrgöngu á undanförnum árum.
3. Í sambandi við þá stórkostlegu fjölgun sjóðfélaga í lífeyrissjóðum, sem á sér stað um næstkomandi áramót, er það mikilvægt, að sjóðum fjölgi ekki meira en nauðsyn krefur, og á þetta einkum við í skyldum starfsgreinum, þar sem flutningar milli sjóða yrðu væntanlega tíðir.
4. Upphaflega var Lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á farskipum einungis ætlaður togarasjómönnum, en árið 1962 fengu farmenn aðild að honum, og er aðild bátasjómanna nú, er samið hefur verið um lífeyrisréttindi þeim til handa, því framhald á sömu stefnu.

Nefndinni var ljóst, að í einstökum verstöðvum mundi vera áhugi á sérsjóði fyrir hlutaðeigandi byggðarlag eða landshluta. Hefur þetta komið berlega fram í Vestmannaeyjum, en fulltrúar útvegsmanna og sjómanna þaðan gengu á fund nefndarinnar 28. október og lýstu afdráttarlaust yfir, að þeir sættu sig ekki við annað en sérsjóð fyrir Vestmannaeyjar, og mundi verkafólk í landi og atvinnurekendur eiga þess kost að vera í þeim sjóði, sem þar yrði stofnaður fyrir bátasjómenn. Lögðu þeir fram á fundinum svo hljóðandi yfirlýsingu:

„Að gefnu tilefni vilja undirrituð félagasamtök lýsa yfir, að við samþykkt á kjarasamningum sjómanna frá 11. febrúar 1969 voru þeir samþykktir í félögum vorum með því skilyrði, gagnvart samkomulagi um lífeyrissjóð bátasjómanna, að félögin í sameiningu beittu sér fyrir stofnun lífeyrissjóðs bátasjómanna í Vestmannaeyjum og hann staðsettur þar. Allt frá byrjun hafa félögin unnið að málinu í samráði við hr. Þóri Bergsson, tryggingafræðing, og er nú svo komið, að félögin munu á næstunni leita eftir staðfestingu á reglum um slíkan sjóð, staðsettan í Vestmannaeyjum.

Algjör einhugur er ríkjandi hjá meðlimum félaganna í máli þessu og óhugsandi, að þeir samþykki eða staðfesti frumvarp og reglugerð, er feli í sér, að bátasjómönnum í Vestmannaeyjum verði gert að skyldu að vera í Lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum, eða öðrum sameiginlegum lífeyrissjóði bátasjómanna.

Virðingarfyllst,

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi. Sjómannafélagið Jötunn.
Vélstjórafélag Vestmannaeyja. Útvegsbændafélag Vestmannaeyja.“

Gegn sérsjóðum fyrir einstaka staði mæla að nokkru leyti sömu rök og þau, sem hér hafa verið tilgreind gegn sérsjóði fyrir bátasjómenn. Fyrir öryggi lífeyrissjóðs og sjóðfélaga er ekki síður mikilvægt, að hann sé ekki um of háður atvinnuþróun eins byggðarlags, en að hann styðjist við meira en eina tegund fiskveiða. Fjöldi sjóða getur líka orðið margfalt meiri, ef landfræðileg skipting á sér stað, en þótt hver höfuðgrein hefði sinn sjóð. Verður þá hættara við en ella, að réttindi fari forgörðum vegna þess, að menn hirði ekki um að flytja þau milli sjóða, þegar þeir um tíma hafa verið lögskráðir utan heimabyggðar sinnar, heldur fái iðgjöld sín endurgreidd. Við þetta bætist, að sú sérstaka áhætta, sem sjómannsstarfinu fylgir, getur kippt stoðum undan fámennum sjóði. Loks má geta þess, að á sjó-

mannaráðstefnu, sem haldin var að tilhlutan Sjómannasambands Íslands 11. og 12. október 1969, var samþykkt ályktun þess efnis, að rétt sé og nauðsynlegt, að allir íslenzkir sjómenn verði í einum sameiginlegum lífeyrissjóði og beri þannig allir sameiginlega áhættuna af hinu hættusama starfi, sem sjómennskan er, á hvers konar skipi sem starfað er og hvar sem er við landið.

Með skírskotun til ofanritaðs er það einróma álit nefndarinnar, að æskilegast sé, að bátasjómenn verði allir í einum og sama sjóði, hvar sem þeir starfa við landið. Meirihluti nefndarinnar, þeir Einar Árnason, Guðjón Hansen, Gunnar I. Hafsteinsson og Ingimar Einarsson, telur hins vegar ekki rétt, að um þetta gildi ófrávíkjanleg lagaákvæði þvert gegn vilja allra hlutaðeigandi aðila í heilum byggðarlögum eða landshlutum, og leggur því til, að í 3. gr. laganna komi ákvæði þess efnis, að ráðherra hafi heimild til að ákveða, að bátasjómenn á einstökum stöðum verði utan við sjóðinn, enda komi fram um það eindregnar óskir frá félögum sjómanna og útvegsmanna á þeim stöðum og forsvaranlega sé gengið frá lífeyrissjóðsmálum þar. Minnihluti nefndarinnar, þeir Ingólfur Ingólfsson, Jón Sigurðsson og Tryggvi Helgason, telur hins vegar rétt, að allir sjómenn séu í einum og sama lífeyrissjóði.

Í samkomulaginu frá 11. febrúar er svo hljóðandi ákvæði: „Lausafé hins væntanlega sjóðs skal að ákveðnum hluta ávaxtað í bönkum og/eða sparisjóðum í heimabyggð sjómanna og útvegsmanna, sem í sjóðinn greiða". Í 3. málsgr. 8. gr. laga um lífeyrissjóð togarasjómanna er hliðstætt ákvæði, svo hljóðandi: „Fé sjóðsins, sem ekki er ráðstafað í föstum lánum eða verðbréfum, skal ávaxtað eftir því, sem við verður komið, í tryggum lánastofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til". Nefndin telur ekki ástæðu til að gera tillögur um breytingu á ákvæði þessu, en þar sem sennilegt er, að það séu lána- og ávöxtunarsjónarmið, sem valda tilhneigingu til stofnunar sérsjóða í einstökum byggðarlögum, er eðlilegt, að ákvæðið verði tekið til endurskoðunar í sambandi við heildarendurskoðun laganna.

Í nefnd, sem skipuð var árið 1959 til þess að undirbúa löggjöf um lífeyrissjóð bátasjómanna og farmanna, varð ágreiningur um, hvort bátasjómenn skyldu vera í sérstakri deild, en togarasjómenn og farmenn í annarri. Gerði meirihlutinn tillögur um deildaskiptingu, en minnihlutinn vildi hafa óskiptan sjóð.

Síðan hafa aðstæður breytzt að því leyti, að gera má ráð fyrir, að frá næstkomandi áramótum verði sjómenn yfirleitt í lífeyrissjóði, hvort sem þeir stunda sjómennsku allt árið eða vinna að hluta í landi. Enn fremur kynnu að verða gerðar slíkar breytingar á bótaákvæðum við heildarendurskoðunina, að brott væru fallin helztu rökin fyrir deildaskiptingu. Af þessum sökum er nefndin sammála um, að á þessu stigi a. m. k. sé ekki rétt að gera ráð fyrir deildaskiptingu.

Í framangreindri ályktun sjómannaráðstefnunnar kemur fram krafa um, að sjóðfélagar öðlist rétt til ellilífeyris við 60 ára aldur, en nú er aldursmarkið 65 ár. Hlýtur þetta atriði að koma til athugunar við heildarendurskoðun laganna, enda mun stjórn lífeyrissjóðsins hafa fengið í hendur samþykktir sama efnis frá allmörgum skipshöfnum.

B. Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Er bátasjómenn hafa fengið aðild að sjóðnum, verður þorri sjómanna innan vébanda hans, en á hinn bóginn verður það einungis í undantekningartilvikum, að aðrir en sjómenn verði sjóðfélagar. Þykir nefndinni því eðlilegt, að nafn sjóðsins verði framvegis Lífeyrissjóður sjómanna.

Um 2. gr.

Ákvæði 2. og 3. málsgreinar eru í samræmi við samkomulagið frá 11. febrúar með þeirri viðbót, að gert er ráð fyrir þeim möguleika, að samningar verði gerðir um lífeyrissjóðsréttindi við aðrar tegundir veiða en þær, sem samkomulagið tekur til, og eru það einkum rækjuveiðar, sem þar eru hafðar í huga. Um heimild ráðherra

til að veita undanþágu frá aðild að sjóðnum skírskotast til þess, sem fram er tekið í almennum athugasemdum hér að framan.

Í 4. og 5. málsgrein eru tekin upp ákvæði laga nr. 35 1967 með þeirri breytingu, að í 4. málsgr. er heimild til að veita félögum og samtökum vinnuveitenda sams konar rétt og sjómannafélög hafa til að tryggja starfsmenn sína í sjóðnum.

Það er álit nefndarinnar, að við heildarendurskoðun laganna beri að athuga, hvort ekki sé unnt að stytta til muna ákvæði 3. greinar með því að fella niður þá upptalningu, sem felst í 2. málsgr. og tryggja á, að ekki sé farið út fyrir ramma samkomulagsins frá 11. febrúar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í samkomulaginu frá 11. febrúar er kveðið svo á, að samningsaðilar skuli fá aðild að stjórn Lífeyrissjóðs togarasjómanna og undirmanna á farskipum í hlutfalli við hlutdeild iðgjaldagreiðslna bátasjómanna og útvegsmanna til sjóðsins.

Í Lífeyrissjóði togarasjómanna var upphaflega þriggja manna stjórn, en er undirmenn á farskipum fengu aðild að honum, var stjórnarmönnum fjölgað í sjö. Er nefndin sammála um, að óæskilegt sé að hafa fjölmennari stjórn, enda gæti þurft að fjölga stjórnarmönnum verulega og hafa skiptingu þeirra breytilega, ef tryggja ætti nokkurn veginn rétt hlutföll.

Samkvæmt núgildandi lögum eru þrír fulltrúar launþega í stjórninni, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands, en þrír fulltrúar vinnuveitenda eru tilnefndir af Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna.

Meirihluti nefndarinnar, þeir Gunnar I. Hafsteinsson, Ingimar Einarsson, Jón Sigurðsson og Tryggvi Helgason, leggur til, að í stað fulltrúa Vinnumálasambands samvinnufélaganna komi fulltrúi frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna í stjórn sjóðsins. Vill meirihlutinn benda á í þessu sambandi, að stjórnir hinna ýmsu fjölmennustu lífeyrissjóða eru yfirleitt skipaðar 3—5 mönnum, sbr. stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, en í henni eiga sæti 3 menn, og stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, en í henni eiga sæti 5 menn. Jafnframt bendir meirihlutinn á, að í samningum um lífeyrissjóði verkafólks, sem gerðir voru á þessu ári, er gert ráð fyrir, að stjórnir þeirra verði skipaðar 4 mönnum.

Minnihluti nefndarinnar, þeir Einar Árnason, Guðjón Hansen og Ingólfur Ingólfsson, leggur til, að tveimur fulltrúum verði bætt við í stjórn sjóðsins, öðrum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, en hinum frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Bendir minnihlutinn á, að sú hugmynd hafi komið fram í nefndinni, að Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna tilnefndu sameiginlega einn fulltrúa, svo að ekki þyrfti að fjölga í stjórninni. Hvorugt þessara samtaka gat hins vegar fallizt á þá breytingu, og telur minnihlutinn það að svo búnu máli tæpast vera í verkahring nefndarinnar að fækka fulltrúum þeirra samtaka, sem nú eiga aðild að sjóðnum.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Ákvæði 3. málsgr. um iðgjöld vegna bátasjómanna eru í samræmi við ákvæði samkomulagsins frá 11. febrúar um iðgjaldagreiðslur. Sérákvæði samkomulagsins um iðgjöld 1970 og 1971 er hins vegar tekið inn í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Vafalaust getur innheimta iðgjalda vegna bátasjómanna reynzt erfið, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir til að auðvelda hana, og er ástæðan hinn mikli fjöldi fyrirtækja, sem standa á skil á iðgjöldum. Leggur nefndin því til, að lögskráningarstjórum verði falin þessi innheimta.

Gert er ráð fyrir, að núgildandi ákvæði um, að iðgjaldagreiðslur skuli falla niður eftir 30 ára iðgjaldagreiðslutíma, gildi einnig um iðgjöld vegna bátasjómanna, þótt ekki sé á slíka takmörkun minnzt í samkomulaginu. Breyting á þessu ákvæði gæti að sjálfsögðu komið til greina í sambandi við heildarendurskoðun laganna.

Um 7. gr.

Í tillögum lífeyrissjóðsnefndarinnar frá 1959 var gert ráð fyrir, að það teldist heilt starfsár hjá bátasjómanni, þótt hann væri lögskráður mun skemur en þá 9 mánuði á almanaksári, sem nú er krafizt af togarasjómönnum og farmönnum. Síðan hafa aðstæður breytzt, m. a. vegna samninganna frá 19. maí um lífeyrisréttindi verkafólks í landi, og þykir því ekki ástæða til að gera tillögu um sérreglu fyrir bátasjómenn, sbr. enn fremur það, sem sagt er í almennum athugasemdum hér að framan um deildaskiptingu sjóðsins.

Um 8.—10. gr.

Þessar greinar þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir, að nafni sjóðsins verði breytt alls staðar, þar sem það kemur fyrir í lögunum frá 1962. Undantekning frá þessu er þó 2. málsgr. 20. gr., enda er þar um að ræða ákvæði, sem bundið var við gildistöku þeirra laga og hefði fremur átt heima í bráðabirgðaákvæðum.

Um 12. og 13. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um bráðabirgðaákvæði.

Samkvæmt núgildandi bráðabirgðaákvæði öðlast togarasjómenn og farmenn, sem eldri voru en 55 ára 12. júní 1958, réttindi umfram þau, sem þeim eru veitt samkvæmt almennum bótaákvæðum laganna. Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóðnum þann kostnað, er af þessu leiðir, og nam kostnaðurinn 399 þús. kr. árið 1968. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að bátasjómenn fái sams konar viðbótarréttindi, er þó verði miðuð við aldur á þeim tíma, er þeir gerast aðilar að sjóðnum. Með tilliti til þess, að slíkt ákvæði, sem upphaflega gilti um togarasjómenn, var látið taka til farmanna, er þeir fengu aðild að sjóðnum, yrði það að teljast ósamræmi, ef annað yrði látið gilda um bátasjómenn. Erfitt mundi reynast að afla vitneskju um kostnað ríkissjóðs vegna þessarar breytingar, en nefndin telur afar ósennilegt, að um yrði að ræða meiri útgjöld vegna bátasjómanna en samanlagt vegna togaramanna og farmanna.

Enn fremur er í frumvarpinu bráðabirgðaákvæði um iðgjaldagreiðslur vegna bátasjómanna árin 1970 og 1971 í samræmi við samkomulagið frá 11. febrúar, svo og um útreikning á réttindatíma þessi tvö ár.

Reykjavík, 25. nóvember 1969.

Guðjón Hansen. Einar Árnason. Jón Sigurðsson.
Tryggvi Helgason. Ingólfur Ingólfsson.

Þegar kjarasamningar útvegsmanna og bátasjómanna voru gerðir 11. febr. s. l. og lögfestir 18. s. m., litu útvegsmenn svo á, að búið væri að jafna allan ágreining, sem reis milli þeirra vegna setningar laga nr. 79 30. desember 1968. Með tilvísun til þess sjáum við ekki ástæðu til annars en að undirrita nefndarálit þetta, þótt samningum hafi nú verið sagt upp.

Gunnar I. Hafsteinsson. Ingimar Einarsson.

Sþ. **244. Tillaga til þingsályktunar** [147. mál]

um sérstakan útreikning framfærsluvísitölu fyrir hvern kaupstað landsins um sig.

Flm.: Karl Guðjónsson, Bragi Sigurjónsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir Kauplagsnefnd og Hagstofuna að reikna út og birta framfærsluvísitölu fyrir hvern kaupstað landsins um sig miðað við verðlag og þjónustu eins og það er á hverjum tíma.

Reglur um vísitölureikning þennan skulu vera hinar sömu og Kauplagsnefnd og Hagstofan nota við gildandi útreikning framfærsluvísitölu hverju sinni að öllu því leyti, sem við getur átt eða nefndir aðilar telja eðlilegan á hverjum tíma, en að auki meti þeir til hækkunar eða lækkunar þau framfærsluatriði, sem þeir telja sérstæð fyrir viðkomandi kaupstað.

Verði kaupsamningar gerðir með viðmiðun við þessar staðarvísitölur, skal einnig birta kaupgjaldsvísitölur staðanna eftir sömu reglum og tíðkast um hina almennu kaupgjaldsvísitölu.

Greinargerð.

Almennir kaupgjaldssamningar eru yfirleitt miðaðir við fast grunnkaup og síðan bætt ofan á dýrtíðaruppbót, sem framfærsluvísitalan er grundvöllur að. Það hefur svo verið mismunandi á hinum ýmsu tímum, hvort allar breytingar framfærsluvísitölunnar hafa komið fram í kaupgjaldinu eða aðeins hluti þeirra. Þetta hefur líka stundum verið og er nú breytilegt eftir hæð grunnlaunanna.

Engu þessu er ætlunin að breyta með tillögu þessari. Eftir sem áður verður það samningsatriði, hver áhrif framfærslukostnaðurinn á að hafa á kaupupphæðina. Hitt er augljóst, að þegar samið er um kaupbreytingar eftir framfærslukostnaði, þurfa samningsaðilar að vita, hver sá kostnaður er og hvernig hann breytist.

Samningsréttur um kaup og kjör verkafólks, sjómanna, iðnaðarmanna annars vegar og atvinnurekenda hins vegar er hjá stéttarfélögum þessara aðila á hverjum stað fyrir sig, og samningar milli þeirra ættu samkvæmt því að fara fram heima í héraði, þótt þróun hafi á síðustu árum orðið sú, að oftast fara samningar fram í Reykjavík, gagnstætt því, sem til var ætlazt í öndverðu. Ýmsir telja þó, að þetta sé ekki óeðlilegt, og margir, að það sé óhjákvæmilegt.

En að því er verðlagsuppbætur á kaup varðar, er þá auðvitað alger nauðsyn, að sá hópur, sem semur fyrir hönd Vestmanneyinga, Seyðfirðinga, Akureyringa, Ísfirðinga, svo að einhver dæmi séu nefnd, hafi eitthvað annað og nákvæmara að styðjast við en framfærslukostnað Reykvíkinga, sem allir vita að ekki er sambærilegur við framfærslukostnaðinn á stöðum, sem verr liggja við aðdráttum, eins og flutningum er háttað.

Auk mismunarins á hinu almenna vöruverði, sem að sjálfsögðu hlýtur að vera meginþáttur framfærslukostnaðarins, er aðstöðumunurinn við nútíma þjóðfélagshætti orðinn mjög mikill og varðar beinum og ósmáum fjármunum fyrir svo til hvern einstakling. Gert er ráð fyrir því í þessari tillögu, að þetta sé metið og tekið inn í vísitölu hvers staðar, svo sem við verður komið. Sem dæmi má nefna: Læknisþjónusta má heita að orðin sé ófullnægjandi víðast hvar utan höfuðborgarsvæðisins, og knýr það margan manninn til kostnaðarsamra ferða heiman frá sér. Skólakerfið er að mestu uppbyggt í höfuðborginni, að því er til æðri skóla tekur, og kallar til sín fjölda fólks til lengri og skemmri dvalar. Ráðstefnur af mörgum gerðum og samningsgerðir stéttarfélaga kalla á fjölda fólks. Það yrði langt mál að telja allt það, sem rekur fólk í ferðir frá landsbyggðinni til höfuðborgarinnar, og er óþarft að gera það hér. — En af því fáa, sem hér er nefnt, má glöggt sjá, að á stöðum, sem liggja utan höfuðborgarsvæðisins, er ástæða til að telja fargjöld að og frá höfuðborginni til almenns framfærslukostnaðar.

Af sérstöðu einstakra kaupstaða er vert að nefna, að Vestmannaeyjar búa í sambandsleysi við þjóðvegakerfið. Þurfa íbúar þar því auðvitað að flytja bifreiðar sínar inn á þjóðvegakerfið öðru hverju og gera það, þrátt fyrir kostnað, sem raunar virðist með öllu hóflaus. Flutningskostnaður bifreiða að og frá þjóðvegakerfinu ætti því að fást reiknaður inn í framfærslukostnað byggðarlagsins.

Þessi tillaga gerir ráð fyrir kaupstöðum landsins sem útreikningssvæðum vísitölu. Kaupsamningar eru að vísu gerðir á ýmsum svæðum utan þeirra. En ætla má, að það sé víðast verðlag á vörum og þjónustu í næsta kaupstað, svo og aðstaðan þar, sem við megi miða á þeim svæðum, svo að skapleg mynd fáist af framfærslukostnaði á samningssvæðinu.

Ætla má, að þegar þær framfærsluvísitölur kaupstaðanna, sem hér er gert ráð fyrir, eru þekktar, verði þær notaðar sem viðmiðun í kaupsamningum, á svipaðan hátt og nú er um þá allsherjarframfærsluvísitölu, sem út er reiknuð.

Þegar svo væri komið, að hinar nýju vísitölur væru orðnar ákvarðandi fyrir kaupgreiðslur, er hér að sjálfsögðu lagt til, að kaupgjaldsvísitölur þær, sem samningar gera ráð fyrir, verði birtar af opinberri hálfu með sama hætti og nú er gert um gildandi kaupgjaldsvísitölu.

Nd. 245. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefndir beggja deilda hafa haft frv. þetta til athugunar á allmörgum fundum.

Á fundum nefndarinnar hafa mætt þeir Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóri og Björn Hermannsson deildarstjóri, en þeir eiga sæti í tollskrárnefnd, og hafa þeir verið nefndunum til ráðuneytis.

Frumvarpið var sent til umsagnar fjölmargra aðila, og bárust nefndinni svör þeirra, svo og erindi frá ýmsum öðrum aðilum. Voru erindi þessi athuguð og ýmsar ábendingar teknar til greina.

Eins og fram kemur í athugasemdum með tollskrárfrumvarpinu, felur það í sér „þær breytingar tolla, sem tengjast og eru forsenda fyrir aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA).“ Breytingartillögur þær, sem formaður nefndarinnar flytur á þskj. 236 og 246, eru í samræmi við þetta markmið tollabreytinganna í frumvarpinu, sumar fluttar samkvæmt ábendingum í erindum, sem nefndinni hafa borizt, og um þær allar haft samráð við tollskrárnefnd. Mun verða gerð nánari grein fyrir tillögunum í framsögu.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem fluttar eru tillögur um á fyrrnefndum tveimur þingskjölum.

Fulltrúar minni hluta nefndarinnar gefa út sérálit, en þeir styðja allflestar breytingartillögur formanns nefndarinnar.

Alþingi, 20. jan. 1970.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Guðl. Gíslason.

Eyjólfur Konr. Jónsson.

Nd. **246. Breytingartillögur** [123. mál]

við frv. til l. um tollskrá o. fl. og við brtt. á þskj. 236.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

I. Við 1. gr.

		Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
1.	Nr. 05.02.00 orðast svo: Hár og burstir af tömdum svínum og villisvínum; greifingjahár og annað hár til burstagerðar; úrgangur af slíkum burstum og hári	15%		30%
2.	Nr. 05.03.00 orðast svo: Hrosshár og hrosshársúrgangur, einnig sett á undirlag eða á milli laga, úr öðrum efnum ..	15%		30%
3.	Nr. 21.05 orðast svo: Súpur og súputeningar, fljótandi, í föstu formi eða sem duft:			
	01 Súpuduft í 5 kg umbúðum og stærri	70%		100%
	02 Annað	100%	70%	100%
4.	Nr. 40.01.02 orðast svo: Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar	10%		30%
5.	Nr. 42.05.01 orðast svo: Leðurrendur til skógerðar, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til þess ..	10%		35%
6.	Nr. 44.22.01 orðast svo: Kjöttunnur og hlutar til þeirra	0		4%
7.	Nr. 44.22.02 orðast svo: Síldartunnur og hlutar til þeirra	0		4%
8.	Nr. 44.25.02 orðast svo: Skósmíðaleistar	7%		35%
9.	Nr. 48.14.09 orðast svo: Annað	35%		80%
10.	Nr. 73.01.10 orðast svo: Spegiljárn	2%		5%
11.	Nr. 73.01.20 orðast svo: Annað	2%		5%
12.	Nr. 73.02.10 orðast svo: Ferrómangan	2%		5%
13.	Nr. 73.02.20 orðast svo: Aðrar	2%		5%
14.	Nr. 73.03.00 orðast svo: Úrgangur og brot af járni eða stáli	2%		5%
15.	Nr. 73.04.00 orðast svo: Kornað járn eða stál, einnig flokkað; vírkúlur úr járni eða stáli	2%		5%
16.	Nr. 73.05.10 orðast svo: Járn- eða stálduft	2%		5%
17.	Nr. 73.05.20 orðast svo: Járn- eða stálsvampur	2%		5%
18.	Nr. 73.06.10 orðast svo: Hnoðuð járn- og stálstykki og stengur, klumpar, drumbar o. þ. h.	2%		5%
19.	Nr. 73.06.20 orðast svo: Steypt hrájárn- og stálstykki	2%		5%

		Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
20.	Nr. 73.07.00 orðast svo: Gjallfrítt hrájárn (blooms), drumbar (billets), plötur (slabs) og renningar (sheet bars) — einnig tinaðir — úr járni og stáli; lauslega formuð stykki með hömrun, að öðru leyti óunnin, úr járni eða stáli	2%		5%
21.	Nr. 73.08.00 orðast svo: Plötuefni í rúllum, úr járni eða stáli	2%		5%
22.	Nr. 73.09.00 orðast svo: Alhæfiplötur (universal plates), úr járni eða stáli	2%		5%
23.	Nr. 73.10.19 orðast svo: Annað	2%		35%
24.	Nr. 73.10.29 orðast svo: Annars	2%		5%
25.	Nr. 73.11.10 orðast svo: Prófíljárn og -stál, 80 mm eða meira; þilstál	2%		5%
26.	Nr. 73.11.20 orðast svo: Annað	2%		5%
27.	Nr. 73.12.00 orðast svo: Bönd úr járni eða stáli, heit- eða kaldvölsuð	2%		15%
28.	Nr. 73.13.10 orðast svo: Þynnur og plötur yfir 4,74 mm að þykkt, þó ekki tinaðar eða báraðar	2%		5%
29.	Nr. 73.13.20 orðast svo: Þynnur og plötur 3—4,75 mm, þó ekki tinaðar eða báraðar	2%		5%
30.	Nr. 73.13.30 orðast svo: Þynnur og plötur minna en 3 mm, þó ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar	2%		5%
31.	Nr. 73.15 orðast svo: Stállegeringar og kolefnisríkt stál með sama lagi og tilgreint er í nr. 73.06—73.14:			
	61 Hrásteypa (ingots) úr kolefnisríku stáli	2%		5%
	62 Hrásteypa (ingots) úr stállegeringum	2%		5%
	63 Gjallfrí hrásteypa (blooms), drumbar (billets), plötur (slabs), stengur (sheet bars) og hálfunnin járnstykki, úr kolefnisríku stáli	2%		5%
	64 Gjallfrí hrásteypa (blooms), drumbar (billets), plötur (slabs), stengur (sheet bars) og hálfunnin járnstykki, úr stállegeringum	2%		5%
	65 Plötuefni í rúllum, úr kolefnisríku stáli	2%		5%
	66 Plötuefni í rúllum, úr stállegeringum	2%		5%
	67 Vírstengur úr kolefnisríku stáli	2%		5%
	68 Vírstengur úr stállegeringum	2%		5%
	69 Stangajárn (þó ekki valsaður vír) og jarðborspípur úr kolefnisríku stáli	2%		5%
	71 Stangajárn (þó ekki valsaður vír) og jarðborspípur, úr stállegeringum	2%		5%
	72 Prófíljárn, 80 mm eða meira, og þil, úr kolefnisríku stáli	2%		5%
	73 Prófíljárn, 80 mm eða meira, og þil, úr stállegeringum	2%		5%

		Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
74	Prófiljárn, minni en 80 mm, úr kolefnisríku stáli	2%		5%
75	Prófiljárn, minni en 80 mm, úr stállegeringum	2%		5%
76	Plötur og þynnur, meira en 4,75 mm að þykkt, og alhæfiplötur, úr kolefnisríku stáli	2%		5%
77	Plötur og þynnur, meira en 4,75 mm að þykkt, og alhæfiplötur, úr stállegeringum	2%		5%
78	Plötur og þynnur, 3 mm—4,75 mm að þykkt, úr kolefnisríku stáli	2%		5%
79	Plötur og þynnur, 3 mm—4,75 mm að þykkt, úr stállegeringum	2%		5%
81	Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar, úr kolefnisríku stáli	2%		5%
82	Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar, úr stállegeringum	2%		5%
83	Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, plettaðar, húðaðar og klæddar, úr kolefnisríku stáli	2%		5%
84	Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, plettaðar, húðaðar og klæddar, úr stállegeringum	2%		5%
85	Bandaefni úr kolefnisríku stáli	2%		5%
86	Bandaefni úr stállegeringum	2%		5%
87	Vír úr kolefnisríku stáli	2%		5%
88	Vír úr stállegeringum	2%		5%
32.	Nr. 73.18.21 orðast svo: Pípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%		5%
33.	Nr. 73.18.31 orðast svo: Pípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%		5%
34.	Nr. 74.19.04 (nýtt nr.) orðast svo: Vörur úr kopar eða koparlegeringum, grófmótaðar, en ekki frekar unnar	7%		70%
35.	Nr. 76.03.00 orðast svo: Plötur og ræmur úr alúmíni	0		5%
36.	Nr. 76.16.07 orðast svo: Rafmagnstengidósir og bólur til gangbrautarmerkingar	25%		70% 35%
37.	Nr. 76.16.08 (nýtt nr.) orðast svo: Vörur úr alúmíni, grófmótaðar, en ekki frekar unnar	7%		70%
38.	Nr. 79.02.02 orðast svo: Vír	7%		35%
39.	Nr. 83.03.01 (sjá brtt. 236) orðast svo: Öryggishurðir með eða án karma til innbyggingar í hús	40%		100%

		Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
40.	Nr. 84.27.00 orðast svo: Pressur, marningsvélar og aðrar vélar og tæki til notkunar við framleiðslu á víni, víndrúfnasafa, öðrum ávaxtasafa og öðru þess háttar	7%		25%
41.	Nr. 84.28.00 orðast svo: Aðrar vélar og tæki til landbúnaðar, garðyrkju, alifuglaræktar og býflugnaræktar; spírunartæki með mekaniskum útbúnaði eða útbúnaði til upphitunar; útungunarvélar og ungamæður	7%		25%
42.	Nr. 85.01.01 (sjá brtt. 236) orðast svo: Straumfestar (ballasts)	10%		35%
43.	Nr. 85.04.01 orðast svo: Efni í rafgeyma	10%		20%
44.	Nr. 87.01.12 orðast svo: Snjósleðar	40%		60%
45.	Nr. 87.02.20 orðast svo: Almenningsbifreiðar (svo sem langferðabifreiðar og strætisvagnar)	30%		40%
46.	Nr. 87.02.32 orðast svo: Snjósleðar	40%		60%
47.	Nr. 87.02.33 orðast svo: Vörubifreiðar dísilknúnar, að burðarmagni 3 tonn og þar yfir	30%		40%
48.	Nr. 87.02.34 orðast svo: Vörubifreiðar aðrar en dísilknúnar, að burðarmagni 3 tonn og þar yfir	30%		40%
49.	Nr. 87.03.09 orðast svo: Aðrar	30%		40%
50.	Nr. 87.04.22 orðast svo: Fyrir vörubifreiðar, fyrir bifreiðar í jeppaflokki (í nr. 87.02.37) og almenningsbifreiðar	30%		40%
51.	Nr. 87.14.03 (nýtt nr.) orðast svo: Haugsugur	7%		
52.	Nr. 90.27.00 orðast svo: Snúningsteljarar, framleiðsluteljarar, taxtamælar, kílómetramælar, skrefteljarar og annað þess háttar, hraðamælar (einnig segulmagns) og snúningshraðamælar (tachometers) (aðrar en vörur þær, er teljast til nr. 90.14); snúðsjár (stroboscopes)	25%		35%
53.	Nr. 94.01 orðast svo: Stólar og önnur sæti (þar með taldir svefnsófar o. þ. h.) og hlutar til þeirra, þó ekki sæti, er teljast til nr. 94.02:			
	01 Dráttarvélasæti	7%		90%
	09 Annað	90%	65%	90%

II. Við 3. gr.

1. Á eftir 19. tölul. komi nýr tölul., svo hljóðandi:

20. Að fella niður gjöld af bókum á íslenzku, prentuðum erlendis, enda séu bækurnar gerðar í samvinnu við erlenda aðila og verði ekki gerðar hér á landi á viðhlítandi hátt.

2. 28. tölul. breytist þannig:
   a. Í stað „500 000“ kemur: 1 000 000.
   b. Aftan við tölul. bætist nýr málsl., svo hljóðandi:
      Sé um að ræða viðgerð, er nemur ekki þeirri fjárhæð, en er þó hærri en 100 þús. kr., er heimilt að ákveða ákveðið hlutfall af sannanlegum efniskostnaði sem endurgreiðslu tolla af viðgerðinni.

Ed. 247. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til laga um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp þetta er flutt til efnda á fyrirheiti, er ríkisstjórnin gaf í sambandi við lausn kjaradeilunnar, er lauk 19. maí s. l., þess efnis, að ríkisstjórnin beitti sér fyrir greiðslu lífeyris til aldraðra félagsmanna í stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands. Samkvæmt frumvarpinu skal inna þessar sérstöku lífeyrisgreiðslur af hendi á tímabilinu frá 1. jan. 1970 til 1. jan. 1985. Fjármagn til þessara greiðslna skal ríkissjóður leggja fram að ¼ hluta, en atvinnuleysistryggingasjóður að ¾ hlutum.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið eða styðja slíkar breytingartillögur, er fram kynnu að koma.

Alþingi, 20. jan. 1970.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson.
Steinþór Gestsson.	Björn Jónsson.	Ásgeir Bjarnason.
	Axel Jónsson.	

Sþ. 248. Nefndarálit [19. mál]

um till. til þál. um vísitölu byggingarkostnaðar.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um þáltill. þessa og m. a. fengið hagstofustjóra og forstjóra Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins til viðtals um efni þáltill. Lýstu þeir sig báðir meðmælta endurskoðun þeirri, er þáltill. mælir fyrir um.

Allsherjarnefnd varð sammála um að leggja til, að þáltill. yrði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna, Matthías Bjarnason, var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. jan. 1970.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson.
Friðjón Þórðarson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Jónas Árnason.

Nd. 249. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 19. jan. 1970.

Guðl. Gíslason, form., frsm. | Bragi Sigurjónsson, fundaskr. | Matthías Bjarnason.
Friðjón Þórðarson. | Hannibal Valdimarsson. | Jónas Árnason.
Jón Kjartansson.

Nd. 250. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97 27. des. 1965, um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og mælir með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 19. jan. 1970.

Guðl. Gíslason, form., frsm. | Bragi Sigurjónsson, fundaskr. | Matthías Bjarnason.
Friðjón Þórðarson. | Hannibal Valdimarsson. | Jónas Árnason.
Jón Kjartansson, með fyrirvara.

Nd. 251. Breytingartillaga [2. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97 27. des. 1965, um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Jóni Kjartanssyni og Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr.

a. Í stað „nýr stafliður“ komi: nýir töluliðir.

b. Aftan við gr. komi nýr töluliður, sem verði hinn 4., svo hljóðandi:

Heimilt skal veðdeild Landsbanka Íslands að veita lántakanda gjaldfrest í tvö ár, ef hlutaðeigandi hefur orðið fyrir fjárhagslegum áföllum vegna atvinnuleysis eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum.

Nd. 252. Breytingartillaga [70. mál]

við frv. til l. um heimild handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Upphaf 1. gr. orðist svo:

Heimilt er að veita Kvennaskólanum í Reykjavík rétt til þess að starfrækja menntadeild með sérstöku nafni fyrir stúlkur og pilta.

Ed. 253. Frumvarp til laga [148. mál]

um breyting á lögum nr. 8 21. marz 1963, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

14. og 15. töluliðir 1. gr. laganna orðist þannig:

14. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að mörkum milli Breiðdalshrepps og Beruneshrepps.
15. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla og Geithellnahreppur, Búlandshreppur og Beruneshreppur í Suður-Múlasýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Dýralæknaumdæmum á Austurlandi er þannig skipt samkvæmt gildandi lögum, að Austurlandsumdæmi nær suður að Breiðdalsheiði og Austur-Skaftafellssýsluumdæmi þangað austur.

Reynslan sýnir, að erfitt er fyrir dýralækninn á Hornafirði að veita þjónustu alla leið austur í Breiðdal. Auðveldara er fyrir íbúa Breiðdalshrepps að hafa samband við dýralækninn á Egilsstöðum, svo að þeir óska þess, að Breiðdalur verði framvegis í Austurlandsumdæmi.

Frumvarp þetta er í samræmi við þessar óskir Breiðdælinga. Í því felst sú breyting á gildandi lögum, að skilin milli dýralæknaumdæmanna verði ekki á Breiðdalsheiði, eins og nú er, heldur við mörkin milli Breiðdalshrepps og Beruneshrepps.

Nd. 254. Frumvarp til laga [149. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

58. og 59. grein laganna verði dregnar saman í eina grein, er verði 58. gr., svo hljóðandi:

Útflytjendur skulu afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans í því umdæmi, sem vara er tekin í far það, sem flytja á hana til útlanda, skýrslu um vöruna, ásamt samriti af farmskírteini, útflutningsleyfi og matsvottorði, þar sem þess er krafizt, svo og sölureikningum um vöruna.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um gerð skjala þessara og hverra skjala og skilríkja er annars krafizt varðandi útflutningsvöru. Í reglugerð má enn fremur kveða svo á, að útflutningsskýrsla og útflutningsskilríki skuli afhent áður en vara er flutt í far og svo tímanlega, að áður geti farið fram rannsókn á henni.

Skýrslu um afla íslenzkra veiðiskipa, sem flytja sjálf út eigin veiði til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa á fyrstu höfn, sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum, eða — ef skipið tekur ekki höfn, áður en það flytur aftur afla á erlendan markað — þegar það næst leitar hafnar hér á landi. Taki veiðiskipið ekki fyrstu höfn á þeim stað, þar sem það er gert út, ber að senda skýrslu þessa tollstjóra útgerðarstaðar skipsins.

Greiða skal útflutningsgjöld og fullnægja útflutningsskilyrðum í því umdæmi, sem útflutningsvara er flutt í far það, sem flytja á vöruna til útlanda.

Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð eða fyrirmælum í öðru formi vikið frá ákvæðum 4. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Eftir 58. grein laganna komi ný grein, er verði 59. grein, svo hljóðandi:

Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi, sem kveður á um tollalækkanir eða aðra tilhliðrun fyrir íslenzkar útflutningsvörur við tollafgreiðslu í viðkomandi landi eða löndum, og að vörunum skuli fylgja skilríki um uppruna, tollendurgreiðslur o. fl., er það skylda tollyfirvalda, sé fram á það farið, að veita aðstoð um upplýsingar, vottorðagjöf og þess háttar.

Öll skjöl og vottorð um uppruna vöru, tollendurgreiðslur af þeim o. fl. skv. 1. málsgr. þessarar greinar skulu vera að formi og frágangi eins og ákveðið verður af ráðherra.

Fjármálaráðherra getur með nánar ákveðnum skilyrðum veitt aðilum, sem þess óska, leyfi til að gefa út sum eða öll þau skjöl og vottorð, sem fjallað er um í 1. mgr.

Nú óskar aðildarríki að milliríkjasamningi skv. 1. mgr. að sannreyna sannleiksgildi skjala eða vottorða um uppruna, tollendurgreiðslur o. s. frv., um útfluttar vörur, sem fluttar eru til viðkomandi landa, eða nauðsynlegt telst af öðrum ástæðum að framkvæma slíka rannsókn, og getur tollyfirvald þá krafið atvinnurekanda og aðra, sem hlut eiga að máli, um upplýsingar um atriði, sem þýðingu hafa fyrir rannsóknina, og getur eftir atvikum látið rannsaka atvinnuhúsnæði, reikningshald og bréfaviðskipti nefndra aðila.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um ákvæði 1. og 4. mgr. þessarar greinar.

Fjármálaráðherra getur skv. nánari ákvæðum löggilt innlend samtök til að gefa út ábyrgðarskjöl (carneter), sem ábyrgjast gagnvart yfirvöldum í öðrum ríkjum greiðslu gjalda af vörum, sem fluttar eru út héðan til tímabundinna nota eða til gegnumflutnings í því ríki, þegar um er að ræða útflutningsvörur, sem lúta sérstakri meðferð, samkvæmt milliríkjasamningi, sem Ísland er aðili að.

3. gr.

Aftan við 3. málsgr. 63. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, 4. og 5. mgr., svo hljóðandi:

Það varðar sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, að láta í té eða valda því, að látin séu í té skjöl eða vottorð, sem eru röng í mikilvægum atriðum um uppruna íslenzkrar útflutningsvöru eða önnur atriði um hana, sem eiga að tryggja, að varan njóti fríðinda við innflutning í annað ríki eða skoðist hæf til svæðistollmeðferðar þar, vegna milliríkjasamninga. Þó má falla frá málsókn, ef sá, sem misgert er við, hefur ekki krafizt hennar eða málsókn reynist ekki réttmæt á grundvelli þeirra sönnunargagna, sem fyrir liggja.

Nú hefur fjármálaráðherra veitt einstaklingi, félagi eða stofnun leyfi til að gefa út skjöl þau og vottorð, sem nefnd eru í næstu mgr. hér að framan, sbr. 3. mgr. 59. gr. laganna, en ekki verður sannað, hver hafi undirritað þau, og skal þá viðkomandi leyfishafi, sé um einstakling að ræða, eða framkvæmdastjóri, sé um félag eða stofnun að ræða, bera refsiábyrgðina.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er flutt til þess að lögfesta nauðsynleg atriði í sambandi við útflutning íslenzkra afurða til EFTA-landanna. Þótti henta bezt að setja ákvæði þessi inn í lög um tollheimtu og tolleftirlit, sem hafa að geyma helztu ákvæði laga um eftirlit með útflutningsvörum, svo og refsiákvæði, sem beita skal í þeim tilfellum, að gefnar séu rangar upplýsingar eða yfirlýsingar við greiðslu aðflutningsgjalda.

Um 1. gr.

Hér hafa tvær greinar laga um tollheimtu og tolleftirlit verið sameinaðar í eina til þess að raska ekki greinatölu laganna við það, að skjóta þarf inn nýrri grein næst á eftir. Greinarnar eru sameinaðar orðréttar að öðru leyti en því, að tilvitnunin til 1. mgr. 59. gr. breytist að sjálfsögðu í tilvitnun til 4. mgr. 58. gr. eftir sameininguna.

Um 2. gr.

Ákvæði þau, sem þessi grein hefur að geyma, er nauðsynlegt að lögfesta, sbr. „Tillögu til þingsályktunar um aðild Íslands að fríverzlunarsamtökum Evrópu", blaðsíðu 30, 8. og 9. regla.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er um að ræða refsiákvæði, sem aðildarríki EFTA skuldbinda sig til að setja í lög, sbr. áðurnefnda tillögu til þingsályktunar, bls. 32, 10. regla.

Ákvæði 2. mgr. greinarinnar hafa verið borin undir saksóknara ríkisins.

Ed. 255. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., nr. 14 20. júní 1923.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 20. jan. 1970.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Sveinn Guðmundsson, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.
Ólafur Björnsson. Kristján Thorlacius. Auður Auðuns. Karl Guðjónsson.

Nd. 256. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir um breytingar á tollskrá, er flutt af ríkisstjórninni, fyrst og fremst til þess að breyta tollalöggjöfinni til samræmis við þær skuldbindingar, sem fylgja aðild Íslands að EFTA. Hér er því ekki um almenna

endurskoðun á tollalöggjöfinni að ræða, heldur takmarkaðar breytingar, sem í ýmsum tilfellum auka fremur en minnka það misræmi, sem fyrir er í tollskrárlögum.

Aðalbreytingar, sem í frv. felast, eru þær, að lækkaður er tollur á svonefndum EFTA-vörum um 30% og um 50% á ýmsum efnivörum til iðnaðar, og sömuleiðis er talsverð lækkun á tollum á ýmsum vélum.

30% tollalækkunin á EFTA-vörum er þannig hugsuð, að lækkaður verður innflutningstollur á þeim tegundum iðnaðarvöru, sem framleiddar eru hér í landinu, og þó á þessi tollalækkun eingöngu að ná til þess hluta af þessum vörutegundum, sem fluttar eru inn frá EFTA-löndum.

Á þennan hátt verður um að ræða tvenns konar tollstiga á sams konar vöru eftir því, hvort varan er flutt inn frá EFTA-landi eða öðrum löndum. Þannig verður t. d. tollur á ýmiss konar fatnaði nú 65%, séu fötin keypt frá Þýzkalandi, Póllandi eða Bandaríkjunum, en 45%, ef þau eru keypt frá Bretlandi eða Danmörku. Í ýmsum tilfellum verður þessi tollamunur á sams konar vöru enn þá meiri. Þannig verður t. d. tollur á húsgögnum frá löndum utan EFTA 90%, en frá EFTA-löndum 65%.

Þessi tvöfaldi tollstigi, sem þannig verður myndaður, felur í sér margs konar hættur.

Í fyrsta lagi verður einstökum viðskiptalöndum Íslands mismunað herfilega, og er veruleg hætta á, að ýmis lönd, sem þannig eru látin sitja við óhagstæðari verzlunaraðstöðu, reyni að jafna þetta óhagræði upp með lækkun á því verði, sem þau gefa fyrir íslenzkar útflutningsvörur. Þannig er sérstaklega hætt við því, að Austur-Evrópuríkin muni t. d. reyna að bæta sér upp óhagræðið með lækkun á því verði, sem þau greiða fyrir okkar útflutningsvörur. Þessi mikli tollamunur, sem í ýmsum tilvikum nemur 20—25% af heildartollverðinu, hlýtur að hafa mikil áhrif í viðskiptunum með þessar vörur. Enda segir ríkisstjórnin í greinargerð frumvarpsins, að hún reikni með því, að þessar vörur, sem verða með lægri toll, séu þær keyptar frá EFTA-löndum, verði fljótlega allar keyptar frá þeim löndum.

Þá er önnur hætta, sem fylgir þessum tollamismun. Í ýmsum tilfellum getur svo farið, að hagkvæmara sé fyrir innflytjendur að kaupa þær vörur erlendis, sem dýrari eru í erlendum gjaldeyri, þar sem innflutningstollurinn á þeim verður lægri. Svona mikill tollamismunur á sams konar vöru getur því leitt til **óhagkvæmra** utanríkisviðskipta, til óþarfrar gjaldeyriseyðslu.

Ég er algjörlega andvígur þessum tvöfalda tollstiga á sams konar vöru. Ég flyt því tillögu um, að svo nefndur EFTA-tollur verði einnig látinn gilda um vörur, sem keyptar eru inn frá löndum utan EFTA. Samkvæmt EFTA-samningnum er okkur þetta heimilt, því að hömlur eiga ekki að vera á því, hvernig við höfum tolla gagnvart öðrum löndum.

Það er skoðun mín, að mikil nauðsyn sé á, að tollskráin verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar með það fyrir augum að lækka tolla og leiðrétta margs konar misrétti, sem nú er orðið í tollalöggjöf landsins. En sú tollalækkun á ekki að miðast fyrst og fremst við það að lækka tolla á þeim vörum, sem framleiddar eru innanlands, heldur við þarfir atvinnuveganna og sanngirni gagnvart heimilum og einstaklingum. Nokkur tollvernd fyrir innlendan iðnað getur átt rétt á sér, en þar verður þó að gæta þess vel, að ekki sé haldið uppi óhagkvæmum rekstri beinlínis í skjóli tollverndar.

Í gildandi tollalögum eru margvísleg tæki og áhöld, sem nauðsynleg eru í atvinnurekstri og einnig má flokka undir nauðsynleg eða óhjákvæmileg tæki í heimilisrekstri, tolluð mjög hátt.

Flestir tollar hafa á sínum tíma verið á lagðir sem fjáröflunartollar fyrir ríkið. Í sumum tilfellum eru þessir fjáröflunartollar ekki óeðlilegir, en í öðrum eru þeir orðnir mjög óréttlátir og valda beinlínis hættulegri og ósanngjarnri skattlagningu.

Tollalækkun sú, sem frumvarpið felur í sér á efnivörum til iðnaðar, er til bóta, svo langt sem hún nær. Í mörgum tilfellum nær sú lækkun ekki því, að hún jafn-

gildi þeirri hækkun á efnivöru, sem leiðir af 3½% hækkun á söluskatti. Sama er að segja um tollalækkun á ýmsum vélum og tækjum. Þar verður um raunverulega verðhækkun að ræða í framkvæmd, þar sem söluskattshækkunin 3½% á útsöluverð nemur hærri upphæð en tollalækkunin.

Ýmsar lækkanir á tollum samkv. frumvarpinu eru þó til bóta, og ég er fylgjandi þeim. Ég mun því styðja nokkrar tillögur, sem fram koma í frumvarpinu, og einnig nokkrar þeirra, sem fluttar eru af meiri hl. fjárhagsnefndar, en ég er andvígur öðrum tillögum og sérstaklega því meginákvæði frumvarpsins, sem gerir ráð fyrir misháum tolli á sams konar vöru eftir því, frá hvaða landi varan er keypt.

Alþingi, 20. jan. 1970.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 257. Breytingartillaga [123. mál]

við frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 1. gr. Síðari hluti 1. málsgr. orðist þannig:

tollskrá,

þannig, að dálkur nr. 1 gildir fyrir allar innfluttar vörur, nema sérstaklega sé á annan hátt ákveðið. Dálkur nr. 2 gildir fyrir vörur innfluttar til landsins samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA), en af öllum slíkum vörum skal greiða sama toll, hvort sem þær eru fluttar inn frá EFTA-landi eða öðrum löndum, og skal þá tilgreindur EFTA-tollur gilda:

Nd. 258. Frumvarp til laga [150. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og lögum nr. 83 29. des. 1967.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Eysteinn Jónsson, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Á eftir e-lið fyrri mgr. 46. gr. laganna (4. gr. laga nr. 83 1967) bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

f. Að greiða óhjákvæmilegan ferðakostnað sjúklinga svo og barnshafandi kvenna úr þeim héruðum, þar sem ekki er læknir til staðar eða sjúkrahús.

Nánari reglur um þessar sérstöku ferðakostnaðargreiðslur setur tryggingaráð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt mesta vandamál margra héraða nú er læknaskorturinn. Íbúarnir í þessum héruðum búa við svo mikið öryggisleysi og erfiðleika, að vart er hægt að lýsa með orðum. Þótt aðstöðumunur landsins barna sé mikill á mörgum sviðum, þá er hann mestur og geigvænlegastur í þessum efnum. Ef slys ber að höndum eða snögg lífs-

hættuleg veikindi, er það oft atvikum háð, hvort mögulegt reynist að ná til læknis í tæka tíð. En þó að óvissan sé mest yfir vetrarmánuðina í afskekktum snjóþungum héruðum, sem búa við ófullkomið vegakerfi, er hún alls staðar fyrir hendi, þar sem miklar vegalengdir eru til næsta læknis í vetrarveðráttu. Það hefur því orðið fangaráð, að barnshafandi konur, sem búsettar eru í þessum héruðum, hafa tekið sig upp nokkrum vikum áður en þær vænta sín og flutzt til þeirra staða, sem hafa næga lækna- og sjúkrahúsþjónustu. Þessu hlýtur að fylgja mikill kostnaður, sem er óeðlilegt og ósanngjarnt að þær beri. Ef þessi sjálfsagða þjónusta er ekki til staðar heima í héruðunum, eins og búið er að viðurkenna að eigi að vera með því að skipta landinu öllu í læknishéruð, þá má ekki minna vera en að þeir, sem þurfa á henni að halda og fá hana ekki í sinni heimabyggð, þurfi ekki að borga ferðakostnaðinn. Annar kostnaður og óþægindi, sem af þessu leiðir, eru næg fyrir því.

Í lögum um almannatryggingar frá 1967, 7. gr., sem er breyting á 49. gr. laganna frá 1963, segir í h-lið:

„Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks samlagsmanns á sjúkrahús innanlands að ¾ hlutum, enda sé flutningsþörfin svo bráð og heilsu hins sjúka svo farið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningaleiðum að dómi samlagslæknis og sjúkrasamlagsstjórnar."

Þetta lagaákvæði er gott, svo langt sem það nær. Hins vegar skiptir allt öðru máli, sé héraðið læknislaust. Þá er eðlilegra, að sjúkratryggingadeild greiði þennan kostnað fremur en sjúkrasamlögin og að þessi kostnaður sé greiddur, hvort sem farið er með áætlunarferðum eða ekki. Og það sýnist vera eðlilegt og sanngjarnt, að hinn sjúki fái allan ferðakostnaðinn greiddan í þeim tilfellum, því að ef þjóðfélagið innir ekki þá sjálfsögðu skyldu af hendi við héruðin að sjá þeim fyrir læknisþjónustu, þá hlýtur samfélagið að eiga að bera þann kostnað, sem af vanrækslunni leiðir.

Nd. 259. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Aðalbreytingar tollskrárfrv. þess, sem hér liggur fyrir, eru í því fólgnar að breyta tollunum til samræmis við þá ákvörðun meiri hluta Alþingis, að Ísland gerist aðili að EFTA frá 1. marz n. k. Samkvæmt því eiga verndartollar á vörum frá EFTA-löndum að lækka strax um 30%. Sú lækkun á að gilda næstu fjögur árin, en síðan eiga þeir að lækka jafnt árlega næstu 6 árin, unz þeir falla alveg niður, þegar 10 ár verða liðin frá inngöngu Íslands í EFTA. Jafnhliða því, að tollskráin hefur í frv. verið samræmd þessu samkomulagi, felast einnig í því tollalækkanir á efnum og vélum til iðnaðarins, og er ætlunin með þeim að bæta iðnaðinum þannig að nokkru lækkun verndartollanna.

Það var upphaflega ætlun ríkisstjórnarinnar að afgreiða þetta frv. á örfáum dögum fyrir jólin. Stjórnarandstaðan mótmælti því, að jafnumfangsmikið og flókið mál væri látið sæta svo ófullkominni og óþinglegri meðferð. Þá fyrst var látið undan þessum mótmælum, þegar stjórnarandstæðingar höfðu ákveðið að grípa til málþófs ella. Frv. hefur síðan verið til meðferðar, fyrst hjá tollskrárnefnd og hjá fjárhagsnefndum beggja þingdeilda, eftir að Alþingi kom saman að nýju. Fyrir nefndunum hafa legið fjölmargar óskir og ábendingar um breytingar, bæði frá félagssamtökum og einstaklingum, og hefur verið orðið við mörgum þeirra. Þær breytingartillögur, sem meiri hlutinn hefur fallizt á og formaður fjárhagsnefndar flytur á tveimur þingskjölum, eru á annað hundrað og munu samanlagt nema nálægt 30 millj. kr. tollalækkun. Langflestar þessara tillagna stefna að því að bæta

aðstöðu iðnaðarins. Af þessu má ráða, að það hefur orðið til verulegs ávinnings fyrir iðnaðinn, að frv. var ekki afgreitt nær athugunarlaust fyrir jól.

Fjárhagsnefndir beggja þingdeilda hafa unnið sameiginlega að athugun frv. Sú athugun hefur fyrst og fremst beinzt að því að samræma frv. þeim breytingum, sem leiðir af EFTA-aðildinni, og bæta aðstöðu iðnaðarins með tilliti til þess. Önnur atriði tollskrárinnar hafa yfirleitt ekki komið til athugunar að þessu sinni, þótt þar sé víða orðin mikilla breytinga þörf. Slík athugun kemur tæpast til greina nema sem þáttur í heildarathugun á öllum tekjustofnum ríkisins, en slík heildarathugun er tvímælalaust orðin mjög aðkallandi.

Þeirri meginstefnu er yfirleitt fylgt í frv., að verndartollarnir eru lækkaðir um 30% samkv. samningnum við EFTA, tollar á hráefnum til iðnaðarins eru taldir lækkaðir um 50%, og tollar á vélum til iðnaðarins úr 25% í 7%. Lækkun hráefnistollanna er þó ekki jöfn á öllum vörum. Í sumum tilfellum er um meira en 50% lækkun að ræða, en í öðrum miklu minni en 50%. Jafnvel þótt lækkunin sé 50% eða meiri, mun hún í mörgum tilfellum ekki nægja til að tryggja jafnmikla verðlækkun á innlendum vörum og erlendu vörurnar lækka í verði vegna 30% lækkunar verndartollanna. Þegar um minni lækkun hráefnatollanna er að ræða, verður útkoman enn óhagstæðari fyrir innlendu vöruna. Þetta gildir um ýmsar stórar iðngreinar, t. d. innréttingaiðnaðinn, en þar lækkar tollurinn á veigamiklu hráefni (spónplötum) ekki nema úr 40% í 30%, en tollurinn á fullunnum innréttingum frá EFTA-löndum lækkar úr 60% í 40%. Fleiri slík dæmi mætti nefna.

Það er álit okkar, sem stöndum að þessu nefndaráliti, að hér sé of skammt gengið, hér nægi ekkert minna en að fella alveg niður tolla á vélum og efni til iðnaðarins, enda er það í samræmi við tillögur, sem framsóknarmenn hafa flutt á undanförnum þingum. Það er álit okkar, að næstu fjögur árin verði að nota mjög kappsamlega til að auka samkeppnishæfni iðnaðarins, svo að hann verði sem bezt undir það búinn að mæta þeirri lækkun verndartollanna, sem þá kemur til sögunnar. Þessi tími mundi notast iðnaðinum enn betur, ef tollar á vélum og efni til hans yrðu felldir niður sem allra fyrst.

Það er álit okkar, að jafnhliða og tollar eru afnumdir á vélum til iðnaðarins, beri einnig að fella niður tolla á hliðstæðum vélum og tækjum til sjávarútvegs og landbúnaðar. Slíkir tollar eru nú á vélum til landbúnaðarins 10%, en eru lækkaðir í 7% í frv. Sú lækkun nægir ekki til að vega á móti fyrirhugaðri 3½% hækkun söluskattsins, og mun því verð á þessum vélum hækka, ef tollurinn er ekki lækkaður meira en frv. gerir ráð fyrir. Tollar á vélum og tækjum til sjávarútvegsins eru nú 4% og eiga að haldast óbreyttir samkv. frv. Þessi tæki munu því að óbreyttu hækka jafnmikið í verði og allri söluskattshækkuninni nemur.

Til þess að ganga úr skugga um, hver þingviljinn sé í þessum efnum, flytjum við nú við 2. umr. tillögur um afnám tolla á nokkrum vélum og tækjum, sem iðnaðurinn, sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn nota. Verði þessar tillögur samþykktar, munum við flytja við 3. umr. tillögur um afnám tolla á öllum öðrum sambærilegum vélum og tækjum, en ella er óþarft að vera með langan tillöguflutning og margar atkvæðagreiðslur um þetta efni.

Það kostar bæði mikla vinnu og sérþekkingu að undirbúa tillögur um afnám tolla á hráefnum til iðnaðarins, því að nú er þeim blandað saman við ýmsa vöruflokka, sem vart aðrir en sérfræðingar geta greint sundur. Við höfum því horfið frá því ráði að bera fram sérstakar tillögur um lækkun hráefnatolla á einstökum vörum, en leggjum til, að tollskrárnefnd ríkisins verði falið, ásamt fulltrúum iðnaðar- og verzlunarsamtakanna, að endurskoða tollskrána með það fyrir augum, að hráefnatollar verði felldir niður. Tillögur um þetta efni verði lagðar fyrir næsta þing.

Eins og þegar hefur verið tekið fram, teljum við það mjög mikilvægt fyrir iðnaðinn, — og raunar eitt af skilyrðum þess, að hann standist þá samkeppni, sem

af EFTA-aðild hlýzt, — að tollar á hráefnum og vélum til hans verði alveg felldir niður. En þótt þessar tillögur okkar nái ekki fram að ganga að sinni, munum við samt greiða atkvæði með frv., þar sem við teljum þá lækkun hráefnatollanna og vélatollanna, sem í því felst, spor í rétta átt, þótt það gangi of skammt.

Breytingartillögur okkar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 21. jan. 1970.

Þórarinn Þórarinsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 260. Breytingartillögur [123. mál]

við frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (ÞÞ, VH).

		Tollskrártollur
I.	Við 1. gr.	
1.	Nr. 84.24.01 til 09 orðist svo:	
	01 Plógar	0
	02 Herfi	0
	03 Áburðardreifarar	0
	09 Annað	0
2.	Nr. 84.25.02 til 09 orðist svo:	
	02 Aðrar sláttuvélar	0
	03 Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti	0
	04 Rakstrar- og snúningsvélar	0
	05 Flokkunarvélar	0
	09 Annað	0
3.	Nr. 84.26.01 til 09 orðist svo:	
	01 Mjaltavélar	0
	02 Mjólkurvinnsluvélar	0
	09 Aðrar	0
4.	Nr. 84.36.00. (Vélar til pressunar o. fl.). Í stað 7% komi	0
5.	Nr. 84.37.01 og 09 orðist svo:	
	01 Prjónavélar	0
	09 Aðrar	0
6.	Nr. 84.41.01 til 09 orðist svo:	
	01 Saumavélar til heimilisnotkunar	0
	02 Saumavélar til notkunar í iðnaði	0
	09 Annað	0
7.	Nr. 84.42.00. (Vélar og tæki til sútunar o. fl.). Í stað 7% komi	0
8.	Nr. 84.59.28. (Stýrisvélar til skipa). Í stað 4% komi	0
9.	Nr. 84.65.01. (Skipsskrúfur). Í stað 4% komi	0
10.	Nr. 85.15.31. (Ratsjár o. fl.). Í stað 4% komi	0
11.	Nr. 85.15.33. (Neyðartalstöðvar). Í stað 4% komi	0
12.	Nr. 87.01.11. (Hjóladráttarvélar). Í stað 7% komi	0
13.	Nr. 89.01.21. (Björgunarbátar). Í stað 4% komi	0
II.	Aftan við frumvarpið bætist svo hljóðandi	

Ákvæði til bráðabirgða.

Tollskrárnefnd skal í samráði við Félag ísl. iðnrekenda, Samband ísl. samvinnufélaga, Landssamband iðnaðarmanna, Verzlunarráð Íslands og Sölu-

miðstöð hraðfrystihúsanna endurskoða öll atriði tollskrárinnar, sem snerta hráefni og hjálparefni til iðnaðar, með það fyrir augum, að tollar á þessum efnum verði felldir niður. Tillögur nefndarinnar um þetta efni skulu lagðar fyrir næsta þing.

Sþ. 261. Þingsályktun [60. mál]

um flutning afla af miðum og hafna á milli.

(Afgreidd frá Sþ. 21. jan.)

Samhljóða þskj. 65.

Nd. 262. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um skipan gerðardóms í kjaradeilu atvinnuflugmanna og flugvélstjóra og íslenzkra flugfélaga.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin ræddi frumvarpið og klofnaði um afstöðu til þess. Við undirritaðir í minni hluta nefndarinnar leggjum til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 22. jan. 1970.

Hannibal Valdimarsson, frsm. Sigurvin Einarsson. Steingrímur Pálsson.

Ed. 263. Breytingartillaga [7. mál]

við frv. til laga um sameiningu sveitarfélaga.

Frá Birni Fr. Björnssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 3. málslið 1. mgr. 3. gr. Málsliðurinn orðist svo:
Nefndin kýs sér formann úr sínum hópi.

Sþ. 264. Nefndarálit [27. mál]

um till. til þál. um eignakönnun.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, en undirritaður leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. jan. 1970.

Jónas Árnason.

Nd. 265. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um skipan gerðardóms í kjaradeilu atvinnuflugmanna og flugvélstjóra og íslenzkra flugfélaga.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en samkomulag ekki náðst um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarmanna (BGr, FÞ, GuðlG, SB) leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 22. jan. 1970.

Sigurður Bjarnason, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
	Guðl. Gíslason.	

Sþ. 266. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]

um ráðstafanir til varnar gegn mengun.

Flm.: Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um ráðstafanir til varnar gegn skaðlegri mengun í lofti og vatni.

Greinargerð.

Mengun í lofti og vatni er orðið eitt mesta vandamál í þéttbýlum og iðnvæddum löndum. Eitrun lofts og vatns er orðið alvarlegt böl hjá iðnaðarþjóðum. Andrúmsloft sumra stórborga er orðið svo mengað, að til vandræða horfir. Fiskur drepst víða í ám og vötnum vegna mengunar. Særinn við strendur landa er sums staðar orðinn hættulega mengaður. Kunnáttumenn spá því, að í sumum stórborgum verði orðið nær ólíft eftir nokkur ár, ef svo heldur fram sem nú horfir. Þessi sívaxandi mengunarhætta er að verða einn mesti ógnvaldur mannkynsins.

Þetta böl hefur enn að mestu leyti sneitt hér hjá garði. Þó hefur þegar orðið vart nokkurrar mengunar hér. Það eru þó smámunir hjá því, sem annars staðar er. Enn er loftið hér hreint og tært, landið tiltölulega hreint og vötn og sjór að mestu laus við mengun. En hættan er hér augljós og vaxandi, eftir því sem verksmiðjum fjölgar og iðnvæðing færist í aukana. Hér þarf því að vera vel á verði og gera í tæka tíð viðeigandi varnarráðstafanir. Það er of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í. Við megum ekki glata þeim auði, sem við eigum í óspilltri náttúru. Við megum ekki láta mengun spilla lífinu í sjónum við strendur landsins. Við megum ekki láta spilla hinu hreina andrúmslofti. Við megum ekki láta óhreinindi og mengun eyðileggja hinar dýrmætu ár okkar og fiskivötn. Hér má ekki sofa á verðinum. Það þarf þegar að rannsaka, hvernig ástatt er. Það þarf að athuga löggjöf alla, sem að þessu lýtur. Og það þarf að hefjast handa um setningu nauðsynlegrar löggjafar um viðeigandi varnarráðstafanir. Þeirri löggjöf þarf síðan að fylgja fram án allra undanbragða. Það þarf að vekja menn til skilnings á þeirri miklu og vaxandi hættu, sem hér er á ferð. Og það þarf að hefja nauðsynlegar aðgerðir, áður en það er um seinan.

Nánar í framsögu.

Ed. 267. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 26. jan.)

1. gr.

Í stað orðanna „17%“ í 1. mgr. 3. gr. laganna komi: 11%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til greiðslu kostnaðarhlutdeildar samkvæmt 3. gr. laganna frá og með 1. janúar 1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

Af þessu tilefni skal Verðlagsráð sjávarútvegsins endurskoða lágmarksverð, sem gilti á árinu 1969 með gildistíma fram á árið 1970. Hið endurskoðaða lágmarksverð skal taka gildi frá og með 1. janúar 1970.

Nd. 268. Frumvarp til laga [123. mál]

um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. jan.)

Samhljóða þskj. 167 með þessum breytingum:

Eftirfarandi tollskrárnúmer í 1. gr. breytast:

	Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
05.02.00 orðast svo:			
Hár og burstir af tömdum svínum og villisvínum; greifingjahár og annað hár til burstagerðar; úrgangur af slíkum burstum og hári	15%		30%
05.03.00 orðast svo:			
Hrosshár og hrosshársúrgangur, einnig sett á undirlag eða á milli laga, úr öðrum efnum	15%		30%
12.01.40 orðast svo:			
Sojabaunir	0		20%
15.07.82 orðast svo:			
Baðmullarfræsolía	7%		10%
18.01.00 orðast svo:			
Kakaóbaunir, heilar eða muldar, einnig brenndar	20%		40%
20.02.01 orðast svo:			
Tómatpuré	50%	35%	80%
21.05 orðast svo:			
Súpur og súputeningar, fljótandi, í föstu formi eða sem duft:			
01 Súpuduft í 5 kg umbúðum og stærri	70%		100%
02 Annað	100%	70%	100%
22.08.00 orðast svo:			
Etanól (etylalkóhól) ómengað, með 80% etanólmagni eða meira að rúmmáli; mengað etanól sérhvers styrkleika	25%	18%	100%

Í stað 29.01.20 kemur:	Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
Annað:			
21 Acetylen			
22 Arómatisk karbónhydrid, önnur en styren, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%	25%	35%
29 Önnur	15%		35%
35.01.00 orðast svo:	18%		35%
Kasein, kaseinöt og aðrar kaseínderivatar, kaseínlím			
36.01.00 orðast svo:	30%		50%
Púður			
36.05.00 orðast svo:	18%		35%
Flugeldar, skrauteldar og aðrar þess konar vörur			
37.01.09 orðast svo:	50%	35%	100%
Aðrar			
37.02.02 orðast svo:	35%		70%
Kvikmyndafilmur			
37.02.09 orðast svo:	35%		70%
Aðrar	35%		70%
37.03.00 orðast svo:			
Ljósnæmur pappír, pappi eða vefnaður, lýstur eða ólýstur, en ekki framkallaður	35%		70%
37.04.00 orðast svo:			
Ljósnæmar plötur og filmur, lýstar en ekki framkallaðar, negatív eða pósitív	35%		70%
37.05.02 fellur niður.			
37.05.09 orðast svo:			
Annað	35%		70%
37.06.00 orðast svo:			
Kvikmyndafilmur einungis með hljómbandi, lýstar eða framkallaðar, negatív eða pósitív	35%		70%
37.08.00 orðast svo:			
Kemísk efni til ljósmyndagerðar (þar með talið leifturduft)	35%		70%
39.01.02 orðast svo:			
Upplausnir, óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	15%		30%
39.03.22 orðast svo:			
Upplausnir, óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	15%		30%
39.03.25 orðast svo:			
Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað, 0,3 mm og þynnra	25%		35%
39.04.01 orðast svo:			
Upplausnir, óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	15%		30%
39.04.02 orðast svo:			
Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað, 0,3 mm og þynnra	25%		35%
39.05.01 orðast svo:			
Upplausnir, óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	15%		30%
39.05.02 orðast svo:			
Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað, 0,3 mm og þynnra	25%		35%

	Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
39.06.01 orðast svo:			
Upplausnir, óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	15%		30%
39.06.02 orðast svo:			
Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað, 0,3 mm og þynnra	25%		35%
40.01.02 orðast svo:			
Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar	10%		30%
40.09. orðast svo:			
Pípur og slöngur úr toggúmmíi:			
01 Pípur og slöngur fyrir háþrýsting, a. m. k. 20 kg/cm²	7%		35%
09 Aðrar	25%		35%
40.14.03 orðast svo:			
Burstahausar	35%		35%
42.05.01 orðast svo:			
Leðurrendur til skógerðar, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til þess	10%		35%
44.22.01 orðast svo:			
Kjöttunnur og hlutar til þeirra	0		4%
44.22.02 orðast svo:			
Síldartunnur og hlutar til þeirra	0		4%
44.25.02 orðast svo:			
Skósmíðaleistar	7%		35%
44.26.00 orðast svo:			
Snældur, kefli og þess háttar úr renndum viði	7%		35%
44.28.91 orðast svo:			
Hefilbekkir	7%		35%
48.07.83 fellur niður.			
48.07.94 (nýtt nr.) orðast svo:			
Þakpappi, báraður	15%		35%
48.07.95 (nýtt nr.) orðast svo:			
Þakpappi og annar asfaltborinn pappi, ót. a.	35%	25%	35%
48.14.09 orðast svo:			
Annað	35%		80
48.15.04 orðast svo:			
Salernispappír	50%	35%	50%
48.16.03 (nýtt nr.) orðast svo:			
Mjólkurumbúðir	25%	18%	60%
48.18.00 orðast svo:			
Skrifstofubækur, stílabækur, minnisbækur og blokkir, pöntunarbækur, kvittunarblokkir, dagbækur, ritundirlög, bréfa- og skjalabindi, bókabindi, skrifmöppur og annað þess háttar úr pappír og pappa; sýnishornaalbúm og önnur albúm og bókahlífar úr pappír og pappa	50%	35%	100%
48.19.01 orðast svo:			
Vöru- og merkimiðar, óáprentaðir	30%		50%
49.11.09 orðast svo:			
Annað	50%	35%	80%
50.08.00 orðast svo:			
Silkiormaspuni; eftirlíkingar af girni (catgut) úr náttúrlegu silki	30%	20%	60%

	Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
51.04.10 orðast svo:			
Úr syntetískum trefjum	25%	20%	40%
51.04.20 orðast svo:			
Úr uppkembdum trefjum	25%	20%	40%
53.06.01 orðast svo:			
Garn, þar sem hver þráður einspunninn vegur 1 g eða minna hverjir 16 metrar	15%	10%	25%
53.07.01 orðast svo:			
Garn, þar sem hver þráður einspunninn vegur 1 g eða minna hverjir 16 metrar	15%	10%	25%
55.09.13 orðast svo:			
Vefnaður, ólitaður og ómynstraður, eingöngu úr baðmull eða baðmull ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum	25%	20%	40%
55.09.14 orðast svo:			
Vefnaður einlitur og ómynstraður, eingöngu úr baðmull eða baðmull ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum	25%	20%	40%
55.09.19 orðast svo:			
Annars	25%	20%	40%
55.09.23 orðast svo:			
Vefnaður einlitur og ómynstraður, eingöngu úr baðmull eða baðmull ásamt öðrum náttúrl. jurtatrefjum	25%	20%	40%
55.09.29 orðast svo:			
Annars	25%	20%	40%
56.07.19 orðast svo:			
Annar	25%	20%	40%
56.07.29 orðast svo:			
Annar	25%	20%	40%
59.14.00 orðast svo:			
Kveikir úr spunatrefjum, ofnir, fléttaðir eða prjónaðir, í lampa, ofna, kveikjara, kerti og annað þess háttar; glóðarnetefni hringprjónað og hringlaga glóðarsokkar	18%		35%
60.01.01 orðast svo:			
Úr silki eða gerviþráðum	25%	20%	40%
60.06.03 (nýtt nr.) orðast svo:			
Prjóna- og heklvoð	30%	20%	40%
70.09.00 orðast svo:			
Glerspeglar (þar með taldir bifreiðaspeglar), einnig í umgerð eða með baki	100%	70%	100%
70.20.10 orðast svo:			
Garn	20%		35%
70.20.20 orðast svo:			
Vefnaður	30%		40%
71.01.00 orðast svo:			
Náttúrlegar perlur, óunnar eða unnar (þar með taldar óflokkaðar perlur aðeins dregnar á þráð vegna flutnings), en ekki uppsettar, inngreyptar eða flokkaðar í festi saman á þráð	20%		40%
71.02.10 orðast svo:			
Demantar til iðnaðarnotkunar	20%		40%
71.02.20 orðast svo:			
Aðrir demantar en til iðnaðarnotkunar	20%		40%

	Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
71.02.30 orðast svo:			
Aðrir	20%		40%
71.03.00 orðast svo:			
Tilbúnir og endurunnir eðalsteinar og hálfeðalsteinar, óunnir, slípaðir eða unnir á annan hátt (þar með taldir óflokkaðir steinar dregnir á þráð aðeins vegna flutnings), en ekki uppsettir, inngreyptir eða flokkaðir í festi saman á þráð	20%		40%
71.04.00 orðast svo:			
Duft og agnir úr náttúrlegum eða tilbúnum eðalsteinum eða hálfeðalsteinum	20%		40%
71.05.00 orðast svo:			
Silfur, þar með talið silfur með gull- og platínuhúð, óunnið eða hálfunnið	20%		40%
71.06.00 orðast svo:			
Silfurplett (silfurdublé), óunnið eða hálfunnið	20%		40%
71.07.10 orðast svo:			
Gullstengur	20%		40%
71.07.20 orðast svo:			
Annað	20%		40%
71.08.00 orðast svo:			
Óeðlir málmar og silfur, með gullhúð, óunnið eða hálfunnið	20%		40%
71.09.00 orðast svo:			
Platína og aðrir platínumálmar, óunnir eða hálfunnir	20%		40%
71.10.00 orðast svo:			
Óeðlir málmar og góðmálmar, með platínuhúð eða húð af öðrum platínumálmum, óunnið eða hálfunnið	20%		40%
71.11.10 orðast svo:			
Úr silfri, platínu eða öðrum platínumálmum	20%		40%
71.11.20 orðast svo:			
Úr gulli	20%		40%
73.01.10 orðast svo:			
Spegiljárn	2%		5%
73.01.20 orðast svo:			
Annað	2%		5%
73.02.10 orðast svo:			
Ferrómangan	2%		5%
73.02.20 orðast svo:			
Aðrar	2%		5%
73.03.00 orðast svo:			
Úrgangur og brot af járni eða stáli	2%		5%
73.04.00 orðast svo:			
Kornað járn eða stál, einnig flokkað; virklútur úr járni eða stáli	2%		5%
73.05.10 orðast svo:			
Járn- eða stálduft	2%		5%
73.05.20 orðast svo:			
Járn- eða stálsvampur	2%		5%
73.06.10 orðast svo:			
Hnoðuð járn- og stálstykki og stengur, klumpar, drumbar o. þ. h.	2%		5%

	Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
73.06.20 orðast svo:			
Steypt hrájárn- og stálstykki	2%		5%
73.07.00 orðast svo:			
Gjallfrítt hrájárn (blooms), drumbar (billets), plötur (slabs) og renningar (sheet bars) — einnig tinaðir — úr járni og stáli; lauslega formuð stykki með hömrun, að öðru leyti ónunnin, úr járni eða stáli	2%		5%
73.08.00 orðast svo:			
Plötuefni í rúllum, úr járni eða stáli	2%		5%
73.09.00 orðast svo:			
Alhæfiplötur (universal plates), úr járni eða stáli	2%		5%
73.10.11 orðast svo:			
Vír til framleiðslu á naglavír, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	7%		15%
73.10.19 orðast svo:			
Annað	2%		35%
73.10.29 orðast svo:			
Annars	2%		5%
73.11.10 orðast svo:			
Prófiljárn og -stál, 80 mm eða meira; þilstál	2%		5%
73.11.20 orðast svo:			
Annað	2%		5%
73.12.00 orðast svo:			
Bönd úr járni eða stáli, heit- eða kaldvölsuð	2%		15%
73.13.10 orðast svo:			
Þynnur og plötur yfir 4.74 mm að þykkt, þó ekki tinaðar eða báraðar	2%		5%
73.13.20 orðast svo:			
Þynnur og plötur 3—4,75 mm, þó ekki tinaðar eða báraðar	2%		5%
73.13.30 orðast svo:			
Þynnur og plötur minna en 3 mm, þó ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar	2%		5%
73.13.40 orðast svo:			
Þynnur og plötur, tinaðar	0		15%
73.13.59 orðast svo:			
Aðrar	7%		15%
73.14.01 orðast svo:			
Logsuðuvír	7%		35%
73.14.09 orðast svo:			
Annað	18%		35%
73.15 orðast svo:			
Stállegeringar og kolefnisríkt stál með sama lagi og tilgreint er í nr. 73.06-73.14:			
61 Hrásteypa (ingots) úr kolefnisríku stáli	2%		5%
62 Hrásteypa (ingots) úr stállegeringum	2%		5%
63 Gjallfrí hrásteypa (blooms), drumbar (billets), plötur (slabs), stengur (sheet bars) og hálfunnin járnstykki, úr kolefnisríku stáli	2%		5%
64 Gjallfrí hrásteypa (blooms), drumbar (billets), plötur (slabs), stengur (sheet bars) og hálfunnin járnstykki, úr stállegeringum	2%		5%
65 Plötuefni í rúllum, úr kolefnisríku stáli	2%		5%

		Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
66	Plötuefni í rúllum, úr stállegeringum	2%		5%
67	Vírstengur úr kolefnisríku stáli	2%		5%
68	Vírstengur úr stállegeringum	2%		5%
69	Stangajárn (þó ekki valsaður vír) og jarðborspípur úr kolefnisríku stáli	2%		5%
71	Stangajárn (þó ekki valsaður vír) og jarðborspípur, úr stállegeringum	2%		5%
72	Prófíljárn, 80 mm eða meira, og þil, úr kolefnisríku stáli	2%		5%
73	Prófíljárn, 80 mm eða meira, og þil, úr stállegeringum	2%		5%
74	Prófíljárn, minni en 80 mm, úr kolefnisríku stáli	2%		5%
75	Prófíljárn, minni en 80 mm, úr stállegeringum	2%		5%
76	Plötur og þynnur, meira en 4,75 mm að þykkt, og alhæfiplötur, úr kolefnisríku stáli	2%		5%
77	Plötur og þynnur, meira en 4,75 mm að þykkt, og alhæfiplötur, úr stállegeringum	2%		5%
78	Plötur og þynnur, 3 mm—4,75 mm að þykkt, úr kolefnisríku stáli	2%		5%
79	Plötur og þynnur, 3 mm—4,75 mm að þykkt, úr stállegeringum	2%		5%
81	Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar, úr kolefnisríku stáli	2%		5%
82	Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar, úr stállegeringum	2%		5%
83	Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, plettaðar, húðaðar og klæddar, úr kolefnisríku stáli	2%		5%
84	Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, plettaðar, húðaðar og klæddar, úr stállegeringum	2%		5%
85	Bandaefni úr kolefnisríku stáli	2%		5%
86	Bandaefni úr stállegeringum	2%		5%
87	Vír úr kolefnisríku stáli	2%		5%
88	Vír úr stállegeringum	2%		5%
73.18.21	orðast svo: Pípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%		5%
73.18.31	orðast svo: Pípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%		5%
73.20.00	orðast svo: Pípuhlutar (fittings), t. d. hólkar, hné, tengi og nipplar, úr járni eða stáli	25%		35%
73.21.09	orðast svo: Annað	40%	30%	40%
73.40.48	orðast svo: Jarðstrengsmúffur og tengidósir fyrir raflagnir	25%		35%
74.19.03	orðast svo: Rafmagnstengidósir	25%		35%
74.19.04	(nýtt nr.) orðast svo: Vörur úr kopar eða koparlegeringum, grófmótaðar, en ekki frekar unnar	7%		70%

	Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
76.03.00 orðast svo:			
Plötur og ræmur úr alúmíni	0		5%
76.16.07 orðast svo:			
Rafmagnstengidósir og bólur til gangbrautarmerkingar	25%		70% 35%
76.16.08 (nýtt nr.) orðast svo:			
Vörur úr alúmíni, grófmótaðar, en ekki frekar unnar	7%		70%
79.02.02 orðast svo:			
Vír	7%		35%
82.05.00 orðast svo:			
Skiptiverkfæri í handverkfæri, mekanísk handverkfæri og -smíðavélar (t. d. til að pressa, stansa, bora, snitta, fræsa, skera, snúa, víkka, þrengja og skrúfa), hér með talin mót til að draga málmþráð og pressa heita málma, einnig stjörnur á grjótbora	7%		35%
82.06.00 orðast svo:			
Hnífar og skurðarblöð í vélar og mekanísk tæki	7%		35%
82.07.00 orðast svo:			
Plötur, stengur og oddar og aðrir þess konar lausir hlutar í verkfæri úr hálfbræddum málmkarbídum (t. d. karbíd úr wolfram, molybden og vanadíum)	7%		35%
83.03 orðast svo:			
Peningaskápar og öryggishólf, eldtraust eða styrkt með öðrum hætti, hurðir í slíka skápa og hólf, einnig peningakassar, skjalakassar og þess háttar, styrkt með einhverjum hætti, úr ódýrum málmum:			
01 Öryggishurðir með eða án karma til innbyggingar í hús	40%		100%
09 Annað	100%		100%
83.05.00 orðast svo:			
Smávarningur og útbúnaður fyrir lausblaðabindi, bókhaldsbækur og annað þess háttar, úr ódýrum málmum; bréfahaldarar, bréfaklemmur, heftiklemmur, merki í spjaldskrár og aðrar svipaðar vörur til notkunar í skrifstofum, úr ódýrum málmum	30%		50% 80%
83.15.00 orðast svo:			
Þeir aðilar, sem studdu tillöguna um EFTA-aðild og vissu nákvæmlega um, hvernig málin stóðu, tóku því á sig fulla ábyrgð á hækkun söluskattsins eins og öðrum afleiðingum af EFTA-aðild.

Hannibal Valdimarsson og Björn Jónsson, sem studdu EFTA-aðild, höfðu átt sérstakan fulltrúa í EFTA-nefnd, löngu áður en þeir mynduðu nýjan stjórnmálaflokk, og fylgdust því nákvæmlega með því, sem var að gerast. Fulltrúar þeirra í EFTA-nefnd voru Hannibal sjálfur og í forföllum hans Jón Hannibalsson. Ríkisstjórnarflokkarnir viðurkenna, að hækkun söluskattsins standi í beinu sambandi við aðildina að EFTA. Tilburðir þeirra, sem samþykktu EFTA-aðild, en reyna nú að koma sér undan ábyrgðinni af afleiðingum þeirrar samþykktar, eru broslegir og aumkunarverðir.

Sú breyting á skattheimtu, sem gerð er með lækkun á tollum á þann hátt, sem nú er gert, og hækkun söluskatts í staðinn, er öllu láglaunafólki mjög í óhag. Tollalækkunin er að mjög verulegu leyti á þeim vörum, sem almennt hafa verið taldar lítið nauðsynlegar og borið hafa háa tolla. Tollarnir eru misháir á vörum, og hefur jafnan verið reynt að gæta þess, að brýnustu nauðsynjar væru lægra tollaðar en ýmsar munaðarvörur, eða vörur, sem ekki geta talizt til beinna nauðsynja. Söluskatturinn er aftur á móti lagður á allar vörur og flesta þjónustu og er lagður með jöfnum þunga á matvörur og á gull og gimsteina, skraut og skartvörur, svo að dæmi séu nefnd.

Söluskatturinn hefur lengi verið talinn af verkalýðshreyfingunni í landinu ósanngjarnasti skatturinn, sem á er lagður. Forustumenn verkalýðshreyfingarinnar hafa bent á, að söluskatturinn er sérstaklega óréttlátur gagnvart tekjulágu alþýðufólki. Skattur, sem lagður er með fullum þunga á daglegar lífsnauðsynjar, en ekki er á neinn hátt miðaður við að skattleggja sérstaklega óþarfa eyðslu, er verkafólki og öðru láglaunafólki óhagstæður. Það er því næsta furðulegt, að bæði forseti Alþýðusambandsins og varaforseti þess skuli nú bera ábyrgð á hækkun söluskattsins og þá um leið á óréttlátari skattlagningu á láglaunafólk.

Á það hefur oft verið bent, að söluskatturinn innheimtist illa. Enginn vafi leikur á, að sá söluskattur, sem innheimtur hefur verið af almenningi, kemur ekki allur til skila í ríkissjóð. Ýmsir aðilar í landinu hafa góða aðstöðu til að stinga söluskattinum í sinn vasa. Þegar söluskatturinn er orðinn 11% af útsöluverði og nemur orðið 2.6 milljörðum króna á ári, er mjög líklegt, að 400—500 milljónir króna af skattinum fari til annarra en ríkissjóðs. Dæmi, sem fyrir liggja um skattsvik einstakra fyrirtækja og upp hefur komizt um, sýna, að þessu er svona farið.

Hækkun á söluskattinum, án þess að upp séu teknar nýjar og strangari reglur um innheimtu skattsins, er í rauninni fráleit. Skattur, sem lagður er á allan almenning vegna tekjuþarfar ríkissjóðs, en kemst þó ekki í ríkissjóð nema að nokkrum hluta, er óhæfur skattur, og koma verður í veg fyrir slíka skattlagningu eða slík skattsvik.

Afstaða okkar Alþýðubandalagsmanna til þessa frumvarps er ljós. Við erum andvígir frumvarpinu; erum á móti hækkun söluskattsins. Við teljum, að rétt sé að endurskoða alla skattheimtu ríkisins, m. a. með það fyrir augum að lækka tolla í vissum tilvikum, en þó teljum við, að leggja beri mesta áherzlu á að lækka eða leggja niður söluskattinn.

Skattheimtan þarf að miðast við aukna skattlagningu á eyðslu og gróða og einnig við það, að þeir beri hæsta skatta, sem breiðust hafa bökin.

Hækkun söluskattsins að þessu sinni er meiri en sem svarar lækkun tollanna. Áætlað er, að öll tollalækkunin nemi um 500 milljónum króna, miðað við ársinnflutning. Söluskattshækkunin mun hins vegar nema á ársgrundvelli um 830 milljónum króna. Hér er því um að ræða nýjar álögur; enn auknar tekjur fyrir ríkissjóð.

Skýringar ríkisstjórnarinnar eru þær, að ríkissjóður þurfi á auknum tekjum að halda vegna vaxandi útgjalda. Það er sem sagt gamla sagan. Þó að fyrir liggi; að tekjur ríkissjóðs hafi raunverulega hækkað gífurlega s. l. tvö ár vegna tveggja gengislækkana, þá þarf samt á nýjum tekjustofnum að halda.

Með tveimur gengislækkunum, sem hækkuðu verð á erlendum vörum um rúmlega 100%, hækkuðu að sjálfsögðu tolltekjur ríkissjóðs mikið, og tekjur ríkissjóðs hækkuðu einnig af söluskatti, um leið og allt verðlag í landinu stórhækkaði. En þrátt fyrir þessar stórauknu tekjur þarf ríkissjóður enn á nýjum tekjustofnum að halda að dómi ríkisstjórnarflokkanna.

Aðaltillaga mín er sú, að frumvarpið verði fellt. Ég mun hins vegar gera tilraun til að fá umbætur á frv. og flyt því nokkrar breytingartillögur um að fella söluskattinn niður á ýmsum nauðsynjavörum.

Alþingi, 25. jan. 1970.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 273. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar. Á fundi nefndarinnar mætti Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóri, og skýrði hann ýmis atriði varðandi frumvarpið.

Mælir nefndin með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Lúðvík Jósefsson var fjarverandi afgreiðslu málsins, og í stað Sigurðar Ingimundarsonar sat Birgir Finnsson fundinn.

Alþingi, 24. jan. 1970.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Þórarinn Þórarinsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Guðl. Gíslason.	Eyjólfur K. Jónsson.

Ed. 274. Frumvarp til laga [152. mál]

um afnám laga nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna.

Flm.: Kristján Thorlacius, Karl Guðjónsson, Björn Jónsson.

1. gr.

Lög nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna, eru úr gildi fallin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi og fylgdi því þá svofelld greinargerð:

„Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því, að afnumið verði bann við verkföllum opinberra starfsmanna, er felst í lögum nr. 33 frá 1915.

Bann þetta var lögfest við allt aðrar aðstæður en nú eru í þjóðfélaginu. Síðan hefur verkfallsréttur annarra launastétta verið ákveðinn með lögum, og er það algert misrétti, að starfsmenn ríkis og bæja búi ekki við sama rétt og aðrir landsmenn í þessu efni.

Lögum nr. 55 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, var ætlað að bæta hér úr að nokkru, en reynslan hefur sýnt, að sá takmarkaði samningsréttur, sem þau lög ákveða, þar sem gerðardómur (Kjaradómur) hefur endanlegt úrskurðarvald, hefur ekki reynzt vel.

Flm. telja eðlilegt, ef frumvarp þetta verður að lögum, að jafnframt verði lögfest sérstök ákvæði í samráði við samtök opinberra starfsmanna um samningsrétt þeirra, er starfa við öryggisþjónustu, og er það í samræmi við yfirlýsta stefnu samtaka opinberra starfsmanna.

Á Norðurlöndum hefur orðið sú þróun á undanförnum árum, að í Noregi og Svíþjóð hefur verið lögfestur verkfallsréttur opinberra starfsmanna, og hvorki í Danmörku né Finnlandi eru lagaákvæði, er banna verkföll þeirra."

Ed. 275. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Mál þetta er orðið margkunnugt hér á þingi og hefur verið til meðferðar ár eftir ár, en aldrei hlotið lokaafgreiðslu.

Á síðasta þingi var það samþykkt í efri deild, og meiri hl. landbn. neðri deildar gaf út um það nefndarálit og mælti með samþykkt þess. Engu að síður dróst afgreiðsla þess undan.

Enn er málið til meðferðar hér á þingi, og hefur landbn. deildarinnar fjallað um það, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess fremur en áður. Vill meiri hlutinn fella málið eða vísa því frá, en við, sem minni hlutann skipum, leggjum til, að frv. verði samþykkt.

Rökin, sem fram hafa verið færð í nefndinni fyrir því, að jörð þessi skuli ekki seld, eru þau, að hún liggi milli tveggja annarra ríkisjarða og að sala hennar kljúfi í sundur landareign ríkisins.

En hér er um sjálfstæð lögbýli að ræða, og hvergi annars staðar hefur þess orðið vart, að stefnt væri sérstaklega að því af stjórnvalda hálfu, að ríkið dragi undir sig eða kappkosti að halda í sinni eigu samfelldri eign jarða vegna búnytja einna saman, svo að tæpast verður það tekið alvarlega, að sú óvenjulega andspyrna, sem mál þetta hefur mætt á Alþingi nú á síðustu árum, eigi sér þau ein rök, sem fram eru flutt.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að ríkisstjórninni verði heimilað að selja fyrri eiganda, Jóhönnu Sæmundsdóttur, jörð þessa. Hún var ásamt bónda sínum, Þorsteini Einarssyni, eigandi og ábúandi jarðarinnar, allt þar til ríkið ákvað fyrirhleðslur og breytingar á vatnasvæði jarðarinnar, þannig að veitt skyldi saman ánum Hafursá og Klifandi vegna brúargerðar. Þá var talið, að jörðin yrði ekki lengur byggileg, en ríkið gerðist kaupandi að henni. Allt um það hélt Jóhanna þó ábúð á Holti, og hún og hennar fólk hefur jafnan nytjað jörðina, þótt það yrði sér úti um aðra jörð til ábýlis í nágrenninu. Raunar voru Jóhönnu og hennar heimili meinuð afnot jarðarinnar um skeið með lögbanni að kröfu jarðeignadeildar ríkisins. Því lögbanni var síðan hrundið með dómi.

Nú, þegar ljóst er orðið, að ágangur vatns á Holt er minni en óttazt var í fyrstu, virðist eðlilegt, miðað við þá stefnu, sem ríkt hefur um kaup og sölu á ríkisjörðum, að fyrri eiganda sé gerður kostur á að eignast jörðina að nýju.

Alþingi, 23. jan. 1970.

Karl Guðjónsson, frsm. Páll Þorsteinsson. Ásgeir Bjarnason.

Nd. 276. Breytingartillögur [126. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 61 24. des. 1964, um breyt. á þeim lögum.

Frá Þórarni Þórarinssyni, Lúðvík Jósefssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

I. Á eftir 1. gr. frv. komi tvær nýjar greinar:
   1. (2. gr.) H-liður 4. gr. laganna (sala á raforku og heitu vatni frá rafmagnsveitum og hitaveitum) falli niður.
   2. (3. gr.)
      a. Á eftir orðinu „nýmjólk“ í 2. tölul. 6. gr. laganna komi: smjör, ostur, skyr, kjöt, kjötvörur, kartöflur og fiskur.
      b. Á eftir 2. tölulið komi nýir liðir, svo hljóðandi:
         1. Kaffi, sykur og kornvörur.
         2. Olía.

II. Á eftir 2. gr. frv. komi ný gr. (verður 5. gr.), svo hljóðandi:

Á eftir 16. gr. laganna komi tvær nýjar greinar:

1. (17. gr.) Ráðherra er heimilt að ákveða, að í öllum verzlunum, sölu- eða afgreiðslustöðum, þar sem söluskattur er innheimtur, skuli taka upp peningakassa, sem auðvelt sé að stimpla í öll söluskattskyld viðskipti, þannig að eftirlitsmenn fjármálaráðuneytisins geti gengið úr skugga um, að allur innheimtur söluskattur komi fram. Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar.
2. (18. gr.) Fjármálaráðherra skal láta framkvæma árlega sérstaka rannsókn á framtölum til söluskatts hjá tíunda hverjum söluskattsskyldum aðila. Skulu þeir valdir með útdrætti. Með reglugerð skal setja nánari ákvæði um þau atriði, sem þessi grein fjallar um.

III. Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, sem verður 3. málsgrein, svo hljóðandi:

Á meðan innheimtur verður 11% söluskattur skv. lögum þessum, greiðir ríkissjóður á ári hverju til Tryggingastofnunar ríkisins, umfram aðrar lögboðnar greiðslur, ákveðna fjárhæð, sem varið skal til hækkunar á fjölskyldubótum. Árið 1970 skal fjárhæð þessi vera 70 milljónir króna, en breytist síðan til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á heildarupphæð innheimts söluskatts frá ári til árs.

Nd. 277. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 61 24. des. 1964, um breyt. á þeim lögum.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkvæmt því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, á söluskatturinn að hækka úr 7½% í 11%. Þessi hækkun á að bæta ríkissjóði þann tekjumissi, sem hann verður fyrir af lækkun tolla vegna EFTA-aðildarinnar. Í frv. er ekki fyrirhugað að undanþiggja neitt fleiri neyzluvörur söluskatti en verið hefur, en hins vegar hefur verið boðað í fjárhagsnefnd, að meiri hlutinn muni leggja til nú við 2. umræðu, að neyzlufiskur verði undanþegin söluskatti. Þrátt fyrir það er með þessu frv. stefnt að því, sem réttilega hefur verið nefnt **bylting í skattamálum**, þ. e. að taka upp söluskatt, sem leggst jafnt á allar vörur, í stað tolla, sem hafa lagzt misjafnt á vörur eftir því, hvað þær hafa verið taldar nauðsynlegar. Þessi gerbreyting á stefnunni í skattamálum mun bitna með mestum þunga á þeim, sem eru tekjulágir og yfirleitt geta ekki keypt annað en það, sem allra nauðsynlegast er. Hingað til hefur verið reynt að bæta aðstöðu þeirra með sem lægstum álögum á lífsnauðsynjar. Hér er horfið frá þeirri grundvallarreglu.

Í greinargerð frv. um tollskrárbreytingarnar er það svo boðað, að þetta sé aðeins upphaf þess, sem koma skal. Hér sé aðeins stigið fyrsta skrefið til að aflétta aðflutningsgjöldum. Í stað þeirra á væntanlega að koma hækkaður söluskattur, er leggst jafnt á allar vörur. Annað verður ekki ráðið af því frv., sem hér liggur fyrir.

Að dómi okkar, sem stöndum að þessu nefndaráliti, hefði átt að mæta þeirri tollalækkun, sem hlýzt af EFTA-aðild, með allt öðrum hætti. Það hefði átt að taka allt tekjuöflunarkerfi ríkisins til gagngerðrar athugunar og leitast við að byggja áfram á þeirri grundvallarreglu, að helztu lífsnauðsynjar yrðu ekkert eða sem allra minnst skattlagðar, eða álögur á þær þá bættar upp með auknum fjölskyldubótum, lífeyrisbótum eða niðurgreiðslum. Ekkert af þessu hefur verið gert, þegar það er undanskilið, að afnema á söluskatt á neyzlufiski og greiða niður 3½% hækkun söluskattsins á kindakjöti og smjöri.

Til þess að draga úr mestu rangindunum, sem hljótast munu af fyrirhugaðri hækkun söluskatts, án annarra hliðarráðstafana, leggjum við, sem stöndum að þessu nál., það til, að nokkrar helztu lífsnauðsynjar verði undanþegnar söluskatti og að fjölskyldubætur verði hækkaðar. Þá leggjum við áherzlu á, að samþykkt verði jafnhliða það frv., sem liggur fyrir þinginu um, að skattvísitalan fylgi framfærsluvísitölu. Með þessu má draga nokkuð úr verstu afleiðingum þessa frumvarps. Þetta teljum við vel mögulegt, án þess að það leiði til greiðsluhalla hjá ríkinu, og skal nánar vikið að því.

Í greinargerð tollskrárfrv. er áætlað, að tekjumissir ríkisins vegna tollalækkana þeirra, er felast í frv., verði 535 millj. króna. Þegar fjármálaráðherra gerði grein fyrir frv. við 1. umr., lækkaði hann þessa upphæð um 125 millj. kr. vegna ýmissa

ástæðna, sem hann sundurliðaði nánar. Raunveruleg tekjurýrnun ríkisins vegna tollalækkananna í frv. var því um 410 millj. kr. samkvæmt þessari áætlun fjármálaráðherra. Áætlað er, að sú tollalækkun, sem þingið samþykkir til viðbótar, verði um 30 millj. kr. Alls nemur þá tollalækkunin 440 millj. kr. samkvæmt þessum áætlunum, sem eru mjög varlegar. Í reynd mun tollalækkunin sennilega ekki verða öllu hærri en 400 millj. kr.

Samkvæmt þessu frv. hækkar söluskatturinn um 3½%. Fjármálaráðherra upplýsti, þegar hann lagði tollskrárfrv. fyrir Alþingi, að ríkið fengi um 220 millj. kr. fyrir hvert 1% söluskattsins, miðað við þá áætlun, sem fjárlögin 1970 byggjast á. Tekjur ríkisins af söluskattshækkuninni, sem felst í frv., ættu því að verða 770 millj. kr., þegar miðað er við allt árið. Umrædd hækkun mun aðeins gilda 10 mánuði á þessu ári, og verða því tekjurnar af henni á þessu ári ekki nema 665 millj., miðað við framangreinda áætlun. Það er 225—265 millj. kr. meira en nemur tekjumissi ríkisins af tollalækkuninni. Þegar söluskattsfrv. var hér til 1. umr., taldi ráðherra, að ríkið þyrfti á þessum 225—265 millj. kr. að halda vegna útgjaldahækkana, sem voru samþykktar við 3. umr. fjárlaga. Þessa niðurstöðu fékk ráðherrann á þann hátt, að næstum allir tekjuliðir fjárlaganna eru áætlaðir lægri en líkur benda til. Flest bendir til, að árið 1970 verði mun meira veltuár en árið 1969, en við árið 1969 eru fjárlögin að mestu leyti miðuð. Vegna þeirra útgjalda, sem eru ákveðin í fjárlögunum fyrir 1970, þarf ríkið því ekki á söluskattshækkun að halda umfram það, sem tollalækkunin nemur.

Þann mismun, sem hér um ræðir, eða 225—265 millj. kr., má því alveg nota til hliðarráðstafana, er draga úr mestu rangindunum, sem af söluskattshækkuninni hljótast. Með bættri innheimtu söluskattsins, eins og lagt er til í tillögum okkar, mætti svo vafalaust auka tekjur ríkisins af honum um hundruð millj. kr. Við teljum því, að ríkinu sé vel fært af fjárhagslegum ástæðum að gera þær ráðstafanir, sem felast í tillögum okkar og Lúðvíks Jósefssonar á þingskjali 276, og skal nú gerð nánari grein fyrir því, hvað þær kosta.

Við leggjum til í fyrsta lagi, að söluskattur verði alveg afnuminn á kjöti og kjötvörum, smjöri, skyri, kartöflum, kaffi, kornvörum, rafmagni, heitu vatni og gasolíu til heimilisnota. Samkv. lauslegri áætlun Hagstofunnar rýrir þetta tekjur ríkisins um 245 millj. kr., miðað við 7½% söluskatt og allt árið. Þar sem þessi niðurfelling söluskattsins kæmi ekki til framkvæmda fyrr en 1. marz og gilti því aðeins 10 mánuði ársins, lækkar þessi upphæð í 205 millj. kr. Þá missir ríkið líka þá 3½% hækkun, sem á að verða á þessum vörum samkv. frv., og nemur sú upphæð 65 millj. kr., þegar búið er að draga frá þá niðurgreiðslu á kjötvörum og smjöri, sem fjármálaráðherra hefur boðað. Samtals verður því tekjumissir ríkisins af þessu um 270 millj. kr. á árinu 1970.

Þá leggjum við til, að fjölskyldubætur verði hækkaðar um 20%, eða sem nemur 1000 kr. á barn. Þetta mun auka útgjöld ríkisins um 75 millj. kr. Alls mun því tekjumissir og útgjaldahækkun ríkisins verða af þessum aðgerðum um 345 millj. kr.

Eftir er hins vegar að geta þess, að hækkun fjölskyldubótanna og niðurfelling söluskattsins á umræddum vörum mun lækka vísitöluna um 3 stig, en það svarar til 50—60 millj. kr. útgjaldalækkunar hjá ríkinu. Raunverulega mun því útgjaldaaukning og tekjumissir ríkisins af þessum ráðstöfunum ekki verða nema um 285—295 millj. kr. á árinu 1970.

Með þeim tillögum, sem fluttar eru á þingskjali 276, vinnst m. a. tvennt:

Í fyrsta lagi er dregið úr mestu rangindunum, sem felast í þeirri stefnubreytingu í skattamálum að láta söluskatt, sem leggst jafnt á allar vörur, koma í stað tolla, sem leggjast misjafnt á vörur eftir því, hve nauðsynlegar þær eru. Með því að undanþiggja nokkrar helztu lífsnauðsynjar söluskatti og auka fjölskyldubætur er bætt aðstaða þeirra, er hafa minnstar tekjur og þyngst framfæri. Þá er það ávinningur fyrir landbúnaðinn að undanþiggja afurðir hans söluskatti, en sökum sívaxandi dýrtíðar og kjaraskerðingar er nú svo komið, að dregið hefur verulega úr

sölu ýmissa landbúnaðarvara að undanförnu. Það er jafnt hagsmunamál bænda og neytenda að undanþiggja þessar vörur söluskatti.

Í öðru lagi er með verðlækkun og auknum fjölskyldubótum hamlað gegn hækkun framfærsluvísitölunnar og þannig stigið nokkurt skref í þá átt að draga úr verðbólguvextinum. Hvert nýtt vísitölustig, sem bætist við framfærsluvísitöluna, eykur útgjöld atvinnurekstrarins í landinu um 110 millj. kr. á ári, þegar rekstur hins opinbera er talinn með. Atvinnuvegirnir vinna þetta upp með hækkun verðlagsins, en það leiðir svo aftur til nýrra kauphækkana og þannig koll af kolli. Þess vegna þarf að kappkosta að halda verðlaginu sem stöðugustu, — og þar með framfærsluvísitölunni, — m. a. með ráðstöfunum eins og þeim, sem hér er lagt til að verði gerðar. Þetta hefur verið kappkostað í öðrum Evrópulöndum á nýliðnum áratug, enda þróunin orðið þar á allt annan og betri veg en hér.

Með framangreindum ráðstöfunum, ásamt því að tengja skattvísitöluna við framfærsluvísitöluna, væri hægt að tryggja launþegum nokkrar kjarabætur. Ef þessar ráðstafanir fengjust fram, þyrftu þeir ekki að knýja fram eins miklar kauphækkanir og ella, þegar til samninga kemur við atvinnurekendur á komandi vori. Með þessu væri stefnt að því að draga úr verðbólguvextinum og treysta gjaldmiðilinn. Verði hins vegar söluskatturinn hækkaður án framangreindra ráðstafana og skattvísitalan ekki leiðrétt, hlýtur verðbólguvöxturinn enn að aukast og skammt að verða til næstu gengisfellingar. Þá væri enn fylgt áfram þeirri stefnu, sem leitt hefur til fjögurra gengisfellinga á einum áratug.

Alþingi, 26. jan. 1970.

Þórarinn Þórarinsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 278. Lög [75. mál]

um breyting á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

(Afgreidd frá Nd. 26. jan.)

Samhljóða þskj. 84.

Sþ. 279. Fyrirspurn [153. mál]

til ríkisstjórnarinnar um málefni Landssmiðjunnar.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hverjar eru ráðagerðir ríkisstjórnarinnar um framtíð Landssmiðjunnar?

Nd. 280. Frumvarp til laga [154. mál]

um breyting á lögum nr. 16 1943, um orlof, sbr. lög nr. 8 1957 og lög nr. 68 1964.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem lög þessi ná til, hefur rétt og skyldu til orlofs ár hvert 2 daga fyrir hvern unninn almanaksmánuð á seinasta orlofsári, en orlofsár merkir í lög-

um þessum tímabilið 15. maí til 14. maí. Telst í þessu sambandi hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími ekki talinn með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt, eða hann er í orlofi.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem fer í orlof, á rétt á að fá greitt sem orlofsfé 8% — átta af hundraði — af kaupi því, sem hann hefur borið úr býtum fyrir vinnu sína næsta orlofsár á undan.

Nú hefur maður unnið eftirvinnu, nætur- eða helgidagavinnu, og greiðist þá orlofsfé aðeins af þeirri upphæð, sem greidd hefði verið fyrir þá vinnu, ef það hefði verið dagvinna. Þó skulu menn fá greitt orlofsfé af eftirvinnukaupi, eins og það er á hverjum tíma.

Orlofsfé greiðir sá eða þeir, sem orlofsrétthafi hefur unnið hjá á orlofsárinu, og fer greiðsla fram með orlofsmerkjum hvert skipti sem útborgun vinnulauna fer fram.

Ákvæði þetta gildir þó ekki um starfsmenn, sem eru í föstu starfi. Þegar þeir fara í orlof og hafa unnið hjá sama vinnuveitanda samfleytt næsta orlofsár á undan, halda þeir kaupi sínu óskertu orlofsdagana, jafnháu og þeir hefðu unnið venjulegan vinnutíma. Kaup fyrir orlofsdagana skulu þeir fá greitt næsta virkan dag, áður en orlof hefst.

Nú fer maður úr föstu starfi, og greiðir vinnuveitandi þá með orlofsmerkjum orlofsfé af kaupi því, er starfsmaðurinn vann fyrir á því orlofsári.

Starfsmaður, sem er í föstu starfi, þegar hann fer í orlof, en hefur ekki unnið hjá sama vinnuveitanda samfellt næsta orlofsár á undan, fær greitt orlofsfé með orlofsmerkjum næsta virkan dag, áður en orlof hefst, og miðast það við kaup það, er hann vann fyrir hjá núverandi vinnuveitanda á orlofsárinu.

Krafa um greiðslu orlofsfjár er forgangskrafa í dánar- eða þrotabúi vinnuveitanda til jafns við kröfur þær, sem um ræðir í 83. gr. b, 5. lið skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein, er verði 5. gr., svo hljóðandi:

Heimilt er, ef ráðuneytið telur það hagkvæmara, að semja við verkalýðshreyfinguna um framkvæmd orlofslaganna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lögunum um orlof var síðast breytt — á árinu 1964 — voru réttindi þeirra mjög færð til samræmis við það, sem þá var á Norðurlöndum. Síðan hafa orlofslögin verið endurskoðuð í öllum nágrannalöndum okkar, og hefur orlofið alls staðar verið lengt nema hér.

Lengd orlofs hér á landi er nú 21 virkur dagur á ári, eða einn og þrír fjórðu dags fyrir hvern unninn almanaksmánuð á seinasta orlofsári. Allt eru þetta lágmarksákvæði, sem í engu rýra orlofsrétt þeirra, sem skv. samningi eða venju eiga eða kunna að eignast betri orlofsrétt.

Um greiðslu orlofsfjár gilda þær reglur hér á landi, að sá, sem í orlof fer, á að fá greitt sem orlofsfé 7% — sjö af hundraði — af kaupi því, sem hann hefur borið úr býtum fyrir vinnu sína næsta orlofsár á undan.

Í þessu frumvarpi er lagt til, að orlofsrétturinn lengist í 2 daga fyrir hvern unninn almanaksmánuð á seinasta orlofsári og að orlofsfé verði 8% í stað 7% áður.

Orlofslögin í Noregi breyttust fáum vikum eftir að íslenzku orlofslögunum var breytt. Lögfestu Norðmenn þá (15. maí 1964) hjá sér fjögurra vikna orlof, og hefur svo verið síðan. — Orlofsfé hjá Norðmönnum er 9½%.

Í Svíþjóð er lengd orlofs ákveðin með lögum 24 virkir dagar á ári. Á hvern unninn mánuð koma 2 orlofsdagar, ef unnið hefur verið 15 daga eða meira í mánuðinum. Hins vegar kemur 1 orlofsdagur á mánuð, ef unnir dagar eru aðeins 8—14.

Í Danmörku skipaði verkamálaráðuneytið hinn 12. maí 1967 fjölmenna nefnd til að endurskoða lög um vinnutíma og orlof. Hefur nefnd þessi fyrir alllöngu lokið störfum, og er nefndarálitið ásamt fylgiskjölum mikil bók, 240 blaðsíður í stjórnartíðinda-broti.

Í frumvarpi, sem nefndin hefur lagt fram, eru ákvæði um 2 orlofsdaga fyrir unninn mánuð, eða 24 virka daga á ári, en eftir þeirra reglum yrði orlofsféð 8.59%.

Fulltrúar Alþýðusambandsins danska skrifuðu undir álit milliþinganefndarinnar með fyrirvara. Vildu þeir standa að frumvarpi um fjögurra vikna orlof. Eru útreikningar um þá orlofslengd einnig birtir með nefndarálitinu, og yrði orlofsfé samkvæmt þeim 9.87%.

Í samræmi við þetta hefur Alþýðusambandið danska borið fram við atvinnurekendur kröfuna um fjögurra vikna orlof og 10% orlofsfé. En síðast, þegar fréttist, var ekki vitað, hvort sú krafa næði fram að ganga. Ef svo verður ekki, má hitt teljast fullvíst, að frumvarp milliþinganefndarinnar um 24 daga orlof verði lögfest í Danmörku á þessu þingi.

Af því, sem nú hefur verið sagt, er ljóst, að eigi samræmi það, sem á var fallizt 1964 um orlofsréttindi hér á landi við hliðstæð gildandi ákvæði í Noregi, Svíþjóð og Danmörku, að haldast, þá ber að breyta ákvæðum orlofslaganna svo sem gert er í frumvarpi þessu, þ. e. í 24 daga orlof og 8% orlofsfé.

Nd. 281. Breytingartillaga [123. mál]

við frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Aftan við frv. bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðlag á öllum þeim vörum, sem tollur er lækkaður á samkv. lögum þessum, skal háð ákvörðun verðlagsnefndar samkv. l. nr. 54 1960, um verðlagsmál, og skal það vera meginstefna nefndarinnar að sjá um, að tollalækkun, sem gerð er með lögum þessum, komi fram í lækkandi útsöluverði.

Nd. 282. Breytingartillaga [123. mál]

við frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni og Stefáni Valgeirssyni.

Við 1. gr.	Tollskrár-tollur
Nr. 84.23.02 orðast svo:	
02 Jarðýtur	7%

Ed. 283. Frumvarp til laga [123. mál]

um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd., 26. jan.)

Samhljóða þskj. 167 og 268 með þessum breytingum:

Eftirtalin númer í tollskránni í 1. gr. breytast:

	Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
22.01.01 orðast svo:			
Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	70%		100%
22.02.00 orðast svo:			
Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til nr. 20.07	70%		100%
22.03.00 orðast svo:			
Öl gert úr malti	70%		100%
22.04.00 orðast svo:			
Drúfusafi í gerjun og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með öðru en etanóli	70%		100%
39.02.85 orðast svo:			
Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynnra	15%		35%
39.04.02 orðast svo:			
Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað, 0,4 mm og þynnra	25%		35%
39.05.02 orðast svo:			
Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað, 0,4 mm og þynnra	25%		35%
39.06.02 orðast svo:			
Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað, 0,4 mm og þynnra	25%		35%
39.07.35 orðast svo:			
Björgunar- og slysavarnatæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðueytisins	0		20%
39.07.71 orðast svo:			
Girðingarstaurar	10%		20%
40.14.02 orðast svo:			
Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0		20%
44.03.52 orðast svo:			
Girðingarstaurar	10%		20%
44.18 orðast svo:			
Gervitrjáviður úr spónum, sagi, viðarmjöli eða öðrum viðarkenndum úrgangi, haldið saman með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðru lífrænu bindiefni, í plötum, bitum eða þess háttar:			
01 Spónaplötur yfir 15 mm að þykkt	20%		40%
09 Aðrar	30%		40%

			Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
45.03.02 orðast svo:					
Björgunaráhöld úr korki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins			0		20%
73.40.43 orðast svo:					
Girðingarstaurar			10%		20%
76. kafli, að undanskildum athugasemdum, orðast svo:					
Ál og vörur úr því.					
76.01		Ál óunnið; álúrgangur og brotaál:			
	10	Álúrgangur og brotaál	4%		5%
	20	Ál óunnið	4%		5%
76.02		Stengur, prófílar og vír, úr áli:			
	01	Stengur og prófílar	4%		5%
	02	Suðuvír	7%		35%
	09	Annað	15%		35%
76.03	00	Plötur og ræmur úr áli	0		5%
76.04		Álþynnur, sem eru í mesta lagi 0,20 mm að þykkt (án undirlags), einnig upphleyptar og mynstraðar, tilskornar, gataðar, húðaðar, áprentaðar eða festar á pappír eða annað efni til styrktar:			
	01	Efni í hettur á mjólkurflöskur	14%		20%
	09	Aðrar	25%		35%
76.05	00	Álduft og álflögur	4%		30%
76.06		Pípur, pípuefni og holar stengur, úr áli:			
	01	Prófílpípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4%		5%
	09	Annað	25%		35%
76.07	00	Pípufittings (t. d. tengi, hné, hólkar og beygjur), úr áli	25%		35%
76.08	00	Mannvirki (t. d. skemmur og aðrar byggingar, brýr og brúarhlutar, turnar, súlnagrindur, þök, þakgrindur, glugga- og hurðagrindur, hlerar, stöplar og súlur), hálf- eða fullunnin, samsett eða ósamsett, og hlutar til þeirra (þar með taldar plötur, stengur, bjálkar, prófílar, pípur o. þ. h., tilsniðið til notkunar í mannvirki), úr áli	40%		40%
76.09	00	Geymar, ker og önnur slík stór ílát úr áli, með yfir 300 lítra rúmtaki undir alls konar efni, einnig klædd að innan og hitaeinangruð, en ekki með mekaniskum tækjum eða útbúnaði fyrir upphitun eða kælingu	50%	35%	50%
76.10		Föt, tunnur, brúsar og áþekk ílát (þar með stíf og sveigjanleg pípulaga ílát), úr áli, venjulega notuð við flutning á vörum eða sem umbúðir:			
	01	Mjólkurbrúsar 10 l eða stærri	10%		10%
	02	Grindur og kassar til flutnings á mjólkurflöskum og mjólkurhyrnum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%	14%	20%
	03	Tunnur	30%	21%	30%
	04	Skálpar (túbur)	25%		35%

			Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
	05	Niðursuðudósir	50%	35%	50%
	09	Annað	60%	40%	60%
76.11	00	Hylki og ílát undir samanþjappaðar gasteg-undir og önnur áþekk ílát, úr áli	25%		35%
76.12	00	Margþættur vír, strengir, kaðlar, vírfléttur o. þ. h. úr áli, þó ekki einangraðar raftaugar og rafstrengir	35%		35%
76.13		Vírnet, vírdúkur, styrktarvefnaður o. þ. h. úr álvír:			
	01	Steypustyrktar- og múrhúðunarnet	35%		35%
	02	Girðingarnet úr vír, sem ekki er grennri en 2 mm í þvermál	20%		20%
	09	Annað	35%		35%
76.14	00	Möskvateygðar (expended) plötur úr áli	14%		20%
76.15		Áhöld til heimilishalds, hreinlætistæki til inn-anhússnota og hlutar til slíkra vara, úr áli:			
	01	Hreinlætistæki	80%		80%
	02	Búsáhöld	100%		100%
76.16		Aðrar vörur úr áli:			
	01	Netjakúlur	2%		2%
	02	Fiskkassar, fiskkörfur og línubalar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármála-ráðuneytisins	4%	4%	4%
	03	Naglar, stifti, skrúfur o. þ. h.	25%		35%
	04	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýr-greiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytis-ins	25%		35%
	05	Drykkjarker fyrir skepnur	15%	11%	15%
	06	Anóður	4%		70%
	07	Rafmagnstengidósir og bólur til gangbraut-armerkingar	25%		{70% {35%
	08	Vörur úr áli, grófmótaðar, en ekki frekar unnar	7%		70%
	09	Annars	70%		70%
84.11.02 orðast svo:					
Þjöppur fyrir frystikerfi			7%		15%
84.17.14 orðast svo:					
Kaffihitarar og önnur tæki til veitingarekstrar			25%		35%
90.16.00 orðast svo:					
Tæki til teiknunar, afmörkunar og útreiknings (t. d. pantógrafar, teiknifæri, reglustikur, reiknistokkar, reikniskífur o. fl.), tæki og áhöld til mælinga, endur-mælinga og prófana, enda falli þau ekki undir annað númer þessa kafla (t. d. míkrómeter, rennimál, málbönd, mælistikur og jafnvægistæki (balancing machines)) og prófilprójektörar			7%		35%
90.22.00 orðast svo:					
Tæki til mekanískrar prófunar á hörku, styrkleika, þrýstiþoli, teygjanleika og öðrum svipuðum eiginleikum efnis (t. d. málma, trjáviðar, spunatrefja, pappírs og plasts)			7%		35%

Eftirtaldir liðir 3. gr. hljóða svo:

12. Að lækka eða fella niður gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru, ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni.
14. Að veita undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðherra og sendiráðsstarfsmanna í samræmi við reglur um bílamál ríkisins.
50. Að endurgreiða gjaldamismun af iðnaðarvélum, sem tollafgreiddar eru eftir 1. desember 1968, þannig að innflytjendur verði eins settir og tollafgreiðsla hefði átt sér stað eftir gildistöku laga þessara.

    Á sama hátt er heimilt að endurgreiða gjaldamismun af þeim hráefnum til iðnaðarframleiðslu, sem lækka í tolli með lagabreytingu þessari, enda hafi tollafgreiðsla átt sér stað eftir 1. desember 1969 og sé ljóst, að vörurnar séu fyrir hendi í birgðum hráefna eða óseldra iðnaðarvara.

    Þá er heimilt að endurgreiða timburinnflytjendum gjaldamismun af öllum sannanlegum birgðum timburs 1. marz 1970, innfluttum eftir 1. ágúst 1969.

    Endurgreiðslubeiðnir samkv. þessu heimildarákvæði skulu hafa borizt tollyfirvöldum fyrir 1. júlí 1970.

    Fjármálaráðherra setur að öðru leyti nánari fyrirmæli um framkvæmd þessa ákvæðis.
52. Að endurgreiða, með nánar ákveðnum skilyrðum, gjöld af efni til framleiðslu rafmagnstækja; einnig gjöld af efni til rafbúnaðar til húshitunar og rafmagnsvatnshitunartækja (nr. 85.12.02 og 85.12.06).

Ed. 284. Breytingartillaga [142. mál]

við frv. til laga um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

Frá Kristjáni Thorlacius og Karli Guðjónssyni.

Á eftir 1. mgr. 1. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Auk þeirra, sem taldir eru í 1. málsgr., skal veita öðrum launþegum eftirlaunarétt sem hér segir:

1. Starfsmönnum ríkisins, sem ekki eiga aðildarrétt að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði barnakennara, Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og Lífeyrissjóði ljósmæðra.
2. Starfsmönnum bæjar- og sveitarfélaga, sem ekki eiga aðildarrétt að lífeyrissjóðum hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga.
3. Þeim starfsmönnum hjá einkafyrirtækjum, sem ekki eru á félagssvæði verkalýðsfélags, en ættu annars aðildarrétt að Alþýðusambandi Íslands.

Ed. 285. Frumvarp til laga [7. mál]

um sameiningu sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. jan.)

Samhljóða þskj. 7 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðuneytið felur fyrst um sinn sérstökum erindreka að annast framkvæmd laga þessara undir umsjón ráðuneytisins og í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga og hlutaðeigandi sveitarstjórnir.

Hlutverk erindrekans skal vera:

a. að eiga frumkvæði að því, að athuguð verði skilyrði fyrir sameiningu einstakra sveitarfélaga um allt land.
b. að afla upplýsinga eftir föngum um allt það, sem máli skiptir í sambandi við sameiningu sveitarfélaga.
c. að vera samstarfsnefndum, sbr. 3. gr., til ráðuneytis og aðstoðar við störf þeirra.
d. að annast fyrirgreiðslu við stjórnvöld um þau mál, sem varða sameininguna.
e. að vera sveitarstjórnum til aðstoðar við ákvörðun þeirra atvika, sem um ræðir í 5. gr.

Erindrekinn skal gera skýrslu um störf sín ársfjórðungslega, sem hann lætur ráðuneytinu og Sambandi íslenzkra sveitarfélaga í té.

Þegar erindrekinn lætur af störfum, tekur félagsmálaráðuneytið við verkefnum hans.

7. gr. hljóðar svo:

Þegar félagsmálaráðuneytinu hafa borizt samþykktir sveitarstjórna um sameiningu, sbr. 5. gr., ásamt álitsgerðum og tillögum, sbr. 6. gr., getur það ákveðið, að sameining skuli fram fara.

Ráðuneytinu er heimilt að skipta hreppi, ef slík skipting telst nauðsynleg, til þess að sameining á hluta eða hlutum úr hreppnum við nágrannasveitarfélag eða nágrannasveitarfélög geti orðið með þeim hætti, að hinn nýi hreppur eða hreppar fái eðlileg hreppamörk frá staðháttalegu sjónarmiði. Slík hreppsskipting getur þó ekki farið fram, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd samþykki hana. Leita skal umsagnar sýslunefndar um skiptinguna, áður en hún verður framkvæmd.

Samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess að sameina sveitarfélög, eða hluta af sveitarfélögum, sem eru sitt í hvoru lögsagnarumdæmi. Samþykki Alþingis þarf til þess að sameina sveitarfélög, eða hluta af sveitarfélögum, sem eru sitt í hvoru kjördæmi.

Félagsmálaráðuneytið hlutast til um, að samþykktir og reglugerðir, sem gilda í þeim sveitarfélögum, sem sameina skal, verði endurskoðaðar og samræmdar og út gefnar nýjar samþykktir og reglugerðir, sem gilda í hinu nýja sveitarfélagi.

Nd. 286. Frumvarp til laga [155. mál]

um breyting á lögum nr. 75 frá 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Björn Pálsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, sem ræður 1—2 framkvæmdastjóra.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Stjórn hans skal vera í höndum fimm manna, sem kosnir eru til tveggja ára í senn, þannig að Alþingi kýs tvo með hlutfallskosningu, stjórn Seðlabankans einn, Landssamband íslenzkra útvegsmanna einn og Sjómannasamband Íslands einn. Varamenn skal kjósa jafnmarga á sama hátt og til sama tíma. Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnar að sitja hann, og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnarinnar.

3. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Verkefni stjórnar Fiskveiðasjóðs eru þessi:

a. Ákvarðanir um lántökur og aðra fjáröflun til starfsemi sjóðsins og útgáfu skjala í því sambandi.
b. Ákvarðanir um útlán sjóðsins og lánskjör.
c. Ákvarðanir um rekstraráætlun Fiskveiðasjóðs, er gerð skal fyrir fram fyrir eitt ár í senn.
d. Úrskurður reikninga sjóðsins og ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs, svo og ákvörðun um afskriftir af kröfum hans.
e. Ráðning eins eða tveggja framkvæmdastjóra sjóðsins, sem annist alla daglega stjórnsýslu hliðstætt því, sem bankastjórar gera.
f. Skipun matsnefndar.

Framkvæmdastjóri Fiskveiðasjóðs eða framkvæmdastjórar, ef tveir eru, ráða starfsmenn sjóðsins og segja þeim upp starfi í samráði við stjórn sjóðsins. Um laun, kjör og réttarstöðu framkvæmdastjóra og starfsmanna gilda sömu ákvæði og um starfsmenn ríkisbankanna.

4. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Starfsár Fiskveiðasjóðs er almanaksárið. Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur sjóðsins, svo og töp vegna afskrifaðra lána. Forstjóri sjóðsins eða forstjórar skulu sjá um að ganga frá reikningum sjóðsins fyrir 1. marz ár hvert og hafa afhent þá stjórn sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára. Ráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að fengnum úrskurði stjórnar og endurskoðenda. Ársreikninga skal birta í Stjórnartíðindum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því að breyta lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, þannig að hann verði sjálfstæð stofnun og forstjóri hans eða forstjórar hafi hliðstæða aðstöðu við afgreiðslu lána og innheimtu og bankastjórar ríkisbankanna hafa nú.

Til ársins 1966 var Fiskveiðasjóður sjálfstæð lánastofnun undir yfirstjórn Útvegsbankans. Þó að málum væri þannig hagað, var þess eigi vart, að forstjóri Fiskveiðasjóðs væri borinn ráðum eða viðskiptamenn sjóðsins þyrftu til annarra að leita um úrskurð mála. Árið 1966 var lögum um sjóðinn breytt, þannig að hann var settur undir yfirstjórn þriggja banka. Við umræður um málið komu lítil rök fram fyrir nauðsyn á þessari breytingu. Sjóðnum var vel stjórnað. Ákvarðanir, sem gerðar voru 1960 um hækkun vaxta og styttingu lánstíma til mikils óhagræðis fyrir útvegsmenn og sjómenn, voru ekki sök sjóðsstjórnarinnar. Þar réð hin svo nefnda viðreisnarstefna, sem ríkisstjórnin hefur skapað og fóstrað.

Eignir Fiskveiðasjóðs eru nú 9—10 hundruð milljónir. Vera má, að það fé sé ekki allt innheimtanlegt, en svipað má vafalaust segja um fleiri lánastofnanir. Þessi sjóður nemur viðlíka upphæð og allir bankar eiga til samans í hreinni eign. Að nokkru er sjóður þessi myndaður með framlögum úr ríkissjóði, en meginhluti hans er til orðinn með beinum eða óbeinum framlögum útvegsmanna og sjómanna. Það er því ekki óeðlilegt, að útvegsmenn og sjómenn fái íhlutunarrétt um stjórn þessa sjóðs, sem þeir hafa lagt stórfé í og hefur veruleg áhrif á lífsafkomu þeirra. Lagt er því til í þessu frv., að samtök þessara aðila fái fulltrúa í stjórn sjóðsins, þeir fái þar eigi meirihlutaaðstöðu, en geti komið á framfæri skoðunum sínum og tillögum.

Sjávarútvegur hefur meiri og margþættari áhrif á peningamál okkar en aðrir atvinnuvegir, að minnsta kosti enn sem komið er. Iðnaður, verzlun og landbúnaður hafa fengið sjálfstæðar lánastofnanir til að skipta við. Enginn dregur í efa, að það er hagkvæmt. Því á sjávarútvegurinn að búa við önnur og óaðgengilegri kjör? Nauðsyn ber til, að útvegsmenn geti fengið fljóta og ákveðna afgreiðslu sinna mála í einum stað, en þurfi eigi að hlaupa milli margra aðila í ýmsum stofnunum til að skýra sín mál. Þess ber og að gæta, að bankastjórar viðskiptabankanna hafa næg verkefni, þó að þeir þurfi ekki að stjórna Fiskveiðasjóðnum. Erfðleikar útvegsmanna eru og nægilega miklir, þó að þeir þurfi eigi að eyða mörgum dögum til að ná tali af hinum ýmsu stjórnendum sjóðsins, sem eru uppteknir í störfum í þremur bönkum. Það ætti því að vera lágmarkskrafa, að framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar Fiskveiðasjóðs hafi hliðstæða starfsaðstöðu og vald eins og bankastjórar viðskiptabankanna. Á þann eina hátt geta útvegsmenn fengið mál sín afgreidd án óþarfa vafninga.

Nd. 287. Frumvarp til laga [126. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 61 24. des. 1964, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 27. jan.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta og endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu skal greiða 11% — ellefu af hundraði — söluskatt eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framtöl, framtalsfresti, álagningu, gjalddaga og eindaga söluskatts, svo og um innheimtu 1½% dráttarvaxta, sem falli á í eindaga skattsins, og síðan fyrir hvern byrjaðan mánuð.

Innheimtumaður getur látið lögregluna stöðva atvinnurekstur þeirra aðila, sem ekki gera skil á skattinum á tilsettum tíma, með því m. a. að setja verkstofur, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli, þar til full skil eru gerð.

3. gr.

Á eftir 16. gr. laganna komi ný grein:

Ráðherra er heimilt að ákveða, að í öllum verzlunum, sölu- eða afgreiðslustöðum, þar sem söluskattur er innheimtur, skuli taka upp peningakassa, sem auðvelt sé að stimpla í öll söluskattskyld viðskipti, þannig að eftirlitsmenn fjármálaráðuneytisins geti gengið úr skugga um, að allur innheimtur söluskattur komi fram. Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við framtal til söluskatts fyrir fyrsta ársfjórðung 1970 skulu framteljendur skila tveimur framtalsskýrslum, annarri fyrir janúar og febrúarmánuði, en hinni fyrir marz. Skattyfirvöld geta krafizt hvers konar upplýsinga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta innan fyrsta ársfjórðungs fyrri ára.

Við tollafgreiðslu vöru til eigin neyzlu eða nota innflytjanda, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, skal undantekningarlaust innheimta hinn breytta söluskatt skv. 1. gr. þessara laga frá og með 1. marz 1970. Sama regla gildi um fullnaðartollafgreiðslu í samræmi við 22. gr. tollskrárlaga nr. 3 26. febrúar 1969.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella ákvæði þeirra ásamt ákvæðum 1. gr. laga nr. 61/1964 inn í meginmál laga nr. 10/1960 eins og þau eru breytt með niðurfellingarákvæðum 40. gr. laga nr. 7 29. apríl 1963 um tollskrá o. fl. og 1. gr. laga nr. 76/1967, að breyttu breytanda, og gefa út þannig sem lög um söluskatt.

Nd. 288. Lög [2. mál]

um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1965, um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 27. jan.).

Samhljóða þskj. 128.

Nd. 289. Breytingartillaga [126. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. l. nr. 61 24. des. 1964, um breyt. á þeim lögum.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „ellefu % — 11 af hundraði“ komi: níu og hálft % — 9.5 af hundraði.

Nd. 290. Breytingartillaga [126. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. l. nr. 61 24. des. 1964, um breyt. á þeim lögum.

Frá Stefáni Valgeirssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni, Halldóri E. Sigurðssyni og Ágúst Þorvaldssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir orðinu „nýmjólk“ í 2. tölul. 6. gr. laganna komi: smjör, ostur, skyr, kjöt, kartöflur.

Nd. 291. Frumvarp til laga [156. mál]

um Iðnþróunarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland (Nordisk Industrialiseringsfond for Island), sem gerður var í Reykjavík 12. desember 1969. Texti samningsins fylgir lögum þessum og telst hluti af þeim og skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

2. gr.

Sjóður sá, er um ræðir í samningi þessum, sbr. 1. gr., skal á Íslandi nefnast Iðnþróunarsjóður. Heimili sjóðsins og varnarþing skal vera í Reykjavík.

3. gr.

Iðnaðarráðherra skal skipa fulltrúa Íslands í stjórn sjóðsins svo og einn varamann. Menn þessir skulu skipaðir til þriggja ára í senn.

4. gr.

Iðnaðarráðherra skipar fimm menn í framkvæmdastjórn sjóðsins eftir tilnefningu eftirtalinna aðila: Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands h.f. og Iðnlánasjóðs, sem hver tilnefnir einn mann, og Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sem tilnefna einn mann sameiginlega. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt, og skal skipunartími aðalmanna og varamanna vera þrjú ár. Ráðherra skipar formann framkvæmdastjórnar, en hún skiptir með sér verkum að öðru leyti.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ræður honum framkvæmdastjóra að fengnum tillögum framkvæmdastjórnarinnar.

6. gr.

Sjóðurinn er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarsjóða á sama hátt og Seðlabanki Íslands.

Sjóðurinn er og undanþeginn stimpilgjaldi af fjárskuldbindingum, sem hann kann að taka á sig.

7. gr.

Iðnaðarráðherra getur, að tillögu stjórnar sjóðsins, sett með reglugerð nánari ákvæði um rekstur sjóðsins.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1970.

Fylgiskjal.

Samningur um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa ákveðið í sambandi við aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA) að stofna norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að tækni- og iðnþróun Íslands við aðild Íslands að EFTA og auðvelda aðlögun iðnaðarins í því sambandi. Sjóðurinn skal stuðla að þróun útflutningsiðnaðar á Íslandi og leggja áherzlu á aukna samvinnu á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og hinna Norðurlandanna. Enn fremur skal sjóðurinn notaður til að efla samkeppnishæfni íslenzka heimamarkaðsiðnaðarins.

2. Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins skal vera jafnvirði 14 milljóna Bandaríkjadollara. Af stofnfénu skal hvert Norðurlandanna leggja fram eftirfarandi hluta:

	Milljónir Bandaríkjadollara
Danmörk	2.7
Finnland	2.7
Ísland	0.5
Noregur	2.7
Svíþjóð	5.4

Stofnféð skal lagt fram vaxtalaust til ráðstöfunar í jafnstórum árlegum fjárhæðum á 4 ára tímabili frá gildistökudegi samningsins.

Sjóðurinn skal innheimta framlögin hjá hinum norrænu ríkjum í samræmi við áðurgreinda skiptingu eftir því, sem starfsemi hans krefur.

Frá 10. ári skal sjóðurinn eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnarinnar endurgreiða vaxtalaust í áföngum á næstu 15 árum í samræmi við áðurgreinda skiptingu til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar jafnvirði framlaga þeirra. Skal endurgreiðslu þessara framlaga að fullu lokið að enduðum 25 árum frá stofnun sjóðsins.

Ábyrgð Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar á skuldbindingum sjóðsins er takmörkuð við hlutdeild þeirra í stofnfénu á hverjum tíma. Ísland er á sama hátt ábyrgt fyrir skuldbindingum sjóðsins með sínum hluta stofnfjárins og ber auk þess eitt ábyrgð á þeim skuldbindingum umfram stofnféð, sem sjóðurinn kann að taka á sig vegna ábyrgða sbr. 4. lið.

Þegar Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð eiga ekki lengur hlutdeild í stofnfé sjóðsins, samkvæmt áður nefndum ákvæðum um endurgreiðslu, fellur samningur þessi úr gildi, og sjóðurinn verður eign og undir stjórn íslenzka ríkisins.

3. Gengisákvæði.

Reikningseining sjóðsins skal vera jöfn einum Bandaríkjadollar. Öll útlán sjóðsins skulu miðuð við þessa einingu.

4. Starfshættir.

Sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því:

a) Að veita lán til ákveðinna verkefna, annað hvort einn eða í samvinnu við aðra aðila.
b) Að ábyrgjast lán, sem veitt eru af öðrum aðilum.

Fé til lánveitinga fær sjóðurinn af stofnfé sínu og tekjum og skulu lánveitingar ákveðnar í samræmi við viðurkennd bankaleg og efnahagsleg sjónarmið. Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjárins og forðast ónauðsynlega áhættu.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita lán með sérlega hagstæðum kjörum, eða framlög m. a. til tækniaðstoðar, rannsókna og markaðsathugana. Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meiru en 10% af stofnfénu.

Lán, framlög eða ábyrgðir má veita til fyrirtækja í einkaeign eða í eigu opinberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða, sem hafa sama tilgang og sjóðurinn.

Sjóðurinn skal hafa náið samstarf við íslenzkar lánastofnanir, sem veita lán til iðnaðar.

5. Stjórn.

Sjóðurinn skal hafa stjórn, framkvæmdastjóra og framkvæmdastjórn. Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum, einum frá hverju landi. Varamaður skal skipaður fyrir hvern stjórnarmann. Stjórnin kýs sér formann til eins árs í senn. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði. Til ákvörðunar þarf meiri hluta atkvæða og skal atkvæði íslenzka stjórnarmannsins vera þar með.

Stjórnin tekur ákvarðanir um málefni sjóðsins. Stjórnin getur, eftir því sem hún telur heppilegt, falið framkvæmdastjórninni að taka ákvarðanir um starfsemi sjóðsins.

Framkvæmdastjórn skipa framkvæmdastjóri sjóðsins og fimm fulltrúar íslenzka bankakerfisins.

Framkvæmdastjóri sjóðsins ber ábyrgð á ráðningu starfsfólks og daglegum rekstri.

Aðsetur sjóðsins er í Reykjavík. Seðlabanki Íslands skal veita sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu.

6. Sjóðsslit.

Ef aðstæður skapast, sem að verulegu leyti raska forsendum þessa samnings, skulu ríkisstjórnir Norðurlanda ráðgast hver við aðra um áframhaldandi starfsemi

sjóðsins. Ef ákveðið er að leggja sjóðinn niður, skulu ríkisstjórnirnar, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, taka ákvörðun um, hvernig farið skuli með fjárhagslegar skuldbindingar samkvæmt samningnum.

7. Gildistaka.

Samningurinn tekur gildi samtímis samningi um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA), þó í fyrsta lagi, þegar Norðurlöndin hafa afhent ríkisstjórn Íslands fullgildingarskjöl sín til vörzlu.

Til staðfestingar þessu hafa eftirgreindir fulltrúar, samkvæmt sérstöku umboði, undirritað þennan samning í Reykjavík, hinn 12. desember 1969, í einu eintaki á dönsku. Samningsaðilar munu fljótlega, með því að skiptast á orðsendingum, koma sér saman um finnskan, íslenzkan, norskan og sænskan texta, sem skulu vera jafngildir danska textanum.

Fyrir ríkisstjórn Danmerkur:
Birger Kronmann.

Fyrir ríkisstjórn Finnlands:
Pentti Suomela.

Fyrir ríkisstjórn Íslands:
Gylfi Þ. Gíslason.

Fyrir ríkisstjórn Noregs:
Christian Mohr.

Fyrir ríkisstjórn Svíþjóðar:
Gunnar Granberg.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eitt höfuðvandamálið í sambandi við hugsanlega aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu er, hvernig tryggja má gagnkvæmni í viðskiptum Íslands og hinna Norðurlandanna fjögurra. Viðskiptajöfnuðurinn milli Íslands og hinna Norðurlandanna sem heildar, hefur verið Íslandi óhagstæður. Afnám tollverndar í viðskiptum með iðnaðarvörur hlýtur að verða hinum Norðurlöndunum hagstæðara en Íslandi, miðað við óbreytta samsetningu útflutningsins. Margar verndarvörur eru hér hátt tollaðar, en mikið af núverandi útflutningi Íslendinga til hinna Norðurlandanna er lítið tollaður þar. Til þess að jafna þessi met taldi ríkisstjórnin rétt að hreyfa þeirri hugmynd við ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna, að þær auðvelduðu Íslendingum aðlögun að markaðsaðstæðum í Fríverzlunarsamtökunum, með því að efla iðnþróun á Íslandi. Í sambandi við aðlögun iðnaðarins að markaði Fríverzlunarsamtakanna og eflingu iðnþróunarinnar þurfa Íslendingar á verulegu fjármagni að halda. Ákvað ríkisstjórnin að stinga upp á því við ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna, að öll Norðurlöndin kæmu upp iðnþróunarsjóði á Íslandi í þessu skyni.

Ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna tóku þessari málaleitan mjög vel. Var samkomulag um, að stofnfé þessa sjóðs yrði 14 milljónir dollara eða 1 232 millj. kr. og skuli stofna sjóðinn um leið og Ísland gerist aðili að Fríverzlunarsamtökunum. Var stofnsamningur, með þessum fyrirvara, undirritaður í Reykjavík 12. desember s. l. Er þar slegið föstu, að framlag landanna til sjóðsins yrði sem hér segir:

Danmörk	2.7	millj.	dollara
Finnland	2.7	—	—
Ísland	0.5	—	—
Noregur	2.7	—	—
Svíþjóð	5.4	—	—

Önnur atriði samningsins eru þau, að framlögin á að greiða með jöfnum árlegum upphæðum á fyrstu 4 árunum eftir að Ísland gerist aðili að Fríverzlunarsamtökunum, eftir því sem starfsemi sjóðsins krefur. Á 11. ári frá stofnun sjóðsins skal sjóðurinn hefja endurgreiðslu á framlögum hinna Norðurlandanna, en þau eru vaxtalaus, og skal endurgreiðslum þeirra lokið í lok 25. starfsárs sjóðsins. Þá verður sjóðurinn eign íslenzka ríkisins og fellur samningurinn þar með úr gildi.

Sjóðurinn mundi veita lán til íslenzkra iðnfyrirtækja og lánastofnana, sem vinna að sama markmiði og sjóðurinn, svo sem Iðnlánasjóður. Sjóðnum er ætlað að örva þróun útflutningsiðnaðar og jafnframt að styrkja samkeppnisaðstöðu þeirra iðngreina, sem keppa við innfluttar iðnaðarvörur. Sjóðurinn getur ábyrgzt lán, sem aðrir aðilar veita iðnfyrirtækjum. Hann getur einnig veitt hagstæð lán eða framlög vegna tækniaðstoðar, rannsókna og til markaðsöflunar.

Gert er ráð fyrir, að stjórn sjóðsins skipi 5 menn, einn frá hverju landi, og hefur hún með höndum yfirstjórn sjóðsins. Sérstök framkvæmdastjórn hefur með höndum lánveitingar sjóðsins og aðra starfsemi hans, í samráði við stjórn hans, samkvæmt nánari ákvörðun hennar. Í framkvæmdastjórn yrðu auk framkvæmdastjóra 5 fulltrúar íslenzkra peningastofnana. Framkvæmdastjórinn annast mannaráðningar og daglegan rekstur. Stofnsamningurinn tekur gildi, þegar hin Norðurlöndin hafa fullgilt aðildarsamning Íslands við Fríverzlunarsamtökin og fyrir liggur nauðsynleg lagasetning.

Nú er Alþingi hefur samþykkt aðild að samtökunum, sem tekur væntanlega gildi 1. marz n. k., er tímabært að setja sjóðnum lög.

Í frumvarpinu er að finna nauðsynleg ákvæði um staðfestingu á efni samningsins og ákvæði um lagalegt gildi hans hér á landi. Verður samningurinn hluti af lögum sjóðsins, enda myndar samningurinn grundvöll sjóðsins um fjármögnun hans, starfshætti og stjórn.

Til viðbótar eru í frumvarpinu nauðsynleg ákvæði um heiti sjóðsins, skipun í stjórn og framkvæmdastjórn o. fl. og ákvæði um sérréttindi honum til handa.

Sú löggjöf, sem hér er sett um sjóðinn, getur gilt fyrstu 25 árin í starfi hans, þ. e. gildistíma samnings landanna um sjóðinn meðan hann er í sameign þeirra. Að þeim tíma loknum, ef starfsemin heldur áfram, er nauðsynlegt að setja sjóðnum ný lög undir alinnlendri stjórn án erlendrar aðildar.

Gert er ráð fyrir því, að í fjárlögum verði aflað heimilda fyrir árlegum framlögum Íslands til sjóðsins, sbr. nýafgreidd fjárlög fyrir 1970.

Í fylgiskjali I með athugasemdum þessum, er gerð grein fyrir útlánum sjóðsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. og 2. gr.

Í 1. gr. er leitað heimildar fyrir ríkisstjórn til að staðfesta samninginn.

Texta samningsins þarf að birta í A-deild Stjórnartíðinda með frumvarpinu ef að lögum verður.

Þess ber að geta, að ekki er hentugt að taka upp hið erlenda heiti sjóðsins hérlendis, og varð niðurstaðan að nefna hann hér Iðnþróunarsjóð, sbr. 2. gr.

Það er gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn veiti sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Frá upphafi hefur verið gengið út frá því, að þær peningastofnanir, sem framar öðrum hafa veitt iðnaðinum lán, skuli eiga fulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins.

Um 5.—8. gr.

Þarfnast ekki sérstakra skýringa. Í 6. gr. fær sjóðurinn sambærileg sérréttindi og bankar og sjóðir í ríkiseign búa við.

Gert er ráð fyrir því, að sjóðurinn geti tekið fljótlega til starfa þegar aðildarsamningur Íslands við Fríverzlunarsamtökin hefur náð fram að ganga og að stjórn, framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri hefji störf væntanlega 1. marz n. k., við gildistöku laganna.

Fylgiskjal I.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

Janúar 1970.

Um útlán Iðnþróunarsjóðs.

Gerð hefur verið áætun um starfsemi hins nýja Iðnþróunarsjóðs fyrstu 25 árin frá stofnun hans. Þar sem sjóðurinn hefur enn ekki hafið starfsemi sína og engar ákvarðanir hafa því verið teknar um lánskjör eða annað, er varðar rekstur hans, hefur í þessari áætlun orðið að byggja á gefnum forsendum, er kunna að reynast rangar í ýmsum atriðum. Engu að síður ætti áætlunin að gefa nokkuð góða mynd af líklegri þróun í fjármálum sjóðsins á þeim 25 árum, sem hún nær til. Við gerð áætlunarinnar hefur verið farið eftir fyrirmælum samnings um Norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland, sem undirritaður var í Reykjavík 12. desember 1969. Skv. 2. grein samningsins er gert ráð fyrir, að stofnfé sjóðsins verði greitt á 4 árum í jafnstórum upphæðum, en jafnframt segir einnig í 2. grein: „Sjóðurinn skal innheimta framlögin hjá hinum norrænu ríkjum í samræmi við áðurgreinda skiptingu eftir því sem starfsemi hans krefur".

Þar sem gera verður ráð fyrir, að það taki iðnaðinn nokkurn tíma að gera áætlun um og undirbúa nýjar fjárfestingar og sömuleiðis þurfi væntanlegt starfslið sjóðsins tíma til að meta lánshæfni umsókna, er í áætluninni gengið út frá, að á fyrstu 3 árunum greiðist 20% af stofnfé inn á hverju ári og á 4. ári 40%.

Varðandi útlán sjóðsins mælir 3. grein samningsins fyrir um, að öll útlán skuli vera með gengisákvæði. Slíkt er eðlilegt, þar sem hinn erlendi höfuðstóll á að endurgreiðast á 15 árum frá og með 11. starfsári sjóðsins. Með tilliti til gengisákvæða á útlánum sjóðsins hefur í áætluninni verið gengið út frá vaxtakjörum á lánum sjóðsins, sem eru hagstæðari en nú gerist um fjárfestingalán til iðnaðarins. Gert er ráð fyrir, að almenn útlán sjóðsins verði til 10 ára, en hin sérstöku lán, sem í áætluninni eru talin, nema 5% af stofnfé sjóðsins til 15 ára.

Í 4. grein samningsins segir m. a. um almenn útlán sjóðsins, að lánveitingar skuli ákveðnar í samræmi við viðurkennd bankaleg og efnahagsleg sjónarmið. Sjóðurinn skuli stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjárins og forðast ónauðsynlega áhættu.

Auk þeirra lána, sem kalla má almenn lán og ofangreind fyrirmæli gilda um í 4. grein, er heimild til að veita í sérstökum tilvikum lán með óvenjulega hagstæðum kjörum eða framlög m. a. til tækniaðstoðar, rannsókna og markaðsathugana. Slík lán eða framlög eru bundin við hámark 10% af stofnfé.

Tafla 1 sýnir áætlaðan höfuðstól sjóðsins á 5 ára fresti og jafnframt skiptingu hans í a. erlent stofnfé, b. hið íslenzka stofnfjárframlag og c. varasjóð, sem myndast af greiðsluafgangi sjóðsins og telst til eignar Íslands. Taflan sýnir einnig hlutfallslega skiptingu sjóðsins í hina 3 hluta. Hin hæga myndun varasjóðsins fyrstu 5 starfsárin skýrist af því að á þessum árum er áætlað, að greidd séu út framlög að upphæð kr. 61.6 milljónir, og er gert ráð fyrir, að heimild 4. greinar samningsins um slík framlög verði fullnotuð á þessum árum.

Tafla 1. Áætluð skipting höfuðstóls.

	Eftir 5 ár		Eftir 10 ár		Eftir 15 ár		Eftir 20 ár		Eftir 25 ár	
	M.kr.	%	M.kr.	%	M.kr.	%	M.kr.	%	M.kr.	%
a. Erlent stofnfé ..	1 188.0	93.8	1 188.0	75.5	712.8	47.3	316.8	22.2	—	—
b. Ísl. stofnfé	44.0	3.5	44.0	2.8	44.0	2.9	44.0	3.1	44.0	3.2
c. Varasj. í eign Ísl.	34.8	2.7	340.8	21.7	750.8	49.8	1 067.0	74.7	1 311.6	96.8
Samtals	1 266.8	100	1 572.8	100	1 507.6	100	1 427.8	100	1 355.6	100

Á 11. ári hefjast endurgreiðslur á hinu erlenda stofnfé og nema þær kr. 79.2 milljónum á ári hverju og valda þær því, að höfuðstóllinn fer nokkuð lækkandi frá þeim tíma. Að öðru leyti þarfnast taflan ekki skýringar.

Við gerð áætlunar um útlán sjóðsins voru höfð tvenn meginsjónarmið í huga. Í fyrsta lagi var stefnt að stöðugri aukningu hinna almennu útlána sjóðsins og reynt að koma í veg fyrir sveiflur þeirra, og í öðru lagi þurfti að haga útlánum þannig, að frá og með 11. ári yrði á ári hverju nægilegt handbært fé til að endurgreiða hið erlenda stofnfé, tæplega 80 milljónir króna á ári hverju, með sem minnstum truflunum á almennum útlánum. Það leiðir af líkum, að vegna þessara meginsjónarmiða hefur sjóðurinn á ýmsum tímum verulegt fjármagn handbært, þótt mismunandi mikið sé á hverjum tíma. Þetta er einnig eðlilegt, þegar tekið er tillit til þess, að í 4. grein stofnsamningsins er gert ráð fyrir, að sjóðnum sé heimilt að ábyrgjast lán, sem veitt eru af öðrum aðila, og verður því nauðsynlegt fyrir sjóðinn að hafa handbært fé til greiðslu vegna ábyrgða, ef til kæmi að þær féllu á sjóðinn. Þess ber að geta, að þegar hér er talað um handbært fé eru meðtalin stutt lán, sem áætlað er að veita og koma iðnaðinum til góða í formi fjármögnunar útflutnings og samkeppnislána, en eru ekki meðtalin í útlánatölum þeim, sem sýndar eru í 2. töflu.

Tafla 2. Áætluð útlán.

Tímabil	Útlán alls M.kr.	Meðalútlán á hverju ári. M.kr.
1.— 5. starfsár	1 373.2	274.6
6.—10. —	1 050.0	210.0
11.—15. —	1 175.0	235.0
16.—20. —	1 270.0	254.0
21.—25. —	1 175.0	235.0
1.—25. starfsár samtals	6 043.2	241.7


Tafla 2 sýnir áætluð útlán á hverju 5 ára starfstímabili sjóðsins, bæði heildarútlán tímabilsins og meðalútlán á hverju ári. Eins og eðlilegt er verða útlánin mest á fyrstu 5 starfsárum sjóðsins, en í þeirri tölu eru auk almennra útlána meðtalin sérstök lán og framlög sbr. 4. grein samningsins og sjá einnig hér að ofan, en gert er ráð fyrir, að heimild 4. greinar samningsins um slík lán og framlög verði fullnotuð á þessum 5 árum. Að öðru leyti þarfnast taflan ekki skýringa.

Áætlun hefur ekki verið gerð til lengri tíma en 25 ára, en starfi sjóðurinn áfram, yrði unnt að auka að mun útlánin eftir 25. starfsár, þar sem þá fellur út hin árlega endurgreiðsla af erlendu stofnfé.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagdeild

Janúar 1970

IÐNÞRÓUNARSJÓÐUR
Áætluð skipting höfuðstóls



Nd. 292. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt frumvarpsins. LJós mun skila séráliti.

Alþingi, 28. jan. 1970.

Birgir Finnsson, form., frsm. — Sverrir Júlíusson, fundaskr. — Guðl. Gíslason.
Pétur Sigurðsson. — Jón Skaftason. — Björn Pálsson.

Nd. 293. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Í desembermánuði 1968 voru samþykkt á Alþingi lög „um ráðstafanir í sjávarútvegi“, og með þeim var gildandi kjarasamningum sjómanna og útgerðarmanna breytt í grundvallaratriðum.

Samkvæmt lögum þessum átti að taka frá 27—37% af lönduðu aflaverðmæti fiskiskipa af óskiptum hlut og ráðstafa því til greiðslu á afborgunum og vöxtum skipanna, og nokkur hluti átti að renna beint til útgerðarmanna vegna hækkandi rekstrarkostnaðar. Með þessum ákvæðum laganna var gildandi samningum sjómanna og útgerðarmanna breytt stórkostlega sjómönnum í óhag. Sjómenn voru samkv. lögunum raunverulega skyldaðir til þess að greiða af sínum hlut verulegan hluta af afborgunum og vöxtum útgerðarinnar og til þess að taka þátt í útgerðarkostnaði skipanna.

Við Alþýðubandalagsmenn vorum algjörlega á móti þessum ákvæðum laganna og lögðum til, að þeim yrði breytt. Tillögur okkar náðu ekki fram að ganga. Afleiðingar af setningu þessara laga urðu þær, að strax um áramótin 1968 og 1969 urðu deilur um launakjör sjómanna, sem leiddu til stöðvunar fiskiskipaflotans í byrjun vetrarvertíðar. Um miðjan febrúarmánuð tókust samningar, og fengu sjómenn þá nokkrar minni háttar lagfæringar á sínum kjörum, en þó stóðu eftir meginatriði þessarar ósanngjörnu löggjafar.

Sjómenn hafa margsinnis mótmælt þessum lögum og krafizt þess, að þeim yrði breytt. Í upphafi vetrarvertíðar í ár komu enn upp deilur um þessi lög, og leit helzt út fyrir, að um alvarlega stöðvun flotans yrði að ræða. Nokkrar breytingar til bóta á lögunum fengust í þeim átökum, og felur það frumvarp, sem hér liggur fyrir, í sér þær breytingar.

Ég er samþykkur þessum breytingum og get því stutt frumvarpið, en vil þó jafnframt taka það fram, að ég tel, að gera þurfi miklu meiri breytingar á lögunum „um ráðstafanir í sjávarútvegi“. Engar líkur eru til, að friður geti tekizt um launakjör sjómanna, á meðan þau lög eru á þann veg, sem þau eru nú. Það er skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna, að sjómenn og útgerðarmenn eigi í frjálsum

samningum að ákveða launakjör sjómanna, en Alþingi eigi þar ekki að grípa inn í, gegn vilja samningsaðila.

Alþingi, 27. jan. 1970.

Lúðvík Jósefsson.

Ed. 294. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft til athugunar frv. þetta, sem er til komið vegna aðildar Íslands að EFTA. Meiri hluti fjárhagsnefndar mælir með frv. óbreyttu, enda höfðu fjárhagsnefndir beggja þingdeilda unnið saman að athugun málsins og nefndarmenn komið á framfæri ábendingum sínum við meðferð málsins í Nd.

Alþingi, 28. jan. 1970.

Ólafur Björnsson, form. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson, frsm.

Oddur Andrésson.

Sþ. 295. Nefndarálit [113. mál]

um till. til þál. um persónuskírteini sjómanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað till. á fundi. Fékk hún til viðræðu Jón S. Ólafsson deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu, sem skýrði efni till. í stuttu máli. Nefndin mælir með samþykkt till. óbreyttrar. Fjarverandi var Bragi Sigurjónsson.

Alþingi, 28. jan. 1970.

Jónas Pétursson, fundaskr., frsm. Friðjón Þórðarson. Jónas Árnason.

Gísli Guðmundsson. Matthías Bjarnason. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Sþ. 296. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um aukna hagkvæmni í smásöludreifingu mjólkur.

Flm.: Sigurður Ingimundarson, Jón Þorsteinsson, Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um smásöludreifingu mjólkur eða gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja frjálslegri smásöludreifingu og hagkvæmnari fyrir neytendur og framleiðendur. Telur þingið æskilegt, að frumvarp til nauðsynlegra breytinga á

lögum verði lagt fyrir næsta Alþingi eða aðrar nauðsynlegar ráðstafanir gerðar, áður en Alþingi kemur næst saman, er tryggi þetta. Skulu aðgerðir við það miðaðar, að ekki sé slakað á nauðsynlegum fyrirmælum í lögum eða heilbrigðissamþykktum um hreinlæti og hollustuhætti.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að lengi hefur gætt nokkurrar óánægju með smásöludreifingu mjólkur. Er því m. a. haldið fram, að neytendum sé gert óþarflega erfitt fyrir um innkaup og aðdrætti á þessari ágætu nauðsynjavöru og þurfi oft að fara í margar fjarliggjandi verzlanir til þess að kaupa inn daglegar nauðsynjar matvæla. Umræður, sem nýlega hafa orðið í sjónvarpi og dagblöðum, benda til þess, að þetta þurfi nánari athugunar við.

Nokkur þróun í rétta átt hefur þó orðið hin síðari ár. Má í því sambandi nefna skipulagningu verzlunarhúsa með samliggjandi verzlunum helztu nauðsynjavara í nýjum þéttbýlishverfum, og einnig má nefna byggingu kjörbúða með fullnægjandi kælibúnaði og aðstöðu til sölu á hvers konar matvælum. Vafi leikur þó á og er umdeilt, hvort þessi nýja aðstaða sé nýtt á hagkvæmasta hátt, og virðast reglur um það nokkuð óljósar, hverjir fái leyfi til mjólkursölu og hverjir ekki.

Allt þarf þetta nokkurrar athugunar við, og leita verður hinna hagkvæmustu leiða, þegar á lengri tíma er litið. Væri æskilegt, að ríkisstjórnin kveddi sér til aðstoðar hagræðingarráðunauta til þess að marka stefnuna í þessum málum. Ekki verður við það unað, að staðhæfingar stangist á, en ný dreifingarkerfi séu byggð án þess, að úr deilum sé skorið.

Augljóst er, að það er neytendum og framleiðendum hagstætt, að mjólk sé sem víðast á boðstólum við fullnægjandi skilyrði, ef það þarf ekki að leiða til þess, að dreifingarkostnaður hækki.

Virðist því á allan hátt rétt, að skipulag þessara mála sé athugað nánar og reglur settar til þess að marka stefnuna á þann hátt, að fullt tillit sé tekið til hagsmuna neytenda og framleiðenda.

Nd. 297. Frumvarp til laga [158. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 54 10. júlí 1964.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Lúðvík Jósefsson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Í stað orðanna „eða læknisbústað“ í 6. gr. laganna komi: læknisbústað eða elliheimili.

2. gr.

Í stað orðanna „eða læknisbústað“ í 7. gr. laganna komi: læknisbústað eða elliheimili.

3. gr.

Á eftir orðinu „læknisbústaðar“ í 1. málsgr. 8. gr. laganna komi: elliheimilis.

4. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkissjóður greiðir allt að ⅓ kostnaðar af að reisa elliheimili, sem reist verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi, og fer um ákvörðun byggingarstyrksins eftir fyrirmælum næstu málsgreinar hér að framan.

5. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Til elliheimila greiðist einnig árlega styrkur úr ríkissjóði. Styrkupphæð ákvarðast nánar í reglugerð innan marka fjárveitinga í fjárlögum.

6. gr.

13. gr. laganna breytist þannig:

a. Á eftir orðinu „læknisbústaðir“ í 1. málsgr. komi: elliheimili.
b. Í stað orðanna „eða læknisbústaðar“ í fyrri málslið 2. málsgr. komi: læknisbústaðar eða elliheimilis.
c. Í stað orðanna „eða læknisbústöðum“ í síðari málslið 2. málsgr. komi: læknisbústöðum eða elliheimilum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með breyttum þjóðfélagsháttum hefur þörfin fyrir dvalarheimili aldraðra farið ört vaxandi, einkum í þéttbýli, og eru þar víða rekin dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir aldrað fólk, flest á vegum bæjarfélaganna.

Langumfangsmesta stofnun af þessu tagi er Elli- og hjúkrunarheimilið Grund í Reykjavík, en deild frá því starfar í Hveragerði, og svo Hrafnista, Dvalarheimili aldraðra sjómanna. Er hin fyrrgreinda einkafyrirtæki, en hin síðarnefnda reist og rekin af sjómannasamtökunum.

Önnur dvalarheimili aldraðra eru miklu minni í sniðum og sum rekin við mjög óhæga aðstöðu sökum lítils og óhentugs húsnæðis.

En þörfin fyrir þessar stofnanir er ekki lengur bundin við kaupstaði eina. Má m. a. ráða það af vistmannaskrám dvalarheimilanna hér í Reykjavík, og fleira fólk utan af landi sækir raunar um upptöku þar en hægt er að sinna.

Nú er það að margra dómi óæskileg þróun, að tengsl milli kynslóða rofni á þann hátt, er verður við brottför aldraðra af heimilunum. Hún verður þó varla stöðvuð með löggjöf eða á annan hátt. En eðlilegt er, að samfélagið stuðli að því, að aldrað fólk, sem á því þarf að halda, geti fengið athvarf og nauðsynlega aðhlynningu sem næst átthögum sínum og ættmennum. Það mun og sammæli allra þeirra, er þessi mál hugleiða, að dvalar- og hjúkrunarheimili aldraðra beri að reisa í hæfilega stórum einingum, vistarverur séu af misjöfnum stærðum, þannig að t. d. hjón geti að nokkru haldið sitt heimili, þegar það hentar, o. s. frv. og að þeir, er þess óska, fái aðstöðu til starfa við hæfi.

Byggingamál aldraðra eru víða skammt á veg komin og sums staðar óleyst með öllu.

Ríkissjóður leggur þegar drýgstan hlut til byggingar sjúkrahúsa, læknisbústaða og almennrar heilbrigðisþjónustu. Skyldur samfélagsins við aldraða eru ekki síður ótvíræðar.

Sjúkrahús og dvalarheimili aldraðra eru að vísu um margt ólíkar stofnanir. En í báðum tilfellum er um að ræða aðstoð og aðhlynningu fyrir þá, sem standa höllum fæti og eru hjálparþurfi. Virðist því eðlilegt, að ríkið styrki hvort tveggja.

Dvalarheimili aldraðra hafa til þessa verið reist og rekin af einstökum sveitarfélögum, þar sem ekki hafa komið til einkaaðilar, eins og t. d. hér í höfuðstaðnum.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að heppilegt sé, að hlutdeild sveitarfélaga að framkvæmd ýmissa málaflokka heima í héraði fari fremur vaxandi en minnkandi og að vel fari á því, að þau hafi forustu um stofnun og rekstur dvalarheimilanna.

En á meðan fjárráð sveitarfélaga eru ekki rýmri en þau eru nú, er nauðsynlegt að veita þeim beinan fjárstuðning úr ríkissjóði til margháttaðra framkvæmda, eins

og raunar þegar er gert í fjölmörgum greinum. Því er hér lagt til, að þátttaka ríkisins í byggingu og rekstri dvalarheimila fyrir aldrað fólk verði ákveðin með lögum.

Ríkissjóður greiðir til byggingar sjúkrahúsa ⅗ stofnkostnaðar. Hér er lagt til, að framlag ríkisins til dvalarheimila aldraðra verði lægra, og er þá m. a. haft í huga, að Tryggingastofnun ríkisins er ætlað að styðja þau sérstaklega.

Sérstök nefnd hefur unnið að athugun á heildarskipulagi þessara mála. En þar sem líklegt má telja, að sú athugun taki alllangan tíma, en víða er brýn þörf aðgerða þegar í stað, þá leggja flutningsmenn til, að ríkissjóður láti í té þann stuðning, er greinir í frv. þessu, unz nýrri heildarskipan hefur verið komið á.

Sþ. 298. Þingsályktun [32. mál]

um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði.

(Afgreidd frá Sþ. 28. jan.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, hvort rétt sé að setja löggjöf um þjóðaratkvæði í mikilvægum löggjafarmálefnum svo og hvort rétt sé að setja grundvallarreglur þar um í stjórnarskrána. Skal ríkisstjórnin, ef hún telur ástæðu til, láta semaj lagafrumvarp um það efni. Afla skal sem fyllstra upplýsinga um öll atriði varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu, þar á meðal um reynslu annarra þjóða í þeim efnum, en einkum ber að athuga eftirtalin atriði:

a. hvort í ákveðnum tilvikum eigi að vera skylda eða aðeins heimild til þjóðaratkvæðagreiðslu;
b. hvaða aðilar eigi að fá rétt til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu, t. d. hvort þann rétt eigi að veita tiltekinni tölu þingmanna eða ákveðnum fjölda kjósenda; og
c. hvort úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu eigi að vera bindandi eða aðeins til ráðgjafar.

Sþ. 299. Þingsályktun [19. mál]

um vísitölu byggingarkostnaðar.

(Afgreidd frá Sþ. 28. jan.)

Samhljóða þskj. 19.

Ed. 300. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir og flutt er af hv. ríkisstjórn, felur í sér breytingar á tollalöggjöfinni til samræmis við þær skuldbindingar, sem leiðir af því, að Ísland gerist aðili að EFTA hinn 1. marz n. k. Hér er því um takmarkaðar breytingar að ræða, sem eru afleiðingar af aðild Íslands að EFTA.

Samkvæmt frumvarpinu eiga verndartollar á vörum frá EFTA-löndum að lækka strax um 30%. Sú lækkun gildir síðan óbreytt í 4 ár, og á þá að lækka jafnt árlega

næstu 6 árin, unz þeir falla alveg niður, þegar 10 ár eru liðin frá inngöngu Íslands í EFTA. Í frumvarpinu felst einnig nokkur lækkun á tollum af efnum og vélum til iðnaðarins, sem þannig ætti að fá að nokkru bætta lækkun verndartolla. Það er þó skoðun okkar undirritaðra, að sú tollalækkun sé á sumum sviðum hvergi nærri nóg og hér dugi ekkert annað en fella alveg niður tolla af vélum og efnivörum til iðnaðarins. Með slíkri niðurfellingu tolla nú þegar mætti búa iðnaðinn betur undir aukna samkeppni, þegar verndartollarnir lækka að 4 árum liðnum. Við teljum það eitt af höfuðskilyrðum þess, að iðnaðurinn fái staðizt þá auknu samkeppni, sem af EFTA-aðild leiðir, að nú þegar verði hafizt handa og tíminn næstu 4 árin notaður kappsamlega. Verði það ekki gert, getur orðið vá fyrir dyrum.

En jafnhliða því, að tollar yrðu felldir niður af vélum til iðnaðarins, verður einnig að fella niður tolla af hliðstæðum tækjum til sjávarútvegs og landbúnaðar. Frumvarpið gerir ráð fyrir tolli frá 4%—7% af þeim tækjum. Sú lækkun á tolli frá því, sem áður var, nægir ekki til að vega upp á móti fyrirhugaðri 3½% hækkun söluskattsins, og er því ljóst, að verð á vélum til sjávarútvegsins og landbúnaðarins mun hækka frá því, sem nú er, sem nemur söluskattshækkuninni, verði tollur ekki lækkaður meira en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Það er mikið verk og krefst sérþekkingar á ýmsum sviðum að undirbúa tillögur um afnám tolla á hráefnum til iðnaðarins. Á sérstöku þingskjali munum við bera fram brtt. í þessu sambandi um að fela tollskrárnefnd ásamt fulltrúum iðnaðar- og verzlunarsamtakanna að endurskoða tollskrána með það fyrir augum, að hráefnatollar verði niður felldir.

Frumvarp þetta, sem vera mun lengsta þskj., sem lagt hefur verið fram, kom fyrir þingið í öndverðum desembermánuði, og var ætlunin að afgreiða það á örfáum dögum, á mesta annatíma þingsins fyrir jól. Þessu var strax mótmælt, og varð loks samkomulag um frestun á umræðum fram í janúar. Virðist sú málsmeðferð ekki hafa verið óþörf, því að allmiklar breytingar, margar til bóta, hafa verið gerðar á frumvarpinu.

Fjárhagsnefndir beggja þingdeilda hafa unnið sameiginlega að athugun á frumvarpinu, auk þess sem tollskrárnefnd hafði málið til meðferðar í þinghléinu.

Fjárhagsnefndarmenn hafa athugað þau fjölmörgu erindi og þær ábendingar, sem borizt hafa, og bera hinar hartnær 200 breytingartillögur, sem samþykktar hafa verið, órækt vitni um, að ekki var ástæðulaust að skoða þetta betur og ætla sér meiri tíma en í upphafi var skammtaður.

Við munum á sérstöku þingskjali flytja nokkrar brtt. við þetta frumvarp.

Alþingi, 28. jan. 1970.

Bjarni Guðbjörnsson, frsm. Kristján Thorlacius.

Nd. 301. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur haft frv. þetta til athugunar og rætt það á nokkrum fundum, en ekki náð samstöðu um afgreiðslu þess, og skilar minni hl. n. séráliti, en meiri hl. færir þessi rök fram fyrir afstöðu sinni til frv.:

Árið 1936 keypti ríkissjóður jörðina Holt í Dyrhólahreppi af Þorsteini Einarssyni.

Ástæðan til kaupanna var sú, að óttazt var, að vatnaágangur mundi eyðileggja eða rýra til muna nytjaland jarðarinnar við það, að Hafursá og Klifanda var veitt saman í einn farveg.

Jörðin var eftir þetta í ábúð til ársins 1943, en hefur síðan verið nytjuð til beitar og slægna frá Nikhól, þar sem ekkja Þorsteins, Jóhanna, og sonur hennar, Hörður, búa nú.

Árleg leiga hefur verið alla tíð hin sama, kr. 135.00.

Þó að Holt hafi enn ekki spillzt svo af vatnaágangi sem upphaflega var gert ráð fyrir, hefur jörðin orðið fyrir spjöllum, og sá möguleiki er jafnt fyrir hendi nú að dómi kunnugra manna eins og hann var árið 1936, að frekari landspjöll geti átt sér stað.

M. a. bendir landnámsstjóri á þetta í umsögn sinni um mál þetta.

Einnig má benda á, að Klifandi hefur undanfarin ár hlaupið úr farvegi sínum, brotið varnargarð og skemmt nytjalönd.

Jarðirnar Álftagróf, sem er ríkisjörð, og Holt eiga sameiginleg og óskipt heimalönd og heiðalönd, og gengur búsmali jarðanna saman.

Bóndinn í Álftagróf, sem þar hefur búið í tæp 40 ár, hefur sent landbúnaðarráðuneytinu bréf, sem Alþingi hefur borizt ljósrit af, þar sem hann telur, að búskap hans í Álftagróf sé stefnt í það mikinn voða, að hann muni segja ábýlisjörð sinni lausri, verði Holt selt.

Upplýst er, að eignir ábúandans í Álftagróf í mannvirkjum eru miklar og ríkissjóður er að lögum sem jarðareigandi skyldur að kaupa þær, standi ábúandinn upp af jörðinni.

Einnig hefur komið fram, að Jóhanna Sæmundsdóttir og sonur hennar, Hörður, geta áfram haft leiguafnot af Holti, en þannig er hægt að firra árekstrum vegna landsafnota milli ábúanda Álftagrófar og leigutaka Holts umfram það, sem gæti orðið, ef ríkið sleppti eignarhaldi á Holti.

Umsagna Landnáms ríkisins og Jarðeignadeildar ríkisins var leitað um frumvarpið, og mæltu báðar stofnanirnar gegn því, að heimild væri veitt til sölu jarðarinnar.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, telur meiri hluti landbúnaðarnefndar svo þung rök mæla gegn því, að jörðin verði seld, að meiri hluti nefndar leggur til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 28. jan. 1970.

Steinþór Gestsson, form., frsm	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Jón Árnason.
	Jónas G. Rafnar.	

Ed. 302. Breytingartillögur [123. mál]

við frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá Bjarna Guðbjörnssyni og Kristjáni Thorlacius.

I. Við 1. gr.

		Tollskrártollur
1.	Nr. 84.24.01 til 09 orðist svo:	
	01 Plógar	0
	02 Herfi	0
	03 Áburðardreifarar	0
	09 Annað	0

		Tollskrártollur
2.	Nr. 84.37.01 og 09 orðist svo:	
	01 Prjónavélar	0
	09 Aðrar	0
3.	Nr. 84.59.28. (Stýrisvélar til skipa). Í stað 4% komi	0
4.	Nr. 84.65.01. (Skipsskrúfur). Í stað 4% komi	0
5.	Nr. 85.15.31 (Ratsjá o. fl.). Í stað 4% komi	0
6.	Nr. 85.15.33. (Neyðartalstöðvar). Í stað 4% komi	0
7.	Nr. 87.01.11. (Hjóladráttarvélar). Í stað 7% komi	0
8.	Nr. 87.01.12. (Snjósleðar). Í stað 40% komi	15%
9.	Nr. 87.02.32. (Snjósleðar). Í stað 40% komi	15%
10.	Nr. 89.01.21. (Björgunarbátar). Í stað 4% komi	0

II. Við 3. gr. Aftan við 38. lið komi: svo og af flökunarvélum, flatningsvélum, roðflettivélum, síldarsöltunarvélum og hausskurðarvélum til vinnslu á fiski.

III. Aftan við frumvarpið bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Tollskrárnefnd skal í samráði við Félag ísl. iðnrekenda, Samband ísl. samvinnufélaga, Landssamband iðnaðarmanna, Verzlunarráð Íslands og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna endurskoða öll atriði tollskrárinnar, sem snerta hráefni og hjálparefni til iðnaðar, með það fyrir augum, að tollar á þessum efnum verði felldir niður. Tillögur nefndarinnar um þetta efni skulu lagðar fyrir næsta þing.

Sþ. 303. Tillaga til þingsályktunar [159. mál]

um endurskoðun laga um almannatryggingar.

Flm.: Geir Gunnarsson, Karl Guðjónsson, Gils Guðmundsson, Eðvarð Sigurðsson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu 7 manna nefnd til þess að endurskoða í samráði við tryggingaráð lög um almannatryggingar.

Nefndin kanni m. a. breytingar á lögunum, er miði að eftirfarandi:

1. Stuðningur sá við bótaþega, sem nú felst í heimildum til bóta og til sérstakra hækkana bóta með tilliti til afkomu hinna tryggðu, verði aukinn til muna og gerður að lögbundnum rétti, m. a. verði barnalífeyrir greiddur, ef barn hefur misst móður sína eða hún er öryrki.
2. Tryggingastofnunin annist skipulega upplýsingastarfsemi til að kynna hinum tryggðu rétt sinn. Þá annist Tryggingastofnunin enn fremur félagslegar rannsóknir, svo að jafnan liggi fyrir sú vitneskja um hag einstakra bótaþega, sem geti verið grundvöllur ákvarðana um rétt þeirra til sérstakra bóta og til hækkana á bótum.

   Slíkur réttur miðaður við aðstæður bótaþega nái m. a. til eftirtalinna nýrra bóta:

   a) Barnalífeyris, mæðralauna og fjölskyldubóta með börnum á aldrinum 16—18 ára.
   b) Greiðslna vegna öryrkja undir 16 ára aldri.
   c) Greiðslna vegna útfararkostnaðar.
   d) Barnalífeyris vegna barna refsifanga.
3. Felld verði niður ákvæði um, að sveitarfélög greiði ⅖ hluta hækkana á elli- og örorkulífeyri, en Tryggingastofnunin greiði slíkar hækkanir að fullu.

4. Sjúkrasamlög greiði hærri hluta lyfjakostnaðar og læknishjálpar elli- og örorkulífeyrisþega en annarra.
5. Sjúkrasamlög greiði hluta af kostnaði við tannlækningar.
6. Fjölskyldubætur verði stighækkandi eftir barnafjölda eða á annan hátt tryggt, að sú upphæð, sem varið er til fjölskyldubóta, renni í sem ríkustum mæli til þeirra, sem helzt þurfa þeirra með.
7. Iðgjaldagreiðslur hinna tryggðu hefjist við 18 ára aldur.
8. Bætur verði vísitölutryggðar samkvæmt sérstakri vísitölu, sem sýni kaupmátt tryggingabóta gagnvart brýnustu nauðsynjavörum.
9. Sérstök nefnd meti örorku þeirra, sem sækja um örorkubætur.
10. Tryggingastofnuninni verði heimilt að fela sjúkrasamlögum að annast umboðsstörf fyrir stofnunina utan Reykjavíkur, þar sem því verður við komið og Tryggingastofnunin telur ekki hagkvæmt að annast sjálf starfsemina.
11. Í því skyni að flýta afgreiðslu ágreiningsmála um bætur verði stofnaður sérstakur tryggingadómur, sem bótaþegar geti áfrýjað úrskurðum tryggingaráðs til.

Nefndin kanni, hver áhrif einstakar ofantaldar breytingar, sem útgjaldaaukningu valda, hefðu á framlög þeirra aðila, sem bera kostnaðinn af almannatryggingum, og geri frekari tillögur til Alþingis um endurbætur á lögunum, eftir því sem hún telur þörf á.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þrátt fyrir að almannatryggingar hafi mjög verið endurbættar, síðan til þeirra var stofnað hér á landi, skortir verulega á, að bætur dugi til framfærslu einar sér og tryggi þannig afkomu þeirra, sem hafa ekki við annað að styðjast til lífsframfæris. Að því verður að stefna, að tryggingalöggjöfin verði gerð æ fullkomnari, og við það eitt má ekki láta sitja, að bótaupphæðir fylgi eftir hækkun framfærslukostnaðar, en jafnvel á því hefur æðioft verið misbrestur.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að þingkjörinni nefnd verði í samráði við tryggingaráð falið að kanna tillögur og ábendingar um tilteknar breytingar á almannatryggingalöggjöfinni. Flutningsmenn telja þau vinnubrögð eðlilegust, að Alþingi eigi frumkvæði að endurskoðun laganna og feli það verk sérstakri nefnd, sem m. a. kanni tilteknar ábendingar frá Alþingi, þær sem í þáltill. eru greindar, svo og þær, sem þingið teldi ástæðu til að auka við.

Eftir nána athugun þeirra, sem gerst þekkja þessi mál, kemur síðan til kasta Alþingis að ákveða, að hve miklu leyti yrði talið rétt og fjárhagslega unnt að breyta lögunum.

Þegar breytingar hafa verið gerðar á lögum um almannatryggingar á undanförnum árum, hafa í meðferð löggjafans togazt nokkuð á annars vegar hið hreina tryggingasjónarmið um sömu bætur til allra fyrir sömu iðgjöld og hins vegar sú stefna að greiða misháar bætur eftir efnahag hins tryggða. Áherzla á tryggingasjónarmiðið kom t. d. fram við afnám þeirra ákvæða, að bætur skertust, ef tekjur hins tryggða færu yfir ákveðið mark. Á hinn bóginn voru tekjujöfnunaráhrif trygginganna aukin með rýmri heimildum til hækkunar bóta og til sérstakra bóta, þar sem tekið væri tillit til fjárhagsástæðna.

Það er skoðun flm., að aukna áherzlu beri að leggja á, að það fé, sem varið er til almannatrygginga, renni fyrst og fremst til þeirra, sem mesta hafa þörfina. Bágur hagur hins tryggða ætti að veita honum ekki aðeins heimild, heldur rétt á viðbótargreiðslum við grunnbætur, sem allir njóta, svo og til sérstakra tegunda bóta, svo að bæturnar tryggi lífsafkomu hvers og eins, sem ekki hefur annað sér til lífsframfæris.

Á meðan því marki er ekki náð, að bætur dugi til að tryggja afkomu þeirra, sem hafa ekki aðrar tekjur, þarf það fé, sem varið kann að verða til aukningar

almannatrygginga, fyrst og fremst að þjóna þessu markmiði, í stað þess að dreifast um allt tryggingakerfið án tillits til fjárhagsástæðna hinna tryggðu.

Skal nú gerð í sem stytztu máli grein fyrir einstökum liðum þingsályktunartillögunnar og þá fyrst í einu lagi hinum þrem fyrstu, þar sem þeir eru svo nátengdir, að skýringar á þeim fléttast saman.

Lagt er til, að nefnd sú, sem kjörin yrði til að endurskoða lög um almannatryggingar, kanni möguleika á, að sá stuðningur, sem nú felst í heimildarákvæðum laganna, verði verulega aukinn og gerður að lögbundnum rétti, sem ákvarðist af efnahagsafkomu viðkomandi bótaþega.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir greiðslu barnalífeyris til allra barna, sem misst hafa föður sinn eða eiga föður, sem er öryrki. Hins vegar er aðeins um að ræða heimild til að greiða barnalífeyri með börnum, sem misst hafa móður sína, ef lát hennar veldur tilfinnanlegri röskun á afkomu heimilisins. Í framkvæmd mun ekklum því aðeins greiddur barnalífeyrir, að börnin séu 3 eða fleiri. Engin ástæða virðist til þess að gera þennan mun á og meta hlutverk móður almennt svo lægra en föður, heldur ætti rétturinn að vera hinn sami, hvort sem um missi eða örorku föður eða móður er að ræða. Hins vegar kæmi á sama hátt og um aðrar bótafjárhæðir til greina, að auk ákveðinnar grunngreiðslu komi réttur til viðbótargreiðslu með sérstöku tilliti til efnahags.

Auk þess sem lagt er til, að þær greiðslur, sem nú eru inntar af hendi samkvæmt heimildarákvæðum laganna, verði tryggðar með lögbundnum rétti, er gerð tillaga um, að teknar verði upp nokkrar nýjar tegundir bóta, miðaðar við aðstæður bótaþega. Er þar fyrst að nefna greiðslu barnalífeyris, mæðralauna og fjölskyldubóta með börnum á aldrinum 16—18 ára. Enginn vafi er á því, að fyrir ýmsa þá, sem við erfiðastar fjárhagsaðstæður búa vegna lágra tekna eða mikillar ómegðar, er uppeldiskostnaður barna hvað óviðráðanlegastur, þegar þau eru á þessum aldri, að jafnaði við nám. Samkv. núgildandi lögum falla allar bætur vegna barna hins vegar niður við 16 ára aldur, þegar verst gegnir hjá þeim, sem erfiðast eiga. Virðist full ástæða til þess, að slíkar bætur nái til 18 ára aldurs, ef fjárhagsástæður gefa tilefni til þess. Þess má geta, að í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er gert ráð fyrir lífeyrisgreiðslum til barna sjóðsfélaga þar til þau eru fullra 18 ára.

Bætur til öryrkja hefjast samkvæmt núgildandi lögum við 16 ára aldur. Að sjálfsögðu veldur örorka barna undir 16 ára aldri oft og tíðum mjög auknum uppeldiskostnaði, getur jafnvel bundið fullorðna heima og valdið á þann hátt verulegri tekjurýrnun á heimilum. Þegar um slíkan aukinn uppeldiskostnað er að ræða vegna barna undir 16 ára aldri og saman fara erfiðar fjárhagsástæður heimilis, virðist eðlilegt, að réttur eigi að vera til örorkubóta.

Samkvæmt núgildandi lögum er barnalífeyrir greiddur með börnum yngri en 16 ára, ef faðirinn er látinn eða er örorkulífeyrisþegi, og viðbætur við sjúkradagpeninga eru greiddar vegna barna á framfæri sjúklings. Sé fyrirvinna barns dæmd til refsivistar, nýtur barn einskis barnalífeyris, og verður ekki séð, að eðlilegt megi teljast, að auk refsingar hins dæmda komi til slík mismunun gagnvart börnunum. Er lagt til, að úr þessu verði bætt með rétti til greiðslu barnalífeyris vegna barna refsifanga með hliðsjón af fjárhagsástæðum.

Þá er lagt til, að teknar verði upp greiðslur vegna útfararkostnaðar, en gert er ráð fyrir slíkum greiðslum í tryggingalöggjöf annarra þjóða, og þær munu einnig vera til meðal verkalýðsfélaga hér á landi.

Eins og að framan greinir, kemur það sjónarmið að taka tillit til efnahagsástæðna bótaþega fram í núgildandi lögum um almannatryggingar í ákvæðum um heimildir til greiðslu sérstakra bóta og til sérstakra hækkana á bótum. Er þar einkum um að ræða heimild til hækkunar elli- og örorkulífeyris, „ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án hækkunar“, eins og segir í lögunum. Tryggingastofnuninni er heimilað að verja í þessu skyni upphæð, sem nemur allt að 10% af heildarupphæð elli- og örorkulífeyris næsta árs á undan. Ámóta ákvæði gilda um heimild

til þess að greiða þeim örorkustyrki, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar, en almennur réttur til slíkra bóta miðast við missi 75% starfsorku, ef um aðrar orsakir er að ræða en bótaskylt slys. Þá er um að ræða heimildir til greiðslu makabóta og greiðslu barnalífeyris til ekkla, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo og ýmsar frekari heimildir, sem ekki verða raktar hér.

Sé um greiðslu uppbóta á elli- eða örorkulífeyri að ræða skv. núgildandi lögum, þurfa að vera fyrir hendi tillögur viðkomandi sveitarstjórnar varðandi hvern einstakan bótaþega, en sveitarfélagið greiðir ⅖ hluta af hækkuninni, en Tryggingastofnun ríkisins ⅗ hluta. Á árunum 1964—1967 að báðum meðtöldum námu hækkanir á ellilífeyri að meðaltali um 5.1% af heildarupphæð ellilífeyris sömu ára, en hækkun örorkulífeyris um 7.6% af heildargreiðslu örorkulífeyris.

Orsakir þess, að heimildir til hækkunar á þessum lífeyrisbótum eru ekki að fullu notaðar, svo að á skortir t. d. varðandi ellilífeyri árið 1967 ríflega 20 millj. króna, verða naumast raktar til þess, að fyrir þörfum bótaþega á þessum hækkunum hafi verið að fullu séð. Annars vegar mun koma til skortur fjölmargra bótaþega á vitneskju um heimildir til þessarar hækkunar bóta og hins vegar tregða sveitarstjórna til þess að mæla með hækkunum vegna kostnaðarhluta sveitarsjóðs. Það er t. d. eftirtektarvert, að í sumum umdæmum eru engar slíkar hækkanir greiddar árum saman.

Ákvæði núgildandi laga eru miðuð við, að yfirvöld viðkomandi sveitarfélaga hafi nánasta vitneskju um hag þeirra bótaþega, sem sækja um hækkun elli- eða örorkulífeyris, og þá gert ráð fyrir, að greiðsla sveitarfélagsins á hluta af hækkun bótanna verði til aðhalds.

Það er skoðun flm. þessarar þáltill., að mjög skorti á alla upplýsingastarfsemi um rétt hinna tryggðu og ýmsir elli- og örorkulífeyrisþegar missi af rétti sínum til hækkunar bóta vegna skorts á vitneskju um heimildarákvæði laganna. Enn fremur verður naumast talið eðlilegt, að mismunandi afstaða einstakra sveitarstjórna til þess að mæla með hækkunum og óhjákvæmileg tregða við að auka útgjöld sveitarsjóðanna ráði því, hverjir bótaþegar njóti hækkana og hverjir ekki. Það er því tillaga flm., að athugað verði, hvort ekki er rétt að gera hér skipulagsbreytingu á, þannig að felld verði niður ákvæði um, að sveitarfélög greiði ⅖ hluta hækkana á elli- og örorkulífeyri, en Tryggingastofnunin greiði slíkar hækkanir að fullu. Jafnframt verði stóraukin upplýsingastarfsemi í því skyni að kynna hinum tryggðu rétt sinn, samtímis því að Tryggingastofnunin afli sér í ríkara mæli en nú upplýsinga um hag bótaþega, til þess að unnt sé að auka þann þátt í tryggingastarfseminni, að upphæðir bóta séu miðaðar við fjárhagsástæður bótaþega, þannig að við ákveðnar fjárhagsástæður sé fyrir hendi réttur til sérstakra bóta og til viðbótargreiðslna við grunnbætur.

Í 4. lið þáltill. er lagt til, að sjúkrasamlög greiði hærri hluta lyfjakostnaðar og læknishjálpar elli- og örorkulífeyrisþega en annarra. Svo sem auðsætt er, duga elli- og örorkubætur ekki fyrir öðru en brýnustu lífsnauðsynjum, fæði og klæði. Þurfi elli- eða örorkulífeyrisþegar að eyða af naumum bótum sínum í lyfja- og læknishjálparkostnað, verður lítið eftir til að lifa af. Því er lagt til, að sjúkrasamlög greiði hærri hluta lyfjakostnaðar og læknishjálpar fyrir þetta fólk en aðra samlagsmenn, í ýmsum tilvikum að fullu. Gætu þá bótafjárhæðirnar komið sem óskertastar til framfærslu, og mun ekki af veita.

Þá er lagt til, að sjúkrasamlög greiði hluta kostnaðar við tannlækningar, en í núgildandi lögum er einungis heimild til þess. Naumast verður séð nein skynsamleg ástæða til þess, að almennar tannlækningar séu undanskildar í tryggingakerfinu, ekki síst þar sem vitað er, að heilbrigðar tennur eru eitt undirstöðuatriði að heilbrigði á ýmsum öðrum sviðum og aukin þjónusta í tannviðgerðum gæti leitt til sparnaðar á öðrum sviðum heilbrigðismála.

Í samræmi við þá skoðun flm., að aukna áherzlu beri að leggja á, að það fé, sem varið er til almannatrygginga, renni fyrst og fremst til þeirra, sem brýnasta hafa þörfina, er lagt til, að tilhögun greiðslu fjölskyldubóta verði endurskoðuð og

miðað við stighækkandi greiðslu eftir barnafjölda eða aðra leið, sem stefnir að sama marki. Með stórhækkuðum söluskatti í framhaldi af meiri hækkun algengustu matvara á undanförnum árum en annarra vara er þess nú sérstök og brýn þörf að koma til móts við barnafjölskyldur með auknum fjölskyldubótum til þeirra, sem við mesta ómegð búa.

Svo sem áður er að vikið, er uppeldiskostnaður unglinga oft og tíðum hvað mestur, eftir að þeir hafa náð 16 ára aldri, en þá falla niður greiðslur fjölskyldubóta vegna þeirra, og þar á ofan bætist, að eftir að þessum aldursmörkum er náð, ber þeim að greiða almannatrygginga- og sjúkrasamlagsiðgjöld, sem námu á s. l. ári samtals 6 210—7 460 kr. eftir því, hvort um stúlku eða pilt er að ræða.

Í 2. lið a) í þáltill. þessari er gert ráð fyrir rétti til fjölskyldubóta, mæðralauna og barnalífeyris vegna barna á aldrinum 16—18 ára með hliðsjón af efnahagsástæðum viðkomandi bótaþega. Í 8. lið þáltill. er lagt til, að kannað verði, hvort ekki er full ástæða til þess að breyta ákvæðum almannatryggingalaga um iðgjaldagreiðslur á þann veg, að þær hefjist ekki fyrr en við 18 ára aldur.

Á undanförnum árum hefur aukið fjármagn til almannatrygginga naumast fengizt nema í kjölfar efnahagsráðstafana, sem hækkað hafa allt verðlag í landinu. Hafi í byrjun verið um að ræða einhvern ávinning varðandi tryggingabætur, hefur hann horfið fyrr en varir í verðbólguflóði næstu ára. Við næstu efnahagsráðstafanir eru hinar skertu bætur að jafnaði enn hækkaðar nokkuð í krónutölu, en sú hækkun hverfur síðan þegar við fyrstu afleiðingar hinna nýju efnahagsráðstafana.

Ef miðað er við, að það sé ekki beinlínis ætlun stjórnarvalda, að tryggingabætur minnki markvisst að raungildi í þeirri verðbólguþróun, sem ríkir hér á landi, þá er óhjákvæmilegt að tryggja gildi þeirra með vísitöluuppbótum. Þegar stjórnarvöld, sem dregið hafa tryggingabætur á eftir sér í verðbólguflóðinu, hafa tekið ákvarðanir um krónutöluhækkun þeirra til að mæta verðlagshækkunum, er jafnan miðað við hækkun framfærsluvísitölu og það látið nægja, að tryggingabætur dragist sem minnst aftur úr hækkun þeirrar vísitölu. Það er skoðun flm., að í fyrsta lagi sé nauðsynlegt, að tryggingabætur verði vísitölutryggðar með lögum, og í öðru lagi, að engan veginn sé viðunandi að miða við framfærsluvísitölu. Sú vísitala byggist á skiptingu útgjalda fjölskyldu, sem námu um 240 þús. kr. árið 1965, en það ætti að svara til um 320 þús. kr. nú eða nær 27 þús. kr. á mánuði. Slíkur mælikvarði er algerlega óraunhæfur gagnvart raungildi tryggingabóta. Þeir, sem hafa ekki annað en tryggingabætur til að lifa af, nota þær að sjálfsögðu að mestöllu leyti til kaupa á brýnustu matvörum, en þær hafa hækkað meira en allt annað í þjóðfélaginu hin síðustu ár og miklu meira en almenn framfærsluvísitala.

Með ári hverju hafa tryggingabætur dugað fyrir færri og færri einingum af hinum brýnustu matvörum. Er því eðlilegast, að tryggingabætur verði vísitölutryggðar samkvæmt sérstakri vísitölu tryggingabóta, þar sem fyrst og fremst er miðað við raungildi bótanna gagnvart þeim vörum, sem bæturnar eru notaðar til að greiða. Áhrif af minni hækkun á verðlagi ýmissa vara, sem fólk með háar tekjur getur keypt, eiga ekki að hafa áhrif í þá átt að halda niðri upphæð tryggingabóta.

Í 10. lið þáltill. er gert ráð fyrir því, að sérstök nefnd meti örorku þeirra, sem sækja um örorkubætur, en samkv. núgildandi lögum metur tryggingayfirlæknir örorkuna. Tryggingayfirlæknir er starfsmaður Tryggingastofnunarinnar, og getur naumast talizt eðlilegt, að slíkt mat, sem ræður úrslitum um bótarétt, sé einungis á hendi stofnunarinnar sjálfrar, enda mun svo yfirleitt ekki vera annars staðar.

Samkvæmt núgildandi lögum annast sýslumenn og bæjarfógetar umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins utan Reykjavíkur. Flm. telja þessa skipun að ýmsu leyti óeðlilega og um of mótaða af innheimtusjónarmiðum. Ef bótaþegar telja sig misrétti beitta í málefnum almannatrygginga, eiga þeir að geta leitað til sýslumanna og bæjarfógeta um aðstoð sem hlutlausra aðila, en slíkt er naumast fyrir hendi, ef þeir eru sjálfir umboðsmenn tryggingarinnar. Eðlilegast virðist, að þar sem því verður við komið, annist sjúkrasamlög umboðsstörfin. Þar er um að ræða skylda og ná-

tengda starfsemi, og má búast við, að betri nýting starfskrafta fengist með því móti. Í þáltill. er því lagt til, að athugað verði, hvort ekki er rétt að gera þá breytingu á, að sjúkrasamlögum verði falin umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, þar sem unnt er, þ. e. í hinum stærri bæjum a. m. k.

Á því er brýn þörf, að úr ágreiningsmálum milli bótaþega og Tryggingastofnunarinnar um bótarétt fáist skorið á sem skemmstum tíma, þar sem oft og tíðum er um að ræða fjármuni, sem bótaþegi verður að treysta á til daglegs lífsframfæris. Slík mál dragast þó tíðum um of á langinn, ef bótaþegi þarf að leggja mál sitt fyrir hina almennu dómstóla eftir úrskurð tryggingaráðs, því að að jafnaði þarf að bíða eftir afgreiðslu annarra óskyldra mála, sem þeir dómstólar hafa með höndum. Hér er því lagt til, að stofnaður verði sérstakur tryggingadómur, sem hafi það hlutverk eitt að kveða upp dóma í þeim ágreiningsmálum um bætur úr almannatryggingum, sem bótaþegar áfrýja til hans eftir úrskurð tryggingaráðs. Ætti slík tilhögun að geta komið í veg fyrir, að endanlegir úrskurðir um rétt hinna tryggðu til bóta dragist svo á langinn sem nú á sér oft stað.

Að lokum er gert ráð fyrir því í þáltill., að sú nefnd sem lagt er til að verði kosin, kanni, hver áhrif einstakar breytingar, sem um er rætt í þáltill., hefðu á framlög til almannatrygginga. Jafnframt geri nefndin frekari tillögur til Alþingis um endurbætur á lögum um almannatryggingar, eftir því sem hún telur þörf á og unnt að framkvæma.

Flm. telja tímabært, að gerð verði veruleg breyting á almannatryggingalögunum í þá átt að tryggja sem bezt afkomu þeirra, sem hafa ekkert eða lítið annað en tryggingabætur við að styðjast í lífsbaráttunni. Á meðan þjóðin telur sig ekki hafa efni á því að tryggja öllum svo háar bætur, að þær dugi einar sér til lífsframfæris, verður að haga lagasetningunni svo, að fjármunum tryggingganna sé þannig varið, að a. m. k. þeir, sem ekki hafa aðrar tekjur, fái svo háar bætur, að þeir geti lifað af þeim.

Nd. 304. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarp þetta er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem gefin voru út í ágúst s.l., og fjalla þau um framhaldsdeildir við gagnfræðaskóla til að auka fjölbreytni þeirra námsleiða, sem ungmenni eiga völ á.

Lögunum var hvarvetna vel tekið, og eru nú starfandi framhaldsdeildir á 5 stöðum á landinu með samtals 180 nemendum. Deildirnar eru þessar: í Reykjavík 120 nemendur, á Akranesi 15 nemendur, á Ísafirði 14 nemendur, á Akureyri 17 nemendur og í Neskaupstað 14 nemendur. Námið skiptist í kjarna og kjörsvið, en hið síðara nemur sex stundum á viku. Kjörsviðin eru fjögur: uppeldiskjörsvið 30 nemendur, hjúkrunarkjörsvið 23 nemendur, tæknikjörsvið 62 nemendur og viðskiptakjörsvið 69 nemendur.

Nú eru starfandi tvær nefndir, er fjalla önnur um námsefni deildanna, en hin um réttindastöðu nemenda með tilliti til inngöngu í aðra skóla.

Eitt deiluefni hefur þó komið upp varðandi framhaldsdeildirnar. Það er skipting kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga. Hefur Samband íslenzkra sveitarfélaga haldið fram þeirri skoðun, að hér sé um að ræða framhaldsnám, sem ríkinu beri að kosta að öllu leyti.

Ljóst er, að eftir 1—2 ár verður að endurskoða lögin um skólakostnað. Þá verður og fengin nokkur reynsla af hinum nýju framhaldsdeildum. Verður að treysta því, að greiðsla kostnaðar við framhaldsdeildirnar komi þá til athugunar og endur-

skoðunar. Einnig koma deildirnar án efa við sögu í sambandi við endurskoðun fræðslulöggjafarinnar, sem nú stendur yfir og væntanlega lýkur fyrri hluta þessa árs.

Í trausti þess, að kostnaðarákvæði laganna verði athuguð frekar og þess freistað að ná samkomulagi við sveitarfélögin um það mál, mælir meiri hluti menntamálanefndar með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Þrír nefndarmenn (SE, EystJ og MK) eru samþykkir frv., en áskilja sér rétt til að flytja breytingartill. um greiðslu kostnaðar við deildirnar.

Alþingi, 29. janúar 1970.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Bjartmar Guðmundsson, fundaskr. Magnús Kjartansson.
Gunnar Gíslason. Eysteinn Jónsson. Sigurvin Einarsson. Birgir Kjaran.

Nd. 305. Breytingartillaga [14. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

Frá Sigurvin Einarssyni, Eysteini Jónssyni og Magnúsi Kjartanssyni.

Við 1. gr. 66. gr. laganna hljóði svo:
Kostnaður við framhaldsdeildir skal greiddur úr ríkissjóði.

Ed. 306. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes, Akureyri.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og kynnt sér álit Landnáms ríkisins og Jarðeignadeildarinnar, en þær stofnanir mæla báðar með sölu jarðarinnar. Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 29. janúar 1970.

Steinþór Gestsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Jónas G. Rafnar.
Páll Þorsteinsson. Ásgeir Bjarnason. Jón Árnason. Karl Guðjónsson.

Ed. 307. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á mörgum fundum og fengið á fundi til sín biskupinn yfir Íslandi og formann Prestafélags Íslands. Þá hafa nefndinni borizt erindi frá biskupi, stjórn Prestafélagsins og fleiri aðilum, og mun verða gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með nokkrum breytingum, sem hún flytur tillögur um á sérstöku þskj., en nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja frekari brtt. við frv. og að fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 28. jan. 1970.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Jón Þorsteinsson.
Steinþór Gestsson.	Páll Þorsteinsson.	Gils Guðmundsson, með fyrirvara.
	Kristján Thorlacius.	

Ed. 308. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr.

1. Í stað „I. Norður-Múlaprófastsdæmi“ komi: I. Múlaprófastsdæmi.
2. 3. tölul. orðist svo:
   Valþjófsstaður: Valþjófsstaðar-, Áss-, Hofteigs-, Eiríksstaða- og Möðrudalssóknir.
   Prestssetur: Valþjófsstaður.
3. 5. tölul. orðist svo:
   Vallanes: Vallaness-, Þingmúla- og Egilsstaðasóknir.
   Prestssetur: Vallanes.
4. Í stað „II. Suður-Múlaprófastsdæmi“ komi: II. Austfjarðaprófastsdæmi.
5. 51. töluliður orðist svo:
   Hjarðarholt: Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns-, Snóksdals- og Hjarðarholtssóknir.
   Prestssetur: Búðardalur.
6. 52. tölul. orðist svo:
   Hvammur: Hvamms-, Staðarhóls-, Skarðs-, Dagverðarness- og Staðarfellssóknir.
   Prestssetur: Hvammur.
7. 87. tölul. orðist svo:
   Skútustaðir: Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðirhólssóknir.
   Prestssetur: Skútustaðir.

Nd. 309. Frumvarp til laga [160. mál]

um velferð aldraðra.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sigurður Ingimundarson, Birgir Finnsson.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að samhæfa og efla starfsemi allra þeirra, opinberra jafnt sem einkaaðila, er vinna að velferð aldraðra.

Samkvæmt lögum þessum teljast þeir aldraðir, sem eru 65 ára eða eldri.

2. gr.

Komið skal á fót Velferðarstofnun aldraðra, og skal hún starfa í nánum tengslum við Tryggingastofnun ríkisins.

Stofnunin heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

3. gr.

Verkefni Velferðarstofnunar aldraðra eru þessi:

1) Að halda uppi stöðugum rannsóknum á vandamálum aldraðra i landinu, þ. á m. fjárhagslegri afkomu þeirra.
2) Að gera tillögur um lausn þeirra vandamála til allra aðila, sem láta sig þau skipta eða gætu stuðlað að lausn þeirra.
3) Að gera tillögur um lausn vandamála, sem einstök sveitarfélög eða aðrir aðilar beina til stofnunarinnar.
4) Að örva og styðja hvers konar félagsstarfsemi fyrir aldraða.
5) Að annast fræðslu um nútímaviðhvorf til vandamála aldraðra og þróun þeirra mála erlendis.
6) Að gefa út leiðbeiningarit fyrir aldraða um vandamál ellinnar og lausn þeirra.
7) Að efna til námskeiða í félagslegu og öðru starfi, sem vinna þarf fyrir aldraða.

4. gr.

Ráðherra skipar sjö manna stjórn fyrir Velferðarstofnun aldraðra til fjögurra ára í senn. Sex skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu tryggingaráðs, Sambands íslenzkra sveitarfélag, Húsnæðismálastofnunar ríkisins, Læknafélags Íslands, Dvalarheimilis aldraðra sjómanna og Þjóðkirkjunnar. Hinn sjöunda skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður stjórnarinnar.

Varamenn eru skipaðir jafnmargir á sama hátt.

5. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann stofnunarinnar.

Stjórn stofnunarinnar gerir árlega fjárhagsáætlun fyrir starfsemi hennar. Ráðherra staðfestir áætlunina að fengnu áliti tryggingaráðs.

Allur kostnaður við stofnunina greiðist af lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins.

6. gr.

Ráðherra gefur út reglugerð um starfsemi Velferðarstofnunar aldraðra.

7. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Síðustu áratugi hefur sú skoðun fest rætur hér á landi, sem og í mörgum öðrum löndum, að þjóðfélaginu beri að sjá farborða þeim einstaklingum, sem af einhverjum ósjálfráðum ástæðum standa höllum fæti í lífsbaráttunni. Fyrst í stað var þessi hugsjón framkvæmd með stofnun sjúkrasamlaga og almannatrygginga, aðstoð við íbúðabyggingar og ráðstöfunum til að greiða götu æskunnar til náms. Síðar hefur vaknað skilningur á því, að gera þurfi margvíslegar fjárhagslegar og félagslegar ráðstafanir til aðstoðar við þá aldursflokka, sem ýmist eru að búa sig undir starfsárin eða hafa lokið þeim, þar eð þeir hafa misst starfsorku að meira eða minna leyti vegna elli. Undanfarin ár hafa málefni unga fólksins verið mjög í sviðsljósi, en það hefur einnig vaknað nýr áhugi og nýr skilningur á vandamálum aldraðra, þótt minna hafi á því borið. Hér á landi hefur ríkisvaldið skipað nefndir til að fjalla um þau mál, og hefur verið unnið gott starf á vegum þeirra, svo og ýmissa stofnana og félaga.

Tilgangur þessa frumvarps er að samhæfa og efla starfsemi allra þeirra, opinberra jafnt sem einkaaðila, sem vinna að velferð aldraðra. Lagt er til, að í stað þeirra nefnda, sem fjallað hafa um þessi mál, komi föst stofnun í nánum tengslum við Tryggingastofnun ríkisins.

Slíkar stofnanir eru til víða erlendis og þykja hafa unnið mjög gott starf. Má nefna „The National Old People's Welfare Committee“ í Englandi, sem starfað hefur

síðan 1940, og á Norðurlöndum eru til stofnanir, þar sem saman koma ýmis frjáls samtök og opinberir aðilar, er vinna að málefnum aldraðra.

Fyrr á árum var það trú manna, að fátt þyrfti að gera fyrir aldraða annað en að koma upp elliheimilum. Nú hafa gerólíkar og miklu mannúðlegri skoðanir rutt sér til rúms. Þær byggjast á því, að ekki sé nóg að bæta árum við lífið, heldur verði einnig að bæta lífi við árin. Aldraðir eiga að búa á eðlilegan hátt með yngra fólki og börnum, eins lengi og unnt er. Þeir þurfa að hafa vel fyrir nauðþurftum og létt starf eða áhugamál að fást við. Yngra fólk þarf að aðstoða þá eldri, þegar þrekið minnkar, en getur þegið margvíslega aðstoð af öldungunum í staðinn. Að sjálfsögðu verða að vera til sjúkradeildir og hjúkrunarheimili fyrir þá aldraða, sem þess þurfa.

Nú eru á mörgum stöðum í öðrum löndum reyndar nýjar hugmyndir á þessu sviði, og er okkur mikils virði að fylgjast með þeim og læra af þeim. Þess vegna er nauðsynlegt, að til sé sérstök stofnun, sem um þessi mál fjallar og safnar saman vitneskju og sérþekkingu á málefnum aldraðra, veitir sveitarfélögum og öðrum aðilum ráð og minnir á þessi mál með því að birta niðurstöður af sífelldum athugunum og halda uppi fræðslu.

Ekki er þörf skýringa við einstakar greinar frumvarpsins. Hins vegar er prentuð sem fylgiskjal greinargerð eftir Erlend Vilhjálmsson formann þeirrar velferðarnefndar aldraðra, sem skipuð var 1967. Eru þar skýrðar nánar þær hugmyndir, sem liggja að baki þessu frumvarpi, og fjallað um þau margþættu verkefni, sem óleyst eru hér á landi á þessu sviði.

Fylgiskjal.

Vandamál aldraðra.

Fyrr á tímum var staða aldraðra allt önnur en nú er. Með myndun þéttbýlis, auknum hraða og hinni öru framsókn æskunnar, verður hinn aldraði meira og meira afskiptur og hrökklast til hliðar og fær þá skoðun, að hann sé ekki til gagns lengur. Þetta skeður um leið og læknavísindi og auknir hollustuhættir sjá um, að fleiri og fleiri nái háum aldri.

Þessi þróun er slæm og kannske sérstaklega hjá okkur, þar sem allir menn eru vinnandi, — við lifum í þjóðfélagi, þar sem allir vinna, — og vinnan skapar stöðu — „status“ —, en maður, sem ekki vinnur er stöðulaus — „status“-laus —.

Lífeyrisþeginn, sem er hættur öllum arðbærum störfum, er „status“-laus maður, og verkar slíkt oft lamandi á einstaklinginn og er því þar þörf mótvægis. Og hér vil ég benda á þau lífssannindi, að við krefjumst ætíð nokkurs af þeim, sem standa okkur nærri og okkur er annt um, en gerum yfirleitt ekki kröfur til þeirra, sem okkur standa fjær, okkur er sama um og væntum einskis af. Þess vegna m. a. eigum við að skipuleggja starfsemi aldraðra þannig að vænta virkrar þátttöku þeirra sjálfra, en ekki þannig, að þeir séu aðeins óvirkir þiggjendur.

Sú skoðun hefur verið rótgróin hér á landi, að er aldur færist yfir og heilsufari hrakar, skuli hlutaðeigandi vistast á elliheimili, þar til yfir lýkur. Hugmyndir okkar um velferð aldraðra hafa ekki náð miklu lengra en til greiðslu ellilífeyris og bygginga og rekstrar elliheimila.

Hugmyndin um elliheimili, eins og við höfum þekkt hana um áratugi og lifir enn góðu lífi hérlendis, er ekki ofarlega á blaði í nágrannalöndum okkar, heldur er í staðinn komin hugmyndin um hjúkrunarheimili, og þó að mörkin séu ekki alls staðar skörp, er mikill eðlismunur á þessum tveimur stofnunum.

Skoðun nágranna okkar er sú, að elliheimili fyrir heilbrigða aldraða, sé ekki lengur nauðsyn, í þeirra stað eigi að koma íbúðir fyrir aldraða, hjúkrunarheimili fyrir þá, er þurfa á tímabundinni aðhlynningu að halda, og svo sjúkrahús fyrir þá, sem eru veikir og þurfa á sérstakri læknismeðferð að halda, svo sem gerist um aðra aldursflokka.

Ef við nú, að loknum þessum inngangi, gerum okkur lítillega grein fyrir þessum hópi fólks, er við köllum aldraða, sjáum við, að þessi hópur stækkar stöðugt. Árið 1970, er talið, að þeir, sem náð hafa 67 ára aldri, þ. e. ellilífeyrisaldri, verði um 15 800 og árið 1975 um 17 500 og árið 1980 um 19 000 og árið 1990 um 22 200. Aftur á móti fer þeim ekki hlutfallslega fjölgandi, miðað við fjölda á vinnualdri, og er þessi hópur hlutfallslega minni en gerist í nágrannalöndum okkar, og byrðar þær, sem fólk á vinnualdri hlýtur að taka á sig vegna aldraðra, sem eru ekki lengur að fullu við arðbær störf, eru því léttari fyrir okkur en í nágrannalöndum okkar. Þegar við tölum um aldraða sem hóp, er það að vísu rétt, að þar er um hóp að ræða, sem ýmislegt á sameiginlegt, en hópurinn er myndaður af fólki með fastmótaðar lífsskoðanir og hver og einn með sín séreinkenni, já, jafnvel oft sérvizku, og eru þessi einkenni ríkari hjá þessu fólki en í öðrum aldursflokkum.

Þetta aldursskeið getur náð yfir áratugi, og eru þarfir hinna ýmsu tímabila mjög misjafnar og hæfni hinna öldruðu til að leysa vandamál á eigin spýtur yfirleitt minni, eftir því sem hærra aldri er náð.

Ef við gerum lauslegan samanburð á manni 30—40 ára og 70—80 ára, sjáum við, að miklar breytingar á þörfum hans og áhugamálum hafa átt sér stað, þannig að er sjötíu ára aldri er náð, ættum við að reikna með öðrum þörfum og viðhorfum einstaklinganna en fyrr á lífsleiðinni.

Þetta atriði er nauðsynlegt að hafa í huga, þegar rætt er um aldraða eða unnið fyrir þá eða með þeim. Við skulum líka hafa í huga, að ekki er nema lítill hluti hópsins, sem þarf á aðstoð að halda, að undanteknum lífeyri, en sú aðstoð er margháttuð og umfangsmikil, þó að hver þáttur hennar sé mjög mismunandi kostnaðarsamur.

Aðstoðin á að vera tilboð til hinna öldruðu, en þeir, sem ekki óska eftir henni eða kæra sig ekki um þátttöku í hinum ýmsu greinum starfsemi aldraðra, eiga að fá að vera í friði.

Sækjast ber eftir, að starfsemi aldraðra eða fyrir þá sé hagað þannig, að hjálpað sé til að skapa sem mesta lífshamingju með sem minnstum tilkostnaði, en forðast ber að setja lög eða reglur, er bjóða þeirri stefnu heim, að hinn aldraði velji aðeins vegna fjárhagslegs öryggis e. t. v. þá leið, er dýrust verður fyrir þjóðarheildina, þ. e. vistun á stofnun eða elliheimili, og er alveg víst og áreiðanlegt, að hægt er að létta ásóknina á elli- eða hjúkrunarheimilin með ýmsum ráðstöfunum.

Sagt hefur verið, að ekki sé nóg að bæta árum við lífið, heldur verði líka að bæta lífi við árin, og sett hafa verið á blað 6 atriði, sem talin eru nauðsynleg til að eiga hamingjusöm efri ár, þ. e.:

1. Góð heilsa.
2. Hentug íbúð.
3. Fjárráð, sem hrökkva fyrir meiru en brýnustu nauðsynjum.
4. Nægur samgangur við annað fólk.
5. Áhugamál, eitt eða fleiri, er grípi hug hins aldraða.
6. Jákvæð og uppbyggileg lífsviðhorf.

Við skulum nú virða þessi atriði lítillega fyrir okkur.

Fyrsta atriði: Góð heilsa.

Með háum aldri verðum við kvillasamari en á unga aldri, og auk þess koma til einkenni, er fylgja háum aldri, þ. e. minnkandi andleg afkastageta og þverrandi líkamlegt afl, aukin slysahætta, t. d. í stigum og í umferðinni, seinlæti, minnkandi aðlögunarhæfileikar, daprari sjón og lélegri heyrn. Sálfræðingar heyrast halda því fram, að ellisljóleiki (senil demens) komi oft af því, að hinn aldraði telur sig ekki hafa neitt að lifa fyrir, og vegna skorts á starfi eða áhugamálum láti hann sér leiðast og sljóvgist. Sljóleikinn getur læknazt, ef sjúklingurinn er endurhæfður og hann fær eitthvað að lifa fyrir.

Á sama hátt og gleraugu eru notuð til að bæta sjóndepru, eru margs konar ráð til að vega upp á móti ýmsum kvillum, er fylgja háum aldri.

Fæðan hefur mikið gildi fyrir heilsuna, hollusta hennar og efni. Ótrúlega margir aldraðir vanrækja þennan þátt, finnst ekki taka því að leggja mikið upp úr matarefni eða eldamennsku og bjóða þar með sjúkdómshættunni heim. Ótrúlega margir einbúar, og þótt um hjón sé að ræða, láta sér nægja brauðbita og skyrspón, eflaust hvort tveggja mjög holl fæða, en án efa of einhæf. Almennur þrifnaður er atriði. Tennur þurfa að vera í lagi. Ótrúlega mikla þýðingu virðist fótasnyrting hafa til að auka vellíðan aldraðra, og oft virðast aldraðar konur yngjast um allan helming við hárlagningu. Þannig er hægt að telja upp fjölmörg atriði, sem bæta andlega og líkamlega heilsu aldraðra, þó að þau séu ekki læknisfræðilegs eðlis, en ég læt þetta nægja rétt til þess að gefa hugmynd um efnið. En augljóst virðist, að aldraðir ættu að vera undir stöðugra læknisefirliti en nú er.

Í nágrannalöndum okkar skrifa læknar og aðrir sérfræðingar bæklinga og pésa um, hvers vænta má með háum aldri. Þessum bæklingum er dreift til aldraðra og þeirra, sem eru að komast á ellilífeyrisaldur. Er slík útgáfa talin borga sig. Engri slíkri útgáfu er hér til að dreifa hjá okkur enn þá.

Annað atriði: Hentug íbúð.

Íbúðir fyrir aldraða verða umfram allt að vera þeim hentugar, t. d. ekki of stórar og ekki of hátt uppi. Eldhús og baðherbergi verður að innrétta þannig, að auðvelt sé að athafna sig. Að taka tillit til þarfa hinna öldruðu þarf ekki alltaf að kosta mikið, en getur haft úrslitaáhrif á, að hinn aldraði kunni vel við sig.

Yngri aldursflokkar gætu búið í íbúðum, sem ætlaðar væru öldruðu fólki, en aldraðir geta ekki á sama hátt búið í íbúðum, sem ætlaðar eru yngri aldursflokkum.

Tvær stefnur eru aðallega uppi um byggingu íbúða fyrir aldraða: Í fyrsta lagi að byggja fjölbýlishús eingöngu ætluð öldruðum og í öðru lagi að ætla öldruðum íbúðir í fjölbýlishúsum, sem annars eru byggð fyrir fólk á vinnualdri. Báðar leiðirnar hafa sína kosti og galla, en ýmsir, er ég hef talað við erlendis, telja að góða raun hafi gefið, að ungir og aldraðir búi í sama húsi. Ég nefni aðeins eitt dæmi þessu til skýringar. Þá gæti hinn aldraði setið yfir börnum að kvöldi, er ungu hjónin færu í bíó, og unga frúin þá annazt innkaup og smáútréttingar fyrir hinn aldraða í staðinn. Oft rekur maður sig á það, að öldruð hjón búa í allt of stórri og óhentugri íbúð. Íbúðin, sem var góð, á meðan börnin voru heima og frúin í fullu fjöri, verður síðar of stór og óhentug.

Um þessi mál höfum við þó nokkra sérstöðu, þar sem miklu algengara er á Íslandi en annars staðar, að menn eigi sínar íbúðir sjálfir, og þar af leiðandi minna um leiguíbúðir, og væri ekki ólíklegt, að það skapaði nokkra tregðu til skipta.

Þriðja atriði: Fjárráð, sem hrökkva fyrir meiru en brýnustu nauðsynjum.

Við þekkjum öll þessa nauðsyn. Uppfylling hennar gefur okkur nokkurt valfrelsi. Nauðþurftartekjur gefa ekkert valfrelsi. Nokkurt valfrelsi er öldruðum nauðsynlegt. Það sjáum við strax, ef við lítum í eigin barm, við sem aldrei teljum okkar valfrelsi nóg. Lífeyrismál aldraðra eru nú í deiglunni á Íslandi, og skulum við vona, að eitthvað gott komi þar út. Vinnumiðlun fyrir aldraða, t. d. vinna stund úr degi, kemur líka inn í þessa mynd.

Fjórða atriði: Nægur samgangur við annað fólk.

Einangrun og einmanaleiki fylgir oft háum aldri, og víða hefur „Rauði krossinn", kirkjufélög, ýmiss konar líknarfélög og verkalýðshreyfing skipulagt heimsóknir til að brjóta niður einmanakenndina, og virðast þarna oft skapast kunningja- og vináttubönd, báðum til gleði og ánægju.

Hér hjá okkur er starfsemi þessi í mjög smáum stíl, en þyrfti að aukast verulega, og beinist hugurinn þá m. a. að ýmiss konar kvennasamtökum, er víða hafa reynzt burðarás þessarar starfsemi. Væri ekki verðugt verkefni fyrir verkalýðsfélög kaupstaða og kauptúna eða fulltrúaráð verkalýðsfélaga þessara staða að taka að sér a. m. k. þennan þátt velferðarmála aldraðra fyrir aldna meðlimi sína?

Aldraðir ættu að eiga kost á ferðum gegn engu eða mjög vægu gjaldi, t. d. í leikhús, kvikmyndahús og á sundstaði, og ferðum í strætisvögnum á þeim tíma dags, er vagnarnir eru ekki fullsetnir af öðrum. Reynslan erlendis frá af ókeypis ferðum aldraðra með strætisvögnum er sú, að aldraðir nota sér ókeypis ferð til að skoða borgina og koma út án annars erindis.

Fimmta atriði: Áhugamál, eitt eða fleiri, er grípi hug hins aldraða.

Í Reykjavík hefur verið komið á stofn vísi að tómstundaheimili fyrir aldraða, þ. e. Tónabæ, þar sem unglingarnir ólmast á kvöldin. Fyrir tilstuðlan þeirrar starfsemi gefst öldruðum tækifæri til að taka þátt í námskeiðum eða námsflokkum, mörgum tugum verkefna, bóklegum og verklegum, og ferðalögum. Þátttaka fór langt fram úr því, sem nokkur maður hafði búizt við, og er vaxandi. Hugmyndin var að hafa opnunarhátíð einn dag, en ekki nægðu færri en þrír dagar vegna mjög mikillar aðsóknar. Ég get ekki stillt mig um hér að skýra frá, hversu undrandi ég var, er ég úti í Kaupmannahöfn kom inn í leikfimissal og sá um sextíu aldraða karla og konur við léttar leikfimisæfingar og var tjáð, að þessi flokkur kæmi tvisvar í viku til leikfimisæfinga og ástundun væri mjög góð.

Sjötta atriði: Jákvæð og uppbyggileg lífsviðhorf.

Um þetta atriði þarf ég ekki að fara mörgum orðum, það gildir eiginlega jafnt um alla. Menn finna brautina á ýmsan hátt, t. d. með bóklestri, hljómlistaráhuga, kirkjusókn, þátttöku í ýmsum góðum félögum, fórnfýsi, alúð og mannkærleika. Sem sagt, gefa frekar gaum að því góða, sem lífið hefur upp á að bjóða, en bæla niður illkvittnina og sífrið og er nú oft hægara sagt en gert.

Að lokum vil ég gera lítillega grein fyrir, hvað er að gerast í málefnum aldraðra fyrir tilstuðlan hins opinbera.

Ríkisstjórnin skipaði nefnd til að gera tillögur um bætta aðbúð aldraðra á öðrum sviðum en í lífeyrissjóðs- og tryggingamálum, og er nefndin hafði aflað sér gagna frá nágrannalöndum okkar, en þar eru öll þessi mál í deiglunni og þróun mjög hröð, var ákveðið að snúa sér fyrst að heimilishjálp fyrir aldraða, en hún er alls staðar einn snarasti þátturinn í velferðarmálum aldraðra og fer ört vaxandi bæði með tilliti til umfangs og skipulagningar. T. d. ákváðu dönsk lög, að öll þarlend sveitarfélög skyldu hafa komið á hjá sér heimilishjálp fyrir aldraða fyrir 1. apríl 1968.

Með heimilishjálp er ekki átt við heimilishjúkrun, heldur aðstoð við aldraða í heimahúsum til að inna þau störf af höndum, sem eru þeim erfið eða ofviða.

Starfið felst í því að ræsta heimilið, búa til mat, fara í smásendiferðir, hjálpa til við snyrtingu og yfirleitt að hlynna þannig að heimilinu og hinum aldraða, að hann uni sér vel, og gefur auga leið, að slík starfsemi getur dregið úr aðsókn að elli- og hjúkrunarheimili og að nokkru er til kostandi að taka upp slíka starfsemi.

Íslenzk sveitarfélög, er slíka starfsemi taka upp og reka, eru líka betur sett hvað viðkemur endurgreiðslu kostnaðar við heimilishjálpina en sveitarfélög nágrannalandanna. Ekkert virðist því vera til fyrirstöðu í lagasetningu eða reglugerðum, að þessi starfsemi verði hér upp tekin í ríkum mæli, en tregðan skapast af skorti á skipulagningu og framkvæmd.

Nú er verið að skipuleggja námskeið fyrir þær konur, er þessi störf vilja stunda, og vinna að lausn ýmissa framkvæmdaatriða, og verður þessu starfi lokið á næstu mánuðum. Heimilishjálp fyrir aldraða hér hjá okkur ætti því fljótlega að geta haft sömu jákvæðu áhrifin á velferð aldraðra og annars staðar hefur reynzt.

Nú lætur nefndin fara fram nokkuð umfangsmikla rannsókn á elli- og hjúkrunarheimilum hérlendis og þörf slíkra stofnana og mun, er niðurstöður þeirra rannsókna liggja fyrir, væntanlega senda félagsmálaráðuneytinu álit sitt.

Í velferðarríki, sem við erum svo hamingjusöm að búa í, verður að gera þessum málum full skil og ekki viðunandi, að málefni aldraðra séu í vanrækt og standi langt að baki slíkum málum nágranna okkar.

Tími er kominn til, að við Íslendingar tileinkum okkur nútímasjónarmið til aldraðra og högum okkur samkvæmt þeim og leggjum sem fyrst fyrir róða úrelt og óraunhæf sjónarmið. Þetta er ekki aðeins nauðsynlegt af menningarástæðum og til að bæta sambúð eldri og yngri kynslóða, heldur er þetta ekki síður fjárhagsspursmál og sparnaðaratriði, sem snertir ekki svo lítið þá, sem verða á vinnualdri næstu áratugi og bera allan kostnað samfélagsins.

Og vil ég svo að lokum benda á samþykkt ráðstefnu félagsmálaráðherra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna, er lét í ljós þá skoðun, að félagslegar framfarir ættu að vera endanlegt markmið allrar þróunar.

Ed. 310. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til laga um skipun prestakalla og prófastsdæma og kristnisjóð.

Frá Steinþóri Gestssyni, Páli Þorsteinssyni og Kristjáni Thorlacius.

1. Við 1. gr. Við V. lið bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
   31. Þingvellir: Þingvallasókn.
   Prestssetur: Þingvellir.
   Töluröð breytist í samræmi við það, og orðið „Þingvalla-“ í 36. tölulið falli niður.
2. Við 6. gr. Framan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Ráðherra skipar prest, er sitji á Þingvöllum og gegni Þingvallasókn, skv. 1. gr., að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar, enda gegni hann þá jafnframt starfi þjóðgarðsvarðar.

Ed. 311. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá Auði Auðuns.

1. Við 1. gr.
   a. 27. töluliður orðist svo:
   Mosfell í Grímsnesi: Mosfells-, Stóru-Borgar-, Búrfells-, Miðdals-, Úlfljótsvatns- og Þingvallasóknir.
   Prestssetur: Mosfell.
   b. Orðið „Þingvalla-“ í 36. tölulið falli burt.
2. Ný grein komi á eftir 5. gr. frv., og breytist raðtala greina skv. því:
   Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar að skipa prest, er sitji á Þingvöllum og þjóni Þingvallasókn, enda gegni hann þá jafnframt starfi þjóðgarðsvarðar.

Ed. 312. Breytingartillögur [123. mál]

við frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr.

	Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
Nr. 48.16.03 orðast svo:			
Mjólkurumbúðir	20%	11%	20%

2. Við 3. gr. 11. liður b. til loka 1. málsgreinar hljóði svo:
   af umbúðum og efnum í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, enda séu hinar innlendu framleiðsluvörur fluttar til útlanda til sölu þar, eða sérstakar ástæður séu fyrir hendi og hægt sé að ganga úr skugga um magn og efni varanna.

Ed. 313. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. l. nr. 61 24. des. 1964, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og leggja undirritaðir nm. til, að það verði samþ. óbreytt. Tveir nm., þeir BGuðbj og KTh, tjá sig frv. andvíga og skila séráliti, en einn nm., Björn Jónsson, var fjarstaddur sökum veikinda, er málið var afgreitt.

Alþingi, 29. jan. 1970.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Oddur Andrésson.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 314. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og leggja undirritaðir nm. til, að það verði samþ. óbreytt. Ein nm. (BJ) var fjarstaddur sökum veikinda.

Alþingi, 29. jan. 1970.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Bjarni Guðbjörnsson.
Kristján Thorlacius. Sveinn Guðmundsson. Oddur Andrésson.

Nd. 315. Lög [138. mál]

um breyting á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

(Afgreidd frá Nd. 29. jan.)

Samhljóða þskj. 267.

Ed. 316. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 61 24. des. 1964, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkvæmt frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, á söluskatturinn að hækka úr 7½% í 11%. Sú tekjuaukning, sem ríkissjóður á að fá með þessari hækkun, á að nokkru að ganga til að bæta þann tekjumissi, sem verður vegna lækkunar á tollum vegna aðildar Íslands að EFTA, og að nokkru til annarra útgjalda ríkissjóðs, sem óviðkomandi eru inngöngu Íslands í EFTA.

Með þessu frumvarpi er stefnt að gerbreyttri stefnu í skattamálum ríkisins. Þetta er skref í þá átt að færa ríkistekjurnar frá aðflutningsgjöldum í söluskatt. Aðflutningsgjöldin eru mishá eftir því, hvort um er að ræða nauðsynjavörur almennings eða munaðarvörur. Söluskatturinn kemur hins vegar þyngst niður á tekjulágu fólki með stórar fjölskyldur.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um tollskrá o. fl. er frá því skýrt, að þetta sé fyrsta stóra skrefið, sem stigið sé í þá átt að afnema aðflutningsgjöld. Í stað þeirra kemur væntanlega enn hækkaður söluskattur, er leggst jafnt á allar vörur, hvort sem þær eru nauðsynlegar eða ekki.

Við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, teljum, að tekna hefði átt að afla með allt öðrum hætti til þess að mæta þeirri tollalækkun, sem leiðir af aðildinni að EFTA. Það hefði átt að fara þær tekjuöflunarleiðir, að helztu lífsnauðsynjar yrðu ekkert eða sem allra minnst skattlagðar. Einnig er sú leið til að bæta álögur á neyzluvörur upp með auknum fjölskyldubótum eða á annan hátt.

En þar sem sýnilegt er, að knýja á fram þetta frumvarp um hækkun söluskattsins í þinginu, viljum við gera tilraun til þess að flytja breytingartillögur, er mundu, ef samþykktar yrðu, draga verulega úr afleiðingunum fyrir almenning af þeirri ranglátu skattheimtu, sem hér er á ferðinni.

Við leggjum til, að söluskattur verði alveg afnuminn á kjöti, kjötvörum, smjöri, skyri, kartöflum, kaffi, kornvörum, rafmagni, heitu vatni og gasolíu til heimilisnota.

Í öðru lagi leggjum við til, að fjölskyldubætur verði hækkaðar um 20%, og mundi sú hækkun nema 1000 kr. á hvert barn.

Ef tillögur okkar yrðu samþykktar, mundi það væntanlega kosta ríkissjóð samtals 345 millj. kr. Þar á móti mundi koma um það bil 50—60 millj. kr. útgjaldalækkun hjá ríkinu, sem stafar af því, að þær ráðstafanir, sem við leggjum til að gerðar verði til að létta byrðar almennings vegna söluskattshækkunarinnar, mundu hafa í för með sér 3 stiga lækkun vísitölunnar, en það mundi lækka útgjöld ríkissjóðs um 50—60 millj. kr. Þegar tekið er tillit til þessa, mundi þetta ekki kosta ríkið nema 285—295 millj. kr. á yfirstandandi ári.

Það er á allra vitorði, að tekjurýrnun hjá almenningi hefur orðið gífurleg að undanförnu og stórfelld launahækkun er orðin óumflýjanleg nauðsyn, sem verður ekki með nokkurri sanngirni staðið gegn. Þetta frumvarp um hækkun söluskatts, sem hér liggur fyrir, eykur verulega á þá nauðsyn. Skoðun okkar er sú, að skynsamlegra væri fyrir ríkisstjórnina og þingmeirihluta hennar að samþykkja breytingartillögur okkar, sem miða að því að draga úr áföllunum hjá almenningi í sambandi við hinar auknu álögur, heldur en að bæta enn olíu á eld dýrtíðar í landinu, sem leiðir til ófarnaðar fyrir alla landsmenn.

Alþingi, 30. jan. 1970.

Kristján Thorlacius, frsm. Bjarni Guðbjörnsson.

Ed. 317. Breytingartillögur [126. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 61 24. des. 1964, um breyt. á þeim lögum.

Frá Kristjáni Thorlacius og Bjarna Guðbjörnssyni.

I. Á eftir 1. gr. frv. komi tvær nýjar greinar:

1. (2. gr.) H-liður 4. gr. laganna (sala á raforku og heitu vatni frá rafmagnsveitum og hitaveitum) falli niður.

2. (3. gr.)
   a. Á eftir orðinu „nýmjólk“ í 2. tölul. 6. gr. laganna komi: smjör, ostur, skyr, kjöt, kjötvörur og kartöflur.
   b. Á eftir 2. tölulið komi nýir liðir, svo hljóðandi:
      1. Kaffi, sykur og kornvörur.
      2. Olía.

II. Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, sem verður 3. málsgrein, svo hljóðandi:

Á meðan innheimtur verður 11% söluskattur skv. lögum þessum, greiðir ríkissjóður á ári hverju til Tryggingastofnunar ríkisins, umfram aðrar lögboðnar greiðslur ákveðna fjárhæð, sem varið skal til hækkunar á fjölskyldubótum. Árið 1970 skal fjárhæð þessi vera 70 milljónir króna, en breytist síðan til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á heildarupphæð innheimts söluskatts frá ári til árs.

Sþ. 318. Skýrsla

samgöngumálaráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1969.

I. Innheimta tekna.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins urðu tekjur vegasjóðs á árinu 1969, eins og hér segir:

	Áætlun m.kr.		Rauntölur m.kr.		Halli m.kr.
1.1. Benzíngjald:					
Bruttótekjur	364.1		361.1		
Endurgreiðslur	11.5		15.2		
	——	352.6	——	345.9	6.7
1.2. Þungaskattur:					
Bruttótekjur	130.1		120.1		
Endurgreiðslur	8.0		1.1		
	——	122.1	——	119.0	3.1
1.3. Gúmmígjald		39.4		29.7	9.7
Alls		514.1		494.6	19.5

1.1. Tekjur af benzíngjaldi.

Í greinargerð með till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1969—1972 var bruttósala á benzíni á tekjuárinu 1969, þ. e. nóv. 1968—okt. 1969, áætluð 71.3 millj. lítra eða 0.2 millj. lítra minni en á tekjuárinu 1968. Raunveruleg sala samkv. söluskýrslum olíufélaganna hefur hins vegar reynzt 69.3 millj. lítrar eða 1.4% minni en áætlað var. Af þessum sökum urðu bruttótekjur um 3.0 m.kr. undir áætlun.

Bruttósala á benzíni undanfarin 4 tekjuár hefur orðið, eins og hér segir:

1966	68.3	millj. lítra
1967	72.2	— —
1968	71.5	— —
1969	69.3	— —

Líklegt má telja, að hið mjög votviðrasama sumar á Suður- og Vesturlandi hafi átt verulegan þátt í þessari lækkun, eins og raunar umferðartölur úr þessum landshlutum bera með sér.

Hækkun á benzíngjaldi með lögum nr. 24 frá 20. maí 1969 hefur væntanlega einnig haft nokkur áhrif á minnkandi sölu.

Endurgreiðslur á benzíngjaldi hafa orðið 3.7 m.kr. eða 32% hærri en áætlað var. Stafar þessi hækkun trúlega af því, að fastar hefur verið gengið eftir endurgreiðslum en áður.

1.2. Tekjur af þungaskatti.

Áætlaðar brúttótekjur af þungaskatti voru 130.1 m.kr., eru endurgreiðslur 8.0 m.kr. Í byrjun janúar 1970 voru brúttótekjur orðnar 120.1 m.kr., en endurgreiðslur 1.1 m.kr. Innkomnar nettótekjur voru því þá 3.1 m.kr. undir áætlun. Full skil á þungaskatti fyrir desember voru þó ekki komin úr öllum skattumdæmum.

Áberandi er, að endurgreiðslur á þungaskatti eru aðeins brot af því, sem áætlað var. Hinar tilgreindu endurgreiðslur á þungaskatti munu þó aðeins vera hluti af raunverulegum endurgreiðslum af þeim sökum, að í sumum skattumdæmum eru endurgreiðslur dregnar frá skattinum, án þess að þær séu tilgreindar sérstaklega. Þetta er að sjálfsögðu mjög villandi og gerir raunverulega áætlanagerð um innheimtu þungaskatts mjög erfiða. Þarf nauðsynlega að koma þessu máli í betra horf.

1.3. Tekjur af gúmmígjaldi.

Tekjur á þessum lið voru áætlaðar 39.4 m.kr., en urðu 29.7 m.kr. eða aðeins 75% af áætlun. Raunveruleg sala á hjólbörðum hefur á árinu 1969 numið 825 tonnum, en var áætluð 1090 tonn. Til samanburðar skal þess getið, að salan var 917 tonn árið 1968, 1260 tonn árið 1967 og 1320 tonn árið 1966.

II. Skipting útgjalda og framkvæmdir.

2.1.1. **Launagreiðslur.**

2.1.2. **Eftirlaunagreiðslur.**

2.1.3. **Skrifstofukostnaður.**

Ráðning fastra starfsmanna hefur verið í samræmi við heimildir í vegáætlun. Útgjöld samkv. ofangreindum þrem liðum hafa orðið um 1.0 m.kr. hærri en áætlun gerir ráð fyrir, og stafar það af hækkun kaupgjaldsvísitölu á árinu.

2.1.4. **Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda** hefur verið með sama hætti og undanfarin ár, að undanskildum undirbúningi hraðbrautaframkvæmda, sem hefur verið aukinn, eins og nánar greinir undir lið 2.3.1.
Greinargerð um rannsóknir sérstakra verkefna samkv. þál.till. er að finna undir lið 2.3.6.

2.1.5 Umferðartalning og eftirlit.

Umferðartalningu var haldið áfram með svipuðum hætti og undanfarin ár. Einnig voru framkvæmdar sérstakar umferðartalningar fyrir Hvalfjarðarnefnd, sbr. kafla 2.3.1.

Við fyrrnefndar umferðartalningar kom í ljós, að mjög lítil aukning er á sumarumferð frá fyrra ári, og á Suðurlandi er umferð víða minni í sumar en sumarið 1968, t. d. var hún um 10% minni á vegum í nágrenni við Selfoss. Á Suðurlandsvegi við Rauðavatn var um nokkra aukningu umferðar að ræða. Á Hafnarfjarðarvegi við Fossvogslæk var umferð lítið eitt minni í sumar en 1968 og sömuleiðis við Kópavogslæk. Umferð um Reykjanesbraut hjá gjaldstöðinni við Straum var þó 4.9% meiri síðastliðið ár.

Við vegamót Vesturlandsvegar og Borgarnesbrautar var umferð mjög svipuð í sumar og hún var síðastliðið ár, en á vegum í nágrenni Akureyrar var um 1.8% umferðaraukning.

Þar sem mikill hluti sumarumferðar eru fólksbifreiðar, er mjög líklegt, að hið votviðrasama tíðarfar á Suður- og Vesturlandi s. l. sumar sé að verulegu leyti skýring á minnkandi umferð í þeim landshlutum,

Haft var eftirlit með öxulþunga ökutækja í náinni samvinnu við lögregluyfirvöld með sama sniði og síðastliðið ár. Í byrjun ársins voru keyptar tvær nýjar bílavogir, og var því á s. l. vori hægt að halda uppi þungaeftirliti víðs vegar á landinu samtímis, eins og nánar er getið í kaflanum um sumarviðhald.

2.1.6. Áhrif verðhækkana.

Kostnaðaráætlanir í vegáætlun fyrir árið voru miðaðar við verðlag og kaupgjald í febrúar 1969 (kaupgjaldsvísitala 11.35 stig). Breytingar á vísitölu einstakra framkvæmdaliða hafa orðið, eins og hér segir:

	Ágúst 1968	Febrúar 1969	Ágúst 1969	Hækkun feb./ág.
Vegaviðhald	665	791	812	2.7%
Vegagerð	615	737	752	2.0%
Brúargerð	804	1020	997	÷2.2%

Hækkun á vísitölu vegaviðhalds og vegagerðar frá febrúar til ágúst stafar nær eingöngu af hækkun á kaupgjaldi, sem nam um 11%. Lækkun á vísitölu brúargerðarkostnaðar stafar hins vegar af því, að við útreikning á hækkun á brúargerðarefni vegna gengisbreytingarinnar í nóv. 1968 var miðað við um 50% hækkun, en sú hækkun reyndist ekki nema um 40%. Þessi mismunur á efniskostnaði gerði nokkru betur en vega á móti kauphækkuninni.

2.2. VIÐHALDSKOSTNAÐUR ÞJÓÐVEGA

2.2.1. Viðhald þjóðvega.

Þegar tillaga að vegáætlun 1969—1972 var lögð fyrir Alþingi, var í meðförum þingsins hækkaður tekjuliður áætlunarinnar með því að hækka benzínskattinn um 1.00 kr. á lítra. Þessi hækkun kom þó ekki viðhaldinu til góða, heldur var tekjuaukningunni varið til nýbygginga vega. Alls voru veittar 175.0 m.kr. til viðhalds þjóðvega á árinu.

A. Vetrarviðhald.

Af fjárveitingu til viðhalds þjóðvega var áætlað, að 25.5 m.kr. færu til vetrarviðhalds á árinu 1969, þar af 16.9 m.kr. á tímabilinu janúar—júní, en 8.6 m.kr. okt.—desember. Enda þótt farið væri algjörlega eftir snjómokstursreglunum frá 1967, varð kostnaður við vetrarviðhaldið um 28 m.kr.

B. Tjón af völdum náttúruhamfara.

Í lok febrúar og í marz urðu mikil flóð víðs vegar á öllu landinu, en þó sérstaklega á Vesturlandi og Suðurlandi. Kostnaður við viðgerðir á skemmdum af völdum þessara flóða varð 4.5 m.kr., en auk þess reyndist nauðsynlegt að verja um 0.7 m.kr. til fullnaðarviðgerða á flóðaskemmdum á vegum á Austurlandi, sem urðu 11.—13. nóv. 1968 á svæðinu frá Héraði til Lónsheiðar.

Í sumar þurfti að styrkja varnargarða á Mýrdalssandi og í Mýrdal vegna vatnavaxta af völdum mikilla rigninga, og var kostnaður við það 0.9 m.kr.

Beint tjón af völdum flóða á árinu varð því:

Vatnaskemmdir í febrúar—marz 1969	4.5 m.kr.
Fullnaðarviðgerð á vatnaskemmdum á Austurlandi frá nóv. 1968	0.7 —
Styrking varnargarða á Mýrdalssandi s. l. sumar	0.9 —
Alls	6.1 m.kr.

C. **Sumarviðhald.**

Til þessa liðar telst allur kostnaður á viðhaldi á auðum vegum, enda þótt það fari ekki allt fram að sumarlagi. Áætlaður kostnaður við það var 129.2 m.kr., og nær hann yfir almennt viðhald, heflun, styrkingu vega, mölun og hörpun efnis, viðhald brúa og rykbindingu vega.

Meiri áherzla var lögð á það en áður, að sem minnst af þessu fé færi í vorviðgerðir, en sem mest til varanlegs sumar- og haustviðhalds. Reynt var eftir mætti að hafa hemil á vorskemmdum með því að auka eftirlit með öxulþunga og takmarka hann, þar sem með þurfti, þann tíma, sem frost var að fara úr jörðu. Í þessu skyni voru keyptar 2 samstæður af flytjanlegum bílavogum, til að hægt væri að fylgjast með þunga bifreiða sem víðast á landinu samtímis. Í ljós kom, að þótt full þörf sé á slíku eftirliti, þá er greinilegt, að vaxandi skilningur er hjá meginþorra þeirra, sem vöruflutninga stunda, á nauðsyn þess að vernda vegina, þegar klaki er að fara úr þeim.

Verulegt viðhald fór fram á hraðbrautum á árinu, en 4 m.kr. var úthlutað til þeirra í því skyni. Á Hafnarfjarðarvegi var lagt nýtt slitlag úr malbiki frá Hlíðarvegi að Engidal, og á Reykjanesbraut hjá Njarðvíkum var gert við malbik og axlir. Fyrirhugað var að mála akreinalínur á Reykjanesbraut, en vegna tíðarfars tókst einungis að ljúka hluta þess verks.

D. **Undirbúningur að aukinni hagræðingu í vegaviðhaldi.**

Í maí 1969 voru verkstjórar Vegagerðarinnar kvaddir til tveggja daga fundar í Höfn í Hornafirði. Aðalefni fundarins var hagræðing í viðhaldi malarvega og möguleikar á betri nýtingu viðhaldsfjárins. Í október s. l. fór svo Jón Birgir Jónsson, deildarverkfræðingur, til Noregs og Svíþjóðar til að kynna sér viðhald malarvega í þessum löndum. Vegagerðir beggja landanna undirbjuggu dvöl hans og greiddu götu hans, sem bezt mátti verða.

2.2.2. Vegmerkingar.

Fjárveiting var 1.5 m.kr. Var þeirri upphæð varið til að setja upp ný umferðarmerki, samkv. reglugerð nr. 61/1959, og til viðhalds eldri merkjum. Árið 1968 var ráðizt í að endurskoða staðsetningu allra eldri umferðarmerkja á landinu, og var því verki að mestu lokið s. l. sumar, en þessi endurskoðun var hafin vegna umferðarbreytingarinnar 26. maí 1968 (H-umferð).

Einnig voru sett upp nokkur ný leiðarmerki (töflur) við veigamikil vegamót.

Af einstökum flokkum vega samkvæmt vegáætlun 1969—1972 er nú lokið merkingum, eins og hér segir:

Af	325	km	af	akfærum	hraðbrautum	eru	merktir	325	km	eða 100%
—	2732	—	—	—	þjóðbrautum	—	—	2569	—	— 94%
—	5129	—	—	—	landsbrautum	—	—	2088	—	— 41%
Alls	8186	km						4982	km	eða 61%

Mismunur á vegalengdum þessum og þeim, sem voru í skýrslu ráðherra fyrir 1968, stafa að mestu leyti af því, að 238 km, sem taldir voru til þjóðbrauta, eru nú taldir til hraðbrauta, og að nokkrar aðrar tilfærslur milli flokka hafa orðið við endurskoðun vegáætlunar.

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

2.3.0 Lán til vegaframkvæmda.

1. Föst lán til vegaframkvæmda.

Með heimild í III. kafla vegáætlunar 1969 hefur ráðuneytið í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar og Vestfjarðaáætlun aflað fastra lána til nokkurra þeirra vega, sem tilgreindir eru í III. kafla vegáætlunar 1969.

Til einstakra vegaflokka nema þessi lán eftirtöldum upphæðum:

1. Hraðbrautir	32.4	m.kr.
2. Þjóðbrautir	21.9	—
3. Landsbrautir	9.8	—
Alls	64.1	m.kr.

Af þessum lánum eru 32.4 m.kr. samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar, en 31.7 m.kr. samkvæmt Vestfjarðaáætlun. Um skiptingu þessara lána vísast til greinargerðar um framkvæmdir á einstökum vegum.

Föst lán vegasjóðs í árslok 1968 og 1969 voru, eins og hér segir:

	Árslok 1968 m.kr.	Árslok 1969 m.kr.
1. Hraðbrautir	377.3	407.1
2. Þjóðbrautir	109.1	125.9
3. Landsbrautir	33.9	44.3
Alls	520.3	577.3

Nokkur hluti af hækkun lána til hraðbrauta á árinu 1969 stafar af gengisbreytingu þýzka marksins í október 1969, eins og nánar er skýrt í kafla 2.3.1.1.

Hins vegar hefur sú breyting orðið á, að ríkissjóður hefur tekið að sér að greiða vexti og afborganir af föstum lánum til vegaframkvæmda, og verður það á árinu 1970 52 472 þús. kr.

2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.

Á árinu var fylgt sömu reglu og undanfarin ár, að samþykkja aðeins bráðabirgðalán til þeirra vegaframkvæmda, sem fjárveitingu hafa í vegáætlun næstu ár. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda í árslok 1968 og 1969 voru, eins og hér segir:

	Árslok 1968 þús. kr.	Árslok 1969 þús. kr.
1. Hraðbrautir	0	19 713
2. Þjóðbrautir	1 758	2 800
3. Landsbrautir	2 466	3 905
4. Sýslu- og fjallvegir (brýr)	895	350
Alls	5 119	26 768

Bráðabirgðalán til sýslu- og fjallvega eru í árslok 1968 talin 895 þús. kr. hærri en í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968, þar sem fallið hafði niður bráðabirgðalán til brúar á Svartá á sýsluvegi í A.-Hún.

Skipting bráðabirgðalána til einstakra vegaflokka er nánar tilgreind í greinargerð um framkvæmdir í einstökum vegum.

2.3.1. Til hraðbrauta.

1. **Reykjanesbraut (A2):**

1. Vextir og afborganir lána.
Engar framkvæmdir hafa verið við þennan veg á árinu, en gjöld og fjáröflun voru áætluð og hafa í raun orðið, eins og hér segir:

	Áætlun m.kr.	Rauntölur m.kr.
Gjöld:		
1. Greiðslur vaxta og afborgana af lánum	56.8	49.1
2. Greiðslur fyrir efnistöku og landspjöll	0.7	0.3
3. Lántökukostnaður		1.9
4. Óráðstöfuð fjáröflun		5.3
Alls	57.5	56.6
Fjáröflun:		
1. Fjárveiting í vegáætlun	6.8	6.8
2. Framlag varnarliðsins	0.7	0.7
3. Tekjur af umferðargjaldi (nettó)	15.0	13.9
4. Lán samkv. framkvæmdaáætlun	29.6	29.6
5. Innstæða frá 1968	5.4	5.6
Alls	57.5	56.6

Greiðslur vaxta og afborgana urðu 7.7 m.kr. lægri en áætlað var, og stafar það af því, að ekki kom til afborgana af stóru erlendu bráðabirgðaláni, sem síðan var breytt í fast lán, og við það kom til verulegur lántökukostnaður.

Greiðslur fyrir efnistöku og landspjöll urðu minni en áætlað var, vegna þess að kröfum, sem farið höfðu í mat, varð ekki lokið á árinu.

Föst lán á veginum námu í árslok 1968 362.2 m.kr., en voru í árslok 1969 390.8 m.kr. og hafa því hækkað um 28.6 m.kr. Af þessari hækkun skulda eru 19.6 m.kr. vegna affalla á föstu þýzku láni, sem tekið var á árinu í stað bráðabirgðaláns, svo og vegna gengisbreytingar þýzka marksins í október s. l.

Umferð á Reykjanesbraut hjá gjaldstöðinni við Straum jókst um 4.9% á árinu miðað við 1968. Brúttótekjur jukust þó aðeins um 1.9%, sem stafar af því, að umferðaraukningin er að mestu leyti á litlum bílum í lægstu gjaldflokkunum. Þær sveiflur í innheimtukostnaði umferðargjaldsins, sem sjá má á ofangreindu yfirliti, stafa m. a. af því, að með innheimtukostnaði er talinn styrkur til rekstrar skólabifreiðar Vatnsleysustrandarhrepps samkv. sérstökum samningi, en sá styrkur hefur verið eins og hér segir:

1966	0 þús. kr.
1967	562 — —
1968	335 — —
1969	421 — —

Á árinu 1967 var með innheimtukostnaði talinn kostnaður við tengingu gjaldstöðvarinnar við Rafveitu Hafnarfjarðar. Hækkun á innheimtukostnaði 1969 stafar þó mest af launahækkunum.

1a. Reykjanesbraut í Breiðholti.
Engin fjárveiting var til þessa vegar, en í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar voru veittar 2.8 m.kr. til vegarins. Greiðslur vaxta og afborgana af lánum námu 2.6. m.kr., og voru engar framkvæmdir við þennan veg á árinu.

Tekjur af umferðargjaldi á Reykjanesbraut.

1965:	Tala bifreiða um gjaldstöð	Tekjur alls (brúttó) kr.	Innheimtukostnaður kr.	Tekjur alls (nettó) kr.	Meðalumferð á dag, báðar áttir	Hlutfallstala umferðar
26.10.—31.12.	39 065	2 600 690.00	365 796.21	2 234 893.79	1182	
1966:						
1.1.—31.12. ..	249 839	13 964 927.50	1 817 004.67	12 147 922.83	1369	100
1967:						
1.1.—31.12. ..	272 564	15 007 180.00	2 286 596.66	12 720 583.34	1494	108
1968:						
1.1.—31.12. ..	281 095	15 848 776.50	1 868 178.47	13 980 598.03	1540	112
1969:						
1.1.—31.12. ..	294 924	16 172 960.00	2 280 000.00	13 892 960.00	1616	118
	1 137 487	63 594 534.00	8 617 576.01	54 976 957.99		

2. **Vesturlandsvegur (B 1):**

1. Miklabraut—Rofabær:

Fjárveiting er 7.0 m.kr., og var hún notuð til að byggja undirstöður nýrrar brúar á Elliðaár. Brúin er bitabrú úr forspenntri steypu 53 m að lengd í tveimur höfum. Jarðfræðilegar aðstæður á brúarstæði eru þannig, að sprengja þurfti og grafa fyrir undirstöðum niður á 5—6 m dýpi. Steyptir voru sökklar og stöplar, millistöpull í fulla hæð, en endastöplar nokkuð upp úr jörð. Brúargerð verður lokið á árinu 1970.

Í september ákvað ríkisstjórnin að hraða lagningu hraðbrauta umfram það, sem vegáætlun gerir ráð fyrir. Í framhaldi af þeirri ákvörðun var ákveðið að ljúka lagningu kaflans Miklabraut—Rofabær á árinu 1970, þó að fullnaðarfjárveiting til hans sé fyrst á árinu 1971.

Í september var því boðin út undirbygging þessa vegarkafla, um 1.0 km. Tilboð voru opnuð 15. október, og var lægsta tilboð 14.7 m.kr., en hæsta 23.0 m.kr. Áætlun Vegagerðar ríkisins nam 25.0 m.kr., og var hún miðuð við auglýsta taxta Félags vinnuvélaeigenda og Landssambands vörubifreiðastjóra með hliðsjón af einingarverðum, sem fengizt höfðu við útboð hliðstæðra framkvæmda í Hafnarfjarðarvegi um Kópavog vorið 1968. Var áætlunin því ekki miðuð við, að Vegagerðin framkvæmdi verkið með eigin tækjum, en leigugjald þeirra er mun lægra en ofangreindra aðila.

Samið var við lægstbjóðanda, sem var Loftorka s.f., og hófust framkvæmdir í byrjun nóvember, og á verki að vera lokið í júní 1970.

2. Rofabær—Höfðabakki:

Fjárveiting var 12.0 m.kr. Samið var við Íslenzka Aðalverktaka s/f seint á árinu 1968 um að leggja þennan vegarkafla og lána það, sem á kynni að vanta fulla fjárveitingu á árinu 1969, til tveggja ára, en heildarkostnaður var áætlaður 33 m.kr., sem var í samræmi við lægsta einingarverð, sem kom fram í útboði í Kópavogsveg vorið 1968.

Undirbyggður var 1100 m kafli vegar og steypt slitlag á 900 m, en vegurinn er með 4 akreinum. Var þessi kafli opnaður fyrir umferð í september.

4. Um Skeiðhól:

Fjárveiting var 3.5 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.5 km kafli um Skeiðhól. Auk þess var undirbúin lagning um 0.5 km kafla til viðbótar.

5. Um Hafnará:

d) Athuganir á rykbindihæfni mismunandi ofaníburðarefna lá niðri s.l. sumar vegna votviðris.
e) Verið er að ljúka við 1. áfanga rannsókna á steinefnum til malbiks og steinsteypugerðar, en sífellt er leitað að slitþolnari og þéttari steinefnum, einkum vegna vaxandi notkunar nagladekkja.
f) Greiddur var helmingur kostnaðar á móti Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins við kaup rannsóknartækja ýmissa, sem nauðsynleg eru við fyrrtaldar tilraunir og rannsóknir.
Kostnaður við a) — f) er um 500 þús. kr.
Allar tilraunir og rannsóknir, sem gerðar eru í rannsóknarstofu, svo og ýmsar mælingar við aðrar tilraunir, eru gerðar af Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins. Vegna mikilla anna ásamt sífelldum skorti á sérhæfðu starfsliði hjá stofnuninni, hafa sumar tilraunir og rannsóknir dregizt mjög og aðrar æskilegar orðið að sitja á hakanum.

9. Tilraunir með snjóblásara.
Snemma á árinu var keyptur snjóblásari af gerðinni Víking PW 1300 frá Noregi og hann reyndur í Eyjafirði, fyrst og fremst á Ólafsfjarðarvegi. Tilraunin er gerð til að fá úr því skorið, hvort snjóblásarar séu hentugri snjóruðningstæki en þau, sem hingað til hafa verið notuð hér á landi. Sá hluti kostnaðar, sem greiddur verður af tilraunafé, er áætlaður 250 þús. kr.

2.10. Greiðsluhalli á vegáætlun.

1.	Samkvæmt lið 1.1—1.3 voru áætlaðar tekjur á árinu 514.1 m.kr. en urðu 494.6 m.kr.	Halli 19.5 m.kr.
2.	Útgjöld samkv. lið 2.1 urðu 1.0 m.kr. hærri en áætlun	— 1.0 m.kr.
3.	Útgjöld samkv. lið 2.2 urðu 8.0 m.kr. hærri en áætlun	— 8.0 m.kr.
4.	Útgjöld skv. lið 2.10. urðu 30.8 m.kr., en voru áætluð 31.8 m.kr.	— ÷ 1.0 m.kr.
		Halli alls 27.5 m.kr.

Áætlaður halli á lið 2.2, viðhald þjóðvega, skiptist þannig, að kostnaður við snjómokstur og flóðaskemmdir hefur orðið um 4 m.kr. hærri en áætlað, en almennt viðhald og brúarviðgerðir um 4 m.kr. hærri en áætlað.

Endanleg reikningsskil vegasjóðs liggja ekki enn fyrir, og getur því framangreind áætlun breytzt eitthvað í einstökum atriðum.

Nd. **319. Frumvarp til laga** [161. mál]

um dýralækna.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

Í lögum þessum eru þeir einir taldir dýralæknar, sem lokið hafa prófum við dýralæknaháskóla, sem viðurkenndur er af íslenzkum stjórnarvöldum, og sem hlotið hafa lækningaleyfi hjá landbúnaðarráðuneytinu með þeim skilyrðum og skuldbindingum, sem sett kunna að vera í því efni á hverjum tíma og að fengnum meðmælum yfirdýralæknis.

2. gr.

Dýralæknisumdæmi í landinu skulu vera sem hér segir:

1. Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi: Reykjavík, Kópavogskaupstaður, Hafnarfjörður, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. Borgarfjarðarumdæmi: Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður.
3. Mýrasýsluumdæmi: Mýrasýsla.
4. Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
5. Dalaumdæmi: Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla vestur að Kletthálsi.
6. Barðarstrandarumdæmi: Flateyjarhreppur og Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýsla og Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
7. Ísafjarðarumdæmi: Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstaður og Norður-Ísafjarðarsýsla.
8. Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla og Strandasýsla.
9. Austur-Húnaþingsumdæmi: Austur-Húnavatnssýsla.
10. Skagafjarðarumdæmi: Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
11. Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Ólafsfjörður, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur, Árskógsstrandarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Dalvík og Hrísey.
12. Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grímsey, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur og Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur og Hálshreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.
13. Þingeyjarþingsumdæmi: Suður-Þingeyjarsýsla austanverð. Húsavík og Keldunes-hreppur í Norður-Þingeyjarsýslu.
14. Norðausturlandsumdæmi: Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár, Skeggjastaðahreppur og Vopnafjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu. Í hreppum vestan Öxafjarðarheiðar eiga menn rétt til að vitja dýralæknis á Húsavík.
15. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðarhreppi, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að Breiðdalshreppi.
16. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýla og Suður-Múlasýsla norður að Breiðdalsheiði.
17. Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla og Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppar í Rangárvallasýslu.
18. Helluumdæmi: Rangárvallasýsla að Vestur-Eyjafjallahreppi.
19. Selfossumdæmi: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur, Grafningshreppur og Vestmannaeyjar.
20. Laugarásumdæmi: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur og Þingvallahreppur.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðsdýralæknar skuli hafa búsetu að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ráða dýralækni án fastrar búsetu til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralækna, eða þegar sérstakt annríki eða vanda ber að höndum í einstökum héruðum.

Við Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum skulu að jafnaði starfa að minnsta kosti tveir dýralæknar, sem aflað hafi sér rækilegrar sérþekkingar að loknu dýralæknisprófi.

3. gr.

Auk dýralækna þeirra, sem um getur í 2. gr., skal vera einn yfirdýralæknir, og skal hann hafa búsetu í Reykjavík og vera ríkisstjórn til ráðuneytis um og hafa yfirumsjón með öllu, er varðar heilbrigðismál búfjár og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða.

Hann skal hafa yfirumsjón með aðgerðum gegn smitsjúkdómum búfjár og innflutningi og útflutningi lifandi dýra- og búfjárafurða að því er varðar heilbrigði og hollustuhætti.

Yfirdýralæknir skal hafa með höndum stjórn og eftirlit með starfsemi héraðsdýralækna og annarra þeirra dýralækna, sem læknisleyfi hafa.

4. gr.

Dýralæknar skulu hver í sínu umdæmi vinna að bættu heilsufari búpenings í landinu og aukinni arðsemi hans. Þeir skulu vera á verði gegn því, að einstaklingar eða þjóðin í heild bíði tjón af völdum búfjársjúkdóma. Með starfi sínu skulu þeir leitast við að girða fyrir hættur, sem stafað geta af sjúkum dýrum og neyzlu spilltra búfjárafurða.

Dýralæknar skulu gegna störfum sínum með árvekni, halda þekkingu sinni sem bezt við og gæta fyllstu samvizkusemi í öllum dýralæknisstörfum.

5. gr.

Forseti skipar yfirdýralækni og héraðsdýralækna.

Dýralæknar í þjónustu ríkisins taka laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisstarfsmanna.

Héraðsdýralæknar og aðrir dýralæknar, sem aðstöðu hafa til venjulegra dýralæknisstarfa, skulu fá greiðslu fyrir störf sín og ferðir fyrir einstaklinga og hið opinbera samkvæmt gjaldskrá, sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum stéttarfélags dýralækna.

Héraðsdýralæknum er óheimilt að taka hærri greiðslur fyrir störf sín heldur en greint er í gildandi gjaldskrá.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi og þegar önnur nauðsyn krefur, er héraðsdýralækni skylt, eftir ákvörðun ráðherra, að gegna dýralæknisstörfum í nágrannaumdæmi, gegn hálfum byrjunarlaunum þess umdæmis.

6. gr.

Héraðsdýralæknar stunda almennar lækningar hver í sínu héraði og annast sölu lyfja fyrir dýr, samkvæmt gildandi lögum og reglum um sölu lyfja.

Þeir eru skyldir til að gegna aðkallandi sjúkravitjunum, þegar þess er leitað, nema þeir séu sjálfir sjúkir eða hindraðir af öðrum meira aðkallandi embættisstörfum.

Nú er héraðsdýralæknis vitjað úr öðrum dýralæknisumdæmi í mjög brýnni nauðsyn, þegar ekki næst til viðkomandi héraðsdýralæknis og ber honum þá skylda til að sinna vitjunarbeiðni, ef hann getur komið því við.

Yfirdýralæknir setur héraðsdýralæknum erindisbréf, sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Þar skal kveðið á um embættisfærslu og skyldur héraðsdýralækna.

7. gr.

Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í búfé eða grunur um slíkan sjúkdóm í umdæmi héraðsdýralæknis, skal hann gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til þess að stöðva útbreiðslu sjúkdómsins og forða tjóni, er af honum getur leitt. Hann skal tilkynna yfirdýralækni tafarlaust um sjúkdóminn og gera þeir í samráði þær ráðstafanir, sem þurfa þykir.

Læknisaðgerðir á dýrum höldnum smitsjúkdómum skulu eingöngu framkvæmdar af dýralæknum eða í samráði við þá.

Landbúnaðarráðherra setur reglur að fengnum tillögum yfirdýralæknis um meðferð helztu smitsjúkdóma búfjár og varnir gegn þeim.

8. gr.

Héraðsdýralæknar annast heilbrigðiseftirlit með sláturfé og sláturafurðum hver í sínu umdæmi, eftir því sem aðstæður leyfa. Í Reykjavík hefur yfirdýralæknir eftirlit þetta með höndum.

Þar sem dýralæknar geta ekki sjálfir annað heilbrigðiseftirliti þessu, skulu héraðslæknar eða aðrir, sem lokið hafa sérstöku námskeiði í heilbrigðisskoðun sláturafurða, annast það undir stjórn og eftirliti viðkomandi héraðsdýralæknis. Héraðsdýralæknar safna árlega skýrslum frá þeim, sem heilbrigðisskoðun annast í umdæminu.

Landbúnaðarráðherra setur reglur að fengnum tillögum yfirdýralæknis um framkvæmd heilbrigðiseftirlits með sláturfé og sláturafurðum, meðferð og geymslu sláturafurða, útbúnaði og þrifnaði í sláturhúsum, kjötfrystihúsum, kjötvinnslustöðvum og mjólkurbúum.

9. gr.

Héraðsdýralæknar skulu árlega annast eftirlit með heilbrigði og hirðingu nautgripa á búum, þar sem framleidd er sölumjólk. Þeir skulu með leiðbeiningum og á annan hátt leitast við að bæta þrifnað og hollustuhætti hjá framleiðendum sölumjólkur.

Héraðsdýralæknar skulu halda skýrslur um þetta erftirlit samkvæmt nánari fyrirsögn yfirdýralæknis. Afrit af skýrslum þessum skal senda yfirdýralækni. Mjólkurbú skulu eiga greiðan aðgang að skýrslum þessum, sé þess óskað.

Ráðherra setur reglur um framkvæmd eftirlits þessa og skýrsluhald, er það varðar.

10. gr.

Dýralæknar skulu halda skýrslur um sjúkdóma og heilsufar búfjár hver í sínu umdæmi. Skýrslu um smitsjúkdóma skal gera mánaðarlega. Yfirlitsskýrslur um heilsufar og sjúkdóma og læknisaðgerðir skal semja og senda til yfirdýralæknis ár hvert fyrir 15. febrúar.

Úr skýrslum héraðsdýralækna skal árlega vinna og birta heildaryfirlit um heilsufar búpenings í landinu samkvæmt nánari fyrirmælum landbúnaðarráðherra.

11. gr.

Ef yfirdýralæknir verður þess var, að dýralæknir, sem læknisleyfi hefur, vanrækir skyldur sínar og störf eða brýtur alvarlega í bág við fyrirmæli, sem dýralæknum ber að starfa eftir, skal yfirdýralæknir áminna hann um að bæta ráð sitt.

Nú kemur ítrekuð áminning ekki að haldi, þá ber yfirdýralækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað að viðkomandi skuli sviptur læknisleyfi um tiltekinn tíma.

Nú telur yfirdýralæknir að dýralæknir, sem læknisleyfi hefur, hafi sýnt, að hann uppfylli ekki lengur þær kröfur, sem gerðar voru er honum var veitt læknisleyfi, svo sem vegna bilunar á andlegri eða líkamlegri heilsu, eiturlyfjanotkunar eða drykkjuskapar óreglu, sem geri hann óhæfan eða hættulegan við störf sín, þá

skýri hann ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra leitar álits læknaráðs um málið, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942. Má svipta viðkomandi dýralækni lækningaleyfi, ef læknaráð telur það nauðsynlegt, en skjóta má hann máli sínu til dómstólanna.

12. gr.

Dýralækni eru óheimilar hvers konar auglýsingar eða áróður um starf sitt sem dýralæknir. Þó er heimilt að auglýsa í blöðum viðtalstíma, læknavakt, orlof o. þ. h., sem og birta nafn dýralæknis á lyfseðlum og dyraspjöldum.

13. gr.

Í þeim umdæmum, þar sem mjólkurkýr eru færri en 1600, miðað við skattaframtal næsta árs á undan, er heimilt að greiða héraðsdýralækni staðaruppbót, sem nemur hálfum byrjunarlaunum í umdæminu. Staðaruppbót þessi fellur niður, þegar kúm í umdæminu fjölgar yfir áðurnefnda tölu.

Þar sem eigi er embættisbústaður í umdæmi héraðsdýralæknis, er heimilt að greiða dýralækni skrifstofustyrk úr ríkissjóði. Styrkur þessi fellur niður, þegar embættisbústaður hefur verið byggður.

14. gr.

Þegar dýralæknir hefur starf sem héraðsdýralæknir, er heimilt að veita honum hagkvæmt lán til kaupa á bifreið til notkunar við starf sitt, enda skuldbindi hann sig til þess að starfa sem héraðsdýralæknir í þrjú ár að minnsta kosti.

Í þessu skyni er heimilt í fjárlögum að gera ráð fyrir sérstakri upphæð til bifreiðakaupa fyrir nýja héraðsdýralækna. Landbúnaðarráðherra setur reglur um fjárreiður sjóðs þessa.

Heimilt er að sjá hverju dýralæknisumdæmi fyrir sérstökum læknisáhöldum og tækjum samkvæmt tillögum yfirdýralæknis og stéttarfélags dýralækna. Héraðsdýralæknum ber að gæta og varðveita áhaldasafn þetta á óaðfinnanlegan hátt og skila í hendur eftirmanna sinna.

Fyrir hver 10 ár, sem héraðsdýralæknir hefur gegnt þjónustu, á hann rétt á að hljóta 6 mánaða frí frá störfum með fullum launum, til framhaldsnáms í samráði við yfirdýralækni. Greiðir ríkissjóður fargjaldskostnað til þess lands, þar sem hann hyggst dveljast og heim til Íslands aftur að dvöl lokinni.

15. gr.

Dýralæknisnema, sem ekki hefur lokið námi, má fela að gegna héraðsdýralæknisumdæmi um stundarsakir, ef yfirdýralæknir mælir með því. Einnig má fela honum tiltekin störf önnur, og hefur hann þá lækningaleyfi, meðan hann gegnir þeim.

16. gr.

Meðan eigi fást dýralæknar í öll hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi, er sýslufélögum heimilt að semja við menn þar búsetta, sem ekki eru dýralæknar að menntun, en hlotið hafa tilsögn dýralæknis og reyndir eru að sérstakri hæfni til að hjálpa sjúkum búpeningi, að annast dýralæknastörf innan sýslunnar, eftir því sem geta þeirra og kunnátta leyfir, önnur en þau, sem um getur í 7., 8., og 9. gr., enda komi til samþykki landbúnaðarráðherra og meðmæli yfirdýralæknis.

Sýslufélög njóta styrks til að greiða mönnum, sem ráðnir eru á þennan hátt. Þá skal styrkur sá, sem greiddur er í hvert umdæmi, sem er án dýralæknis, ekki nema hærri upphæð en ⅔ þeirra launa, sem héraðsdýralækni væru greidd samkvæmt launalögum.

Styrkur þessi fellur niður, þegar dýralæknir fæst í embættið.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 124, 22. des. 1947 um dýralækna og síðari breytingar á þeim lögum, þ. e. lög nr. 19/1955, lög nr. 7/1959, lög nr. 38/1960, lög nr. 8/1963 og lög nr. 51/1965, svo og önnur fyrirmæli í lögum og reglugerðum, er kynnu að koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af Dýralæknafélagi Íslands og lagt fram að ósk þess nokkuð breytt.

Um greinargerð fyrir frumvarpinu vísast til greinargerðar dýralæknafélagsins, sem prentuð er hér á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal I.

Greinagerð Dýralæknafélags Íslands með frumvarpi að lögum um dýralækna.

Á aðalfundi Dýralæknafélags Íslands (D. Í) 1965 var skipuð nefnd til þess að endurskoða lög um dýralækna frá 16. desember 1947.

Dýralæknar landsins eru sammála um, að núgildandi lög um dýralækna eru á ýmsan hátt úrelt orðin og ekki lengur í fullu samræmi við kröfur nútímans.

Nefndin hóf störf sín með því að viða að sér gögnum, einkum gildandi lögum í þessum efnum hjá frændþjónum okkar á hinum Norðurlöndunum.

Á aðalfundi D. Í. 1966 lagði nefndin fram tillögur sínar að nýjum lögum um dýralækna, sem hlutu samþykki aðalfundarins í þeim búningi, sem D. Í. leggur nú fyrir hæstvirta ríkisstjórn Íslands í þeirri von, að ríkisstjórnin sjái sér fært að bera frumvarpið fram á næsta Alþingi sem ríkisstjórnarfrumvarp.

Við samanburð á gildandi lögum um dýralækna við hið nýja frumvarp viljum við benda á eftirfarandi:

1. gr. frumvarpsins kemur í stað 5. greinar í gildandi lögum og er efnislega eins.

2. gr. frumvarpsins fjallar um skiptingu landsins í dýralæknisumdæmi.

Lagt er til, að Árneshreppur verði ekki lengur aðskilinn frá Vestur-Húnaþingsumdæmi, þar sem hann er nú kominn í beint vegasamband við umdæmið.

Sömuleiðis er lagt til, að Grafningshreppur verði aðskilinn frá Laugarásumdæmi og lagður undir Selfossumdæmi.

Ferðir úr Laugarási eru mun lengri þangað en frá Selfossi og reyndin hefur orðið sú, að bændur í téðum hreppi reyna að vitja héraðsdýralæknisins á Selfossi. Viðkomandi héraðsdýralæknar telja þessa breytingu sjálfsagða.

Enn fremur er hér nýmæli að ráða dýralækni án fastrar búsetu til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralækna eða í sérstöku annríki, t. d. við kjötskoðun, töku blóðsýnishorna o. m. fl.

Loks eru ákvæði um, að við Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum skuli að jafnaði starfa minnst 2 sérmenntaðir dýralæknar, í staðinn fyrir minnst einn í gildandi lögum.

3. gr. fjallar um starfssvið yfirdýralæknis og skyldur.

Greinin er efnislega sú sama og 2. gr. gildandi laga að öðru leyti en því, að í nýju lögunum er gert ráð fyrir, að yfirdýralæknir hafi einnig eftirlit með starfsemi annarra dýralækna en héraðsdýralækna, enda má fastlega búast við að innan skamms muni nokkrir dýralæknar verða ráðnir til matvælaeftirlits eða annarra starfa.

4. gr. frumvarpsins svarar til 4. gr. gildandi laga.

Þó er í frumvarpinu lögð áherzla á árvekni og samvizkusemi í starfi og viðhaldi þekkingar í faginu.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir að forseti skipi yfirdýralækni og héraðsdýralækna. Þykir okkur eðlilegt og æskilegt að hafa þann hátt á, m. a. með hliðsjón af öðrum hliðstæðum embættisveitingum, t. d. héraðslækna.

Í dag eru 3 af 20 héraðsdýralæknisumdæmum landsins ósetin. Öll eru þessi umdæmi þau afskekktustu og tekjurýrustu. Þau verða því vandfyllt nema með auknum föstum tekjum og þeim framtíðarhorfum, að dýralæknar þar geti sótt um og fengið betri embætti, þegar þau losna.

Umrædd ráðstöfun er því mikilsverður liður í tilraunum löggjafarvaldsins til þess að veita dreifbýlinu aukna þjónustu og afkomuöryggi.

Í 6. gr. frumvarpsins eru nýmæli, þar sem héraðsdýralækni er skylt að sinna brýnni vitjunarbeiðni úr öðru dýralæknisumdæmi, geti hann komið því við og ekki náist í viðkomandi héraðsdýralækni.

Í þeirri grein eru einnig þau nýmæli, að yfirdýralæknir setur héraðsdýralæknum erindisbréf um embættisfærslu og skyldur þeirra í starfi og skal erindisbréfið hljóta staðfestingu landbúnaðarráðherra.

7. gr. frumvarpsins er efnislega það sama og í 6. gr. gildandi laga.

Í 8. gr. frumvarpsins, sem kemur í staðinn fyrir 9. gr. gildandi laga, eru nýmæli um að héraðsdýralæknar skuli hafa heilbrigðiseftirlit með kjötvinnslustöðvum og mjólkurbúum í landinu. Það er í fullu samræmi við lagasetningu í þeim efnum erlendis, þar sem allt slíkt eftirlit er í höndum dýralækna.

Að öðru leyti er greinin efnislega sú sama og 9. gr. gildandi laga.

10. gr. frumvarpsins er efnislega sú sama og 8. gr. gildandi laga með þeirri breytingu, að skýrslur um smitsjúkdóma skal gera mánaðarlega og yfirlitsskýrslur um heilsufar, sjúkdóma og læknisaðgerðir skulu sendar yfirdýralækni árlega fyrir 15. febrúar í staðinn fyrir 1. febrúar í gildandi lögum.

11. gr. er nýmæli og vilja dýralæknar landsins með henni sýna, að þeir eru reiðubúnir að gera sömu kröfur um ábyrgð í starfi og gildir um lækna, sbr. lög nr. 14/1942.

12. gr. er nýmæli, og er samhljóða norrænum ákvæðum í þeim efnum og samhljóða reglum í Codex ethicus Dýralæknafélags Íslands, sem gilda ófrávíkjanlega fyrir alla félaga þess.

13. gr. er nýmæli og fjallar um hvernig staðaruppbót skal ákveðin.

Það er staðreynd, að dýralæknar eru sáralítið sóttir um lengri veg, þótt ein og ein sauðkind veikist, öðru máli gegnir um mjólkurkýr.

Viðmiðun okkar, 1600 mjólkurkýr, er svo lág, að samkvæmt síðustu upplýsingum frá Hagstofu Íslands (árslok 1965) munu eftirtalin umdæmi teljast staðaruppbótarumdæmi: Snæfellsnes-, Dala-, Barðastrandar-, Ísafjarðar-, Norðausturlands- og Austur-Skaftafellssýsluumdæmi.

Af þessum umdæmum eru Austur-Skaftafells-, Snæfellsnes- og Dalaumdæmi setin dýralæknum.

Í þessari grein eru einnig ákvæði um skrifstofustyrk til handa þeim héraðsdýralæknum, sem enn eru eigi aðnjótandi embættisbústaðar.

Eins og nú er, skapast mikið ósamræmi í tekjum hjá þeim, sem njóta embættisbústaðar og þeirra, sem efnalitlir neyðast til þess að leigja, kaupa eða byggja viðunandi bústað.

14. gr. er nýmæli um hagkvæmt lán til bifreiðakaupa handa nýjum dýralæknum, sem sækja um starf hjá ríkinu.

Allir koma dýralæknar stórskuldugir frá löngu námi erlendis og eiga oft í miklum vandræðum með að afla lánsfjár til bifreiðakaupa, sem þeir geta með engu móti verið án.

Dýralæknum fjölgar hins vegar mjög hægt og getur því ekki verið um verulega upphæð að ræða, sem lána þarf.

Annað nýmæli í þessari grein er um fast áhaldasafn, sem fylgi hverju umdæmi.

Einstaka tæki, sem sjaldan þarf að nota, eru það dýr í innkaupi, að dýralæknar sjá sér ekki fært að afla þeirra og standa því illa að vígi, þegar þörf er aðgerða, þar sem nota verður þessi tæki. Í sumum tilfellum geta þeir ekki gert aðgerðina án slíkra tækja.

Hér er því um nokkurn stofnkostnað að ræða, sem tryggir bændum betri dýralæknisþjónustu.

Öll venjuleg handlækningaáhöld ber viðkomandi dýralækni að útvega sér sjálfur, og mun D. Í. ásamt yfirdýralækni sjá um, að ítrustu nákvæmi og sparsemi verði gætt við val slíkra tækja.

Sömuleiðis er í greininni gert ráð fyrir, að ríkið stuðli að því að dýralæknar staðni ekki í starfinu, heldur hafi á 10 ára fresti tækifæri til þess að afla sér aukinnar þekkingar í fagi sínu. Slík aðstaða mun reynast ómetanleg fyrir dýralæknastéttina í framtíðinni. Við erum þeirrar skoðunar, að einangraður dýralæknir, hlaðinn störfum hljóti að dragast aftur úr, þegar til lengdar lætur, hversu vel, sem hann leggur sig fram.

15. gr. er nýmæli, sem heimilar yfirdýralækni að setja um stundarsakir dýralæknaefni, sem enn hafa ekki lokið námi til þess að gegna héraðsdýralæknisumdæmum.

Þau fyrirmæli eru í fullu samræmi við lagaákvæði þar að lútandi á hinum Norðurlöndunum.

16. gr. er efnislega samhljóða 13. gr. gildandi laga og þykir okkur eðlilegt, að hún fái að standa á meðan lærðir dýralæknar fást ekki í öll embættin.

Niðurlagsorð.

Lagafrumvarp þetta miðar fyrst og fremst að því að tryggja sem fyrst öllum bændum landsins dýralæknaþjónustu.

Eins og nú háttar, teljum við flest ósetin umdæmi ófýsileg og vafasamt að ungir dýralæknar fáist til þess að setjast þar að nema með bættri aðstöðu.

Frumvarpið miðar einnig að því að gefa héraðsdýralæknum kost á viðhaldi og endurnýjun á þekkingu sinni og lærdómi, sem bæði er nauðsynja- og metnaðarmál dýralæknastéttarinnar.

Eins og nú háttar er það ástand algjörlega óviðunandi.

Við höfum enga aðstöðu, líkt og Læknafélag Íslands, til þess að koma á námskeiðum, þar sem fjöldi sérfræðinga flytja erindi og sjúkrahús og rannsóknarstofur veita margháttaðan nýjan fróðleik í fagi þeirra. Á öllum hinum Norðurlöndunum eru haldin vel skipulögð námskeið fyrir dýralækna, stundum oftar en einu sinni á ári.

Með því að ráða dýralækni án fastrar búsetu til þess að gegna störfum héraðsdýralækna í forföllum þeirra, þ. e. veikindaforföllum, sumarleyfi, námsleyfi o. fl., skapast grundvöllur til slíkra 6 mánaða námsleyfa.

Eins og nú háttar víðast, skapast hreint vandræðaástand, ef héraðsdýralæknir veikist eða tekur löglegt sumarleyfi.

Frumvarpið heimilar einnig fjölgun faglærðra dýralækna til vísindastarfa, sem við teljum mikið nauðsynjamál fyrir þróun dýralæknamála í framtíðinni.

Það er því von okkar, að ráðamenn þjóðarinnar sjái að hér er borið fram frumvarp, sem á öllum sviðum felur í sér möguleika til bættrar aðstöðu dýralæknastéttarinnar til vaxandi og betri þjónustu fyrir íslenzkan landbúnað. Slíku hljóta allir bændur landsins einróma að fagna.

Í frumvarpinu eru einnig gerðar auknar kröfur til árvekni dýralækna í ábyrgu starfi þeirra, og auknar embættisskyldur héraðsdýralækna, sem einkum koma fram í nýjum reglugerðum og erindisbréfi, útgefnu af landbúnaðarráðherra, en slíkt aðhald er hverri stétt nauðsynlegt í daglegu starfi hennar.

Nd. 320. Breytingartillaga [156. mál]

við frv. til l. um Iðnþróunarsjóð.

Frá iðnaðarráðherra.

4. gr. orðist svo:

Iðnaðarráðherra skipar fimm menn í framkvæmdastjórn sjóðsins eftir tilnefningu eftirtalinna aðila: Landsbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands h.f., Iðnlánasjóðs, Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sem hver tilnefnir einn mann. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt, og skal skipunartími aðalmanna og varamanna vera þrjú ár. Ráðherra skipar formann framkvæmdastjórnar, en hún skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Nd. 321. Frumvarp til laga [123. mál]

um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed., 30. jan.)

Samhljóða þskj. 167 og 268 með þessum breytingum:

Eftirtalin númer í tollskránni í 1. gr. breytast:

	Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
22.01.01 orðast svo:			
Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	70%		100%
22.02.00 orðast svo:			
Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til nr. 20.07	70%		100%
22.03.00 orðast svo:			
Öl gert úr malti	70%		100%
22.04.00 orðast svo:			
Drúfusafi í gerjun og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með öðru en etanóli	70%		100%
39.02.85 orðast svo:			
Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynnra	15%		35%
39.04.02 orðast svo:			
Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað, 0,4 mm og þynnra	25%		35%
39.05.02 orðast svo:			
Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað, 0,4 mm og þynnra	25%		35%
39.06.02 orðast svo:			
Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað, 0,4 mm og þynnra	25%		35%
39.07.35 orðast svo:			
Björgunar- og slysavarnatæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðueytisins	0		20%
39.07.71 orðast svo:			
Girðingarstaurar	10%		20%

			Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
40.14.02 orðast svo:					
Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins			0		20%
44.03.52 orðast svo:					
Girðingarstaurar			10%		20%
44.18 orðast svo:					
Gervitrjáviður úr spónum, sagi, viðarmjöli eða öðrum viðarkenndum úrgangi, haldið saman með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðru lífrænu bindiefni, í plötum, bitum eða þess háttar:					
01		Spónaplötur yfir 15 mm að þykkt	20%		40%
09		Aðrar	30%		40%
45.03.02 orðast svo:					
Björgunaráhöld úr korki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins			0		20%
73.40.43 orðast svo:					
Girðingarstaurar			10%		20%
76. kafli, að undanskildum athugasemdum, orðast svo:					
Ál og vörur úr því.					
76.01		Ál óunnið; álúrgangur og brotaál:			
	10	Álúrgangur og brotaál	4%		5%
	20	Ál óunnið	4%		5%
76.02		Stengur, prófílar og vír, úr áli:			
	01	Stengur og prófílar	4%		5%
	02	Suðuvír	7%		35%
	09	Annað	15%		35%
76.03	00	Plötur og ræmur úr áli	0		5%
76.04		Álþynnur, sem eru í mesta lagi 0,20 mm að þykkt (án undirlags), einnig upphleyptar og mynstraðar, tilskornar, gataðar, húðaðar, áprentaðar eða festar á pappír eða annað efni til styrktar:			
	01	Efni í hettur á mjólkurflöskur	14%		20%
	09	Aðrar	25%		35%
76.05	00	Álduft og álflögur	4%		30%
76.06		Pípur, pípuefni og holar stengur, úr áli:			
	01	Prófílpípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4%		5%
	09	Annað	25%		35%
76.07	00	Pípufittings (t. d. tengi, hné, hólkar og beygjur), úr áli	25%		35%
76.08	00	Mannvirki (t. d. skemmur og aðrar byggingar, brýr og brúarhlutar, turnar, súlnagrindur, þök, þakgrindur, glugga- og hurðagrindur, hlerar, stöplar og súlur), hálf- eða fullunnin, samsett eða ósamsett, og hlutar til þeirra (þar með taldar plötur, stengur, bjálkar, prófílar, pípur o. þ. h., tilsniðið til notkunar í mannvirki), úr áli	40%		40%
76.09	00	Geymar, ker og önnur slík stór ílát úr áli, með yfir 300 lítra rúmtaki undir alls konar efni, einnig klædd að innan og hitaeinangruð,			

			Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
		en ekki með mekaniskum tækjum eða útbúnaði fyrir upphitun eða kælingu	50%	35%	50%
76.10		Föt, tunnur, brúsar og áþekk ílát (þar með stíf og sveigjanleg pípulaga ílát), úr áli, venjulega notuð við flutning á vörum eða sem umbúðir:			
	01	Mjólkurbrúsar 10 l eða stærri	10%		10%
	02	Grindur og kassar til flutnings á mjólkurflöskum og mjólkurhyrnum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%	14%	20%
	03	Tunnur	30%	21%	30%
	04	Skálpar (túbur)	25%		35%
	05	Niðursuðudósir	50%	35%	50%
	09	Annað	60%	40%	60%
76.11	00	Hylki og ílát undir samanþjappaðar gastegundir og önnur áþekk ílát, úr áli	25%		35%
76.12	00	Margþættur vír, strengir, kaðlar, vírfléttur o. þ. h. úr áli, þó ekki einangraðar raftaugar og rafstrengir	35%		35%
76.13		Vírnet, vírdúkur, styrktarvefnaður o. þ. h. úr álvír:			
	01	Steypustyrktar- og múrhúðunarnet	35%		35%
	02	Girðingarnet úr vír, sem ekki er grennri en 2 mm í þvermál	20%		20%
	09	Annað	35%		35%
76.14	00	Möskvateygðar (expended) plötur úr áli	14%		20%
76.15		Áhöld til heimilishalds, hreinlætistæki til innanhússnota og hlutar til slíkra vara, úr áli:			
	01	Hreinlætistæki	80%		80%
	02	Búsáhöld	100%		100%
76.16		Aðrar vörur úr áli:			
	01	Netjakúlur	2%		2%
	02	Fiskkassar, fiskkörfur og línubalar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4%	4%	4%
	03	Naglar, stifti, skrúfur o. þ. h.	25%		35%
	04	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	25%		35%
	05	Drykkjarker fyrir skepnur	15%	11%	15%
	06	Anóður	4%		70%
	07	Rafmagnstengidósir og bólur til gangbrautarmerkingar	25%		{70% / 35%
	08	Vörur úr áli, grófmótaðar, en ekki frekar unnar	7%		70%
	09	Annars	70%		70%
84.11.02 orðast svo:					
Þjöppur fyrir frystikerfi			7%		15%
84.17.14 orðast svo:					
Kaffihitarar og önnur tæki til veitingarekstrar			25%		35%
90.16.00 orðast svo:					

	Tollskrár-tollur	EFTA-tollur	Núverandi tollur
Tæki til teiknunar, afmörkunar og útreiknings (t. d. pantógrafar, teiknifæri, reglustikur, reiknistokkar, reikniskífur o. fl.), tæki og áhöld til mælinga, endurmælinga og prófana, enda falli þau ekki undir annað númer þessa kafla (t. d. míkrómeter, rennimál, málbönd, mælistikur og jafnvægistæki (balancing machines)) og prófílprójektörar	7%		35%
90.22.00 orðast svo:			
Tæki til mekanískrar prófunar á hörku, styrkleika, þrýstiþoli, teygjanleika og öðrum svipuðum eiginleikum efnis (t. d. málma, trjáviðar, spunatrefja, pappírs og plasts)	7%		35%

Eftirtaldir liðir 3. gr. hljóða svo:

11. Að endurgreiða, lækka eða fella niður gjöld eða hluta af þeim
a. af efnivörum í innlendar framleiðsluvörur og
b. af umbúðum og efnum í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur,
enda séu hinar innlendu framleiðsluvörur fluttar til útlanda til sölu þar, eða sérstakar ástæður séu fyrir hendi og hægt sé að ganga úr skugga um magn og verð efnivaranna.

Ef hentara þykir, má greiða hinum innlendu framleiðendum bætur, sem svari sem næst til þeirra gjalda, sem greidd hafa verið af efnivörunum eða þess hluta gjaldanna, sem rétt þykir að endurgreiða.

Til efnivara í þessum tölulið telst lýsi, sem flutt er inn til að bæta íslenzkt útflutningslýsi.

12. Að lækka eða fella niður gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru, ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni.

14. Að veita undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðherra og sendiráðsstarfsmanna í samræmi við reglur um bílamál ríkisins.

50. Að endurgreiða gjaldamismun af iðnaðarvélum, sem tollafgreiddar eru eftir 1. desember 1968, þannig að innflytjendur verði eins settir og tollafgreiðsla hefði átt sér stað eftir gildistöku laga þessara.

Á sama hátt er heimilt að endurgreiða gjaldamismun af þeim hráefnum til iðnaðarframleiðslu, sem lækka í tolli með lagabreytingu þessari, enda hafi tollafgreiðsla átt sér stað eftir 1. desember 1969 og sé ljóst, að vörurnar séu fyrir hendi í birgðum hráefna eða óseldra iðnaðarvara.

Þá er heimilt að endurgreiða timburinnflytjendum gjaldamismun af öllum sannanlegum birgðum timburs 1. marz 1970, innfluttum eftir 1. ágúst 1969.

Endurgreiðslubeiðnir samkv. þessu heimildarákvæði skulu hafa borizt tollyfirvöldum fyrir 1. júlí 1970.

Fjármálaráðherra setur að öðru leyti nánari fyrirmæli um framkvæmd þessa ákvæðis.

52. Að endurgreiða, með nánar ákveðnum skilyrðum, gjöld af efni til framleiðslu rafmagnstækja; einnig gjöld af efni til rafbúnaðar til húshitunar og rafmagnsvatnshitunartækja (nr. 85.12.02 og 85.12.06).

Nd. 322. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til laga um Iðnþróunarsjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar.

Upplýst var í nefndinni, að iðnaðarráðherra mundi flytja breytingartillögu við 4. gr. frv.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 30. jan. 1970.

Sigurður Ingimundarson, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Pálmi Jónsson.
Matthías Á. Mathiesen.	Þórarinn Þórarinsson.	Eðvarð Sigurðsson.

Ed. 323. Breytingartillaga [149. mál]

við frv. til l. um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 3. gr. Á eftir gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 324. Tillaga til þingsályktunar [162. mál]

um framhaldsframkvæmdir við flugvöll í Siglufirði.

Flm.: Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að flugmálastjórnin láti ljúka hið fyrsta gerð flugvallar í Siglufirði.

Greinargerð.

Fyrir rúmum áratug hófst gerð flugvallar í Siglufirði. Framkvæmdir miðuðust fyrst í stað við lítinn flugvöll, er aðeins væri nothæfur fyrir sjúkraflugvélar, en gerð slíkra valla hófst þá víða um landið.

Bæjarstjórn Siglufjarðar vann að því á þessum árum, að athugun færi fram á gerð stærri flugvalla austan fjarðarins, og á Alþingi var samþykkt 5. apríl 1960 svo hljóðandi þingsályktun: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á, með hvaða hætti flugsamgöngur verða helzt tryggðar við Siglufjörð. Skal athugun þessari vera lokið, áður en reglulegt Alþingi 1960 kemur saman.“

Niðurstaða rannsóknar þeirra sérfræðinga, er um mál þetta fjölluðu, leiddi í ljós, að unnt væri að byggja á þessu svæði flugvöll að stærð ca. 1300 m á lengd og 50 m á breidd (ca. 6500 m²).

Á árinu 1962 hófst vinna við framkvæmd þessa flugvallar. Unnið var fyrir ca. 250 000.00 kr. Áætlað var að vinna að þessu mannvirki í áföngum, en stefnt var

að því, að flugvöllurinn yrði eigi minni en að framan greinir, svo að stærri flugvélar gætu athafnað sig þar.

Þegar þetta er ritað, eru liðin 8 ár, frá því að skipulagðar framkvæmdir hófust við þessa flugvallargerð, en þrátt fyrir það er lengd vallarins í dag aðeins helmingur af því, sem fyrirhugað var, og er því aðeins nothæfur fyrir litlar flugvélar.

Á sama tíma og þessi mikli dráttur hefur orðið á framkvæmdum á Siglufjarðarflugvelli hafa flugvellir á öðrum stöðum verið stækkaðir og lagfærðir og nýbyggingar reistar og þær lagfærðar, sem fyrir voru. — Um þetta er gott eitt að segja. En þá er ekki óeðlilegt, að þess sé óskað af framkvæmdavaldinu í landinu, að það hlutist til um, að gerð flugvallar, sem hefur verið í smíðum tæpan áratug, verði nú lokið sem fyrst, til aukins öryggis og þæginda fyrir þá, er hans eiga að njóta.

Sþ. 325. Breytingartillaga [133. mál]

við till. til þál. um stuðning við æðarrækt.

Frá Sigurði Bjarnasyni, Friðjóni Þórðarsyni, Gísla Guðmundssyni, Gunnari Gíslasyni, Jónasi Péturssyni og Sigurvin Einarssyni.

Við tillgr. bætist:

Sérstaklega láti ríkisstjórnin nú þegar endurskoða ákvæði laga um eyðingu svartbaks og annarra vargfugla með það fyrir augum að beita raunhæfari aðgerðum en hingað til hefur verið beitt í þessum efnum.

Nd. 326. Frumvarp til laga [163. mál]

um gæðamat á æðardún.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Friðjón Þórðarson, Gísli Guðmundsson, Gunnar Gíslason, Sigurvin Einarsson, Jónas Pétursson.

1. gr.

Allur æðardúnn, sem fluttur er úr landi, skal metinn og veginn af lögskipuðum dúnmatsmönnum. Hverri dúnsendingu skal fylgja vottorð matsmanna um, að dúnninn sé metinn og veginn. Skal sýslumaður (lögreglustjóri) votta með undirskrift sinni, að lögskipaður dúnmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans.

2. gr.

Ráðherra getur mælt svo fyrir, að ákvæði 1. gr. um mat og flokkun á æðardún, sem út er fluttur, skuli einnig ná til dúns, sem seldur er á innlendum markaði.

3. gr.

Allan dún skal merkja greinilega með merki útflytjanda.

4. gr.

Nánari reglur um mat, merkingu og meðferð dúnsins setur landbúnaðarráðuneytið í erindisbréfum til matsmanna.

5. gr.

Lögreglustjóri skipar dúnmatsmenn á þeim stöðum, er landbúnaðarráðuneytið telur þörf á, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

6. gr.

Matsmenn æðardúns skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samvizkusemi og fylgja settum reglum. Ráðuneytið stílar þeim heitið.

7. gr.

Kaup dúnmatsmanna greiðir útflytjandi eftir nánari ákvörðun í erindisbréfi, sbr. 4. gr. Ekki mega matsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, eða öðrum, sem við útflutning dúnsins eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbréfi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, sem flytja út æðardún.

8. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum og sæta meðferð opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Æðardúnn er eftirsótt vara á erlendum og innlendum markaði. Gæði hans eru á hinn bóginn misjöfn. Engar reglur eru til, er kveði á um gæðamat dúnsins eða verðflokkun. Slíkar reglur eru aðkallandi, eins og bent er á í bréfi Æðarræktarfélags Íslands, sem prentað er sem fylgiskjal hér á eftir í þessu máli.

Fylgiskjal.

ÆÐARRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Það er staðreynd, að íslenzkur æðardúnn, sem nú er boðinn til sölu, hvort heldur er fyrir erlendan eða innlendan markað, er mjög svo misjafn að gæðum, en þó allur talinn í einum og sama verðflokki. Er þetta sízt fallið til þess að örva framleiðendur dúnsins til þess að vanda vöru sína sem mest, þegar gera má ráð fyrir, að verð miðist við meðalgæði, þegar bezt lætur.

Einnig hefur það komið fyrir, að íslenzkur æðardúnn, sem sendur hefur verið til sölu erlendis, hefur aftur komið endursendur sem ósöluhæf vara. Geta allir séð, hverjar afleiðingar slíkt hefur í för með sér.

Á stofnfundi Æðarræktarfélags Íslands, sem haldinn var s. l. nóvember, var mál þetta ýtarlega rætt, og kom fram einhliða álit um, að reynt yrði hið allra fyrsta að ráða bót á þessu vandamáli, en að það yrði vart framkvæmanlegt nema með lögum um gæðamat. Var svo hljóðandi tillaga samþykkt:

„Stofnfundur Æðarræktarfélags Íslands, haldinn í Bændahöllinni 29. nóvember 1969, skorar á Alþingi það, er nú situr, að setja þegar í stað lög um gæðamat á æðardún og skipa mann í þann starfa, ekki síðar en á næsta vori, og þá eftir ábendingu Búnaðarfélags Íslands."

Æðarræktarfélag Íslands leyfir sér því hér með að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það hlutist til um, að sett verði lög um slíkt mat á æðardún sem um ræðir í tillögunni.

Reykjavík, 12. janúar 1970.

f. h. Æðarræktarfélags Íslands,

Gísli Kristjánsson. Sæm. Stefánsson.

Ed. **327. Frumvarp til laga** [164. mál]

um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán og um skuldaskil.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson, Bjarni Guðbjörnsson, Björn Fr. Björnsson, Kristján Thorlacius.

I. KAFLI

Um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, er þeir hafa ráðizt í á bújörðum sínum 1960—1969, að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma, og enn fremur til lánveitinga handa fyrirtækjum, er á fyrrnefndu tímabili hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, en ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda.

2. gr.

Lán samkvæmt 1. gr. skulu veitt gegn veði í bújörðum ásamt mannvirkjum, sem á jörðunum eru, vélum bænda og vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir.

Lánstími skal vera allt að 25 árum gegn veði í fasteign og allt að 10 árum gegn veði í vélum.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við ráðherra. Vextirnir séu þó ekki hærri en 6% á ári.

3. gr.

Lán, sem veitt er samkvæmt ákvæðum þessa kafla laganna, sbr. 1. og 2. gr., að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 80% af matsverði veðsins. Lagt skal til grundvallar hið nýja fasteignamat. Heimilt skal þó að víkja frá því, ef nauðsyn krefur, og skal matsverðið þá ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkazt hefur vegna lántöku í Veðdeild Búnaðarbankans.

4. gr.

Seðlabanki Íslands kaupir fyrir nafnverð bankavaxtabréfin, sem notuð verða til lánveitinga samkvæmt 1. gr.

5. gr.

Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóv. 1941 tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Að því leyti sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóv. 1941 um lánveitingar samkvæmt þessum kafla laganna.

II. KAFLI

Um skuldaskil.

7. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sem nefnist Skuldaskilasjóður bænda.

8. gr.

Ríkissjóður skal leggja fram stofnfé Skuldaskilasjóðs, allt að 50 millj. kr.

Ríkisstjórninni er þó heimilt að taka stofnfé sjóðsins, sbr. 1. málsgr., að láni til allt að 10 ára og endurlána það sjóðnum með sömu kjörum og lánið er tekið.

9. gr.

Nú tekur ríkisstjórnin stofnfé Skuldaskilasjóðs að láni að einhverju eða öllu leyti, sbr. 8. gr., og skal þá fjár til afborgana og vaxtagreiðslna af láninu aflað þannig:

1. Með árlegu framlagi ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum, allt að 7 millj. kr. á ári næstu 10 ár, í fyrsta sinn á fjárlögum fyrir árið 1971.
2. Með árgjöldum af lánum, sem bændum hafa verið veitt úr Skuldaskilasjóði.

10. gr.

Til viðbótar stofnfé samkvæmt 8. gr. skal afla Skuldaskilasjóði starfsfjár með útgáfu handhafaskuldabréfa. Þau skulu gefin út af stjórn sjóðsins, og má fjárhæð þeirra nema samtals allt að 75 millj. kr.

Trygging fyrir skuldabréfunum skal vera sem hér segir:

1. Stofnfé sjóðsins.
2. Skuldabréf þau, er sjóðurinn fær frá lántakendum.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Vextir af skuldabréfunum skulu vera 6% á ári. Þau skulu gefin út í einum flokki, og skal innleysa eigi minna en 1/25 hluti þeirra á ári hverju, í fyrsta sinn 1972, þannig að öll bréfin séu innleyst á 25 árum.

Í reglugerð, er ráðherra setur, skal nánara kveðið á um gerð bréfanna, fjárhæð þeirra, greiðslu vaxta, innlausn þeirra og annað, er þurfa þykir.

11. gr.

Skuldabréf Skuldaskilasjóðs skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum eldri en frá 1. janúar 1970, að svo miklu leyti sem þær eru ekki tryggðar með fasteignaveði, svo og til greiðslu á árgjöldum af fasteignaveðslánum, enda hafi árgjöldin fallið í gjalddaga fyrir 1. janúar 1970. Sama gildir um greiðslu á víxlum, sem gefnir verða út eftir 1. janúar 1970, en áður en lög þessi koma til framkvæmda, ef skuldin upphaflega hefur verið stofnuð fyrir árslok 1969.

Skuldabréf Skuldaskilasjóðs skulu framvegis vera með nafnverði gildur gjaldeyrir af hendi einstaklinga og stofnana í viðskiptum við Seðlabanka Íslands, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

12. gr.

Fé Skuldaskilasjóðs skal varið til lánveitinga handa bændum.

Skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum eru þessi:

1. Að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg.
2. Að skuldir hans í hlutfalli við eignir og árstekjur séu svo miklar, að sjóðsstjórnin telji honum ókleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka bú sitt á heilbrigðum grundvelli, nema hann fái einhverja eftirgjöf skulda.
3. Að umsækjandi geti sett þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda.
4. Að hann geti að dómi sjóðsstjórnar staðið straum af árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefur fengið stuðning samkvæmt lögum þessum, samhliða heilbrigðum búrekstri.

13. gr.

Lánum úr skuldaskilasjóði skal varið einungis til greiðslu á skuldum lántakenda.

Lánin verða veitt gegn þeim tryggingum, er stjórn sjóðsins metur gildar. Þau greiðast að sumu leyti í peningum og að öðru leyti í skuldabréfum sjóðsins, eftir því sem sjóðsstjórnin ákveður.

Lánstími skal vera allt að 25 ár.

Vextir af lánunum skulu vera 6% á ári.

Ef lántakandi breytir um atvinnuveg á lánstímanum eða eigendaskipti verða að hinni veðsettu eign, er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða, að lánið sé þegar fallið í gjalddaga.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, nr. 18 4. nóv. 1887, er lántakanda rétt að veðsetja Skuldaskilasjóði í einu lagi tiltekna flokka búfjár síns, er hann á eða eignast, og gengur veð sjóðsins fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár eða einstakra gripa. Sama gildir um veðsetningu fóðurbirgða, sem veðsali kann að eiga á hverjum tíma handa veðsettu búfé. Heimilt er og að veðsetja sjóðnum í einu lagi aðra fjármuni án sérstakrar sundurliðunar.

15. gr.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, eftir að skuldabréfi hefur verið þinglýst, og heldur sjóðurinn þá veðrétti sínum, þótt skuldabréfinu sé eigi þinglýst í þeirri þinghá, sem veðsali flutti í.

16. gr.

Í stjórn Skuldaskilasjóðs eiga sæti fimm menn, er landbúnaðarráðherra skipar eftir tilnefningu þessara aðila: Bankaráð Búnaðarbanka Íslands tilnefnir einn, stjórn Stéttarsambands bænda annan, stjórn Búnaðarfélags Íslands hinn þriðja, stjórn Sambands íslenzkra samvinnufélaga hinn fjórða og fjármálaráðherra hinn fimmta.

Nú skorast aðili, einn eða fleiri, undan að tilnefna mann í sjóðsstjórn, og skipar þá ráðherra mann eða menn í stjórnina án tilnefningar, þannig að stjórn sjóðsins verði fullskipuð.

Varamenn skulu vera fimm, og skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Stjórn sjóðsins velur sér formann.

17. gr.

Umsóknir um lán úr Skuldaskilasjóði skulu stílaðar til stjórnar sjóðsins, en sendar oddvita í því sveitarfélagi, þar sem umsækjandi á lögheimili. Oddviti sendir umsóknir aðila í sveitarfélaginu til stjórnar sjóðsins á þeim tíma, er hún tiltekur, eða svo fljótt sem auðið er, eftir að hann fær lánsumsókn í hendur.

Lánsumsókn skulu fylgja þau skilríki, sem hér segir:

1. Afrit af síðasta skattframtali lánbeiðanda, staðfest af skattstjóra eða umboðsmanni hans.
2. Sundurliðuð skrá yfir lánardrottna lánbeiðanda, og skal þar greina skuldarupphæð, hvort skuld er tryggð með veði eða ábyrgð og hver tryggingin er, gjalddaga og önnur greiðslukjör.
3. Sundurliðuð skrá yfir ábyrgðir lánbeiðanda, og skal þar greina, hverjar aðrar tryggingar eru fyrir ábyrgðarskuldunum, og þess getið, hvort líkur eru til, að ábyrgðirnar falli á lánbeiðanda.
4. Vottorð hreppstjóra um, hve lengi lánbeiðandi hefur stundað búskap og hvar, svo og um fjölskyldustærð hans.
5. Umsögn sveitarstjórnar um þörf lánbeiðanda á fjárhagsaðstoð.
6. Aðrar upplýsingar, sem sjóðsstjórnin kann að óska eftir.

18. gr.

Þegar sjóðsstjórnin hefur fengið lánsumsókn í hendur, ákveður hún, hvort lánbeiðandi geti komið til greina við lánveitingu. Skal hún þá láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, sem fjárkröfur eiga á lánbeiðanda, þar með taldar ábyrgðir, að lýsa kröfum sínum fyrir stjórn sjóðsins með sex vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýsingar. Skal í auglýsingunni tekið fram, að allar ótryggðar kröfur falli niður ógildar, ef þeim er ekki lýst innan hins tiltekna frests.

Ef skuldareigandi, sem eigi hefur lýst viðurkenndri kröfu innan hins tiltekna frests, síðar, meðan á samningaumleitunum stendur, færir líkur fyrir, að hann hafi eigi átt kost á að sjá auglýsinguna, svo sem vegna fjarveru, sjúkdóms o. s. frv., er sjóðsstjórninni þó heimilt að taka kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður þær kröfur, sem eigi er lýst innan hins tiltekna frests. Sé ekki lýst öllum þeim kröfum, sem taldar eru fram samkvæmt 17. gr., 1. og 2. tölul., skal sjóðsstjórnin sannreyna, hvort framtalið er rétt.

Telji sjóðsstjórn, að umsækjandi geti ekki komið til greina við lánveitingu, skal honum þegar í stað tilkynnt það, annaðhvort bréflega eða með símskeyti, og þar greint frá ástæðum fyrir synjun.

19. gr.

Nú telur sjóðsstjórn, að lánbeiðandi þurfi að fá eftirgjöf á skuldum, og skal hún þá, svo fljótt sem auðið er, semja frumvarp til skuldaskila fyrir hann. Í frumvarpi skulu taldar sér í flokki þær skuldir, er samningnum er eigi ætlað að ná til, og getið tryggingа fyrir þeim, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlazt er til, að samið sé um. Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta skuldunaut er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til.

Eftirgjöf á skuldum, sbr. 1. málsgr., skal þannig gerð, að Skuldaskilasjóður leggur fram 50% þeirrar fjárhæðar, sem skuldunaut er gefin eftir. Jafnframt skulu kröfur lánardrottna lækkaðar frá nafnverði — um sama hundraðshluta hjá öllum lánardrottnum hlutaðeigandi aðila — þannig að sú lækkun nemi samtals 50% þeirrar fjárhæðar, sem skuldunaut er gefin eftir.

Frumvarpið skal borið undir umsækjanda, og segi hann til innan 10 daga, hvort hann treystir sér til að hlíta ákvæðum þess.

20. gr.

Þegar eftir að samningsfrumvarp það, sem í 19. gr. getur, er fullsamið og samþykkt af umsækjanda, skal sjóðsstjórnin með ábyrgðarbréfi eða símskeyti tilkynna það öllum þeim lánardrottnum, er kröfu hafa lýst í búið. Lánardrottni ber að segja til um það með bréfi til sjóðsstjórnar á þeim tíma, er hún tiltekur, hvort hann er samþykkur samningsfrumvarpinu eða hverra breytinga hann óskar.

Nú næst ekki samkomulag milli aðila á þann hátt, er í 1. málsgr. segir, og er sjóðsstjórn þá rétt að boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara til samningaviðræðna.

Þangað til fundurinn er haldinn, skal frumvarp eða staðfest afrit af því liggja í skrifstofu sjóðsins skuldheimtumönnum til sýnis.

21. gr.

Verði samkomulag milli lánbeiðanda og svo margra skuldheimtumanna eða umboðsmanna þeirra, að þeir ráði yfir meira en helmingi samanlagðrar kröfuupphæðar, er samningnum er ætlað að ná til, hefur sjóðsstjórnin heimild til að staðfesta samningsfrumvarpið, og er það þá bindandi einnig fyrir þá skuldheimtumenn, er greitt hafa atkvæði á móti því eða eigi mætt á fundi. Leysir það þá skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem undan

er skilinn í samningnum, bæði gagnvart lánardrottni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.

22. gr.

Þegar eftir að samningur er staðfestur, skal sjóðsstjórnin ganga frá lánsskjölum og sjá um, að formlega sé gengið frá öllu því, sem samningurinn kveður á um.

23. gr.

Samningurinn, sbr. 21. gr., hefur engin áhrif á þær kröfur, er hér greinir:

1. Skuldir tryggðar með fasteignaveði, þó því aðeins að skuldaupphæð nemi eigi meiru en 80% af verðmæti veðsins. Sé skuldin hærri en þessu nemur samkvæmt mati því, sem lagt er til grundvallar við samningagerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr 80% af verði veðsins.
2. Forgangskröfur samkvæmt 8. kafla 82. og 83. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878, að svo miklu leyti sem eigur skuldunautar teljast hrökkva fyrir þeim.

24. gr.

Frá því að umsækjandi hefur sent lánbeiðni til sjóðsstjórnarinnar og þangað til samningaumleitunum er lokið, má hann ekki greiða skuldheimtumönnum skuldir, sem áður eru stofnaðar, hvort sem þær eru fallnar í gjalddaga eða eigi, nema um veðkröfur eða ótvíræðar forgangskröfur sé að ræða. Hann má ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær, nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánum, og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans.

25. gr.

Jafnskjótt sem sjóðsstjórn hefur tekið við lánbeiðni, skal það tilkynnt skiptaráðanda, og er þá hvers konar aðför vegna skuldbindinga lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til samningaumleitunum er lokið. Eigi verður bú hans heldur tekið til gjaldþrotaskipta á sama tíma.

Tímabilið frá því að sjóðsstjórn hefur tekið við lánbeiðni og þangað til samningaumleitunum er lokið telst ekki með fyrningartíma skuldar, víxilréttar né neinna réttargerða.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

26. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu veitt og skuldaskil framkvæmd svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fyrir árslok 1970.

27. gr.

Þegar lokið er lánveitingum úr Skuldaskilasjóði, skal stjórn sjóðsins, sbr. 16. gr., hætta störfum. Eftir það skal stjórn Búnaðarbanka Íslands falin stjórn Skuldaskilasjóðs.

28. gr.

Búnaðarbanki Íslands annast afgreiðslu lána Skuldaskilasjóðs, innheimtu afborgana af þeim, svo og reikningshald fyrir sjóðinn. Reikningar Skuldaskilasjóðs skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarbankans og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

29. gr.

Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin stimpilgjaldi.

Skuldaskilasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

30. gr.

Kostnað við framkvæmd II. kafla laga þessara greiðir ríkissjóður, nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

31. gr.

Í reglugerð, er ráðherra setur, skal kveða nánara á um framkvæmd laga þessara.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 31 2. maí 1969, um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum höfum við framsóknarmenn flutt frv. um breytingu á lausaskuldum bænda í hagstæð lán til langs tíma. Frv. þessi hlutu ekki afgreiðslu. Hins vegar var samþykkt frv. ríkisstjórnarinnar um að breyta lausaskuldum bænda í föst lán, og eru þau lög komin til framkvæmda, og er ekki mikið sagt, þó að flestir, ef ekki allir, sem þar þurfa á aðstoð að halda, séu mjög óánægðir með lögin og reglugerð, sem sett hefur verið samkv. þeim, enda ekki að ástæðulausu. Það er allt komið á daginn, sem við framsóknarmenn höfum sagt um þetta mál. Það er líka ástæða til þess að minna á nokkrar umsagnir um þessi mál, bæði frá Búnaðarfélagi Íslands og Harðærisnefnd frá s. l. vetri og ályktun aðalfundar Stéttarsambands bænda frá s. l. sumri ásamt kafla úr áramótaræðu dr. Halldórs Pálssonar búnaðarmálastjóra, þar sem hann ræðir um lausaskuldir bænda.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 24. marz 1969.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis,
Alþingi.

Með bréfi, dags. 19. marz 1969, sendi landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands tók málið fyrir á fundi sínum hinn 22. marz 1969 og gerði um það eftirfarandi bókun:

„Borizt hefur bréf frá landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis, dags. 19. þ. m., ásamt frv. til laga um lausaskuldir bænda.

Stjórnin hefur kynnt sér frv. og telur, að það, ef að lögum verður, muni að nokkru leyti leysa þann vanda um lausaskuldir bænda, sem stofnað hefur verið til vegna fjárfestinga og harðæris. Þó telur stjórn Búnaðarfélags Íslands, að fjárhag allmargra bænda sé þannig farið, að umrædd lán komi þeim ekki á réttan kjöl fjárhagslega, þar sem líklegt er, að þeir hafi ekki tilskilin veð fyrir lausaskuldunum og verða þannig að sitja eftir með mikinn hluta þeirra. Ef á að gera þessum bændum kleift að halda áfram búskap, þá verður að koma meira til, t. d. með því að veita þeim greiðslufrest af föstu lánunum um nokkurra ára bil, og/eða gefa út sérstök skuldabréf með veði í vélum eða búfé (kreppubréf). Jafnvel getur svo farið, að skuldaskil verði óumflýjanleg hjá sumum bændum. Þar sem frv. gerir ekki ráð fyrir

því, að kaupskylda hvíli á neinni peningastofnun til að innleysa umrædd bréf, þá vill stjórn Búnaðarfélags Íslands mjög ákveðið benda á, að nauðsynlegt er til að greiða fyrir sölu bréfanna, að Seðlabankinn taki þau sem greiðslu frá sparisjóðsdeildum bankanna, sparisjóðum og innlánsdeildum kaupfélaga, sem greiðslu á sparifjárbindingu, sem þessum stofnunum ber að standa skil á til bankans.

Stjórnin er öll sammála framangreindu, en Ásgeir Bjarnason telur þó nauðsyn á, að ákvæði um kaupskyldu Seðlabankans á bréfunum verði lögfest og enn fremur að lögin nái til lausaskulda hjá fyrirtækjum bænda, s. s. sláturhúsa, mjólkurbúa og ræktunarsambanda, og einnig að Alþingi ákveði vexti eigi yfir 6½% og að lánað verði 80% af matsverði.“

Virðingarfyllst,

Halldór Pálsson.

HARÐÆRISNEFND

Reykjavík, 25. marz 1969.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis,
Alþingi.

Á fundi Harðærisnefndar 24. marz var rætt um bréf landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis, dags. 19. marz 1969, þar sem óskað var umsagnar nefndarinnar um frumvarp til laga um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Formaður tjáði meðnefndarmönnum sínum, að formaður landbúnaðarnefndar efri deildar óskaði eftir, að Harðærisnefnd mætti á fundi landbúnaðarnefndar Ed. hinn 25. marz kl. 15.00 og gæfi þar álit sitt munnlega, og þyrfti því ekki að svara bréfinu skriflega.

Einar Ólafsson vísar til bréfs Búnaðarfélags Íslands til landbúnaðarnefndar um þetta mál, en þar komi álit hans fram.

Formaður, Jón L. Arnalds, sagðist mæta á fundi landbúnaðarnefndar, eins og hún óskar eftir.

Halldór Pálsson lætur sitt álit fylgja hér með, en það hljóðar svo:

Frumvarp til laga um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán, þskj. 348, ef að lögum verður, veitir mörgum skuldugum bændum mikilsverða aðstoð, en það bjargar ekki þeim bændum, sem eiga ófullnægjandi veð til að breyta lausaskuldum sínum í föst lán, en þeir eru allmargir.

Þess vegna þyrfti í fyrsta lagi að koma ákvæðum í lögin um sérstakar ráðstafanir til að hjálpa þeim bændum, sem skulda meira en þeir eiga fasteignaveð fyrir eða meira en hugsanlegt er, að þeir geti risið undir, þótt öllum lausaskuldum þeirra yrði breytt í föst lán. Þyrfti að vera í lögum heimild til skuldaskila og útgáfu sérstakra bréfa (kreppubréfa) í því sambandi. Líklegt er, að 200—300 bændur þurfi slíka fyrirgreiðslu.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að hafa í lögum ákvæði um, að Seðlabankinn skuli taka, eftir ákveðnum reglum, skuldabréf þau, sem lögin fjalla um, upp í það fé, sem sparisjóðir, innlánsdeildir kaupfélaga og bankar þurfa að binda í Seðlabankanum.

Séu slík ákvæði ekki í lögum, þá geta ýmsar lánastofnanir og einstaklingar orðið í algjörum vandræðum með að losna við bréfin. Gæti svo farið, að selja yrði þau með afföllum, og geta lánastofnana til að greiða úr lánsfjárþörf bænda gæti orðið mun minni en hún er í dag.

Í þriðja lagi væri eðlilegt, að Alþingi ákvæði vextina af skuldabréfunum.

Virðingarfyllst,

Halldór Pálsson.

Ályktun aðalfundar Stéttarsambands bænda.

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1969 mótmælir eindregið reglugerð við lög um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, þar sem með ákvæðum hennar eru þessi lög gerð allt of óhagstæð fyrir bændur, og útiloka þau fjölda bænda algerlega frá að geta hagnýtt sér þau.

Þess vegna skorar fundurinn á landbúnaðarráðherra að breyta reglugerð umræddra laga m. a. þannig, að vaxtaprósenta lánanna verði færð til samræmis við vexti af lánum húsbyggjenda í Breiðholtshverfi í Reykjavík, skv. bráðabirgðalögum frá s. l. vori.

En þótt slík lagfæring fáist, geta lánin ekki bjargað þeim bændum, sem lent hafa í mestum efnahagserfiðleikum síðastliðin ár. Þess vegna skorar fundurinn á landbúnaðarráðherra að gera ráðstafanir í samráði við stjórn Stéttarsambands bænda, til dæmis með frestun afborgana fastra lána og lengingu lána og lengingu lánstíma til að koma í veg fyrir, að þeir verði að hætta búskap, sem leiddi til að fjöldi jarða færi í eyði."

Kafli úr áramótaræðu búnaðarmálastjóra dr. Halldórs Pálssonar.

„Sumir bændur álíta, að löggjöfin um lausaskuldir bænda sé gerð eftir tillögum Harðærisnefndar, af því að landbúnaðarráðherra fól nefndinni á miðju ári 1968 að gera athugun á hag bænda, skuldasöfnun og aðstöðu til áframhaldandi búrekstrar. Svo er ekki. Er nefndin skilaði áliti um athuganir sínar á efnahag bænda snemma á árinu 1969, bentu nefndarmenn ráðherra á, að þeir teldu að öllum þorra hinna skuldugri bænda væri borgið með því að fá lausaskuldum sínum breytt með bankavaxtabréfum í hagkvæm föst lán til langs tíma, og mundu þeir eiga veð fyrir þeim, en vexti þyrfti að ákvarða með lögum eigi hærri en lægstu innlánsvexti.

Í öðru lagi þyrfti í lögunum að hvíla skylda á Seðlabanka Íslands að kaupa lausaskuldabréfin eftir einhverjum föstum reglum upp í hlut af bindingarfé innlánsdeilda kaupfélaga, sparisjóða og banka, svo að þau hyrfu þannig á nokkrum árum úr umferð, án þess að eigendur þeirra ættu það undir velvilja eða náð komið, hvort eða hvenær þeir gætu losnað við bréfin.

Í þriðja lagi væri nokkur hluti bænda, um 150—300, svo skuldugir, að þeir ættu ýmist ekki næg veð fyrir skuldum eða þótt svo væri, þá mundu þeir ekki rísa undir vöxtum og afborgunum, þótt lausaskuldum þeirra yrði breytt í föst lán. Þyrftu þeir því aðstoð til skuldaskila. Ráðherra tjáði nefndinni, að hann óskaði ekki tillagna hennar um löggjafaratriði í sambandi við lausaskuldamálið. Alþingi á því allan veg og vanda af lögunum frá 2. maí 1969 um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, en í þeim er ekkert af þeim atriðum, sem getið er hér að framan. Löggjöf þessi kemur því ekki að þeim notum fyrir bændur, sem vonazt var eftir, þegar málinu var fyrst hreyft. Það er þó tvímælalaust ávinningur fyrir þá, sem komast í gegnum þann hreinsunareld, sem reglugerðin um framkvæmd þessara laga setur, að fá lausaskuldum sínum breytt í 20 ára föst veðlán, enda þótt vextir af þeim séu 9% og því allt of háir fyrir bændur að standa undir þeim.

Nokkurri furðu sætir, hve fáir bændur sóttu um að breyta lausaskuldum sínum í föst lán samkvæmt lögum þessum. Valda því ef til vill mistök í framkvæmd og einnig, hve bændum og lánardrottnum þeirra finnst fyrirgreiðsla samkvæmt lögum þessum óaðgengileg.

Í reglugerð, sem landbúnaðarráðuneytið gaf út 9. júlí 1969 um 6. flokk Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands, þ. e. reglugerð um lög um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, er skýrt fram tekið, að bankavaxtabréfin skuli aðeins afhent til greiðslu á lausaskuldum bænda vegna framkvæmda, sem þeir höfðu ráðizt í á árunum 1961—1968. Aðrar lausaskuldir áttu ekki að koma til greina.

Þetta reglugerðarákvæði ásamt öðrum reglum um framkvæmd þessara laga, svo sem að enginn fái að breyta lausaskuldum í föst lán, ef hann er í vanskilum við Stofnlánadeild eða Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, var rækilega auglýst í ágúst s. l., og áttu umsóknir allar að hafa borizt Búnaðarbankanum fyrir októberlok. Hinn 16. september breytti landbúnaðarráðuneytið reglugerðinni á þann veg, að bankavaxtabréfin mætti ekki aðeins nota til greiðslu skulda vegna framkvæmda, heldur eins til greiðslu skulda vegna hvers konar fjárfestingar og jarðakaupa. Þetta rýmkaði mjög aðgang að fyrirgreiðslu skuldugra bænda hjá Veðdeildinni, en þessi reglugerðarbreyting var því miður ekki nógu vel auglýst. Hennar var aðeins getið í einu dagblaði, auk þess sem bankastofnunum var tilkynnt um hana og þá jafnframt, að umsóknarfrestur væri framlengdur um 10 daga, þ. e. til 10. nóv. Þetta mun hafa farið fram hjá mörgum bændum, sem þá voru uppteknir í göngum, réttum og sláturtíð.

Ókunnugt er mér um, hve margir bændur hafa hætt við að sækja um breytingu á lausaskuldum í föst lán vegna þess, að lánardrottnar þeirra hafa neitað að taka verðbréfin upp í skuldir, af því að engin skylda hvílir á nokkrum banka að innleysa þau, fyrr en þau verða dregin út, en nokkrir munu þeir vera. Sumir hafa einnig ekki viljað ganga milli lánardrottna sinna til að biðja þá um að taka bréfin. Slíkt kemur lítt að sök fyrir þá, sem treysta sér til að standa í skilum við alla lánardrottna, og sem betur fer gera margir bændur það.

Af þeim 640 umsóknum bænda, sem borizt hafa til Veðdeildar Búnaðarbankans um að fá lausaskuldum breytt í föst lán, hafa um 400 þeirra fengið afgreiðslu eða fyrirheit um afgreiðslu og nokkrir fleiri munu fá afgreiðslu í janúar. Margir umsækjendur, sem ekki hafa fengið fyrirgreiðslu, munu fá hana, ef þeir geta greitt vanskil sín við Stofnlánadeild og Veðdeild í reiðufé. Erfitt mun mörgum að útvega sér reiðufé að láni til þess að greiða þessi vanskil og geta ekki boðið aðrar greiðslur á þessum nýju lánum en hin 20 ára bréf frá Veðdeildinni. Nokkra umsækjendur skortir veð til þess að fá breytt lausaskuldum sínum í föst lán. Hvað bíður þessara útskúfuðu bænda, sem fá enga fyrirgreiðslu samkvæmt þessum lögum um breytingu lausaskulda bænda í föst lán? Hver sér fénaði þeirra farborða til vors, og verður þá gengið að eignum þeirra upp í skuldirnar? Þótt einn og einn þessara bænda væri ef til vill eins vel settur við aðra atvinnu en búskap, ef hann gæti afsett eignir sínar sæmilega og fengið þolanlega atvinnu við önnur störf, þá er óþolandi, ef allt að 5% bænda gefst upp gjaldþrota á næstunni og hverfa frá uppbyggðum jörðum sínum til atvinnuleysis, en jarðirnar, oft vel í sveit settar, fara í eyði. Löggjafinn verður að koma til móts við þessa bændur með kreppuaðstoð. Þeir hafa flestir ekki annað til saka unnið en vera of bjartsýnir framfaramenn eða hafa orðið fyrir óvæntum óhöppum til viðbótar við harðindi síðustu ára."

Það er augljóst mál af því, er að framan greinir, að það er brýnna nú en nokkru sinni fyrr að taka skuldamál bænda til rækilegrar athugunar og gera tillögur í þeim efnum, sem að gagni koma.

Tíu ára viðreisn stjórnarflokkanna hefur einkennzt af fálmkenndum ráðstöfunum, sem skilja lítinn arð eftir í gróskumiklu árferði og minna en ekki neitt í þeim harðindum, sem herjað hafa landbúnaðinn síðustu árin. Þær sérstöku ráðstafanir, sem gerðar voru vegna landbúnaðarins 1965 og á hverju ári síðan 1967, sýna, að þörfin er brýn. Kalsárin, sem hafa myndazt, taka sinn tíma til að gróa. Búfjárfækkun bænda og þar af leiðandi rýrnandi tekjur þarf einnig sinn tíma til þess að jafna sig, svo að búreksturinn komist á réttan kjöl. Afleiðingar óþurrkanna á s. l. sumri, sem náðu yfir stóran hluta landsins, eru á þessum vetri þungbærar mörgum bændum, sem leggja í mikinn kostnað við að útvega nægjanlegt fóður handa bústofni sínum. Fóðurkaup eru dýr og skilja eftir stóra skuldabagga, sem verða ekki leystir á skömmum tíma.

Það hefur sýnt sig, að miklu færri sóttu um lausaskuldalán en við var búizt, enda margt, sem veldur því, eins og að framan greinir. Bankar, sparisjóðir, kaupfélög og verzlanir eru ekki fús á að taka skuldabréf upp í skuldir, þar sem ekki er lagaleg trygging fyrir því, að bréfin séu gildur gjaldeyrir í viðskiptum. Sumar skuldir eru líka þess eðlis, að þær falla ekki undir lögin, því að þau taka aðeins til skulda, sem eru til orðnar vegna „framkvæmda, fjárfestingar og jarðakaupa á árunum 1961—1968". Þeir bændur, sem safnað hafa skuldum vegna harðinda eða annarra áfalla í búskapnum, geta ekki, þótt þeir vildu, breytt lausaskuldum sínum í lán til langs tíma.

Margir bændur hafa það háar lausaskuldir, að þá skortir fasteignaveð fyrir skuldum sínum. Sama máli gegnir um þá bændur, sem eru leiguliðar, þeir fá ekki alltaf veðleyfi í ábúðarjörðum sínum til þess að koma fyrir lausaskuldum, og þarf því að koma á móts við þá á annan hátt.

Þegar á árinu 1967 þótti ástæða til þess að láta fram fara athugun á efnahag bænda, og sá Harðærisnefnd um þá framkvæmd, sem byggðist á skattaframtölum bænda og sýnir efnahag þeirra í árslok 1967. Athugun Harðærisnefndar náði til 4769 bænda, sem höfðu skilað framtölum, en þar að auki eru margir bændur allskuldugir og ekki í tölu framangreindra, þar sem skattaframtöl þeirra lágu ekki fyrir, auk þess sem það er vitað, að allar skuldir koma ekki fram á skattaskýrslum.

Í skýrslu Harðærisnefndar segir, að heildarskuldir bænda í árslok 1967 hafi verið kr. 1 250 000.00.00.

Þar af eru lausaskuldir	kr.	491 416 000.00
Meðalskuld á bónda er	—	262 000.00
Meðallausaskuld	—	103 000.00
Meðalbrúttóárstekjur	—	400 000.00
Meðalnettóárstekjur	—	123 000.00

Í athugun nefndarinnar kom það einnig fram, að 2022 bændur skulda yfir tvöfaldar nettóárstekjur sínar, og er þetta mjög misjafnt eftir sýslum.

609 bændur skulda yfir tvöfaldar nettótekjur, en undir þreföldum.
369 bændur skulda yfir þrefaldar nettótekjur, en undir fjórföldum.
423 bændur skulda yfir fjórfaldar nettótekjur, en undir sexföldum.
209 bændur skulda yfir sexfaldar nettótekjur, en undir áttföldum.
412 bændur skuld áttfaldar nettótekjur og þar yfir.

Þessar tölur sýna það bezt, að þeir bændur, sem skuldirnar hvíla þyngst á, eru ekki hlutfallslega margir, en þeim mun erfiðari er skuldabyrði þeirra, þegar tekið er tillit til heildarinnar. Það eru 22.3% eða 1063 bændur, sem skulda meira en helming allra lausaskulda, samtals 263 millj. króna, eða að meðaltali 248 000 krónur. 3.4% eða 162 bændur skulda 60 millj. króna í lausaskuldum eða 370 000 kr. hver. Þessar fáu tölur yfir lausaskuldir sýna, að skuldir þessara bænda eru mjög háar og erfiðar viðfangs með þeim vaxtakjörum, sem gilda hjá viðreisnarstjórninni. Margir þeirra bænda, sem mest skulda, hafa staðið í miklum framkvæmdum, véla- og verkfærakaupum, auk þess sem harðærið hefur leikið margan grátt.

Eins og áður segir, nær skýrsla Harðærisnefndar til ársloka 1967. Þá eru ekki komin fram þau áhrif, sem gengisfellingin í nóvember 1967 hafði á hag bænda, og tæpu ári síðar var gengi íslenzku krónunnar fellt að nýju. Þessar gengisfellingar hafa stórum hækkað allan rekstrarkostnað bænda, torveldað framkvæmdir og vélakaup, auk þess sem enginn fjárhagsgrundvöllur er lengur til fyrir þá, sem vilja hefja búskap. Stjórnarstefnan og framkvæmd hennar hefur svo gersamlega brugðið fæti fyrir þá, sem meta ræktunarstarfið og „bændabýlin þekku". Vélvæðingin og bústofninn ásamt jörð og húsum kostar það mikla fjármuni, að það er vart hugsanlegt að útvega það fé allt, hvað þá að búskapur með þeirri rekstraraðstöðu, sem orðin er, geti endurgoldið þá fjármuni.

Það blasir því við, að byggðum býlum fækkar og jafnvel að heilar sveitir fari í eyði, ef ekki verður brugðizt skjótt við og reynt að stöðva þessa óheillastefnu.

Það gefur auga leið, að þau 2 ár, sem liðin eru síðan framtöl bænda voru athuguð af Haðærisnefnd, hefur hagur þeirra ekki blómgazt og skuldir því aukizt allmikið frá því, sem þá var, þótt tölulega liggi það ekki almennt fyrir nú. Orsakir skuldasöfnunar bænda eru margar, en þessar helztar:

1. Framkvæmdir allar og vélvæðing krefjast mikils fjármagns, enda hefur dýrtíðin vaxið mjög ört hin síðari ár.
2. Stofnlán landbúnaðarins hafa ekki hækkað í hlutfalli við stofnkostnað.
3. Lánstími stofnlána er allt of stuttur, enda styttri nú en áður, nema á lánum til íbúðarhúsabygginga. Lán eru nú til 15 ára út á járnvarðar timburbyggingar, t. d. fjárhús, hlöður og fjós, en til 20 ára út á steyptar byggingar og ræktun, en aðeins til 5 ára út á aflvélar.
4. Vaxtakjör Stofnlánadeildar landbúnaðarins eru miklu lakari nú en áður eða 6% á íbúðarhúsalánum, en voru áður 3½%, á öllum öðrum lánum deildarinnar eru 6½% vextir, en voru áður 4%. Vaxtahækkun síðan 1960 er 60—70%.
5. Lagður er nú sérskattur á bændur, og rýrir það til muna tekjur þeirra, en tryggir þeim ekki lán sem skyldi, eins og þeim var heitið, er skatturinn var á þá lagður.
6. Ungt fólk eða byrjendur í búskap fá hvergi lán til bústofns- eða vélakaupa.
7. Þótt sívaxandi verðbólga hafi ríkt síðan 1959, hafa rekstrarlán landbúnaðarins ekki hækkað.
8. Veðdeild Búnaðarbankans hefur allt of lítið fjármagn til umráða og veitir því of lág lán til jarðakaupa, og vextir eru óhagstæðir, þar sem þeir eru 8%.
9. Verðlag búvara er komið úr öllu samhengi við þarfir landbúnaðarins. Bændur eru því m. a. af þeim sökum tekjulægsta stétt landsins.
10. Ræktaða landið er of lítið til þess að veita nægjanlegan heyforða fyrir það búfé, sem fyrir er í landinu.
11. Grasbrestur á ræktuðu landi, kal og óþurrkar valda því, að innflutningur fóðurbætis hefur aukizt mikið.

Ýmsar aðrar orsakir samfara framantöldu valda því, að margir bændur eiga í miklum fjárhagserfiðleikum.

Fyrsti kafli frv. er um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, og kemur skýrt fram í frv., hvað hann fjallar um, en þó er sá munur á því og lögum um lausaskuldir bænda, sem hér greinir:

1. Að lögin nái til lausaskulda hjá fyrirtækjum bænda, sem komið hafa upp vinnslustöðvum, en ekki fengið nægjanleg stofnlán.
2. Að lögin taki einnig til lausaskulda, sem hafa myndazt vegna bústofns- og fóðurkaupa.
3. Að lögin nái yfir skuldasöfnun á tímabilinu 1960—1969.
4. Að vextir verði ekki yfir 6%.
5. Að lánin verði til 25 ára.
6. Að heildarlánsupphæð megi vera 80% af matsverði.
7. Að einnig verði tekið veð í vélum bænda og vinnslustöðvum þeirra.
8. Að Seðlabankinn kaupi bankavaxtabréfin á nafnverði.

Annar kafli laganna fjallar um skuldaskil í landbúnaði.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Ríkissjóði er gert að skyldu að leggja fram stofnfé Skuldaskilasjóðs, en heimilt er honum að taka stofnféð að láni og endurlána sjóðnum.

Um 9. gr.

Til þess að standa straum af greiðslu þeirra lána, sem ríkissjóður tekur og lánar Skuldaskilasjóði, verður að afla fjármagns á fjárlögum, auk þess sem sjóðurinn fær árgjald af þeim lánum, sem Skuldaskilasjóður lánar bændum. Áætlað er, að stofnlán ríkisins sé 50 millj. kr. upphaflega og borgist á 10 árum, þannig að afborgun verður 5 millj. kr. árlega og vextir að auki. Áætlað er, að ríkissjóður þurfi að leggja fram 7 millj. kr. árlega í þessu skyni næstu 10 ár.

Um 10. gr.

Til viðbótar þeim 50 millj. kr., sem um getur í 8. gr., verður að afla Skuldaskilasjóði stofnfjár með útgáfu handhafaskuldabréfa, er nema samtals allt að 75 millj. kr., og eru með 6% vöxtum til allt að 25 ára. Upphæðir þær, er að framan greinir, eru áætlaðar og miðaðar við það, að um 150 millj. kr. af lausaskuldum bænda komist ekki undir þá fyrirgreiðslu, sem veitt er samkvæmt I. kafla frv., og falli þar af leiðandi undir Skuldaskilasjóð. Reikna má með því, að um þriðjung af skuldum þessum verði erfitt eða útilokað að innheimta sökum fjárhagserfiðleika hjá hlutaðeigandi bændum.

Um 11. gr.

Skuldabréf Skuldaskilasjóðs skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á lausaskuldum og vanskilaskuldum eldri en frá 1. janúar 1970. Skuldabréfin skulu enn fremur vera gildur gjaldeyrir af hendi einstaklinga og stofnana í viðskiptum við Seðlabanka Íslands.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Lánum úr Skuldaskilasjóði skal einungis varið til þess að koma skuldum hlutaðeigandi bænda í fastara form, og metur sjóðsstjórn tryggingar lánanna og á hvern hátt þau greiðast. Lánstími skal vera allt að 25 árum með 6% vöxtum.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um heimild fyrir þeim veðum, sem taka skal gild, þegar lán eru veitt.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þar sem skuldir bænda eru bæði í bönkum, samvinnufélögum og öðrum verzlunum, þykir rétt að Búnaðarbanki Íslands, sem bændur skipta mest við, tilnefni mann í stjórnina og að Samband ísl. samvinnufélaga, sem er samnefnari kaupfélaganna, tilnefni einn mann í stjórn. Þar sem frv. þetta gerir svo ráð fyrir, að ríkissjóður útvegi Skuldaskilasjóði það fjármagn, sem hann þarf á að halda og fær bæði í peningum og handhafaskuldabréfum, og að ríkissjóður sé einnig ábyrgur fyrir fjármagni þessu, auk þess sem frv. gerir ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram nokkurt fjármagn, þegar um eftirgjöf skulda er að ræða, þá er nauðsynlegt, að fjármálaráðherra tilnefni einn mann í stjórnina. Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands tilnefna sinn manninn hvort í stjórnina og verða þeir fulltrúar bænda við skuldaskilin.

Um 17. gr.

Hér er greint frá þeim gögnum, sem verða að fylgja umsóknum þeim, er oddvitar senda með umsóknum til Skuldaskilasjóðs, en þeir eru nokkurs konar umboðsmenn sjóðsstjórnar.

Um 18. gr.

Stjórn Skuldaskilasjóðs verður að vega og meta, hvernig með hvert og eitt mál skuli farið, og hafa samráð við hlutaðeigandi oddvita, sem gefa nánari upplýsingar.

Um 19. gr.

Hér er í megindráttum mörkuð sú stefna, sem ríkja skal við mat og samninga um eftirgjöf skulda. Stjórnin gerir sér grein fyrir greiðslugetu hlutaðeigandi aðila og semur um eftirgjöf á þeim skuldum, sem ekki eru til veð fyrir né neinar líkur á að innheimtist. Skuldaskilasjóður tekur þátt í eftirgjöf skulda, eins og lög mæla fyrir.

Um 20. og 21. gr.

Greinarnar fjalla um það, hvernig með þau skuldamál skuli farið, sem ekki næst strax samkomulag um.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Greinin kveður nánar á um það, hvað skuldakröfur ber að taka til greina við samning um eftirgjöf skulda.

Um 24. og 25. gr.

Greinarnar segja fyrir um það, hvernig lánsumsækjandi skuli haga fjármálum sínum, á meðan á skuldaskilum stendur, og hvernig sjóðsstjórn fer með mál gagnvart skiptaráðanda.

Þriðji kafli frv. er almenns eðlis og þarfnast ekki skýringa.

Nd. 328. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og m. a. rætt málið við Hjört Torfason hrl., sem aðstoðaði við samningu þess.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaður meiri hluti leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. jan. 1970.

Sigurður Ingimundarson, form., frsm. Pétur Sigurðsson, fundaskr. Pálmi Jónsson.

Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 329. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og m. a. rætt málið við Hjört Torfason hrl., sem aðstoðaði við samningu þess.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaður meiri hluti leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. jan. 1970.

Sigurður Ingimundarson, form., frsm. Pétur Sigurðsson, fundaskr. Pálmi Jónsson.
Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 330. Breytingartillaga [156. mál]

við frv. til l. um Iðnþróunarsjóð.

Frá Eðvarð Sigurðssyni.

4. gr. orðist svo:

Framkvæmdastjórn sjóðsins skipa fimm menn kosnir hlutfallskosningu af Alþingi. Kjörtímabil stjórnar skal vera þrjú ár, og skulu fimm varamenn einnig kosnir til þriggja ára. Ráðherra skipar formann framkvæmdastjórnar úr hópi hinna kjörnu manna, en stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Nd. 331. Frumvarp til laga [149. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

(Eftir 3. umr. í Ed., 30. jan.)

1. gr.

58. og 59. grein laganna verði dregnar saman í eina grein, er verði 58. gr., svo hljóðandi:

Útflytjendur skulu afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans í því umdæmi, sem vara er tekin í far það, sem flytja á hana til útlanda, skýrslu um vöruna, ásamt samriti af farmskírteini, útflutningsleyfi og matsvottorði, þar sem þess er krafizt, svo og sölureikningum um vöruna.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um gerð skjala þessara og hverra skjala og skilríkja er annars krafizt varðandi útflutningsvöru. Í reglugerð má enn fremur kveða svo á, að útflutningsskýrsla og útflutningsskilríki skuli afhent, áður en vara er flutt í far og svo tímanlega, að áður geti farið fram rannsókn á henni.

Skýrslu um afla íslenzkra veiðiskipa, sem flytja sjálf út eigin veiði til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa á fyrstu höfn, sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum, eða — ef skipið tekur ekki höfn, áður en það flytur aftur afla á erlendan markað — þegar það næst leitar hafnar hér á landi. Taki veiði-

skipið ekki fyrstu höfn á þeim stað, þar sem það er gert út, ber að senda skýrslu þessa tollstjóra útgerðarstaðar skipsins.

Greiða skal útflutningsgjöld og fullnægja útflutningsskilyrðum í því umdæmi, sem útflutningsvara er flutt í far það, sem flytja á vöruna til útlanda.

Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð eða fyrirmælum í öðru formi vikið frá ákvæðum 4. mrg. þessarar greinar.

2. gr.

Eftir 58. grein laganna komi ný grein, er verði 59. grein, svo hljóðandi:

Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi, sem kveður á um tollalækkanir eða aðra tilhliðrun fyrir íslenzkar útflutningsvörur við tollafgreiðslu í viðkomandi landi eða löndum, og að vörunum skuli fylgja skilríki um uppruna, tollendurgreiðslur o. fl., er það skylda tollyfirvalda, sé fram á það farið, að veita aðstoð um upplýsingar, vottorðagjöf og þess háttar.

Öll skjöl og vottorð um uppruna vöru, tollendurgreiðslur af þeim o. fl., skv. 1. málsgr. þessarar greinar, skulu vera að formi og frágangi eins og ákveðið verður af ráðherra.

Fjármálaráðherra getur með nánar ákveðnum skilyrðum veitt aðilum, sem þess óska, leyfi til að gefa út sum eða öll þau skjöl og vottorð, sem fjallað er um í 1. mgr.

Nú óskar aðildarríki að milliríkjasamningi skv. 1. mgr. að sannreyna sannleiksgildi skjala eða vottorða um uppruna, tollendurgreiðslur o. s. frv., um útfluttar vörur, sem fluttar eru til viðkomandi landa, eða nauðsynlegt telst af öðrum ástæðum að framkvæma slíka rannsókn, og getur tollyfirvald þá krafið atvinnurekanda og aðra, sem hlut eiga að máli, um upplýsingar um atriði, sem þýðingu hafa fyrir rannsóknina, og getur eftir atvikum látið rannsaka atvinnuhúsnæði, reikningshald og bréfaviðskipti nefndra aðila.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um ákvæði 1. og 4. mgr. þessarar greinar.

Fjármálaráðherra getur skv. nánari ákvæðum löggilt innlend samtök til að gefa út ábyrgðarskjöl (carneter), sem ábyrgjast gagnvart yfirvöldum í öðrum ríkjum greiðslu gjalda af vörum, sem fluttar eru út héðan til tímabundinna nota eða til gegnumflutnings í því ríki, þegar um er að ræða útflutningsvörur, sem lúta sérstakri meðferð, samkvæmt milliríkjasamningi, sem Ísland er aðili að.

3. gr.

Aftan við 3. málsgr. 63. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, 4. og 5. mgr., svo hljóðandi:

Það varðar sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, að láta í té eða valda því, að látin séu í té skjöl eða vottorð, sem eru röng í mikilvægum atriðum, um uppruna íslenzkrar útflutningsvöru eða önnur atriði um hana, sem eiga að tryggja, að varan njóti fríðinda við innflutning í annað ríki eða skoðist hæf til svæðistollmeðferðar þar, vegna milliríkjasamninga. Þó má falla frá málsókn, ef sá, sem misgert er við, hefur ekki krafizt hennar eða málsókn reynist ekki réttmæt á grundvelli þeirra sönnunargagna, sem fyrir liggja.

Nú hefur fjármálaráðherra veitt einstaklingi, félagi eða stofnun leyfi til að gefa út skjöl þau og vottorð, sem nefnd eru í næstu mgr. hér að framan, sbr. 3. mgr. 59. gr. laganna, en ekki verður sannað, hver hafi undirritað þau, og skal þá viðkomandi leyfishafi, sé um einstakling að ræða, eða framkvæmdastjóri, sé um félag eða stofnun að ræða, bera refsiábyrgðina.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **332. Lög** [123. mál]

um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 30. jan.)

Samhljóða þskj. 321 (sbr. 167 og 268).

Nd. **333. Lög** [149. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

(Afgreidd frá Nd. 30. jan.)

Samhljóða þskj. 331.

Nd. **334. Frumvarp til laga** [156. mál]

um Iðnþróunarsjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. jan.)

Samhljóða þskj. 291 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Iðnaðarráðherra skipar fimm menn í framkvæmdastjórn sjóðsins eftir tilnefningu eftirtalinna aðila: Landsbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands h.f., Iðnlánasjóðs, Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sem hver tilnefndir einn mann. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt, og skal skipunartími aðalmanna og varamanna vera þrjú ár. Ráðherra skipar formann framkvæmdastjórnar, en hún skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Ed. **335. Lög** [126. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 61 24. des. 1964, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 30. jan.)

Samhljóða þskj. 287.

Nd. **336. Nefndarálit** [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Með frumvarpi þessu er ráðherra fengið í hendur víðtækt vald til að veita erlendum aðilum undanþágu til atvinnurekstrar hér á landi.

Ég er andvígur þessari stefnu og legg því til, að skýr ákvæði verði sett í frv., er takmarki þetta vald ráðherra þannig, að samþykki Alþingis þurfi hverju sinni fyrir leyfisveitingu, ef viðkomandi félag eða fyrirtæki er að hálfu eða meira í eigu erlendra aðila.

Alþingi, 30. jan. 1970.

Eðvarð Sigurðsson.

Nd. 337. Breytingartillaga [115. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

Frá Eðvarð Sigurðssyni.

Við síðustu málsgr. 2. gr. bætist:
Þó er óheimilt að veita leyfi til iðjurekstrar án samþykkis Alþingis, ef viðkomandi félag eða fyrirtæki er að hálfu eða meira í eigu erlendra aðila.
Engin ákvæði mega vera í samþykktum félags, sem brjóta í bága við íslenzk lög.

Nd. 338. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Með frumvarpi þessu er ráðherra fengið í hendur víðtækt vald til að veita erlendum aðilum undanþágu til atvinnurekstrar hér á landi.
Ég er andvígur þessari stefnu og legg því til, að skýr ákvæði verði sett í frv., er takmarki þetta vald ráðherra þannig, að samþykki Alþingis þurfi hverju sinni fyrir leyfisveitingu, ef viðkomandi félag eða fyrirtæki er að hálfu eða meira í eigu erlendra aðila.

Alþingi, 30. jan. 1970.

Eðvarð Sigurðsson.

Nd. 339. Breytingartillaga [116. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu.

Frá Eðvarð Sigurðssyni.

Við síðustu málsgr. 2. gr. bætist:
Þó er óheimilt að veita leyfi til verzlunarrekstrar án samþykkis Alþingis, ef viðkomandi félag eða fyrirtæki er að hálfu eða meira í eigu erlendra aðila.
Engin ákvæði mega vera í samþykktum félags, sem brjóta í bága við íslenzk lög.

Nd. 340. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Um aðdraganda þessa frumvarps og ágalla vísar minni hl. til álits þess, er hann stendur að á þingskjali 342, um frv. til l. um breyt. á l. um iðju og iðnað. Brtt. við frv. flytur minni hl. á sérstöku þingskjali. Er sú brtt. í meginatriðum sama efnis og brtt. við frv. um breyt. á l. um iðju og iðnað.

Alþingi, 31. jan. 1970.

Gísli Guðmundsson, frsm. Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 341. Breytingartillaga [116. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar (GíslG, ÞÞ).

Við 2. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra tekur ákvörðun samkv. 3. og 5. málsgr. þessarar greinar að fenginni umsögn 7 manna ráðgjafarnefndar, sem kjörin er á Alþingi því, er samþykkir lög þessi, og síðan eftir almennar kosningar til Alþingis hverju sinni. Ráðherra setur og lögreglustjórum starfsreglur samkv. 1. málsl. 3. málsgr., að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar.

Nd. 342. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 31 maí 1927, um iðju og iðnað.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Þegar aðild Íslands að EFTA var til umræðu á Alþingi fyrir hátíðar í vetur, gerði Framsóknarflokkurinn þá tillögu, að frestað yrði að taka ákvörðun varðandi afstöðu Íslands til EFTA, en þá þegar hafizt handa um nauðsynlegar áætlunargerðir og málið kynnt þjóðinni sem bezt. Rökstuddi flokkurinn þessa afstöðu sína með því, að enn hefði ekki verið gerð íslenzk iðnþróunaráætlun, sem fæli í sér aðlögun að fríverzlun við önnur lönd né viðhlítandi áætlun um aðra þætti þjóðarbúskaparins við slík skilyrði, enda væri fríverzlun sú, sem kostur væri á, ekki aðkallandi nauðsyn vegna útflutnings, eins og hann er nú.

Þessi tillaga Framsóknarflokksins var felld á Alþingi og innganga Íslands í EFTA samþykkt. Þetta hefur það m. a. í för með sér, að lögð hafa verið fyrir Alþingi nokkur frumvörp til laga, sem miða að því að samræma ýmis ákvæði íslenzkrar löggjafar ákvæðum í EFTA-samningnum. Eitt þeirra er frumvarp það um breytingu á lögum um iðju og iðnað, sem þetta nefndarálit fjallar um.

Minni hl. fellst á það, að ýmiss konar samræming af þessu tagi sé rökrétt afleiðing af gildistöku EFTA-samningsins hér á landi. Hins vegar lítur hann svo á, að á frumvarpinu, eins og það nú liggur fyrir, séu verulegir ágallar, sem bæta megi úr við meðferð málsins. Telur hann rétt að tryggja Alþingi eða kjörnum fulltrúum þess aðstöðu til að fylgjast með og hafa áhrif á mikilsverðar ákvarðanir, sem ráðherra eða embættismönnum er ætlað að taka samkvæmt frumvarpinu, og flytur um það breytingartillögu á sérstöku þingskjali. Er efni hennar við það miðað, að líklegt megi telja, að Alþingi geti á hana fallizt, þótt eigi hafi að svo stöddu náðst um hana samkomulag í nefndinni.

Alþingi, 31. jan. 1970.

Gísli Guðmundsson, frsm. Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 343. Breytingartillaga [115. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar (GíslG, ÞÞ).

Við 2. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra tekur ákvörðun samkv. 3. og 4. málsgr. þessarar greinar að fenginni umsögn 7 manna ráðgjafarnefndar, sem kjörin er á Alþingi því, er samþykkir lög þessi, og síðan eftir almennar kosningar til Alþingis hverju sinni. Ráðherra setur og lögreglustjórum starfsreglur samkv. 3. málsgr., að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar.

Sþ. 344. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 3. febrúar 1970 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 2. marz 1970.

Nd. 345. Frumvarp til laga [166. mál]

um hækkun á bótum almannatrygginga.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

Frá 1. apríl 1970 skulu árlegar fjölskyldubætur samkvæmt 15. gr. laga nr. 40/1963 vera sem hér segir:

Með fyrsta barni í fjölskyldu	kr. 4 356.00
Með hverju barni umfram eitt í fjöldskyldu	— 5 532.00

Frá 1. janúar 1970 skal fæðingarstyrkur samkvæmt 18. gr. laga nr. 40/1963 vera kr. 11 600.00 við hverja fæðingu. Frá sama tíma skulu aðrar bætur samkvæmt lögum þessum en fjölskyldubætur og fæðingarstyrkur, eftir því sem við getur átt, hækka um 5.2% frá því, sem þær voru á árinu 1969.

Allar bótafjárhæðir, sem tilgreindar eru í almannatryggingalögum og gilda eiga samkvæmt 2. málsgr. þessarar greinar frá 1. janúar 1970, skulu reiknaðar í heilum krónum, og enn fremur skulu allar mánaðarlegar greiðslu reiknaðar í heilum krónum. Skal hálf króna eða stærra brot hækka í heila krónu, en minna brot falla niður.

2. gr.

Hækkun mánaðarlegra bóta samkvæmt 1. gr. fyrir fyrsta ársfjórðung 1970 skal greidd með bótum aprílmánaðar 1970.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1970 beitti ríkisstjórnin sér fyrir því, að framlög til lífeyristrygginga almannatrygginga yrðu hækkuð um 97 millj. kr. frá því, sem þau voru áætluð, er frumvarp til fjárlaga var lagt fram í þingbyrjun. Var gert ráð fyrir, að 37 millj. kr. yrði varið til hækkunar fjölskyldubóta, en 60 millj. kr. til hækkunar á öðrum bótum lífeyristrygginga. Skiptist þá heildarhækkun sem hér segir milli framlagsaðila:

Ríkissjóður	58.6	millj. kr.
Hinir tryggðu	19.2	— —
Sveitarsjóðir	10.8	— —
Atvinnurekendur	8.4	— —
Samtals	97.0	millj. kr.

Lagt er til, að hækkun fjölskyldubóta eigi sér stað 1. apríl og taki til barna umfram eitt í hverri fjölskyldu. Er áætlað, að með því móti geti hækkun árlegra fjölskyldubóta vegna þeirra barna, sem hér um ræðir, numið 27%.

Hækkun varð á daggjöldum sjúkrahúsa og fæðingarstofnana 1. janúar, en með þeirri hækkun fæðingarstyrks, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, nægir fæðingarstyrkurinn áfram fyrir þeim kostnaði, sem konur þurfa að greiða á fæðingardeild Landspítalans, en þar eru daggjöld hæst. Áætlað er, að auk þessarar hækkunar fæðingarstyrks, sem nemur 13.7%, nægi áðurnefndar 60 millj. kr. til að hækka aðrar bætur lífeyristrygginga um 5.2%. Útgjöld slysatrygginga munu aukast vegna tilsvarandi hækkunar bóta, og lítils háttar hækkun mun verða á útgjöldum sjúkratrygginga vegna hækkunar sjúkradagpeninga.

Takmörkun sú á hækkun bóta, sem skírskotað er til með orðunum „eftir því sem við getur átt“ í 2. málsgr. 1. gr., snertir þær bætur, sem ekki eru inntar af hendi í peningum, svo sem sjúkrahúsvist, lyf og læknishjálp, enn fremur kaup og aflahlut, sbr. 39. gr. laga nr. 40/1963, og bætur frjálsra trygginga, sem ákvarðast af frjálsum samningi milli aðila. Sé hámark eða lágmark heimildarbóta tiltekið, hækka slík mörk, en um hækkun einstakra bótagreiðslna, sem fullnægja lágmarksákvæðum, fer eftir ákvörðun þeirra aðila, sem úrskurðarvald eiga í því efni.

Nd. 346. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 32 frá 29. desember 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

Aftan við 12. gr. laganna bætist nýr stafliður svo hljóðandi:

d. vegna uppskerubrests á kartöflum samkvæmt reglum, sem Bjargráðastjórn setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 82 frá 29. desember 1967, um Bjargráðasjóð Íslands var m. a. stofnuð ný deild við sjóðinn, afurðatjónadeild landbúnaðarins, en hlutverk hennar er skv. 12. gr. laganna að veita lán og styrki til að afstýra óeðlilega mikilli förgun

búfjár vegna grasbrests eða óþurrka og vegna afurðatjóns og dauða nautgripa og sauðfjár af völdum smitsjúkdóma o. fl. — Hins vegar er ekki að finna í lögunum heimild til að bæta úr afurðatjónadeild annað tjón en þar er talið og nefnt hefur verið hér að framan s.s. tjón vegna uppskerubrests á kartöflum. Ástæðan til þessa er sú, að frumvarpið að lögum nr. 82/1967 var upphaflega samið af stjórnskipaðri nefnd árið 1964, og í greinargerð frumvarps þeirrar nefndar er vakin athygli á því, að í frv. sé ekki gert ráð fyrir því, að uppskerubrestur á kartöflum verði bættur úr afurðatjónadeild sjóðsins, og í samræmi við það var gjaldskylda til sjóðsins í því frumvarpi eingöngu bundin við innvegna mjólk og kindakjöt.

Frumvarp að lögum nr. 82/1967 var í meginatriðum samhljóða frumvarpi nefndarinnar frá 1964, en þó höfðu verið gerðar á því nokkrar breytingar m. a., **að gjaldskylda til afurðatjónadeildar var látin ná til allra söluvara landbúnaðarins,** sbr. 4. gr., c-lið laganna.

Með því að kartöfluframleiðendur greiða — eins og framleiðendur annarra landbúnaðarvara — ¼% af söluverðmæti framleiðslu sinnar til afurðatjónadeildar landbúnaðarins við sjóðinn, þykir eðlilegt, að þeir eigi þess kost að njóta aðstoðar úr deildinni, svo sem framleiðendur annarra landbúnaðarvara, ef þeir verða fyrir stórfelldum uppskerubresti, svo sem raun varð á sums staðar á síðastliðnu sumri, enda hafa þeir þegar leitað til Bjargráðasjóðs um slíka aðstoð, en Bjargráðastjórn ekki talið sér heimilt að veita slíka aðstoð að óbreyttum lögum sjóðsins. Af því tilefni er frumvarp þetta fram komið.

Þar eð ræktun kartaflna er óárviss víða um land og tiltölulega áhættusöm búgrein, virðist eðlilegt, að aðstoð Bjargráðasjóðs vegna uppskerubrests á kartöflum verði bundin allströngum skilyrðum s.s. að viðkomandi hafi stundað slíka ræktun ákveðið árabil og um lágmarkstjón. Samkvæmt frumvarpinu mundi Bjargráðastjórn setja fastar reglur um slík skilyrði.

Ed. 347. Frumvarp til laga [168. mál]

um breyting á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

Á árinu 1970 er ríkisstjórninni heimilt að lækka framlög til landnáms vegna nýbýla skv. 27. gr. laga nr. 75/1962 úr 9.5 milljónir króna í 3.5 milljónir króna og til íbúðarhúsa á nýbýlum skv. 48. gr. laga nr. 75/1962 úr 2.4 milljónum króna í 0.9 milljónir króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 5 10. apríl 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, var ákveðið, að á árunum 1968 og 1969 skyldi ríkisstjórnin heimila að lækka framlag til landnáms vegna nýbýla um 7.5 milljónir króna. Ríkisstjórnin notaði þessa heimild.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að veita ríkisstjórninni sams konar lækkunarheimild fyrir árið 1970.

Nd. 348. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og lögum nr. 83 29. des. 1967.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 2. febr. 1970.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Matthías Bjarnason.
Hannibal Valdimarsson. Jón Kjartansson. Jónas Árnason.
Friðjón Þórðarson.

Sþ. 349. Tillaga til þingsályktunar [169. mál]

um strandferðir.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Sigurvin Einarsson, Páll Þorsteinsson, Bjarni Guðbjörnsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að láta gera áætlanir um byggingu og rekstur strandferðaskips til farþega- flutninga.
2. Að hlutast til um, að nú þegar verði hafizt handa um nauðsynlegar úrbætur á húsakosti og aðstöðu við hafnir í Reykjavík og annars staðar, þar sem þess er þörf, til þess að ný vöruflutningaskip komi að sem fyllstum notum.

Greinargerð.

Það hefur ekki farið dult, að almenningur fagnar Heklu hinni nýju. Ber einkum tvennt til. Skipið er innlend smíði, hið stærsta, sem enn hefur verið byggt hér á landi, og menn líta svo á, að með komu þess sé hafin ný sókn á þeim væng samgöngumálanna, sem við nefnum strandferðir.

Þegar á þessu ári er von á öðru skipi af sömu gerð. Þá geta aftur hafizt reglulegar og kerfisbundnar strandsiglingar. Vegna nýrrar tækni og breyttrar tilhögunar í lestum skipanna verða skilyrði til farmflutninga allt önnur og betri en hér hafa áður þekkzt. Það má ekki henda, að óviðunandi aðstaða á höfnum komi í veg fyrir það, að hin ágætu skip, sem vitanlega kosta stórfé í byggingu og rekstri, nýtist til fulls.

Það eykur þörfina á skjótum aðgerðum á þessu sviði, hvernig ástatt er, þegar hin nýju skip koma í gagnið.

Um langt skeið hefur Skipaútgerð ríkisins búið við allsendis ófullnægjandi aðstöðu til vöruafgreiðslu í Reykjavík. — Skip útgerðarinnar voru orðin úrelt að því leyti, að fyrirkomulag í lestum og tæknibúnaður til lestunar og losunar var með „gamla laginu". — Og síðustu missirin voru fyrri skip fyrirtækisins seld „fyrir fram", þ. e. áður en ný voru fengin í þeirra stað, með þeim afleiðingum, að ferðir urðu oft bæði strjálar og óvissar.

Allt hefur þetta stuðlað að því að beina vöruflutningunum frá Skipaútgerð ríkisins og inn á aðrar leiðir langt umfram það, sem eðlilegt getur talizt eða heppilegt frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Þannig hníga mörg rök að því að hraða þeim aðgerðum, sem nauðsynlegar eru, til þess að nýju skipin tvö komi að fullum notum fyrir landsmenn.

Nú hefur meginþungi fólksflutninga á langleiðum innanlands færzt yfir á flugið. Ýmsir telja, að þar með séu fólksflutningar á sjó orðnir úreltir og eigi að hverfa úr sögunni. Flutningsmenn þessarar tillögu eru á annarri skoðun.

Þarfir nútímaþjóðfélags fyrir góðar og greiðar samgöngur eru margvíslegar. Að því er fólksflutninga varðar, þá eru verkefnin mjög breytileg og sum þannig, að þau verða trauðla leyst með fluginu einu saman.

Í sumum landshlutum veldur vetrarríki truflunum á samgöngum á landi og í lofti, mismunandi miklum eftir veðurfari.

Þótt „loftbrú“ tengi nokkra helztu þéttbýlisstaði landsins höfuðstaðnum, þá gefur flugið ekki nauðsynlega tengingu þessara staða innbyrðis.

Ferðir með Esju og Heklu umhverfis Ísland á sumardegi hafa notið vinsælda sem og einstakar hópferðir með þessum skipum, en æskilegt er að greiða fyrir því, að fólk geti ferðazt innanlands í orlofi sínu.

Talað er um, að þrefalda megi gestkomur erlendra á fáum árum. Hringferðir ríkisskipa hafa verið einn þátturinn í fyrirgreiðslu erlendra ferðamanna. Hann ber að efla, en eigi afnema.

Allt þetta þarf að skoða vandlega, áður en því er slegið föstu, að útgerð farþegaskips til siglinga með ströndum fram sé úrelt og heyri fortíðinni til. Þyki á einhverjum árstíma of lítið að gera fyrir farþegaskip á ströndinni, ber að athuga um önnur verkefni. Og minna má á það, að engin þjóð með líka landshætti og Íslendingar, langa strönd með dreifðri byggð og ágætum höfnum, hefur horfið frá farþegaflutningum á sjó.

Flutningsmenn tillögunnar telja því auðsætt, að nú þegar beri að hefjast handa um undirbúning að byggingu farþegaskips í stað Esju og Heklu. En þá verður fyrst að gera nauðsynlegar áætlanir um byggingarkostnað og rekstur skipsins. Veldur það vissulega óþægindum við slíka áætlunargerð, að einhliða farþegaskip af þeirri stærð, sem til greina kæmi, hefur ekki verið gert hér út áður. Verður þá að sjálfsögðu fyrst og fremst að byggja á þeirri þekkingu, sem forsjármenn strandferðanna hafa á þessum málum, enda þótt hagkvæmt kynni að þykja að leita einnig til erlendra kunnáttumanna.

Sþ. 350. Fyrirspurnir. [170. mál]

I. Til menntamálaráðherra um aðgerðir til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni og Halldóri E. Sigurðssyni.

1. Er farið að semja reglugerð um ráðstöfun 10 milljón króna fjárveitingar í fjárlögum þessa árs „til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms“, og hvaða tillögur eru uppi þar um?
2. Hverjar voru niðurstöður þeirra athugana, er ríkisstjórnin hefur látið gera samkvæmt ályktun um þetta efni frá síðasta Alþingi?
3. Telur ríkisstjórnin þörf meiri rannsókna, áður en öflugri ráðstafanir yrðu gerðar til að jafna fjárhagslega aðstöðu nemenda í strjálbýli?

II. Til menntamálaráðherra um sjónvarpsmál.

Frá Jóni Kjartanssyni.

Hvenær má vænta þess, að sjónvarp nái til austustu hreppa Skagafjarðarsýslu, þannig að gagn sé að?

Ed. 351. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til laga um Iðnþróunarsjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar, og mælir hún með samþykkt frumvarpsins, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 2. febr. 1970.

Sveinn Guðmundsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Kristján Thorlacius.
Björn Fr. Björnsson.	Auður Auðuns.	Jónas G. Rafnar.
	Gils Guðmundsson.	

Ed. 352. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum nr. 18 31. mai 1927, um iðju og iðnað.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. febr.)

1. gr.

Síðasti málsliður 4. gr. falli niður.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að reka iðju, veitir iðjuleyfi.

Lögreglustjóri annast um, að tilkynning um útgáfu leyfisbréfa verði birt í Lögbirtingablaði, þegar að útgáfu lokinni. Í tilkynningu skal greina nafn leyfishafa eða firma, heimilisfang, tegund iðju, hvar iðju megi reka samkvæmt leyfinu og hvenær það var útgefið.

Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra, ef:

1. Iðjan er líkleg til að valda einstökum mönnum, héraði eða ríkinu tjóni eða óhagræði að ráði.
2. Iðjan telst sérstaklega hættuleg mönnum, sem hana stunda.
3. Iðjunni er annars svo háttað, að varhugavert þykir að leyfa hana, m. a. vegna þess að möguleikar til öflunar hráefnis teljist ónógir, framleiðslu- eða söluaðstæður ófullkomnar, eða telja megi stofnun og starfrækslu iðjufyrirtækisins þjóðhagslega óhagkvæma.

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum 1. tölul. 1. málsgr. 3. gr. og ákvæðum 4. gr., ef sérstaklega stendur á.

Engin ákvæði mega vera í samþykktum félags, sem brjóta í bága við íslenzk lög.

3. gr.

12. gr. orðist svo:

Nú verður ágreiningur um, hvort aðili hafi fyrirgert iðjuleyfi sínu eða hvort starfsemi hans brjóti í bága við þá heimild, sem leyfið veitir honum, og er honum þá rétt að bera málið undir dómstóla.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 18 31. maí 127, um iðju og iðnað, ásamt áður áorðnum breytingum, og gefa þau lög út svo breytt.

Nd. 353. Frumvarp til laga [116. mál]

um breyting á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. febr.)

1. gr.

Síðari málsgr. 4. gr. falli niður.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Borgarfógeti í Reykjavík eða lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að verzla, lætur leyfisbréf af hendi. Leyfisbréf til verzlunar, sem gildir fyrir landið allt, gefur lögreglustjóri út á þeim stað, þar sem umsækjandi á heimilisfesti eða firma er skráð.

Lögreglustjóri annast um, að tilkynning um útgáfu leyfisbréfs verði birt í Lögbirtingablaði, þegar að útgáfu lokinni. Í tilkynningu skal greina nafn leyfishafa eða firma, heimilisfang, tegund verzlunar, hvar verzla megi samkvæmt leyfinu og hvenær það var út gefið.

Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra, ef hann telur, að stofnun nýs fyrirtækis í viðkomandi verzlunargrein sé þjóðhagslega óhagkvæm, hvort heldur almennt eða miðað við fyrirhugaðan verzlunarstað, eða starfsemi umsækjanda sé annars svo háttað, að varhugavert sé að leyfa hana. Getur ráðherra synjað um veitingu leyfis eða sett leyfinu sérstök skilyrði, ef ástæða er til að hans dómi. Skal réttur til verzlunarleyfis samkvæmt 4. og 5. gr. vera háður þeim takmörkunum, sem hér voru greindar.

Verzlunarleyfi gildir í 5 ár, en skal endurnýjað að þeim tíma liðnum, ef leyfishafi fullnægir þá skilyrðum þessara laga.

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum 1. tölul. 4. gr. og ákvæðum 5. gr., enda standi sérstaklega á.

Engin ákvæði mega vera í samþykktum félags, sem brjóta í bága við íslenzk lög.

3. gr.

Við 12. gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt heildverzlun eða umboðsverzlun leyfi til tilboðasöfnunar, sbr. 4. málsgr. 9. gr., þó að framangreindum skilyrðum sé ekki fullnægt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 354. Nefndarálit [64. mál]

um till. til þál. um bætta læknisþjónustu í strjálbýli.

Frá allsherjarnefnd.

Tillagan er þess efnis, að skorað verði á ríkisstjórnina að athuga möguleika á því að fá lækna frá nálægum löndum, og þá fyrst og fremst hinum Norðurlöndun-

um, til þess að gegna um lengri eða skemmri tíma læknisþjónustu í einstökum læknishéruðum, sem nú eru læknislaus.

Mörg héruð eru nú læknislaus. Enn sem komið er hafa hvorki heilbrigðismálastjórn né læknasamtök getað leyst þann vanda. Nefndin telur, að hér sé um svo alvarlegt mál að ræða, að rétt sé að gera þá tilraun, sem tillagan fjallar um, og leggur til, að hún verði samþykkt. Einn nefndarmanna (JónasÁ) var ekki á fundi þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 3. febr. 1970.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.
Matthías Bjarnason.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Pétur Sigurðsson.

Ed. 355. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft ofangreint mál til athugunar og orðið sammála um að mæla með frv. óbreyttu.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 3. febr. 1970.

Sveinn Guðmundsson, form.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr., frsm.	Auður Auðuns.
Gils Guðmundsson,	Björn Fr. Björnsson.	Kristján Thorlacius.
	Jónas G. Rafnar.	

Ed. 356. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 41 2. maí 1968 um verzlunaratvinnu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið um verzlunaratvinnu til athugunar og orðið sammála um að mæla með því óbreyttu.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja brtt., sem fram yrðu bornar.

Alþingi, 3. febr. 1970.

Sveinn Guðmundsson, form.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr., frsm.	Auður Auðuns.
Gils Guðmundsson.	Björn Fr. Björnsson.	Kristján Thorlacius.
	Jónas G. Rafnar.	

Nd. **357. Frumvarp til laga** [171. mál]

um breyting á lögum um sauðfjárbaðanir, nr. 23 27. apríl 1959.

Flm.: Björn Pálsson, Jónas Pétursson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni sauðfjár ber skylda til að láta fara fram rækilega böðun, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, á öllu því sauðfé, sem hann hefur undir höndum, þar með talið fóðrafé tekið af öðrum og fé, sem heimtist eftir böðun, ef um það er að ræða.

Böðun skal fara fram á tímabilinu 1. nóvember til 1. maí annað hvert ár, ef ekki er um kláða að ræða. Yfirdýralækni er þó heimilt að ákveða, að böðun fari fram aðeins þriðja hvert ár, ef hann telur það óhætt.

Eigendur eða umráðendur sauðfjár skulu hafa nothæfan útbúnað til böðunar eða greiða þann kostnað, sem af hæfum útbúnaði leiðir. Þeir skulu einnig sjá fyrir nægum vinnukrafti, svo að böðun geti að dómi baðstjóra gengið greiðlega og þannig, að viðhlítandi sé.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, hefur þá breytingu í för með sér, að böðun skal lokið fyrir 1. maí í staðinn fyrir 1. marz. Flest fjárhús eru byggð þannig, að veggir eru úr steinsteypu, en þök úr bárujárni. Þau eru því mjög köld, þegar mikil frost eru. Óhagkvæmt er og jafnvel ekki hættulaust fyrir heilsu fjárins að baða þann tíma vetrar, sem frost eru mest. Venjulega eru það mánuðirnir desember, janúar og febrúar. Fjárins vegna er sennilega bezt að baða að haustinu eða áður en vetrarfrost byrja, en því verður tæpast við komið. Sauðfjárslátrun stendur þá yfir og nær ógerlegt er fyrir bændur að ná saman öllu fé sínu. Sé veðrátta mild í nóvember og desember, er fé vanalega látið liggja úti að meira eða minna leyti. Sums staðar er fé haft í eyjum, eins og við Breiðafjörð. Sé baðað fyrir jól, vantar vanalega eitthvað af fé, sem verður þá endanlega óbaðað. Oft getur verið hagkvæmt að baða í marz eða apríl. Veðrátta er þá undantekningalítið farin að hlýna og auðveldara er að ná í vatn. Birtutími er lengri, svo að hægara er að framkvæma verkið. Gera má ráð fyrir, að búskaparhættir breytist þannig, að sumir hafi nær eingöngu sauðfé, en aðrir kýr. Fjárbúin munu þá stækka, en það veldur því, að fjárböðun tekur lengri tíma. Mannfátt er og víða og því erfitt að framkvæma böðun meðan dagur er stuttur og tíð óhagstæð. Þess ber og að geta, að bændur fá meiri ull af fé sínu, ef baðað er í apríl eða seint í marz, því að kindur týna þá síður ull. Ástæða er til að ætla, að ullin verði ¼ til ⅓ meiri, ef baðað er á þeim tíma. Sé það gert á öllu landinu, skapar það verðmæti, sem nemur 6—9 milljónum króna. Ullariðnaður okkar fer ört vaxandi og er með álitlegustu iðngreinum. Bráðlega fer að verða vöntun á ull. Meiri ullarframleiðsla skapar aukna atvinnu við ullariðnað, meiri tekjur fyrir þá, sem sjá um sölu á iðnaðarvörum úr ull, og eykur því heildartekjur þjóðarinnar. Fjármuni er auðvelt að ávaxta, ef rétt er með þá farið. Það er því verulegt fjárhagslegt atriði að baða á hagkvæmum árstímum. Óviturlegt er og ósanngjarnt að banna bændum að baða fé sitt þá tvo mánuði ársins, sem hagkvæmast er að baða. Þeir, sem vilja, geta baðað meðan dagur er stuttur og frost mikil, þó að þessi sjálfsagða lagabreyting verði gerð.

Í frumvarpi þessu er heimild fyrir yfirdýralækni að leyfa, að böðun fari fram aðeins þriðja hvert ár. Ástæða er til að ætla, að það sé óhætt þar, sem óþrifa hefur ekki orðið vart í fé um árabil.

Rétt er að geta þess, að atriði þessi hafa verið rædd við yfirdýralækni og búnaðarmálastjóra, og hefur okkur skilizt, að þeir álíti þessar breytingar til bóta.

Sþ. **358. Þingsályktun** [113. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um persónuskírteini sjómanna.

(Afgreidd frá Sþ. 3. febr.)

Samhljóða þskj. 138.

Sþ. **359. Þingsályktun** [165. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 3. febr.)

Samhljóða þskj. 344.

Ed. **360. Lög** [156. mál]

um Iðnþróunarsjóð.

(Afgreidd frá Ed. 3. febr.)

Samhljóða þskj. 334 (sbr. 291).

Ed. **361. Breytingartillaga** [115. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

Frá Gils Guðmundssyni, Birni Fr. Björnssyni og Kristjáni Thorlacius.

Við næstsíðustu málsgrein 2. gr. bætist:
Þó er óheimilt að veita leyfi til iðjurekstrar án samþykkis Alþingis, ef viðkomandi félag eða fyrirtæki er að hálfu eða meira í eigu erlendra aðila.

Ed. **362. Breytingartillaga** [116. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu.

Frá Gils Guðmundssyni, Birni Fr. Björnssyni og Kristjáni Thorlacius.

Við næstsíðustu málsgrein 2. gr. bætist:
Þó er óheimilt að veita leyfi til verzlunarrekstrar án samþykkis Alþingis, ef viðkomandi félag eða fyrirtæki er að hálfu eða meira í eigu erlendra aðila.

Ed. **363. Lög** [115. mál]

um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

(Afgreidd frá Ed 3. febr.)

Samhljóða þskj. 352.

Ed. 364. Lög [116. mál]

um breyting á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu.

(Afgreidd frá Ed. 3. febr.)

Samhljóða þskj. 352.

Nd. 365. Nefndarálit [45. mál]

um till. til þál. um rannsóknarnefnd vegna Búrfellsvirkjunar.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft tillöguna til athugunar á allmörgum fundum. Meiri hluti nefndarinnar taldi, að áður en hægt væri að taka afstöðu til tillögunnar, bæri nefndinni að afla sér upplýsinga varðandi þær fullyrðingar, sem fram komu í ræðu 6. þm. Reykv., Magnúsar Kjartanssonar, við 1. umræðu fjárlaga fyrir árið 1970, sem eru tilefni flutnings þessarar tillögu, svo og fullyrðingar flutningsmanna við 1. umræðu tillögunnar.

Af þeirra hálfu hefur því verið haldið fram, að kostnaður við Búrfellsvirkjun hafi farið stórkostlega fram úr áætlun og þessi samningsgerð (þ. e. orkusölusamningarnir) sé eitthvert stórfelldasta stjórnmála- og fjármálahneyksli, sem gerzt hefur hér á landi.

Nefndin átti ýtarlegar viðræður við þá dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóra, form. Landsvirkjunarstjórnar, og Eirik Briem verkfræðing, framkvæmdastjóra Landsvirkjunar. Óskuðu nefndarmenn eftir fjölmörgum upplýsingum, sem allar voru gefnar og birtast m. a. sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu, ásamt skýrslu þeirra varðandi umræddar fullyrðingar, sem lögð var fram í stjórn Landsvirkjunar, svo og íslenzkri þýðingu af bréfi verkfræðifyrirtækisins Harza varðandi kostnaðaráætlanir fyrirtækisins fyrir Búrfellsvirkjun og áætlun um kostnaðarverð á orkueiningu frá virkjuninni.

Að loknum viðræðum við stjórnarformann og framkvæmdastjóra Landsvirkjunar lýstu nefndarmenn því yfir, sérstaklega aðspurðir, að frekari upplýsinga væri ekki óskað, né heldur var óskað eftir öðrum aðilum til viðræðna við nefndina.

Í viðræðum nefndarinnar við áðurgreinda aðila, svo og við athuganir á þeim skýrslum, sem fram voru lagðar í nefndinni, hafa þær upplýsingar, sem áður hafa komið fram hér á Alþingi, fengizt staðfestar, þ. e. að allur málflutningur flutningsmanna er á misskilningi byggður.

Í ræðu sinni við 1. umræðu fjárlaga sagði 6. þm. Reykv.: „Kostnaður við Búrfellsvirkjun hefur farið stórlega fram úr áætlun. Ekki stoðar að nota íslenzkar krónur í þeim samanburði vegna tveggja gengislækkana. Þá yrði hækkunin ekki minni en 150%. En sé reiknað í dollurum, kemur í ljós, að í júnílok í sumar var byggingarkostnaður orðinn 25% hærri en reiknað hafði verið með."

Misskilningur sá, sem hér um ræðir, stafar einfaldlega af því, að ræðumaður hefur ekki varað sig á áhrifum tveggja gengisbreytinga á þær tölur, sem hann notaði. Þetta hefði hann þó vafalaust getað forðazt, ef hann hefði leitað skýringa á þeim tölum Harza, sem hann byggði málflutning sinn á, í stað þess að færa þær fram ómeltar, en af þeim dró hann svo margvíslegar ályktanir um hækkun raforkuverðs og tap á raforkusölu til ÍSAL.

Allt hefur þetta komið greinilega fram í þeim upplýsingum, sem nefndin hefur fengið í hendur. Það er fjarri lagi, að kostnaðarverð Búrfellsvirkjunar hafi farið 25% fram úr áætlun reiknað í dollurum, eins og flutningsmenn halda fram. Samkvæmt upplýsingum Harza, sem fram hafa verið lagðar, ásamt tölum úr bókum Landsvirkjunar, er áætlaður stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar nú talinn 43 millj.

dollara, en var árið 1966 áætlaður 42.8 millj. dollara. Ekkert hefur komið fram, er gefi tilefni til að vefengja þessar tölur.

Það, sem ruglaði 6. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, var það, að Harza hefur í fyrrnefndum skýrslum sínum um byggingu Búrfellsvirkjunar umreiknað frumáætlunina til gildandi gengis. Þetta þýddi, að innlendi hlutinn í upprunalegu áætluninni hefur verið **lækkaður** sem gengisbreytingu íslenzku krónunnar hefur numið. Þessi lækkun var hins vegar ekki raunhæf, eins og Harza hefur síðar bent á, þar sem gengistöp og fleira hefur komið á móti. Fyrir þessu öllu er rækileg grein gerð í þeim gögnum, sem lögð hafa verið fyrir nefndina og birt eru sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu.

Það, sem hér skiptir höfuðmáli, og um það virðist 6. þm. Reykv. í rauninni vera sammála, er samanburðurinn á núverandi heildartölum um heildarstofnkostnað Búrfellsvirkjunar og þeim tölum, sem lagðar voru til grundvallar, þegar álsamningarnir voru gerðir árið 1966, svo og að hvort tveggja ber að reikna í dollurum, enda er raforkusölusamningurinn við ÍSAL í þeim gjaldeyri. Þessi samanburður sýnir ótvírætt, eins og áður hefur verið á bent, að áætlanir um stofnkostnað virkjunarinnar hafa staðizt. Af því leiðir svo aftur, að kostnaðarverð raforku er nú hið sama og upphaflega var gert ráð fyrir, ef tekið er tillit til gengisbreytinganna.

Hitt meginatriðið, sem flutningsmenn tillögunnar hafa reynt að tortryggja og villa um fyrir með, er sú staðreynd, að kostnaðarverð raforku frá Búrfellsvirkjun verði allra fyrstu árin hærra en söluverðið til álbræðslunnar. Þetta eru engin ný sannindi, enda hefur þetta legið fyrir frá upphafi. Það, sem hér skiptir máli, er hins vegar það, að með því að nýta hina miklu orku Búrfellsvirkjunar þegar frá byrjun með stórum orkusölusamningi, lækkar meðalverð á framleidda kílóvattstund stórkostlega miðað við það, að virkjað hefði verið fyrir innanlandsmarkaðinn einan. Stórir orkusölusamningar eru undirstaða þess, að hægt sé að ráðast í stóra og hagkvæma virkjunaráfanga. Hins vegar getur hagkvæmni slíks orkusölusamnings ekki komið fram að fullu, fyrr en virkjunin er fullnýtt. Hér skulu nefndar nokkrar tölur.

Ef Búrfellsvirkjun hefði verið byggð eingöngu fyrir innanlandsmarkað, hefði kostnaðarverð á selda kílóvattstund fyrsta rekstrarárið numið 224 aurum. Þetta hefði lækkað smám saman ofan í 77.8 aura á fimmta rekstrarári. Með sölu til ÍSAL er kostnaðarverðið á selda kílóvattstund hins vegar 47.4 aurar fyrsta árið, en 22.7 aurar fimmta árið. Með sölu til ÍSAL fæst full nýting á 6—7 árum, og kostnaðarverðið þá komið niður í 20.1 eyri á kílóvattstund. Án sölu til ÍSAL mundi það taka þó nokkuð á annan áratug að komast niður í sama kostnaðarverð, sbr. fylgiskjöl. Til lengdar hlýtur það því að verða stórfelldur hagur fyrir hinn innlenda raforkuneytanda, að hægt hefur verið að ráðast í svo stóra og hagkvæma virkjun.

Eins og nú hefur verið sýnt fram á, hefur athugun nefndarinnar að dómi meiri hluta hennar leitt í ljós, að fullyrðingar flutningsmanna eiga ekki við nein rök að styðjast. Hér hlýtur að hafa verið um vanþekkingu eða misskilning að ræða. Áætlanir hafa staðizt og þjóðhagslegur ábati óumdeilanlegur. Má m. a. í því sambandi benda á samþykktir verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði, þar sem skorað er á stjórnvöld bæjar og ríkis að beita sér fyrir áframhaldandi uppbyggingu stóriðju með aðsetri í Hafnarfirði. Það talar sínu máli um stjórnmála- og fjármálahneyksli það, sem hér á að hafa gerzt.

Með tilvísun til ofanritaðs telur meiri hluti fjárhagsnefndar ekkert það hafa komið fram við athugun þessa máls, sem geti verið ástæða fyrir kosningu slíkrar rannsóknarnefndar sem tillagan gerir ráð fyrir, og leggur því til, að tillagan verði felld.

Alþingi, 24. febr. 1970.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Pálmi Jónsson.
Guðl. Gíslason.

Fylgiskjal I.

LANDSVIRKJUN

Greinargerð um stofnkostnað og fjármál Búrfellsvirkjunar.

Meginniðurstöður

Sýnt er fram á þrjú höfuðatriði varðandi stofnkostnað og fjármál Búrfellsvirkjunar, er hnekkja grundvelli þeirra fullyrðinga, sem fram hafa komið að undanförnu, að Landsvirkjun stórskaðist á viðskiptunum við ÍSAL.

Í fyrsta lagi sýna kostnaðartölur um framkvæmdir til þessa og áætlanir um síðasta áfanga Búrfellsvirkjunar, að stofnkostnaður, reiknaður í dollurum, er svo að segja nákvæmlega hinn sami og ráð var fyrir gert, þegar orkusamningurinn var gerður við ÍSAL 1966. Er orkusölusamningurinn við ÍSAL miðaður við dollara, svo það er vitaskuld kostnaður virkjunarinnar í þeim gjaldeyri, sem hér skiptir máli.

Í öðru lagi leiðir það af sjálfu sér, að áætlanir um kostnaðarverð seldrar orku hljóta einnig að standast, þar sem orkuverðið ákvarðast fyrst og fremst af stofnkostnaðinum. Jafnframt er sýnt fram á, að miðað við eðlilegar forsendur um afskriftatíma og vexti er kostnaðarverð raforku frá Búrfellsvirkjun lægra en það verð, sem samið hefur verið um við ÍSAL.

Í þriðja lagi er sýnt fram á, að raforkusölusamningurinn við ÍSAL hafi verið grundvöllur þess, að unnt var að ráðast í byggingu Búrfellsvirkjunar á fjárhagslega viðráðanlegan hátt. Hefur samningurinn því í för með sér, að kostnaðarverð raforku til almennrar notkunar verður miklum mun hagstæðara á næstu árum heldur en verið hefði, ef Búrfellsvirkjun hefði verið byggð án stóriðju eða farið hefði verið út í að byggja smærri og óhagkvæmari virkjanir.

Að síðustu er svo á það bent, að raforkusölusamningurinn við ÍSAL er undirstaða heildarsamningagerðar um uppbyggingu stóriðju í landinu, sem færa mun þjóðarbúinu mjög miklar tekjur og skapa fjölda manns atvinnu. Munu aðeins líða um 6 ár, þar til heildargjaldeyristekjur af álbræðslunni verða orðnar jafnar öllum stofnkostnaði Búrfellsvirkjunar.

Stofnkostnaður

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á núverandi áætlun um stofnkostnað Búrfellsvirkjunar, að vatnsréttindum frátöldum, og þeirri áætlun, sem lögð var fyrir Alþingi árið 1966:

1. tafla.

Áætlaður stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar.

	Upprunaleg áætlun 1$ = 43.0 kr.		Núverandi áætlun 1$ = 88.1 kr.	
Verkþættir áætlaðir af Harza	Millj. Kr.	Millj. $	Millj. Kr.	Millj. $
Fyrsti virkjunaráfangi, 105 MW	1 354.5	31.50	2 869.5	32.57
Síðari virkjunaráfangar, 105 MW	219.5	5.10	230.0	2.61
	1 574.0	36.60	3 099.5	35.18
Byrjunarmiðlun í Þórisvatni	86.0	2.00	130.5	1.48
	1 660.0	38.60	3 230.0	36.66
Verkþættir áætlaðir af Landsvirkjun				
Aðflutningsgjöld og skattar	–	–	44.0	0.50
Gengistap á lánum fyrir innl. kostn.	–	–	154.0	1.75
Vextir og lántökukostnaður	180.5	4.20	360.0	4.09
	1 840.5	42.80	3 788.0	43.00

Í núverandi áætlun Harza er gengistap á lánum fyrir erlendum kostnaði meðtalið. Sama gildir um vexti og lántökukostnað.

Þegar gengisbreytingar verða, hækkar innlent verðlag og þar með innlendi kostnaðarhlutinn, en þó hvergi nærri svo fyrst í stað, að áætlanir eiga ekki að lækka, þegar í dollurum er reiknað. Eins og áætlanir Harza bera með sér, hefur þetta ekki átt sér stað við fyrsta áfanga, sem hefur hækkað úr 31.50 í 32.57 eða um 1.07 millj. dollara. Ástæðurnar eru í aðalatriðum hækkanir innlends verðlags, aukagreiðslur vegna erlendra iðnaðarmanna, sem óhjákvæmilegt var að ráða vegna þess, að nægir innlendir starfskraftar voru ekki fáanlegir, sérstaklega á árunum 1966—67, tilflutningur verka frá síðari framkvæmdastigum til fyrsta stigs vegna aukins hraða í framkvæmdum, of lágar áætlanir í sumum tilfellum og loks aukagreiðslur til verktaka, sem samþykktar hafa verið. Sé aftur litið á áætlanir Harza um síðari áfanga virkjunarinnar, lækkar kostnaðurinn úr 5.10 í 2.61 eða um 2.49 millj. dollara.

Hér eru ástæðurnar í aðalatriðum flutningur framkvæmda milli virkjunarstiga, eins og áður segir, og að nú má reikna með, að ýmis aukakostnaður falli niður og að innkaup á vélum og rafbúnaði verði hagkvæmari en áætlað var, þegar reiknað var með, að lúkningu virkjunarinnar yrði dreift á fleiri ár.

Eins og 1. tafla ber með sér, er heildarniðurstaðan sú, að áætlaður stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar allrar er svo að segja hinn sami í dollurum talið og upprunalega var reiknað með þrátt fyrir hinn margvislega aukakostnað, sem á virkjunina hefur fallið og ekki var reiknað með upphaflega, svo sem áðurnefndar aukagreiðslur vegna erlends vinnuafls og til verktaka, gengistap vegna lána fyrir innlendum kostnaði, hækkun innlends verðlags vegna gengisfellinga og nokkur aðflutningsgjöld.

Bókfærður stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar þann 30. sept. 1969, að vatnsréttindum frátöldum, er sýndur í 2. töflu, og er þá miðað við núverandi gengi, þ. e. a. s. 1 $ = 88.1 kr.

2. tafla.

Bókfærður stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar þann 30. sept. 1969, miðað við gengið 1 $ = 88.1 kr.

Fyrsti virkjunaráfangi, 105 MW	Millj. kr.
Undirbúningskostnaður	73.12
Verkfræðikostn. og almennur kostn. Landsvirkjunar	32.67
Verkfræði- og eftirlitsstörf Harza	212.92
Fosskraft	1 262.63
Hverflar, rafalar, rafbúnaður o. fl.	135.56
Spennistöðvar	184.96
Háspennulínur	213.49
Stöðvarvarðahús, vatnsveita, rafkerfi, götur	12.24
Eftirlitskampur, lausafjármunir, bráðabirgðasími	13.70
Ísmælitæki, ísaaðgerðir	6.19
Ræktun, listaverk, ljós- og kvikmyndun, sundlaug	5.31
Laun ýmissa starfsmanna, ótalin áður	2.81
Gengistap á lánum fyrir erlendum kostnaði	632.75
Annar kostnaður	2.82
	2 791.17
Aðflutningsgjöld og skattar	27.78
Gengistap á lánum fyrir innlendum kostnaði	154.00
Vextir og lántökukostnaður	283.27
Gengistap á lánum fyrir vöxtum og lánskostnaði	57.10
	3 313.32
Þórisvatnsvegur, Tungnaárbrú, háspennulína og miðlunarrannsóknir	17.78
	3 331.10

Hér eru meðtaldir ógreiddir mánaðarreikningar verktaka og ógreiddir áfallnir vextir fram til 30. sept. s. l., en þann 1. október var virkjunin tekin í rekstur að fullu. Séu 1. og 2. tafla bornar saman, kemur í ljós, að miðað við þá miðlun, sem upprunalega var reiknað með, en að henni verður vikið síðar, var í septemberlok eftir að framkvæma verk fyrir 457 millj. kr. Af þeirri upphæð voru 93 millj. kr. vegna fyrsta áfanga virkjunarinnar og 364 millj. kr. vegna lúkningar hennar.

Vatnsréttindi Þjórsársvæðisins alls voru keypt af Títan árið 1951 fyrir 600 þús. norskar krónur og 200 þús. íslenzkar, en á núverandi gengi samsvarar það 7.6 millj. kr. Í bókum Landsvirkjunar eru vatnsréttindi Búrfellsvirkjunar einnar færð á 42.24 millj. kr., og var sú upphæð færð sem framlag ríkisins við stofnun Landsvirkjunar. Það má sjálfsagt lengi deila um það, hvernig þessi réttindi skulu metin, en þar sem þau voru ekki talin með í hinni upprunalegu áætlun um Búrfellsvirkjun, hefur þótt rétt að telja þau ekki með hér, þegar bornar eru saman upprunalegar og núverandi áætlanir.

Í áðurnefndri áætlun um Búrfellsvirkjun, sem lögð var fyrir Alþingi árið 1966, var reiknað með, að 40 MW gasaflstöð mundi kosta 120 millj. kr. eða 2.8 millj. dollara miðað við þáverandi gengi. Sú stöð, sem endanlega var keypt, er 35 MW og kostar 280 millj. kr. eða 3.18 millj. dollara, og var bókfærður kostnaður þann 30. sept. s. l. 262.3 millj. kr. Stafar þessi hækkun að nokkru af því, að keypt var endingarbetri stöð en fyrst var ráðgert, en þó aðallega af því, að miklar verðhækkanir urðu á gasaflstöðvum á árunum 1966/67. Munu þær hækkanir m. a. hafa átt rót sína að rekja til straumleysisins mikla, sem varð á austurströnd Bandaríkjanna í nóvembermánuði 1965, en sá atburður olli mikilli eftirspurn á varastöðvum.

Fjáröflun

Í hinum upprunalegu áætlunum 1966 var reiknað með, að Búrfellsvirkjun og gasaflstöðin yrðu fjármögnuð eins og segir í 3. töflu, en á þeim tíma áætluðust þessi mannvirki kosta alls 1960.5 millj. kr. eða 45.6 millj. dollara, eins og áður segir.

3. tafla.

Upprunaleg áætlun um fjármögnun Búrfellsvirkjunar og gasaflstöðvar.

1 $ = 43.0 kr.

Erlendir lánveitendur	Millj. kr.	Millj. $
Alþjóðabanki	774.0	18.0
Aðrar lánastofnanir	451.5	10.50
Framleiðendur	86.0	2.00
	1 311.5	30.50
Innlendir lánveitendur		
Ríkissjóður	200.0	4.65
Eigendur Landsv. (framlög)	139.5	3.25
Fé úr rekstri, fyrsti áfangi (1966—1969)	136.8	3.18
Fé úr rekstri, síðari áfangi (1970—1975)	172.7	4.02
	1 960.5	45.60

Nú áætlast sömu mannvirki kosta 4068.0 millj. kr. eða 46.18 millj. dollara og fjármagnast þannig:

4. tafla.

Núverandi áætlun um fjármögnun Búrfellsvirkjunar og gasaflstöðvar.
1 $ = 88.1 kr.

Erlendir lánveitendur	Millj. kr.	Millj. $
Alþjóðabanki	1 585.8	18.00
Aðrar lánastofnanir	1 591.0	18.06
Framleiðendur	327.7	3.72
	3 504.5	39.78
Innlendir lánveitendur		
Ríkissjóður	304.6	3.46
Eigendur Landsvirkjunar	139.5	1.58
Fé úr rekstri, fyrsti áfangi (1966—1969)	56.2	0.64
Fé úr rekstri, síðari áfangi (1970—1971)	63.2	0.72
	4 068.0	46.18

Samanburður á 3. og 4. töflu sýnir, að meginástæðan fyrir því, að lántökur þurfa að vera meiri en upprunalega var reiknað með, er sú, að miklu minna fé hefur fengizt úr rekstri en áætlað var. Fyrir því liggja einkum eftirfarandi ástæður: Í fyrsta lagi hefur gjaldskrá Landsvirkjunar verið hækkuð svo mikið vegna áhrifa gengislækkana á afborganir og vexti af eldri erlendum lánum að viðbættum hækkunum vegna álagningar verðjöfnunargjalds á rafmagn, að ekki hefur þótt fært að framkvæma verðhækkanir, sem nauðsynlegar hefðu verið til að tryggja jafnmikinn greiðsluafgang og áætlaður var. Í öðru lagi hefur erfitt efnahagsástand valdið því, að rafmagnssala hefur vaxið hægar en áður. Í þriðja lagi hafa útgjöld til rannsókna svo og til viðhalds og breytinga á eldri mannvirkjum bæði við Sog og Elliðaár orðið meiri en reiknað var með. Síðast en ekki sízt er virkjunin nú fullbyggð á mun skemmri tíma en áætlað var, svo minni tími er til að safna fé til hennar af ágóða fyrirtækisins sjálfs.

Að ríkissjóðsláninu frátöldu hefur Alþingi fram til þessa veitt Landsvirkjun heimild til 38.0 millj. dollara lántöku. Af þeirri upphæð hafa nær 36.5 millj. dollara verið teknar að láni, eins og sýnt er í 5. töflu, og eru þá ekki meðtalin bráðabirgðalán, en þau hafa verið og verða greidd með hinum föstu lánum.

5. tafla.

Erlendar lántökur vegna Búrfellsvirkjunar og gasaflstöðvar þann 1. des. 1969.
1 $ = 88.1 kr.

	Upphæð Millj. $	Upphæð Millj. kr.	Vextir %	Endurgreiðsluár
Alþjóðabanki	18.00	1 585.8	6	1971—1991
Skuldabréf, New York	6.00	528.6	7	1974—1984
Bankalán, New York	6.00	528.6	8	1972—1974
Bankalán, V.-Þýzkalandi	4.00	352.4	7.5	1975—1979
Framleiðendur, V.-Þýzkalandi	2.36	207.9	6.5	1970—1979
	36.36	3 203.3		

Meðalvextir þessara lána eru sem næst 6,7%.

Kostnaðarverð raforku og orkusölusamningurinn við ÍSAL

Það er einkenni raforkuvera samanborið við flest önnur framleiðslutæki, að rekstrar- og viðhaldskostnaður þeirra er ákaflega lítill, svo að verð raforkunnar ákvarðast öðru fremur af stofnkostnaði mannvirkjanna. Síðan segir endingartími

og fjármagnskostnaður til um það, hve mikill hinn árlegi rekstrarkostnaður er, og þar með framleiðsluverð á orkueiningu. Þegar meta skal kostnaðarverð raforku út frá gefnum stofnkostnaði, verður því að ganga út frá ákveðnum forsendum um afskriftatíma mannvirkjanna og fjármagnskostnað. Af hálfu Landsvirkjunar hefur verið gengið út frá þeim forsendum, að afskriftatíminn væri 40 ár og vextir 7%. Þegar reiknað er með föstum árlegum kostnaði afskrifta og vaxta og 1% rekstrarkostnaði á ári, gefur þetta 8.5% árlegan rekstrarkostnað miðað við stofnkostnað.

Um afskriftatímann, sem hér er notaður, er það að segja, að hann er byggður á þeirri reynslu, að endingartími nýtízku vatnsaflsvirkjana af þessu tagi er mjög langur, a. m. k. 60—70 og sennilega 70—90 ár, svo að 40 ára afskriftatími er sízt of langur. Vextirnir, sem við er miðað, eru valdir af því, að þeir eru nokkru hærri en meðalvextir af þeim lánum, er Landsvirkjun hefur fengið til Búrfellsvirkjunar.

Af þessu er ljóst, að kostnaðarverð raforku hlýtur að fara eftir þeim forsendum, sem réttastar eru taldar hverju sinni. Til samanburðar við þetta má nefna, að í bréfi Harza til raforkumálaráðherra, dags. 8. nóvember s. l., er raforkuverðið reiknað á mjög svipaðan hátt. Reiknar Harza þar með 40 ára afskriftatíma og telur eðlilegt að reikna vexti á bilinu 6½—7½ á ári. Út frá þessum forsendum liggur rekstrarkostnaður á ári á milli 8.1% og 8.9% af stofnkostnaði.

Loks er þess að geta, að í nýlegum heildaráætlunum um virkjanir á Þjórsár- og Hvítársvæðinu hafa sérfræðingar ráðnir af Sameinuðu þjóðunum reiknað kostnaðarverð raforku út frá 9% rekstrarkostnaði á ári, en það samsvarar t. d. 7½% vöxtum og 39 ára afskriftatíma. Því hefur verið haldið fram, að það sé venja hér á landi að reikna árlegan rekstrarkostnað raforkuvera 10% af stofnkostnaði. Þótt slíkt hafi vissulega oft verið gert, er fjarri því, að þessi aðferð hafi neitt sérstakt sér til ágætis, enda hefur hún fyrst og fremst verið notuð í lauslegum áætlunum, þar sem aðstæður til nákvæmari útreiknings hafa enn ekki verið fyrir hendi. Eru því engin rök fyrir því, að hún eigi við um útreikning raforkuverðs frá Búrfelli. Verður því hér á eftir reiknað með 8.5% árlegum kostnaði, eins og Landsvirkjun hefur gert til þessa, en til samanburðar sýnt raforkuverð, eins og það mundi vera reiknað eftir aðferð sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna.

Eins og gerð hefur verið rækileg grein fyrir hér að framan, er áætlaður stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar fullgerðrar ásamt tilheyrandi miðlunarmannvirkjum við Þórisvatn 3790 millj. kr. Áætluð ársframleiðsla í virkjuninni fullnýttri er 1720 millj. kílóvattstunda. Miðað við 8.5% árlegan kostnað verður kostnaðarverð raforku á kílóvattstund 18.7 aurar. Sé hins vegar reiknað með 9% árlegum kostnaði, eins og sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna gera, verður kostnaðarverð á kílóvattstund 19.8 aurar. Eru þessir reikningar í samræmi við það, sem gengið var út frá, þegar samningarnir um orkusölu til ÍSAL voru gerðir á árinu 1966.

Nú er hins vegar rétt að taka tillit til tveggja atriða, sem hér skipta einnig máli. Er þá fyrst að nefna gasaflstöð þá, sem Landsvirkjun hefur látið reisa við Straumsvík, en stofnkostnaður hennar er 280 millj. kr. Þótt stöð þessari hafi í upphafi fyrst og fremst verið ætlað að vera varastöð fyrir Búrfellsvirkjun, mun hún einnig verða mikilvæg fyrir kerfi Landsvirkjunar í heild, bæði sem toppstöð og varastöð. Með auknum miðlunum mun þörfin fyrir hana vegna Búrfellsvirkjunar sérstaklega að mestu hverfa úr sögunni, og er því ekki réttmætt að telja kostnaðarverð hennar að öllu leyti sem viðbót við kostnaðarverð orku frá Búrfellsvirkjun. Sé það engu að síður gert, mundi það hækka kostnaðarverðið um 1.4 aura á kílóvattstund, eða upp í 20.1 eyri.

Í annan stað er nú rétt að taka tillit til þess, að framleiðsluafköst véla Búrfellsvirkjunar hafa reynzt um 15% meiri en málraun segir til um. Þótt að þessu væri stefnt við hönnun mannvirkja, hefur ekki þótt rétt að taka tillit til þess í kostnaðarreikningum, fyrr en það væri staðfest af prófunum. Aflaukning virkjunarinnar af þessum sökum nemur 30 MW, en það eykur toppafl og varaafl kerfisins að sama skapi. Hins vegar gerir það einnig kleift að auka orkuframleiðslu

virkjunarinnar, en til þess þarf að vetrarlagi viðbótarvatn frá framtíðarmiðlunum ofar á vatnasvæðinu. Með hliðsjón af því, að nú er fyrirhuguð örari uppbygging raforkukerfis Landsvirkjunar með frekari virkjunum við Tungnaá, er nú stefnt að því að gera mun stærri miðlunarmannvirki við Þórisvatn en upphaflega var ráðgert. Munu þessi miðlunarmannvirki geta tryggt fullnýtingu þess aukna afls Búrfellsvirkjunar og auka árleg afköst hennar úr 1720 millj. kílóvattstunda í 1970 millj. kílóvattstunda. Er talið líklegt, að kostnaður þessara miðlunarmannvirkja verði um 500 millj. umfram það, sem þegar er meðtalið í áætlunum um Búrfellsvirkjun. Sé Búrfellsvirkjun ætlað að bera 60% þessa kostnaðar, en Tungnaárvirkjun um 40%, mun þetta auka stofnkostnað Búrfellsvirkjunar um 300 millj. kr.

Sé nú stofnkostnaður reiknaður, að meðtöldum öllum stofnkostnaði gasaflstöðvarinnar og þessum aukna miðlunarkostnaði, nemur hann samtals 4370 millj. kr. Afkastageta Búrfellsvirkjunar fullnýttrar mundi þá verða 1970 millj. kílóvattstunda, en kostnaðarverð raforku á kílóvattstund 18.9 aurar miðað við 8.5% árlegan kostnað, en 20.0 aurar miðað við aðferð sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna.

Þessu til samanburðar er söluverð raforku til ÍSAL 26.4 aurar fyrstu 6 árin, en síðan 22 aurar. Það finnst því í þessum tölum engin stoð fyrir þeirri fullyrðingu, að raforka til ÍSAL sé seld undir kostnaðarverði.

Hagkvæmni stórs orkusölusamnings

Hitt er svo annað mál, að kostnaðarverðið hlýtur að vera hærra fyrstu árin, á meðan mannvirkin eru ekki fullnýtt. Allmikið hefur verið úr þessu gert, eins og hér væri um nýja uppgötvun að ræða, sem kollvarpaði öllu, sem sagt hefur verið um raforkusölusamningana við ÍSAL. Sannleikurinn er hins vegar sá, að það er einmitt hið háa verð raforku frá ófullnýttum vatnsaflstöðvum, sem gerir raforkusölusamningana við ÍSAL sérstaklega hagkvæma fyrir Landsvirkjun, eins og nú mun nánar sýnt fram á.

Það er þá fyrst að benda á þá augljósu staðreynd, að stórvirkjanir verða ekki byggðar í smáskömmtum. Hagkvæmni þeirra fær því aðeins notið sín, að unnt sé að tryggja sölu raforkunnar, er þær framleiða, tiltölulega fljótt. Hin fjárhagslegu lögmál, er lúta að byggingu raforkuvera, hvíla á þeirri tæknilegu staðreynd, að meðalframleiðslukostnaður raforku verður að jafnaði þeim mun lægri sem raforkuverin eru stærri. Varðandi vatnsorkuver koma að vísu til greina mismunandi virkjunaraðstæður á hverjum stað, en í meginatriðum hafa orkurannsóknir hér á landi staðfest þá reglu, að orkuverð verði þeim mun hagstæðara sem hægt er að byggja í stærri stíl, og langhagkvæmast í hinum miklu jökulfljótum, eins og Þjórsá, þar sem saman fer mikið vatnsmagn og mikil fallhæð. Til dæmis um þennan mun má nefna það, að meðalkostnaðarverð á kílóvattstund frá Steingrímsstöð, síðustu Sogsvirkjuninni, nemur, að frádregnum kostnaði af toppafli, um 40 aurum á kílóvattstund, reiknað á sama hátt og gert hefur verið hér að framan varðandi Búrfellsvirkjun og á núverandi verðlagi. Þótt enn sé unnt að byggja nokkrar smærri virkjanir á Suðvesturlandi, er nálgist Sogsvirkjanirnar að hagkvæmni, hafa athuganir löngu leitt í ljós, að smávirkjanir mundu hafa í för með sér sívaxandi kostnaðarverð á raforku. Var þetta meginröksemdin fyrir því, að sett voru ný lög um Landsvirkjun á árinu 1965 og ákveðið að ráðast í virkjun Þjórsár við Búrfell. Kom þetta skýrt fram í greinargerðum, er þá voru lagðar fram.

Í fyrsta lagi var þá sýnt, að virkjun við Búrfell til almenningsnotkunar yrði til lengdar mun hagkvæmari leið en bygging smávirkjana. Í öðru lagi kom fram, að slík virkjun mundi verða mjög erfið fjárhagslega framan af, en þeir erfiðleikar mundu stórlega minnka, ef unnt væri að selja verulegan hluta orkunnar til stóriðju. Þetta stendur óhaggað í dag, eins og sjá má á eftirfarandi töflu, er sýnir áætlað meðalkostnaðarverð á selda kílóvattstund frá Búrfellsvirkjun eftir því, hvort raforka er seld til álbræðslu eða eingöngu virkjað fyrir innlendan markað. Er þá miðað við orkumark-

aðinn eins og hann er áætlaður nú og framleiðsla Sogsvirkjunar dregin frá heildarframleiðslunni:

6. tafla.

Áætlað meðalkostnaðarverð í aurum á selda kwst frá Búrfellsvirkjun.

Ár	Með sölu til ÍSAL		Án sölu til ÍSAL
1970	47.4		224.0
1971	41.3		143.5
1972	31.9		105.5
1973	24.7		84.5
1974	22.7		77.8
1975	20.9		64.2
1976	20.2		53.9
1977	20.1	(fullnýting)	52.5
1978	20.1		45.3
1979	20.1		39.7
1980	20.1		34.9

Í þessum samanburði er reiknað með því, að Búrfellsvirkjun hefði verið byggð í miklu smærri áföngum, ef ekki hefði verið um stóriðju að ræða, og að fresta hefði mátt miklum hluta framkvæmdanna, jafnvel umfram það, sem raunhæft getur talizt. Þannig hefur verið reiknað með því, að í byrjun hefði aðeins verið sett upp ein 35 MW vélasamstæða, en öllu líklegra er, að þær hefðu orðið tvær, að hluta af stíflum hefði verið frestað, en ísatilraunirnar í Þrándheimi benda til þess, að slíkt hefði ekki verið hægt, að stöðvarhúsið hefði verið reist í mörgum áföngum, sem óvíst er, að orðið hefði í reynd o. fl. Engu að síður sýnir samanburðurinn ljóslega, að orka frá Búrfellsvirkjun hefði orðið miklu dýrari um margra ára skeið, ef virkjað hefði verið eingöngu fyrir almenna markaðinn. Er augljóst, að slík virkjun hefði orðið Landsvirkjun fjárhagslega mjög erfið.

Þegar hins vegar er um að ræða orkusölu til ÍSAL, lækkar orkuverðið fyrstu árin niður í kringum ¼ hluta þess, sem það ella hefði orðið. Er kostnaðarverðið á orkueiningu fyrst í stað hærra en söluverðið til ÍSAL, en fer niður fyrir það strax á árinu 1973, svo að eftir það nýtur almenniskerfið til fulls hagkvæmninnar af hinu lága orkuverði, sem Búrfellsvirkjun býður upp á. Hefði Búrfellsvirkjun eingöngu verið gerð fyrir almenna markaðinn, hefði hins vegar þurft að bíða langt fram yfir 1980, áður en ávinningur hins hagkvæma orkuverðs hefði komið almenniskerfinu til fullra nota.

Það, sem nú hefur verið rakið um hagkvæmni stórra orkusölusamninga, eru engin ný sannindi, og eru ótal dæmi um það í heiminum, að hagkvæmt hefur þótt að selja raforku tiltölulega ódýrt til stóriðju, oft jafnvel undir kostnaðarverði, til þess að geta ráðizt í stórar og hagkvæmar virkjunarframkvæmdir. Eitt dæmi um þetta er samningur Sogsvirkjunar um sölu afgangsorku til Áburðarverksmiðjunnar á aðeins ⅙ af verði til innlendra rafveitna. Þótt þessi samningur réði að vísu ekki úrslitum um byggingu Írafossvirkjunar, var hann Sogsvirkjun tvímælalaust hagstæður, jafnframt því sem hann gerði kleift að ráðast í fyrstu stóriðjuframkvæmd hér á landi. Til viðbótar því, sem nú hefur verið rakið, er rétt að benda á mikilvægi þess fyrir fjárhag Landsvirkjunar, að raforkusölusamningurinn við ÍSAL er gerður í erlendum gjaldeyri, en tekjur af honum munu standa undir meginhlutanum af erlendum kostnaði virkjunarinnar. Þannig munu tekjurnar af raforkusölusamningnum nægja til að endurgreiða lán til virkjunarinnar, er nema ¾ af stofnkostnaðinum, á 25 árum með 7% vöxtum, enda þótt álbræðslan noti aðeins um ⅔ af framleiddri orku.

Sé litið á allt það, sem nú hefur verið rakið, af raunsæi og sanngirni, verður sú niðurstaða ekki umflúin, að án raforkusölusamningsins við ÍSAL hefði bygging Búrfellsvirkjunar orðið Landsvirkjun óviðráðanlegt átak. Hér er því einfaldlega um það að tefla, hvort Íslendingar áttu að sjá fyrir vaxandi raforkuþörfum með

byggingu smárra og tiltölulega dýrra orkuvera, sem ekki hefðu skapað nein ný tækifæri til aukinnar iðnvæðingar. Eða áttu þeir að taka þann kost, sem nú hefur verið valinn, að leggja í það stórvirki að beizla orku jökulfljótanna og ná þannig tveimur markmiðum samtímis: ódýrari orku fyrir almenningsrafveiturnar í framtíðinni og uppbyggingu nýrrar stóriðju á Íslandi? Enginn hefur haldið því fram, að beizlun Þjórsár væri átaka- eða áhættulaust fyrirtæki. Á hinn bóginn var til mikils að vinna, ef vel tækist. Ekkert hefur enn komið fram, síðan framkvæmdir hófust við Búrfell, sem sýnir, að þær hafi verið byggðar á röngum forsendum.

Raforkuverð til almenningsveitna

Áður en skilizt sé við þetta mál, er rétt að svara þeirri spurningu, hvers vegna raforkuverð til almenningsrafveitna þurfi að vera hærra en til ÍSAL. Að vísu liggur hluti af svarinu við þessari spurningu í því, sem þegar hefur verið sagt, en rétt þykir þó að gera heildargrein fyrir þessu máli vegna þess, hve mikilvægt það er frá sjónarmiði almennings.

Það er þá fyrst á það að benda, að það, sem raunverulega skiptir máli frá sjónarmiði hins almenna notanda, er ekki það, hvort verðið til ÍSAL sé hærra eða lægra en verðið til almenningsveitnanna, heldur hitt, hvort sölusamningurinn við ÍSAL hafi haft áhrif á innlenda verðið til hækkunar eða lækkunar. Varðandi þetta atriði á að nægja að vísa til þess, sem þegar hefur verið sýnt fram á um þetta efni. Á því er enginn vafi, að raforkusölusamningurinn við ÍSAL muni í sjálfu sér hafa áhrif til lækkunar á verð til almenningsrafveitna miðað við það, sem ella hefði orðið. Á hinn bóginn eru tvær fjárhagslegar ástæður til þess, að hagkvæmari virkjanir geta ekki strax leitt til hagstæðara raforkuverðs fyrir almenningsveitur.

Fyrri ástæðan er sú, að ráðizt hefur verið í Búrfellsvirkjun án verulegs eiginfjárframlags af hálfu eigenda eða út úr rekstri fyrirtækisins. Hefur því orðið að standa undir framkvæmdum að langmestu leyti með lánsfé. Þótt lánin til virkjunarinnar séu yfirleitt hagkvæm, er greiðslutími þeirra mun skemmri en venjulegur afskriftartími mannvirkjanna, og er því greiðslubyrði Landsvirkjunar allmikil framan af. Hjá þessu verður ekki komizt, enda felst það í örari endurgreiðslu lána, að Íslendingar eru raunverulega að eignast virkjunina á miklu skemmri tíma en endingartíma hennar. Þegar lánin eru að fullu greidd, verður virkjunin skuldlaus eign þjóðarinnar, en eftir það á hún að geta haldið áfram að framleiða stórkostleg verðmæti áratugum saman.

Hin ástæðan til þess, að nauðsynlegt er að halda tiltölulega háu rafmagnsverði til almenningsveitna næstu árin, eru áætlanir Landsvirkjunar um mjög öra uppbyggingu raforkukerfisins, er geti lagt grundvöll að frekari stóriðjuframkvæmdum. Í rauninni hefði verið eðlilegast, að Landsvirkjun hefði fengið mun meiri eiginfjárframlög frá eignaraðilum, ríkinu og Reykjavíkurborg, bæði til Búrfellsvirkjunar og áframhaldandi virkjunarframkvæmda. Hefði þá verið tiltölulega auðvelt að stilla hækkun verðlags innanlands mjög í hóf. Hins vegar hefur það orðið ofan á nú, eins og svo oft áður, að aukning eigin fjár hefur orðið að eiga sér stað að mestu leyti með hækkuðu verði. Jafnframt þurfa menn að gera sér grein fyrir því, að með þessum verðhækkunum eru þeir að leggja fjármagn til örari uppbyggingar raforkukerfisins og til bættrar fjárhagsstöðu Landsvirkjunar, en af hvoru tveggja munu þeir hafa stórfelldan hag, þegar til lengdar lætur.

Til viðbótar þessu má svo nefna tvær tæknilegar ástæður fyrir því, að eðlilegt verður að teljast, að raforkuverð til almenningsveitna sé hærra en til stóriðju, eins og álbræðslu. Er önnur ástæðan, og sú veigaminni, fólgin í því, að raforka til rafveitna er seld niðurspennt, og tekur Landsvirkjun þann kostnað á sig. Álbræðslan fær hins vegar raforkuna óniðurspennta.

Hin ástæðan er miklu veigameiri, en hún felst í hinum langa nýtingartíma, sem álbræðslur hafa. Mjög nærri liggur, að álbræðslur noti jafna orku nætur og

daga árið um kring, og er þessi langi nýtingartími mjög hagkvæmur fyrir vatnsaflsvirkjanir, eins og Búrfellsvirkjun og aðrar virkjanir, sem fyrirhugaðar eru á Þjórsársvæðinu. Almenningsveiturnar nota hins vegar raforku með mjög mismunandi álagi, og er nýtingartími þeirra aðeins um helmingur nýtingartíma álbræðslunnar. Auk þess er álag almenningsveitnanna mest að vetri til, þegar vatnsrennsli í ám er minnst. Til þess að mæta álagi almenningsrafveitna þarf Landsvirkjun því að hafa mun meira vélaafl til að framleiða sama kílóvattstundafjölda á ári. Meðalkostnaðarverð raforku til neytenda með lítinn nýtingartíma er því hærra en til neytenda með langan nýtingartíma. Hversu mikill munur þetta er, fer eftir aðstæðum á hverjum stað, en ekki mun fjarri að reikna framleiðslukostnað á kílóvattstund til almenningsrafveitna á Suðvesturlandi um þriðjungi hærri en til álbræðslu eingöngu vegna óhagstæðari nýtingartíma.

Niðurlag

Þótt framangreind rök nægi fyllilega til þess að sýna fram á hagkvæmni orkusölusamningsins við ÍSAL fyrir Landsvirkjun og þróun raforkukerfisins, verður ekki skilizt svo við þetta mál, að ekki verði bent á þann stórkostlega óbeina hagnað, sem raforkusölusamningurinn hefur í för með sér. Þessi samningur er aðeins hluti af heildarsamningagerð, er náði bæði til byggingar Búrfellsvirkjunar og álbræðslunnar í Straumsvík. Jafnframt er orkusölusamningurinn hinn raunverulegi hornsteinn samningsgerðarinnar í heild, því að það er hið hagstæða raforkuverð, sem ráðið hefur úrslitum um það, að álbræðslan hefur verið byggð hér á landi. Hinn margvíslegi hagur, sem þjóðarbúið hefur af byggingu og rekstri álbræðslunnar, er því bein afleiðing orkusölusamningsins. Það er því ekki ástæðulaust að ljúka þessari greinargerð með því að draga saman nokkur atriði varðandi áhrif samningagerðarinnar í heild.

Fyrst er þá þess að geta, sem ferskast ætti að vera í hugum þeirra, sem nokkuð fylgjast með atvinnumálum, en það eru hinar miklu atvinnutekjur, sem fylgt hafa byggingu álbræðslunnar og Búrfellsvirkjunar. Ekki liggja enn fyrir nákvæmar tölur um þetta hvort tveggja, en láta mun nærri, að 3000 mannár hafi verið unnin af Íslendingum við þessar framkvæmdir. Ætti ekki að þurfa að fjölyrða um það, hve mikilvæg þessi atvinna hefur verið á undanförnum erfiðleikaárum í atvinnulífi þjóðarinnar.

Næst er svo að nefna hinar miklu skatttekjur, er ÍSAL mun greiða, en þær eru að flestu leyti sambærilegar við raforkuverðið, þar sem um beinar tekjur er að ræða, sem eru langt umfram þá þjónustu, sem opinberir aðilar láta ÍSAL í té. Skattgjaldið er ákveðið þannig, að það er tiltekin fjárhæð á tonn af áli, sem framleitt er, en fer þó ört hækkandi, ef verð á áli fer yfir ákveðið mark. Fór álverðið yfir þetta mark nú í október s. l., en það veldur því, að framleiðslugjaldið hækkar um 3.50 dollara á tonn. Eru yfirleitt taldar líkur fyrir því, að álverð fari enn hækkandi á næstu árum. Mun það hafa í för með sér mjög hækkandi skatttekjur, en með því móti má segja, að byggð sé inn verðtrygging í samningagerðina í heild. Sé miðað við núverandi verðlag á áli, má reikna með því, að skatttekjur af álbræðslunni muni næstu 25 árin nema nær 4000 millj. kr., eða um 50 millj. dollara, en tekjur af raforkusölunni um 6500 millj. kr., eða 74 millj. dollara. Samtals eru þessar gjaldeyristekjur nær 11000 millj. kr., eða hátt í þrisvar sinnum meiri en allur stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar. Munu gjaldeyristekjurnar af þessu tvennu fyrstu 15 árin nægja til þess að endurgreiða öll lán vegna virkjunarinnar með 7% vöxtum.

Loks eru þó enn ótaldar þær beinu atvinnutekjur, sem Íslendingar munu fá af rekstri álbræðslunnar, þó að sleppt sé tekjum af byggingu síðara áfanga hennar. Erfiðara er að áætla þessar tekjur, þar sem þær eru háðar verðlagi og kaupgjaldi, en um 500 manns munu verða starfandi við álbræðsluna, þegar síðara áfanga hennar er lokið. Sé miðað við núverandi laun og verðlag, er áætlað, að árlegar innlendar

tekjur af rekstri álbræðslunnar muni nema yfir 350 millj. kr. Munu ekki líða nema um 6 ár, þangað til heildargjaldeyristekjur af álbræðslunni, þ. e. a. s. af raforkusölu, sköttum og rekstri, verða orðnar jafnháar og stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar.

Reykjavík, 5. des. 1969.

Jóhannes Nordal, stjórnarformaður. Eiríkur Briem, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal II.

Harza Engineering Company International
Consulting Engineers — River Projects

8. nóvember 1969

Raforkumálaráðuneytið,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

Efni: Búrfellsvirkjun

Fyrir milligöngu Landsvirkjunar hafið þér farið fram á, að við létum yður í té upprunalega og núverandi kostnaðaráætlun okkar fyrir Búrfellsvirkjun fullgerða ásamt áætlun okkar um kostnaðarverð á orkueiningu frá virkjuninni.

Byggingarkostnaður

Búrfellsvirkjun fullgerð tekur til aflstöðvar við Búrfell með sex 35 MW vélasamstæðum, 220 kV aðalorkuveitu frá Búrfelli um Írafoss að Geithálsi og Straumsvík og byrjunarmiðlun, um 500 milljón teningsmetra, úr Þórisvatni. Hér á eftir fer samanburður á núverandi áætlun okkar um stofnkostnað Búrfellsvirkjunar við áætlun okkar í „Definite Project Report" frá apríl 1965 og þá áætlun eins og hún var eftir endurskoðun í febrúar 1966:

	Kostnaður (í jafngildi milljóna Bandaríkjadollara) Áætlun frá:		
Verkþættir	Apríl 1965	Febrúar 1966	Nóvember 1969
Fyrsti áfangi, 3 vélasamstæður .	28.37	31.5[1])	32.6
Framtíðarverk:			
Viðbót þriggja vélasamstæða	6.88	5.1	2.6
Byrjunarmiðlun Þórisvatns ..	2.00	2.0	1.5
Virkjunin fullgerð	37.25	38.6	36.7

Byggingarkostnaðaráætlun okkar felur ekki í sér vaxtakostnað á byggingartíma, vatnsréttindi, lántökukostnað, gengistöp, aðflutningsgjöld og skatta. Núverandi áætlun felur hins vegar í sér fjárhæð, sem við teljum vera sæmilega ríflega til þess að mæta kröfum frá verktökum, og er þá byggt á fyrri reynslu okkar af sams konar verkum annars staðar í heiminum.

Í framkvæmd hafa verið gerðar margar tiltölulega smávægilegar breytingar, viðbætur og niðurfellingar á heildarverkinu, og er tekið tillit til þessa í áætlununum. Slíkar breytingar eru eðlilegar í þróun verksins frá upphaflegum áætlunum til verkloka.

1) Grundvöllur Alþjóðabankans fyrir lánveitingu

Það er athyglisvert, að stofnkostnaður verksins í heild, sem í dag er þekktur með góðri nákvæmni, kemur mjög vel heim við þá áætlun, er gerð var fyrir næstum 4 árum og lögð var til grundvallar við ákvörðunina um að ráðast í framkvæmdir við Búrfellsvirkjun og útreikning á rafmagnsverði fyrir álbræðsluna.

Okkur er það ánægjuefni að skýra frá því, að ísskolunarmannvirkin í Þjórsá hafa skilað hlutverki sínu næstum fullkomlega í nokkrum meiri háttar ísruðningum, sem átt hafa sér stað þegar á þessum vetri. Það lítur því út fyrir, að þetta vandamál þurfi ekki lengur að valda alvarlegum áhyggjum.

Einingarverð orkunnar

Hinn mikilvægi kostnaðarliður vatnsaflvirkjunar er framleiðsluverð orkunnar á einingu, sem svo aftur er megingrundvöllur söluverðsins. Þetta einingarverð er áætlað sem hlutfall árlegs kostnaðar og árlegrar orkuframleiðslu. Landsvirkjun hefur látið okkur í té áætlun upp á 6.3 milljónir Bandaríkjadollara fyrir þá kostnaðarliði, að vatnsréttindum undanskildum, sem vísað er til hér að framan og ekki eru meðtaldir í byggingarkostnaðaráætlun okkar að fjárhæð 36.7 milljónir Bandaríkjadollara. Með þessari viðbót áætlast heildarvirkjunarkostnaðurinn 43.0 milljónir Bandaríkjadollara. Sambærileg tala í hinni upprunalegu áætlun var 42.8 milljónir Bandaríkjadollara.

Árlegur kostnaður vatnsaflstöðvar, að frátöldum tryggingum og sköttum, ef einhverjir eru, felur í sér vexti og afskriftir, rekstur og viðhald (R & V), stjórnun og almenn útgjöld. Síðarnefndu liðirnir eru venjulega um einn af hundraði af heildarstofnkostnaði. Afskriftir og vexti má áætla á annuitets grundvelli. Tímalengd annuitets fyrir vatnsaflstöð er aldrei minni en 40 ár. 6.5% ársvextir miðað við 40 ára annuitet samsvara 7.07% á ári; miðað við 7.5% ársvexti er prósentan 7.94. Þannig verða árleg útgjöld Búrfellsvirkjunar 3.47 milljónir Bandaríkjadollara miðað við 6.5% vexti og 3.84 milljónir Bandaríkjadollara miðað við 7.5% vexti.

Við höfum áætlað afhenta ársorku Búrfellsvirkjunar fullgerðrar 1720 milljónir kWst. Þannig verður orkukostnaðurinn á kWst 2.02 mills miðað við 6.5% vexti og 2.23 mills miðað við 7.5% vexti. Á genginu 1$ — 88 kr. samsvarar þetta 17.8 og 19.6 aurum.

Nýlegar prófanir á vélum Búrfellsstöðvar hafa leitt í ljós, að unnt er að reka þær að staðaldri með 15% meira afli en málraun segir til um og miðað er við hér að framan í áætlun um orkuframleiðsluna. Þetta vara-afl kerfisins, alls 30 MW, getur mætt auknu álagi. Hins vegar er einnig unnt að nota það með viðbótarvatni frá framtíðarmiðlun ofar í ánni til að framleiða orku, sem áætlast um 250 milljónir kWst á ári. Miðað við söluverðið 2.5 mills á kWst gætu árlegar tekjur orðið 625 000 Bandaríkjadollarar. Gæti þetta um það bil nægt til að fjármagna fulla Þórisvatnsmiðlun, sem er um 2000 milljón teningsmetrar.

Í orkukerfi Landsvirkjunar á suðvestur Íslandi er gasaflstöð, sem fyrst og fremst er reist sem varastöð. Heildarstofnkostnaður hennar er um 3.2 milljónir Bandaríkjadollara. Slík stöð hefur tiltölulega styttri endingartíma en vatnsaflstöð, en þennan endingartíma má framlengja verulega vegna lítillar notkunar samanborið við venjulega toppstöð. Venjulegur rekstrar- (R) og viðhaldskostnaður (V) er hverfandi. Hin nær fullkomna hegðun ísskolunarmannvirkjanna við Búrfell til þessa bendir til þess, að ekki verði þörf á að nota gasaflstöðina nema mjög lítið með miklum olíukostnaði á kWst. Árlegur heildarkostnaður, sem nemur 10% eða 320 þús. Bandaríkjadollurum fyrir þessa stöð, virðist hæfilegur. Ef þessi árlegi kostnaður yrði lagður á Búrfellsvirkjun eina miðað við 1720 milljón kWst orkuframleiðslu á ári, mundi einingarverðið hækka um 0.19 mills, sem jafngildir 1.7 aurum. Við þetta mundi einingarverðið hækka í 19.5 aura miðað við 6.5% vexti og 21.3 aura miðað við 7.5% vexti.

Í sambandi við framangreinda útreikninga á einingarverðum verður að gæta þess að nota ekki í samanburði hinn „upphaflega áætlaða" byggingarkostnað, sem sýndur er í ársfjórðungsskýrslum um Búrfellsvirkjun eftir tvær síðustu gengislækkanir. Innlendu kostnaðarliðirnir hafa þar verið lækkaðir í þeim tilgangi að endurspegla þessar gengislækkanir með umreikningi þeirra til jafngildis í Bandaríkjadollurum. Þess vegna eru þeir ekki lengur „upphafleg" áætlun í réttum skilningi. Breytingar þær, sem gerðar eru með því að beita áhrifum gengislækkananna, sýna kostnaðarlækkun, sem er að sjálfsögðu ekki raunhæf.

Framangreindar breytingar í síðustu ársfjórðungsskýrslum sýna „lækkun" úr 12.0 milljón Bandaríkjadollurum í 5.86 milljónir eða lækkun um jafngildi 6.14 milljón Bandaríkjadollara að öllu leyti á innlendum kostnaðarliðum. Þetta hefði verið „upphafleg áætlun", ef núverandi gengi hefði gilt í febrúar 1966 og **ekkert annað breytzt** síðan þá. Efnahagsleg atriði tengd gengislækkununum hækkuðu innlendu kostnaðarliðina að meðtöldu tapi á erlendum lánum, sem hafa verið notuð til greiðslu á innlendum byggingarkostnaði. Sú staðreynd, að framangreindur samanburður á fyrstu og síðustu verkáætlunum okkar sýnir svo litlar breytingar, endurspeglar þá staðreynd, að kostnaðarbreytingarnar, er voru tengdar gengisbreytingunum, hafa haft tilhneigingu til að jafnast út.

Virðingarfyllst,

HARZA ENGINEERING COMPANY
INTERNATIONAL

O. K. Willey, forstjóri

Fylgiskjal III.

LANDSVIRKJUN

Áætlaður stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar í sept. 1969

	Upprunaleg áætlun 1$ = 43.0 kr.		Núverandi áætlun 1$ = 88.1 kr.	
Verkþættir áætlaðir af Harza	Millj. Kr.	Millj. $	Millj. Kr.	Millj. $
Fyrsti virkjunaráfangi, 105 MW	1 354.5	31.50	2 869.5	32.57
Síðari virkjunaráfangar, 105 MW	219.5	5.10	230.0	2.61
	1 574.0	36.60	3 099.5	35.18
Byrjunarmiðlun í Þórisvatni	86.0	2.00	130.5	1.48
	1 660.0	38.60	3 230.0	36.66
Verkþættir áætlaðir af Landsvirkjun				
Aðflutningsgjöld og skattar	–	–	44.0	0.50
Gengistap á lánum fyrir innl. kostn.	–	–	154.0	1.75
Vextir og lántökukostnaður	180.5	4.20	360.0	4.09
	1 840.5	42.80	3 788.0	43.00

Í áætlununum er gengistap á lánum fyrir erlendum kostnaði meðtalið. Sama gildir um vexti og lántökukostnað.

Fylgiskjal IV.

LANDSVIRKJUN

Bókfærður stofnkostnaður þann 30. sept. 1969 miðað við gengið 1$ = 88.1 kr.

		Millj. kr.
A. Búrfellsvirkjun, 1. áfangi		
Undirbúningskostnaður		73.12
Verkfræðikostn. og almennur kostn. Landsvirkjunar		32.67
Verkfræði- og eftirlitsstörf Harza		212.92
Fosskraft		1 262.63
Hverflar, rafalar, rafbúnaður o. fl.		135.56
Spennistöðvar		184.96
Háspennulínur		213.49
Stöðvarvarðahús, vatnsveita, rafkerfi, götur		12.24
Eftirlitskampur, lausafjármunir, bráðabirgðasími		13.70
Ísmælitæki, ísaaðgerðir		6.19
Ræktun, listaverk, ljós- og kvikmyndun, sundlaug		5.31
Laun ýmissa starfsmanna, ótalin áður		2.81
Gengistap á lánum fyrir erlendum kostnaði		632.75
Annar kostnaður		2.82
		2 791.17
Aðflutningsgjöld og skattar		27.78
Gengistap á lánum fyrir innlendum kostnaði		154.00
Vextir og lántökukostnaður		283.27
Gengistap á lánum fyrir vöxtum og lánskostnaði		57.10
		3 313.32
B. Framkvæmdir ofan Búrfells		
Brú yfir Tungnaá	5.99	
Háspennulína að Þórisvatni og miðlunarrannsóknir	6.36	
Þórisvatnsvegur	5.43	
Rannsóknarkostn. við Sigöldu og Efri-Þjórsá	11.51	
		29.29
C. Vatnsréttindi		42.24
D. Gasaflsstöð		262.26
	Stofnkostnaður alls pr. 30.9.1969:	3 647.11

Ath. Áætlaður stofnkostnaður 1. áfanga Búrfellsvirkjunar án vatnsréttinda er 3407 millj. kr. og gasaflsstöðvar 280 millj. kr.

Fylgiskjal V.

LANDSVIRKJUN

Bókfærður stofnkostnaður pr. 30. sept. 1969
Gengi 1$ = 88.1 kr.

A. Búrfellsvirkjun, 1. áfangi

Undirbúningskostnaður, vegir og brýr			Kr.	72 503 617.34
Verkfræðikostn. og almennur kostn. Landsvirkjunar			„	32 672 416.92
Harza — innlendur kostnaður			„	58 815 762.88
Harza — erlendur kostnaður			„	154 100 950.32
Fosskraft			„	1 262 631 024.15
Mitsui & Co. — Hverflar			„	40 067 811.84
Mitsui & Co. — Rafalar			„	37 755 957.16
Metsubishi — Spennar			„	48 483 984.95
Gentili Brighi — Stöðvarhússkrani			„	4 252 075.62
NGK — Einangrarar			„	4 139 206.94
Merlin & Gerin — Rafbúnaður			„	19 759 511.78
General Cable — Kaplar			„	5 937 534.38
Ýmsir — Dælur o. fl.			„	5 873 284.76
Garczynski & Traploir — Háspennulínur			„	199 394 942.73
Brown, Boveri & Cie — Spennistöðvar			„	136 478 933.40
American Klockner Moeller — Rafbúnaður			„	3 605 497.60
MacMillin — Íslokuhlutar			„	2 010 465.60
Collins Radio — „Microwave“			„	9 060 943.00
American Hoist — Bílkrani			„	7 245 790.47
Stöðvarvarðahús			„	12 235 295.77
Eftirlitskampur			„	9 763 728.40
Lausafjármunir			„	2 556 961.67
Annar kostnaður			„	29 073 145 23
Vextir og lántökukostnaður			„	283 267 622.80
Tollar og skattar			„	27 779 637.00
Gengistap á lánum:				
fyrir erlendum kostnaði	Kr.	632 750 456.76		
fyrir innlendum kostnaði	„	154 000 000.00		
fyrir vöxtum og lánskostnaði	„	57 100 000.00		
			Kr.	3 313 316 559.47

B. Framkvæmdir ofan Búrfells:

Brú yfir Tungnaá	Kr.	5 994 305.95		
Háspennulína að Þórisvatni og miðlunar-rannsóknir	„	6 355 999.90		
Þórisvatnsvegur	„	5 429 914.00		
Rannsóknarkostn. við Sigöldu og Efri-Þjórsá	„	11 514 274.74		
			Kr.	29 294 494.59
C. Vatnsréttindi			„	42 239 754.35
D. Gasaflsstöð			„	262 259 436.07
Stofnkostnaður alls pr. 30.9.1969:			Kr.	3 647 110 244.48

Ath. Áætlaður stofnkostnaður 1. áfanga Búrfellsvirkjunar án vatnsréttinda er 3407 millj. kr. og gasaflsstöðvar 280 millj. kr.

Fylgiskjal VI.

LANDSVIRKJUN

Áætlun í sept. 1969 um lúkningu Búrfellsvirkjunar, án vaxta 1$ = 88.1 kr.

Búrfell	Millj. kr.
Byggingarvinna	12.0
Vélar og búnaður í aflsstöð	150.5
Íbúðarhús	14.0
Spennistöðvar	18.5
Stjórn og verkfræðistörf	13.0
Ófyrirséð	22.0
	230.0
Byrjunarmiðlun	130.5
	360.5 (= 4.09 millj. $)

Áætlunin frá 1966 var þannig:

	Innlendur kostnaður Millj. $	Erlendur kostnaður Millj. $	Alls 1$ = 43 kr. Millj. kr.	Alls 1$ = 88.1 kr. Millj. kr.
Búrfell	1.5	3.6	219.5	381.0
Byrjunarmiðlun	1.0	1.0	86.0	131.0
	2.5	4.6	305.5	512.0

Enda þótt ekki sé auðvelt að gera raunhæfan samanburð á þessum áætlunum, fyrr en lokasundurliðun á verkinu hefur verið gerð, mun þó láta nærri, að mismunurinn á Búrfelli, þ. e. 381 — 230 = 151 millj. kr., skýrist þannig:

	Millj. kr.
1. Árið 1966 voru vissar byggingarframkvæmdir fluttar af síðari stigum á fyrsta stig, en þó gert ráð fyrir, að nokkuð yrði eftir annað en að steypa niður vélar. Þessu hefur verið lokið nú.	43.0
2. Flutningur spennistöðvaframkvæmda yfir á 1. stig	24.0
3. Verkfræðivinna flutt á 1. stig	10.0
4. Hagkvæmari kaup aflvéla vegna þess, að þær eru allar keyptar nú strax	44.0
5. Ódýrari framkvæmd vegna þess, að hún er gerð í einu, en ekki þremur stigum, eins og áður áætlað	30.0
	151.0

Fylgiskjal VII.

LANDSVIRKJUN

Áætlað kostnaðarverð Búrfellsvirkjunar á orkueiningu

Með álbræðslu	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978
Rekstrarkostnaður	315	326	346	346	346	346	346	346	346
Seld orka í millj. kWst.	665	789	1 083	1 400	1 411	1 463	1 520	1 577	1 642
Meðalverð í au/kWst.	47.4	41.3	31.9	24.7	24.5	23.6	22.8	21.9	21.1
Án álbræðslu									
Rekstrarkostnaður	175[1])	175	175	175	190[2])	190	190	216[3])	216
Seld orka í millj. kWst.	78	122	166	207	244	296	353	410	475
Meðalverð í au/kWst.	224.0	143.5	105.5	84.5	77.8	64.2	53.9	52.5	45.3

Reiknað er með 40 ára afskriftartíma og 7% vöxtum.

1) 1 vél 2) 2 vélar 3) 3 vélar

Ath. Ef álbræðslan er stækkuð um 10 þús. tonn í árslok 1973, lækkar verðið í 22.7 au. árið 1974, 20.9 au. árið 1975, 20.2 au. árið 1976 og 20.1 ey. árið 1977, en þá er virkjunin fullnýtt. Með þessu er reiknað í greinargerð J. Nordal og E. Briem, dags. 5. des. 1969.

Fylgiskjal VIII.

LANDSVIRKJUN

Lán vegna stofnkostnaðar pr. 30. sept., 1969

Búrfellsvirkjun:	Vextir	Endur-greiðsluár	Lánsupphæð í erl. mynt	Bókfært í ísl. krónum
Ríkisstjórn Íslands	ca. 8%	óákveðið		Kr. 304 611 918.00
Alþjóðabankinn	6%	1971—1991	$ 18 000 000.00	„ 1 585 800 000.00
External Bonds	7%	1974—1984	$ 6 000 000.00	„ 528 600 000.00
New York Banks	8%	1972—1974	$ 6 000 000.00	„ 528 600 000.00
Westdeutsche Landesbank	7½%	1975—1979	DM 16 000 000.00	„ 352 966 400.00
				Kr. 3 300 578 318.00
Gasafisstöð:				
A.E.G.	6½%	1969—1979	DM 9 665 992.60	„ 207 491 513.00
				Kr. 3 508 069 831.00

Fylgiskjal IX.

LANDSVIRKJUN

Áhrif gengisbreytinga

Hin upphaflega áætlun (sjá frumvarp um álbræðslu 1966) um Búrfellsvirkjun, án vaxta og vatnsréttinda, sundurliðast þannig:

	Innlendur kostnaður	Erlendur kostnaður	Alls umreiknað á 1 $ = 43 kr.
	Millj. $	Millj. $	Millj. kr.
Fyrsti áfangi	12.0	19.5	1 354.5
Síðari áfangar	1.5	3.6	219.5
Byrjunarmiðlun	1.0	1.0	86.0
	14.5	24.1	1 660.0

Alls eru þetta 38.6 millj. $. Ef gengið hefði verið 1$ = 88.1 kr. árið 1966 og allt annað óbreytt, hefði áætlunin orðið í dollurum reiknað:

$$\frac{43}{88.1} \times 14.5 + 24.1 = 31.2 \text{ millj. \$}$$

Miðað við þessar forsendur hefði áætlunin í heild átt að lækka um 38.6—31.2 = 7.4 millj. $.

Núverandi áætlun án vaxta og vatnsréttinda er miðað við gengi 1$ = 88.1 kr. 38.9 millj. $ eða 3428 millj. kr. Í stað þess að lækka um 7.4 millj. $ hefur áætlunin í heild því sem næst staðið í stað. Mismunurinn 7.7 millj. $ eða 678 millj. kr. skýrist í aðalatriðum af eftirtöldum liðum, sem ekki voru taldir með í hinni upprunalegu áætlun:

	Millj. kr.
Gengistap á lánum fyrir innlendum kostnaði	154
Aðflutningsgjöld og skattar	44
Aukagreiðslur fyrir erlent vinnuafl	102
Innlendar kauphækkanir umfram áætlað	50
„Bónus"-greiðslur til verktaka	186
	536

Þessu til viðbótar koma svo 678 — 536 = 142 millj. kr., sem stafa af aukningu á mössum, ýmsum tæknilegum atriðum og mismuninum á of lágt og of hátt áætluðum liðum.

Fylgiskjal X.

LANDSVIRKJUN

Rekstrarreikningur frá 1. jan.—30. nóv. 1969

Tekjur:

Raforkusala:

Almenningsveitur		Kr.	188 438 896.40
Áburðarverksmiðjan		„	10 696 262.00
ÍSAL		„	32 788 406.80
		Kr.	231 923 565.20
Hluti Hitaveitu Reykjavíkur í rekstri gufuaflsstöðvarinnar		„	6 400 000.00
Aðrar tekjur		„	180 805.00
		Kr.	238 504 370.20

Gjöld:

Sogsstöðvar		Kr.	18 097 473.76
Aðalspennistöð og vatnsaflsstöð við Elliðaár		„	2 625 236.14
Gufuaflsstöð:			
Laun, viðhald og annað	Kr. 7 742 413.10		
Olía	„ 6 602 982.62		
		„	14 345 395.72
Búrfellsstöð		„	582 162.00
Gasaflsstöð:			
Laun	Kr. 328 596.00		
Olía	„ 1 860 432.00		
		„	2 189 028.00
Háspennulínur, viðhald		„	148 668.00
Álagsstjórn		„	3 580 662.00
Opinber gjöld og vátryggingar		„	6 648 302.00
Aðalskrifstofa:			
Skrifstofa, verkfræði- og rekstrardeild	Kr. 17 465 489.40		
÷ Fært á stofnkostnað	„ 7 752 000.00		
		„	9 713 489.40
Ógreiddir reikningar, áætlaðir		„	1 500 000.00
Vextir		„	69 346 431.40
Afskriftir:			
Gamlar stöðvar	Kr. 54 640 000.00		
Nýjar	„ 16 734 000.00		
Annað	„ 1 290 000.00		
		„	72 664 000.00
Hreinar tekjur		„	37 063 521.78
		Kr.	238 504 370.20

Fylgiskjal XI.

LANDSVIRKJUN

Rekstraráætlun 1970—74

millj. kr.

Tekjur	1970	1971	1972	1973	1974	Alls
Almenningsveitur	303.1	331.8	354.2	378.1	399.0	
Áburðarverksmiðja	31.7	31.7	31.7	31.7	31.7	
ÍSAL	150.5	176.1	242.1	308.1	308.1	
Annað	0.6	0.6	0.7	0.7	0.8	
	485.9	540.2	628.7	718.6	739.6	
Gjöld						
Rekstur og afskriftir	232.5	237.1	257.5	265.7	269.2	
Verðjöfnunargjald	48.0	48.0	48.0	48.0	48.0	
Vextir	262.4	247.2	262.4	290.1	283.3	
	542.9	532.3	567.9	603.8	600.5	
Mismunur	÷57.0	7.9	60.8	114.8	139.1	265.6

Greiðsluáætlun

millj. kr.

Mismunur samkv. ofanskráðu ..	÷57.0	7.9	60.8	114.8	139.1	
Afskriftir umfram afborganir ..	41.5	8.8	÷69.8	÷69.6	÷106.5	
Greiðsluafgangur	÷15.5	16.7	÷9.0	45.2	32.6	70.0
Ath. Ef álbræðslan er ekki stækkuð, lækka tekjur um	18.5	44.6	44.6	44.6	44.6	196.9

Fylgiskjal XII.

LANDSVIRKJUN

Desember 1969.

Tekjur af raforkusölu

Núvirði með 7% vöxtum.

Ár	Tekjur	Umreiknings-stuðull	Núvirði	Samansafnað
1	155	0.93458	144.86	144.86
2	176	0.87344	153.73	298.59
3	242	0.81630	197.54	496.13
4	315	0.76290	240.31	736.44
5	315	0.71299	224.59	961.03
6	315	0.66634	209.90	1 170.93
7	264	0.62275	164.40	1 335.33
8	264	0.58201	153.65	1 488.98
9	264	0.54393	143.60	1 632.58
10	264	0.50835	134.20	1 766.78
11	264	0.47509	125.42	1 892.20
12	264	0.44401	117.22	2 009.42
13	264	0.41496	109.55	2 118.97
14	264	0.38782	102.38	2 221.35
15	264	0.36245	95.69	2 317.04
16	264	0.33873	89.42	2 406.46
17	264	0.31657	83.57	2 490.03
18	264	0.29586	78.11	2 568.14
19	264	0.27651	73.00	2 641.14
20	264	0.25842	68.22	2 709.36
21	264	0.24151	63.76	2 773.12
22	264	0.22571	59.59	2 832.71
23	264	0.21095	55.69	2 888.40
24	264	0.19715	52.05	2 940.45
25	264	0.18425	48.64	2 989.09
	6 534			

Fylgiskjal XIII.

LANDSVIRKJUN

Desember 1969.

Tekjur af raforkusölu og sköttum

Núvirði með 7% vöxtum.

Ár	Tekjur	Umreiknings-stuðull	Núvirði	Samansafnað
1	210	0.93458	196.26	196.26
2	238	0.87344	207.88	404.14
3	327	0.81630	266.93	671.07
4	422	0.76290	321.94	993.01
5	422	0.71299	300.88	1 293.89
6	422	0.66634	281.20	1 575.09
7	422	0.62275	262.80	1 837.89
8	422	0.58201	245.60	2 083.49
9	422	0.54393	229.54	2 313.03
10	422	0.50835	214.52	2 527.55
11	422	0.47509	200.49	2 728.04
12	422	0.44401	187.37	2 915.41
13	422	0.41496	175.11	3 090.52
14	422	0.38782	163.66	3 254.18
15	422	0.36245	152.95	3 407.13
16	466	0.33873	157.85	3 564.98
17	480	0.31657	151.95	3 716.93
18	480	0.29586	142.01	3 858.94
19	524	0.27651	144.89	4 003.83
20	524	0.25842	135.41	4 139.24
21	524	0.24151	126.55	4 265.79
22	524	0.22571	118.27	4 384.06
23	524	0.21095	110.54	4 494.60
24	524	0.19715	103.31	4 597.91
25	524	0.18425	96.55	4 694.46
	10 933			

Fylgiskjal XV.

LANDSVIRKJUN

Desember 1969.

Heildartekjur af álbræðslu

Núvirði með 7% vöxtum.

Ár	Tekjur	Umreiknings-stuðull	Núvirði	Samansafnað
1	425	0.93458	397.20	397.20
2	488	0.87344	426.24	823.44
3	627	0.81630	511.82	1 335.26
4	780	0.76290	595.06	1 930.32
5	780	071299	556.13	2 486.45
6	780	0.66634	519.75	3 006.20
7	780	0.62275	485.75	3 491.95
8	780	0.58201	453.97	3 945.92
9	780	0.54393	424.27	4 370.19
10	780	0.50835	396.51	4 766.70
11	780	0.47509	370.57	5 137.27
12	780	0.44401	346.33	5 483.60
13	780	0.41496	323.67	5 807.27
14	780	0.38782	302.50	6 109.77
15	780	0.36245	282.71	6 392.48
	10 900			

Nd. 366. Frumvarp til laga [172. mál]

um takmarkaða náttúruvernd á vatnasviði Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara skulu gilda eftirtalin sérákvæði um mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir á vatnasviði Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu:

a. Óheimilt skal að reisa þar mannvirki önnur en þau, er eðlileg mega teljast í sambandi við búskap á lögbýlum, án leyfis náttúruverndarráðs.
b. Hvers kyns jarðrask og efnistaka, sem kynni að raska hinum upprunalega svip landsins, skal og óheimil á hinu umrædda svæði án leyfis náttúruverndarráðs.
c. Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og fallvatna á umræddu svæði svo og hvers kyns breytingar eða truflanir á rennsli fallvatna skulu óheimilar án samþykkis náttúruverndarráðs.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. skulu þó hvorki taka til vatnasviðs Reykjadalsár ofan Vestmannsvatns — þó að undanskildu Másvatni og Máslæk — né vatnasviðs Mýrarkvíslar ofan Núpeyrar.

3. gr.

Í sambandi við afgreiðslu þeirra mála, sem um ræðir í 1. gr., skal náttúruverndarráð jafnan leita umsagnar hlutaðeigandi náttúruverndarnefndar, sveitarstjórna og sýslunefndar. Fallist þessir aðilar ekki á úrskurð náttúruverndarráðs, skal menntamálaráðuneytið skera úr, hvort úrskurður ráðsins skuli ná fram að ganga.

Nú ber aðili fram kröfu um skaðabætur vegna úrskurðar náttúruverndarráðs, og skal þá ráðið leita samþykkis menntamálaráðuneytis um greiðslu bóta, ef samkomulag næst ekki með öðrum hætti við kröfuhafa.

4. gr.

Í samráði við sveitarstjórn Mývatnssveitar getur náttúruverndarráð bannað umferð óviðkomandi manna um tiltekin svæði í sveitinni á tímabilinu frá 1. maí til 1. október ár hvert. Einnig skal heimilt að takmarka ónauðsynlega umferð um vatnið á sama tímabili.

Í samráði við sveitarstjórn Mývatnssveitar og veiðimálastjóra skal náttúruverndarráð leitast við að ná samkomulagi um takmörkun og tilhögun netaveiða í Mývatni á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.

Um efnisatriði þessarar greinar, svo og fleira, er lýtur að verndun fugls og fisks í Mývatnssveit, getur menntamálaráðuneytið, að fengnum tillögum náttúruverndarráðs, sett nánari ákvæði með reglugerð, þar sem einnig skulu vera ákvæði um ráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlega mengun vatns af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við náttúruverndarráð, Náttúrufræðistofnun Íslands og Háskóla Íslands hafa forgöngu um, að sem fyrst verði komið upp rannsóknarstöð við Mývatn, sem hafi það hlutverk með höndum að vinna skipulega að almennum undirstöðurannsóknum á náttúrufari Mývatns og Laxár og aðliggjandi landsvæða. Skal fyrirkomulag væntanlegrar rannsóknarstöðvar miðað við það, að þar geti einnig farið fram námskeið og æfingar fyrir háskólanema í náttúrufræði.

Heimilt skal að þiggja fé frá erlendum aðilum, stofnunum eða samtökum til að reisa og reka hina fyrirhuguðu rannsóknarstöð, enda verði stöðin undir íslenzkri stjórn, þótt hlutaðeigandi aðilar erlendir fái þar skilyrðisbundna aðstöðu til rannsókna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Náttúruverndarráð hefur sent menntamálanefnd neðri deildar frumvarp þetta til flutnings. Hefur nefndin samþykkt að flytja málið, en nefndarmenn hafa ekki með því tekið afstöðu til þess og áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja. Nefndin hefur ekki lokið athugun málsins og óskar eftir, að því verði vísað til hennar aftur að lokinni fyrstu umræðu.

Bréf náttúruverndarráðs, er fylgdi frumvarpinu, var sem hér segir:

NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ,
Reykjavík.

Reykjavík, 10. febrúar 1970.

Menntamálanefnd neðri deildar
Alþingi,
Reykjavík.

Náttúruverndarráði hefur borizt frumvarp til laga um takmarkaða náttúruvernd á vatnasvæði Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Ráðinu hafa einnig borizt umsagnir frá eftirtöldum aðilum:

1. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps,
2. Sveitarstjórn Reykdælahrepps,
3. Sveitarstjórn Reykjahrepps,
4. Héraðsnefnd Þingeyinga í Laxárvirkjunarmálinu,
5. Veiðifélagi Laxár.

Umsagnir þessara aðila fylgja í afriti.

Náttúruverndarráð hefur rætt þetta mál og er í stórum dráttum fylgjandi þeirri hugmynd, sem þar kemur fram.

Einn fulltrúi í ráðinu, Sigurður Thoroddsen, verkfræðingur, er frumvarpinu andvígur.

Náttúruverndarráð leyfir sér hér með að koma þessu máli á framfæri við hæstvirta menntamálanefnd neðri deildar.

Virðingarfyllst,

Birgir Kjaran.

Frumvarpinu fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Frumvarp þetta er flutt vegna óvenjulegrar sérstöðu þess vatnakerfis, sem Mývatn og Laxá eru hlutar af. Frá náttúrufræðilegu sjónarmiði er þetta vatnakerfi einstætt um gróður og dýralíf. Fjölbreytni og gróska náttúrunnar er þar meiri en dæmi eru til annars staðar hérlendis, og náttúrufegurð er þar víða við brugðið. Þau sérkenni, sem hér hafa verið talin, eiga ekki aðeins við um vatnakerfið sjálft, þ. e. Mývatn og Laxá, heldur einnig um landsvæði þau, sem að því liggja.

Mývatn og Mývatnssveit hafa þegar hlotið heimsfrægð vegna náttúruauðlegðar og náttúrufegurðar, enda laðar svæðið til sín mikinn fjölda erlendra fræðimanna og

náttúruskoðara, og fara heimsóknir þeirra sívaxandi. En efri hluti Laxár er ekki síður merkilegur frá náttúrufræðilegu sjónarmiði, og náttúrufegurð er þar víða sízt minni en við Mývatn sjálft. Áin fellur þar fram í hvítfreyðandi strengjum milli grænna bakka og hraunhólma, sem eru vaxnir víði og hvönn. Á þessum kafla Laxár eru líka aðalheimkynni straumandar og húsandar, a. m. k. á vissum tímum árs, en báðar þessar andategundir finnast ekki í Evrópu utan Íslands. Hins vegar er neðri hluti Laxár einhver frægasta og fegursta laxveiðiá Íslands.

Af því, sem hér hefur verið sagt, má öllum vera ljóst, að hér er um stórt svæði að ræða, sem brýna nauðsyn ber til að vernda fyrir hvers kyns náttúruspjöllum. Það virðist því ekki orka tvímælis, að það sé fyllilega réttlætanlegt og tímabært að setja sérstök lög um takmarkaða náttúruvernd á þessu svæði, þótt hefðbundnir atvinnuvegir haldist þar áfram, svo sem verið hefur.

Ef framsýni og skilnings á þeim sérstæðu náttúruverðmætum, sem hér er um að ræða, hefði gætt hjá þeim aðilum, sem réðu því á sínum tíma, að hafizt var handa um virkjun Laxár til raforkuvinnslu, hefði væntanlega aldrei til þess komið, að í slíkt hefði verið ráðizt. En þessu er því miður ekki að heilsa. Á liðnum árum hefur verið vegið að Mývatni og Laxá á ýmsa vegu. Raforkuver hefur verið reist í Laxárgljúfrum hjá Brúnum, stíflur hafa verið gerðar í útfallskvíslum Laxár úr Mývatni, en með þeim framkvæmdum hafa hin lífrænu tengsl milli ár og vatns verið rofin að verulegu leyti. Þá má og nefna byggingu kísilgúrverksmiðju við Mývatn, sem óefað á eftir að hafa margvísleg áhrif á Mývatn og umhverfi þess, þó að framkvæmdum í sambandi við byggingu þess fyrirtækis hafi í mörgum tilvikum verið hagað í samræmi við óskir náttúruverndarráðs.

Þá hafa og innansveitarmenn ekki ávallt sýnt nægilegan skilning á gildi náttúruverndar. Má í því sambandi benda á byggingu stórs sumarbústaðar eða öllu heldur sumarhallar við Sandvatn, en bæði sveitarstjórn Mývatnssveitar og náttúruverndarnefnd Suður-Þingeyjarsýslu veittu samþykki sitt til þessarar framkvæmdar, en hins vegar synjaði skipulagsstjórn ríkisins um leyfi til byggingarinnar. Eigi að síður var hafizt handa um byggingu bústaðarins, og verður ekki betur séð en heimild til þess hafi verið mjög vafasöm, því að þá þegar var öll Mývatnssveit orðin skipulagsskyld.

Um þessa neikvæðu hlið málsins skal ekki fjölyrt hér, því að um orðna hluti þýðir ekki að fást. Aðalatriðið er, að nú sé spyrnt við fótum og komið í veg fyrir frekari náttúruspjöll á vatnasviði Mývatns og Laxár, en það er einmitt tilgangurinn með þessu lagafrumvarpi.

Greinargerð þessari fylgja tvö fylgiskjöl. Hið fyrra er álitsgerð náttúruverndarráðs um fyrirhuguð orkuver í Laxá í S.-Þing., en hið síðara er greinargerð Arnþórs Garðarssonar og Jóns Baldurs Sigurðssonar vegna áætlana um framhaldsvirkjun Laxár með sérstöku tilliti til Krákár og efri hluta Laxár.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Orðið vatnasvið er notað hér í sömu merkingu og það hefur verið notað af Vatnamælingum Orkustofnunar (sbr. skilagrein nr. 6902 um vatnasvið Íslands). Um sama hugtak hafa einnig verið notuð orðin vatnasvæði, úrkomusvæði og fleiri orð af því tagi, en þau eru öll óljósari og geta orkað tvímælis.

Greinin ber þess glöggt vitni, að hér er ekki gert ráð fyrir skilyrðislausu banni við mannvirkjagerð né efnistöku á umræddu svæði. Hér er miklu fremur um það að ræða, hvar og hvernig skuli heimilt að vinna að slíkum framkvæmdum. Má segja, að nú séu síðustu forvöð að koma á föstum reglum um það efni, sem fara megi eftir í framtíðinni. Sama máli gegnir um breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna svo og truflanir á rennsli fallvatna.

Frá náttúrufræðilegu sjónarmiði er svæði það, sem hér um ræðir, svo einstakt í sinni röð, að höfuðnauðsyn ber til þess að varðveita það um aldur og ævi í sinni upp-

runalegu mynd. En það mun aldrei takast, nema nú þegar séu reistar skorður við því, að þar verði unnin náttúruspjöll, sem eigi verði unnt að bæta úr síðar.

Um 2. gr.

Ekki virðist bein ástæða til þess að láta ákvæði 1. gr. taka til vatnasviðs Reykjadalsár ofan Vestmannsvatns, þótt það svæði sé hluti af vatnasvæði Laxár. Og sama máli gegnir einnig um vatnasvið Mýrarkvíslar ofan Núpeyrar. Hins vegar er tvímælalaust æskilegt, að ákvæði 1. gr. taki til Másvatns og Máslækjar, sem að vísu fellur í Reykjadalsá. En það er mjög hagkvæmt að eiga völ á vatni eins og Másvatni á næstu grösum við Mývatn, þegar að því kemur að hefja skipulegar rannsóknir á hýdrógrafíu og líffræði Mývatns, sem væntanlega verður á sumri komanda. En sannleikurinn er sá, að Másvatn er allt önnur gerð stöðuvatns en Mývatn, og því er nauðsynlegt að varðveita það ósnortið, svo að hægt sé að nota það til samanburðarrannsókna.

Það orkar ekki tvímælis, að nauðsynlegt sé að láta ákvæði 1. gr. ná til allrar Laxár frá upptökum til ósa. Mývatn og Laxá eru hlutar af sama vatnakerfi, og lífsskilyrði í Laxá eiga að verulegu leyti rót sína að rekja til hinnar miklu lífsuppsprettu í Mývatni. Þá má einnig benda á, að bæði fiskur (urriði) og fugl fara í tímabundnar göngur milli ár og vatns. T. d. leita húsendur og raunar fleiri endur með unga sína niður á Laxá, þegar á sumarið líður. En þessi samgangur milli vatns og ár hefur nú þegar verið rofinn að nokkru leyti með stíflum í upptakakvíslum Laxár í Mývatni.

Þá má að lokum benda á, að ákvæði 1. gr. verða óhjákvæmilega einnig að ná til Krákár, en árleg vorflóð hennar flæða að jafnaði yfir hinar svonefndu Framengjar, suður af Mývatni, og eru undirstaða hins fjölbreytta og sérkennilega gróðurs og dýralífs, sem þar dafnar.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Vegna sívaxandi ferðamannastraums í Mývatnssveit hafa tilteknir aðilar í sveitinni þegar farið þess á leit við náttúruverndarráð, að umferð óviðkomandi manna verði bönnuð um nánar tilgreind svæði í sveitinni á tímabilinu frá 1. maí til 1. október ár hvert. Þetta er mjög eðlileg ósk, en það þarf nánari athugunar við, hvaða svæði komi hér til greina og hvernig slíku umferðarbanni verði við komið. Engum blandast heldur hugur um, að nauðsynlegt sé að takmarka ónauðsynlega umferð um vatnið á sama tímabili, og ferðir hraðbáta um vatnið ætti að banna með öllu. Um Kálfastrandarvoga ættu að gilda þau sérákvæði, að þar sé óheimilt að fara um á vélknúnum bátum.

Í 4. gr. er lítillega minnzt á silungsveiðar í lagnet í Mývatni á sumrin, en þær valda, eins og kunnugt er, allmiklum fugladauða. Einkum hefur þetta ágerzt eftir að vélknúnir bátar komu til sögunnar og með stórauknum netakosti. Sumarið 1960 kannaði Arnþór Garðarsson þetta mál allrækilega fyrir hönd náttúruverndarráðs, og er hér stuðzt við niðurstöður hans, sbr. grein hans um fugladauða af völdum neta í Mývatni (Náttúrufr. 31. árg., 1961, bls. 145—168).

Arnþór komst að þeirri niðurstöðu, að sumarið 1960 hafi heildarlengd neta í Mývatni að meðaltali verið um 8 km, og gizkar hann á, að það sumar hafi alls veiðzt um 1000 fuglar í net í Mývatni á 2 mánuðum (júlí—ágúst). Athuganir Arnþórs leiddu enn fremur í ljós, að fugladauði í netum bitnaði einkum á 2 tegundum, hrafnsönd og hávellu, sem mjög hefur fækkað á Mývatni á síðari árum. Einnig kom tiltölulega mikið af flórgoða í net, án þess að þeirri tegund hafi fækkað að sama skapi. Einnig veiddist mikið af duggöndum í net, án þess að þar sjáist högg á vatni sökum þess, hve algeng sú tegund er.

Nú verður vart hjá því komizt að leyfa netaveiði í Mývatni á sumrin, en með hliðsjón af niðurstöðum og ábendingum Arnþórs Garðarssonar má gera ráð fyrir, að hægt sé að draga verulega úr fugladauðanum, án þess að það þurfi að bitna á silungsveiðinni. Um þetta efni þyrfti að setja nánari ákvæði í reglugerð, sem og ýmis fleiri

efnisatriði 4. gr. Eitt þeirra eru ráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlega mengun vatns í Mývatni og Laxá af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna. Þetta er vandamál, sem krefst bráðrar lausnar, því að hér er mikið í húfi.

Um 5. gr.

Ýmsir erlendir aðilar, sem heimsótt hafa Ísland, hafa bent á nauðsyn þess, að komið verði upp rannsóknarstöð við Mývatn. Þetta mál hefur lengi verið á döfinni hjá náttúruverndarráði, en sá dráttur, sem orðið hefur á málinu, stafar einkum af því, að enn hefur ekki tekizt að fá viðunandi land undir slíka stöð í Mývatnssveit. Náttúruverndarráð er þeirrar skoðunar, að slík rannsóknarstöð eigi að vera undir íslenzkri stjórn, þótt erlendir fræðimenn fái þar skilyrðisbundna aðstöðu til rannsókna. Nú ber allt að sama brunni um það, að þessu nauðsynjamáli verði ekki öllu lengur skotið á frest. Háskólakennsla í náttúrufræði er nú þegar hafin, og í sambandi við þá kennslu verður að krefjast aðstöðu, sem aðeins slík stöð hefur upp á að bjóða.

Vegna sérstöðu Mývatns í Norður-Evrópu má teljast öruggt, að allríflegt erlent fjármagn muni fást til að reisa slíka stöð og til að búa hana tækjum og jafnvel einnig til rekstrar hennar, ef erlendir fræðimenn fá þar aðstöðu til rannsókna.

Fylgiskjal I.

Álitsgerð náttúruverndarráðs um fyrirhuguð orkuver í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.

Á fundi náttúruverndarráðs hinn 30. október 1969 var eftirfarandi bókun um fyrirhuguð orkuver í Laxá samþykkt með öllum greiddum atkvæðum:

„Náttúruverndarráð hefur ekkert við það að athuga, að 1. áfangi hinna fyrirhuguðu virkjana verði framkvæmdur í samræmi við ákvæði laga nr. 60/1965, um Laxárvirkjun. Hins vegar vill náttúruverndarráð lýsa yfir því og leggja á það áherzlu, að það er algerlega andvígt því, að hafizt verði handa um frekari framhaldsvirkjanir í Laxá, áður en fram hefur farið alhliða athugun á því, hvaða líffræðileg áhrif hver áfangi slíkra virkjana (sbr. greinargerð Laxárnefndar til orkumálastjóra) kunni að hafa á vatnakerfi Mývatns og Laxár og svæði þau, sem að því liggja. Slíkar athuganir hafa ekki farið fram, og verður það að teljast óviðunandi, þegar haft er í huga, hve mikilvægt þetta svæði er frá náttúrufræðilegu sjónarmiði og hve náttúrufegurð er þar víða mikil og sérstæð."

Það skal tekið fram, að hinn umrædda fund náttúruverndarráðs sátu allir ráðsmenn og greiddu þeir allir atkvæði að undanskildum Sigurði Thoroddsen, verkfr., sem tók fram, að hann mundi ekki greiða atkvæði í þessu máli.

Greinargerð.

I.

Gögn þau, sem náttúruverndarráð hefur haft við að styðjast í sambandi við afgreiðslu þessa máls, eru sem hér segir:

1. Greinargerð um jarðfræði Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu eftir Hauk Tómasson. April 1967.
2. Greinargerð Laxárnefndar til orkumálastjóra. September 1969.
3. Ábendingar fulltrúa sveitarfélaga og búnaðarsamtaka í Suður-Þingeyjarsýslu til landbúnaðarráðuneytisins varðandi fyrirhugaða Gljúfurversvirkjun í Laxá. September 1969.
4. Álitsgerð stjórnar Búnaðarfélags Íslands um áhrif fyrirhugaðrar Gljúfurversvirkjunar á búskap o. fl. í Laxárdal, Mývatnssveit og fleiri nærliggjandi byggðarlögum. September 1969.

5. Greinargerð vegna áætlana um framhaldsvirkjun Laxár með sérstöku tilliti til Krákár og efri hluta Laxár eftir Arnþór Garðarsson og Jón Baldur Sigurðsson. September 1969.
6. Svar héraðsnefndar Þingeyinga við greinargerð Laxárvirkjunarstjórnar. 10. október 1969.
7. Ályktun fulltrúaráðs Félags Þingeyinga í Reykjavík um virkjanir í Laxá. 14. október 1969.
8. Greinargerð um Laxárvirkjunarmálið frá stjórn Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi. 7. október 1969.
9. Lög nr. 60/1965, um Laxárvirkjun.
10. Bréf raforkumálaráðherra til Laxárvirkjunarstjórnar, dags. 23. sept. 1969.
11. Bréf orkumálastjóra til atvinnumálaráðuneytisins, dags. 16. sept. 1969.

Til viðbótar þeim gögnum, sem hér hafa verið talin, má geta þess, að sumir af náttúruverndarráðsmönnum hafa þegar haft allnáin kynni af svæði því, sem hér er um að ræða, og þeim náttúruverndarvandamálum, sem þar er við að glíma. Þá má geta þess, að á fundi náttúruverndarráðs hinn 4. sept. 1969 mætti fjögurra manna nefnd, sem kjörin var á Húsavík 12. ágúst 1969, eftir fundarboði sýslumanns Þingeyinga, til að koma á framfæri sjónarmiðum héraðsbúa og gæta hagsmuna bænda og þeirra 6 sveitarfélaga, er fyrirhuguð Gljúfurversvirkjun snertir. Í fylgd með nefndarmönnum var Jónas Jónsson, ráðunautur Búnaðarfélags Íslands.

II.

Afstaða náttúruverndarráðs til virkjana í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu hlýtur að mótast af óvenjulegri sérstöðu þess vatnakerfis, sem Mývatn og Laxá eru hlutar af. Frá náttúrufræðilegu sjónarmiði er þetta vatnasvæði einstætt um gróður og dýralíf. Fjölbreytni og gróska náttúrunnar eru þar meiri en dæmi eru til annars staðar hérlendis, og náttúrufegurð er þar víða við brugðið. Með hliðsjón af þessum staðreyndum má öllum vera ljóst, að langæskilegast hefði verið, að sem minnst hefði verið hróflað við Mývatn og Laxá. En þessu er því miður ekki að heilsa. Kreppt hefur verið að Mývatni og Laxá á ýmsa vegu, og má í því sambandi benda á byggingu kísilgúrverksmiðju við Mývatn, virkjun Laxár hjá Brúum og stíflugerð í útfallskvíslum Laxár úr Mývatni. Það skal játað, að orkuverið hjá Brúum hefur ekki valdið alvarlegum truflunum á lífsskilyrðum í Laxá, en öðru máli gegnir um stíflugerðir í útfallskvíslum Laxár úr Mývatni. Með þeirri mannvirkjagerð hefur hið lífræna samband milli vatns og ár verið rofið að verulegu leyti, en það getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Hér er því um ótvíræð spjöll að ræða, sem úr þyrfti að bæta hið bráðasta.

Áætlun Laxárnefndar um virkjun Laxár í áföngum (sbr. greinargerð Laxárnefndar til orkumálastjóra, fskj. 26—3) gerir ráð fyrir stíflugerð í Laxárgljúfrum og vatnsmiðlunarlóni í Laxárdal, en með því yrði horfið frá rennslisvirkjunum til miðlunarvirkjana. Síðar er gert ráð fyrir flutningi vatns frá vatnakerfi Skjálfandafljóts (Suðurárveita) til Laxár, í því skyni að auka vatnsmagn hennar.

Þessar áætlanir Laxárnefndar telur náttúruverndarráð mjög varhugaverðar. Mikil hætta er á því, að með slíkum aðgerðum verði hinum upprunalegu einkennum Laxár stórspillt. Jafnvel smávægileg röskun á lífsskilyrðum í Laxá gæti haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir gróður og dýralíf árinnar og valdið margvíslegum truflunum öðrum.

III.

Í sambandi við rafvirkjanir á Íslandi hefur hingað til aðeins verið tekið tillit til þess, hvar auðveldast væri að framleiða raforku á sem ódýrastan hátt. Þetta er auðvitað rétt sjónarmið, svo langt sem það nær, en það er ekki einhlítt. Framvegis ber einnig að hafa í huga, hvort virkjunarframkvæmdir kunni að valda stórfelldum náttúruspjöllum, en reyna ber eftir megni að sporna við því. Þjóðin er svo heppin að eiga enn ýmissa kosta völ að því er orkuframleiðslu varðar, og það ætti því í mörgum tilvikum að vera

auðvelt að taka tillit til náttúruverndarsjónarmiða í þessum málum. Og í því sambandi við þær byltingarkenndu hugmyndir um rafvæðingu Íslands, sem nú eru ofarlega á baugi, verður ekki hjá því komizt að hafa frá upphafi samráð við sérfræðinga á sem flestum sviðum um framkvæmd slíkra fyrirætlana.

Fylgiskjal II.

Arnþór Garðarsson og Jón Baldur Sigurðsson:

Greinargerð vegna áætlana um framhaldsvirkjun Laxár með sérstöku tilliti til Krákár og efri hluta Laxár.

I.

Greinargerð þessi er byggð á athugunum, sem við höfum framkvæmt á nokkrum undanförnum árum í Mývatnssveit. Við teljum, að áætlun Orkustofnunar um að veita Svartá og Suðurá í Kráká muni hafa í för með sér stórfellda röskun á dýralífi og gróðurfari Mývatnssveitar, ef af framkvæmdum yrði. Hér verður einungis rætt um atriði, sem lúta að náttúruvernd í þrengstu merkingu, þ. e. a. s. verndun einstæðra náttúrufyrirbæra, sem hafa ótvírætt vísindalegt gildi. Hið einstæða náttúrufar Mývatns og umhverfis þess er tvímælalaust sá hluti íslenzkrar náttúru, sem helzt ber að varðveita af þessari ástæðu einni, jafnvel þótt um enga aðra hagsmuni væri að tefla. Óhætt er að fullyrða, að mat á menningarstigi hverrar þjóðar hlýtur í framtíðinni að miðast við það, hvernig hún gætir slíks arfs.

Þó er rétt að benda á þá staðreynd, að náttúruvernd í Mývatnssveit hlýtur að vera mikið hagsmunamál bæði sveitarinnar og þjóðarinnar í heild. Leiðir flestra erlendra ferðamanna, sem hér dveljast, liggja fyrr eða síðar til Mývatns, og fjölmargir leggja leið sína hingað til Íslands í þeim tilgangi einum að kynnast náttúruundrum Mývatnssveitar. Talið er, að um 10% af gjaldeyristekjum Íslendinga komi frá erlendum ferðamönnum, og mun því óhætt að fullyrða, að Mývatnssveit sé þjóðinni alldrjúg tekjulind í þessu tilliti. Væri því eðlilegt, að opinberir aðilar verðu árlega nokkru af þessum tekjum til náttúruverndar og rannsókna í Mývatnssveit, jafnvel þótt tilgangurinn væri sá einn að viðhalda ferðamannastraumnum.

Því miður virðist sá hugsunarháttur enn ríkjandi meðal þeirra aðila, sem fyrst og fremst ættu af hagsmunaástæðum að gæta Mývatnssveitar, að fordjörfun sveitarinnar geti endalaust haldið áfram, án þess að tekur af ferðamönnum rýrni. Er þar Orkustofnun ríkisins í broddi fylkingar með Laxárvirkjun og spjöll þau, sem af þeirri virkjun hafa þegar hlotizt. Orkustofnun hyggst nú enn vega í sama knérunn með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Fast á hæla Orkustofnunar fylgir Kísiliðjan, sem seint mun talin til fegurðarauka í Mývatnssveit, þótt lifandi náttúra sveitarinnar hafi enn ekki beðið hnekki af völdum kísilgúrvinnslu, svo að vitað sé. Síðast, en ekki sízt, hafa Mývetningar sjálfir ekki ávallt kunnað fótum sínum forráð í þessum efnum. Er þar skemmst að minnast skammsýni þeirra manna, sem stóðu að og samþykktu að selja einn fegursta blett sveitarinnar undir sumarhús. En ábyrgð á því, hve hörmulega tókst til í því máli, er þó ekki hægt að skrifa á hreppsnefnd Skútustaðahrepps eina, því að náttúruverndarnefnd Suður-Þingeyjarsýslu, skipulagsstjóri ríkisins og náttúruverndarráð lögðu þar fram sinn skerf, hver á sinn máta.

II.

Suður af Mývatni er víðáttumikil flóðslétta (ca. 10 km^2), sem einu nafni nefnist Framengjar. Sléttan er mynduð af framburði Krákár, sem fellur á sumrin í einum farvegi um engjarnar vestanverðar. Að norðan- og austanverðu hvílir framburðurinn á hrauni, og standa þar víða hraunbungur eða hólar upp úr votlendinu. Að sunnan og vestan er undirstaðan grágrýti (Laxárdalsmyndun) og mishæðir yfirleitt litlar.

Allt svæðið er mjög votlent og hæðarmunur yfirleitt sáralítill að undanskildum hraunbungunum norðan til. Bakkar Krákár eru á löngum köflum hærri en mýrarnar í kring, og hefur áin hlaðið þá upp af sandburði sínum, enda er árbotninn allur úr svörtum sandi, sem er á stöðugri hreyfingu út í Laxá, og er talið, að megnið af þeim sandi, sem Laxá ber með sér og sliti veldur á vatnsvélum Laxárvirkjunar, sé úr Kráká. Á veturna yfirgefur Kráká farveg sinn að mestu og fellur þá í mörgum kvíslum, svonefndum Rennum, um Grænavatn í Mývatn. Bakkar þessara farvega eru víðast hvar í svipaðri hæð og umhverfið, og flæðir því vatnið út yfir engjarnar, sem þannig lenda að mestu undir vatni (ís) að vetrinum. Auk náttúrlegra flóða í Kráká, hafa Mývetningar löngum veitt ánni yfir engjarnar fyrri hluta sumars með stíflum og skurðum, en þýðing engjaheyskapar á þessu svæði hefur þó minnkað verulega á síðari árum.

Gróðurfarslega má flokka Framengjarnar undir flæðiengi (flæðimýri), en gróður er þó víða miklu fjölskrúðugri í Framengjum en á flestum flæðiengjum. Um sunnanverðar engjarnar eru gulstör (**Carex lynbyei**) og mýrastör (**Carex nigra**) víðast hvar ríkjandi, en einnig eru þar víðáttumiklir gulvíðiflákar (**Salix phylicifolia**). Er víðirinn víða mjög þroskalegur, stundum 2—3 m á hæð, og er hann sennilega mjög að aukast á síðustu árum vegna minni nýtingar engjanna til fóðuröflunar. Í norðanverðum Framengjum (sunnan Skútustaða) er vetrarkvíðastör (**Carex chordorrhiza**) ríkjandi, og einnig er sums staðar talsvert af flóastör (**Carex limosa**) innan um hana. Tjarnastör (**Carex rostrata**) finnst einnig víða í Framengjum, einkum þar sem vatn er. Á þurrum og hálfþurrum blettum, sem standa upp úr mýrlendinu, er gróður víða mjög blandaður, en oftast ber mest á hrísi (**Batula nana**), gulvíði og ýmsum lyngtegundum. Þá eru miklir hrísmóar við suðurmörk Framengja að austan. Er hrísið þar að meðaltali 0.5—1 m á hæð, og mun leitun á sambærilegum vexti þessarar tegundar hérlendis.

Enginn vafi getur leikið á því, að hin árlegu flóð Krákár hafa úrslitaáhrif á gróðurfar og frjósemi engjanna. En auk Krákár má gera ráð fyrir, að fuglar og mýflugur (einkum bitmý frá Laxá) flytji mikið af næringarefnum í engjarnar. Gera má ráð fyrir, að dýralíf í jarðvegi flæðiengja sé almennt miklu meira en í öðru mýrlendi, en engar rannsóknir hafa þó farið fram hérlendis á þessu atriði.

Alls verpa um 30 fuglategundir í Framengjum, og er einstaklingafjöldi nokkurra tegunda mjög mikill. Veldur þar einkum óvenjuleg frjósemi, sem áður getur, en einnig eru skilyrði vaðfugla og gráanda til fæðuöflunar í engjunum einkar hagstæð, vegna þess að hæðarmunur er afar lítill og vatnsborðið auk þess hæfilega breytilegt. Algengustu fuglategundirnar eru stelkur (**Tringa totanus**), óðinshani (**Phalaropus lobatus**) og lóuþræll (**Calidris alpina**) af vaðfuglum, en af gráöndum urtönd (**Anas crecca**), rauðhöfðaönd (**Anas penelope**) og grafönd (**Anas acuta**). Aðrar algengar tegundir eru grágæs (**Anser anser**), rjúpa (**Lagopus mutus**), hettumávur (**Larus ridibundus**) og kría (**Sterna paradisaea**) svo og nokkrar kafendur — duggönd (**Aythya marila**), skúfönd (**Aythya fuligula**) og hávella (**Clangula hyemalis**). Auk þess kemur töluvert af gráöndum í engin um mitt sumar og dveljast þar á meðan á flugfjaðrafellingu stendur, og ber sérstaklega mikið á urtönd.

Sem flæðiengi hafa Framengjar sérstöðu á tvo vegu. Í fyrsta lagi eru þær sennilega stærsta flæðiengi hér á landi, sem ekki er tengt óshólmum við sjó. Í öðru lagi eru þær hluti af vatnasvæði Mývatns. Raunhæf náttúruvernd á Mývatnssvæðinu hlýtur að mótast fyrst og fremst af því að koma í veg fyrir röskun á gróðri og dýralífi bæði í vatninu sjálfu og á landsvæðum þeim, sem að vatninu liggja. Sjálfsagt er að leggja engu minni áherzlu á verndun landsins, sem að Mývatni liggur, en á verndun vatnsins sjálfs, því að frá líffræðilegu sjónarmiði verður að líta á allt vatnasvæðið sem eina heild, bæði vegna vatnsmiðlunar í Mývatn og vegna beinna áhrifa á lífverur, sem byggja tilveru sína bæði á vatninu og aðliggjandi gróðurlendum. Skerðing eða röskun á landi, sem er jafnnálægt Mývatni og Framengjar, er því

ekki aðeins röskun á landinu sjálfu, heldur má telja fullvíst, að áhrifa slíkra spjalla gæti í lífheild Mývatns.

III.

Húsöndin (**Bucephala islandica**) er einn þriggja fuglategunda norður-amerískra, sem hér hafa numið land, en eru ekki til annars staðar í Evrópu. Útbreiðslusvæði húsandar er annars mjög takmarkað, og er hún utan Íslands þekkt sem varpfugl í Klettafjöllum, frá Alaska til Norður-Kaliforníu. Einnig er talið, að eitthvað af húsönd verpi í Labrador og á Vestur-Grænlandi, en þó er óvíst, að hún sé reglulegur varpfugl á þessum stöðum. Hér á landi verpir húsönd aðeins við Mývatn og í næsta nágrenni þess. Fullorðnar húsendur virðast vera algerir staðfuglar, sem eru á fersku vatni á veturna, bæði á Mývatni og Laxá og á Suðurlandi. Sennilegt er, að ungfuglar á fyrsta vetri leggi leið sína til austurhluta Norður-Ameríku og hafi þar vetrardvöl, því að mjög lítið sést hérlendis af fuglum á þessu aldursstigi á veturna. Óvíst er um stofnstærð húsandar utan Íslands, en gera má ráð fyrir, að íslenzki stofninn sé álitlegur hluti alls húsandarstofnsins. Íslenzki húsandarstofninn telur alls um 1000 pör (fullorðnir varpfuglar), og verpa nær allir þessir fuglar við Mývatn og ofanverða Laxá. Þar með er þó aðeins hálf saga sögð, því að nær allir kvenfuglar, sem verpa við Mývatn, fara niður á efsta hluta Laxár með ungana, fljótlega eftir að þeir koma úr eggi. Auk þess eru nær allar fullorðnar húsendur á þessum sömu slóðum, á meðan á fjaðrafelli stendur (300—400 húsendur fella á Mývatni). Í júlí og ágúst er því ca. 90% af íslenzka húsandarstofninum saman komin á litlum hluta Laxár, frá Haganesi niður undir Hofstaði. Ástæðunnar fyrir þessu er sennilega að leita í óvenjulegum fæðuskilyrðum í þessum hluta árinnar. Þar er sérstaklega um að ræða lirfur og púpur bitmýs (Simuliidae), en aðalfæða húsandar er einmitt ýmsar skordýralirfur, sem hún nær í á vatnsbotninum, svo sem bitmý, vorflugur (Trichoptera) og rykmý (Chironomidae). Íslenzki húsandarstofninn er því sérstaklega viðkvæmur fyrir breytingum á botndýralífi í efri hluta Laxár. Hætt er við stórfækkun eða útrýmingu húsandarinnar hér á landi, ef fæðuskilyrði í þessum hluta árinnar breytast til hins verra, vegna þess að húsendurnar yrðu þá að leita á önnur mið í Mývatni, þar sem þær lentu óhjákvæmilega í samkeppni um fæðu við þann mikla fjölda annarra anda, sem þar er að jafnaði. Annars staðar á landinu virðast fæðuskilyrði fyrir þessa tegund afar takmörkuð.

IV.

Eftir er að benda á nokkra annmarka, sem eru á áætlun Orkustofnunar um að auka vatnsmagn Krákár úr 6 kl/s í ca. 22 kl/s með því að veita Suðurá og Svartá í hana. Engin raunhæf áætlun virðist liggja fyrir um það, hvernig veita á þessu vatnsmagni áleiðis, eftir að kemur niður fyrir Strengjabrekku, en þar byrja Framengjar, og bakkar Krákár eru núna víðast hvar hærri en umhverfið á öllu þessu svæði niður að ármótunum við Laxá nærri Haganesi. Þar sem útilokað er, að hin nýja og efldá Kráká grafi sig niður í sandkviku farvegsins, má gera ráð fyrir, að hún falli í fyrstu víða um engjarnar, og er sennilegt, að aðalfarvegurinn yrði núverðandi vetrarfarvegur Krákár um Rennur og Grænavatn og þaðan í Mývatn. Þessi háttur á rennsli árinnar yrði eflaust kærkominn Laxárvirkjunarmönnum. „Laxá flytur fram árlega töluvert magn af sandi, sem veldur sliti á vatnsvélum rafstöðvanna. Það er hægt að losna við nær allan sandburð úr Laxá með því að veita Kráká til Grænavatns, því að það er Kráká, sem færir Laxá aðalsandmagnið. En hætt er við, að bændur sveitarinnar tækju að ugga um hag sinn, ef sandi eyðimerkurinnar í suðri væri beint til Grænavatns og tæki að fylla það upp og síðan Syðri-Flóa Mývatns, enda vart á bætandi ...“ (Sigurjón Rist: Vötn, í Náttúru Íslands, Reykjavík 1961, bls. 185). Hér er komið að háskalegasta atriðinu í áætlun Orkustofnunar, því að áætlunin miðar beinlínis að því að auka sandburð Krákár. Engin áætlun virðist liggja fyrir um, á hvern hátt auknu vatnsmagni í Kráká er ætlað að skila sér um Framengjar í Laxá. Að vísu hefur verið látið að því liggja af hálfu stofnunarinnar,

að auðvelt væri að veita ánni í stokk um Framengjarnar og beint út í Laxá. Eftir núverandi aðstæðum að dæma getur þessi lausn þó aðeins átt við að sumrinu. Klakastíflur að vetrinum hljóta eftir sem áður að eiga sér stað, og þá má telja víst, að Kráká hin nýja, allt að því fjórföld að rennsli á við núverandi á, ryðjist yfir engjarnar í Mývatn með stórauknum sandburði.

Verkfræðingar Laxárvirkjunar virðast hugsa sér að losna við aukinn sandburð Laxár með uppistöðulóni í Laxárdal. Aðalannmarkinn á slíku lóni er kæling að sumri til og þar af leiðandi spjöll á botngróðri og dýralífi vatnsins í Laxá neðan stíflu. Jafnvel þótt hvort tveggja takist, að halda nýju Kráká í stokki og losna við slit á vélum af völdum sands, hefur þessi lausn í för með sér minnkun eða jafnvel gereyðingu botndýralífs í öllum efri hluta Laxár. Stafar þetta bæði af lækkun hitastigs í þessum hluta árinnar að sumrinu og af aukinni sandsvörfun á árbotninum. Má telja líklegt, að lirfur og púpur bitmýs yrðu verst úti. En bitmýslirfur og púpur eru einmitt aðalfæða anda og silungs í ofanverðri Laxá, og eins og áður er bent á, eru bitmýslirfur og púpur undirstöðunæring húsandarinnar. Má því gera ráð fyrir, að eyðilegging botndýralífs um efri hluta Laxár, jafnvel þótt sú eyðing ætti sér aðeins stað í fáein ár, geti leitt til fækkunar og jafnvel útrýmingar íslenzka húsandarstofnsins, vegna þess að þessi hluti Laxár hefur úrslitaþýðingu fyrir viðgang þessarar tegundar hér á landi(sbr. III. kafla).

Allir Íslendingar kannast við einstæða náttúrufegurð Mývatnssveitar. Færri munu gera sér ljóst, að líffræðilega er Mývatn og nánasta umhverfi þess algerlega einstakt. Það er menningarleg skylda Íslendinga að vernda þetta svæði ósnortið, að svo miklu leyti sem það er hægt, vegna þess að þetta landsvæði er óviðjafnanlegt bæði frá vísindalegu og fagurfræðilegu sjónarmiði. Tími er til kominn, að óheillaþróun þeirri, sem átt hefur sér stað við Mývatn á seinustu árum, sé snúið við.

Sþ. 367. Fyrirspurnir. [173. mál]

I. Til fjármálaráðherra um aðild ríkisfyrirtækja að Vinnuveitendasambandi Íslands.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Hvaða ríkisfyrirtæki eru aðilar að Vinnuveitendasambandi Íslands? Hvað hafa þau, hvert um sig, greitt til Vinnuveitendasambandsins árin 1967, 1968 og 1969?

II. Til landbúnaðarráðherra um veiðiréttindi útlendinga í laxveiðiám landsins.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hve margir útlendingar hafa fengið veiðileyfi í laxám landsins árin 1967, 1968 og 1969?
2. Með hvaða hætti á leigan sér aðallega stað?
3. Hve mikið var greitt fyrir þessi veiðileyfi eða leigu í laxám í erlendum gjaldeyri s.l. 3 ár (hvert fyrir sig)?

III. Til iðnaðarráðherra um stöðlun fiskiskipa.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hvað líður störfum nefndar, sem skipuð var með bréfi, dags. 12. júlí 1967, til að vinna að tillögugerð um hentugustu gerð íslenzkra fiskiskipa?
2. Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 17. apríl 1968 um rannsókn á stöðlun veiðiskipa í ákveðnar stærðir og gerðir?

Ed. **368. Nefndarálit** [91. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki náð samstöðu um afgreiðslu frumvarps þessa. Leggur meiri hl. til, að það verði samþ. með breytingu. Undirritaður minni hl. er andvígur því meginefni frv., að önnur og minni ökuréttindi geti verið fullnægjandi til flutninga á skólabörnum en til annarra fólksflutninga.

Það skal á engan hátt dregið í efa, að rétt sé, að verulegur bagi og kostnaðarauki sé að því við flutning skólabarna í sveitum, að til mannflutninga þarf skv. umferðarlögunum sérstakt viðbótarpróf (meira próf). Einnig eru þau augljós sannindi, sem í greinargerð frv. er bent á, að til séu ágætir ökumenn, sem vel séu þeim vanda vaxnir að flytja skólabörn, þótt ekki hafi þeir meira próf.

Gerir frv. því ráð fyrir, að dómsmálaráðherra geti veitt undanþágu frá umferðarlögum, þannig að ekki þurfi full mannflutningaréttindi til að flytja skólabörn í sveitum landsins.

Vel má vera, að íslenzk löggjöf gangi of langt í því að krefjast prófa og sérstakra réttinda af bifreiðastjórum, er aka fólki og hafa það að atvinnu. En beri þjóðfélagið þá ábyrgð á velferð almennra farþega, er kaupa sér far með bifreiðum, að nauðsyn sé að krefjast viðbótarprófs af þeim bifreiðastjórum, er þeim aka, þá verður ekki séð, að samfélagið hafi neitt minni skyldur við skólabörnin, sem eru þess farþegar með sérstökum hætti.

Minn hl. telur, að vel geti komið til mála að slaka almennt á þeim kröfum, sem gerðar eru til þeirra ökumanna, sem flytja fólk í leigubifreiðum. En að taka flutning skólabarna sérstaklega undan hinum almennu reglum og gera minni kröfur fyrir skólabörnin en aðra farþega verður að teljast fráleitt með öllu.

Ef um það yrði að ræða, að gefin yrði út undanþága eða gert yrði einhvers konar frávik frá gildandi umferðarlögum, þannig að tilteknum ökumönnum yrðu veitt réttindi til að aka skólabörnum, ættu þeir hinir sömu ökumenn einnig að fá almenn og fullkomin ökuréttindi til mannflutninga.

Það er aðaltillaga minni hl., að frv. verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að Alþingi telur það óhæfu, að minni kröfur séu gerðar til öryggis í flutningum skólabarna en almennra farþega, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Tillaga til vara:

Aftan við frv. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú verður gefin út undanþága skv. þessum lögum, og skal viðkomandi ökumaður þar með öðlast almenn og fullkomin ökuréttindi til mannflutninga.

Alþingi, 27. febr. 1970.

Karl Guðjónsson, frsm. Kristján Thorlacius.

Nd. 369. Frumvarp til laga [174. mál]

um breyting á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

Í 1. gr. breytist skilgreining orðanna alifiskur, fiskur og veiðimál, og við bætast nýjar mgr. með skilgreiningu á hugtakinu almenningur í stöðuvatni, sem komi á eftir orðinu alifiskur, á hugtakinu jörð, er komi á eftir orðinu göngusilungur, og á hugtakinu veiðihlutur, sem komi á eftir orðinu vatnasilungur.

Alifiskur: Fiskur, sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.

Fiskur: Lax (Salmo salar), silungur (S. trutta og S. alpinus) og regnbogasilungur (S. irideus) eða annar vatnafiskur, ef ræktaður verður.

Veiðimál: Hvers konar mál, er lúta að lax-, silungs- og álaveiði, fiskrækt eða fiskeldi.

Almenningur í stöðuvatni: Sá hluti stöðuvatns, sem liggur fyrir utan 115 m breitt vatnsbelti (netlög) landareigna þeirra, sem að vatninu liggja.

Jörð: Lögbýli samkvæmt ábúðarlögum.

Veiðihlutur: Hundraðshluti jarðar í veiði vatns samkvæmt arðskrá.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

2. Nú er landareign í sameign, en skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og skal réttur hvers aðila til veiði vera í hlutfalli við landverð hvers jarðarhluta, þegar landskipti fara fram, án tillits til legu jarðarhlutans að veiðivatni, enda verði eigi samkomulag um aðra skipan. Að öðru leyti fara landskiptin fram í samræmi við landskiptalög, nr. 46 27. júní 1941.

3. gr.

Síðasti málsliður 5. gr. hljóði svo:

Veiðifélagi við slík vötn er heimilt að ráðstafa veiði í samræmi við lög þessi.

4. gr.

6. gr. orðist svo:

Nú skilur vatn landareignir, enda fylgi veiðiréttur báðum landareignum, og er hvorum landeiganda heimil veiði í því veiðivatni innan þeirra marka, er lög þessi segja til um. Eigi er landeiganda rétt að standa að veiði hinum megin ár, en bjarga má hann veiði og veiðitæki að hinu landinu.

5. gr.

Á eftir síðustu mgr. 14. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

7. Með sama skilorði og í 6. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa, þar sem hætta er á, að lax geti veiðzt í veiðiútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

6. gr.

1. málsliður 2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Eigi má leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns á tímabilinu frá 1. marz til 1. október en 1000 metra, ef meðalvatnsmagn ár er innan við 25 m^3 á sekúndu, en 2000 metra, ef vatnsmagnið er meira.

7. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

1. Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax- og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangaveiði, 84 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 10 til þriðjudagsmorguns kl. 10. Friðunartíma þennan má stytta í 60 stundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags engin hætta á, að um þverrandi fiskstofn sé að tefla á viðkomandi veiðisvæði. Með sama skilorði má lengja friðunartímann um allt að 24 stundir, verði talin hætta á þverrandi fiskistofni í fiskihverfinu. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangaveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klst. á sólarhring hverjum. Rétt er að setja nánari reglur um daglegan stangarveiðitíma með sama hætti og ákveðið er í 2. mgr. 18. gr. Nú fer lax og göngusilgungur um stöðuvatn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú var sagt.

2. Ráðherra er rétt að ákveða, að friðun sú, sem getur í 1. mgr., skuli gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til jöfnunar fiskgengd í því vatni.

3. Ráðherra er rétt, eftir tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, að leyfa veiðifélagi að veiða lax til flutnings á hrygningarstaði í sama fiskihverfi. Kostnað, sem af þessu leiðir, má greiða úr fiskræktarsjóði.

8. gr.

1. mgr. 22. gr. hljóði svo:

1. Þrátt fyrir ákvæði 16.—21. gr. svo og ákvæði 38. gr. er leyfilegt að veiða lax og silung til klaks og vísindalegra rannsókna, hvenær sem er, hvar sem er og án tillits til stærðar.

9. gr.

Aftan við 2. mgr. 22. gr. komi:

Hrogn, sem þannig er aflað, er óheimilt að flytja úr landi nema að fengnu leyfi ráðherra með tilteknum skilyrðum, ef þurfa þykir, enda mæli veiðimálastjóri með útflutningnum.

10. gr.

Á eftir 2. mgr. 25. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

3. Nú telst rétt að uppræta fisk úr veiðivatni til þess að rækta annan stofn kynbetri eða aðrar fisktegundir en þær, er fyrir voru í vatni, og skal ráðherra heimilt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra að leyfa notkun sérstakra efna við eyðingu fiskstofns vatns með þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

11. gr.

Ný mgr. komi í 27. gr., sem verði 2. mgr., og breytist töluröð annarra mgr. til samræmis við það:

2. Leyfi veiðimálanefndar og veiðimálastjóra þarf til að taka í notkun til veiða á laxi og silungi veiðarfæri úr nýjum efnum eða úr efnum framleiddum með nýjum aðferðum.

12. gr.

2. mgr. 30. gr., sem er ný, verði svo hljóðandi, enda breytist töluröð annarra mgr. til samræmis við það:

2. Eigi má stunda stangarveiði í þeim hluta straumvatns, þar sem veitt er með föstum veiðivélum eða ádrætti né á vikufriðunartíma þessara veiðitækja. Veiðimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um, hversu haga skuli veiði og friðun í vatni hverju, en hafa skal hann samráð um það við veiðifélag. Nú verða öll net

tekin upp ákveðið tímabil veiðitímans, samkvæmt ákvörðun stjórnar veiðifélags, og getur hún þá um það tímabil leyft stangarveiði í þeim hluta straumvatns, þar sem veitt var með föstum veiðivélum eða ádrætti.

13. gr.

4. mgr. (áður 3. mgr.) 30. gr. orðist svo:

4. Veiðimálastjóri ákveður með samþykki veiðimálanefndar, hversu margar stengur megi hafa um sinn í veiðivatni. Leita skal hann um það álits veiðifélags.

14. gr.

5. mgr. 34. gr. orðist svo:

5. Þann tíma viku, sem fiskur er friðaður gegn veiði samkvæmt 19. gr., skulu kistur og veiðikrær vera tryggilega lokaðar, en lagnet og króknet vera tekin öll upp úr vatni og á land flutt. Veiðimálastjóri getur mælt svo fyrir, að á garði að lagneti, krókneti, kistu eða veiðikró skuli höfð fleiri hlið en áður getur, og skulu þau standa opin þann tíma viku, er vötn eru friðuð samkvæmt 19. gr. Hlið á girðingum að kistu eða veiðikró skulu standa opin á sama tíma. Veiðimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um þetta efni.

15. gr.

3. mgr. 35. gr. hljóði svo:

3. Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst til fastrar veiðivélar.

16. gr.

Málsliður b í 2. mgr. 41. gr. hljóði svo:

b. Ef mannvirki lýtur að því að bæta veiðiskilyrði eða lífsskilyrði í veiðivatni, og það hefur verið samþykkt á aðalfundi veiðifélags, enda sé það háð samþykki veiðimálastjóra á sama hátt sem fiskvegur.

17. gr.

VIII. kafli: Um fiskræktarfélög falli niður.

18. gr.

IX. kafli: Um veiðifélög verði VIII. kafli, og töluröð annarra kafla og greina breytist í samræmi við það.

19. gr.

44. gr. (áður 62. gr.) orðist svo:

1. Skylt er mönnum að gera með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi, svo fljótt sem kostur er. Rétt er félagi:

a. Að ákveða, að veiða skuli með tilteknum veiðitækjum, eftir því sem segir í lögum þessum.
b. Að láta stunda veiði.
c. Að selja á leigu rétt til stangarveiði í öllu fiskihverfinu eða hluta þess.
d. Að skipta veiði milli félagsmanna og úthluta hverjum veiðihlut sínum.

2. Veiðifélagi er skylt að stunda fiskrækt, eftir því sem við á. Fiskrækt telst friðun fisks, umbætur á lífsskilyrðum fisks, flutningur fisks í veiðivatn, auðveldun á gönguleiðum fisks, eyðing sels og annars veiðivargs, eftirlit með veiði og annað, er lýtur að aukningu fiskstofns eða viðhaldi hans.

3. Um slíkan félagsskap, sem getur í grein þessari, skal fara svo sem mælt er í kafla þessum.

20. gr.

45. gr. (áður 63. gr.) orðist svo:

1. Félagssvæði veiðifélags getur tekið yfir:

a. Heilt fiskihverfi.
b. Einstakt veiðivatn í fiskihverfi.
c. Hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti.
d. Veiðivötn á afrétti, sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum, er staðsett eru á sama landssvæði.

2. Veiðifélag skal taka til allrar veiði á félagssvæðinu.

3. Nú er félagssvæði hluti straumvatns, og er rétt, að félagssvæði nái svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð, nema sérstaklega standi á.

21. gr.

46. gr. (áður 64. gr.) orðist svo:

1. Veiðimálastjóri og veiðimálanefnd ákveða félagssvæði veiðifélags innan marka laganna.

2. Frumkvæði að stofnun veiðifélags hafa:

a. Einn eða fleiri ábúendur eða eigendur jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði í samráði við veiðimálastjóra og veiðimálanefnd.
b. Veiðimálastjóri í samráði við veiðimálanefnd.

3. Veiðimálastjóri hlutast til um boðun stofnfundar.

22. gr.

47. gr. (áður 65. gr.) orðist svo:

1. Nú ber að stofna félag við vatn, sem veiði er í, og skal kveðja til fundar ábúendur allra jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði svo og eigendur eyðijarða. Ef félag á eða hefur til afnota land, sem veiðiréttur fylgir, skal boða formann félags. Nú hefur veiðiréttur verið skilinn frá landareign að fullu, og skal boða handhafa veiðiréttar. Þá menn, er veiði kunna að eiga í almenningi stöðuvatns samkvæmt 2. mgr. 8. gr., er eigi skylt að boða, en gefa skal þeim kost á þátttöku í félaginu, þá er stofnað hefur verið, ef þeir sanna rétt sinn. Eigi skulu þeir hafa atkvæðisrétt um málefni, er varða aðrar veiðiaðferðir en dorgarveiði.

2. Nú ber að stofna veiðifélag við vatn, sem verið hefur veiðilaust, og skal boða til fundar ábúendur allra þeirra jarða, sem lönd eiga að vatni á hinu fyrirhugaða félagssvæði.

3. Fund skal boða skriflega eða í símskeyti og eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag og auk þess með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag. Fundur er lögmætur, ef hann er löglega boðaður.

23. gr.

48. gr. (áður 66. gr.) orðist svo:

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkvæmt 47. gr., skal leggja fram bréf með ákvörðun veiðimálastjóra og veiðimálanefndar um félagsstofnun ásamt öðrum skjölum, sem fram hafa komið um málið. Á fundinum skal ræða um stofnun félags og verkefni, kjósa stjórn og bóka fundargerð.

2. Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Ábúandi hvers lögbýlis, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati við gildistöku laga þessara, skal hafa eitt atkvæði. Nú býr maður á fleiri en einni jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði. Nú er jörð í eyði, og hefur eigandi hennar eitt atkvæði. Nú eru ábúendur lögbýlis eða eigendur eyðijarðar fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt jarðarinnar. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og eigi eldra en þriggja mánaða og þess getið í fundarbók.

3. Nú er stofnað veiðifélag, sem einungis tekur til veiðivatna á afréttum, og skal koma eitt atkvæði fyrir hvert lögbýli við gildistöku laga þessara, sem á veiðirétt á þeim afréttum eða rétt á til upprekstrar á þá.

24. gr.

67. gr. falli niður.

25. gr.

68. gr. falli niður.

26. gr.

Í stað 1. mgr. 69. gr. laganna (verður 49. gr.) komi tvær mgr., svo hljóðandi:

1. Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal setja félaginu samþykkt á stofnfundi eða á öðrum fundi, sem boðaður er á sama hátt sem stofnfundur. Atkvæði ⅔ félagsmanna þarf til þess, að samþykkt sé gerð. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók. Nú verður samþykkt eigi gerð vegna ónógrar fundarsóknar eða af öðrum ástæðum, og skal boða til annars fundar á sama hátt og að framan greinir. Ræður þar afl atkvæða. Um félagsmál, sem eigi er sérstaklega ákveðið í lögum, gildir afl atkvæða.

2. Nú er eigi gerð lögmæt samþykkt samkvæmt 1. mgr., og er þá veiðimálastjóra og veiðimálanefnd rétt að setja félaginu samþykkt, sem gildir, unz félagið setur sér lögmæta samþykkt með þeim hætti, er í 1. mgr. segir. Nú greinir veiðimálastjóra og veiðimálanefnd á, og sker ráðherra úr.

27. gr.

50. gr. (áður 70. gr.) orðist svo:

1. Á fundi, boðuðum á sama hátt og stofnfundur, skal gera skrá, er sýni hluta þann af veiði eða arði af veiði, sem koma á í hlut hverrar jarðar eða jarðarhluta, er veiðiréttur fylgir í vatni á félagssvæði. Við niðurjöfnun veiði eða arðs af henni skal m. a. taka tillit til aðstöðu við netjaveiði og stangarveiði, landlengdar að veiðivatni, til hrygningarskilyrða og uppeldisskilyrða fisks.

2. Arðskrá skal leggja undir úrskurð fundarmanna, og skal greiða atkvæði um hana, eins og segir í 1. mgr. 49. gr. Í arðskrá skal greina tímamark fyrir gildistöku hennar. Nú verður arðskrá eigi löglega samþykkt, og skal stjórn veiðifélags óska eftir mati samkvæmt 93. gr. Einnig er félagsmanni, sem telur gengið á hlut sinn með arðskrá, rétt að krefjast mats samkvæmt 93. gr. Tekur mat gildi tveimur mánuðum eftir birtingu í ábyrgðarbréfi frá stjórn veiðifélags eða á annan sannanlegan hátt, enda sé yfirmats eigi krafizt. Nú fer yfirmat fram, og tekur það gildi frá þeim tíma, er yfirmatsmenn ákveða.

3. Rétt er félagsmanni að krefjast endurskoðunar á arðskrá fimm árum eftir setningu hennar í fyrsta skipti, en síðar á átta ára fresti.

28. gr.

5. mgr. 56. gr. (áður 76. gr.) er ný og orðist svo:

5. Um endurskoðun arðskrár skal að öðru leyti fara eins og segir í 50. gr.

29. gr.

59. gr. (áður 79. gr.) orðist svo:

1. Nú verða ábúendaskipti á jörð á félagssvæði, og er þá hinum nýja ábúanda skylt að gerast félagi og taka á sig skuldbindingar félagsmanns.

2. Eignir veiðifélags skulu teljast fylgifé jarða á félagssvæðinu í arðskrárhlutfalli. Ef ágreiningur verður vegna eignarhluta í veiðifélagi, sker mat úr, sbr. 94. gr.

30. gr.

80. gr. og 81. gr. laga nr. 53/1957 falli niður.

31. gr.

58. gr. laga nr. 53/1957 verði 60. gr.

32. gr.

61. gr. (áður 59. gr.) orðist svo:

1. Nú vill veiðifélag með ráði og samþykki veiðimálastjóra auka friðun eða láta vikufriðun gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, auka fjarlægð milli fastra veiðivéla frá því, sem í lögum er mælt, stytta hámarkslengd þeirra, draga úr veiðni veiðitækja, fækka þeim eða kveða á um meiri lágmarksstærð fisks, sem veiða má, og er það rétt, ef allir félagsmenn hverfa að einu ráði eða lögmætur félagsfundur samþykkir með ⅘ atkvæða félagsmanna, enda fari um fundarboðun og atkvæðagreiðslu eins og mælt er í 49. gr. laga þessara, og fundarefnis sé getið í fundarboði.

2. Samþykkt samkvæmt 1. mgr. öðlast gildi, þá er ráðherra staðfestir hana, enda mæli veiðimálanefnd með samþykkt.

33. gr.

66. gr. (áður 86. gr.) orðist svo:

Nú tekur maður upp fiskeldi, og skal hann þá tilkynna veiðimálastjóra það. Tilkynningu skulu fylgja skilríki um vatnsafnot og uppdrættir af ráðgerðum mannvirkjum. Er slíkum skilríkjum hefur verið skilað og þau teljast fullnægjandi, skal veiðimálastjóri gefa út viðurkenningu á eldisstöðinni, og öðlast hún þar með réttindi samkvæmt því, sbr. 70. gr. Ráðherra er rétt að setja skilyrði í reglugerð.

34. gr.

Á eftir 66. gr. komi ný grein, sem verði 67. gr. (áður 1. mgr. 60. gr.):

Hverjum manni er skylt að láta af hendi við veiðifélag land eða landsafnot, vatn eða afnot vatns, er þarf til byggingar eða starfsemi klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging slíkra stöðva eða starfsemi kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

35. gr.

Á eftir 72. gr. komi ný grein, er verði 73. gr., svo hljóðandi:

Ráðherra er rétt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva á sama hátt og ákveðið er í 6. og 7. mgr. 14. gr., enda hafi gönguseiðum verið sleppt frá stöðinni í því skyni, að fiskur gangi aftur upp í hana úr sjó.

36. gr.

Á eftir 73. gr. komi ný gr., er verði 74 gr., svo hljóðandi:

Ráðherra er rétt, samkvæmt meðmælum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, að heimila eldisstöð laxveiði í sjó innan 200 metra frá frárennsli hennar, enda hafi gönguseiðum verið sleppt í frárennslið í því skyni, að þau gangi í sjó og komi aftur upp í eldisstöðina að sjávarvist lokinni.

37. gr.

75. gr. (ný gr.) orðist svo:

1. Ráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd, en í henni eiga sæti yfirdýralæknir, og sé hann formaður, veiðimálastjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Hún skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðgerðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað, er að fisksjúkdómum lýtur.

2. Rétt er ráðherra þeim, er í hlut á, að skipa, þá er fé verður til þess veitt

á fjárlögum, við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum sérfræðing í fisksjúkdómum, og skal hann vera fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis.

38. gr.

76. gr. (áður 92. gr.) orðist svo:

Bannað er að flytja til landsins lifandi laxfisk eða annan fisk, er lifir í ósöltu vatni. Ráðherra er rétt að leyfa innflutning lifandi hrogna slíkra fiska, enda mæli fisksjúkdómanefnd með því og telji eigi hættu á, að sjúkdómar flytjist til landsins með slíkum hrognum, og þeim fylgi heilbrigðisvottorð frá viðkomandi yfirvöldum.

39. gr.

77. gr. orðist svo:

Eigi má flytja til landsins lifandi skrautfiska né hrogn þeirra. Rétt er ráðherra að leyfa tilteknum aðilum slíkan innflutning, enda samþykki fisksjúkdómanefnd það hverju sinni og sé fyrir hendi heilbrigðisvottorð, sem hún metur gilt.

40. gr.

78. gr. (áður 93. gr.) orðist svo:

1. Sótthreinsa skal hrogn, ílát og umbúðir um hrogn eða skrautfiska, sem flutt eru til landsins samkvæmt 76. og 77. gr., baða skrautfiska úr lyfjablöndu, ef ástæða þykir til, svo og hafa hrogn og fisk í sóttkví, ef nauðsynlegt þykir. Fisksjúkdómanefnd gefur fyrirmæli um sótthreinsun og sóttkví og hefur eftirlit með henni.

2. Nú er fiskur fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi, og skal sá flutningur háður fyrirmælum yfirdýralæknis.

41. gr.

79. gr. orðist svo:

Fisksjúkdómanefnd er rétt, ef ástæða þykir til, að fyrirskipa sótthreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar, sem notaður hefur verið erlendis, áður en leyfilegt sé að flytja hann inn í landið, enda sé vottorð eigi lagt fram um, að veiðitæki og veiðibúnaður hafi verið sótthreinsaður erlendis. Enn fremur er nefndinni rétt að banna, ef ástæða þykir til, innflutning á dauðum vatnafiski, ferskum eða frystum.

42. gr.

80. gr. (áður 95. gr.) orðist svo:

Nú kemur upp næmur sjúkdómur í veiðivatni eða í klak- og eldisstöð eða grunsamlegt þykir, að næmur sjúkdómur leynist í fiski á slíkum stöðum, og er ráðherra rétt að fengnum tillögum fisksjúkdómanefndar að gera hvers konar ráðstafanir, sem taldar eru nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

43. gr.

81. gr. orðist svo:

Ráðherra er rétt eftir tillögum fisksjúkdómanefndar að setja reglur um heilbrigðiseftirlit í klak- og eldisstöðvum, um töku sýnishorna, um sóttvarnaraðgerðir og um kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum, svo og kveða nánar á um önnur ákvæði þessa kafla, eftir því sem þurfa þykir.

44. gr.

82. gr. (áður 97. gr.) orðist svo:

Rétt er að skjóta eða styggja sel í veiðivatni og í ósi þess eða ósasvæði, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum.

45. gr.

Í upphafi 1. og 2. mgr. 83. gr. (áður 98. gr.) komi orðið arðgæf í stað orðsins friðlýst, og hefjist báðar mgr. þannig: „Nú eru arðgæf selalátur og . . .“

46. gr.

2. mgr. 84. gr. (áður 99. gr.) orðist svo:

2. Bætur greiða eigendur laxveiði eða göngusilungs í því fiskihverfi, er í hlut á. Skulu þær vera árgjald, sbr. þó 3. mgr. Bætur skulu ákveðnar með mati, ef eigi semur, og greiða veiðieigendur þær í arðskrárhlutfalli. Sýslumaður jafnar niður gjaldi og innheimtir á manntalsþingi. Fylgir því lögtaksréttur. Nú er veiðiréttur leigður samkvæmt 2. gr., og greiðir þá leigutaki bætur í stað leigusala.

47. gr.

Á 2. mgr. 86. gr. (áður 101. gr.) laganna verði þær breytingar, að við bætist tveir nýir stafliðir, sem verða a- og c-liðir, og aðrir stafliðir í gr. breytist til samræmis við það, og auk þess bætist orðið fiskeldi inn í f-lið (áður d-lið):

a. Hann annast þau verkefni, sem honum eru falin í lögum þessum.
c. Hann annast merkingu vatnafiska, en getur gefið öðrum leyfi til merkinga með skilyrðum, sem hann setur.
f. Hann gerir tillögur um reglugerðir og önnur ákvæði, sem sett eru samkvæmt lögum um friðun, fiskeldi eða veiði.

48. gr.

87. gr. (áður 102. gr.) hljóði svo:

1. Í veiðimálanefnd eiga sæti fimm menn. Ráðherra skipar nefndina, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangarveiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Nú tilnefnir einhver framangreindra aðila eigi mann í veiðimálanefnd, og skipar ráðherra í nefndina í hans stað. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn.

2. Veiðimálanefnd er ráðherra til aðstoðar um veiðimál og fer með þau mál, sem henni er falið í lögum þessum. Getur hún gert tillögur um allt, er að veiðimálum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leita um setningu reglugerða og annarra ákvæða um friðun, fiskeldi og veiði.

3. Fundur er ályktunarfær, ef minnst þrír menn eru á fundi.

4. Atkvæði þriggja nefndarmanna þarf til þess, að ákvörðun veiðimálanefndar sé lögmæt.

49. gr.

5. og 6. mgr. 88. gr. (áður 103. gr.) eru nýmæli og hljóði svo:

5. Nú leikur grunur á, að fiskur sé ólöglega veiddur, og getur eftirlitsmaður krafizt þess, að sá, er hefur hann undir höndum, geri eftirlitsmanni grein fyrir, hvar hann hafi fengið fiskinn, ella telst fiskurinn ólöglegt veiðifang.

6. Nú leikur grunur á, að ólöglegt veiðifang sé geymt í verzlun, reykhúsi, frystihúsi eða í öðru geymsluhúsi, og er eftirlitsmanni heimilt án undangengins úrskurðar dómara að gera leit að slíku veiðifangi og taka það í sína vörzlu, ef þurfa þykir, en gera skal hann dómara þeim, er í hlut á, þegar viðvart, en hann skal þegar taka málið til meðferðar.

50. gr.

Í upphafi XIV. kafla komi ný gr. og fyrirsögn breytist og verði: Um Fiskræktarsjóð og styrkveitingar til fiskræktar.

51. gr.

90. gr., ný gr. hljóði svo:

1. Stofna skal sjóð, er nefnist Fiskræktarsjóður, til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Tekjur sjóðsins eru:

a. Fjárveiting úr ríkissjóði.
b. Gjald af skírum veiðitekjum, 2%, er innheimtist af veiðifélögum.

c. Tekjuafgangur fiskeldisstöðva ríkisins, eftir ákvörðun ráðherra.
d. 2‰ af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings.
e. Aðrar tekjur.

2. Með stjórn Fiskræktarsjóðs fara veiðimálanefnd og veiðimálastjóri. Ákvarðanir um styrki og lán úr sjóðnum skulu háðar samþykki ráðherra. Ráðherra er rétt að setja Fiskræktarsjóði starfsreglur. Nú greinir veiðimálanefnd og veiðimálastjóra á, og sker ráðherra úr.

52. gr.

91. gr. (áður 105. gr.) orðist svo:

Lán og styrki skal veita úr Fiskræktarsjóði til framkvæmda, er lúta að fiskrækt eða fiskeldi, enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda, þær séu gerðar undir eftirliti hans og hann mæli með styrkveitingu.

Þessar framkvæmdir njóta styrks, er nemi allt að ⅓ af áætluðum kostnaði:

1. Fiskvegir og önnur meiri háttar mannvirki, er stefna að því að auka fiskför um vatn.
2. Klakhús og eldisstöðvar, enda hafi fiskur verið alinn þar eigi skemur en 3 ár.

53. gr.

92. gr. (áður 106. gr.) breytist þannig, að orðin „úr Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 75 27. apríl 1962“ komi í stað orðanna „úr Ræktunarsjóði samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1947“.

54. gr.

Í 3. mgr. 93. gr. (áður 107. gr.) komi orðin „tveir mánuðir“ í stað orðanna „8 vikur“.

55. gr.

Í 1. mgr. 94. gr. (áður 108. gr.) komi orðin „að mestu eða öllu“ í stað orðanna „með öllu“, og ný mgr. bætist við gr., sem verði 3. mgr., svo hljóðandi:

3. Nú hefur maður í öðrum tilvikum en í 1. mgr. segir orðið að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna ákvæða og framkvæmdar laga þessara, og á hann kröfu til skaðabóta eftir mati. Skaðabætur skulu greiða eigendur veiðiréttar í fiskihverfi því, sem í hlut á, eftir ákvörðun matsnefndar, og má taka þær lögtaki. Ákveða má þeim, er tjón hefur beðið, bætur með því að úthluta honum arði í arðskrá. Stjórn veiðifélags er skylt að annast innheimtu bóta á félagssvæði sínu.

56. gr.

96. gr. (áður 110., 111., 112. og 113. gr.) orðist svo:

1. Það varðar mann sektum og varðhaldi, ef miklar sakir eru, ef:

a. Hann veiðir ólofað í vatni annars manns.
b. Hann hittist með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, nema sannað sé, að hann hafi átt þar lögmætt erindi.
c. Hann veiðir á tíma, þegar veiði er bönnuð, eða á stöðum, þar sem veiði er bönnuð.
d. Hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem bannað er að nota, eða fylgir eigi settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um veiðiaðferð.
e. Hann veiðir fisk, sem er minni en leyft sé að veiða, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er sleppa skal.
f. Hann brýtur ákvæði 23., 30. eða 38. gr.
g. Hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn.
h. Hann notar sprengiefni, skotvopn, rafmagn, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði.
i. Hann hlítir eigi settum reglum um veiðifélög eða samþykktum þeirra.
j. Hann hlítir annars eigi lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

2. Brot gegn ákvæðum 14. gr. innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi varðar fésektum allt að 500 000 kr. og auk þess varðhaldi, ef miklar sakir eru.

57. gr.

97. gr. (áður 114. gr.) orðist svo (óbreytt):

Brot þau, er getur í c-, d- og h-liðum 96. gr., teljast fullframin, jafnskjótt og veiðarfæri er komið að veiðistað, nema sannað sé, að það hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

58. gr.

98. gr. (áður að nokkru 1. mgr. 110. gr. laganna) orðist svo:

Nú veiðir maður ólofað í vatni annars manns, og skal sá, er misgert var við, fá allt veiðifang eða andvirði þess auk bóta fyrir annað tjón, sem hann kann að hafa orðið fyrir.

59. gr.

99. gr. (áður 115. gr.) orðist svo:

Ólögleg veiðitæki og veiðitæki, sem eru notuð með ólöglegum hætti, skulu upptæk ger. Eins fer um ólöglegt veiðifang, sbr. þó 98. gr.

60. gr.

116. gr. laganna verði 100. gr.

61. gr.

101. gr. er nýmæli og orðast svo:

1. Rétt er dómsmálaráðherra að fela Landhelgisgæzlunni löggæzlu samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við verður komið.

2. Rétt er dómsmálaráðherra, samkvæmt tillögu landbúnaðarráðherra, að skipa sakadómara í Reykjavík til þess að rannsaka og dæma brot gegn lögum þessum.

62. gr.

102. gr. (áður 117. gr.) orðist svo:

Veiðifélag, sem löglega hefur verið stofnað samkvæmt eldri lögum, skal haldast, en breyta skal samþykktum þess samkvæmt 1.—2. mgr. 49. gr.

63. gr.

Fella skal niður orðið „fiskræktarfélag“ úr gr. laganna og setja orðið „veiðifélag“ í staðinn svo og fella niður samtengingar eins og t. d. „og“, „eða“ með orðinu „fiskræktarfélag“, þar sem nauðsyn krefur, og orðin „ef til er“ á eftir orðinu „veiðifélag“. Þá skal og breyta tilvitnunum í einstakar gr., þar sem þörf verður á vegna breyttrar töluraðar á lagagreinum.

64. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, og gefa þau út svo breytt.

65. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin lagði fyrir síðasta Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði. Frumvarpið varð ekki útrætt á þinginu, og er það á ný lagt fyrir Alþingi.

Frumvarp þetta er nokkuð breytt frá hinu fyrra frumvarpi, og skal hér gerð grein fyrir þeim atriðum, þar sem um frávik er að ræða. Að öðru leyti vísast til greinargerðar frumvarpsins, sem lagt var fyrir síðasta Alþingi.

1. Við 2. gr. frumvarpsins er bætt nýjum málslið, svo hljóðandi: „Að öðru leyti fara landskiptin fram í samræmi við landskiptalög, nr. 46 27. júní 1941.“ Ákvæði þetta er sett til skýringar.
2. Felld er niður 5. gr. frumvarpsins, sem ákveður, að öllum, sem stunda lax- og silungsveiði, skuli gert að skyldu að kaupa veiðimiða.

   Hér yrði um allumfangsmikið fyrirtæki að ræða og krefðist mikils eftirlits. Hins vegar er ekki líklegt, að tekjuöflun til handa Fiskræktarsjóði yrði í samræmi við kostnað.
3. Sú breyting er gerð á 7. gr. frv. (áður 8. gr.), að vikufriðunartími fyrir netjaveiðum er látinn vera óbreyttur 84 stundir, eins og ákveðið er í gildandi lögum um lax- og silungsveiði.

   Laxveiði í þeim ám, þar sem netjaveiði hefur verið stunduð, hefur aukizt undanfarið frá ári til árs. Þetta bendir ekki til þess, að um ofveiði sé að ræða í þessum ám, og virðist því ekki ástæða til að auka vikufriðunina. Ef aðstæður breytast, sem af myndi leiða aukið veiðiálag, og þar með hætta á ofveiði, er veiðifélagi heimilað að lengja vikufriðun um allt að 24 stundir, enda sé veiðimálastjóri og veiðimálanefnd samdóma veiðifélagi um nauðsyn aðgerða. Er hér um nýmæli að ræða. Er með því ætlað að koma í veg fyrir hugsanlega ofveiði. Í þessu sambandi skal bent á, að í fleiri greinum í lax- og silungsveiðilögunum eru veittar heimildir til að auka friðun, þyki nauðsyn bera til.

   Aftan við gr. er bætt nýrri mgr., 3. mgr., þess efnis að heimila veiðifélagi að veiða lax, flytja hann til og sleppa honum innan sama fiskihverfis. Er með þessu ákvæði opnuð leið til þess að sjá svo um, að nægjanlegt sé af laxi til að hrygna á efstu svæðum fiskihverfis eða á stöðum, sem lax gengur treglega á, og að uppeldisskilyrði á slíkum svæðum verði fullnýtt til hagsbóta fyrir allt fiskihverfið. Þar sem hér er um tilraun að ræða, þykir eðlilegt, að kostnaður við hana verði greiddur úr Fiskræktarsjóði.
4. Aftan við 12. gr. frumvarpsins (áður 13. gr.) kemur nýr málsliður, svo hljóðandi:

   „Nú verða öll net tekin upp ákveðið tímabil veiðitímans, samkvæmt ákvörðun stjórnar veiðifélags, og getur hún þá um það tímabil leyft stangarveiði í þeim hluta straumvatns, þar sem veitt var með föstum veiðivélum eða ádrætti.“

   Þetta viðaukaákvæði er sett til skýringar.
5. Við 5. málsgr. 14. gr. (áður 15. gr.) er bætt við orðunum „og á land flutt,“ og er það gert til þess að koma í veg fyrir ólöglega veiði á friðunartíma.
6. Á eftir orðinu „fasteignamati“ í 2. málsgr. 23. gr. frumvarpsins (áður 24. gr.) koma orðin: „við gildistöku laga þessara.“

   Á eftir orðinu „lögbýli“ í 3. málsgr. 23. gr. frumvarpsins (áður 24. gr.) koma orðin: „við gildistöku laga þessara.“

   Hér er lagt til, að atkvæðisréttur í veiðifélagi verði bundinn við lögbýli, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati við gildistöku laga þessara.

   Ákvæði þetta á að girða fyrir, að lögbýlum sé skipt í þeim tilgangi að afla atkvæðisréttar í veiðifélögum.
7. Í stað 3. málsgr. 27. gr. frumvarpsins (áður 28. gr.) kemur ákvæði, svo hljóðandi:

   „Rétt er félagsmanni að krefjast endurskoðunar á arðskrá fimm árum eftir setningu hennar í fyrsta skipti, en síðar á átta ára fresti.“

   Álitamál er, hversu langur gildistími arðskrár skuli vera. Í 28. gr. frumvarpsins var gert ráð fyrir, að félagsmaður gæti krafizt endurskoðunar á arðskrá, sem gilt hefði í fimm ár. Mat á arðskrá hefur allmikinn kostnað í för með sér. Talið er, að nægilega tryggilega sé séð fyrir hagsmunum félagsmanna samkvæmt þeirri reglu, sem hér er gert ráð fyrir, að lögfest verði.

8. Felldur er niður b-liður 51. gr. frumvarpsins (áður 52. gr.) varðandi sölu veiðimiða, og er vísað í því efni til framangreindrar athugasemdar við 5. gr. frumvarpsins. Þá er sú breyting gerð á 2. tölulið greinarinnar, að þar er ákveðið, að ákvarðanir veiðimálanefndar og veiðimálastjóra um veitingu lána og styrkja úr Fiskræktarsjóði, skuli háðar samþykki ráðherra. Er þetta í samræmi við þá almennu reglu, er gildir um lánveitingar og styrkveitingar opinberra sjóða slíkra, sem hér um ræðir.
9. Hér er um orðalagsbreytingu að ræða.
10. Lagt er til, að 2. málsgr. 61. gr. (áður 62. gr.) orðist þannig:

„Rétt er dómsmálaráðherra, samkvæmt tillögu landbúnaðarráðherra, að skipa sakadómara í Reykjavík til þess að rannsaka og dæma brot gegn lögum þessum."

Landbúnaðarráðherra fer með mál varðandi lax- og silungsveiði. Rétt þykir því, að hann geri tillögu til dómsmálaráðherra um skipun sakadómara til þess að rannsaka og dæma brot á þessum lögum.

Sþ. 370. Tillaga til þingsályktunar [175. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lögð fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa fyrir næsta þing frumvarp um staðgreiðslukerfi opinberra gjalda, er sé í meginefnum í samræmi við tillögur nefndar þeirrar, sem Alþingi kaus samkvæmt þingsályktun frá 18. apríl 1967. Skal þó leitazt við að gera skattheimtukerfið það einfalt, að staðgreiðsla opinberra gjalda auki ekki kostnað og fyrirhöfn við álagningu og innheimtu gjaldanna.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á árinu 1966 var unnið á vegum fjármálaráðuneytisins að rækilegri athugun á staðgreiðslukerfi opinberra gjalda, sem tekið hefur verið upp í mörgum löndum, þótt með nokkuð mismunandi hætti sé. Var lögð fyrir Alþingi skýrsla um málið, svo að alþingismönnum gæfist kostur á að kynna sér ýmis helztu atriði kerfisins og gætu tekið afstöðu til þess, hvort þeir teldu þessa nýskipan skattamála til bóta. Augljóst var, að ef kostir slíks kerfis ættu að geta notið sín, yrði að gera verulegar breytingar á gildandi skattalöggjöf.

Viðbrögð Alþingis urðu þau að kjósa sjö manna milliþinganefnd, skv. þingsályktun 18. apríl 1967, „er haldi áfram athugunum á því, hvort hagkvæmt muni að taka upp staðgreiðslukerfi opinberra gjalda. Skal, auk mats á hagsmunum ríkissjóðs og skattgreiðenda almennt, leitað álits sveitarfélaga og helztu samtaka vinnumarkaðarins. Leiði athuganir þessar og viðræður til jákvæðrar niðurstöðu og samkomulags um viðhlítandi kerfi, skal ríkisstjórnin undirbúa nauðsynlega löggjöf í því sambandi", svo sem segir í þingsályktuninni.

Nefndin hefur síðan unnið að framhaldskönnun málsins og tillögugerð á grundvelli þessarar ályktunar Alþingis, og hefur áliti nefndarinnar nýlega verið útbýtt á Alþingi. Nefndin hefur í flestum efnum orðið sammála, og allir nefndarmenn mæla með því að lögleiða staðgreiðslukerfið. Hins vegar er þó nokkur ágreiningur um veigamikil framkvæmdaratriði, og varðandi ýmis mikilvæg atriði er bent á fleiri en eina leið til úrlausnar. Að meginstefnu er valin sú leið að gera ekki róttækar breytingar á núverandi sköttum, heldur aðlaga staðgreiðslukerfið svo sem verða má gildandi skattheimtu, nema hvað óhjákvæmilegt er að gera breytingu á álagningu og innheimtu.

Loks eru dregnir fram ýmsir kostir og annmarkar, sem komið hafa í ljós við athugun málsins í einstökum atriðum.

Nefndin hefur unnið ágætt starf og skilgreint rækilega margvísleg framkvæmdaatriði, þótt enn vanti mikið á, að grundvöllur sé lagður að öllum einstökum atriðum löggjafar um málið. Nefndarálitið gerir hins vegar öllum veigamestu efnisatriðum það glögg skil, að menn ættu að geta myndað sér ákveðnar skoðanir um, hvort þyngri séu á metunum kostir eða ókostir staðgreiðslukerfisins, og þá einnig, hvort velja skuli þá leið að reyna að samræma eftir megni staðgreiðslukerfið núverandi skattheimtukerfi eða stefna að róttækari breytingum á því í því skyni að gera það einfaldara og laga það betur að staðgreiðsluskipulaginu.

Þótt þingsályktunin frá 1967 geri ráð fyrir því, að ríkisstjórnin undirbúi löggjöf um staðgreiðslukerfið, ef nefndin að meginstefnu mæli með því, þá er ljóst, að um verður að ræða svo víðtækar breytingar á ýmsum veigamiklum þáttum gildandi skattkerfis, ef staðgreiðslukerfið á að geta leitt til þeirra umbóta, sem að hefur verið stefnt, að rétt þykir að óska nýrrar viljayfirlýsingar Alþingis, eftir að þingmönnum hefur gefizt kostur á að kynna sér hið greinargóða nefndarálit milliþinganefndarinnar.

Sþ. 371. Nefndarálit [42. mál]

um till. til þál. um rekstrarlán iðnfyrirtækja.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur athugað tillögu þessa, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar.

Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að tillögunni verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem vitað er, að öll mál iðnaðarins, þar á meðal lánamál hans, eru í gagngerri athugun hjá ríkisvaldinu, og vel má vera, að sú athugun leiði til hagfelldari lánafyrirgreiðslu en í tillögu þessari felst, telur Alþingi ekki tímabært að samþykkja bindandi úrlausnir varðandi rekstrarlán iðnfyrirtækja, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. marz 1970.

Bragi Sigurjónsson, form., 1. frsm. Jónas Pétursson, fundaskr. Matthías Bjarnason.

Friðjón Þórðarson.

Ed. 372. Breytingartillaga [11. mál]

við brtt. á þskj. 311 [Skipun prestakalla].

Frá Ólafi Björnssyni.

Við 2. tölulið. Í stað orðanna „að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar“ komi: að fengnum tillögum biskups og í samráði við Þingvallanefnd.

Ed. 373. Nefndarálit [15. mál]

við frv. til l. um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á mörgum fundum. Mætt hafa á nefndarfundum skólameistari menntaskólans á Laugarvatni, rektor menntaskólans við Hamrahlíð, ráðuneytisstjórinn í menntamálaráðuneytinu og fulltrúar Félags menntaskólakennara, en nefndinni hafði borizt erindi frá því félagi.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frv. með tilteknum breytingum, sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þskj. og nánar verða skýrðar við framsögu. Jafnframt áskilja einstakir nm. sér rétt til að flytja frekari brtt. við frv. og að fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 3. marz 1970.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Jón Þorsteinsson.
Steinþór Gestsson.	Páll Þorsteinsson.	Einar Ágústsson.
	Gils Guðmundsson.	

Ed. 374. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til l. um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 13. gr.
   a) 1. mgr. orðist svo:
      Menntaskólar skulu svo vel búnir starfsliði, að þeir geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um. Við hvern menntaskóla, sem fullnægir skilyrðum um nemendafjölda og annað, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð, skal því auk skipaðs skólastjóra og kennara ráða í eftirtalin störf m.a.:
   b) Við A-lið. 4. töluliður falli niður og breytist röð töluliða samkv. því.
   c) Við B-lið. Í stað orðsins „yfirkennara“ í 1. tölulið komi: aðstoðarskólastjóra.
2. Við 14. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
   Þeir kennarar, er gegnt hafa fullri kennslu við menntaskóla í 16 ár, hljóta starfsheitið yfirkennarar.
3. Við 16. gr. 1. mgr. falli niður.
4. Við 26. gr. 7. töluliður orðist svo:
   Ráðningu starfsliðs, starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna (sbr. 13. gr.).

Nd. 375. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar á nokkrum fundum og m. a. rætt við þá dr. Jóhannes Nordal, formann Landsvirkjunar, og Eirík Briem, framkvæmdastjóra Landsvirkjunar.

Frv. er flutt til staðfestingar á viðaukasamningi við Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík. Í samningnum eru fólgin tvö meginatriði. Annars vegar er samið um, að stækkun verksmiðjunnar verði hraðað, þannig að henni verði lokið á árinu 1972 í stað 1975. Hins vegar, að hún verði stækkuð að ⅙ hluta frá því, sem ákveðið var, og að þeirri stækkun verði lokið í júlímánuði n.k.

Alkunnugt er, að hagkvæmni stórvirkjunar er að verulegu leyti háð því skilyrði, að hægt sé að selja verulegan hluta rafmagnsframleiðslunnar fljótlega eftir að virkjunarframkvæmdum er lokið.

Í þessu sambandi hefur m. a. verið upplýst, að meðalkostnaðarverð á raforku frá Búrfelli verði nú í ár 47.4 aurar á selda kwst. með ráðgerðri sölu til ÍSAL, en hefði orðið 224 aurar, ef aðeins væri seld orka til eigin þarfa landsmanna. Með ráðgerðri sölu til ÍSAL er áætlað, að meðalkostnaðarverð verði á árinu 1977 komið niður í 20.1 eyri, en án sölu til ÍSAL hefði það orðið 52.5 aurar á því ári.

Þessar tölur sýna svo glöggt sem verða má, hvað hér er um að ræða. Ekki ætti að vera hægt að villa um fyrir neinum um það, að upprunalegi orkusölusamningurinn var hagkvæmur, og augljóst er, að hröðun framkvæmda og ný stækkun verksmiðjunnar gerir góðan samning betri.

Þá má einnig benda á, að orkusölusamningnum og þessum viðauka hans fylgir margs konar óbeinn hagnaður. Eftir viðaukann er nú áætlað, að framleiðslugjald af álframleiðslunni muni nema um 4000 millj. kr. á næstu 25 árum, miðað við óbreytt verðlag á áli, sem þó er sennilegt að fari hækkandi.

Enn eru þó ótaldar hinar miklu launatekjur þjóðarinnar við mannvirkjagerð, oft talsvert á annað þúsund manns í hinu erfiða árferði að undanförnu og eftir hröðun framkvæmda og stækkun verksmiðju um 500 manns við framleiðslustörf. Hér við má bæta margvíslegri innlendri þjónustu við þetta stóra fyrirtæki, hagnaði Hafnfirðinga af Straumsvíkurhöfn, útflutningi framleiðslunnar með íslenzkum skipum o. fl.

Orkusölusamningurinn, sem er undirstaða alls þessa, var á sínum tíma samþykktur af stjórnarflokkunum gegn harðri andstöðu stjórnarandstöðunnar. Væntanlega hafa nú fleiri þingmenn áttað sig á eðli málsins.

Undirritaður meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. marz 1970.

Sigurður Ingimundarson, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.
	Pálmi Jónsson.	

Sþ. 376. Nefndarálit [71. mál]

um till. til þál., um sumardvalarheimili fyrir kaupstaðarbörn.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin sendi till. til umsagnar barnaverndarráði Íslands, fræðslumálastjóra, borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórnum í þrem fjölmennustu kaupstöðum landsins. Umsagnir bárust nefndinni frá öllum þessum aðilum nema bæjarstjórn Reykjavíkur. Voru þær jákvæðar og eru prentaðar sem fskj. með nál. þessu.

Skortur á möguleikum foreldra eða annarra forsjármanna til að koma börnum í sumardvöl í sveit er vaxandi vandamál í kaupstöðum og kauptúnum landsins og þó ekki sízt í Reykjavík. Börnum, sem þurfa að komast í sveit, fjölgar stöðugt, en sveitaheimilum fækkar, og geta þeirra til að taka á móti aðkomubörnum i annríki sumarsins, er takmörkunum háð. Vegna vélvæðingarinnar eru verkefni þar við hæfi

barna minni en þau áður voru. Flestir munu sammála um, að sumardvöl þéttbýlisbarna í sveit sé til þess fallin að styrkja heilsu þeirra og yfirleitt æskileg af uppeldisástæðum, enda hafa börn, sem komin eru vel á legg, yfirleitt löngun til að njóta sumarsins á þennan hátt. Nú í seinni tíð hafa ýmiss konar félög innt af hendi þakkarvert hjálparstarf á þessu sviði, og bæjarfélög hafa nokkuð lagt hér hönd að verki. En betur má, ef duga skal, enda hér um svo víðtækt verkefni að ræða, að eðlilegt má telja, að þjóðfélagið hafi nú um það nokkra forustu, að kannaðir verði til hlítar þeir möguleikar, sem fyrir hendi kunna að vera eða geta orðið til að leysa sumardvalarmál barnanna, og þá auðvitað í samráði við hlutaðeigandi aðila.

Minni hl. n. mælir með því, að till. verði samþ., en leggur fram brtt. á sérstöku þskj.

Alþingi, 3. marz 1970.

Gísli Guðmundsson, frsm. Jónas Árnason. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Fylgiskjal I.

BARNAVERNDARRÁÐ ÍSLANDS

Reykjavík, 18. des. 1969.

Barnaverndarráði Íslands hefur borizt bréf háttvirtrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 5. þ. m., ásamt tillögu til þingsályktunar um sumardvalarheimili fyrir kaupstaðarbörn, fluttri af alþingismönnunum Einari Ágústssyni, Sigurvin Einarssyni og Ingvari Gíslasyni.

Barnaverndarráð hefur athugað tillöguna og greinargerð þá, er henni fylgdi, og telur hana athyglisverða og næsta sennilegt, að ríkið komi upp slíkum sumardvalarheimilum eitt sér eða í samráði og samstarfi við tilgreinda aðila, áður en langt líður.

Barnaverndarráð telur einnig æskilegt, að val manna í undirbúningsnefnd verði miðað við starfsreynslu að undanförnu í málefni því, er tillagan fjallar um.

Reykjavík, 18. des. 1969.

Sveinbjörn Jónsson.

Til allsherjarnefndar Alþingis.

Fylgiskjal II.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 6. janúar 1970.

Með tilvísun til bréfs yðar, dags. 5. desember síðastliðinn, þar sem þér óskið umsagnar um meðfylgjandi þingsályktunartillögu um sumardvalarheimili fyrir kaupstaðarbörn, skal eftirfarandi tekið fram:

Undanfarin ár hafa ýmis félög og samtök starfrækt sumardvalarheimili fyrir börn, og hafa flestir heimavistarbarnaskólar verið leigðir yfir sumartímann í því skyni. Ekki er annað vitað en að samstarf viðkomandi félagssamtaka og skólayfirvalda um leigu húsnæðisins hafi verið árekstralaust.

Óþarft er að fjölyrða um þau hollu áhrif, sem börn, er njóta sumardvalar í sveit, verða fyrir, og væri æskilegt, að sem flest kaupstaðarbörn fengju notið þeirra áhrifa. Að vísu geta hópar barna í heimavistarskólum ekki fengið hliðstæða reynslu og fá börn á sveitaheimili, sem fá að einhverju leyti að vera þátttakendur í daglegum

störfum heimilisins, en hlutfall íbúafjölda í sveit og þéttbýli svo og vélvæðing á sveitaheimilum útilokar að mestu leyti þann hátt, sem áður var í sambandi við sumardvalir kaupstaðarbarna í sveit.

Ég er meðmæltur því, að gerð verði athugun sú, er felst í nefndri þingsályktunartillögu.

Helgi Elíasson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Fylgiskjal III.

BÆJARSTJÓRINN Í KÓPAVOGI

Kópavogi, 18. des. 1969.

Á fundi bæjarráðs Kópavogskaupstaðar 16. þ. m. var lagt fram erindi yðar dags. 5. des. 1969, þar sem beiðzt er umsagnar um till. til þál. um sumardvalarheimili fyrir kaupstaðarbörn.

Bæjarráð mælir með tillögunni.

Með vinsemd og virðingu,

Hjálmar Ólafsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis,
Alþingishúsinu, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

AKUREYRARBÆR, BÆJARSTJÓRI

Akureyri, 23. des. 1969.

Bæjarstjórn hefur á fundi sínum í gær samþykkt eftirfarandi úr gerðabók bæjarráðs, dags. 18. desember s.l.:

„Mælt með þlt. um sumardvalarheimili fyrir kaupstaðarbörn.

Lagt var fram bréf, dags. 5. desember s.l., frá allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, þar sem leitað er umsagnar bæjarstjórnar um tillögu til þingsályktunar um sumardvalarheimili fyrir kaupstaðarbörn.

Bæjarráð leggur til, að bæjarstjórn mæli með samþykkt þingsályktunartillögunnar."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Bæjarstjórinn, Akureyri,

Bjarni Einarsson.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal V.

HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐUR, BÆJARRITARI

Hafnarfirði, 17. des. 1969.

Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar 11. þ. m. var lagt fram bréf yðar, dags. 5. þ. m., ásamt þingsályktunartillögu um sumardvalarheimili fyrir kaupstaðarbörn.

Bæjarráð f. h. bæjarstjórnar lýsti því yfir, að það sé hlynnt því, að nefnd sú, sem um getur í tillögunni, verði skipuð.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,

Guðbjörn Ólafsson.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,
Alþingishúsinu, Reykjavík.

Sþ. 377. Breytingartillögur [71. mál]

við till. til þál. um sumardvalarheimili fyrir kaupstaðarbörn.

Frá minni hl. allsherjarnefndar (GíslG, JónasÁ, VH).

1. Í stað „Sveitarstjórnir kauptúnahreppa og barnaverndarráð Íslands“ í 4. málsgr. tillgr. komi: og sveitarstjórnir kauptúnahreppa.
2. 5. málsgr. tillgr. orðist svo:
   Þrír nefndarmenn skulu skipaðir samkv. tillögu Sambands ísl. sveitarfélaga, en auk þeirra formaður Barnaverndarráðs Íslands og fræðslumálastjóri. Ráðherra skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar.

Ed. 378. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu þessa frumvarps. Meiri hl. (BFB, JÞ, AuA og SvG) mælir með samþykkt þess með breytingu, sem meiri hl. flytur till. um á sérstöku þingskjali. Minni hl. nefndarinnar er andvígur frv. og mun skila séráliti. ÓB var eigi staddur á nefndarfundi þeim, sem afgreiddi frv.

Á síðari tímum hefur sú stefna verið uppi í skólamálum utan kaupstaða að sameina, þar sem kostur hefur verið, smærri skólahverfi eða fámennari skóla á barna- og gagnfræðaskólastigum. Enn fremur hefur þótt rétt að reisa og reka heimangönguskóla hvarvetna þar, sem því yrði við komið. Þetta fyrirkomulag hefur leitt til þess, að nemendur eru fluttir á bifreiðum til og frá skóla. Samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu eru skólar á þeim skólastigum, sem hér um ræðir og viðhafa akstur á nemendum skólaárið 1969—1970, um 90 talsins.

Skólanefndir munu hafa yfirleitt þann hátt á að bjóða aksturinn út fyrir hvert skólaár í senn innan sveitar eða skólahéraðs. Þegar um stærri skólahéruð og meiri

háttar vegalengdir ræðir, hefur þótt hentara nemendanna vegna að notast við minni bifreiðar og fjölga þá ökumönnum. Hafa þá akstursleiðir stytzt verulega, og nemendum sparast dýrmætur tími. Skiptir slíkt vitanlega miklu, og er þarflaust að rökstyðja það nánar. Geta má þess, að sums staðar hefur aksturstíminn stytzt um 2—3 klst. á dag. Notkun minni bifreiða er talin, að svo miklu leyti sem okkur er kunnugt, hafa að öðru leyti gefizt vel og öryggi nemenda tryggt eigi síður. Á þessum leiðum aka bílstjórar, sem skólanefnd gjörþekkir og eru þaulkunnugir vegum og öllum aðstæðum. Sumir þessara ökumanna hafa eigi haft öll réttindi til mannflutninga (viðbótarpróf), en eigi síður hafa þeir margir hverjir búið yfir nauðsynlegri aksturstækni og öðrum kostum, sem ökumann mega prýða. Til slíkra hefur oft og einatt verið leitað vegna þess einfaldlega, að ökumenn með viðbótarprófi hafa eigi verið til staðar, en fyrir þá sök eina eigi talið rétt að fella niður nemendaflutninga og þar með skólahald að meira eða minna leyti. Jafnvel þótt viðbótarprófsmenn hafi verið til staðar, hafa þeir eigi álitið sig hafa haft tök á að sinna akstri af þessu tagi eða hreinlega ekki kært sig um starfið. Það mun varla koma til, að slíkir réttindamenn úr öðrum héruðum telja sér henta að stunda þess háttar akstur sem aðalatvinnu fjarri heimilum.

Ákvæði frv. og brtt. okkar miða að því að greiða fyrir því, að góðir og gætnir ökumenn, þótt eigi hafi lokið viðbótarprófum, sem auk þess hafa aðstöðu til og ráða yfir traustum og vel búnum farkosti, geti hindrunarlaust annazt þessa flutninga, þegar sérstaklega stendur á.

Áður en dómsmálaráðherra veitir þannig undanþágu frá viðbótarprófi, verður að leita umsagnar viðkomandi lögreglustjóra og bifreiðaeftirlits. Gildir undanþágan aðeins til eins árs í senn og er bundin 20 ára lágmarksaldri ökumanns.

Þegar litið er til þessara ströngu skilyrða fyrir undanþágu, er það að mati okkar fráleitt að telja öryggi nemenda stofnað í sérstaka hættu, ef að því ráði væri horfið, sem í frv. og brtt. okkar greinir. Miklu fremur mætti segja, að meiri kröfur séu með þessu móti gerðar til ökumanns persónulega og akstursháefni hans en annars væri, og sýnist það eðlilegt, þar sem um ræðir sérstaka undanþágu frá hinni almennu reglu.

Alþingi, 3. marz 1970.

Jón Þorsteinsson, form.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson, frsm.

Auður Auðuns.

Ed. 379. Breytingartillaga [91. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40. 23. apríl 1968.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Undanþágan gildir til eins árs í senn, bundin við 20 ára lágmarksaldur ökumanns, og verður því aðeins veitt, að áður hafi verið leitað umsagnar viðkomandi lögreglustjóra og bifreiðaeftirlits.

Ed. 380. Frumvarp til laga [176. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Í stað orðanna „lán að upphæð allt að ⅔ stofnkostnaðar“ í 71. gr. laganna 2. tölulið komi: lán að upphæð allt að ¾ stofnkostnaðar.

2. gr.

Á eftir 2. tölulið 71. gr. laganna komi nýr töluliður þannig:

Að veita bændum og öðrum aðilum, sem einir eða fleiri saman reisa vatnsaflsstöðvar til heimilisnota og svo eru í sveit settir sem um getur í 2. tölulið, óafturkræft framlag. Lán og framlag má nema samtals allt að 90% stofnkostnaðar vatnsvirkjana og línulagna heim að bæjarvegg. Framlag skal veitt af eigin fé sjóðsins eða fjárveitingum, er hann hlýtur í því skyni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ríkisvaldinu ber að stuðla að því með öllum tiltækum ráðum, að allir landsmenn, hvar sem þeir búa, geti sem fyrst átt kost á nægilegri raforku.

Mikill meiri hluti þjóðarinnar fær raforku frá samveitum. Rafmagnsveitur ríkis eða sveitarfélaga leggja rafmagnslínurnar, en notendur greiða heimtaugargjöld, sem nema aðeins litlum hluta stofnkostnaðar. Þeir, sem eru svo í sveit settir að eiga þess ekki kost að fá raforku frá samveitu, verða að afla hennar með því að reisa litlar rafstöðvar.

Samkvæmt orkulögum er heimilt að veita þeim, er koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum, lán úr Orkusjóði, að upphæð allt að 80% stofnkostnaðar rafstöðvarinnar. En lán til þess að koma upp vatnsaflsstöð til heimilisnota er samkvæmt lögum takmarkað við 67% stofnkostnaðar rafstöðvar og línu heim að bæjarvegg. Vatnsaflsstöðvar eru þó fullkomnari og endast lengur en mótorrafstöðvar, ef virkjunarskilyrði eru sæmileg. Og víða þarf að leggja alllanga línu frá vatnsfalli, sem virkjað er heim að bæjarvegg, en mótorrafstöð er yfirleitt hægt að reisa heima við bæ.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að leiðrétta þetta misræmi þannig, að lán út á vatnsaflsstöð megi nema allt að 75% stofnkostnaðar. Enn fremur, að heimilt verði að veita úr Orkusjóði óafturkræft framlag til þeirra vatnsaflsstöðva til heimilisnota, sem reistar eru utan þess svæðis, er héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, og að lán og framlag megi nema samtals allt að 90% af stofnkostnaði rafstöðvar og línu heim að bæjarvegg.

Sþ. 381. Nefndarálit [71. mál]

um till. til þál. um sumardvalarheimili fyrir kaupstaðarbörn.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Tillaga þessi hefur verið til athugunar hjá nefndinni um skeið og hefur áður legið fyrir Alþingi. Send var hún til umsagnar nokkurra stærri kaupstaðanna og Reykjavíkurborgar. Svör hafa borizt frá þeim bæjarstjórnum, er spurðar voru, en

borgarstjórn Reykjavíkur hefur ekki svarað. Svörin voru yfirleitt á þá lund að mæla með samþykkt tillögunnar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaðir nefndarmenn eru þeirrar skoðunar, að málefni það, er till. fjallar um, eigi að vera í höndum sveitarstjórna án afskipta ríkisvaldsins, þannig hafi þessi mál yfirleitt verið, auk þess sem frjáls félagssamtök hafa látið sig þau varða. Við teljum, að fremur beri að auka vald og áhrif sveitarstjórna en draga úr þeim og einkum beri að hafa sem hreinasta skiptingu málefna milli ríkis og sveitarfélaga. Ekki skal dregið úr mikilvægi þess málefnis, er till. fjallar um. Þvert á móti viljum við undirstrika það, en teljum, að samþykkt till. yrði sízt til bóta. Fyrir því leggur undirrituð meiri hluti allsherjarnefndar til, að Alþingi afgreiði till. með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem málefni það, er þingsályktunartillaga á þingskjali 79 fjallar um, er bezt komið í höndum sveitarfélaga hér eftir sem hingað til, telur þingið ekki rétt að samþykkja tillöguna og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. marz 1970.

Bragi Sigurjónsson, form. Jónas Pétursson, fundaskr., frsm. Matthías Bjarnason.

Friðjón Þórðarson.

Ed. 382. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um skipan opinberra framkvæmda.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Hafa henni borizt umsagnir ýmissa aðila um málið, og hefur nefndin við afgreiðslu þeirra erinda haft samráð við Gísla Blöndal hagsýslustjóra. Nefndin er sammála um að mæla með frv. með tveimur brtt., sem hún flytur á sérstöku þingskjali, en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að fylgja eða flytja frekari brtt. Einn nm. (EÁ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 5. marz 1970.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Björn Jónsson.

Bjarni Guðbjörnsson. Axel Jónsson. Sveinn Guðmundsson.

Ed. 383. Breytingartillögur [78. mál]

um frv. til l. um skipan opinberra framkvæmda.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 14. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Innkaupastofnun ríkisins annast útboð verka svo og reikningshald og greiðslur vegna verka. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, sbr. 23. gr., undirbýr samningsgerð við verktaka.
2. Við 23. gr. Orðin „undir stjórn sérstaks forstjóra“ í 1. mgr. falli burt.

Ed. **384. Frumvarp til laga** [11. mál]

um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. marz.)

Samhljóða þskj. 11 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Prestaköllum og prófastsdæmum skal skipað þannig:

I. *Múlaprófastsdæmi:*
1. Skeggjastaðir: Skeggjastaðasókn.
Prestssetur: Skeggjastaðir.
2. Hof í Vopnafirði: Hofs- og Vopnafjarðarsóknir.
Prestssetur: Hof.
3. Valþjófsstaður: Valþjófsstaðar-, Áss-, Hofteigs-, Eiríksstaða- og Möðrudalssóknir.
Prestssetur: Valþjófsstaður.
4. Eiðar: Eiða-, Hjaltastaðar-, Kirkjubæjar- og Sleðbrjótssóknir.
Prestssetur: Eiðar.
5. Vallanes: Vallaness-, Þingmúla- og Egilsstaðasóknir.
Prestssetur: Vallanes.
6. Desjarmýri: Borgarfjarðar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir.
Prestssetur: Desjarmýri.
7. Seyðisfjörður: Seyðisfjarðar- og Klyppsstaðasóknir.
Prestssetur: Seyðisfjörður.

II. *Austfjarðaprófastsdæmi:*
8. Norðfjörður: Norðfjarðar- og Brekkusóknir.
Prestssetur: Neskaupstaður.
9. Eskifjörður: Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir.
Prestssetur: Eskifjörður.
10. Kolfreyjustaður: Kolfreyjustaðar- og Fáskrúðsfjarðarsóknir.
Prestssetur: Kolfreyjustaður.
11. Heydalir: Heydala- og Stöðvarfjarðarsóknir.
Prestssetur: Heydalir.
12. Djúpivogur: Djúpavogs-, Beruness-, Berufjarðar- og Hofssóknir.
Prestssetur: Djúpivogur.

III. *Skaftafellsprófastsdæmi:*
13. Bjarnanes: Bjarnaness-, Stafafells- og Hafnarsóknir.
Prestssetur: Bjarnanes.
14. Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar-, Brunnhóls- og Hofssóknir.
Prestssetur: Kálfafellsstaður.
15. Klaustur: Prestsbakka- og Kálfafellssóknir.
Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.
16. Ásar: Grafar-, Þykkvabæjar- og Langholtssóknir.
Prestssetur: Ásar.
17. Vík: Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir.
Prestssetur: Vík.

IV. *Rangárvallaprófastsdæmi:*

18. Holt: Eyvindarhóla-, Ásólfsskála- og Stóradalssóknir.
Prestssetur: Holt.
19. Bergþórshvoll: Akureyjar- og Krosssóknir.
Prestssetur: Bergþórshvoll.
20. Breiðabólsstaður: Breiðabólsstaðar- og Hlíðarendasóknir.
Prestssetur: Breiðabólsstaður.
21. Oddi: Odda-, Stórólfshvols- og Keldnasóknir.
Prestssetur: Oddi.
22. Kirkjuhvoll: Kálfholts-, Hábæjar- og Árbæjarsóknir.
Prestssetur: Kirkjuhvoll.
23. Fellsmúli: Skarðs-, Haga- og Marteinstungusóknir.
Prestssetur: Fellsmúli.

V. *Árnesprófastsdæmi:*

24. Hruni: Hruna- og Tungufellssóknir.
Prestssetur: Hruni.
25. Stóri-Núpur: Stóranúps-, Hrepphóla- og Ólafsvallasóknir.
Prestssetur: Skarð.
26. Skálholt: Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðasóknir.
Prestssetur: Skálholt.
27. Mosfell í Grímsnesi: Mosfells-, Stóruborgar-, Búrfells-, Miðdals- og Úlfljótsvatnssóknir.
Prestssetur: Mosfell.
28. Selfoss: Selfoss-, Hraungerðis-, Laugardæla- og Villingaholtssóknir.
Prestssetur: Selfoss.
29. Eyrarbakki: Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir.
Prestssetur: Eyrarbakki.
30. Hveragerði: Hveragerðis-, Kotstrandar-, Hjalla- og Strandarsóknir.
Prestssetur: Hveragerði.
31. Þingvellir: Þingvallasókn.
Prestssetur: Þingvellir.

VI. *Kjalarnessprófastsdæmi:*

32. Grindavík: Grindavíkur- og Kirkjuvogssóknir.
Prestssetur: Grindavík.
33. Útskálar: Útskála- og Hvalsnesssóknir.
Prestssetur: Útskálar.
34. Keflavík: Keflavíkur-, Ytri-Njarðvíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir.
Prestssetur: Keflavík.
35. Hafnarfjörður: Hafnarfjarðarsókn.
Prestssetur: Hafnarfjörður.
36. Garðar: Garða-, Bessastaða- og Kálfatjarnarsóknir.
Prestssetur: Garðahreppur.
37. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells-, Þingvalla- og Viðeyjarsóknir.
Prestssetur: Mosfell.
38. Reynivellir: Reynivalla-, Saurbæjar- og Brautarholtssóknir.
Prestssetur: Reynivellir.
39.—40. Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn.
Prestssetur: Vestmannaeyjar.

VII. *Borgarfjarðarprófastsdæmi:*

41. Saurbær á Hvalfjarðarströnd: Saurbæjar-, Leirár- og Innrahólmssóknir.
Prestssetur: Saurbær.
42. Garðar á Akranesi: Akranesssókn.
Prestssetur: Akranes.
43. Hvanneyri: Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir.
Prestssetur: Staðarhóll.
44. Reykholt: Reykholts-, Stóraáss-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.
Prestssetur: Reykholt.
45. Stafholt: Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og Norðtungusóknir.
Prestssetur: Stafholt.
46. Borg: Borgar-, Borgarness-, Álftaness-, Álftártungu- og Akrasóknir.
Prestssetur: Borg.

VIII. *Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi:*

47. Söðulsholt: Rauðamels-, Kolbeinsstaða-, Staðarhrauns- og Fáskrúðarbakkasóknir.
Prestssetur: Söðulsholt.
48. Staðastaður: Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir.
Prestssetur: Staðastaður.
49. Ólafsvík: Ólafsvíkur-, Ingjaldshóls- og Brimilsvallasóknir.
Prestssetur: Ólafsvík.
50. Setberg: Setbergssókn.
Prestssetur: Grundarfjörður.
51. Stykkishólmur: Stykkishólms-, Helgafells-, Bjarnarhafnar-, Narfeyrar- og Breiðabólsstaðarsóknir.
Prestssetur: Stykkishólmur.
52. Hjarðarholt: Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns-, Snóksdals- og Hjarðarholtssóknir.
Prestssetur: Búðardalur.
53. Hvammur: Hvamms-, Staðarhóls-, Skarðs-, Dagverðarness- og Staðarfellssóknir.
Prestssetur: Hvammur.

IX. *Barðastrandarprófastsdæmi:*

54. Reykhólar: Reykhóla-, Garpsdals-, Gufudals-, Flateyjar- og Múlasóknir.
Prestssetur: Reykhólar.
55. Sauðlauksdalur: Sauðlauksdals-, Saurbæjar-, Brjánslækjar-, Haga- og Breiðuvíkursóknir.
Prestssetur: Sauðlauksdalur.
56. Patreksfjörður: Patreksfjarðar- og Stóra-Laugardalssóknir.
Prestssetur: Patreksfjörður.
57. Bíldudalur: Bíldudals-, Selárdals-, Hrafnseyrar- og Álftamýrarsóknir.
Prestssetur: Bíldudalur.

X. *Ísafjarðarprófastsdæmi:*

58. Þingeyri: Þingeyrar-, Hrauns-, Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir.
Prestssetur: Þingeyri.
59. Holt í Önundarfirði: Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir.
Prestssetur: Holt.
60. Staður: Staðarsókn.
Prestssetur: Staður í Súgandafirði.

61. Bolungarvík: Hólssóknir og Staðarsókn í Grunnavík.
Prestssetur: Bolungarvík.
62. Ísafjörður: Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknir og Eyrarsókn í Seyðisfirði.
Prestssetur: Ísafjörður.
63. Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar-, Nauteyrar-, Unaðsdals- og Ögursóknir.
Prestssetur: Vatnsfjörður.

XI. *Húnavatnsprófastsdæmi:*

64. Hólmavík: Árness-, Kaldrananess-, Drangsness-, Staðar-, Hólmavíkur- og Kollafjarðarnesssóknir.
Prestssetur: Hólmavík.
65. Prestsbakki í Hrútafirði: Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.
Prestssetur: Prestsbakki.
66. Melstaður: Melstaðar-, Hvammstanga-, Staðarbakka- og Efranúpssóknir.
Prestssetur: Melstaður.
67. Breiðabólsstaður: Tjarnar-, Vesturhópshóla-, Breiðabólsstaðar- og Víðidalstungusóknir.
Prestssetur: Breiðabólsstaður í Vesturhópi.
68. Þingeyrarklaustur: Þingeyrar-, Undirfells- og Blönduósssóknir.
Prestssetur: Blönduós.
69. Bólstaðarhlíð: Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Auðkúlu-, Svínavatns- og Holtastaðasóknir.
Prestssetur: Bólstaður.
70. Höfðakaupstaður: Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir.
Prestssetur: Höfðakaupstaður.

XII. *Skagafjarðarprófastsdæmi:*

71. Sauðárkrókur: Sauðárkróks-, Hvamms- og Ketusóknir.
Prestssetur: Sauðárkrókur.
72. Glaumbær: Glaumbæjar-, Viðimýrar- og Reynistaðarsóknir.
Prestssetur: Glaumbær.
73. Mælifell: Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Árbæjarsóknir.
Prestssetur: Mælifell.
74. Miklibær: Miklabæjar-, Silfrastaða-, Flugumýrar- og Hofsstaðasóknir.
Prestssetur: Miklibær.
75. Hólar: Hóla-, Viðvíkur- og Rípursóknir.
Prestssetur: Hólar.
76. Hofsós: Hofsóss-, Hofs-, Fells-, Barðs- og Knappsstaðasóknir.
Prestssetur: Hofsós.

XIII. *Eyjafjarðarprófastsdæmi:*

77. Siglufjörður: Siglufjarðarsókn.
Prestssetur: Siglufjörður.
78. Ólafsfjörður: Ólafsfjarðarsókn.
Prestssetur: Ólafsfjörður.
79. Dalvík: Valla-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir.
Prestssetur: Dalvík.
80. Hrísey: Hríseyjar- og Stærra-Árskógssóknir.
Prestssetur: Hrísey.
81. Möðruvellir í Hörgárdal: Möðruvalla-, Glæsibæjar-, Bakka- og Bægisársóknir.
Prestssetur: Möðruvellir.

82.—83. Akureyri: Akureyrar-, Lögmannshlíðar- og Miðgarðasóknir.
Prestssetur: Akureyri. Annar hvor prestur Akureyrar skal jafnan hafa með höndum þjónustu Miðgarðasóknar í Grímsey.
84. Laugaland: Munkaþverár-, Kaupangs-, Grundar-, Möðruvalla-, Saurbæjar- og Hólasóknir.
Prestssetur: Laugaland.

XIV. *Þingeyjarprófastsdæmi:*

85. Laufás: Laufáss-, Svalbarðs- og Grenivíkursóknir.
Prestssetur: Laufás.
86. Háls: Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasóknir.
Prestssetur: Háls.
87. Staðarfell: Ljósavatns-, Þóroddsstaða- og Lundarbrekkusóknir.
Prestssetur: Staðarfell.
88. Skútustaðir: Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðishólssóknir.
Prestssetur: Skútustaðir.
89. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarsstaða- og Nessóknir.
Prestssetur: Grenjaðarstaður.
90. Húsavík: Húsavíkur- og Flateyjarsóknir.
Prestssetur: Húsavík.
91. Skinnastaður: Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir.
Prestssetur: Skinnastaður.
92. Raufarhöfn: Raufarhafnarsókn.
Prestssetur: Raufarhöfn.
93. Sauðanes: Sauðaness- og Svalbarðssóknir.
Prestssetur: Sauðanes.

XV. *Reykjavíkurprófastsdæmi:*

Í Reykjavíkurprófastsdæmi skulu jafnan vera svo margir prestar, að sem næst 5000 manns komi á hvern að meðaltali. Ráðherra ákveður takmörk sókna og prestakalla, að fengnum tillögum biskups og safnaðaráðs Reykjavíkur (sbr. 2. gr.), og velur þeim heiti.

6. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar prest, er sitji á Þingvöllum og gegni Þingvallasókn, skv. 1. gr., að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar, enda gegni hann þá jafnframt starfi þjóðgarðsvarðar.

Biskupi er heimilt að ráða prestvígðan mann til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða prestakallið prestslaust af öðrum ástæðum. Ef þörf krefur, er biskupi heimilt með samþykki ráðherra að ráða fleiri prestvígða menn til starfa skv. þessari grein.

Ed. 385. Frumvarp til laga [15. mál]

um menntaskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. marz.)

Samhljóða þskj. 15 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Menntaskólar skulu svo vel búnir starfsliði, að þeir geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um. Við hvern menntaskóla, sem fullnægir skilyrðum um nemenda-

fjölda og annað, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð, skal því auk skipaðs skólastjóra og kennara ráða í eftirtalin störf m.a.:

A. Umsjónar- og ráðgjafastörf.

1. **Aðstoðarskólastjóri** (konrektor), er skal vera skólastjóra til aðstoðar í daglegu starfi og staðgengill hans.
2. **Bókavörður,** er hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsölum hans.
3. **Deildarstjórar,** er hafa umsjón með kennslu, námsefni og tækjum í einstökum námsgreinum eða greinaflokkum.
4. **Námsráðunautar,** er liðsinni nemendum í námsvali og námsvanda, svo og um einkamál í námi og lífi.
5. **Félagsráðunautar,** er skulu vera nemendum til ráðuneytis um félagsstörf og hafa með höndum umsjón með framkvæmd þeirra.

Þeir starfsmenn, er taldir eru í þessum lið, mega allir vera úr hópi kennara, og má fela sama starfsmanni fleiri en eitt þessara starfa, ef henta þykir.

B. Störf á skrifstofu.

1. **Fulltrúi,** er sé skólastjóra og aðstoðarskólastjóra til aðstoðar við dagleg störf. Hann stjórnar þeim störfum, sem unnin eru á skrifstofu skólans, og annast þau eftir því, sem við verður komið. Honum skal fengin aðstoð eftir þörfum.
2. **Gjaldkeri,** er annast reikningshald skólans og bókhald.

C. Önnur störf.

1. **Húsvörður,** er hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörzlu, ræstingu, ljósi og hita. Hann annast einnig eftirlit með lóð skólans.
2. **Tækjavörður,** er aðstoðar við verklega kennslu og hefur umsjón með kennslutækjum, nýtingu þeirra og vörzlu. Hann annast viðhald og viðgerðir á tækjakosti skólans.

Í heimavistarskólum skulu auk þess vera:

3. **Húsbóndi og húsfreyja,** er hafa með höndum umsjón og stjórn í heimavistum pilta og stúlkna.

Fela má sama starfsmanni fleiri en eitt þeirra starfa, er talin eru í lið B og lið C.

Nánari ákvæði um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna skólanna skal setja í reglugerð.

14. gr. hljóðar svo:

Fastir starfsmenn menntaskóla eru embættismenn ríkisins. Skólastjóri skal skipaður af forseta Íslands. Fastir kennarar og aðrir fastir starfsmenn skólanna skulu skipaðir af ráðherra, og skal áður leita umsagnar skólastjóra.

Þeir kennarar, er gegnt hafa fullri kennslu við menntaskóla í 16 ár, hljóta starfsheitið yfirkennarar.

Tölu fastra kennara skal miða við það, að eigi komi fleiri en 20 nemendur á hvern þeirra.

Skólastjórar skulu ráða stundakennara og annað starfsfólk skólanna með samþykki ráðuneytis.

16. gr. hljóðar svo:

Kennari skal starfa með nemendum sínum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka kennslustundum kennara með hliðsjón af slíkum aukastörfum. Yfirstjórn skólanna ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

26. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneytið setur skólunum, að höfðu samráði við skólastjórnir, reglugerð um framkvæmd þessara laga strax eftir gildistöku þeirra, og skal þar meðal annars kveðið nánar á um þessi atriði:

1. Inntöku nemenda (sbr. 7. gr.).
2. Efnisinnihald kjarna, kjörsviða og valgreina (sbr. 9. gr.).
3. Val námsgreina (sbr. 9. gr.).
4. Lokapróf og mat á námsárangri og hæfni til að flytjast milli námsáfanga (sbr. 10. gr.).
5. Stúdentspróf og annað fullnaðarpróf frá menntaskóla (sbr. 11. gr.).
6. Prófdómendur og verksvið þeirra (sbr. 12. gr.).
7. Ráðningu starfsliðs, starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna (sbr. 13. gr.).
8. Störf kennara utan kennslustunda (sbr. 16. gr.).
9. Orlof (sbr. 17. gr.).
10. Skipan skólaráðs, starfshætti þess og starfstíma, og almennan kennarafund (sbr. 22. gr.).
11. Nemendaráð (sbr. 23. gr.).
12. Heilsuvernd í heimavistarskólum (sbr. 25. gr.).
13. Skólatíma og leyfi.
14. Reglu og aga.
15. Vinnudag nemenda og kennara í skólanum.

Nd. 386. Lög [80. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og lögum nr. 83 29. des. 1967.

(Afgreidd frá Nd. 5. marz.)

Samhljóða þskj. 89.

Ed. 387. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 21. marz 1963, um breyt. á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið umsögn yfirdýralæknis um málið. Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. marz 1970.

Steinþór Gestsson, form.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson, frsm.
Jónas G. Rafnar.	Ásgeir Bjarnason.	Jón Árnason.
	Karl Guðjónsson.	

Ed. 388. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 96 22. des. 1965, um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar á fundum sínum. Hefur nefndin orðið sammála um að mæla með frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 229.

Alþingi, 6. marz 1970.

Sveinn Guðmundsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Gils Guðmundsson.
Einar Ágústsson. Jónas G. Rafnar. Björn Fr. Björnsson. Auður Auðuns.

Ed. 389. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. 45. töluliður orðist svo:
   Varmaland: Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og Norðtungusóknir.
   Prestssetur: Varmaland.
2. Við 8. gr. Greinin falli niður.
3. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
   Tekjur kristnisjóðs skulu vera:
   a) Arður af stofnfé kristnisjóðs.
   b) Árlegt framlag úr ríkissjóði.
   c) Frjáls framlög safnaða, einstaklinga og fyrirtækja.

Nd. 390. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hlutinni, fulltrúar stjórnarflokkanna, mælir með samþykkt frv. óbreytt, en ég er andvígur því.

Frv. felur í sér staðfestingu á viðaukasamningi ríkisstjórnarinnar við Swiss Aluminium Ltd. um stækkun álverksmiðjunnar í Straumsvík. Í samningnum er gert ráð fyrir, að álverksmiðjunni verði áfram seld raforka á sama verði og upphaflega var samið um.

Þegar samningarnir um byggingu álverksmiðjunnar voru gerðir á sínum tíma, urðu miklar deilur um verð á raforku til verksmiðjunnar. Í greinargerð, sem lögð var fyrir Alþingi af hálfu ríkisstjórnarinnar, var reiknað með, að framleiðslukostnaðarverð á raforku frá Búrfellsvirkjun yrði 21.1 eyrir á kwst., en samið var um sölu á raforku til verksmiðjunnar fyrir 22 aura á kwst., hagnaður samkvæmt áætlun átti því að vera 0.9 aurar á kwst. Það var skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna og margra

annarra, að þetta framleiðslukostnaðarverð væri of lágt áætlað og að miklar líkur bentu til, að kostnaðarverð raforkunnar yrði talsvert hærra en söluverðið til álversins.

Nú hefur komið í ljós, að byggingarkostnaður Búrfellsvirkjunar hefur reynzt meiri en áætlað var og lánskjör hafa einnig orðið óhagstæðari en reiknað var með upphaflega. Þá hefur stofnkostnaður gasaflsstöðvar einnig orðið til muna hærri en reiknað var með. Það leikur því enginn vafi á því, að sé gengið út frá sömu forsendum við útreikning á framleiðslukostnaðarverði raforkunnar og gert var í þeim áætlunum, sem upphaflega voru lagðar fyrir Alþingi, þá er kostnaðarverð orkunnar frá Búrfelli nú talsvert yfir söluverðinu til álverksmiðjunnar.

Þegar Alþingi tók ákvörðun um að heimila Swiss Aluminium að reisa verksmiðjuna í Straumsvík, lagði ríkisstjórnin fram ýtarlega skýrslu um málið. Í skýrslunni var gerð grein fyrir því, að semja yrði við hinn erlenda aðila um mun lægra raforkuverð til álversins en Norðmenn höfðu nýlega samið um við þennan sama erlenda aðila, til álverksmiðju þar í landi. Til skýringar á þessu var því haldið fram, að Íslendingar yrðu að sætta sig við lægra verð á raforkunni vegna þess, að hér væri um byrjunarframkvæmdir að ræða og að verksmiðjan, sem samið væri um byggingu á, væri í minna lagi. Í skýrslunni kemur hins vegar skýrt fram, að gert er ráð fyrir því, að samið verði um hærra raforkuverð, ef til stækkunar á verksmiðjunni kæmi. Á bls. 24 í skýrslunni segir svo: „Á hinn bóginn er engin ástæða til þess, að jafngóð kjör yrðu í boði, ef til stækkunar kæmi, enda yrðu þá viðhorfin í virkjunarmálunum allt önnur en nú. Ef allt gengur vel í þessum efnum, svo að Íslendingar teldu sér hag að frekari stækkun aluminíumverksmiðjunnar í framtíðinni, ættu Íslendingar að geta fengið svo að segja sömu kjör og Norðmenn þá byðu.“ Um afstöðu Alþjóðabankans í þessu efni segir svo á bls. 28: „Verði alúminíumbræðslan stækkuð í framtíðinni, telur bankinn hins vegar ekki rök fyrir því að bjóða jafnhagkvæm kjör.“

Þessar tilvitnanir í skýrslu ríkisstjórnarinnar sýna ótvírætt, að gert var ráð fyrir því, að Íslendingar gætu náð hagkvæmari samningi um raforkuverð við eigendur álbræðslunnar þegar til samninga um stækkun hennar kæmi, enda einnig viðurkennt af fulltrúum ríkisstjórnarinnar, að raforkuverðið, sem um var samið, væri í lægsta lagi.

Meginástæða þess, að ég get ekki fallizt á að staðfesta samning þann, sem ríkisstjórnin hefur nú gert, er, að samið hefur verið um óbreytt raforkuverð til álverksmiðjunnar. Ég tel það verð óeðlilega lágt og ekki í samræmi við þær yfirlýsingar stjórnvalda, sem gefnar voru um hækkandi raforkuverð, ef til stækkunarsamnings kæmi.

Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 7. marz 1970.

Eðvarð Sigurðsson.

Nd. 391. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd, um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarp þetta fjallar um staðfestingu á viðaukasamningi, sem ríkisstjórnin hefur gert við Swiss Aluminium Ltd. um álbræðsluna við Straumsvík. Í þessum samningi felast tvö eftirgreind meginatriði:

Fyrra atriðið er, að byggingu síðari áfanga álbræðslunnar verði hraðað, þannig að honum skuli að fullu lokið þann 1. september 1972 í stað 1. október 1975.

Síðara atriðið er, að heimilað er að stækka fyrri áfanga bræðslunnar sem nemur 10—11 þús. lestum, og skal því verki lokið eigi síðar en í júlímánuði 1970. Samkvæmt

þessu eykst afkastageta álbræðslunnar strax á þessu ári úr 30—33 þús. lestum í 40—44 þús. lestir og fullgerðrar úr 60—66 þús. lestum í 70—77 þús. lestir. Af þessari stækkun álbræðslunnar leiðir, að auka verður raforkusölu til álbræðslunnar um 20 megavött eða úr 120 í 140, en framleiðsla Búrfellsvirkjunar fullgerðrar er 210 megavött.

Viðaukasamningnum fylgir sérstakur samningur milli Landsvirkjunar og Íslenzka álfélagsins um þessa auknu orkusölu, og er þar gert ráð fyrir sama raforkuverði og áður hefur verið samið um.

Það er augljóst mál, að ef uppbyggingu síðari áfanga álbræðslunnar verður hraðað, þá er einnig hægt að hraða síðari áfanga Búrfellsvirkjunar, sem virðist tiltölulega ódýr, miðað við virkjunina í heild. Við þetta aukast tekjur bæði af orkusölu og framleiðslugjaldi fyrr en ella. Um stækkun álbræðslunnar og aukna orkusölu vegna hennar er það ljóst, að það styrkir ótvírætt afkomu Búrfellsvirkjunar **næstu árin** að geta selt orku, sem annars færi forgörðum, jafnvel þótt ekki fáist fyrir hana fullt framleiðsluverð. Þessi hagnaður getur hins vegar tapazt aftur, ef miðað er við lengra tímabil, sé salan bundin til langs tíma og ef ekki fæst fullt framleiðsluverð fyrir orkuna. Undir þessum kringumstæðum verður að meta, hvort hagstæðara er að nýta orku, sem annars færi forgörðum, um skeið, þótt ekki fáist fyrir hana fullt framleiðsluverð, eða að láta hana ónýtta í trausti þess, að hærra verð fáist fyrir hana síðar, þegar markaður hefur aukizt fyrir hana.

Álit okkar, sem að þessu nefndaráliti stöndum, er það, að rekstraraðstaða Búrfellsvirkjunar verði það erfið næstu árin, að hyggilegra sé að taka fyrri kostinn, jafnvel þótt ekki fáist fullt framleiðsluverð, en um það deiluefni verður ekki rætt hér, þar sem það mun verða gert í sambandi við annað þingmál.

Augljóst er af því, sem þegar er kunnugt um, að rekstraraðstaða Búrfellsvirkjunar verður mun lakari næstu árin en áætlanir um hana gerðu ráð fyrir, þegar um það efni var fjallað á Alþingi 1965 og 1966. Einkum hafa lánskjör orðið óhagstæðari en áætlað var, en þau hafa megináhrif á rekstrarafkomu slíkra stórvirkjana sem Búrfellsvirkjunin er. Þetta sést bezt á því, að þegar vaxtagreiðslur og afborganir eru undanskildar, er allur annar rekstrarkostnaður Búrfellsvirkjunar ekki áætlaður nema 1% af stofnkostnaði.

Þetta gerðu menn sér líka ljóst í upphafi. Í áliti Stóriðjunefndar frá 14. nóv. 1964 segir svo frá viðræðum nefndarinnar og Alþjóðabankans um væntanlegt verð á raforku frá Búrfellsvirkjun:

„Í viðræðum um alúmíníummálið var áherzla á það lögð frá upphafi, að verðlagning raforku á Íslandi hlyti að verulegu leyti að fara eftir þeim lánskjörum, sem fáanleg væru í sambandi við lántökur til virkjunarinnar. Eigið fé raforkukerfisins hér á landi er svo lítið, að afskriftatími getur ekki orðið lengri en lánstími þeirra lána, er til virkjunar fást. Þótt stofnkostnaður orkuvera væri lágur á afleiningu, nægði það ekki til að tryggja lágt raforkuverð, nema hægt yrði að fá löng lán til framkvæmdanna með hóflegum vöxtum. Ef raforkuverð frá Búrfellsvirkjun ætti að nálgast 2.5 mills (10.75 aura á kwh), mættu árlegir vextir og afborganir varla fara mikið yfir 8% á ári. Það mundi t. d. samsvara 6% láni, sem endurgreitt yrði með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana á 23—24 árum. Líklegt er, að vaxtakjör Alþjóðabankans yrðu nokkru betri en þetta, en hins vegar eru ekki líkur til þess, að Ísland eigi kost á jafnhagstæðum lánum á hinum almenna lánamarkaði“ (Alþt. 1964, A. 1443—1444).

Viðræðurnar við Alþjóðabankann leiddu til þess, að þar fékkst 18 millj. dollara lán til 25 ára með 6% vöxtum. Þrátt fyrir þá vitneskju, að ekki væru „líkur til þess, að Ísland eigi kost á jafnhagstæðum lánum á hinum almenna lánamarkaði“ og Alþjóðabankalánið var, voru allir útreikningar um orkuverðið til álbræðslunnar byggðir á því, að öll lán til virkjunarinnar yrðu til 25 ára með 6% vöxtum. Samkvæmt því var reiknað út, að framleiðsluverð orkunnar yrði 21.1 eyrir á kwh, og á þeim grund-

velli var samið um, að söluverðið til álbræðslunnar yrði 2.5 mills eða 22 aurar á kwh, miðað við núv. gengi.

Því miður hefur þessi áætlun um lánakjörin ekki staðizt, eins og sést á eftirfarandi yfirliti um erlendar lántökur vegna Búrfellsvirkjunar og gasaflsstöðvar hinn 1. desember 1969:

	Upphæð Millj. $	Upphæð Millj. kr.	Vextir %	Endurgreiðsluár
Alþjóðabanki	18.00	1 585.8	6	1971—1991
Skuldabréf, New York	6.00	528.6	7	1974—1984
Bankalán, New York	6.00	528.6	8	1972—1974
Bankalán, V.-Þýzkalandi	4.00	352.4	7.5	1975—1979
Framleiðendur, V.-Þýzkal. ...	2.36	207.9	6.5	1970—1979
	36.36	3 203.3		

Við þetta bætist innlent ríkislán að upphæð 304.6 millj. kr. Það er með 8% vöxtum, en ósamið er um afborgunartíma.

Eins og sést á þessu, eru bæði vextir hærri og afborgunartími mun styttri á öllum lánunum, nema Alþjóðabankaláninu, en gert var ráð fyrir í hinum upphaflegu áætlunum.

Á öðru sviði hafa hinar upphaflegu áætlanir illa brugðizt. Í þeim var gert ráð fyrir, að rekstur Landsvirkjunar yrði svo hagstæður á árunum 1966—75, að hægt yrði að taka fé úr rekstrinum til Búrfellsvirkjunar, er svaraði 7.2 millj. dollara. Þetta átti að spara lántökur sem þessari upphæð nam. Samkvæmt síðustu áætlun munu aðeins fást 1.4 millj. dollara úr rekstrinum á þessum tíma, og er þó vafasamt, að sú áætlun standist. Því verður að auka lántökur sem þessum mismun nemur, og bætist þar við um 6 millj. dollara lántökubaggi. Ástæðurnar fyrir því, að þessi áætlun hefur ekki staðizt, eru einkum þær, að aukning raforkusölunnar hefur orðið minni en spáð hafði verið og rekstrarafkoma Landsvirkjunar hefur versnað af völdum gengisfellinganna (greiðslur vegna eldri erl. skulda hækkað í ísl. krónum).

Þá var gert ráð fyrir því í hinni upphaflegu áætlun, að framlög eigenda Landsvirkjunar til Búrfellsvirkjunar yrðu 3.3 millj. dollara, en þau eru nú ekki áætluð nema 1.6 millj. dollara. Þá var gert ráð fyrir ríkisláni, er næmi 4.7 millj. dollara, en það er nú áætlað 3.5 millj. dollara. Hér hefur skapazt um þriggja milljóna dollara mismunur, sem verður að jafna með erlendum lántökum. Upphaflega var áætlað, að erlendar lántökur vegna Búrfellsvirkjunar þyrftu ekki að verða nema 31 millj. dollara, en nú er áætlað, að þær þurfi að verða um 40 millj. dollara.

Hvaða breytingar þetta og fleira hefur á rekstrarafkomu Landsvirkjunar, má m. a. ráða af því, að samkvæmt hinum upphaflegu áætlunum var reiknað með svo hagstæðum rekstri Landsvirkjunar á árunum 1970—75, að taka mætti á þeim tíma upphæð, sem svaraði fjórum milljónum dollara, úr rekstrinum og verja til Búrfellsvirkjunar. Samkvæmt nýjustu greiðsluáætlun Landsvirkjunar 1970—74 verður hins vegar verulegur greiðsluhalli, ef ekki verður gerður sá viðaukasamningur við álbræðsluna, sem hér liggur fyrir. Tekjuaukning Landsvirkjunar af hinni auknu orkusölu, sem samningurinn gerir ráð fyrir, er áætluð 197 millj. kr. á árunum 1970—74 og ætti að tryggja 70 millj. kr. greiðsluafgang Landsvirkjunar á þessu tímabili, en annars yrði greiðsluhallinn 127 millj. kr. Augljóst virðist því, að enn þyrfti að hækka raforkuverðið til innlendra aðila, ef viðbótarsamningurinn yrði ekki gerður. Þar sem ekki virðist um annan kaupanda að ræða en álbræðsluna að umræddri orku á þessum tíma, mundi hún fara alveg forgörðum og þetta fé alveg tapast, ef ekki yrði samið um stækkun álbræðslunnar.

Þess ber svo að gæta, að hröðun framkvæmda og stækkun álbræðslunnar mun auka verulega tekjur af framleiðslugjaldinu, sem álbræðslan greiðir.

Þær ástæður, sem hér eru raktar, ráða því, að við, sem stöndum að þessu nefnd-

aráliti, mælum með samþykkt viðbótarsamningsins. Fyrirsjáanlegt er, að rekstraraðstaða Landsvirkjunar verður svo erfið á næstu árum, að hún hefur ekki efni á öðru en að nýta umrædda orku, sem annars færi forgörðum næstu árin, jafnvel þótt ekki fáist fullt framleiðsluverð.

Stuðningur okkar við þetta frv. felur ekki í sér neitt samþykki á því orkuverði, sem samið var um við álbræðsluna á sínum tíma. Skoðun okkar er óbreytt á því máli. Þá var því haldið fram, að væri samið um lágt verð í fyrstu, yrði auðveldara að fá hærra verð, þegar samið væri næst. Framsóknarmenn vöruðu við þeirri kenningu og bentu því til sönnunar á þá reynslu Norðmanna, að þeim gengi illa að fá orkuverðið hækkað, því að stórir orkukaupendur vildu fá sama verð og þeir eða aðrir hefðu áður fengið. Viðaukasamningurinn staðfestir, að þessi viðvörun framsóknarmanna var réttmæt.

Alþingi, 7. marz 1970.

Þórarinn Þórarinsson, frsm. Gísli Guðmundsson.

Ed. 392. Frumvarp til laga [177. mál]

um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

Á undan 1. gr. laganna komi kaflafyrirsögn:

I. KAFLI
Um aflatryggingar.

2. gr.

3. gr. hljóði svo:

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir: Almenna deild bátaflotans, almenna deild togaraflotans og jöfnunardeild.

Réttindi í almennu deild bátaflotans eiga öll fiskiskip bátaflotans og öll síldveiðiskip án tillits til stærðar.

Réttindi í almennu deild togaraflotans eiga allir íslenzkir togarar.

Hlutverk jöfnunardeildar er að veita hinum deildunum lán eða styrki, svo og að greiða sérstakar bætur vegna friðunar hrygningarsvæða samkv. síðustu mgr. 10. gr.

3. gr.

4. gr. breytist þannig:

Í stað orðsins „veiðistöð“ í 1. tölulið komi „bótasvæði.“

2. málsl. 1. töluliðs hljóði svo:

Stundi skipið ekki veiðar með eðlilegum hætti, þar með talin stærð áhafnar, lengd úthaldstímabils og veiðibúnaðar, breytist bótaréttur hlutfallslega.

2. málsl. 4. töluliðs hljóði svo:

Meðalveiðimagn þetta skal fundið með hliðsjón af aflamöguleikum og kauptryggingu á hinum ýmsu veiðum.

4. gr.

5. grein breytist svo:

Í stað orðsins „verstöð“ í 1. málsl. 1. mgr. komi „bótasvæði“.

Orðin „og eigi síðar en . . . “ í niðurl. 1. málsl. 1. mgr. falli niður, en í stað þeirra komi: „Berist skýrslur eigi innan árs frá lokum viðkomandi vertíðar eða tryggingartímabils, fellur bótaréttur niður.“

5. gr.

6. gr. orðist svo:

Það telst almennur aflabrestur, ef meðalafli skipa í einhverjum flokki hinnar almennu deildar bátaflotans er minni en 75% eða í hinni almennu deild togaraflotans minni en 85% af hinu ákveðna meðalveiðimagni samkvæmt 4. gr. Þó skal sjóðsstjórninni heimilt, ef sérstakar ástæður liggja til þess, að ákveða fyrir hina almennu deild bátaflotans, að þessi hundraðstala skuli vera 80 fyrir haustvertíð.

6. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa sjö menn. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til 4 ára í senn á þann hátt sem hér segir: Einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annar samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þriðji samkvæmt tilnefningu Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, fjórði og fimmti samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna sjötti samkvæmt tilnefningu Sjómannasambands Íslands og sjöundi er fiskimálastjóri, og er hann formaður stjórnarinnar.

Á eftir 1. mgr. 7. gr. komi ný mgr. svo hljóðandi:

Í störfum sínum er stjórn sjóðsins heimilt, þegar hún telur þess þörf, að kveðja sér til ráðuneytis sérstakan fulltrúa frá eftirgreindum landssvæðum: 1. Suðurland, 2. Vestmannaeyjar, 3. Faxaflói og Breiðafjörður, 4. Vestfirðir, 5. Norðurland, 6. Austfirðir.

Við 2. mgr., sem verður 3. mgr., bætist:

... en sjóðsstjórnin ákveður eða semur um þóknun og ferðakostnað tilkvaddra fulltrúa samkv. 2. mgr.

7. gr.

8. gr. falli niður, en í stað hennar komi ný 8. gr. svo hljóðandi:

Stofnfé hinnar almennu deildar bátaflotans eru eignir síldveiðideildar og hinnar almennu deildar bátaflotans við gildistöku laga þessara.

Stofnfé hinnar almennu deildar togaraflotans eru krónur 20 000 000.00, sem ríkissjóður greiði með jöfnum, árlegum greiðslum á næstu 8 árum eftir árslok 1969.

8. gr.

Upphaf 1. töluliðar 1. mgr. 9. gr. orðist svo:

1¼% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (öðrum en þeim, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum).

2. töluliður 1. mgr. 9. gr. orðist svo:

Framlag ríkissjóðs er fjórðungur á móti 1. tölulið. Niður falli síðari hluti 1. mgr. 9. gr. svo hljóðandi:

„Ríkissjóður sér um innheimtu á o. s. frv.“, svo og 2. og 3. mgr. En í staðinn komi þrjár nýjar mgr. svo hljóðandi:

Ríkissjóður sér um innheimtu tekna samkvæmt 1. tölulið 1. mgr.

Tekjur samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. skiptast þannig milli deilda: Í hina almennu deild bátaflotans renna allar tekjur af útfluttum fiskafurðum bátaflotans. Í hina almennu deild togaraflotans renna allar tekjur af útfluttum fiskafurðum togaraflotans.

Tekjur samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. renna óskiptar í jöfnunardeild.

9. gr.

10. gr. breytist þannig:

Upphaf gr. orðist svo:

Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju bótasvæði, svo að til sjóðsins kasta kemur um bætur, og skal þá hvert það skip, sem aflar 45% eða minna af meðalveiðimagni skipa þess flokks á viðkomandi bótasvæði, fá bætt 40% af því, sem vantar á það veiðimagn og síðan, með vaxandi afla, lækkandi hundraðshluta bóta. Þó

aldrei meira en samsvarar því að 67% vanti á meðalveiðimagnið, samkvæmt eftirfarandi reglu:

Á eftir 1. mgr. komi ný mgr., sem verði 2. mgr., svo hljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, sem bæturnar eru greiddar fyrir, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins.

Síðari málsl. 2. mgr., sem verður 3. mgr. svo hljóðandi:

„Óheimilt er að greiða bætur, fyrr en bótatímabili er lokið og skýr mynd er fengin af afkomu viðkomandi flokks skipa.

Við greinina bætist ný málsgr. svo hljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða bætur til báta, sem hafa þurft að hætta veiðum á tilteknu veiðisvæði, sem hefur verið friðað um tiltekinn tíma vegna hrygningar nytjafiska. Sjóðsstjórnin skal hafa hliðsjón af því, hvort friðunin hafi verið ákveðin fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið, þannig að eigendur viðkomandi báta hafi getað gert ráðstafanir til veiða með sömu eða öðrum veiðarfærum á öðrum veiðisvæðum með svipuðum árangri og vænta hefði mátt á hinu friðaða svæði. Má í þessu skyni verja allt að kr. 1 000 000.00 hverju sinni, og í meginatriðum við það miðað, eftir því sem fé hrekkur til, að útgerðarmaður sleppi skaðlaus af greiðslu kauptryggingar. Heimild þessi nái aftur til 10. maí 1969.

10. gr.

Í stað „30 millj. kr." í 11. gr. komi „60 millj. kr."

11. gr.

Orðið „vítaverð" í 2. málsl. 12. gr. falli niður og í stað orðsins „mikil víti" í sama málsl. komi orðin „mikla vanrækslu".

12. gr.

Á eftir 14. gr. komi nýr kafli, sem verði 15.—20. gr., en töluröð síðari greina breytist samkvæmt því, þannig:

II. KAFLI

Um greiðslur fæðiskostnaðar bátasjómanna.

15. gr.

Við aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiðir hluta af fæðiskostnaði áhafna á fiskibátum (þ. e. fiskiskipum öðrum en togurum).

16. gr.

Árlegar tekjur áhafnadeildar eru 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (annarra en þeirra, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum). Skal gjald þetta reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.

17. gr.

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða útvegsmönnum hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum og hlutaráðinna landmanna á línubátum, sem lögskráð er á, sem hér segir:

a) Vegna áhafna á fiskibátum 151 **brúttórúmlest** að stærð og stærri: **100 krónur** á úthaldsdag og áhafnarmann.

b) Vegna áhafna á fiskibátum undir 151 **brúttórúmlest** að stærð: **85 krónur** á úthaldsdag og áhafnarmann.

18. gr.

Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu fara fram þrisvar á ári í lok tryggingartímabila, sem eru: 1. jan.—15. maí, 16. maí—15. sept., 16. sept.—31. des. Greiðslur vegna úthalds á fyrsta tryggingartímabili skulu inntar af hendi eins fljótt og við verður komið frá og með 1. júlí sama árs, og með sama hætti frá og með 15. degi annars mánaðar eftir lok annars og þriðja tímabils.

19. gr.

Við ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar skal aflatryggingasjóður styðjast við úthaldsskýrslur Fiskifélags Íslands og upplýsingar lögskráningarstjóra. Hafi fullnægjandi upplýsingar um úthald einhvers báts ekki borizt Fiskifélagi Íslands, að mati aflatryggingasjóðs, skal heimilt að fresta greiðslum úr áhafnadeild vegna áhafnar hans, þar til útvegsmaður hefur ráðið bót á þessu.

20. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til útflutnings sjávarafurða og úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

13. gr.

Á eftir 20. gr. komi nýr kafli.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

15. gr. verði 21. gr.
16. gr. falli niður.
17. gr. verði 22. gr.
Bráðabirgðaákvæði falli niður.

14. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi 1., 3. og 4. gr. laga nr. 74 28. maí 1969 um breyting á lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins svo og 8. gr. laga nr. 79 30. des. 1968 um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framlags ríkissjóðs á árinu 1970.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 16. júní 1965 var skipuð 7 manna nefnd, samkvæmt þingsályktun hinn 31. marz 1965, til að endurskoða lög nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, og gera tillögur um breytingar á lögunum. Nefndin skilaði áliti í desember s. l., og er frumvarp það, er hér er lagt fram, samhljóða frumvarpi, er nefndin afhenti með áliti sínu, með þeirri breytingu, að lagt er til, að framlag ríkissjóðs, samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 9. gr. laganna, verði fjórðungur í stað þess að vera jafnt tekjum á móti 1. tölulið 1. mgr. 9. gr., eins og nefndin leggur til.

Ástæður þessarar breytingar á frumvarpi nefndarinnar eru þær, að talið er að tekjur aflatryggingasjóðs verði með þessum hætti nægar til að standa undir útgjöldum hans, en á það má benda, að tekjur aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi jukust um 36 millj. króna á árinu 1969 frá árinu áður. Þetta er svipuð upphæð og gert var ráð fyrir við upphaf ársins, en þá var lögð til grundvallar útflutningsspá Efnahagsstofnunarinnar fyrir það ár. Á þeim tíma var talið kleift að lækka framlag ríkissjóðs móti útflutningsgjaldi úr helmingi í fjórðung árið 1969, án þess að breyta þyrfti starfsreglum sjóðsins, og var við þetta miðað í fjárlögum 1969. Með lögum nr. 74/1969 var mótframlag ríkissjóðs lækkað í fjórðung útflutningsgjalds, og tók það ákvæði til ársins 1969. Með breytingunni er lagt til, að framlagið verði framvegis fjórðungur útflutningsgjalds, og er þá miðað við þá reynslu, sem fengizt hefur, en hún gefur til kynna, að með þessu móti geti sjóðurinn starfað eftir sömu reglum og hingað til.

Frumvarpi því, er nefndin skilaði, fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

I. Almennar athugasemdir.

Hinn 31. marz 1965 var samþykkt á Alþingi svo hljóðandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 7 manna nefnd til að endurskoða lög nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, og gera

tillögur um breytingar, eftir því sem henni þykir ástæða til. Formaður skal skipaður án tilnefningar, en aðrir nefndarmenn samkvæmt tilnefningu Fiskifélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, einn frá hverjum aðila. Nefndin skal sérstaklega gera sér far um að kynna sér skoðanir útvegsmanna og sjómanna í einstökum landshlutum varðandi málið og reynslu þeirra af starfsemi hlutatryggingasjóðs og aflatryggingasjóðs."

Hinn 16. júlí 1965 voru eftirgreindir menn tilnefndir í nefndina:
Sigfús Bjarnason frá Sjómannasambandi Íslands.
Margeir Jónsson frá Fiskifélagi Íslands.
Tryggvi Helgason frá Alþýðusambandi Íslands.
Örn Steinsson frá Farmanna- og fiskimannasamb. Íslands.
Ágúst Flygenring frá Landssambandi ísl. útvegsmanna.
Ingvar Vilhjálmsson frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda.
Már Elísson var skipaður formaður.

Þingsályktunartillagan gerði ráð fyrir, að nefndin kynnti sér vandlega skoðanir útvegsmanna og sjómanna í einstökum landshlutum og reynslu þeirra af starfsemi sjóðsins. Að loknu nokkru undirbúningsstarfi var öllum félögum og samtökum ofangreindra aðila skrifað um málið og tillagna þeirra og ábendinga óskað.

Eftirtekja þessa var rýr og þrátt fyrir eftirgangsmuni og oftsinnis framlengd tímamörk til svara bárust nefndinni einungis fá svarbréf.

Eru þessi bréfaskipti birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu.

Jafnframt tilskrifum þessum, hafði nefndin og einstakir nefndarmenn samband við marga útvegsmenn og sjómenn og leitað álits þeirra.

Fiskiþing hefur jafnan haft málefni sjóðsins á dagskrá og gert um þau tillögur, auk þess sem sérstök nefnd Fiskifélagsins hafi fjallað um málið. Voru allar þessar tillögur vandlega íhugaðar.

Nefndin ræddi strax í upphafi um það, hvort gera skyldi tillögur um grundvallarbreytingar á núgildandi lögum. Kom til álita að breyta reglum um bótaútreikninga og bótagreiðslur. Koma ýmsir möguleikar til greina, svo sem breytingar á bótaútreikningi, að taka upp greiðslur á úthaldsdag eða á hvert aflað kíló o. fl. Einnig var rætt um stofnun séreignadeildar fyrir hvern bát — sbr. bréf hér á eftir. Þessar hugmyndir fengu ekki stuðning meiri hluta nefndarinnar.

Eins og síðar kemur fram, urðu nefndarmenn sammála um að hraða ekki störfum, en að reyna að vanda þau því meira. Auk þess var dráttur mikill á svörum frá þeim aðilum, sem nefndin leitaði til.

Þar sem starfstími nefndarinnar var af þessum ástæðum alllangur, hafði hún möguleika á að fylgjast með þróun og starfsháttum sjóðsins á tveimur ólíkum skeiðum í sögu hans, þ. e. góðærinu 1965 og 1966, og er halla tók undan fæti 1967 og 1968, er heildaraflinn nam tæplega helmingi afla ársins 1966.

Að sjálfsögðu mæddu þessar sveiflur mjög á sjóðnum, enda hlutverk hans að mæta sveiflum.

Nefndin þykist geta dregið ýmsar ályktanir af þeirri reynslu, sem fékkst á þessu tímabili.

Er nefndin þeirrar skoðunar, að núgildandi lög hafi í stórum dráttum náð tilgangi sínum — sbr. 2. gr. þeirra. — Af þeim sökum leggur nefndin ekki til neinar stórvægilegar breytingar á umgerð þeirri, er núgildandi lög mynda. Er hvort tveggja, að lítillar óánægju (líklega þvert á móti) hefur orðið vart um gildandi lög hjá þeim aðilum, er látið hafa í ljós álit sitt, og að nefndin telur reynsluna sanna, að nauðsynlegt sé að hafa ákveðið laganna rúm, þ. e. að þau skilgreini ekki í smáatriðum sem flest svið framkvæmdar þeirra.

Í öðru lagi er nefndinni ljósari en áður nauðsyn sjóðsmyndunar. Að öðrum kosti getur sjóðurinn vart sinnt því megin hlutverki að mæta sveiflum í aflabrögð-

um. Af þessari ástæðu leggst nefndin eindregið gegn þeim hugmyndum, er fram hafa komið undanfarið um skerðingu á þeim tekjustofnum sjóðsins, sem lög hans gera ráð fyrir. Þvert á móti leggur nefndin til nokkurra aukningu tekna, öðrum þræði einnig vegna þess að tillögur hennar um breytingar á lögunum munu án efa hafa í för með sér einhverja útgjaldaaukningu, ef samþykktar verða.

Telur nefndin, að þýðingarmestu breytingartillögurnar nái ekki tilgangi sínum, ef ekki verða gerðar ráðstafanir til að auka tekjur sjóðsins — sbr. aðallega ákvæði 3. og 5. gr. frumvarps þessa. —

Nefndin telur erfitt að benda á aðrar og efnislega gjörólíkar leiðir en sjóðsstjórnin hefur valið við framkvæmd laga sjóðsins, einkum ef hafðar eru í huga þær reglur, er sjóðsstjórnin hefur sett sér og sem nánar er lýst í næsta kafla þessa nefndarálits.

Tillögurnar gera þó ráð fyrir nokkrum þýðingarmiklum stigsbreytingum, sem gera nauðsynlega aðra túlkun ýmissa lagagreina en nú er við höfð.

II. Athugasemdir við einstakar greinar.

Við 1. gr.

Heppilegt þótti að skipta lögunum í tvo kafla eftir að lögfest var ný, sérstök deild við aflatryggingasjóð sbr. 1. kafla frumv. þessa, sbr. og lög nr. 74 28. maí 1969.

Við 2. gr.

Lagt er til, að báðar deildir bátaflotans verði sameinaðar í eina deild. Yrði þetta fyrst og fremst mikil hagræðing á störfum stjórnar og starfsmanna sjóðsins, en felur að öðru leyti ekki í sér efnisbreytingu.

Við 3. gr.

Fyrsta breytingatillagan er orðalagsbreyting. Fleiri en ein veiðistöð geta myndað bótasvæði. Þykir því réttara að nota orðið bótasvæði.

Önnur tillagan felur í sér þýðingarmikla breytingu. Verið er að taka af allan efa um, að sjóðsstjórnin hafi heimild til að meta úthald báta og að skerða bætur eða bæta við, ef um frávik er að ræða frá eðlilegu almennu úthaldi eða meðalúthaldi.

Loks er um að ræða breytingatillögu, sem mikið hefur verið rædd og mikið deilt um. Sjóðsstjórnin hefur hingað til í flestum tilfellum stuðzt við meðalafla tiltekins tímabils við ákvörðun svonefnds meðalveiðimagns, sem bætur reiknast út frá. Nú er gerð tillaga um, að einnig skuli höfð hliðsjón af útgerðarkostnaði a. m. k. að hluta.

Ef samþykkt verður, er þessi breyting ekki eins róttæk og í fljótu bragði má telja. Stafar það m. a. af þeim reglum, er sjóðsstjórnin hefur sett sér við ákvörðun meðalveiðimagns og sem lýst er í III. kafla nefndarálitsins, þar sem rætt er um útreikningsreglur o. fl.

Við 4. gr.

Hér er fyrst um sömu orðalagsbreytingu og lýst er í 4. gr. og einnig áréttíng á því, að eigi sé unnt að halda bótarétti opnum í mörg ár.

Við 5. gr.

Hér er um að ræða nýtt ákvæði um að heimila sjóðsstjórn að hækka bætur á haustúthaldi við sérstakar aðstæður, sem hún verður að meta, en haustúthald er oft með afbrigðum erfitt og meðalveiðimagn víðast hvar lágt. Er með þessari tillögu verið að reyna að vega á móti og stuðla að því, að útgerð leggist ekki niður á haustin.

Við 6. gr.

Hér er lagt til samkvæmt sérstökum tilmælum Fiskiþings, að sjóðsstjórnin geti haft fulltrúa í þar til greindum landshlutum, sem auk þekkingar á málefnum sjóðs-

ins, hafi nægilega staðarþekkingu til brunns að bera, er geri honum kleift að vera sjóðsstjórninni til ráðuneytis, er vandamál viðkomandi landshluta ber sérstaklega á góma. Þá er og ákvæði um þóknun og ferðakostnað til þessara fulltrúa, ef sjóðsstjórnin þarf að kveðja þá til fundar við sig, sem þarf þó ekki alltaf að vera. Þá er lagt til samkv. sérst. tilmælum F.F.S.Í. að fjölgað verði í stjórninni.

Við 7. gr.

Þessar tillögur skýra sig að mestu sjálfar. Stofnfé togaradeildar er hér talið 20 millj. króna, sem eru eftirstöðvar þess framlags, sem ákveðið var, þegar lögum sjóðsins var breytt 1963.

Við 8. gr.

Í fyrsta lagi er lagt til, að veiðar á hrognkelsum heyri ekki undir sjóðinn. Er þetta staðfesting á venju, sem skapazt hefur.

Í öðru lagi er lagt til, að framlag ríkissjóðs verði aukið verulega. Er það bæði rökstutt með því, að útgjöld sjóðsins munu aukast, að nauðsynlegt er að mynda sjóði, eins og frá greinir í inngangi þessa álits, og síðast en ekki sízt með því, að stofnun og starfsemi aflatryggingasjóðs hafi firrt ríkissjóð miklum vanda, sbr. t. d. árabilið frá stríðslokum og til 1950.

Enn fremur er lagt til, að ríkissjóðsframlagið renni óskert í jöfnunardeild sjóðsins.

Við 9. gr.

Hér er lagt til að hámarksupphæð bóta verði takmörkuð nokkuð. Sjaldgæft er, að bætur séu greiddar af hærri hundraðshluta en ⅔ þess, sem á vantar meðalveiðimagn, enda er þá oft eitthvað að. Er hér því um að ræða staðfestingu á þeirri hámarksupphæð bóta, sem sjóðsstjórnin hefur markað og telur eðlilega.

Lagt er til, að við gr. verði bætt nýrri mgr. um bætur vegna skerðingar á veiðiréttindum, þegar tiltekin, takmörkuð veiðisvæði eru friðuð vegna hrygningar nytjafiska. Er hér um að ræða nýmæli, sem á rétt á sér, eftir því sem fram kom eftir setningu landhelgislaganna nr. 20 frá 30. apríl 1969. Með þeim lögum voru botnvörpuveiðiheimildir auknar til mikilla muna, og í ljós hefur komið, að með þeim eru m. a. opnuð svæði, sem nauðsynlegt getur reynzt að friða vegna hrygningar nytjafiska. Það getur borið við, að skyndilega þurfi að friða tiltekin svæði um tiltekinn tíma af þessum sökum, en það þarf ekki alltaf að vera nákvæmlega sama svæðið eða að friðunin eigi sér stað á nákvæmlega sama tíma ár hvert. Hins vegar geta svona ráðstafanir í einstökum tilfellum valdið takmörkuðum hópi báta fjárhagstjóni. Þar sem svo hagar til, og með tilliti til þess, að slíkar ráðstafanir eru yfirleitt gerðar í þágu heildarhagsmuna, þykir rétt, að opnuð sé leið til að bæta að vissu marki það fjárhagstjón, sem af slíku hlýzt. Hins vegar er erfitt að átta sig á, hver þróun getur orðið í slíkum friðunaraðgerðum í framtíðinni og þar með hvort hún kynni að leiða til óeðlilegra bótakrafna á hendur sjóðnum, og er því lagt til, að hér sé aðeins um að ræða heimild til sjóðsstjórnar til að greiða bætur, en ekki skyldu.

Við 10. gr.

Vegna annars verðgildis krónunnar þykir eðlilegt að hækka þessa lánsheimild.

Í II. kafla frumv. þessa eru felld inn ákvæði laga nr. 77 28. maí 1969 um greiðslu fæðiskostnaðar bátasjómanna, en þau voru sett í framhaldi af kjarasamningum útvegsmanna og bátasjómanna 11. febr. og 18. febr. s.l. Þegar frumv. til laga þessara var lagt fyrir Alþingi s.l. vor, fylgdi því að sjálfsögðu greinargerð, og þar sem málið er svo nýtt af nálinni, aðeins nokkurra mánaða gamalt, er ekki ástæða til að gera því frekari skil hér.

Hér er þó gerð tillaga um þá breytingu á 18. gr., að greiðslur úr deildinni verði bundnar við tryggingartímabil. Þetta er til hagræðis fyrir útvegsmenn, vegna þess að í lok tryggingatímabila gera þeir upp fæðiskostnað samkvæmt fæðisdagagjölda og

eiga þá auðveldara með að gefa skýrslur um hann til aflatryggingasjóðs. Þessi breyting leiðir ekki til neinna tafa á greiðslum fæðispeninga til sjómanna.

Aðrar greinar skýra sig sjálfar.

Reykjavík, 12. des. 1969.

Már Elísson, formaður. Ágúst Flygenring. Ingvar Vilhjálmsson. Margeir Jónsson.

Sigfús Bjarnason. Tryggvi Helgason. Örn Steinsson.

III. Ýmsar skýringar á lögum og reglugerð um aflatryggingasjóð.

Hér á eftir verður leitazt við að lýsa í stuttu máli lögum og reglugerð um hlutatryggingasjóð sjávarútvegsins — síðar aflatryggingasjóð sjávarútvegsins — og þeim breytingum, sem lög og reglugerð hafa tekið frá upphafi. Jafnframt verður leitazt við að skýra ýmsar framkvæmdareglur, sem sjóðsstjórnin óhjákvæmilega hefur þurft að setja.

A. Lög sjóðsins.

Lögum um hlutatryggingasjóð — síðar aflatryggingasjóð — hefur tvívegis verið breytt, síðan til hans var stofnað með lögum nr. 48 25. maí 1949.

Í fyrra skiptið — á árinu 1958 — var um að ræða breytingu, sem fól í sér hækkun tekna síldveiðideildar úr 0.5% útflutningsverðmætis sjávarafurða í 0.75% með tilsvarandi hækkun á framlagi ríkissjóðs. Jafnframt var ákveðið að láta sjóðinn ná yfir síldveiðar með reknetjum auk herpinótaveiðanna. Er þessa breytingu að finna í lögum nr. 38 24. maí 1958. Hin síðari lagabreyting, sem framkvæmd var á árinu 1962, var yfirgripsmeiri. Var þá nafni sjóðsins breytt og hann nefndur aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, en aðrar helztu breytingarnar voru þær, að stofnaðar voru tvær nýjar deildir við sjóðinn: Togaradeild og jöfnunardeild. Jafnframt voru tekjustofnar sjóðsins auknir verulega. Togarar höfðu áður ekki heyrt undir sjóðinn, þótt togveiðar báta hafi hins vegar frá upphafi heyrt undir hann. Ástæðuna til stofnunar jöfnunardeildar mun einkum að finna í reynslu þeirri, er fengizt hafði af starfsemi hlutatryggingasjóðs. Hafði oft komið fyrir á síldarleysisárunum, að taka þyrfti lán hjá hinni almennu deild sjóðsins, til þess að síldveiðideildin gæti staðið við skuldbindingar sínar. Var síldveiðideild hlutatryggingasjóðs jafnan í allverulegri skuld við almennu deildina og við lánastofnanir allt fram að lagabreytingunni, og jafnvel lengur eða þar til síldveiðideildin tók að eflast með hinum stórauknu síldveiðum á þessum áratug.

Við lagabreytingu þessa voru tekjustofnar hinna einstöku deilda annarra en jöfnunardeildar ákveðnir 1.25% af útflutningsverðmæti sjávarafurða. Fyrir hina almennu deild bátafl. þýddi þetta hækkun úr 0.5% og fyrir síldveiðideildina úr 0.75%. Gjald á afurðir togaranna í þessu skyni var þá að sjálfsögðu lagt á í fyrsta skipti. Ríkissjóður lagði hinni nýstofnuðu togaradeild stofnframlaga að upphæð 37.5 millj. króna, sem greiðast skyldi á 15 árum. Fram að umræddri lagabreytingu hafði framlag ríkissjóðs verið jafnt tekjum af útflutningsgjöldum. Með hinum nýju lögum var það ákveðið helmingur á móti tekjum af útflutningsgjöldum. Í reynd þýddi þetta nokkra hækkun ríkissjóðsframlagsins til hinnar almennu deildar bátaflotans, en nokkra lækkun til síldveiðideildar frá því sem áður var.

Tekjur jöfnunardeildar skyldu vera 50% tekna af útfluttum síldarafurðum og þorskafurðum báta- og togaraflotans.

Á árinu 1958 starfaði nefnd kjörin af Fiskiþingi að tillögum um breytingar á lögum um hlutatryggingasjóð. Lagði nefnd þessi m. a. til, að tekjur sjóðsins skyldu auknar nokkuð. Var sú tillaga m. a. rökstudd með nauðsyn aukningar á starfsemi sjóðsins, en einnig var bent á, að rangskráð gengi (Útflutningssjóður) hefði verulegar tekjur af sjóðnum. Aðrar tillögur þessarar nefndar Fiskiþings miðuðu að því,

að laga ýmis missmíð, er reynslan hafði leitt í ljós á lögum um hlutatryggingasjóð, svo og að því að styrkja framkvæmd laganna. Voru þessar tillögur flestar teknar til greina, er sett voru ný lög um sjóðinn nr. 77 28. apríl 1962.

B. Reglugerðir um hinar ýmsu deildir.

Breytingar á reglugerðum um hlutatryggingasjóð voru af skiljanlegum ástæðum nokkuð tíðar, einkum hinnar almennu deildar bátaflotans. Var og vart hægt að gera ráð fyrir öðru, þar sem verið var að þreifa sig áfram eftir áður ókunnum stigum.

a) *Almenna deild bátaflotans.*

Hin fyrsta reglugerð hinnar almennu deildar sjóðsins, sem sett var skömmu eftir gildistöku laga um hlutatryggingasjóð, einkenndist fyrst og fremst af stórum bótasvæðum og fáum flokkum skipa (eftir stærð og tegund veiðarfæra). Eru hér á eftir birtar 1.—3. gr. þeirrar reglugerðar til samanburðar.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til þeirra skipa bátaflotans, sem stunda þorskveiðar með línu, handfæri, netjum, botnvörpu eða dragnót sbr. þó 10. gr., sem kveður á um, að einungis þeir, sem hafi sjávarútveg sem aðalatvinnu, komi til greina sem bótaþegar.

2. gr.

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:

I. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum og salta aflann um borð.
II. flokkur: Skip yfir 30 rúml., sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum og leggja aflann nýjan eða ísaðan á land hérlendis.
III. flokkur: Skip undir 30 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum.
IV. flokkur: Opnir vélbátar, sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum.
V. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með botnvörpu, án tillits til stærðar.
VI. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með dragnót, án tillits til stærðar.

3. gr.

Veiðisvæði og bótatímabil skul vera sem hér segir:

a) Fyrir skip í I. flokki. Veiðisvæði skal vera eitt fyrir allt landið. Bótatímabilið skal vera frá 1. janúar til 31. maí.
b) Fyrir skip í II. og III. flokki:
1. svæði: Dyrhólaey — Reykjanes
1. janúar — 31. maí
2. svæði: Reykjanes — Öndverðarnes
1. janúar — 31. maí
3. svæði: Öndverðarnes — Bjargtangar
1. janúar — 31. maí
4. svæði: Bjargtangar — Sléttanes
1. febrúar — 31. maí
5. svæði: Sléttanes — Horn
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
6. svæði: Horn — Siglunes
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
7. svæði: Siglunes — Langanes
1. marz — 30. nóvember

8. svæði: Langanes — Vattarnes
1. marz — 31. desember
9. svæði: Vattarnes — Hornafjörður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember

c) Fyrir skip í IV. flokki:
1. svæði: Dyrhólaey — Hellissandur
1. janúar — 31. maí
2. svæði: Ólafsvík — Horn
1. apríl — 30. nóvember
3. svæði: Horn — Rifstangi
1. marz — 30. nóvember
4. svæði: Rifstangi — Langanes
15. maí — 15. október
5. svæði: Langanes — Digranes
15. maí — 30. september
6. svæði: Digranes — Kollumúli
1. júní — 15. október
7. svæði: Kollumúli — Glettinganes
1. júní — 15. september
8. svæði: Glettinganes — Gerpir
1. júní — 15. október
9. svæði: Gerpir — Hornafjörður
1. marz — 31. október

d) Fyrir skip í V. flokki:
1. svæði: Vestmannaeyjar — Reykjanes
1. febrúar — 15. júní
2. svæði: Reykjanes — Horn
1. febrúar — 15. júní
15. júní — 31. október
3. svæði: Horn — Langanes
15. febrúar — 15. júní
15. september — 15. nóvember
4. svæði: Langanes — Hornafjörður
1. febrúar — 1. júní

e) Fyrir skip í VI. flokki:
Veiðisvæði skal vera eitt fyrir allt landið. Bótatímabil skal vera frá 1. júní til 30. nóvember, nema á svæðinu frá Dyrhólaey að Reykjanesi frá 1. febrúar til 30. nóvember.

Reynslan virtist skjótlega skera úr um, að þetta fyrirkomulag, einkum það er snerti svæðaskiptinguna, væri ekki heppilegt og fullnægði ekki því ákvæði laganna, að á hverju veiðisvæði og í hverjum flokki skipa verða þær verstöðvar og þau skip, er líkust skilyrði hafa fyrir sama meðalveiðimagni. Reyndist m. a. þungt í vöfum að safna nægilega áreiðanlegum skýrslum af stórum svæðum, sem meta skyldi bótaskyldu eftir. Þá kom berlega í ljós, að fiskiskipastóllinn, einkum hin smærri fiskiskip, en einnig þau, sem stunduðu dagróðra með línu og netjum, voru yfirleitt staðbundin eða e. t. v. öllu heldur háð ákveðnum miðum í ríkari mæli en síðar varð. Gaf meðaltal stórra svæða af þessum sökum oft skakka mynd af aflabrögðum í einstökum verstöðvum viðkomandi svæða. Stærðarflokkun skipanna var og þannig háttað, að flest stunduðu dagróðra frá sömu verstöðinni alla vertíðina (bótatímabil) og lönduðu yfirleitt með fáum undantekningum afla sínum í þeirri verstöð. Stærð þessi leyfði vart þá tegund úthalds, sem síðar varð algeng (útilegu, veiðar með nót o. þ. h.), og vikið verður að hér á eftir.

Skjótlega komu því fram ákveðnar óskir frá þeim, er hlut áttu að máli og hagsmuna höfðu að gæta, um endurskoðun reglugerðarinnar. Fór endurskoðun fram á árunum 1952—1953, og tók ný reglugerð gildi á árinu 1953. Er til glöggvunar birt 2. og 3. gr. þeirrar reglugerðar.

2. gr.

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:

I. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með línu og salta aflann um borð.
II. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með netjum og salta aflann um borð.
III. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með línu og netjum og salta aflann um borð.
IV. flokkur: Skip yfir 30 rúml., sem stunda veiðar með línu og leggja aflann nýjan eða ísaðan á land hérlendis.
V. flokkur: Skip yfir 30 rúml., sem stunda veiðar með netjum og leggja aflann nýjan eða ísaðan á land hérlendis.
VI. flokkur: Skip yfir 30 rúml., sem stunda veiðar með línu og netjum og leggja aflann ísaðan á land hérlendis.
VII. flokkur: Skip 12—30 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu.
VIII. flokkur: Skip 12—30 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með netjum.
IX. flokkur: Skip 12—30 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu og netjum.
X. flokkur: Skip undir 12 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu.
XI. flokkur: Skip undir 12 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með netjum.
XII. flokkur: Skip undir 12 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu, netjum eða handfæri.
XIII. flokkur: Opnir vélbátar, sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum.
XIV. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með botnvörpu.
XV. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með dragnót.

3. gr.

Veiðisvæði og bótatímabil skulu vera sem hér segir:

a) Sjóðsstjórnin ákveður hverju sinni veiðisvæði og bótatímabil fyrir skip í I.—III. flokki.
b) Fyrir skip í IV., VI., VII., IX., og X. og XII. flokki:
1. svæði: Vestmannaeyjar
10. janúar — 15. maí
2. svæði: Stokkseyri og Eyrarbakki
1. febrúar — 15. maí
3. svæði: Þorlákshöfn
15. janúar — 15. maí
4. svæði: Grindavík
1. janúar — 15. maí
5. svæði: Hafnir og Sandgerði
1. janúar — 15. maí
6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
1. janúar — 15. maí
7. svæði: Hafnarfjörður
1. janúar — 15. maí
8. svæði: Reykjavík
1. janúar — 15. maí
9. svæði: Akranes
1. janúar — 15. maí
10. svæði: Hellissandur, Rif og Ólafsvík
1. janúar — 15. maí
11. svæði: Grundarfjörður
1. janúar — 15. maí

12. svæði: Stykkishólmur
1. janúar — 15. maí
13. svæði: Flatey
1. janúar — 15. maí
14. svæði: Patreksfjörður og Tálknafjörður
1. febrúar — 31. maí
15. svæði: Arnarfjörður
1. janúar — 31. maí
16. svæði: Dýrafjörður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
17. svæði: Önundarfjörður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
18. svæði: Súgandafjörður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
19. svæði: Bolungarvík
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
20. svæði: Hnífsdalur, Ísafjarðarkaupst. og Álftafjörður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
21. svæði: Steingrímsfjörður
1. janúar — 10. júní
1. október — 31. desember
22. svæði: Höfðakaupstaður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
23. svæði: Skagafjörður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
24. svæði: Siglufjörður
1. janúar — 20. júní
1. október — 10. desember
25. svæði: Ólafsfjörður
1. febrúar — 20. júní
26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd og Grenivík
1. febrúar — 20. júní
27. svæði: Akureyri
1. marz — 30 júní
28. svæði: Flatey og Húsavík
1. apríl — 15. desember
29. svæði: Raufarhöfn og Þórshöfn
1. júní — 15. nóvember
30. svæði: Vopnafjörður
1. júní — 15. september
31. svæði: Seyðisfjörður
1. maí — 31. október
32. svæði: Neskaupstaður
1. maí — 31. október
33. svæði: Eskifjörður og Reyðarfjörður
15. apríl — 31. október

34. svæði: Fáskrúðsfjörður
1. febrúar — 31. maí
1. júní — 31. október
35. svæði: Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík
1. febrúar — 31. maí
1. júní — 31. október
36. svæði: Djúpivogur
1. janúar — 31. maí
1. júní — 31. október
37. svæði: Hornafjörður
1. janúar — 31. maí

c) Fyrir skip í V., VIII. og XI. flokki:
1. svæði: Vestmannaeyjar
1. marz — 11. maí
2. svæði: Stokkseyri og Eyrarbakki
1. marz — 11. maí
3. svæði: Þorlákshöfn
1. marz — 11. maí
4. svæði: Grindavík
1. marz — 11. maí
5. svæði: Hafnir og Sandgerði
15. febrúar — 11. maí
6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
15. febrúar — 11. maí
7. svæði: Hafnarfjörður
15. febrúar — 11. maí
8. svæði: Reykjavík
15. febrúar — 11. maí
9. svæði: Akranes
15. febrúar — 11. maí

d) Fyrir skip í XIII. flokki:
1. svæði: Vestmannaeyjar
15. febrúar — 15. september
3. svæði: Grindavík
1. maí — 30. september
4. svæði: Hafnir, Sandgerði og Garður
1. maí — 30. september
5. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
15. marz — 15. maí
6. svæði: Hafnarfjörður
15. maí — 30. september
7. svæði: Reykjavík
15. maí — 30. september
8. svæði: Akranes
15. maí — 15. ágúst
9. svæði: Hellissandur
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
12. svæði: Stykkishólmur
1. maí — 30. júní
1. september — 15. desember
14. svæði: Arnarfjörður
1. maí — 31. júlí
1. september — 30. nóvember

17. svæði: Súgandafjörður
1. maí — 31. október
18. svæði: Bolungarvík
1. maí — 31. ágúst
20. svæði: Ísafjarðarkaupstaður
1. maí — 15. október
21. svæði: Álftafjörður
15. maí —30. september
22. svæði: Steingrímsfjörður
1. maí — 30. júní
1. september — 30. nóvember
23. svæði: Höfðakaupstaður
15. maí — 15. desember
24. svæði: Sauðárkrókur
1. apríl — 31. desember
25. svæði: Hofsós
1. apríl — 31. desember
26. svæði: Siglufjörður
1. apríl — 31. október
27. svæði: Ólafsfjörður
1. apríl — 31. október
28. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsstr. og Grenivík
1. apríl — 30. júní
1. ágúst — 30. nóvember
30. svæði: Húsavík
1. apríl — 15. nóvember
31. svæði: Raufarhöfn
15. maí — 15. október
32. svæði: Þórshöfn
15. maí — 15. október
33. svæði: Bakkafjörður
15. maí — 30. september
34. svæði: Vopnafjörður
1. júní — 15. október
35. svæði: Borgarfjörður
15. maí — 20. september
36. svæði: Seyðisfjörður
1. júní — 15. október
37. svæði: Mjóifjörður og Neskaupstaður
1. júní — 15. október
38. svæði: Eskifjörður og Reyðarfjörður
15. apríl — 30. september
39. svæði: Vattarnes
1. maí — 30. september
40. svæði: Fáskrúðsfjörður
1. maí — 15. nóvember
41. svæði: Stöðvarfjörður
1. marz — 31. október
42. svæði: Djúpivogur
1. marz — 31. október

e) Fyrir skip í XIV. flokki:
1. svæði: Vestmannaeyjar — Reykjanes
1. febrúar — 15. júní

2. svæði: Reykjanes — Horn
1. febrúar — 15. júní
15. júní — 31. október
3. svæði: Horn — Langanes
15. febrúar — 15. júní
15. september — 15. nóvember
4. svæði: Langanes — Hornafjörður
1. febrúar — 1. júní

f) Fyrir skip í XV. flokki:
Veiðisvæði skal vera eitt fyrir allt landið. Bótatímabil skal vera frá 1. júní til 30. nóvember, nema á svæðinu frá Dyrhólaey að Reykjanesi frá 1. febrúar til 30. nóvember.

g) Séu bátar gerðir út til fiskveiða frá einhverjum þeirra staða, sem ekki eru nefndir í þessari grein reglugerðarinnar, skal sjóðsstjórnin ákveða hverju sinni, til hvaða veiðisvæðis þeir bátar skuli teljast.

Eins og berlega kemur í ljós, þegar þessar tvær framangreindu reglugerðir eru bornar saman, eru meginbreytingarnar fólgnar í fjölgun stærðar- og veiðarfæraflokka báta, úr 6 í 15 rúml. og í verulegri fjölgun veiðisvæða. Einnig var bótatímabilum breytt og ný tekin upp.

Reglugerðin frá 1953 hélzt í öllum meginatriðum lítið breytt til ársins 1963. Þó var bætt við tveimur flokkum fyrir handfærabáta ásamt viðeigandi veiðisvæðum og bótatímabilum. Ýmsar tilfærslur voru og gerðar á þessu tímabili — mest á 3. gr. reglugerðarinnar. Var einkum um að ræða breytingar á bótatímabilum.

Í sambandi við endurskoðun og breytingu laganna um sjóðinn á árinu 1962, sem getið var um að framan, var einnig gefin út ný reglugerð nr. 94 18. júní 1963, sem enn er í gildi og hér verður að vísa til án þess að taka hana upp í skýringar þessar. Kemur í ljós, að enn hafa verið gerðar breytingar á stærðarflokkun svo og fjölgað veiðarfæraflokkum frá fyrri reglugerð.

Eins og greinilega kemur í ljós við samanburð á þessum þremur reglugerðum, einkum á 2. og 3. gr. þeirra allra, hefur rík tilhneiging verið í þá átt að fjölga veiðieða bótasvæðum, jafnvel svo að hver verstöð sé sjálfstætt svæði. Í þessu tilfelli er samt tekið nokkuð tillit til tegunda veiðarfæra. Þannig gildir þessi þróun almennt um þau veiðarfæri, sem kalla mætti föst, svo sem línu og net, en síður um þau, sem nefna mætti laus, svo sem botnvörpu, dragnót, nót og handfæri. Þó ber að geta þess, að opnir vélbátar eru álitnir staðbundnir, hvaða veiðarfæri sem þeir nota.

Enda þótt stærðarflokkun samkvæmt reglugerð hafi breytzt allmikið frá 1951—1953, var ástæðan til þess miklu fremur sú, að um réttlætismál þótti vera að ræða en að orðið hefðu verulegar breytingar á stærðarsamsetningu fiskiskipastólsins. Um tímabilið 1953—1963 gegndi aftur á móti öðru máli og stafaði breyting sú, er þá var gerð á stærðarflokkun samkvæmt reglugerð, einkum af hinni breyttu stærðarsamsetningu, sem hófst um og eftir 1959 og hefur verið mjög mikil síðan.

b) Reglugerðir síldveiðideildar.

Hin fyrsta reglugerð síldveiðideildar var sett hinn 26. október 1950. Fara hér á eftir þrjár fyrstu greinar þessarar reglugerðar:

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka einungis til þeirra skipa bátaflotans, sem stunda síldveiðar með herpinót á sumarvertíð.

2. gr.

Vertíð sumarsíldveiða skal talin frá 20. júní til 15. september, þó skal ekki skerða bótarétt þeirra skipa, sem hafa eigi styttri úthaldstíma en nemur meðalúthaldstíma skipa í sama flokki á vertíðinni.

3. gr.

Veiðisvæði sumarsíldveiða skal vera eitt fyrir allt landið.

4. gr.

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:

I. fl. Herpinótaskip.

II. fl. Hringnótaskip.

Þessi reglugerð hélzt óbreytt allt til ársins 1958, að lögum sjóðsins var breytt 1962 eins og að framan getur. Í samræmi við lagabreytinguna var gerð tilsvarandi breyting á reglugerð síldveiðideildar, dags. 16. júlí 1958 sem hér segir.

1. gr.

1. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til þeirra skipa bátaflotans, sem stunda síldveiðar með herpinót, hringnót og reknet.

2. gr.

3. grein orðist svo:

Veiðisvæði sumarsíldveiða skal vera eitt fyrir allt landið fyrir þau skip, sem veiða með herpinót eða hringnót. Veiðisvæði og bótatímabil fyrir síldveiðiskip, sem veiðar stunda með reknetjum, skulu vera sem hér segir:

1. svæði: Dyrhólaey að Horni
15. maí til 30. september
1. október til 22. desember

2. svæði: Norðurland (austan Horns)
15. júlí til 30. september.

3. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Veiðiskipum á sumarsíldveiðum með herpinót eða hringnót skal skipt í flokka, sem hér segir:

I. fl. Herpinótaskip.

II. fl. Hringnótaskip.

Með fyrrgreindri reglugerð frá 1950, svo og breytingum frá 1958, var engin stærðarflokkun ákveðin. Hins vegar leiddi skipting í „herpinóta- og hringnótaskip" til nokkurrar stærðarskiptingar, því að lengi framan af voru hin stærri skip með „herpinót" og tvo báta, en hin minni skip með hringnót og einn bát.

Þess ber líka að minnast, að á árinu 1958 var síldveiðibátum skipt í flokka eftir því, hvort þeir voru búnir fiskileitartækjum eða ekki. Á næstu árum þar á eftir kom þessi flokkun hins vegar ekki til framkvæmda m. a. vegna þess, að fiskileitartæki voru sett í flest ef ekki öll skip. Einnig tók síldveiðin þá að glæðast, þannig að sjaldnar var um bótaskyldu að ræða.

Eins og að framan getur, hófst allmikil endurnýjun fiskiskipastólsins um þetta leyti. Bættust flotanum mörg ný skip og stærri en áður höfðu tíðkazt.

Jafnframt voru menn að komast upp á lag með að nota hringnótafyrirkomulagið á stærri skipum. Síðustu herpinótaskipin heltust úr lestinni eftir sumarsíldveiðarnar 1961. Var þá svo komið, að síldveiðiskip frá 50—250 brúttórúmlestir tilheyrðu hringnótaflokknum. Þar við bætist, að göngur síldarinnar tóku breytingum frá því sem áður var. Hætti síldin að ganga nær landi í nokkrum mæli, en hélt sig djúpt undan. Breyttust veiðimöguleikar bátanna allverulega, og urðu hinir smærri bátar afskiptir.

Um það leyti sem lagabreytingin kom til framkvæmda, var flokkun síldveiðiskipa eftir stærð orðin aðkallandi, enda var það tekið til greina, er ný reglugerð var samin í árslok 1962. Hins vegar voru breytingar allar á þróun síldveiða svo örar á þessum síðustu árum, að reglugerðin hefur tekið nokkrum breytingum frá því að hún var samin.

Eru þær einkum fólgnar í nýjum bótatímabilum og veiðisvæðum. Virðist óþarfi að rekja þessa þróun hér. Hún mun flestum í fersku minni. Þó má geta haust- og vetrarsíldveiða austanlands með hringnót, sams konar veiða sunnanlands með hringnót og loks samdrætti og síðan niðurfellingu síldveiða með reknetjum.

Fer hluti núgildandi reglugerðar síldveiðideildar hér á eftir:

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til allra þeirra fiskiskipa, sem síldveiðar stunda með herpinót, hringnót, reknetjum eða botnvörpu.

2. gr.

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:

2. gr.

I. flokkur: Skip yfir 140 rúml., sem veiðar stunda með hringnót.
II. flokkur: Skip 90—140 rúml., sem veiðar stunda með hringnót.
III. flokkur: Skip undir 90 rúml., sem veiðar stunda með hringnót.
IV. flokkur: Skip, sem veiðar stunda með herpinót.
V. flokkur: Skip yfir 100 rúml., sem veiðar stunda með reknetjum.
VI. flokkur: Skip undir 100 rúml., sem veiðar stunda með reknetjum.
VII. flokkur: Skip yfir 100 rúml., sem veiðar stunda með síldarvörpu.
VIII. flokkur: Skip undir 100 rúml., sem veiðar stunda með síldarvörpu.

Við skiptingu veiðiskipa í flokka skal farið hverju sinni eftir skipaskrá sjómannaalmanaksins.

3. gr.

Veiðisvæði skulu vera:
I. Fyrir Norður- og Austurlandi
15. júní — 31. ágúst
1. október — 31. desember
II. Fyrir Suðvesturlandi
1. janúar — 28. febrúar
1. júní — 31. ágúst
15. október — 31. desember

Aðrar greinar reglugerðanna eru efnislega eins og finna má í reglugerð hinnar almennu deildar bátaflotans.

C. Reglugerð hinnar almennu togaradeildar.

Um þessa reglugerð er óþarfi að fara mörgum orðum, enda skýrir hún sig að mestu sjálf. Fara fyrstu þrjár greinar reglugerðarinnar hér á eftir.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til þeirra skipa togaraflotans, sem veiðar stunda með botnvörpu eða flotvörpu.

Reglugerðin tekur ekki til síldveiða.

2. gr.

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:
I. fl. Skip yfir 750 rúmlestir.
II. fl. Skip 450—750 rúmlestir.

Við skiptingu veiðiskipa í stærðarflokka skal farið hverju sinni eftir skipaskrá sjómannaalmanaksins.

3. gr.

Veiðisvæði skal vera eitt. Bótatímabil skal vera eitt, miðað við 335 úthaldsdaga.

Aðrar greinar eru samhljóða reglugerðum hinnar almennu deildar bátaflotans og síldveiðideildar. Hér ber að gæta þess, að samkvæmt sérstakri heimild Alþingis

hverju sinni hafa bætur til togaranna allaf nema einu sinni verið reiknaðar á hvern úthaldsdag en ekki samkvæmt reglugerð.

c) *Framkvæmd laga og reglugerða.*

Eins og gefur að skilja verða seint settar algildar reglur um starfsemi stofnunar sem aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins. Til þess er atvinnuvegurinn, sem stofnunin á að þjóna, háður of mörgum breytilegum þáttum og er auk þess sífellt að þróast. Af þessu leiðir, að lög og sérstaklega reglugerðir hafa hlotið að taka allmiklum breytingum á þeim árum, er sjóðurinn hefur starfað. Hafa þessar breytingar og orsakir þeirra að nokkru verið raktar hér að framan.

Augljóst má líka vera, að í því tilfelli, er hér um ræðir, verða því ekki þær reglur settar með lagaboði, er spanna öll þau atriði og margvíslegu vandamál, sem sífellt hljóta að skapast í jafn fjölbreytilegum atvinnuvegi og fiskveiðum. Þetta mun löggjafanum hafa verið fullljóst, enda mun hann hafa ætlað lögum það aðalhlutverk að mynda umgerð eða vettvang þess starfs, er sjóðurinn á að inna af höndum og sem fólgið er í því að draga úr því, er miklar almennar sveiflur í aflabrögðum hafa í för með sér.

Lögin marka því — eins og áður segir — meginstefnuna og kveða á um höfuðreglur. Það gefur þess vegna auga leið, að þeir, sem stjórna málefnum sjóðsins, hljóta að verða að skýra og túlka ýmis mikilvæg lagaákvæði í framkvæmd, svo og að mynda reglur um þau afbrigðilegu mál og mál sérstaks eðlis, sem sífellt skjóta upp kollinum, og sem engar reglur settar í eitt skipti fyrir öll gætu með nokkru móti náð yfir.

Verða nokkur hinna helztu þessara atriði gerð að umræðuefni hér á eftir.

1. *Bótatímabil og skipting veiðiskipa og verstöðva í flokka.*

Þessum atriðum, sem um er fjallað í 4. gr. núgildandi laga um aflatryggingasjóð, hafa þegar verið gerð nokkur skil hér að framan. Þeim er það sameiginlegt, að breytingar, sem taldar eru nauðsynlegar, verður að miða við áramót eða a. m. k. vertíðarskipti. Ella er hætta á, að ýmis mismunun milli báta geti átt sér stað — t. d. ef þegar er búið að ljúka útreikningi fyrir ákveðna vertíð, er rökstuddar óskir koma um breytingar.

2. *Meðalveiðimagn.*

Í 4. gr. laganna um aflatryggingasjóð er sjóðsstjórninni uppálagt að setja meðalveiðimagn svokallað, sem útreikningar bóta til einstakra skipa miðist við. Er þetta gert árlega fyrir hverja vertíð og flesta flokka báta, og eru nauðsynlegir útreikningar mikið verk. Frá upphafi hefur meðalveiðimagn verið fundið með tveimur aðalaðferðum: Að taka að mestu leyti tillit til aflabragða og að hafa hliðsjón af kauptryggingu áhafna. Hið fyrrnefnda er algengasta aðferðin og gildir um alla báta og veiðarfæraflokka hvarvetna um land, nema báta, sem fiska með (þorsk-, síldar-, loðnunót o. s. frv.). Um þá gildir að mestu síðar nefnda aðferðin. Verður nánar vikið að þeim hér á eftir.

Við ákvörðun meðalveiðimagns eftir fyrrgreindu aðferðinni er venjulega lagður til grundvallar meðalafli undanfarinna fimm ára. Þar sem því er ekki til að dreifa, sem stundum getur komið fyrir um einstaka stærðar- eða veiðarfæraflokka, er stuðzt við reynslu nærliggjandi svæða eða á annan hátt reynt að gera sér grein fyrir aflamöguleikum á viðkomandi svæði. Samkvæmt tillögum Fiskiþings, sem vitnað var í hér að framan, var sú regla upp tekin fyrir allmörgum árum að setja ákveðin efri mörk, sem meðalveiðimagn færi ekki upp fyrir, þó að aflamagn gæfi tilefni til.

Á sama hátt hefur meðalveiðimagn yfirleitt verið látið lækka hægar en aflabrögð ýmissa staða gáfu tilefni til og víða hefur meðalveiðimagni verið haldið óbreyttu á mörgum svæðum um allmörg ár, enda þótt aflabrögð hafi dregizt þar verulega saman. Hins vegar hefur aldrei verið sett hærra meðalveiðimagn en skýrslur um

aflabrögð viðkomandi svæðis og flokks báta sýna, að unnt er að ná eða hefur náðst á því tímabili, sem skýrslur eru til um.

Við síðar nefndu aðferðina við útreikninga meðalveiðimagns, sem einkum hefur verið beitt við alla flokka báta, sem veiðar stunda með nót, er höfð hliðsjón af kauptryggingu sem fyrr segir. Afli nótaskipa hefur fram á síðustu ár jafnan verið háður meiri og skjótari sveiflum en svo, að tækt þætti að miða við meðalafla ákveðins árabils, auk þess sem munur á aflabrögðum einstakra skipa er jafnan langtum meiri en hjá skipum, er veiðar stunda með öðrum veiðarfærum. Sveiflur í aflabrögðum þessarar veiðiaðferðar eru enn áberandi, ekki sízt hjá hinum minni stærðarflokkum.

Töluverður eðlismunur er á veiðum með nót og veiðum með öðrum hefðbundnum veiðarfærum hér á landi. Í fyrra tilfellinu má segja, að aflinn sé svo til algjörlega háður kunnáttu skipstjórnarmanna á meðferð þess tækniútbúnaðar, sem nauðsynlegur er talinn. Í hinu síðara tilfelli er tækniútbúnaðurinn ekki eins margbrotinn, né virðist þörf jafnnákvæmrar þekkingar á því sviði. Þar er e. t. v. í ríkara mæli þörf annarra mikilvægra eiginleika sjómanna, svo sem þekkingar á fiskimiðum, göngum fisks o. fl.

Meðal almennra atriða, sem sjóðsstjórnin þarf sérstaklega að fjalla um og ekki eru til um nein reglugerðarákvæði, má einkum nefna tvö:

Í fyrsta lagi kemur oft fyrir, að skip leggi afla sinn á land á fleiri en einu bótasvæði á bótatímabilinu, þannig að vafi kann að leika á hvar því skuli skipað, ef til bótagreiðslna kemur. Hefur þetta farið allmjög í vöxt á undanförnum árum. Var sú venja upp tekin fyrir allmörgum árum að telja skip þau, er þannig er ástatt um, til þeirrar verstöðvar, þar sem mestum hluta afla þeirra er landað. Þetta fyrirkomulag hefur stundum sætt nokkurri gagnrýni. Finnst ýmsum, að fremur eigi að miða við þann tíma, sem skipið er gert út frá hverri verstöð. Ýmsar gildar, praktískar ástæður eru til þess, að miðað er við aflamagn.

Í öðru lagi ber oft við, að skip stunda veiðar með öðrum og fleiri veiðarfærum en reglugerðin gerir ráð fyrir á ákveðnu bótatímabili. Myndast þá nýir samsettir veiðarfæraflokkar. Eini samsetti veiðarfæraflokkurinn, sem núgildandi reglugerð gerir ráð fyrir er línu- og netjaflokkur. Þessir samsettu veiðarfæraflokkar geta verið margvíslegir t. d. net og nót, lína, net og nót, lína og handfæri o. s. frv. Fjölbreytni þessara samsetninga getur verið mikil, og er nær ómögulegt að gera ráð fyrir öllum möguleikum í reglugerð. Verður því að leitast við að leysa þennan vanda á annan hátt. Þar sem ekki er talið annað fært en að miða bótaútreikning og greiðslur sem næst við heil bótatímabil, er ekki hægt að miða við hvert veiðarfæraúthald um sig, enda oftast um mjög stutt tímabil að ræða, þegar margar tegundir veiðarfæra eru notaðar á einni og sömu vertíðinni. Sjóðsstjórnin hefur því reynt að sameina þessa mismunandi flokka innan hverrar vertíðar eftir beztu getu.

Og þar sem gert er ráð fyrir bótatímabilum og meðalveiðimagni fyrir hvern veiðarfæraflokk, er þar með auðveldað það starf að sameina veiðarfæraflokka og setja þeim meðalveiðimagn.

3. Reglur um bótaútreikning.

Samkvæmt 2. gr. laga sjóðsins er hlutverk hans að bæta aflahlut skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum. „Almennur aflabrestur“ telst vera samkv. 6. gr. laganna, „ef meðalafli í einhverjum flokki síldveiðideildar eða hinnar almennu deildar bátaflotans er minni en 75% eða í hinni almennu deild togaraflotans minni en 85% af hinu ákveðna meðalveiðimagni“, sem fjallað var um hér að framan. **Hér er sagt berum orðum, að ekki skuli greiddar bætur til einstakra skipa, jafnvel þótt þau hafi fiskað illa, ef meðalafli skipa í þeim flokki er fyrir ofan ákveðinn hundraðshluta ákvarðaðs meðalveiðimagns.** Þetta er grundvallaratriði, sem oft er misskilið.

Í 4. gr. 1. tölul. er kveðið á um, að stundi skip ekki veiðar allt (bóta)tímabilið, skerðist bótaréttur við það hlutfallslega. Á sama hátt virðist rökrétt að bæta út-

hald, sem lengra er en bótatímabilið, ef ástæðan til þess er eðlileg. Hefur það og jafnan verið gert. Þá hefur og verið reynt að fylgjast með fjölda sjóferða og athuga hlutfallið milli þeirra og heildarúthaldstíma viðkomandi skips. Hefur sjóðsstjórnin með skírskotun til 12. gr. laganna talið sér heimilt og skylt að setja reglur um, hvað telja beri eðlilegan sjóferðafjölda hinna ýmsu flokka skipa. Er þá tekið tillit til ytri aðstæðna, svo sem gæfta, fjölda lagna í sjóferð o. fl. Á þetta að sjálfsögðu einkum við hina almennu deild bátaflotans. Í 12. gr. laganna um aflatryggingasjóð sbr. 10. gr. reglug. 94/1963 er sjóðsstjórninni gert að rannsaka sérstaklega, ef grunur leikur á um rangar skýrslur, óstjórn eða óreiðu í útgerð og haga aðgerðum sínum samkvæmt því.

Ekki eru nein sérstök ákvæði um stærð áhafnar í lögum sjóðsins eða reglugerð. Þar sem hins vegar meðal veiðimagn er miðað við eðlilega stærð áhafnar í hverjum flokki og jafnframt gengið út frá því, að þá sé um eðlilega, venjubundna veiðarfæranotkun að ræða (fjöldi netja í sjó, línulengd o. fl.), hefur sjóðsstjórnin ávallt haft hliðsjón af stærð áhafnar og skert bætur, ef um færri menn er að ræða en eðlilegt má teljast.

Frátafir skips vegna vélbilunar eða annars tjóns hafa ekki verið viðurkenndar við útreikning bóta — heldur aðeins tekið tillit til þess tíma, sem skipið hefur sannanlega verið að veiðum. Hér er um allviðkvæmt mál að ræða. Þó mun ekki of mikið fullyrt, þótt því sé haldið fram, að ótrúlegir erfiðleikar myndu vera á því að meta vélbilanir og annað tjón. Kemur bæði til greina mismunandi aldur skipa og véla, misjöfn umhirða, auk möguleika til misnotkunar, þar sem vilji til slíks kynni að vera fyrir hendi.

D. Skýrslusöfnun og trúnaðarmenn.

Undirstaða skýrslukerfis aflatryggingasjóðs eru skýrslur Fiskifélags Íslands. Er raunar vandséð, hvernig sjóðurinn kæmist af án þeirra, nema komið yrði á fót sjálfstæðu kerfi með tilheyrandi starfsliði, fyrirhöfn og öðrum kostnaði.

Fiskifélagið miðar skýrslusöfnun sína við þarfir hinna ýmsu stofnana og fyrirtækja, sem þessarar þjónustu þurfa með, þ. m. t. aflatryggingasjóður.

Trúnaðarmenn Fiskifélagsins í hinum ýmsu verstöðvum eru jafnframt trúnaðarmenn aflatryggingasjóðs.

Á tuttugu ára starfstíma sjóðsins hefur allra bragða verið leitað til að flýta bótaákvörðunum og bótaútreikningi. Að áliti nefndarinnar hafa orðið miklar framfarir á því sviði, einkum frá árinu 1956 að telja, en þá voru gerðar gagngerar endurbætur á skýrslusöfnun og úrvinnslu frá Fiskifélaginu.

Þá hefur það verið venja nokkur undanfarin ár að reyna að greiða útvegsmönnum upp í væntanlegar bætur strax, þegar starfsmenn sjóðsins hafa sannfærzt um bótaskyldu. Hefur þetta fyrirkomulag auðveldað útvegsmönnum að standa við skuldbindingar sínar sbr. 13. gr. laganna.

IV. Fylgiskjöl.

Eins og áður er getið, ritaði nefndin mörgum aðilum bréf 11. janúar og 15. febrúar 1966, sem var ítrekað 17. nóvember 1966 og skýrði þeim frá því, að hún hefði hafizt handa um endurskoðun laganna um aflatryggingasjóð í samræmi við þingsályktunartill. frá árinu áður um það efni. Í bréfinu óskaði nefndin eftir tillögum og ábendingum þessara aðila um hugsanlegar breytingar á lögunum. Eins og skýrt er frá í greinarg. varð eftirtekjan harla rýr um fjölda svara, þótt oft væri eftir leitað munnlega. Bárust svör frá aðeins fjórum aðilum. Voru þau gaumgæfilega athuguð af nefndinni og tekið tillit til þeirra, eftir því sem efni stóðu til. Eigi þykir tilefni hér til að gera grein fyrir ástæðum fyrir því, að sum atriði þótti ekki rétt að taka í lagafrumv. þetta, en sum þeirra gætu átt heima í reglugerð og enn önnur gætu orðið til hliðsjónar við framkvæmd gildandi laga og þeirra breytinga, sem hér eru gerðar

till. um, ef að lögum verða. En að öðru leyti verður að skoða þau í ljósi gildandi laga og lagafrumvarpsins og skýringa með því. Bréf þessi fara hér á eftir:

ÚTVEGSMANNAFÉLAG EYJAFJARÐAR
OG NÁGRENNIS

Ódagsett.

Tillögur um breytingar á lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Á fundi í Útvegsmannafélagi Eyjafjarðar og nágrennis hinn 19. febrúar s.l., var bréf yðar um breytingar á lögum aflatryggingasjóðs, dags. 5. febrúar s.l., tekið til umræðu.

Fundarmenn voru sammála um, að breytinga væri þörf á lögum sjóðsins og benda á tillögu um þetta mál, sem samþykkt var á Fjórðungsþingi fiskideilda í Norðlendingafjórðungi í nóvember s.l. svo hljóðandi:

A. Bætur úr sjóðnum, ef um aflabrest er að ræða, verði miðaðar við að fáist sem lágmark bætt það, sem á skortir, að náist full kauptrygging þeirra manna, sem við veiðarnar starfa, og tilsvarandi upphæð til útgerðarinnar, samkvæmt skiptakjörum.
B. Unnið verði að því, að sömu bætur við aflabresti verði um landið allt í sömu skipastærð.

Fundurinn telur, að sjóðurinn þurfi að hafa trúnaðarmenn út um land, a. m. k. einn í hverjum fjórðungi, til þess að fylgjast með aflabrögðum og útgerð báta svo og gefa útvegsmönnum upplýsingar og sjá um greiðslu bóta á sínum svæðum. Eðlilegast væri, að trúnaðarmenn Fiskifélags Íslands tækju að sér þessi störf.

F. h. Útvegsmannafélags Eyjafjarðar og nágrennis,

Bjarni Jóhannesson
(sign.).

Útvegsbændafélag Vestmannaeyja.

Vestmannaeyjum, 8. marz 1966.

Þér skrifið samtökum okkar bréf, dags. 5. febrúar 1966, þar sem þér óskið eftir athugasemdum og sjónarmiðum okkar Vestmannaeyinga um breytingar á lögum aflatryggingasjóðs, sem nú á að fara að vinna við.

Því miður eru lög þessi orðin að landslögum, sem þvinga útgerðarsvæði að vera í sjóðnum, hvort sem þau vilja vera eða ekki. Við myndum nú að fenginni reynslu samþykkja strax niðurfellingu á aflatryggingasjóði, þar sem við höfum í heild látið miklu meira fé í hann en við höfum úr honum fengið. Í stað þess fengju Vestmannaeyjar beint 1.4% af útflutningi sínum, sem lagt yrði hér heima í sjóð, er við sjálfir hefðum alla ákvörðun og umsjón með, til úthlutunar á bátaflota okkar.

Með hinum lélega útgerðargrundvelli, sem nú er, vegna lágs hráefnisverðs til útgerðar, og sívaxandi verðbólgu, sem allt gleypir, höfum við enga löngun til að gefa eða lána óafturkræft, okkur óþekktum og óviðkomandi bótasvæðum, fjárhæðir, sem skipta miljónum, eins og við höfum gert hin seinni ár hér í Eyjum. Væri ekki orðin þörf á að láta fara fram skoðanakönnun á bótasvæðum sjóðsins, um þetta atriði?

Þá mótmælum við og lýsum hreinni undrun okkar á, hvernig nefnd sú er skipuð, sem annast á umræddda endurskoðun á lögum aflatryggingasjóðs. 6 menn eru tilskipaðir að vinna mjög þýðingarmikið verk í þágu útgerðarinnar, sem þeim er að helming nokkuð sama um og geta ekki talið sig neinu skipta, hvernig um afgreiðslu fer á, þar sem þetta er algerlega utan þeirra hagsmuna sem launþega, enda sér 13.

gr. laganna, með smábreytingu, að á eftir 1. setning komi: „og ber stjórn sjóðsins þá að krefjast o. s. frv., þeirrar tryggingar“. Þessi grein tryggði þá sjómönnum fulla greiðslu sinna launa, þó enginn fulltrúi væri frá sjómannasamtökunum, en þeir eru 3. 4. maður er svo frá F.Í.B., rígbundinn við þeirra sjónarmið, og hlýtur að vera miklum hæfileikum gæddur, ef tekið er tillit til, hvað miklu hann hefur áorkað fyrir F.Í.B. í sjóðsstjórninni, en einmitt þeir 2 aðiljar, sem nefndir hafa verið, eru líklegastir að þurfa samvinnu við til hagsbóta fyrir sína umbjóðendur.

L.Í.Ú.-maðurinn getur í sumum tilfellum orðið skiptur milli báta og togara, ef svo ber undir. Þannig eiga bátarnir, sem þó leggja margfaldan meiri hluta af fjármagninu til sjóðsins, aðeins 1½—2 menn, sem örugglega styðja sjónarmið þeirra í ágreiningsmálum.

Við lítum svo á, að sanngjarnt væri, að 1 sameiginlegur fulltrúi væri frá Sjómannasamtökunum, bæði í þessari nefnd og í sjóðsstjórninni, fiskimálastj. oddamaður eins og verið hefur, hinir stjórnarmeðlimirnir hljóta að eiga að vera frá Landsfjórðungunum 4, Reykjav. og Vestm., kosnir af útgerðarsamtökum bátadeildanna á hverju þessara svæða.

Þá teljum við, að reynslan sé búin að sanna það, að nú beri algjörlega að aðskilja F.Í.B. frá bátadeildunum, þar eiga engin samskipti að eiga sér stað meira, annað en að innheimta útistandandi skuldir við F.Í.B.

Frá upphafi hafa bátadeildirnar verið látnar lána F.Í.B. stórfé, sem í mörgum tilfellum hefur dregið úr bótum til bátanna, jafnframt því að sýna þeirra afkomu betri en hún raunveruleg hefur verið. Þetta hefur verið gert á móti vilja útgerðarmanna almennt á bátaflotanum, eins og oft hefur komið fram á L.Í.Ú.-þingum, en togarasjónarmiðin hafa ráðið í sjóðsstjórninni, illu heilli, í þessu máli og lánveitingar réttlættar með því, að á þeim væri ríkisábyrgð.

Verði eitthvert tillit tekið til þessara 2 höfuðsjónarmiða okkar, teljum við svo mikið hafa áunnizt, að aðrar breytingar, sem gerðar kunna að verða, séu hreinir smámunir miðað við þessar tvær. Þó viljum við lýsa andstöðu okkar við fyrri hluta tillögu Sjávarútvegsnefndar varðandi aflatryggingasjóð, a-lið, á nýlega afstöðnu Fiskiþingi, þingskjal nr. 23, þar segir: „Að bátar í sama stærðarfl. o. s. frv.“ Þetta er framsett til að draga enn meira af fé sjóðsins til dauðu svæðanna en verið hefur, en í sama hlutfalli minnkaði þá bótavon betri veiðisvæðanna.

Þá eiga bótatímabil að vera 2 yfir árið á öllum bolfiskveiðum, vetrarvertíð til 15. maí, sumar- og haustúthald út árið. Síldveiðar, stór skip, vetrarvertíð, sameiginleg notkun síldar-, fisks- og loðnunótar til 15. maí, síðan 1 bótatímabil út árið, minni síldarskip að 120 tonnum, sem aðeins stunda sumarveiðar, verði í sérbótaflokki.

Þá er ein breytingartillaga, sem við leggjum áherzlu á að fá inn í lögin. Í samningum um togveiðikjörin er kveðið á um, að á bátum 50—90 tonn skuli vera 9 menn á báti, (annars staðar 50—110 tonn, 8 menn). Þessari hámarkstölu hefur verið reiknað með til bóta. Nú höfum við reynslu fyrir því, að svona marga menn þarf alls ekki á þessa báta. Í hinni gífurlegu manneklu, sem er, fæst jafnvel alls ekki þessi samningstala, auk þess vilja áhafnir ekki vera fleiri en nauðsyn krefur, vegna þess að þá lækka kjörin hjá þeim. Vegna þessa höfum við Vestmannaeyingar verið nær eingöngu með 5—6 menn á þessum bátum.

Nú hefur sjóðsstjórnin á liðnum árum lækkað bæturnar til bátanna frá áður nefndri hámarkstölu, eftir því hve margir menn hafa verið á bát. Þetta er því óskiljanlegra sem það er staðreynd, að fáir menn eru miklu dýrari í skiptaprósentu en fleiri menn fyrir útgerðina, og ættu bæturnar því að fara hækkandi en ekki lækkandi með færri mönnum. Það er ákveðin skoðun okkar, að þessi bátastærð eigi að miðast við 6 manna áhöfn, og bætur við það miðaðar, sem þá myndi verða sú algengasta eins og er.

Þá er nauðsynleg breyting á niðurlagi 12. greinar, en þar segir: „Skip, sem stundað hafa veiðar ⅓ bótatímabils eða skemur, koma ekki til greina við bótaútreikning.“ Í beinu tilfelli er ekkert við þetta atriði að athuga, en þó geta orðið til

útgerðartilfelli, sem óréttlátt er að láta heyra undir þennan lið laganna, t. d. byrjar togbátur 15. maí á fiskitrolli, er á því til miðs júní. (Hann gæti alveg eins verið með humartroll á sama tíma).

Þá skiptir hann yfir á hitt trollið, og er með það í mánuð og tuttugu daga. Nú hefur aflinn brugðizt þennan tíma, og þess vegna tekur þessi bátur aftur fiskitrollið og er með það út veiðitímann, jafnvel árið. Þetta hefur oft átt sér stað hér. Í heild er veiðitímabilið bótaskylt, en nú á samkv. lögunum að draga frá 1 mánuð til bóta.

Þessi veiðarfæri eru svo til alveg eins í öllum rekstri, báturinn var við veiðar allt bótatímabilið. Er ekki ranglátt að hegna útgerðinni í bótum fyrir það að hún gerði tilraun til að bæta rekstur bátsins með yfirskiptingunni? Eru þarna ekki of þröng sjónarmið, sem nauðsynlegt er að verði löguð?

Við höfum nú bent á það helzta, sem okkur finnst ábótavant við sjóðinn og lög hans, og teljum, að ef nefndin tekur ekki ábendingar okkar til greina, skaði hún sjóðinn stórlega með því. Þá koma vonandi önnur útvegsmannafélög, með það sem okkur hefur sézt yfir í endurskipulagningu aflatryggingasjóðs.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Útvegsbændafélags Vestmannaeyja,

Jóhann Pálsson,
(sign.).

LANDSSAMBAND ÍSL. ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 20. desember 1966.

Vísa til bréfa yðar frá 5. febrúar 1966 og 17. nóvember 1966, þar sem þér farið fram á, að vér greinum yður frá athugasemdum vorum og sjónarmiðum, varðandi breytingar á gildandi lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Vér viljum sérstaklega leggja áherzlu á, að vér teljum mjög nauðsynlegt, að útreikningum sjóðsins sé hraðað sem unnt er. Vildum vér leggja til, að athugað yrði gaumgæfilega, hvort nauðsynlegt sé, að beðið sé eftir aflaskýrslum frá einstökum útvegsmönnum, í stað þess að leggja til grundvallar þær skýrslur, er Fiskifélagi Íslands berast yfir landaðan afla í hverri verstöð, en þær skýrslur berast mun fyrr.

Á framangreindan hátt ættu að fást mun fyrr upplýsingar um það, hvort viðkomandi bátaflokkar séu bótaskyldir, en eins og að líkum lætur, er afar nauðsynlegt fyrir eigendur báta, sem aflað hafa það illa, að fá bæturnar sem fyrst greiddar, ef um þær er að ræða.

Bætur vegna s.l. tveggja vetrarvertíða hafa að stærstum hluta verið greiddar út í ágúst/september, og má sjá á því, hve afgreiðsla hefur gengið illa.

Eins og segir hér að framan, þá viljum vér leggja sérstaka áherzlu á, að afgreiðslu bóta verði hraðað sem mest.

Varðandi aðrar breytingar, þ. e. skiptingu bótasvæða o. þ. h., þá ætlum vér að stjórn sjóðsins og starfsmenn geti upplýst hverra breytinga sé þörf, þar eð kvörtunum varðandi það efni hefur væntanlega verið komið á framfæri við þessa aðila.

Vér viljum taka fram, að framangreint teljum vér eindreginn vilja Landssambandsins, svo og hinna einstöku útvegsmannafélaga, og þar sem samtökin tilnefndu fulltrúa af sinni hálfu til að endurskoða lögin um aflatryggingasjóð, þá væntum vér þess, að fulltrúi vor komi fram með þær breytingar aðrar, sem hann telur til bóta í sambandi við endurskoðun laganna.

Að lokum viljum vér geta eftirfarandi ályktunar, sem samþykkt var á nýafstöðnum aðalfundi vorum:

„Aðalfundur L.Í.Ú. 1966 samþykkir að kjósa 5 manna aðalnefnd og 2 til vara, er geri tillögur til breytinga á lögum eða reglugerð um aflatryggingasjóð

bátaútvegsins. Þessi nefnd athugi sérstaklega um: Skjótari og einfaldari afgreiðslu bóta, skiptingu bótasvæða, útreikning á bótaskyldu og truflanir á úthaldstíma. Fundurinn treystir því að nefndin ljúki störfum fyrir 1. marz n.k. **Kostnað vegna þessara nefndarstarfa telur fundurinn eðlilegt að samtökin greiði.“**

Á aðalfundinum voru valdir 5 menn í nefnd þá, sem getið er um í ályktuninni. Nefnd þessi er eigi búin að skila áliti, og getur það dregizt eitthvað. Teljum vér eigi ástæðu til þess að þér frestið endurskoðun laganna vegna þess, þar eð unnt verður að koma þeim úrbótum, sem nefndin kann að koma með, á framfæri á seinni stigum málsins.

Í trausti þess, að þér ljúkið störfum sem allra fyrst, og komið með raunhæfar breytingar, sem hafa í för með sér hraðari afgreiðslu á málum þeim, sem aflatryggingasjóð er ætlað að fjalla um.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna,

Sig. H. Egilsson,
(sign.).

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 1. marz 1967.

Sjómannasambandið viðurkennir að hafa móttekið heiðrað bréf aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins dags. 17. nóvember 1966, þar sem beðið er um athugasemdir eða sjónarmið Sjómannasambandsins um breytingar á lögum um aflatryggingasjóð og/eða framkvæmd laganna.

Eftir að sambandið hafði móttekið bréf dags. 11. janúar 1966, frá nefnd þeirri, er skipuð var 16. júlí 1965, til þess að annast endurskoðun á lögunum um aflatryggingasjóð, sendi það öllum sambandsfélögum sínum lögin eins og þau voru og eru, og óskaði tillagna þeirra um hugsanlegar breytingar á lögunum, ef uppi væru óskir um það.

Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli um að sambandsfélögin létu eitthvað til sín heyra, varðandi þessi mál, hefur ekkert komið frá þeim.

Þar sem svo er, og einnig það, að í nefnd þeirri er á sínum tíma var falin endurskoðun á lögunum eru ágætir fulltrúar flestra þeirra aðila er lögin varða, vill stjórn Sjómannasambandsins fyrir sitt leyti, fela þeirri nefnd að taka nú þegar til starfa við verkefni það, sem henni var falið, í trausti þess, að það verði þann veg unnið, að allir viðkomandi megi vel við una.

Virðingarfyllst,

f. h. Sjómannasambands Íslands,

Jón Sigurðson,
(sign.).

Reykjavík, 12. desember 1969.

Nd. 393. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 82 frá 29. des. 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 9. marz 1970.

Guðl. Gíslason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Hannibal Valdimarsson.	Friðjón Þórðarson.	Jónas Árnason.

Jón Kjartansson.

Ed. 394. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá Jóni Árnasyni.

Við 1. gr.
42. tölul. orðist svo:
Garðar á Akranesi: Akranessókn.
Prestssetur: Akranes.

Ed. 395. Lög [24. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes, Akureyri.

(Afgreidd frá Ed. 9. marz.)

Samhljóða þskj. 24.

Ed. 396. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 frá 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og fengið um það umsagnir frá ýmsum aðilum. Þar sem vitað er, að stjórnskipuð nefnd starfar að því að yfirfara og gera tillögur um breytingar á þeim lögum, sem hér er fjallað um, varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 6. marz 1970.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Karl Guðjónsson.	Jónas G. Rafnar.	Ásgeir Bjarnason.

Jón Árnason.

Nd. **397. Frumvarp til laga** [178. mál]

um námskostnaðarsjóð.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist námskostnaðarsjóður.

2. gr.

Hlutverk námskostnaðarsjóðs er að veita námsstyrki nemendum í skólum landsins, sem verða að dveljast fjarri heimilum sínum, meðan á námi stendur, enda njóti þeir ekki fjárhagsaðstoðar úr öðrum sjóðum eða fríðinda umfram aðra námsmenn.

3. gr.

Tekjur námskostnaðarsjóðs skulu vera:

1. Leggja skal gjald á allar vörur frá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, svo og á hvers konar öl og gosdrykki. Skal gjaldið nema fimm af hundraði af söluverði nefndra vara. Ráðherra setur nánari reglur um álagningu gjaldsins og innheimtu þess.
2. Framlag ríkissjóðs, er nema skal kr. 150.00 á hvern íbúa landsins, samkvæmt síðasta manntali.

4. gr.

Námskostnaðarsjóður skal vera undir yfirstjórn menntamálaráðherra. Stjórn sjóðsins skal skipuð sjö mönnum kosnum hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn úr þeirra hópi formann stjórnarinnar. Kostnaður af stjórn sjóðsins greiðist úr námskostnaðarsjóði.

5. gr.

Stjórn námskostnaðarsjóðs annast fjárreiður sjóðsins, úthlutar námsstyrkjum og aflar hvers konar gagna, sem með þarf vegna starfsemi hans. Skólastjórnum, sveitarstjórnum, aðstandendum skólanemenda og hverjum öðrum, er hlut eiga að máli, er skylt að láta stjórn sjóðsins í té hvers konar upplýsingar, er hún óskar og að því miða, að hún geti metið sem réttast námskostnað skólanemenda.

Stjórn námskostnaðarsjóðs sendir menntamálaráðuneytinu árlega skýrslu um fjárhag sjóðsins og úthlutun námsstyrkja.

6. gr.

Við úthlutun námsstyrkja skal fyrst og fremst meta, hversu miklu meiri námskostnaður þeirra nemenda er, sem dveljast fjarri heimilum sínum, en hinna, sem stunda námið heiman frá sér daglega.

7. gr.

Ákvæði 1. tölul. 3. gr. þessara laga koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 1970. Ákvæði 2. tölul. 3. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. jan. 1971.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Réttur æskufólks til menntunar er ótvíræður og á að vera jafn fyrir alla. Fjárhagsleg aðstaða nemenda til náms er þó svo misjöfn, að ýmsir þeirra eiga örðugt með að hagnýta sér þennan rétt.

Skólar verða ekki byggðir við hvers manns dyr, og verður því ekki hjá því komizt, að margir skólanemendur verða að hverfa að heiman til náms. Aðrir geta stundað nám í skóla daglega heiman frá sér. Þessi aðstöðumunur veldur því, að námskostnaður þeirra, er að heiman fara, verður miklum mun meiri en hinna. Mörg eru dæmi þess, að foreldrar hafa staðið frammi fyrir þeirri staðreynd, að um tvennt var að velja: flytjast brott úr byggðarlagi sínu þangað, sem skólar eru fyrir hendi, eða verða að neita börnum sínum um skólagöngu. Er þó hvorugur kosturinn viðunandi.

Þjóðfélaginu ber skylda til að nema brott það misrétti, sem af þessum aðstöðumun stafar, og koma á sem jafnastri aðstöðu æskufólks til menntunar, hvar sem það er búsett á landinu. Verði það ekki gert, stefnir óðfluga í þá átt, að skólar verði aðallega fyrir þá, sem við skólaveggina búa.

Því miður liggja ekki fyrir upplýsingar um það, hversu mikill fjöldi skólanemenda verður að hverfa frá heimilum sínum til náms, eins og sakir standa. Þá eru ekki heldur handbærar upplýsingar um það, hversu miklum mun dýrara skólanám er þeim, er verða að dveljast fjarri heimilum sínum, en hinum, sem stunda námið í heimabyggð sinni.

Líklegt má telja, að fjöldi skólanemenda, er nám stunda nú fjarri heimilum sínum, sé um eða yfir 6 þúsund. Það er því augljóst mál, að eigi að veita þessum nemendum umtalsverða námsstyrki, verður að afla til þess allmikils fjár.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir að afla námskostnaðarsjóði fjár á tvennan hátt: annars vegar með því að leggja gjald á nokkrar vörutegundir, er ekki geta talizt til nauðsynja, hins vegar með framlagi úr ríkissjóði, enda er vísir að slíku framlagi á fjárlögum þessa árs. Áætla má, að þessar tekjur sjóðsins geti numið um 95—105 millj. kr. á heilu ári. Þrátt fyrir þetta er ólíklegt, að námsstyrkur á ári til hvers nemanda að meðaltali geti orðið meiri en 16—17 þús. kr., en þess ber þá að gæta, að námsstyrkir til nemenda í heimavistarskólum á skyldunámsstigi hljóta að verða miklum mun lægri en til nemenda í framhaldsskólum.

Fjarri fer því, að með þessu sé jafnaður að fullu fjárhagslegur aðstöðumunur skólanemenda, en mikilsverðum áfanga á þeirri leið væri þó náð.

Þetta vandamál æskufólks hefur mjög borið á góma að undanförnu, þ. á m. á Alþingi, í blöðum og á mannfundum. Er svo að heyra, að almennur vilji sé á því að leysa þennan vanda. Verður því að vænta þess, að þetta frv. fái góðar undirtektir alþingismanna og verði efnislega í lög tekið á yfirstandandi Alþingi.

Sþ. 398. Nefndarálit [40. mál]

um till. til þál. um lækkun tolla á efnum og vélum til iðnaðarins.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft till. til athugunar, en klofnaði um afgreiðslu. Undirritaður meiri hluti leggur til, að till. verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem tollskráin hefur verið til meðferðar í Alþingi, ekki sízt með tollamál iðnaðarins fyrir augum, og þegar hlotið afgreiðslu með margvíslegum tollalækkunum, gefur tillaga þessi ekki tilefni til ályktunar, og tekur þingið því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. marz 1970.

Bragi Sigurjónsson, form.
Jónas Pétursson, fundaskr., frsm.
Friðjón Þórðarson.
Matthías Bjarnason.

Ed. 399. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. XV. Aftan við orðin „Í Reykjavíkurprófastsdæmi“ bætist: sem nær yfir Reykjavíkur- og Kópavogsprestaköll.
2. Við 21. gr. 6. tölul. orðist svo:
   Að styrkja framhaldsnám guðfræðinga og annarra starfsmanna kirkjunnar til undirbúnings undir kirkjuleg störf.
3. Við 23. gr. Eftir 1. málslið komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Kirkjuráð semur árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn, og skal hún samþykkt af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Ed. 400. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá Ólafi Björnssyni.

1. 24. gr. falli niður.
2. Aftan við 26. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Þá er lög þessi hafa öðlazt gildi, skal gefa lög nr. 98 19. júní 1933 út af nýju með fyrirsögninni: Lög um læknishéraðasjóði.

Ed. 401. Breytingartillögur [78. mál]

við frv. til laga um skipan opinberra framkvæmda.

Frá Jóni Þorsteinssyni.

1. Við 17. gr. Greinin hljóði svo:
   Við hvert verk skal framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins ráða einn eða fleiri sérfróða eftirlitsmenn eftir þörfum, er hafi eftirlit með framkvæmd verksamnings. Eftirlitsmenn skulu samþykktir af eignaraðila eða eignaraðilum sameiginlega, ef um fleiri er að ræða. Í sérstöku erindisbréfi skal kveða á um störf og valdsvið eftirlitsmanna. Skýrslur eftirlitsmanna ber að senda öllum aðilum að framkvæmdum og ríkisendurskoðun. Framkvæmdadeildin ber ábyrgð á störfum eftirlitsmanna gagnvart eignaraðilum.
   Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins er heimilt upp á sitt eindæmi að gera minni háttar frávik frá áætlun skv. 9. gr. og verklýsingum og verksamningum gerðum samkvæmt henni, en meiri háttar frávik, þótt nauðsynleg séu, má eigi gera nema með samþykki eignaraðila.
2. Við 22. gr., 2. mgr. Í stað orðsins „undirbúningsstigi“ komi: undirbúnings- og framkvæmdastigi.

Nd. **402. Nefndarálit** **[45. mál]**

um till. til þál. um rannsóknarnefnd vegna Búrfellsvirkjunar.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu tillögunnar. Meiri hluti n., fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna vilja fella tillöguna og telja, að rannsókn samkvæmt henni sé óþörf. Við, sem skipum minni hl. n., viljum samþykkja tillöguna og teljum rétt, að fram fari ýtarleg rannsókn á því, hver sé orðinn raunverulegur stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar og hver verða muni heildarkostnaðurinn, svo að þannig fáist skýlausar upplýsingar um framleiðslukostnaðarverð á raforku frá virkjuninni.

Tildrög þess, að tillagan um rannsóknarnefnd vegna Búrfellsvirkjunar var flutt, voru miklar deilur, sem urðu á Alþingi um stofnkostnað virkjunarinnar og framleiðslukostnaðarverð á orku frá virkjuninni. Deilur þessar komu upp vegna ummæla 6. þm. Reykvíkinga, Magnúsar Kjartanssonar, í ræðu, sem hann flutti við 1. umr. fjárlaga í októbermánuði s.l.

Rétt er að rifja hér upp í aðalatriðum þau ummæli Magnúsar, sem mestum deilum ollu. Magnús hélt því fram í ræðu sinni:

að byggingarkostnaður Búrfellsvirkjunar hefði farið mikið fram úr áætlun, eða sem næmi 25%;

að heildarkostnaður virkjunarinnar ásamt með gasaflsstöð og öðrum ráðstöfunum, sem virkjuninni eru tengdar, væri orðinn 3770 milljónir króna;

að framleiðslukostnaður á raforku frá virkjuninni væri nú um 45 aurar á kwst., en að söluverð orkunnar til Álfélagsins væri 22 aurar á kwst., hins vegar mundi kostnaðarverð orkunnar lækka, þegar virkjunin yrði fullnýtt, og þá verða um 26 aurar á kwst.

Þetta voru þær staðhæfingar í ræðu Magnúsar Kjartanssonar, sem mestu fjaðrafoki ollu í liði ríkisstjórnarinnar. Ingólfur Jónsson raforkumálaráðherra fullyrti, að staðhæfingar Magnúsar væru rangar. Hann sagði, að byggingarkostnaður hefði ekki farið fram úr áætlun og að góður hagnaður væri á orkusölunni til Álfélagsins.

Í umræðunum á Alþingi tóku m. a. þátt, auk Magnúsar Kjartanssonar, þeir Helgi Bergs og Þórarinn Þórarinsson og töldu, að upplýsingar ráðherra í málinu væru ýmist ófullnægjandi eða fengju ekki staðizt og að allt benti til, að framleiðslukostnaður raforku frá Búrfellsvirkjun væri hærri en reiknað hefði verið með og hærri en söluverðið til Álfélagsins.

Í umræðunum á Alþingi komu fram ýmsar mikilsverðar upplýsingar um málið, en þó var ljóst, að erfitt var fyrir þá, sem ekki höfðu kynnt sér málið nákvæmlega, að átta sig á gagnstæðum fullyrðingum, sem uppi voru um ýmsa þýðingarmikla þætti málsins.

Bygging raforkuversins við Búrfell og sala raforkunnar frá því er vissulega stórmál. Það ættu ekki að þurfa að vera deilur um byggingarkostnað virkjunarinnar, og um framleiðslukostnað orkunnar frá orkuverinu ætti ekki heldur að þurfa að deila.

Til þess að kveða niður deilur um málið var auðvitað eðlilegt, að Alþingi skipaði rannsóknarnefnd, sem kynnti sér ýtarlega alla málavexti og skilaði síðan skýrslu um staðreyndir málsins. Þó að einkennilegt megi virðast, máttu fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna á Alþingi ekki heyra, að slík rannsókn færi fram. Ráðherrarnir brugðust illa við og vildu enga rannsókn á málinu, og stuðningsmenn ráðherranna í fjárhagsnefnd héldu sig við sömu afstöðu og neituðu, að fram yrði látin fara ýtarleg rannsókn á málinu í heild.

Afstaða stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar í fjárhagsnefnd var sú, að þar sem upplýsingar um málið lægju fyrir frá stjórn Landsvirkjunar, væri ekki þörf á frekari rannsókn en þeirri, sem fjárhagsnefnd gæti sjálf haft með höndum. Augljóst er, að fjárhagsnefnd deildarinnar hefur enga aðstöðu til þess að rannsaka málið í heild.

Hún gat aðeins rætt við forstjóra Landsvirkjunar og formann á stuttum fundum og kynnt sér tilteknar upplýsingar þeirra. Það er út af fyrir sig athyglisvert, að þeir, sem farið hafa með framkvæmd á mikilsverðu máli og bera ábyrgð á áætlunum og framkvæmdum, skuli neita því að láta fram fara hlutlausa, opinbera athugun á því, sem gerzt hefur, og að skýrsla sé gefin um allan sannleika málsins.

Eins og rakið er hér að framan, urðu deilurnar um framkvæmdakostnaðinn við Búrfell og um raforkusöluna til Álfélagsins fyrst og fremst vegna ummæla, sem fram komu í ræðu Magnúsar Kjartanssonar við 1. umr. fjárlaga.

Rétt er nú að athuga, hvaða upplýsingar hafa komið fram í málinu, sérstaklega varðandi þær staðhæfingar, sem deilurnar einkum snerust um.

Í fyrsta lagi var um það deilt, hvort byggingarkostnaður Búrfellsvirkjunar hefði farið fram úr áætlun eða ekki.

Samkvæmt upplýsingum, sem nú liggja fyrir frá Landsvirkjun, eru áætlanir um stofnkostnað þessar:

	Upprunal. áætlun Millj. $	Núv. áætlun Millj. $
Verkþættir áætlaðir af Harza:		
Fyrsti virkjunaráfangi, 105 MW	31.50	32.57
Verkþættir áætlaðir af Landsvirkjun:		
Aðflutningsgjöld og skattar	—	0.50
Gengistap á lánum fyrir innl. kostnaði	—	1.75
Vextir og lántökukostnaður	—	4.09
	31.50	38.91

Augljóst er af þessum upplýsingum, að kostnaður við fyrsta virkjunaráfanga er hærri en upphaflega var áætlað. En þessar tölur segja þó ekki allan sannleikann. Þess ber að gæta, að tvennar gengislækkanir hafa átt sér stað á byggingartímanum. Augljóst er, að þegar verkið er metið í dollurum, verður að taka tillit til þess, að **sá hluti** verksins, sem taldist **innlendur kostnaður,** hlaut að eiga að **lækka** í dollurum, um leið og genginu var breytt.

Þegar forráðamenn Landsvirkjunar voru um það spurðir í fjárhagsnefnd, hversu miklu það hefði numið, sem áætlaður kostnaður við framkvæmdirnar **hefði átt að lækka** í dollurum vegna gengisbreytinganna, þ. e. a. s. hvað áætlaður innlendur kostnaður verksins hefði átt að lækka mikið í dollurum talið vegna gengisbreytinganna, þá svöruðu þeir: **að miðað við þær forsendur hefði áætlunin átt að lækka um 7.4 millj. $.**

Byggingarkostnaðurinn **lækkaði hins vegar ekki** um þessa upphæð, en hélzt, að dómi Landsvirkjunar, að mestu óbreyttur í dollurum. Raunveruleg hækkun kostnaðar frá sambærilegum áætlunum var því 678 **milljónir króna miðað við núverandi gengi.**

Í svari Landsvirkjunar segir, að þessi upphæð „skýrist í aðalatriðum af eftirtöldum liðum, sem ekki voru taldir með í hinni upphaflegu áætlun:

	Millj. kr.
Gengistap á lánum fyrir innl. kostnaði	154
Aðflutningsgjöld og skattar	44
Aukagreiðslur fyrir erlent vinnuafl	102
Innlendar kauphækkanir umfram áætlun	50
Bónusgreiðslur til verktaka	186
	536

Þessu til viðbótar koma svo 678 ÷ 536 = 142 millj. kr., sem stafa af aukningu á mössum, ýmsum tæknilegum atriðum og mismuninum á of lágt og of hátt áætluðum liðum."

Þetta voru ummæli frá Landsvirkjun, en **í þeim er beinlínis viðurkennt, að bygg-**

ingarkostnaðurinn varð 678 milljón krónum hærri en áætlað hafði verið, og gerð er grein fyrir, í hverju umframkostnaðurinn liggi.

Það er því augljóslega rétt, að byggingarkostnaður Búrfellsvirkjunar hefur farið fram úr áætlun um 25% miðað við upphaflega áætlun. Hitt er svo annað mál, að vegna tveggja gengisbreytinga á byggingartímanum hefur heildarkostnaðurinn í dollurum ekki hækkað eins mikið og raunverulegum umframkostnaði við verkið nemur.

Í öðru lagi var deilt um það, hver byggingarkostnaður virkjunarinnar með varagasaflsstöð væri orðinn nú.

Í ræðu Magnúsar Kjartanssonar taldi hann, að heildarkostnaðurinn væri um 3770 millj. króna. Upphaflega var því haldið fram af fulltrúum ríkisstjórnarinnar, að þessi staðhæfing Magnúsar væri röng. Síðar kom þó fram í umræðum á Alþingi í ræðu raforkumálaráðherra, Ingólfs Jónssonar, að byggingarkostnaðurinn væri orðinn 3660 milljónir króna. Nú liggur fyrir í greinargerð frá Landsvirkjun, að allur kostnaðurinn með gasaflsstöð er talinn þannig:

	Millj. $
Fyrsti áfangi virkjunar	32.57
Skattar, gengistap, vextir og kostnaður	6.34
	38.91
Gasaflsstöð	3.18
Alls	42.09

eða 3708 millj. króna. Ljóst er því, að ekki skakkar orðið miklu á því, sem viðurkennt er af Landsvirkjun um stofnkostnað virkjunarinnar, eins og hann er orðinn, og því, sem upphaflega kom fram í ræðu Magnúsar.

Í þriðja lagi var deilt um framleiðslukostnað á raforku frá hinu nýja raforkuveri.

Magnús hafði talið, að hann væri um 45 aurar á kwst., en mundi síðar lækka í 26 aura, þegar öllum framkvæmdum væri lokið og virkjunin fullnýtt. Nú liggur fyrir í skýrslu Landsvirkjunar, að hún telur, að framleiðslukostnaður orkunnar sé þessi:

Ár		
1970	47.4 aur. kwst.	
1971	41.3 — —	
1972	31.9 — —	
1973	24.7 — —	
1974	22.7 — —	
1975	20.9 — —	
1976	20.2 — —	
1977	20.1 — —	fullnýting
1978	20.1 — —	
1979	20.1 — —	
1980	20.1 — —	

Samkvæmt þessu er ljóst, að Landsvirkjun viðurkennir, að orkuverðið nú sé **nokkru hærra** en Magnús hafði talið. Hún telur hins vegar, að þegar stöðin verður fullnýtt, verði orkuverðið lægra en Magnús taldi.

Athyglisvert er, að samkvæmt mati Landsvirkjunar verður framleiðslukostnaðarverð orkunnar **hærra en söluverð orkunnar til Álfélagsins næstu 5 árin, eða til ársins 1975.**

Í skýrslu Landsvirkjunar er gerð grein fyrir útreikningum á framleiðslukostnaðarverði orkunnar frá Búrfellsvirkjun. Það vekur athygli, að í þeim útreikningum er nú gengið út frá allt öðrum forsendum en áður hefur verið gert og m. a. var gert í þeim áætlunum, sem lagðar voru fyrir Alþingi með samningunum um álverksmiðjuna. Nú eru útreikningar um kostnaðarverð orkunnar byggðir á því, að afskriftatími

sé 40 ár, en áður var reiknað með 25 árum. Nú er reiknað með, að rekstrarkostnaður sé 8.5% af stofnverði, en í áætluninni, sem lögð var fyrir Alþingi, var reiknað með 9.2%. Í þeirri áætlun sagði, að rétt væri að reikna með, að kostnaður við stjórn, viðhald og gæzlu væri 1.5% af stofnkostnaði, en nú er reiknað með, að þessi kostnaður nemi 1%. Þá er nú reiknað með, að virkjunin fullnýtt framleiði 1720 millj. kwst. á ári, en í áætluninni, sem lögð var fyrir Alþingi, var reiknað með 1635 millj. kwst.

Á þennan hátt reikna forstöðumenn Landsvirkjunar nú kostnaðarverð orkunnar niður og telja, að það verði 20.1 eyrir á kwst., þegar virkjunin verður fullnýtt.

Væri hins vegar kostnaðarverð orkunnar reiknað út með sama hætti og gert var upphaflega, yrði verðið allmiklu hærra og talsvert hærra en söluverð orkunnar til Álfélagsins.

Breytingar þær, sem nú eru gerðar af Landsvirkjun á forsendum útreikninganna, eru augljóslega miðaðar við það að ná því marki að telja kostnaðarverð orkunnar nokkru lægra en söluverðið til álverksmiðjunnar er, en það er 22 aurar á kwst. Hinar nýju forsendur Landsvirkjunar eru vægast sagt mjög veikar. Það eru t. d. engar teljandi líkur til þess, að seljanleg orka frá orkuverinu verði yfir 1635 millj. kwst. á ári, eins og upphaflega var áætlað. Til þess að seld raforka frá virkjuninni verði 1720 millj. kwst. á ári, eins og Landsvirkjun nú reiknar með, þarf nýtingartími virkjunarinnar að reynast miklu betri en almennt hefur reynzt varðandi orkusölu til almennrar notkunar. Afskriftatíminn, sem nú er reiknað með, 40 ár, er óvenjulegur. Hingað til hafa allar áætlanir, sem lagðar hafa verið fyrir Alþingi um hliðstæð mál, gert ráð fyrir 25 ára afskriftatíma, enda er sá tími allmiklu lengri en lánstími á stofnlánum virkjunarinnar.

Enn er auðvitað ekki hægt að segja með neinni vissu, hver endanlegur stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar með tilheyrandi miðlunarframkvæmdum verður. Landsvirkjunin áætlar nú kostnað við síðari áfanga miklu lægri en áður var gert og miklu lægri en hún hafði sjálf fyrir ári gert ráð fyrir í greinargerð til Alþingis. Landsvirkjun áætlar nú að heildarkostnaður virkjunarinnar verði 43 millj. $ eða 3788 millj. kr. og auk þess sé kostnaður gasaflsstöðvarinnar 3.18 millj. $ eða 280 millj. króna.

Sé miðað við þessar áætlanir Landsvirkjunar, en gengið út frá sömu forsendum um rekstrarkostnað og framleiðslu á raforku og upphaflega var gert, þá yrði framleiðsluverð orkunnar sem hér segir:

Frá orkuverinu við Búrfell	21.3 aur. kwst.
Viðbótarverð vegna rekstrar gasaflsstöðvar samkv. útreikningi Harza	1.7 — —
eða samtals	23.0 aur. kwst.

Söluverð orkunnar til Álfélagsins er hins vegar 22 aurar á kwst.

Telja verður, þegar fyrri áætlanir um kostnað virkjunarinnar eru hafðar í huga, mjög ósennilegt, að þessi nýja áætlun Landsvirkjunar fái staðizt. Allt bendir til, að heildarkostnaðurinn verði allmiklu meiri og að framleiðsluverð orkunnar verði í reynd varla undir 25—26 aurum á kwst.

Þá er þess einnig að geta í þessu sambandi, að fyrir liggja háar kröfur frá verktökum um viðbótargreiðslur fyrir umsamin verk, og nema þær mörg hundruð milljónum króna. Enn er óvíst, hvernig samið verður um þessar kröfur, en þær gætu leitt til nokkurrar hækkunar á framkvæmdakostnaði.

Það er skoðun okkar, sem að áliti minni hl. fjárhagsnefndar stöndum, að rétt sé að samþykkja þá tillögu, sem hér liggur fyrir um hlutlausa, opinbera rannsókn á stofnkostnaði Búrfellsvirkjunar og á raunverulegum framleiðslukostnaði raforku frá orkuverinu. Við leggjum því til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 8. marz 1970.

Lúðvík Jósefsson, frsm. Þórarinn Þórarinsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ed. 403. Frumvarp til laga [78. mál]

um skipan opinberra framkvæmda.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. marz.)

Samhljóða þskj. 87 með þessum breytingum:

14. gr. hljóðar svo:

Innkaupastofnun ríkisins annast útboð verka svo og reikningshald og greiðslur vegna verka. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, sbr. 23. gr., undirbýr samningsgerð við verktaka.

Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags, er sveitarfélagi heimilt að annast útboð, undirbúa samningsgerð við verktaka og annast reikningshald og greiðslur vegna verksins, ef hlutaðeigandi sveitarfélag hefur til þess fullnægjandi aðstöðu að mati samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, sbr. 22. gr.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir getur áskilið, að sveitarfélag, er sér um útboð vegna framkvæmdar, skuli fá samþykki Innkaupastofnunar ríkisins á útboðslýsingu áður en útboð fer fram.

Þegar framlög til sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélags eru miðuð við ákveðið einingarverð, sbr. II. kafla laga nr. 49/1967 um skólakostnað, annast sveitarfélag útboð og verklega framkvæmd, nema öðruvísi um semjist.

23. gr. hljóðar svo:

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal koma á fót framkvæmdadeild við Innkaupastofnun ríkisins. Framkvæmdadeildin fer með yfirstjórn verklegrar framkvæmdar, sbr. IV. kafla, nema til komi ákvæði 2. og 3. mgr. 21. gr., og hefur auk þess frumkvæði um stöðlun mannvirkja, eftir því sem við getur átt. Framkvæmdadeildin tekur við starfsemi byggingadeildar menntamálaráðuneytisins og byggingaeftirlits við embætti húsameistara ríkisins.

Heimilt er að fela framkvæmdadeild umsjón með viðhaldi mannvirkja, enda þótt áætlaður kostnaður sé undir þeim talnalegu mörkum, sem getið er í 1. gr.

Nd. 404. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 66/1917, um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta og sent það til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Mælir stjórn þess með samþykkt þess, en telur ef til vill nauðsynlegt að setja nánari ákvæði um upphæð skattsins í frumvarpið, en það gerir hins vegar ráð fyrir að slíkt verði gert í reglugerð.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt. Þrír nefndarmanna, Jón Kjartansson, Hannibal Valdimarsson og Jónas Árnason, hafa fyrirvara á samþykkt sinni.

Alþingi, 10. marz 1970.

Guðl. Gíslason, form. Bragi Sigurjónsson, fundaskr., frsm. Matthías Bjarnason.

Hannibal Valdimarsson. Jón Kjartansson. Jónas Árnason.

Nd. 405. Nefndarálit [79. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 70 28. maí 1969, um breyt. á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og sent það til umsagnar eftirtalinna aðila: Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Hafa nefndinni borizt svör frá öllum þessum aðilum, og kemur fram í umsögn þriggja þeirra, að þeir telja stefnu þá, sem fram kemur í frv., miða í rétta átt, en nokkurs ótta gætir um, að erfiðleikar geti orðið við framkvæmd ákvæða þess. Einn aðilinn, sem leitað var umsagnar hjá, stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, tjáir sig ekki efnislega um frv., en bendir á, að starfandi sé nefnd, sem vinni að endurskoðun laganna um atvinnuleysistryggingar, og er einnig á þetta bent í umsögn Alþýðusambands Íslands.

Að athuguðu máli leggur nefndin til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að hin stjórnskipaða nefnd, sem vinnur að endurskoðun laganna um atvinnuleysistryggingar, fái einnig þetta atriði til athugunar, með sérstöku tilliti til þess, hvernig því mætti verða bezt fyrir komið í framkvæmd, ef á það verður fallizt.

Alþingi, 10. marz 1970.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Hannibal Valdimarsson.
Friðjón Þórðarson. Matthías Bjarnason. Jón Kjartansson.
Jónas Árnason.

Sþ. 406. Nefndarálit [42. mál]

um till. til þál. um rekstrarlán iðnfyrirtækja.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn vill vísa tillögunni frá með vísun til væntanlegra aðgerða ríkisstjórnarinnar. Minni hlutinn telur hins vegar nauðsynlegt, að Alþingi láti málið til sín taka strax, og ber tvennt til: Rekstraraðstaða fjölmargra iðnfyrirtækja er þannig, að hana þarf að lagfæra tafarlaust, og afskipti stjórnarvalda af rekstrarfjármálum iðnaðarins, m. a. á margra ára góðæristímabili, voru með þeim hætti, að öruggara verður að telja, að Alþingi taki af skarið á þann hátt, sem tillagan greinir.

Hitt er svo annað mál, að hér er aðeins um bráðabirgðalausn að ræða, eins og fram kemur í greinargerð flutningsmanna tillögunnar. Verður að gera gangskör að því að koma rekstrarlánamálum iðnaðarins á traustan grundvöll.

Alþingi, 9. marz 1970.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Gísli Guðmundsson. Jónas Árnason.

Ed. 407. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til laga um byggingarsamvinnufélög.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og meðal annars kvatt á sinn fund fulltrúa helztu byggingarsamvinnufélaga í Reykjavík og rætt við þá um efni frumvarpsins. Nefndin komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu um afstöðu til frumvarpsins.

Við undirrituð, er skipum meiri hluta nefndarinnar, lítum svo á, að þörf sé á því að gera allverulegar breytingar á gildandi lagareglum um byggingarsamvinnufélög, sbr. 12.—26. gr. laga nr. 36 frá 16. febr. 1952. Ýmis ákvæði frumvarpsins eru vissulega til bóta, en þar er einnig að finna ný ákvæði, sem við getum ekki fallizt á. Þrennt ber einkum að nefna í því sambandi:

1. Ákvæði um að skylda Seðlabankann til að kaupa árlega á nafnverði, ef þörf krefur, ríkistryggð skuldabréf fyrir eigi lægri fjárhæð en 75 milljónir króna. Þessu ákvæði hefur Seðlabankinn mótmælt, enda augljóst, að slík kvöð mundi takmarka getu hans til að sinna enn brýnni þörfum á öðrum vettvangi.
2. Ákvæði, sem skyldar sveitarfélögin til að láta byggingarsamvinnufélög sitja fyrir um úthlutun lóða. Okkar skoðun er, að byggingarsamvinnufélög eigi ekki að sæta neinu misrétti við úthlutun lóða, en við teljum ekki koma til greina að lögfesta forgangsrétt til byggingarlóða þeim til handa umfram aðra byggingaraðila.
3. Ákvæði, er veitir byggingarsamvinnufélögunum undanþágu frá greiðslu opinberra gjalda. Slík sérréttindi teljum við ekki fært að láta í té og eðlilegast, að byggingarsamvinnufélögin greiði skatta og skyldur með hliðstæðum hætti og önnur samvinnufélög.

Vissulega hefur það skapað byggingarsamvinnufélögunum vanda, hversu örðuglega gengur að selja ríkistryggð skuldabréf nema með miklum afföllum. En nokkra bót mætti ráða á þessu með því að heimila útgáfu ríkistryggðra skuldabréfa með vísitöluákvæðum, en það leggjum við til.

Afstaða okkar til frumvarpsins kemur skýrast fram í breytingartillögum þeim við frumvarpið, er við flytjum á sérstöku þingskjali. Stuðningur okkar við frumvarpið mótast af því, hvernig þessum breytingartillögum reiðir af.

Alþingi, 10. marz 1970.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Auður Auðuns, fundaskr. Axel Jónsson.

Steinþór Gestsson.

Ed. 408. Breytingartillögur [53. mál]

við frv. til laga um byggingarsamvinnufélög.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (JÞ, AuA, AJ, StG).

1. Við 4. gr. A. Í stað orðanna „minnst ⅕“ komi: nægjanlegum.
2. Við 4. gr. C. Liðurinn orðist þannig:
   Með lántöku félagsins til útlánastarfsemi sinnar. Skylt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán, og mega þau nema allt að kr. 3000.00 á rúmmetra í þeim íbúðarhúsum, er félagið reisir. Heimilt er að breyta þessari hámarksfjárhæð til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Enn fremur er heimilt að vísitölubinda þessi lán. Hvert slíkt lán telst til útlána sem einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán í þeim flokki. Óheimilt er að veita ríkisábyrgð vegna íbúða félagsmanna í byggingarsamvinnufélagi, sem ekki eru reistar á vegum félagsins.

3. Við 4. gr. D. Liðurinn falli niður.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Byggingarsamvinnufélag reisir íbúðir félagsmönnum sínum til handa til eigin afnota og veitir þeim lán til að eignast þær. Lán þessi skulu tryggð með 2. veðrétti í húsum og lóðarréttindum, þó þannig, að 1. og 2. veðréttur samanlagðir nemi eigi hærri upphæð en hámarkslán samkvæmt 4. gr. C. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

Íbúðaverð til félagsmanna skal miða við kostnaðarverð.

5. Við 7. gr. B. Niðurlagsorðin „ef hlutaðeigandi lánaflokkur óskar þess“ falli niður.
6. Við 8. gr. Greinin falli niður.
7. Við 15. gr. Greinin falli niður.

Nd. 409. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Krossaland í Bæjarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. hefur legið fyrir nefndinni, verið sent til umsagnar landnámsstjóra og jarðeignadeildar ríkisins, og mæla þeir aðilar báðir með því, að sala eyðijarðarinnar Krossalands verði heimiluð á þann veg, er frv. gerir ráð fyrir.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. Pálmi Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. marz 1970.

Bjartmar Guðmundsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr., frsm.	Stefán Valgeirsson.
Eðvarð Sigurðsson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Benedikt Gröndal.

Nd. 410. Frumvarp til laga [179. mál]

um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Stofna skal og halda skóla, er nefnist félagsmálaskóli verkalýðssamtakanna. Skal hann starfa sex mánuði að vetrinum, frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert. Heimilt er þó að skipta þeim námstíma í tvö þriggja mánaða námskeið og sé námsskrá þá breytt í samræmi við þá tilhögun.

Einnig getur skólinn haft styttri fræðslunámskeið, og fer kennsla þá aðallega fram í fyrirlestrum og með námshópastarfi.

2. gr.

Þessar námsgreinar skulu kenndar í skólanum: íslenzk tunga og bókmenntir, Íslandssaga — einkum saga atvinnuveganna — og þjóðfélagsfræði. Þá skal veita

ýtarlega fræðslu um sögu, stjórn og störf verkalýðsfélaga, samvinnufélaga og samtök atvinnurekenda, svo og meginatriði íslenzkrar félagsmálalöggjafar.

Kenna skal fundarreglur og fundarstjórn og leiðbeina nemendum um að setja fram hugsanir sínar skipulega í ræðuformi. Enn fremur bókfærslu og undirstöðuatriði í vinnurannsóknum. Heimilt er að ákveða í reglugerð, að kennt skuli eitt Norðurlandamála svo og vélritun.

Kennsla fer fram í fyrirlestrum, að því leyti sem betur þykir henta. Fyrirlestrar skulu haldnir m. a. um framleiðnimál, atvinnulýðræði, hagræðingarmál, vöruvöndun, endurhæfingu starfsmanna og kjararannsóknir. Öllu starfsliði skólans ber að vinna að félagsþroska og alhliða menningu nemenda.

3. gr.

Skilyrði fyrir skólavist eru þau, að nemendur séu fullra 16 ára, hafi óflekkað mannorð, séu ekki haldnir smitandi sjúkdómi og séu félagsmenn í verkalýðsfélagi.

4. gr.

Stjórn skólans er í höndum fimm manna skólanefndar. Skulu fjórir nefndarmanna tilnefndir af miðstjórn Alþýðusambands Íslands, en félagsmálaráðherra tilnefnir hinn fimmta, og er hann formaður nefndarinnar. Skólanefnd ræður skólastjóra og kennara.

Félagsmálaráðuneytið gefur út reglugerð fyrir skólann að fengnum tillögum skólanefndar. Það sér skólanum enn fremur fyrir húsnæði.

Ef byggja þarf nýtt skólahús, greiðist kostnaður við það úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við rekstur skólans.

5. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda fyrir skólaárið 1970—71.

Greinargerð.

Árið 1954 bar Hannibal Valdimarsson fyrst fram á Alþingi frumvarp um skóla verkalýðssamtakanna, og enn flutti hann frumvarp um sama efni á þingi 1955, en hvorugt hlaut endanlega afgreiðslu. — Þá fluttu þeir Björn Jónsson, Finnbogi R. Valdimarsson og Alfreð Gíslason frumvarpið um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna á þinginu 1957—1958 og Hannibal Valdimarsson og Eðvarð Sigurðsson á þinginu 1960. Var málið sem áður svæft í nefnd, og er frumvarp það, sem hér liggur fyrir, í meginatriðum samhljóða því. Enn var frumvarpið flutt á síðasta þingi, en náði ekki fram að ganga.

Frumvarp þetta er að meginefni hið sama og frv. Hannibals Valdimarssonar, en þó breytt í nokkrum atriðum. Þannig er nú í frv. heimild til að skipta námstímanum í tvö 3 mánaða námskeið, ef betur reynist henta sú skipan en að halda skólann í 6 mánaða samfelldu starfi. Er þessi breyting að nokkru gerð til að koma til móts við skoðanir, sem fram hafa komið á Alþingi um fræðslu fyrir alþýðusamtökin. Ný ákvæði eru nú í 2. gr. varðandi námsefni, m. a. um framleiðnimál, atvinnulýðræði, vöruvöndun, kjararannsóknir og endurhæfingu starfsmanna, sem af ýmsum ástæðum þurfa að skipta um lífsstarf. Þá eru gerðar minni háttar breytingar aðrar, svo sem um stjórn skólans og greiðslu kostnaðar við rekstur hans.

Tilgangur þessa frv. er að öllu hinn sami og áður hefur verið með frv. Hannibals Valdimarssonar, sá að skapa starfandi og verðandi forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, áhugamönnum um störf hennar og hverjum félaga hennar, sem njóta vill, möguleika til haldgóðrar fræðslu í þeim greinum, sem tengdastar eru starfi alþýðusamtakanna.

Það er tvímælalaust skylda þjóðfélagsins við verkalýðsstéttina að veita henni tækifæri til þeirrar fræðslu, sem henni er nauðsynleg til þess að geta rækt félagslegt

hlutverk sitt, eflt samtök sín og þroskað. Þessi skylda hefur þegar hlotið nokkra viðurkenningu í verki víða um lönd, þ. á m. um Norðurlönd, en þar hafa um langt skeið starfað skólar, hliðstæðir þeim, sem hér er gert ráð fyrir, og þó stærri í sniðum. Þykja skólar þessir hinar gagnlegustu menningarstofnanir fyrir félagssamtök verkalýðssamtakanna og sjálfsagður þáttur í skólamálum þjóðanna.

Samningsgerðir verkalýðsfélaga og atvinnurekenda um laun, kjör og vinnuskilyrði eru nú orðnar mjög vandasamt verkefni, sem krefst mikillar þekkingar jafnt á högum þeirra, sem þær snerta beint hverju sinni, sem á félagsmálalöggjöf þjóðarinnar, svo sem vinnulöggjöf, löggjöf um öryggi á vinnustöðum á sjó og landi, tryggginga- og skattalöggjöf, og á rekstri atvinnuveganna og þjóðarbúsins í heild. Þetta verkefni er nú í höndum mörg hundruð stjórnarmanna í verkalýðsfélögunum um land allt og eftirlit með framkvæmdum í höndum enn fleiri trúnaðarmanna og starfsmanna félaganna á nálega hverjum vinnustað í landinu.

Aðeins þessi þáttur í starfi verkalýðssamtakanna krefst því víðtækrar fræðslu. Til þessa hafa forustu- og áhugamenn aflað sér nauðsynlegustu þekkingar í þessum efnum við starf félaganna, einkum fundastarfsemi, og vissulega hefur fjöldi hæfra forustumanna vaxið með síauknum verkefnum samtakanna. Margt bendir þó til þess, að torveldara muni reynast að veita uppvaxandi kynslóð næga fræðslu og þekkingu á félagslegum málum sínum að þeirri leið, sem brautryðjendum og áhugamönnum hefur verið fær í þeim efnum. Hér verður og að setja markið hærra en verið hefur, það, að hver félagi verkalýðssamtakanna kunni góð skil á öllum helztu viðfangsefnum þeirra og hlutverkum.

Hér hefur aðeins verið drepið á takmarkað svið verkalýðsmálanna. En hafa verður einnig í huga, að verkalýðshreyfingin er félagshreyfing, sem samkvæmt eðli sínu hlýtur sífellt að sækja fram til víðtækari afskipta í atvinnulífinu og á öðrum sviðum þjóðfélagsins, sem krefjast æ vaxandi alhliða menntunar.

Öll rök virðast mæla með því, að ríkið viðurkenni og kosti að öllu leyti skóla verkalýðssamtakanna, á sama hátt og t. d. bændaskólarnir, sem að nokkru eru félagsmálaskólar bændastéttarinnar, eru kostaðir af ríkisfé svo og margir sérskólar fámennari vinnustétta, a. m. k. meðan svo er ástatt, að verkalýðssamtökin hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til slíks skólahalds. Er svo ráð fyrir gert í frv.

Þá er í frv. gert ráð fyrir, að stjórn skólans sé að mestu í höndum verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar. Þykir þetta jafnsjálfsagt og t. d., að sérskóli samvinnuhreyfingarinnar er að öllu leyti undir hennar eigin stjórn. Verkalýðshreyfingin er óháð ríkisvaldinu og mundi því ekki una því, að það hefði eitt á hendi stjórn á skóla hennar eða á öðrum málum hennar, enda þótt ríkisvaldið sýni henni þá viðurkenningu og trúnað að veita henni fjárhagslegt fulltingi til þess menningarstarfs, sem hér ræðir um.

Nd. 411. Breytingartillaga [43. mál]

við frv. til laga um Fjárfestingarfélag Íslands h.f.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni og Þórarni Þórarinssyni.

Við 4. gr. Orðin „og opinberum sjóðum“ í 2. málsgrein falli burt.

Nd. 412. Nefndarálit [114. mál]

um frv. til laga um ráðstöfun á Minningarsjóði Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. marz 1970.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Guðl. Gíslason, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Þórarinn Þórarinsson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.
	Pálmi Jónsson.	

Sþ. 413. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]

um að auka rækjuveiðar.

Flm.: Þorsteinn Gíslason, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að ráðinn verði til reynslu vel hæfur erindreki, sem ferðist um landið til að glæða áhuga og kynna mönnum nýjungar við leit, útbúnað báta, veiðar og vinnslu á rækju og þá sérstaklega eins og það gerist meðal þeirra þjóða, sem lengst eru komnar á þessu sviði.

Greinargerð.

Er menn tóku að stunda grálúðuveiðar á s.l. ári, kom í ljós, að einnig var rækju að finna á 200—300 faðma dýpi í landgrunnskantinum út af Norður- og Austurlandi.

Sú litla könnun, sem gerð var s.l. haust á þessum rækjumiðum, leiddi í ljós, að ætla má, að þarna geti verið um verulegt magn að ræða.

Um langt árabil hafa rækjuveiðar verið stundaðar inni á Vestfjörðum með allgóðum árangri. Þó hefur takmörkun gegn ofveiði háð þessum veiðum nokkuð.

Vegna þess að veiðarnar hafa verið stundaðar af litlum bátum á grunnu vatni og oft engum vandkvæðum bundið að veiða hið leyfilega magn, má ætla, að ýmsar nýjungar við veiðarnar, gerð veiðarfæra og í leitartækni hafi ekki verið teknar upp hér á landi.

Vinnsla rækju krefst ekki mikils búnaðar, hvorki við frystingu né niðursuðu, en hún þarf mikið vinnuafl.

Þarna virðist geta orðið verkefni fyrir marga af minni vélbátum okkar, en það hefur sýnt sig, að þeir geta stundað rækjuveiðar á þessum slóðum a. m. k. yfir sumarmánuðina.

Markaður fyrir rækju er mikill, og svo lítill er hlutur okkar Íslendinga, að hann mun vart mælanlegur. Er álit manna, sem þekkja til, að veruleg framleiðsluaukning á þessari vöru ætti engin áhrif að hafa á sölumöguleika okkar. Í því sambandi má benda á, að síðustu árin hefur mjög farið vaxandi sala á rækju frá Ameríku til hinna ýmsu Evrópulanda

Vegna breyttra aðstæðna í sjávarútvegi hefur víða skapazt alvarlegt ástand í atvinnumálum og sérstaklega gagnvart sumaratvinnu skólafólks. Þetta hefur einkum bitnað nemendum, sem hafa orðið að sækja framhaldsmenntun fjarri heimilum sínum.

Við teljum, að einskis megi láta ófreistað til aukningar á þessum atvinnuvegi, sem þá um leið yki möguleikana á sumarvinnu fyrir æskufólkið. Og hlyti það þá þau uppeldisáhrif, sem það veitir að fá tækifæri til að vinna sem mest fyrir námi sínu og þurfa sem minnst að vera til þess kostað af opinberum sjóðum.

Þetta yrði einn liður í því, sem okkur er lífsnauðsyn að leggja áherzlu á í sjávarútvegi okkar í framtíðinni, en það er að reyna að veiða og vinna sem allra mest af dýrustu tegundum aflans.

Nd. 414. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til laga um Fjárfestingarfélag Íslands h.f.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

4. Eiðar: Eiða-, Hjaltastaðar-, Kirkjubæjar- og Sleðbrjótssóknir.
   Prestssetur: Eiðar.
5. Vallanes: Vallaness-, Þingmúla- og Egilsstaðasóknir.
   Prestssetur: Vallanes.
6. Desjarmýri: Borgarfjarðar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir.
   Prestssetur: Desjarmýri.
7. Seyðisfjörður: Seyðisfjarðar- og Klyppsstaðasóknir.
   Prestssetur: Seyðisfjörður.

II. *Austfjarðaprófastsdæmi:*

8. Norðfjörður: Norðfjarðar- og Brekkusóknir.
   Prestssetur: Neskaupstaður.
9. Eskifjörður: Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir.
   Prestssetur: Eskifjörður.
10. Kolfreyjustaður: Kolfreyjustaðar- og Fáskrúðsfjarðarsóknir.
    Prestssetur: Kolfreyjustaður.
11. Heydalir: Heydala- og Stöðvarfjarðarsóknir.
    Prestssetur: Heydalir.
12. Djúpivogur: Djúpavogs-, Beruness-, Berufjarðar- og Hofssóknir.
    Prestssetur: Djúpivogur.

III. *Skaftafellsprófastsdæmi:*

13. Bjarnanes: Bjarnaness-, Stafafells- og Hafnarsóknir.
    Prestssetur: Bjarnanes.
14. Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar-, Brunnhóls- og Hofssóknir.
    Prestssetur: Kálfafellsstaður.

15. Klaustur: Prestsbakka- og Kálfafellssóknir.
Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.
16. Ásar: Grafar-, Þykkvabæjar- og Langholtssóknir.
Prestssetur: Ásar.
17. Vík: Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir.
Prestssetur: Vík.

IV. *Rangárvallaprófastsdæmi:*

18. Holt: Eyvindarhóla-, Ásólfsskála- og Stóradalssóknir.
Prestssetur: Holt.
19. Bergþórshvoll: Akureyjar- og Krosssóknir.
Prestssetur: Bergþórshvoll.
20. Breiðabólsstaður: Breiðabólsstaðar- og Hlíðarendasóknir.
Prestssetur: Breiðabólsstaður.
21. Oddi: Odda-, Stórólfshvols- og Keldnasóknir.
Prestssetur: Oddi.
22. Kirkjuhvoll: Kálfholts-, Hábæjar- og Árbæjarsóknir.
Prestssetur: Kirkjuhvoll.
23. Fellsmúli: Skarðs-, Haga- og Marteinstungusóknir.
Prestssetur: Fellsmúli.

V. *Árnesprófastsdæmi:*

24. Hruni: Hruna- og Tungufellssóknir.
Prestssetur: Hruni.
25. Stóri-Núpur: Stóranúps-, Hrepphóla- og Ólafsvallasóknir.
Prestssetur: Skarð.
26. Skálholt: Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðasóknir.
Prestssetur: Skálholt.
27. Mosfell í Grímsnesi: Mosfells-, Stóruborgar-, Búrfells-, Miðdals- og Úlfljótsvatnssóknir.
Prestssetur: Mosfell.
28. Selfoss: Selfoss-, Hraungerðis-, Laugardæla- og Villingaholtssóknir.
Prestssetur: Selfoss.
29. Eyrarbakki: Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir.
Prestssetur: Eyrarbakki.
30. Hveragerði: Hveragerðis-, Kotstrandar-, Hjalla- og Strandarsóknir.
Prestssetur: Hveragerði.
31. Þingvellir: Þingvallasókn.
Prestssetur: Þingvellir.

VI. *Kjalarnessprófastsdæmi:*

32. Grindavík: Grindavíkur- og Kirkjuvogssóknir.
Prestssetur: Grindavík.
33. Útskálar: Útskála- og Hvalsnesssóknir.
Prestssetur: Útskálar.
34. Keflavík: Keflavíkur-, Ytri-Njarðvíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir.
Prestssetur: Keflavík.
35. Hafnarfjörður: Hafnarfjarðarsókn.
Prestssetur: Hafnarfjörður.
36. Garðar: Garða-, Bessastaða- og Kálfatjarnarsóknir.
Prestssetur: Garðahreppur.
37. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells- og Viðeyjarsóknir.
Prestssetur: Mosfell.

38. Reynivellir: Reynivalla-, Saurbæjar- og Brautarholtssóknir.
Prestssetur: Reynivellir.
39.—40. Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn.
Prestssetur: Vestmannaeyjar.

VII. *Borgarfjarðarprófastsdæmi:*

41. Saurbær á Hvalfjarðarströnd: Saurbæjar-, Leirár- og Innrahólmssóknir.
Prestssetur: Saurbær.
42. Garðar á Akranesi: Akranesssókn.
Prestssetur: Akranes.
43. Hvanneyri: Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir.
Prestssetur: Staðarhóll.
44. Reykholt: Reykholts-, Stóraáss-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.
Prestssetur: Reykholt.
45. Stafholt: Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og Norðtungusóknir.
Prestssetur: Stafholt.
46. Borg: Borgar-, Borgarness-, Álftaness-, Álftártungu- og Akrasóknir.
Prestssetur: Borg.

VIII. *Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi:*

47. Söðulsholt: Rauðamels-, Kolbeinsstaða-, Staðarhrauns- og Fáskrúðarbakkasóknir.
Prestssetur: Söðulsholt.
48. Staðastaður: Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir.
Prestssetur: Staðastaður.
49. Ólafsvík: Ólafsvíkur-, Ingjaldshóls- og Brimilsvallasóknir.
Prestssetur: Ólafsvík.
50. Setberg: Setbergssókn.
Prestssetur: Grundarfjörður.
51. Stykkishólmur: Stykkishólms-, Helgafells-, Bjarnarhafnar-, Narfeyrar- og Breiðabólsstaðarsóknir.
Prestssetur: Stykkishólmur.
52. Hjarðarholt: Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns-, Snóksdals- og Hjarðarholtssóknir.
Prestssetur: Búðardalur.
53. Hvammur: Hvamms-, Staðarhóls-, Skarðs-, Dagverðarness- og Staðarfellssóknir.
Prestssetur: Hvammur.

IX. *Barðastrandarprófastsdæmi:*

54. Reykhólar: Reykhóla-, Garpsdals-, Gufudals-, Flateyjar- og Múlasóknir.
Prestssetur: Reykhólar.
55. Sauðlauksdalur: Sauðlauksdals-, Saurbæjar-, Brjánslækjar-, Haga- og Breiðuvíkursóknir.
Prestssetur: Sauðlauksdalur.
56. Patreksfjörður: Patreksfjarðar- og Stóra-Laugardalssóknir.
Prestssetur: Patreksfjörður.
57. Bíldudalur: Bíldudals-, Selárdals-, Hrafnseyrar- og Álftamýrarsóknir.
Prestssetur: Bíldudalur.

X. *Ísafjarðarprófastsdæmi:*

58. Þingeyri: Þingeyrar-, Hrauns-, Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir.
Prestssetur: Þingeyri.
59. Holt í Önundarfirði: Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir.
Prestssetur: Holt.
60. Staður: Staðarsókn.
Prestssetur: Staður í Súgandafirði.
61. Bolungarvík: Hólssóknir og Staðarsókn í Grunnavík.
Prestssetur: Bolungarvík.
62. Ísafjörður: Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknir og Eyrarsókn í Seyðisfirði.
Prestssetur: Ísafjörður.
63. Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar-, Nauteyrar-, Unaðsdals- og Ögursóknir.
Prestssetur: Vatnsfjörður.

XI. *Húnavatnsprófastsdæmi:*

64. Hólmavík: Árness-, Kaldrananess-, Drangsness-, Staðar-, Hólmavíkur- og Kollafjarðarnesssóknir.
Prestssetur: Hólmavík.
65. Prestsbakki í Hrútafirði: Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.
Prestssetur: Prestsbakki.
66. Melstaður: Melstaðar-, Hvammstanga-, Staðarbakka- og Efranúpssóknir.
Prestssetur: Melstaður.
67. Breiðabólsstaður: Tjarnar-, Vesturhópshóla-, Breiðabólsstaðar- og Víðidalstungusóknir.
Prestssetur: Breiðabólsstaður í Vesturhópi.
68. Þingeyrarklaustur: Þingeyrar-, Undirfells- og Blönduósssóknir.
Prestssetur: Blönduós.
69. Bólstaðarhlíð: Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Auðkúlu-, Svínavatns- og Holtastaðasóknir.
Prestssetur: Bólstaður.
70. Höfðakaupstaður: Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir.
Prestssetur: Höfðakaupstaður.

XII. *Skagafjarðarprófastsdæmi:*

71. Sauðárkrókur: Sauðárkróks-, Hvamms- og Ketusóknir.
Prestssetur: Sauðárkrókur.
72. Glaumbær: Glaumbæjar-, Víðimýrar- og Reynistaðarsóknir.
Prestssetur: Glaumbær.
73. Mælifell: Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir.
Prestssetur: Mælifell.
74. Miklibær: Miklabæjar-, Silfrastaða-, Flugumýrar- og Hofsstaðasóknir.
Prestssetur: Miklibær.
75. Hólar: Hóla-, Viðvíkur- og Rípursóknir.
Prestssetur: Hólar.
76. Hofsós: Hofsóss-, Hofs-, Fells-, Barðs- og Knappsstaðasóknir.
Prestssetur: Hofsós.

XIII. *Eyjafjarðarprófastsdæmi:*

77. Siglufjörður: Siglufjarðarsókn.
Prestssetur: Siglufjörður.
78. Ólafsfjörður: Ólafsfjarðarsókn.
Prestssetur: Ólafsfjörður.
79. Dalvík: Valla-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir.
Prestssetur: Dalvík.

80. Hrísey: Hríseyjar- og Stærra-Árskógssóknir.
Prestssetur: Hrísey.
81. Möðruvellir í Hörgárdal: Möðruvalla-, Glæsibæjar-, Bakka- og Bægisársóknir.
Prestssetur: Möðruvellir.
82.—83. Akureyri: Akureyrar-, Lögmannshlíðar- og Miðgarðasóknir.
Prestssetur: Akureyri. Annar hvor prestur Akureyrar skal jafnan hafa með höndum þjónustu Miðgarðasóknar í Grímsey.
84. Laugaland: Munkaþverár-, Kaupangs-, Grundar-, Möðruvalla-, Saurbæjar- og Hólasóknir.
Prestssetur: Laugaland.

XIV. *Þingeyjarprófastsdæmi:*

85. Laufás: Laufáss-, Svalbarðs- og Grenivíkursóknir.
Prestssetur: Laufás.
86. Háls: Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasóknir.
Prestssetur: Háls.
87. Staðarfell: Ljósavatns-, Þóroddsstaða- og Lundarbrekkusóknir.
Prestssetur: Staðarfell.
88. Skútustaðir: Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðirhólssóknir.
Prestssetur: Skútustaðir.
89. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarsstaða- og Nessóknir.
Prestssetur: Grenjaðarstaður.
90. Húsavík: Húsavíkur- og Flateyjarsóknir.
Prestssetur: Húsavík.
91. Skinnastaður: Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir.
Prestssetur: Skinnastaður.
92. Raufarhöfn: Raufarhafnarsókn.
Prestssetur: Raufarhöfn.
93. Sauðanes: Sauðaness- og Svalbarðssóknir.
Prestssetur: Sauðanes.

XV. *Reykjavíkurprófastsdæmi:*

Í Reykjavíkurprófastsdæmi, sem nær yfir Reykjavíkur- og Kópavogsprestaköll, skulu jafnan vera svo margir prestar, að sem næst 5000 manns komi á hvern að meðaltali. Ráðherra ákveður takmörk sókna og prestakalla að fengnum tillögum biskups og safnaðarráðs Reykjavíkur (sbr. 2. gr.), og velur þeim heiti.

2. gr.

Í Reykjavík skal vera safnaðaráð. Skal það skipað formönnum safnaðarnefnda og safnaðarfulltrúum í prófastsdæminu og prestum þess. Prófastur er formaður ráðsins og kallar það saman. Skylt skal að kalla safnaðaráð saman til fundar, þegar fullur þriðjungur safnaðaráðsmanna óskar þess. Verkefni ráðsins eru:

1. Að gera tillögur um skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll og um breytingar á þeim svo oft sem þörf er, og skal sú skipting að jafnaði miðuð við það, að einn prestur sé í hverju prestakalli.
2. Að sjá um kosningu safnaðarnefnda í prestaköllum eftir skiptingu. Ein safnaðarnefnd sé fyrir hvert prestakall, og hefur hún á hendi störf sóknarnefnda, eftir því sem við á, og er kosin með sama hætti. Þar, sem fleiri en einn söfnuður eiga sömu kirkju, skulu nefndirnar hafa sameiginlega stjórn á afnotum og fjármálum kirkjunnar.
3. Að vinna að eflingu kirkjulegs starfs og kristilegrar félagsstarfsemi innan prófastsdæmisins.

3. gr.

Í kaupstöðum utan Reykjavíkurprófastsdæmis skulu prestar vera svo margir, að sem næst 4000 manns komi á hvern. Heimilt er að skipta prestaköllum, þar sem eru tveir eða fleiri prestar, á hliðstæðan hátt og ákveðið er í 1. tölulið 2. gr.

4. gr.

Nú er skipt prestakalli, þar sem er einn prestur, í tvö eða fleiri prestaköll, og hefur þá presturinn rétt til að velja, hvaða hluta þess hann hyggst að þjóna.

5. gr.

Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi. Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni, og er þá sveitarfélagið skylt að leggja til ókeypis lóð undir íbúðarhús hans, ef um embættisbústað í eigu ríkissjóðs er að ræða.

6. gr.

Ráðherra skipar prest, er sitji á Þingvöllum og gegni Þingvallasókn, skv. 1. gr., að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar, enda gegni hann þá jafnframt starfi þjóðgarðsvarðar.

Biskupi er heimilt að ráða prestsvígðan mann til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða prestakallið prestslaust af öðrum ástæðum. Ef þörf krefur, er biskupi heimilt með samþykki ráðherra að ráða fleiri prestsvígða menn til starfa skv. þessari grein.

7. gr.

Biskupi er heimilt að ráða prestsvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar til þess að aðstoða og leiðbeina við æskulýðsstörf í söfnuðum landsins. Ráðningartími skal vera allt að þremur árum í senn.

Þá er biskupi og heimilt með samþykki ráðherra að ráða tvo aðstoðaræskulýðsfulltrúa til starfa með æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar.

8. gr.

Biskupi er heimilt með samþykki ráðherra að ráða prestsvígða menn til sérstakrar sjúkrahúsaþjónustu. Biskup setur þeim erindisbréf.

9. gr.

Heimilt er biskupi með samþykki ráðherra að ráða prestsvígðan mann til kirkjulegra starfa meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn og annars staðar á Norðurlöndum eftir því sem við verður komið. Ráðherra setur honum erindisbréf, og skal ráðningatími vera allt að þremur árum í senn.

10. gr.

Laun og annar kostnaður við embætti þau, er upp eru talin í 6.—9. gr., greiðist úr ríkissjóði skv. úrskurði ráðherra, og skulu prestar þeir, sem þeim gegna, taldir þjónandi prestar þjóðkirkjunnar.

11. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða takmörkum prestakalla, flytja sókn eða hluta úr sókn úr einu prestakalli í annað, leggja niður kirkju eða færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, þar sem ákvæði 2. og 3. gr. eiga ekki við, og skal það mál koma fyrir safnaðarfund, eða safnaðarfundi, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin viðkemur aðeins einum söfnuði, ræður meiri hluti atkvæða á lögmætum safnaðarfundi. Séu söfnuðir tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Séu söfnuðir fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Sam-

þykki síðan héraðsfundur (eða héraðsfundir, ef breytingin nær til fleiri en eins prófastsdæmis) tillögurnar, taka þær gildi, þegar ráðherra staðfestir þær, að fengnum tillögum biskups.

12. gr.

Nú er við breytingar þær, sem um ræðir í 11. gr., aðeins um tilfærslu gjaldenda milli sókna að ræða, og kirkjur eru í báðum sóknum, og skal þá sóknarkirkja sú, er nýja gjaldendur fær við sóknarbreytinguna, gjalda kirkju þeirrar sóknar, er gjaldendur missir, sem svarar þriggja ára lögboðnu sóknargjaldi fyrir hvern gjaldanda. Upphæðin greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum, en án vaxta.

Nú er sókn skipt og tekin upp ný sókn og kirkjubygging hafin, og skal þá ráðherra, ef honum berst krafa um það, skipa þrjá menn í samráði við biskup til þess að meta skuldlausar eignir sóknarkirkjunnar. Er kirkjunni síðan skylt að greiða vaxtalaust og með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum þann hluta eignanna, er hinni nýju sókn ber að tiltölu réttri við tölu gjaldenda í báðum sóknum, þegar skiptin fara fram, að frádregnu þriggja ára sóknargjaldi þeirra gjaldenda, er kirkjan missir við skiptinguna.

Þegar ný sókn er löglega upp tekin, er presti þess prestakalls, þar sem guðsþjónustuhús sóknarinnar er, skylt að annast þar guðsþjónustur án sérstaks endurgjalds.

13. gr.

Þegar sóknarkirkja er lögð niður, skulu eignir hennar og andvirði renna til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, er sóknin hverfur til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þeirra gjaldenda, er hverri sókn bætist við niðurlagningu sóknarinnar.

Nú eyðist kirkjusókn gersamlega af fólki eða söfnuður er orðinn svo fámennur, að hann getur ekki haldið kirkju messufærri að dómi hlutaðeigandi sóknarprests og prófasts, og skal þá prófastur taka við sjóði kirkjunnar og umsjón hennar. Ráðherra ákveður síðan, að fengnum tillögum biskups og héraðsprófasts, hvort kirkjan skuli lögð niður. Ef svo verður, varðveitist andvirði hennar og sjóður í hinum almenna kirkjusjóði. Þau heimili, sem eftir kynnu að vera í sókninni, skulu lögð til annarrar sóknar eða sókna eftir ákvörðun ráðherra. Byggist sóknin á ný og sóknarmenn ákveða að endurreisa kirkju, skal veita henni sóknarréttindi að nýju og afhenda sjóð hinnar niðurlögðu kirkju.

14. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða, að fenginni umsögn biskups og hlutaðeigandi héraðsprófasts, sóknarnefndar og sóknarprests, að flytja skuli prestssetur á hentugri stað í prestakallinu. Ákvörðun um þetta efni skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

15. gr.

Biskup hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem ákvæði 1. greinar hafa í för með sér, komist á svo fljótt sem við verður komið eftir gildistöku þessara laga. Þó missi prestar, sem nú þjóna í þeim prestaköllum, sem lögð skulu niður, ekki tekjur af þeim sökum.

16. gr.

Þegar eftir gildistöku þessara laga skulu ákvæði 1. greinar um skipun prófastsdæma koma til framkvæmda, og skulu starfandi prestar í hinum einstöku prófastsdæmum tilnefna prófasta hið fyrsta.

17. gr.

Kostnaður við embættisferðir prófasta innan hvers prófastsdæmis greiðist úr ríkissjóði eftir reikningum, sem ráðherra úrskurðar.

II. KAFLI
Um kristnisjóð.

18. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist kristnisjóður.

19. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

a) Kirkjujarðasjóður. Skal sá sjóður lagður niður og renna í kristnisjóð.
b) Andvirði kirkjujarða, annarra en prestssetursjarða, sem seldar verða eftir gildistöku laga þessara.
c) Prestakallasjóður. Skal sá sjóður lagður niður og renna í kristnisjóð.

20. gr.

Tekjur kristnisjóðs skulu vera:

a) Arður af stofnfé kristnisjóðs.
b) Árlegt framlag úr ríkissjóði, er samsvari hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum, sem lögð eru niður samkvæmt lögum þessum.
c) Laun þau, sem sparast á hverjum tíma, þegar prestakall er prestslaust, svo að ekki komi til greiðslu prestslauna eða hluta þeirra, og skal þá miðað við hámarkslaun presta.
d) Önnur framlög, sem ákveðin kunna að vera með lögum.
e) Frjáls framlög safnaða, einstaklinga og fyrirtækja.

21. gr.

Hlutverk kristnisjóðs skal vera:

1. Að launa aðstoðarþjónustu presta og guðfræðinga í víðlendum eða fjölmennum prestaköllum. Biskup gerir ráðstöfun um þessa þjónustu í samráði við hlutaðeigandi sóknarpresta og héraðsprófasta.
2. Að launa starfsmenn, sem ráðnir eru til sérstakra verkefna í þágu þjóðkirkjunnar samkvæmt ákvörðun kirkjuþings. Slíkir starfsmenn skulu ráðnir af biskupi með samþykki kirkjuráðs.
3. Að styrkja söfnuði, er ráða vilja starfsmenn til starfa á sínum vegum á sviði æskulýðsmála, líknarmála eða að öðrum mikilvægum verkefnum.
4. Að veita fátækum söfnuðum starfsskilyrði, einkum á þeim stöðum, þar sem prestaköll hafa verið sameinuð og kirkjuleg þjónusta er sérstökum erfiðleikum háð.
5. Að kosta búferlaflutning guðfræðinga, sem settir eru til þjónustu samkvæmt 1. tölulið.
6. Að styrkja framhaldsnám guðfræðinga og annarra starfsmanna kirkjunnar til undirbúnings undir kirkjuleg störf.
7. Að styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú og siðgæði með þjóðinni, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristilegu fræðsluefni, enn fremur félög og stofnanir, sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum.
8. Að sinna að öðru leyti eftir þörfum þeim verkefnum, sem prestakallasjóður hefur gegnt til þessa.

22. gr.

Fastir starfsmenn kirkjunnar, sem ráðnir eru til fullrar vinnu skv. 21. gr., skulu njóta réttinda og bera skyldur opinberra starfsmanna.

23. gr.

Kirkjuráð hinnar íslenzku þjóðkirkju hefur á hendi umsjá og stjórn kristnisjóðs og ber ábyrgð fyrir kirkjuþingi á stjórn hans. Kirkjuráð semur árlega fjár-

hagsáætlun fyrir sjóðinn, og skal hún samþykkt af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Reikningsleg endurskoðun skal framkvæmd af ríkisendurskoðuninni.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi eftirtalin lög: nr. 31 4. febr. 1952, nr. 68 24. apríl 1954, nr. 18 21. febr. 1956, nr. 17 20. apríl 1959, nr. 20 21. apríl 1960 og nr. 66 27. apríl 1962, svo og 5. gr. laga nr. 98 19. júní 1933 og önnur lagaákvæði, er kunna að brjóta í bága við lög þessi.

Þá er lög þessi hafa öðlazt gildi, skal gefa lög nr. 98 19. júní 1933 út af nýju með fyrirsögninni: Lög um læknishéraðasjóði.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1970.

Nd. 431. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

Við 1. gr.

1. Á undan 64. tölul. komi nýr tölul., svo hljóðandi:
   Árnes: Árnesssókn.
   Prestssetur: Árnes.
2. 64. tölul. (verður 65.) orðist svo:
   Hólmavík: Kaldrananess-, Drangsness-, Staðar-, Hólmavíkur- og Kollafjarðarnesssóknir.
   Prestssetur: Hólmavík.

Sþ. 432. Fyrirspurnir [183. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um rannsóknir á loðnugöngum o. fl.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Með hvaða hætti ætlar ráðherrann að láta fylgjast með loðnugöngum og loðnustofninum á þessu ári?
2. Hvað er ætlazt fyrir um rannsóknir á göngum sandsílis, spærlings og kolmunna á þessu ári og um stuðning við tilraunir til þess að veiða og verka þessa fiska?

II. Til sjávarútvegsráðherra um lánveitingar úr fiskveiðasjóði.

Frá Birni Pálssyni.

1. Hvenær byrjaði fiskveiðasjóður að lána með gengistryggingu, og hve mörg lán voru veitt án gengistryggingar, frá því að byrjað var á því og þar til gengið var lækkað 1968?

2. Hve mikið lánaði fiskveiðasjóður án gengistryggingar, frá því að byrjað var að lána þannig, þar til gengið var lækkað 1968, og hve mikið lánaði sjóðurinn af gengistryggðum lánum á sama tíma?
3. Hve mikið skuldaði fiskveiðasjóður í erlendri mynt, þegar gengið var lækkað:
   a) 1960,
   b) 1961,
   c) 1967,
   d) 1968?
4. Hve mikið af heildarútlánum fiskveiðasjóðs var lánað með gengisáhættu í árslok 1967, og hve mikið án gengisáhættu?
5. Hve mikið hækkuðu skuldir fiskveiðasjóðs erlendis miðað við íslenzkar krónur við gengislækkanirnar 1967 og 1968, og hve miklu af því tapi var jafnað niður á þá, sem skulduðu fiskveiðasjóði?

III. Til viðskiptaráðherra um nýtingu markaða fyrir niðursoðnar fiskafurðir.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til að hagnýta markaði, sem sérfræðingar Iðnþróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna álita, að séu í Bandaríkjunum, Kanada, Vestur-Þýzkalandi, Frakklandi og Bretlandi fyrir niðursoðnar sjávarafurðir frá Íslandi, samkv. upplýsingum, sem birtar voru á blaðamannafundi í utanríkisráðuneytinu 11. desember síðastliðinn?

IV. Til fjármálaráðherra um greiðslur vegna ómældrar yfirvinnu.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hvað hefur mörgum ríkisstarfsmönnum verið greidd ómæld yfirvinna, og hvenær voru þessar greiðslur upp teknar?
2. Hver hefur ákveðið þessar greiðslur, og eftir hvaða heimild eru þær inntar af hendi?
3. Hvaða ástæður lágu til þess, að umræddum starfsmönnum var greidd launauppbót með þessum hætti, en ekki hækkuð launin sem þessari greiðslu nam?

V. Til fjármálaráðherra um ríkisábyrgðir.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni, Ingvari Gíslasyni og Ágúst Þorvaldssyni.

1. Hve mikið hefur ríkisábyrgðasjóður greitt vegna ríkisábyrgða á árinu 1969, fyrir hverja og hve mikið fyrir hvern aðila?
2. Hvaða einstaklingar og fyrirtæki skulda ríkisábyrgðasjóði í árslok 1969, og hver er skuld hvers um sig?
3. Hve mikið var afskrifað af eignum ríkisábyrgðasjóðs á árinu 1969 og af hvaða ástæðum?

Sþ. 433. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]

um dreifingu menntastofnana, áætlun um skólaþörf og eflingu Akureyrar sem miðstöðvar mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar.

Flm.: Ingvar Gíslason, Gísli Guðmundsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi lýsir yfir þeim vilja sínum, að stefnt skuli að eðlilegri dreifingu hvers kyns mennta- og menningarstofnana um landið og tillit tekið til þeirrar stefnu í framkvæmd byggðaáætlana.

Einnig lýsir þingið yfir því, að nauðsynlegt sé að gera heildaráætlun um skólaþörf landsmanna næstu 10—15 ár, bæði að því er varðar almenna skóla og sérskóla. Í því sambandi skal, að undanfarinni rannsókn og í samráði við hlutaðeigendur, gerð áætlun um skólastaði í samræmi við þá meginstefnu, að mennta- og menningarstofnunum sé dreift eðlilega um landið.

Enn fremur lýsir Alþingi yfir því, að sérstaklega skuli að því stefnt, að Akureyri verði efld sem skólabær og miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar.

Greinargerð.

Efni þingsályktunartillögu þessarar er aðallega þríþætt. Fyrsti liður hennar er almenns eðlis og felur í sér viljayfirlýsingu Alþingis um það, að stefnt skuli að eðlilegri dreifingu mennta- og menningarstofnana um landið og að tillit verði tekið til slíkrar stefnu í framkvæmd byggðaáætlana. Í annan stað er fjallað um nauðsyn þess, að gerð sé heildaráætlun um skólaþörf landsmanna yfirleitt næstu 10—15 ár, bæði að því er varðar almenna skóla og sérskóla hvers konar. Í þriðja lagi ber að nefna þann þátt tillögunnar, sem telja má að sé sérgreindari að efni en hinir tveir að því leyti, að þar er lagt til, að Alþingi lýsi yfir vilja sínum til þess, að Akureyri verð sérstaklega efld sem skólabær og miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar.

Þessi þrenns konar efnisatriði eiga samleið og rekast ekki að neinu leyti á. Á einu leitinu er hin **almenna stefna** um það, að mennta- og menningarstofnunum sé dreift eðlilega um landið og þess gætt við gerð byggðaáætlana, að tekið sé tillit til nauðsynjar hvers landsfjórðungs á því, að þar séu staðsettar þær mennta- og menningarstofnanir, sem óhjákvæmilegar eru fyrir eðlilega byggðaþróun í landinu og nútímakröfur um sem jafnasta menningaraðstöðu fólks, án tillits til búsetu. Í öðru lagi er fjallað um almenna skólamálaáætlun fyrir landið allt. Og í þriðja lagi er gerð tillaga um mörkun þeirrar **sérstöku stefnu** að efla Akureyri á sviði skólamála og miða að því, að þar verði, áður en langir tímar líða, viðurkennd miðstöð æðri mennta og vísinda utan Reykjavíkur.

Samanburður við þingsályktunartillögu frá 1964.

Tillaga um mjög svipað efni, en með öðru orðalagi, var flutt á þinginu 1964—1965. Flutningsmenn voru þáverandi þingmenn Framsóknarflokksins í Norðurlandskjördæmi eystra. Tillagan fékk heldur vinsamlegar viðtökur á Alþingi og vakti nokkra athygli utan þings. Þó fór svo, að tillagan var ekki samþykkt sem ályktun Alþingis, — þess var ekki kostur, — heldur var henni vísað til ríkisstjórnarinnar. Sá höfuðtilgangur lá að baki þingsályktunartillögunni frá 1964, að skólum og menntastofnunum yrði dreift um landið meira en tíðkazt hafði til þess tíma. Einnig var þá lögð höfuðáherzla á uppbyggingu Akureyrar sem æskilegrar skólamiðstöðvar öðrum stöðum fremur. Tillaga sú, sem hér liggur nú fyrir, hefur sama höfuðmarkmið og tillagan frá 1964. Á þeim er að vísu verulegur orðalagsmunur, en markmiðið má heita hið sama. Flm. telja, að ekki sé síður þörf að hreyfa þessu máli nú en var fyrir 5—6

árum, einkum vegna þess, að ekki er vitað, að ríkisstjórnin hafi gert neitt, sem máli skiptir, til þess að framfylgja þeirri stefnu, sem mörkuð var upphaflega með tillögunni frá 1964 og að formi var vísað til ríkisstjórnarinnar.

„Jafnvægi í byggð landsins".

Tillaga þessi er af flm. hálfu m. a. hugsuð sem framlag til umræðna og ákvarðana í sambandi við byggðajafnvægismál og landshlutaáætlanir. Um eitt skeið mátti segja, að áhuga- og forvígismenn um jafnvægi í byggð landsins töluðu fyrir daufum eyrum, og ekki var örgrannt um, að málstaður þeirra væri hafður í flimtingum. Nú hefur hins vegar svo til skipazt, að þetta mál hefur hlotið sérstaka viðurkenningu, sem fram kemur með einum eða öðrum hætti. Má um þetta mál nú segja, sem forðum var á orði haft, að „allir vildu Lilju kveðið hafa". Svonefndar byggða- eða landshlutaáætlanir eru einnig á dagskrá í öðrum löndum, og er þar sérstaklega að minnast forgöngu Norðmanna, sem að líkindum standa fremst á þessu sviði, enda ekki óeðlilegt miðað við landshætti. Í þessu máli hafa Íslendingar þegar lært mikið af Norðmönnum, en gætu þó betur gert að ýmsu leyti. M. a. verða menn að gera sér fulla grein fyrir þeirri staðreynd, að þróun þjónustustarfsemi, félags- og menningarlífs verður að haldast í hendur við atvinnuuppbygginguna, ef árangur á að verða af landshlutaáætlunum. Nútímafólk, einkum uppvaxandi kynslóð, lætur sér ekki nægja trygga atvinnuafkomu. Atvinnan er að sjálfsögðu grundvöllur þess, að menn hafi í sig og á, en lífskjör sín og afkomu mælir nútímafólk ekki í atvinnumöguleikunum einum saman, heldur engu síður í hinni félags- og menningarlegu þjónustu, sem tiltæk er á hverjum stað. Nútímafólk unir ekki fásinni og einangrun né lélegri almannaþjónustu á sviði félagslífs, menntunar og heilsugæzlu.

Stefnumótun.

Með tillögu þessari vilja flm. beita sér fyrir því, að Alþingi marki ákveðna stefnu um það, að hvers kyns mennta- og menningarstofnunum sé dreift um landið, svo sem eðlilegt má teljast og nauðsyn krefur. „Mennta- og menningarstofnun" er allvíðtækt hugtak í þessu sambandi og engin ástæða til að þrengja merkingu þess. Hér er að sjálfsögðu átt við skóla og aðrar fræðslustofnanir, söfn, s. s. bókasöfn, náttúrugripasöfn, listasöfn, minja- og þjóðfræðasöfn, leiklistar- og tónlistarstarfsemi og aðra listastarfsemi. Í ýmsum tilvikum yrði framkvæmd þess stefnuatriðis, sem fyrst getur í tillögunni og varðar almenna yfirlýsingu um dreifingu mennta- og menningarstofnana um landið, fólgin í stuðningi við stofnanir, sem þegar eru fyrir hendi, en þurfa eflingar á einn eða annan hátt. Þannig eru víða til bókasöfn, en flest þurfa þau eflingar, minjasöfn eru einnig víða, en áreiðanlega þurfa þau margs konar eflingar flest hver, og æskilegt væri, að sum minjasöfn a. m. k. efldust svo, að þau mættu með réttu kallast þjóðfræðasöfn, e. t. v. staðbundin og takmörkuð, en eigi að síður fræðilegar stofnanir, en ekki aðeins varðveizlu- og sýningastaðir.

Áætlun um skólaþörf næstu 10—15 ár.

Um það þarf sízt að efast, að á næstu árum og áratugum mun verða gagnger bylting í skólamálum hér á landi. Skólakerfið, sem sumum finnst fyrirferðarmikið nú þegar, mun að líkindum vaxa örar en dæmi eru til áður og spanna yfir æ fleiri svið. Kröfur munu ekki sízt vaxa um ýmsa sérþekkingu og verkþjálfun, sem fylgir margbrotnu tækni- og iðnaðarþjóðfélagi, en að sjálfsögðu mun verkmenningin ein og tæknimenntun í þrengsta skilningi ekki yfirskyggja allt í skólakerfinu. Mannlegum þörfum verður ekki fullnægt með tækniþekkingu einni saman. Ekki er síður þörf fyrir að leggja stund á námsgreinar, sem hafa almennt mennta- og uppeldisgildi eða eru til stuðnings og fyllingar tæknimenntuninni.

Með tilliti til fyrirsjáanlegs vaxtar skóla- og fræðslukerfisins á næstu árum þykir flutningsmönnum þessarar tillögu rétt, að hið opinbera geri heildaráætlun um skólaþörfina næsta áratug hið minnsta, eða næstu 10—15 ár, ef það þætti henta. Í því sambandi leggja flm. til, að staðsetning skólanna verði könnuð og ákveðin í samræmi við þá meginstefnu, sem tillagan boðar, að mennta- og menningarstofnunum sé dreift eðlilega um landið.

Efling Akureyrar sem skólabæjar.

Í sambandi við Norðurlandsáætlun er að því stefnt að efla Akureyri að mun til mótvægis hinu sterka aðdráttarafli Reykjavíkursvæðisins. Við flutningsmenn þessarar tillögu leggjum þann skilning í Norðurlandsáætlun, að hið opinbera — ríkisvaldið — muni ljá atbeina sinn því mikla verkefni að efla Akureyri svo að áhrifum, að hún geti í raun orðið til mótvægis áhrifamætti Reykjavíkur. Atvinnu- og menningarlegar undirstöður Akureyrarbæjar eru með þeim hætti, að þetta á að geta tekizt. Eigi að síður er efling Akureyrar í umræddum skilningi víðtækt og vandasamt verkefni. Ekki er líklegt, að það verði leyst með neinu töfraorði eða einni ráðstöfun annarri fremur. Þar þarf margt til að koma. Það þarf að efla atvinnulífið og fjölga atvinnugreinum. Það verður að efla Akureyri sem verzlunarmiðstöð og hafskipahöfn. Opinber þjónusta þarf að verða fjölbreyttari. Gera verður stórátak í heilbrigðismálum og læknisþjónustu. Mjög aðkallandi er að taka húsnæðismálin til gagngerðrar endurskoðunar, því að ónógt húsnæði stendur bænum nú þegar fyrir þrifum. Það þarf einnig — eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir — að efla Akureyri sem skólabæ og menningarmiðstöð.

Þegar rætt er um það að efla Akureyri sem skólabæ og miðstöð mennta og vísinda, þá ber að hafa í huga, að ýmsar undirstöður eru fyrir hendi til þess að byggja ofan á. Akureyri er þegar tiltölulega öflugur skólabær, m. a. vegna menntaskólans, sem þar hefur starfað í 40 ár og þó raunar lengur. Iðnskóli Akureyrar er mjög á eflingarbraut vegna nýrra og myndarlegra húsakynna, sem smám saman eru að komast í gagnið. Undirbúningsdeild tækniskóla hefur starfað nokkur ár, og vélskólakennsla fer að nokkru fram á Akureyri. Tónlistarskóli er rekinn í bænum, og er unnið að endurbótum á húsnæði hans. Rætt hefur verið um stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri, en ýmsar hindranir hafa verið lagðar í götu þess máls, svo að ekki hefur enn orðið úr framkvæmdum. Hins vegar er ekki ástæða til að ætla annað en að garðyrkjuskóli komi á Akureyri áður en langir tímar líða. Minna má á, að Þórarinn heitinn Björnsson skólameistari var þess fýsandi, að kennaradeild yrði stofnuð og rekin í tengslum við menntaskólann.

Ástæða er til að nefna tvo skóla, sem mjög kæmi til greina að reka á Akureyri. Annars vegar væri norðlenzkur **verzlunarskóli**, hins vegar fullkominn **tækniskóli**. Lengi hefur verið þörf verzlunarskóla á Norðurlandi, og var slíkur skóli meðal þeirra, sem flutningsmenn þingsályktunartillögunnar frá 1964 lögðu áherzlu á að rísa þyrfti og vel væri í sveit settur á Akureyri. Ekki virðist fráleitt að hugsa sér, að slíkur skóli yrði rekinn sameiginlega af norðlenzkri samvinnuhreyfingu og samtökum einkarekstrarmanna með styrk úr ríkissjóði. Raunar mætti einnig hugsa sér, að norðlenzkur verzlunarskóli hefði enn víðtækara svið, m. a. að á hans vegum starfaði félagsmáladeild, sem hefði það hlutverk, að þjálfa starfsfólk og trúnaðarmenn verkalýðs- og launþegafélaga og annarra stéttarsamtaka.

Heimilt er eftir lögum að starfrækja tækniskóla á Akureyri. Fjarri fer því, að þessarar lagaheimildar hafi verið neytt, þótt undirbúningsdeild tækniskóla hafi að vísu starfað á Akureyri um árabil. Tækniskóli Íslands, sem starfar í Reykjavík, er ung stofnun og fátæklega að honum búið, fyrst og fremst að því er tekur til húsnæðis. Fer kennsla í tækniskólanum fram á þremur stöðum í Reykjavíkurborg og fyrirsjáanlegt, að kennslustaðir munu dreifast enn frekar næsta vetur. Augljóst er, að reisa verður hús yfir Tækniskóla Íslands, ef skólinn á ekki að koðna niður

vegna húsnæðisleysis og skorts á hæfilegri aðbúð. Er nærtækt að láta sér detta í hug, að Tækniskóli Íslands verði fluttur til Akureyrar og þar verði byggt myndarlega yfir skólann. Fjarri fer því, að skólinn lenti í útlegð eða einangrun á Akureyri. Akureyri er mikill iðnaðarbær og stendur Reykjavík fyllilega á sporði um fjölbreytni iðngreina og þjálfun iðnaðarfólks. Á þessa staðreynd bentu sumir þingmenn Norðlendinga, þegar tækniskólafrumvarpið var til umræðu á sínum tíma, og lögðu þá til, að skólinn yrði staðsettur á Akureyri. Því miður náði sú tillaga ekki fram að ganga, enda sætti hún andstöðu ráðamanna, þ. á m. norðlenzkra þingmanna stjórnarflokkanna. Í þessu sambandi er vert að geta þess, að á 11. þingi Fjórðungssambands Norðlendinga, sem haldið var á Sauðárkróki 22. og 23. okt. 1969, var samþykkt áskorun á „yfirvöld og Alþingi að taka til gagngerðrar athugunar, hvort eigi sé rétt að flytja Tækniskóla Íslands til Akureyrar." Segir enn fremur í ályktun fjórðungsþingsins, að benda megi á fordæmi annarra þjóða, sérstaklega Norðmanna, þessari ályktun til stuðnings. Taldi þingið, að flutningur Tækniskólans mundi hafa „ómetanleg áhrif til eflingar byggð á Norðurlandi". Undir þessi ályktunarorð fjórðungsþings Norðlendinga vilja flm. taka, enda eru þau í fullu samræmi við þær skoðanir, sem þeir hafa ætíð mælt fyrir í sambandi við staðarval sérskólanna.

Því má bæta við, að fyrir nokkrum árum skipaði norska ríkisstjórnin nefnd, sem hafði það hlutverk að kanna möguleika á dreifingu ríkisstofnana þar í landi. Ein meginniðurstaða nefndarinnar var sú, að lítil sem engin vandkvæði væru á því að velja sérgreinaskólum stað utan höfuðborgarinnar. Sérgreinaskólar væru að öðru jöfnu eins vel staðsettir utan höfuðborgarinnar sem innan hennar. Hins vegar væri heppileg lausn í staðsetningarmálum skólanna að koma upp „skólamiðstöðvum", þar sem væru fleiri skólar en einn. M. a. nýttust kennslukraftar bezt við slíkar aðstæður. Í sambandi við þingsályktunartillögu þá, sem hér er fram borin, er rétt að geta þess, að flm. hafa í huga, að Akureyri geti orðið „skólamiðstöð" í þeirri merkingu, sem þarna er um rætt. Um áhrif skólanna á umhverfi sitt þarf ekki að deila. Þau eru mikil og margvísleg, bein og óbein.

Miðstöð mennta og vísinda.

Í þingsályktunartillögunni er svo fyrir mælt, að Akureyri verði einnig efld sem „miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar". Í þessu felst það, að menntir ýmiss konar, ekki sízt fræði og vísindi, verði auknar svo, að Akureyri verði áður en langir tímar líða viðurkennd sem aðsetur æðri mennta- og vísindastofnana, þar sem m. a. væru stundaðar rannsóknir og fræði á vísindalegum og akademískum grundvelli. Ókunnugir kunna e. t. v. að halda, að um þetta atriði sé á litlu að byggja. Svo er þó ekki. Gerlegt er og skynsamlegt að tengja saman hugmyndina um „skólabæ" og „miðstöð mennta og vísinda". Líklegt er, að skólamiðstöðin dragi að sér efnilega menntamenn og kennara, sem áhuga hefðu á að sinna vísindastörfum að nokkru með kennslu. Slíkt á að geta farið saman á Akureyri eins og annars staðar. Þá er þess að geta, að þegar er sprottinn úr grasi vísir að rannsóknastofnunum á Akureyri og nágrenni, einkum á sviði náttúrufræði og raunvísinda. Náttúrugripasafnið á Akureyri hefur á ýmsa lund eflzt mikið síðustu ár. Fuglasafn er þar gott, enda kjarni safnsins í upphafi, en grasasafnið er einnig mikið að vöxtum og mun fyllilega standast samjöfnuð við grasasöfn í Reykjavík. Grasgarðurinn á Akureyri er einstakur í sinni röð. Forstöðumaður Náttúrugripasafnsins, Helgi Hallgrímsson, er ungur vísindamaður og áhugasamur um eflingu vísindastarfsemi á Norðurlandi með aðalaðsetri á Akureyri. Helgi er búsettur á Víkurbakka á Árskógsströnd við Eyjafjörð, um það bil 25 km frá Akureyri. Keypti hann þar allvel hýsta jörð fyrir nokkrum árum og hefur unnið að því af elju og hyggindum að koma þar upp vísi að náttúrufræðilegri rannsóknarstöð. Þar hyggst hann m. a. stunda rannsóknir á sjávarlífinu við Eyjafjörð, og þegar hefur hann ásamt félaga sínum, Guðmundi Ólafssyni menntaskólakennara, fengizt við jarðvegsrannsóknir með styrk úr Vísindasjóði.

Fyrir nokkrum árum tók til starfa Efnarannsóknarstofa Norðurlands á Akureyri og nýtur ötullar stjórnar ungs vísindamanns, Jóhannesar Sigvaldasonar magisters. Liggur þegar gott starf eftir hann á sviði jarðvegs- og kalrannsókna á Norðurlandi.

Þess má geta, að bókasafnið á Akureyri ásamt skjalasafni (Amtsbókasafnið) hefur nýlega flutzt í mjög veglegt hús og er án efa myndarlegasta bókasafn utan Reykjavíkur. Minjasafn bæjarins er einnig merk stofnun, sem gæti orðið vísir að raunverulegu þjóðfræðasafni eða **þjóðfræðastofnun**, ef rétt væri á haldið og vilji væri fyrir hendi að koma slíkri stofnun upp.

Sú fræði- og vísindastarfsemi, sem nefnd hefur verið, er að sönnu aðeins mjór vísir þess, sem orðið gæti, ef markvíst og skipulega væri unnið að eflingu rannsókna- og vísindastarfs á Akureyri. Hins vegar er hér um grundvöll að ræða, sem byggja mætti ofan á. Í fylling tímans mun engum þykja goðgá, þótt akademísk fræðsla í meira eða minna mæli verði upp tekin á Akureyri, enda ber að stefna að henni sem sérstöku markmiði.

Ed. 434. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til laga um verðgæzlu og samkeppnishömlur.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur haft frumvarp þetta til meðferðar og rætt það á mörgum fundum. Eigi náðist samkomulag innan nefndarinnar um afstöðu til frumvarpsins. Meiri hluti nefndarinnar telur rétt að samþykkja þetta frumvarp í meginatriðum, en leggur þó til, að gerðar verði á því nokkrar breytingar. Eru breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar fluttar á sérstöku þingskjali.

Rök okkar, sem skipum meiri hluta allsherjarnefndar, fyrir stuðningi við frumvarpið eru í grundvallaratriðum eftirfarandi:

1. Með frumvarpinu er mörkuð ákveðin stefna í verðlagsmálum, grundvölluð á frjálsri og virkri samkeppni, sem líkleg er til þess, þegar fram líða stundir, að verða bæði framleiðendum og neytendum til hagsbóta.
2. Samkeppnina á að tryggja með sterku aðhaldi stjórnvalda og verðgæzlu.
3. Ýtarleg ákvæði eru í frumvarpinu um samkeppnishömlur og ráð til að vinna gegn þeim, en lagafyrirmæli á þessu réttarsviði hefur skort til þessa. Þegar samkeppni er takmörkuð eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, er verðgæzluráði heimilt að ákveða hámarksverð og hámarksálagningu svo og verðstöðvun um tiltekinn tíma.
4. Í frumvarpinu eru ýmis nýmæli, sem tryggja rétt neytenda og einstakra atvinnufyrirtækja gegn óbilgjörnum viðskiptaháttum.
5. Hæstiréttur skal skipa tvo menn í þriggja manna nefnd og verðgæzluráð. Með því móti koma til fagleg og hlutlaus sjónarmið við úrlausn verðlagsmála, og er það tvímælalaust til bóta.

Fyrirmyndir að þessu frumvarpi eru sóttar til nágranna okkar á Norðurlöndum, og er ekki að efa, að við getum mikið lært af reynslu þeirra.

Breytingartillögurnar, sem við flytjum á sérstöku þingskjali, beinast einkum að því að gera einstök ákvæði frumvarpsins skýrari og tryggja betur hagsmuni neytenda í nokkrum tilvikum.

Alþingi, 17. marz 1970.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.
Sveinn Guðmundsson, fundaskr.
Ólafur Björnsson.
Auður Auðuns.

Ed. 435. Breytingartillögur [135. mál]

við frv. til laga um verðgæzlu og samkeppnishömlur.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (JÞ, AuA, SvG, ÓB).

1. Við 1. gr. Orðið „hagnaði“ í a-lið falli niður.
2. Við 10. gr. Greinin hljóði svo:
   Verðákvarðanir samkvæmt 1. tl. 7. gr. og verðútreikningar samkvæmt 2. tl. 7. gr. skulu miðast við það, að fyrirtæki, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt, fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu og flutning ásamt afskriftum og vöxtum, þar með taldir vextir af eigin fjármagni. Enn fremur skal taka tillit til áhættunnar við framleiðslu vörunnar og sölu.
3. Við 11. gr. Greinin hljóði svo:
   Verðgæzluskrifstofan skal í því skyni að efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun rannsaka verð og álagningarhætti á einstökum vörum og vöruflokkum og birta greinargerðir og fréttatilkynningar þar um, þegar þurfa þykir. Sérstaka áherzlu ber að leggja á brýnustu lífsnauðsynjar í þessu sambandi.
4. Við 12. gr. Síðari málsl. 1. mgr. hljóði svo:
   Eftirlitið tekur einnig til samninga og samþykkta fyrirtækja um samkeppnishömlur svo og til þess, ef ósanngjörn verðlagning eða álagning gefur til kynna, að samkeppnishömlur eigi sér stað í reynd.
5. Við 16. gr. Aftan við 3. mgr. bætist:
   en heimilt er verðgæzluráði að beita ákvæðum 7. gr. án frumkvæðis þriggja manna nefndar.
6. Við 22. gr. 1. mgr. hljóði svo:
   Verðgæzluráð skal í samráði við hlutaðeigandi samtök setja reglur um að tilgreina á umbúðum magn vörutegunda, sem iðnrekendur, innflytjendur eða stórkaupmenn selja verzlunum í neytendaumbúðum.

Ed. 436. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um endurhæfingu.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og sent það til umsagnar þeirra aðila, sem frv. gerir ráð fyrir að skipi endurhæfingarráð. Nefndin mælir með samþykkt frv., en flytur breytingartillögu á þingskjali 437. Að öðru leyti áskilja nefndarmenn sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 16. marz 1970.

Jón Þorsteinsson, form.	Auður Auðuns, fundaskr.	Axel Jónsson, frsm.
Steinþór Gestsson.	Björn Fr. Björnsson.	Björn Jónsson.

Ed. **437. Breytingartillaga** [118. mál]

við frv. til l. um endurhæfingu.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við f-lið 3. gr. bætist: athuga og gera tillögur um, hvernig almenn endurhæfing og sú endurhæfing fólks með skerta starfsorku, sem lög þessi taka sérstaklega til, verði sem bezt samræmd í framkvæmd.

Nd. **438. Nefndarálit** [125. mál]

um frv. til laga um leigubifreiðar.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta og samþykkt að mæla með því óbreyttu. Einn nm. (SP) var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. marz 1970.

Ásberg Sigurðsson, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Hannibal Valdimarsson.	Sigurvin Einarsson.	Guðl. Gíslason.

Nd. **439. Frumvarp til laga** [78. mál]

um skipan opinberra framkvæmda.

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. marz.)

Samhljóða þskj. 87 með þessum breytingum:

14. gr. hljóðar svo:

Innkaupastofnun ríkisins annast útboð verka svo og reikningshald og greiðslur vegna verka. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, sbr. 23. gr., undirbýr samningsgerð við verktaka.

Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags, er sveitarfélagi heimilt að annast útboð, undirbúa samningsgerð við verktaka og annast reikningshald og greiðslur vegna verksins, ef hlutaðeigandi sveitarfélag hefur til þess fullnægjandi aðstöðu að mati samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, sbr. 22. gr.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir getur áskilið, að sveitarfélag, er sér um útboð vegna framkvæmdar, skuli fá samþykki Innkaupastofnunar ríkisins á útboðslýsingu áður en útboð fer fram.

Þegar framlög til sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélags eru miðuð við ákveðið einingarverð, sbr. II. kafla laga nr. 49/1967 um skólakostnað, annast sveitarfélag útboð og verklega framkvæmd, nema öðruvísi um semjist.

17. gr. hljóðar svo:

Við hvert verk skal framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins ráða einn eða fleiri sérfróða eftirlitsmenn eftir þörfum, er hafi eftirlit með framkvæmd verksamnings. Eftirlitsmenn skulu samþykktir af eignaraðila eða eignaraðilum sameiginlega, ef um fleiri er að ræða. Í sérstöku erindisbréfi skal kveða á um störf og valdsvið eftirlitsmanna. Skýrslur eftirlitsmanna ber að senda öllum aðilum að framkvæmdum og ríkisendurskoðun. Framkvæmdadeildin ber ábyrgð á störfum eftirlitsmanna gagnvart eignaraðilum.

22. gr. hljóðar svo:

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er fjármálaráðuneytinu til ráðuneytis um fjármálalega framkvæmd laga þessara, sbr. I.—III. kafla. Í nefndinni eiga sæti 3 menn: Formaður fjárveitinganefndar Alþingis eða sérstaklega tilnefndur fulltrúi nefndarinnar, forstöðumaður framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins og hagsýslustjóri ríkisins, sem er formaður nefndarinnar. Hlutaðeigandi ráðuneyti hafa rétt til að eiga fulltrúa á fundum, þar sem fjallað er um mál, sem eru innan verksviðs þeirra. Þegar nefndin fjallar um sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélags, á fulltrúi Sambands íslenzkra sveitarfélaga rétt á að sitja fundi hennar, nema sveitarfélag óski sjálft að tilnefna fulltrúa til fundarsetu.

Nefndin hefur það hlutverk að leiða saman sjónarmið eignaraðila opinberrar framkvæmdar á undirbúnings- og framkvæmdastigi og rannsaka frumathugun og áætlunargerð, sem eru undanfari verklegrar framkvæmdar. Nefndin metur aðstöðu einstakra sveitarfélaga til að annast meðferð opinberrar framkvæmdar, sbr. 2. og 3. mgr. 14. gr., og fylgist að öðru leyti með framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberrar framkvæmdar.

Ef nefndin telur, að óþarfa dráttur sé á afgreiðslu máls, sem sameignaraðili sendir hlutaðeigandi ráðuneyti, skal hún hlutast til um, að úr sé bætt.

23. gr. hljóðar svo:

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal koma á fót framkvæmdadeild við Innkaupastofnun ríkisins. Framkvæmdadeildin fer með yfirstjórn verklegrar framkvæmdar, sbr. IV. kafla, nema til komi ákvæði 2. og 3. mgr. 21. gr., og hefur auk þess frumkvæði um stöðlun mannvirkja, eftir því sem við getur átt. Framkvæmdadeildin tekur við starfsemi byggingadeildar menntamálaráðuneytisins og byggingaeftirlits við embætti húsameistara ríkisins.

Heimilt er að fela framkvæmdadeild umsjón með viðhaldi mannvirkja, enda þótt áætlaður kostnaður sé undir þeim talnalegu mörkum, sem getið er í 1. gr.

Ed. 440. Frumvarp til laga [168. mál]

um breyting á lögum nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun, og byggingar í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. marz.)

1. gr.

Á árunum 1970—1971 er ríkisstjórninni heimilt að lækka hvort ár framlög á fjárlögum til landnáms vegna nýbýla skv. 27. gr. laga nr. 75/1962 úr 9.5 milljónum kr. í 3.5 milljónir króna og til íbúðarhúsa á nýbýlum skv. 48. gr. laga nr. 75/1962 úr 2.4 milljónum króna í 0.9 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **441. Lög** [15. mál]

um menntaskóla.

(Afgreidd frá Nd. 17. marz.)

Samhljóða þskj. 385 (sbr. 15).

Nd. **442. Frumvarp til laga** [142. mál]

um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. marz.)

1. gr.

Greiða skal eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem eru í Alþýðusambandi Íslands, eftir því, sem lög þessi ákveða.

Fé til greiðslu eftirlauna þessara greiðist að ¾ hlutum úr atvinnuleysistryggingasjóði og að ¼ hluta úr ríkissjóði.

2. gr.

Rétt til eftirlauna eiga þeir, sem fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum:

a. eru orðnir 55 ára 31. desember 1969.
b. hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Nú tekur maður, sem látið hefur af störfum, upp störf að nýju, og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna, á meðan hann heldur áfram störfum. Slík niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum fyrir hvert almanaksár um sig, en broti úr mánuði sleppt.
c. voru í starfi í árslok 1967, sem verið hefði tryggingarskylt samkvæmt samkomulagi atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969, ef samkomulagið hefði öðlazt gildi 1. janúar 1955.
d. hafa áunnið sér réttindatíma samkvæmt 4. gr., sbr. 6. gr.

3. gr.

Falli félagi frá eftir 31. desember 1969, sem áunnið hefur sér a. m. k. 5 ára réttindi, skal eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 6. grein.

4. gr.

Til réttindatíma félaga skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hann hefur verið að störfum, sem verið hefðu tryggingarskyld, sbr. 2. gr. c, svo og aðeins þann tíma, sem hann hefur verið fullgildur félagi stéttarfélags, sbr. 1. gr. Haldi maður áfram störfum eftir 70 ára aldur, reiknast einnig til réttindatíma hans sá tími, sem hann hefur verið að störfum eftir sjötugt, þó eigi fram yfir 75 ára aldur.

Til réttindatíma telst ekki sá tími, sem maður er að störfum, sem tekið hefur upp störf að nýju eftir að hafa hafið töku eftirlauna. Við úrskurðun makalífeyris skal þó taka tillit til þess tíma fram til 75 ára aldurs hins látna, sem lífeyrir hefur verið felldur niður samkvæmt b-lið 2. gr., og á sama hátt skal réttindatími félaga reiknaður á ný, er hann nær 75 ára aldri.

5. gr.

Fjárhæð eftirlauna miðast við réttindatíma samkvæmt 4. gr., sbr. 6. gr., og meðallaun félagans.

Þegar meðallaun hans eru reiknuð, skal miða við laun, sem iðgjöld hefði átt að greiða af samkvæmt 3. málsgr. 10. gr. samkomulags atvinnurekenda og Al-

þýðusambands Íslands frá 19. maí 1969, samkvæmt skattframtali síðustu fimm almanaksárin áður en hann lét af störfum, en þó skal aldrei miða við hærri árslaun en þau, sem greiða hefði átt iðgjöld af samkvæmt nefndu ákvæði.

6. gr.

Eftirlaun skulu vera eftirfarandi hundraðshluti meðallauna samkvæmt 5. gr.:

Réttindatími	Eftirlaun félaga	Eftirlaun til eftirlifandi maka
5 ár	—	10%
6 —	—	11%
7 —	—	12%
8 —	—	13%
9 —	—	14%
10 —	12.5%	15%
11 —	14.0%	16%
12 —	15.5%	17%
13 —	17.0%	18%
14 —	18.5%	19%
15 —	20.0%	20%
16 —	22.0%	21%
17 —	24.0%	22%
18 —	26.0%	23%
19 —	28.0%	24%
20 —	30.0%	25%

Skemmri réttindatími en 10 ár veitir sjóðfélaga sjálfum ekki rétt til eftirlauna.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt grein þessari. Hafi hlutaðeigandi eftir 19. maí 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann ella hefði átt rétt á úr sjóðnum, dragast frá á sama hátt. Sé um að ræða lífeyrissjóð, sem stofnaður er eftir gildistöku laga þessara, skal frádráttur ekki vera lægri en hann mundi vera samkvæmt þeim reglum, er tíðkast hjá lífeyrissjóðum stéttarfélaga, sem starfræktir voru fyrir gildistöku laganna.

7. gr.

Greiðslur eftirlauna hefjast frá 1. janúar 1970 til þeirra, sem þá eiga rétt til þeirra samkvæmt 2. gr., og til þeirra, sem síðar öðlast rétt til þeirra, frá 1. næsta mánaðar, eftir að þeir öðluðust réttinn.

Eftirlaun greiðast eftir á fyrir hvert greiðslutímabil, er hlutaðeigandi sjóðstjórn ákveður. Þó skal eigi greitt oftar en mánaðarlega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

8. gr.

Stjórnir hlutaðeigandi lífeyrissjóða úrskurða eftirlaun og annast greiðslur þeirra. Eigi hlutaðeigandi eftirlaunaþegi ekki lífeyrisrétt í neinum lífeyrissjóði, skal stjórn lífeyrissjóðs stéttarfélags hans úrskurða eftirlaunin og greiða þau.

9. gr.

Félagsmálaráðherra skipar þrjá menn í nefnd, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin hefur yfirumsjón með úthlutun eftirlauna og úthlutar stjórnum lífeyrissjóða, sbr. 8. gr., fé því, sem þarf til greiðslu eftirlaunanna. Hún úrskurðar og um ágreining, sem upp kann að koma um úrskurðun og greiðslu eftirlauna.

Kostnaði við störf nefndarinnar skal skipt milli atvinnuleysistryggingasjóðs og ríkissjóðs á sama hátt og bótagreiðslum, sbr. 1. gr. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

10. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um ræðir í 9. gr. Í slíkri reglugerð skal m. a. ákveða, hvernig meta skuli til frádráttar samkvæmt 2. málsgr. 6. gr. innstæður hlutaðeigandi í lífeyrissjóðum með séreignaskipulagi. Enn fremur skal þar heimilt að ákveða, að lífeyrir úr lífeyrissjóði komi ekki að fullu til frádráttar eftirlaunum samkvæmt lögum þessum, sbr. 6. gr., ef um er að ræða sjóði, sem greiða hærri lífeyri fyrir stuttan starfstíma en hingað til hefur tíðkazt hjá lífeyrissjóðum stéttarfélaga, eða krefjast iðgjalda af launum umfram þau, sem greiða hefði átt iðgjöld af samkvæmt ákvæðum þeim, sem nefnd eru í 2. málsgr. 5. gr.

11. gr.

Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. janúar 1985.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en eftirlaun samkvæmt lögum þessum greiðast frá 1. jan. 1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórnir stéttarfélaga, sem lög þessi taka til, skulu senda nefnd þeirri, sem um ræðir í 9. gr., skrá yfir þá fullgilda félaga, sem voru í stéttarfélögum þeirra hinn 31. des. 1967 og fæddir eru á árinu 1914 eða fyrr. Skrár þessar skulu afhentar nefndinni fyrir lok febrúarmánaðar 1970.

Gert er ráð fyrir, að endurskoðun fari fram á lögum þessum eftir nokkra byrjunarreynslu af lögunum, ef aðilar samkomulagsins frá 19. maí 1969 eru sammála um, að það sé æskilegt vegna framkvæmdar laganna.

Ed. 443. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til laga um byggingarsamvinnufélög.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Um afgreiðslu málsins hefur nefndin ekki orðið sammála.

Meiri hl. nefndarinnar gerir tillögur um meginbreytingar á frv. og kveður stuðning sinn við frv. mótast munu af því, hvernig þeim breytingartillögum reiðir af.

Við undirritaðir nefndarmenn mælum með samþykkt frv. með örfáum breytingum, en tillögum um þær verður lýst í lok þessa nefndarálits.

Frv. þetta var flutt á Alþingi 1967. Þá var því vísað til ríkisstjórnarinnar með þeim rökum, að yfir stæði þá, árið 1968, heildarendurskoðun húsnæðismálalöggjafarinnar og því treyst, að endurskoðuninni yrði hraðað og henni á því ári lokið. Jafnframt, að við þessa endurskoðun yrði vandlega könnuð sú reynsla, sem fengizt hefði af starfsemi byggingarsamvinnufélaganna og þætti þeirra í lausn húsnæðisvandamálanna, með það fyrir augum að skapa félögunum heilbrigðan og eðlilegan starfsvettvang til frambúðar. Svo mörg voru þau orð.

Eigi er vitað, hve langt heildarendurskoðun þeirri, sem heitið var fyrir nokkrum árum, er komið í dag. Þá er eigi fremur kunnugt, hvort sú endurskoðun hefur

snert þann þátt í byggingarmálum, sem varðar byggingarsamvinnufélög og hina miklu þörf að skapa þeim félagsskap eðlilega og nauðsynlega starfsaðstöðu.

Kunnara er en frá þurfi að segja, hve mikilsverð sú fyrirgreiðsla og aðstoð hefur verið, sem byggingarsamvinnufélögin hafa veitt fjölda fólks um árabil, ekki þá hvað sízt hinum efnaminni. En lengi og ekki sízt hin síðari ár hafa söluerfiðleikar á ríkistryggðum skuldabréfum byggingarsamvinnufélaganna hamlað mjög hagkvæmum rekstri og gengi þessa félagsforms. Starfsemi byggingarsamvinnufélaganna innan húsnæðismálakerfisins hefur samt sem áður haft þvílíka þýðingu, að af opinberri hálfu ber að sýna henni fyllsta skilning og efla hana svo sem framast er kostur.

Í þessu frv. eru aðallega tvenn nýmæli, sem sérstaklega má telja mikilsverð. Annað er það að tryggja byggingarsamvinnufélögum góða fyrirgreiðslu um hentugar lóðir og sveitarstjórnum því gert að skyldu að láta félög þessi sitja fyrir um lóðaúthlutun. Sums staðar er talið, að allverulega hafi skort á, að sveitarstjórnir hafi veitt nægilega greiða og eðlilega aðstoð að þessu leyti. Sérstaklega mun slíkt hafa verið talsvert áberandi áður fyrr, en úr dregið upp á síðkastið og breyting orðið til bóta. Eigi að síður verður þetta nýmæli að teljast eiga fyllsta rétt.

Hið annað nýmæli er til þess ætlað að leysa að nokkru hið mikla fjármögnunarvandamál byggingarsamvinnufélaga og skapa öruggan markað fyrir nokkurt magn skuldabréfa þeirra, sem félögin gefa út árlega og tryggð eru með ríkisábyrgð. Í frv. er því lagt til, að Seðlabanka Íslands sé gert að skyldu, ef þörf krefur, að kaupa árlega á nafnverði hin ríkistryggðu skuldabréf félaganna fyrir eigi lægri fjárhæð en 75 millj. króna.

Við lítum svo á, að brýn þörf sé þessarar fyrirgreiðslu af Seðlabankans hálfu, svo mikilsvarðandi verkefni sem hér þarf að vinna að. Þá er það ekki svo lítils virði, ef unnt væri um leið að styðja að atvinnuaukningu í byggingariðnaðinum á tímum atvinnuleysis og landflótta af þess völdum.

Við teljum, að Seðlabankinn sé þess umkominn að standa undir þessari kvöð, ef vilji væri fyrir hendi. Einnig er það okkar skoðun, að eigi þyrfti bankinn þessa vegna að taka svo nærri sér, að hann brysti afl og yrði verulegum vandkvæðum bundið að sinna öðrum eigi síður mikilvægum verkefnum.

Umsögn Landsbankans hefur borizt um þetta umrædda ákvæði í frv. Þar segir m. a.:

„Seðlabankinn er efnislega mótfallinn umræddu ákvæði (þ. e. D-lið 4. gr.). Hann telur, að það hljóti að verða mat bankastjórnar Seðlabankans hverju sinni, hvort bankinn veiti slíka fyrirgreiðslu, enda hlýtur slíkt að fara eftir peningalegum aðstæðum og efnahagsástandi á hverjum tíma.“

Í þessu máli viljum við leggja það undir dóm Alþingis, hvert sé mat þess á greindu ákvæði, og að nokkru reyna á það, hvort sú skoðun fái staðizt, að seðlabankastjórnin geti ætíð og hvernig sem á stendur ráðið um það, hvern fjárhagslegan styrk eða fyrirgreiðslu bankinn veitir hverju sinni, án hliðsjónar af mati Alþingis.

Við látum umsögn bankans að þessu leyti liggja milli hluta og mælum með samþykkt frv. með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. C. Síðasti málsliður falli niður.
2. Við 4. gr. D. Í stað „B-lið“ komi: C-lið.
3. Við 7. gr. B. Niðurlagsorðin „ef hlutaðeigandi lánaflokkur óskar þess“ falli niður.

Alþingi, 17. marz 1970.

Björn Fr. Björnsson, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Nd. **444. Frumvarp til laga** [185. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 83 29. des. 1967 og lög nr. 7 6. marz 1969.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Úr 49. gr. laganna, f-lið (sbr. 7. gr. l. nr. 83/1967 og 2. gr. l. nr. 7/1969) falli niður orðin „umfram 7 daga“, en greinin verði óbreytt að öðru leyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 49. grein laganna um almannatryggingar er það margtekið fram, að sjúkrasamlög, héraðssamlög og sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar tryggi ókeypis sjúkrahúsvist að læknisráði.

Í upphafi greinarinnar segir svo:

„Sjúkrasamlög kaupstaðanna og héraðssamlögin tryggja ókeypis vist að ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi, sem samizt hefur við, sbr. 51. gr., eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálp og lyfjum, svo og annarri þjónustu, sem sjúkrahúsið veitir. Greiðsla samlags fellur þó niður, þegar sjúkrahúslega hefur orðið lengri en 12 mánuðir undanfarandi 2 ár, sbr. næstu málsgrein.“

Enginn getur af orðalagi þessarar málsgreinar dregið aðra ályktun en þá, að öll sjúkrahúsvist sé greidd af tryggingunum. Sé þó einhver í vafa um það, ættu efasemdir um slíkt að hverfa við lestur næstu málsgreinar sömu lagagreinar. Sú málsgrein er þannig:

„Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar tryggir samlagsmönnum sjúkrasamlaga nauðsynlega sjúkrahúsvist, sbr. 1. málsgr., þann tíma, sem samlög tryggja hana ekki samkvæmt þeirri málsgrein,“ þ. e. lengri sjúkrahúslega en 12 mánuðir á 2 árum.

Nú ætti þó allt að vera pottþétt um greiðslu sjúkrahúsvistar, án undantekninga. En bíðum við. Í næstu málsgrein 49. gr. er hátíðlega yfir lýst, að sjúkratryggingadeild tryggi ókeypis alla nauðsynlega sjúkrahúsvist, ásamt hjúkrun, læknishjálp og lyfjum vegna ellikramar og langvinnra sjúkdóma. — En eftir þessa ýtarlegu réttindaupptalningu er því þó bætt við, að fávitar séu undanskildir.

En í beinu framhaldi af þessu er enn vikið að réttindum þeim, er samlagsmenn skuli njóta. Þar segir orðrétt:

„Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Auk þeirra réttinda, sem um ræðir í 1. málsgr. þessarar greinar, skal sjúkrasamlag þó ætíð veita þá hjálp, sem hér er talin.“

Síðan eru skyldurréttindi samlaganna talin upp í bókstafsliðum frá a—h.

Hér skal staðnæmzt við f-liðinn. Hann er orðrétt á þessa leið:

„f. Dvöl umfram 7 daga vegna fæðingar í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun.“

Því miður er innihald þessa bókstafsliðar í harla litlu samræmi við inngangsorðin. Í honum felast ekki réttindi, heldur svipting réttinda, því að með orðunum „umfram 7 daga“ er nálega öllum kostnaði af sjúkrahúsvist vegna fæðingar létt af tryggingunum og hann lagður á herðar hinum fæðandi konum sjálfum. Aðferðin við það er svo sú að láta þær gefa skriflegt afsal fyrir fæðingarstyrknum til greiðslu á sjúkrahúskostnaðinum, eins og nú er frægt orðið að endemum.

Frumvarp þetta er um það eitt að fella orðin „umfram 7 daga“ niður úr f-lið 49. greinar tryggingalaganna, þannig að hann hljóði svo: „Dvöl vegna fæðingar í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun.“

Með þessari, að því er virðist, smávægilegu orðalagsbreytingu er það gert ótvírætt, að sjúkrasamlagi er ætíð skylt að greiða dvöl vegna fæðingar á sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun, en efnislega er það engin smábreyting á tryggingalöggjöfinni og framkvæmd hennar, ef að lögum verður.

Er þess að vænta, að háttvirt Alþingi láti ekki lengur dragast en orðið er að afmá það stórlýti af íslenzkri tryggingalöggjöf, að verðandi mæður séu einar ásamt „fávitum“ sviptar þeim sjálfsagða rétti að fá sjúkrahúsdvöl að læknisráði greidda að fullu.

Ed. 445. Tillaga til þingsályktunar [186. mál]

um athugun á hafnargerð í Þjórsárósi.

Flm.: Karl Guðjónsson, Björn Fr. Björnsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara rannsókn á möguleikum til hafnargerðar í Þjórsárósi og kostnaði við það mannvirki.

Sérstök áherzla verði á það lögð í rannsókninni að kanna, hverja nýja möguleika það mundi skapa til hafnargerðar, ef stórauknu vatnsmagni yrði veitt í Þjórsá, eins og ráðagerðir eru nú uppi um í sambandi við frekari orkuvirkjanir í fljótinu.

Greinargerð.

Hin sendna suðurströnd Íslands hefur lengi þótt óárennileg til hafnargerðar, enda er þar fátt hafna og smáar þær sem eru. Engin höfn er til miðsvæðis á Suðurlandsundirlendinu.

Þetta hefur um aldir knúið íbúa suðurlandsbyggðanna til að sækja verzlun sína um óravegu, oft yfir fjöll og firnindi, bæði að því er varðar inn- og útflutning og nú raunar í ríkara mæli en fyrr á öldum.

Með tilliti til þess, að einhver auðugustu fiskimið, sem þekkt eru á jarðkúlunni, liggja fyrir suðurströndinni, svo og hins, að inn- og útflutningur Sunnlendingafjórðungs verður miklum mun dýrari, þyngri í vöfum og á allan hátt erfiðari vegna þess, hve góðar og fullkomnar hafnir eru fjarlægar, er augljóst, að til mikils væri að vinna, ef fundinn yrði möguleiki til að byggja fullkomna og stóra verzlunar- og fiskihöfn miðsvæðis á suðurströnd Íslands. En öllu öðru fremur er leitin að þessum möguleika brýn sökum þess, að orka fallvatnanna, einkum Þjórsár, er nú þegar og mun í vaxandi mæli verða grundvöllur að miklu flutningsmagni að og frá landinu.

Það hefur að vísu þegar verið stigið fyrsta skrefið í því að flytja orku Þjórsár um óravegu, meira að segja um fjöll og óbyggðir, til að byggja upp útflutningsiðnað, og byggð hefur verið við vesturenda orkuveitunnar ný höfn vegna þess iðnaðar, enda kallar hann á mikla hafnarþjónustu. En telja má víst, að orkuvinnslan við Þjórsá eigi enn eftir að aukast og skapa stórmikla flutningaþörf á sjó.

Eðlilegast væri að flytja orku Þjórsár ekki lengra en þörf er á, og alveg sérstaklega ber að líta á það, hvort samhliða hafnarþörf vegna nýrrar framleiðslu væri ekki einnig hægt að leysa það gamla íslenzka þjóðfélagsvandamál, sem hafnleysi suðurstrandarinnar er.

Ekki er kunnugt, að nokkru sinni hafi farið fram rannsókn á Þjórsárósnum með tilliti til hafnargerðar þar, nema hvað aðilar á snærum Bandaríkjahers munu hafa gjóað þangað auga, um leið og þeir skoðuðu möguleika til hafnargerðar í Þykkvabænum. Sjálfsagt hafa menn talið víst, að Þjórsárhraunið svonefnda væri svo samtengt ánni og ármynninu, að þar mundi vonlaust að fá nauðsynlegt dýpi til hafnargerðar. En þegar nánar er svipazt um, virðist þessu hreint ekki þannig farið. Þvert á móti er líklegast, að fremsti hluti árinnar og ósinn liggi austan við

hraunbrúnina með miklu dýpi niður á fast. Benda nýjustu íslenzku sjókortin eindregið til þessa.

Eftir standa þá þau gömlu tormerki sunnlenzkrar hafnargerðar, sem felast í óbrotinni úthafsöldu og miklum sandflutningi brimróts og strauma.

Auðvitað eru þetta stórvandamál og illviðráðanleg, ef menn geta ekki hugsað sér annars konar hafnargerð en rammgera grjót- eða stálgarða byggða fram í úthafið, svo langt, að höfnin verði pollur í úthafinu innan þeirra.

En til eru hafnir gerðar með allt öðrum hætti. Flestar stórhafnir heimsbyggðarinnar eru raunar í árósum eða við vatnsmikil fljót.

Vesturströnd Evrópu svipar til suðurstrandar Íslands að því leyti, að hún er lág og sendin og stór hluti hennar liggur að opnu úthafi. Samt fer því fjarri, að hún sé hafnlaus. Þvert á móti eru þar miklar hafnir og ágætar. En þær eru ekki byggðar út í hafið.

Gott dæmi um þetta er höfnin í Rotterdam, sem nú er raunar stærsta höfn heimsins að því leyti, að um hana fer árlega meira flutningsmagn en um nokkra aðra höfn. Hún er við mynni Maasfljóts á sendinni strönd Hollands.

Höfnin var hart leikin í síðasta stríði og þarfnaðist endurbyggingar eftir stríðið. Ekki var meira grjót notað til þeirrar hafnargerðar en svo, að það efnismagn, sem sótt var til Belgíu og Svíþjóðar, varð að duga. Hinir miklu hafnarbakkar liggja raunar uppi í landinu, og eru skipaleiðirnar að þeim og í milli þeirra að mestu leyti gerðar með uppgrefti eða með sand- og jarðvegsdælum. Fljótið er sem sagt aðalgrundvöllur fyrir hafnargerðinni.

Á Íslandi hefur til þessa verið lítið um stórfljót með sæmilega jöfnu rennsli, og mun það helzta orsök þess, að gerð hafnarmannvirkja hér hefur til þessa lítið beinzt að árósunum, þótt Höfn í Hornafirði sé þar undantekning.

Nú er rætt um að veita í Þjórsá mörgum ám, sem nú renna til sjávar á öðrum stöðum, jafnvel í öðrum landsfjórðungum. Einnig mundi rennsli árinnar þá verða jafnað með uppistöðum. Ef af framkvæmdum verður, munu ekki einungis skapast nýir atvinnumöguleikar í landinu vegna raforkuframleiðslunnar, heldur er og líklegt, að við það sköpuðust möguleikar, sem aldrei áður hafa verið til á Íslandi, fyrir stórri höfn á suðurströnd landsins.

En í grennd þeirrar hafnar hlyti auðvitað að rísa bær eða borg, sem þá hefði beztu aðstöðu atvinnulífsins. Hún væri í nálægð blómlegustu landbúnaðarhéraðanna, gjöfulustu fiskimiðanna og við stærstu orkulindirnar, en í viðskiptum væri þar möguleiki til að bæta úr brýnni þörf íbúa heils landsfjórðungs.

Við flutningsmenn teljum hiklaust, að hér sé um svo stóran hugsanlegan möguleika að ræða fyrir hagsmuni þjóðarinnar, að það væri óverjandi að láta undan dragast að rannsaka hann af gaumgæfni.

Sþ. 446. Þingsályktun [30. mál]

um aukna hagnýtingu á saltsíld.

(Afgreidd frá Sþ. 18. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 5 manna nefnd, er rannsaki möguleika á aukinni hagnýtingu saltsíldar til útflutnings. Þessi rannsókn beinist að framleiðslu á síldarflökum og sölu á þeim í smápakkningum. Eftirtaldir aðilar tilnefni sinn manninn hver í nefndina: Síldarútvegsnefnd, Landssamband ísl. útvegsmanna og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, en félög síldarsaltenda sameiginlega einn mann. Viðskiptaráðherra skipar fimmta mann nefndarinnar án tilnefningar, og skal sá maður jafnframt vera formaður hennar. Nefndin skili tillögum sínum eigi síðar en í maílok 1970.

Nd. 447. Frumvarp til laga [187. mál]

um fjárhagsstuðning við útgáfu erlendra öndvegisrita á íslenzku.

Flm.: Ingvar Gíslason, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Markmið laga þessara er að styðja útgáfu íslenzkra þýðinga erlendra öndvegisrita, sem teljast hafa alþjóðlegt menningargildi.

2. gr.

Veita skal í þessu skyni 1 milljón króna á fjárlögum árlega, í fyrsta sinn á fjárlögum fyrir árið 1971.

3. gr.

Úthlutunarnefnd, skipuð 5 mönnum, ráðstafar fé því, sem um ræðir í 2. gr.

Ráðherra skipar úthlutunarnefnd til fjögurra ára í senn þannig, að einn skal tilnefndur af Háskóla Íslands, einn af menntamálaráði, einn af Hinu íslenzka bókmenntafélagi og Þjóðvinafélaginu í sameiningu, einn af Bóksalafélagi Íslands, en einn skipar ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Úthlutunarnefnd setur sér sjálf starfsreglur í samráði við ráðherra. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í nefndinni. Á nefndin allt mat um það, hver verk séu hæf fjárstuðnings samkv. lögum þessum og hversu mikils. Heimilt skal úthlutunarnefnd að semja við útgefanda, einn eða fleiri, um tiltekna útgáfu og verja ráðstöfunarfé sínu í samræmi við það.

4. gr.

Ráðherra ákveður nefndarmönnum samkv. 3. gr. þóknun. Allur kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sá er megintilgangur þessa frumvarps, ef að lögum yrði, að ríkissjóður styrki eftir ákveðnum reglum menningarlega þýðingastarfsemi í landinu og útgáfu erlendra öndvegisrita á íslenzku.

Þrátt fyrir mikla bókaútgáfu hérlendis og talsvert umfangsmikla þýðingastarfsemi orkar menningargildi þýðinga mjög tvímælis. Á því sviði fer yfirleitt meira fyrir magni en gæðum. Ekki skulu hér raktar allar ástæður þess, að jafnan gætir meira þýðinga lítilsverðra ritverka en þeirra, sem veigameiri verða talin. Þó má fullyrða, að fjárhagsástæður bókaútgefenda ráði þar miklu. Yfirleitt er bókaútgáfa áhættufyrirtæki og varla við öðru að búast en að bókaútgefendur hyllist til að gefa út verk, sem þeir vita skjótan markað fyrir og ekki eru of kostnaðarsöm í þýðingum og útgáfu. Eigi að síður eru flestir bókaútgefendur sér þess meðvitandi, að á þeim hvílir nokkur skylda í þessu sambandi. Rétt er að koma til móts við slíka útgefendur með stuðningi af ríkisfé, án þess að stefnt sé að ríkisútgáfu að neinu leyti.

Samkvæmt 2. gr. frv. skal árlega veita eina milljón króna á fjárlögum í þessu skyni, og samkvæmt 3. gr. skal sérstakri fimm manna úthlutunarnefnd, sem í eigi sæti fyrst og fremst fulltrúar menningarstofnana, falið að ráðstafa fjárveitingunni. Að dómi flm. er nefndarskipun af þessu tagi heppilegri í þessu tilviki en pólitísk skipan úthlutunarnefndar.

Sú er von flm., að framkvæmd þeirrar hugmyndar, sem hér er hreyft, verði til þess að örva útgáfu erlendra öndvegisrita í vönduðum þýðingum, enda ber til þess ærna nauðsyn. Þrátt fyrir almennari málakunnáttu nú en áður, eru ekki líkur til þess, að hún endist öllum til þess að notfæra sér erlend fræðirit um sérgreind og torskilin efni, og kemur þar margt til, m. a. það, sem alkunna er, að venjulegt tungumálanám í skólum er takmörkum bundið að efni og orðaforða. Öllum þorra manna er óefað miklu aðgengilegra að lesa bækur á móðurmáli sínu en erlendri tungu, sem menn hafa misgott vald á. Á það einkum við um bækur, sem leggja þarf alúð við að lesa vegna torskilins eða framandi efnis.

Þýðingar eru vanræktur þáttur í bókmenntum Íslendinga, ekki síst að því leyti, hversu tilviljanakennd útgáfa þýðinga er og hversu einhæfar og fáskrúðugar þýðingarnar eru. Er illt til þess að vita, að ýmis af áhrifamestu ritverkum heimsbókmenntanna, ekki síst í heimspeki, þjóðfélagsvísindum, náttúrufræði og stærðfræði, eru ekki til á íslenzku. Má ætla, að þessi skortur þýðinga erlendra öndvegisrita hafi haft mjög víðtæk áhrif á fræðileg viðhorf og þekkingarsvið Íslendinga, sem annars eru áhugasamir um bóklestur og sjálfsmenntun. Er það margra mál, að Íslendingar séu fróðleiksfúsari en ýmsar aðrar þjóðir og sjálfsmenntun algengari hér á landi en víðast hvar annars staðar. Ef sú fullyrðing á við rök að styðjast, er augljóst, að Íslendingum er meiri nauðsyn en öðrum að eiga aðgang að þeim þekkingarmiðlum, sem auðveldast er að færa sér í nyt, en þar eru bækur í fremstu röð.

Nd. 448. Framhaldsnefndarálit [45. mál]

um till. til þál. um rannsóknarnefnd vegna Búrfellsvirkjunar.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Eftir að meiri hl. fjárhagsnefndar skilaði áliti sínu á þskj. 365 um þingsályktunartillögu þessa, bárust nefndinni greinargerðir, sem meiri hl. hennar telur rétt að birta í þingskjali. Af þeim ástæðum er þetta framhaldsnefndarálit ásamt fylgiskjölum út gefið.

Alþingi, 15. marz 1970.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Pálmi Jónsson.
Guðl. Gíslason.

Fylgiskjal I.

LANDSVIRKJUN

Til formanns Fjárhagsnefndar
neðri deildar Alþingis.

6. marz 1970.

Hjálagt fylgir greinargerð eftir Guðmund Vigfússon. Á fundi stjórnar Landsvirkjunar 5. þ. m. óskaði Guðmundur eftir því, að greinargerðin yrði bókuð og jafnframt send fjárhagsnefnd.

Á næsta fundi stjórnar Landsvirkjunar mun ég og formaður stjórnarinnar óska eftir bókun í tilefni af þessu, þar sem m. a. eftirtalið mun koma fram:

1. Guðmundur gerir grein fyrir áætluðu meðalkostnaðarverði á selda kWst árin '70—'74 og segir því næst, að á þessum árum verði verðið til ISAL 22 au/kWst. Þetta er rangt, því verðið verður 26.4 au/kWst á þessu árabili. Guðmundur lætur

þess ekki getið, að án álbræðslunnar hefði áætlað meðalkostnaðarverð á kWst ekki orðið lægra en 224 aurar 1970, 143.5 aurar 1971, 105.5 aurar 1972, 84.5 aurar 1973 og 77.8 aurar 1974. Ætti þetta eitt út af fyrir sig að nægja sem svar við þeirri fullyrðingu Guðmundar, sem fram kemur í greinargerðinni, að samningarnir við ISAL séu mjög óhagstæðir fyrir Landsvirkjun og orsaki ómótmælanlega hærra verð en ella á þeirri raforku, sem Íslendingar sjálfir nota.

2. Guðmundur segir, að í greinargerð, sem lögð var fyrir Alþingi, hafi verið reiknað með, að árlegur rekstrarkostnaður af Búrfellsvirkjun yrði 9.2% af stofnkostnaði. Hér mun átt við greinargerð þá, sem fylgdi Landsvirkjunarfrumvarpinu, en sú greinargerð miðaðist fyrst og fremst við að bera saman mismunandi virkjunarleiðir, og skipti þá litlu máli, hvort notuð var prósentan 8.5 eða 9.2 eða 9.5, svo dæmi séu nefnd. Fyrir þessu máli höfum við áður gert fjárhagsnefnd grein.
3. Guðmundur segir, að í greinargerð, sem lögð var fyrir Alþingi, hafi verið reiknað með, að árleg afköst Búrfellsvirkjunar yrðu 1635 millj. kWst, en nú héldu formaður og framkvæmdastjóri fram, að þau væru 1720.

   Í greinargerð, sem fylgdi Landsvirkjunarfrumvarpinu, er útdráttur úr lokaskýrslu Harza um Búrfellsvirkjun. Þar stendur skýrum stöfum, að áætluð ársorka sé 1720 millj. kWst, mæld við Geithals, og sama tala er notuð í greinargerðinni með álfrumvarpinu. Guðmundur notar eldri tölu, sem úrelt var orðin, þegar til afgreiðslu mála kom.
4. Guðmundur telur, að skrifa beri allan stofnkostnað gasaflstöðvarinnar á Búrfellsvirkjun. Fyrir þessu höfum við áður gert fjárhagsnefnd grein, og vil ég því aðeins benda á, að jafnvel þó að aðferð Guðmundar sé notuð, þá haggar það í engu þeirri meginniðurstöðu, að samningurinn við ISAL sé til mikilla hagsbóta fyrir rafmagnsnotendur og landsmenn í heild.
5. Guðmundur víkur að lántökuheimildinni vegna síðari áfanga Búrfellsvirkjunar. Fyrir því máli var fjárhagsnefnd gerð sérstök grein samkvæmt fyrirspurn Þórarins Þórarinssonar, alþingismanns.

Allra virðingarfyllst,

E. Briem,
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal II.

Á stjórnarfundi Landsvirkjunar 11. des. 1969 var rætt um þingsályktunartillögu, sem flutt er á Alþingi um skipun þingkjörinnar nefndar til að fjalla um stofnkostnað Búrfellsvirkjunar og hagkvæmni orkusölusamningsins við ISAL. Formaður stjórnar Landsvirkjunar lagði þá fram greinargerð frá sér og framkvæmdastjóra um stofnkostnað og fjármál Búrfellsvirkjunar, dags. 5. des. 1969, sem hann lagði til að stjórnin samþykkti og yrði afhent fjárhagsnefnd.

Ég lagði þá fram rökstudda tillögu um frestun á afgreiðslu greinargerðar formanns og framkvæmdarstjóra. Jafnframt lagði ég til, að stjórnin samþykkti að lýsa því yfir og tilkynna það Alþingi, að hún hefði ekkert við það að athuga, og væri því raunar meðmælt, að þingkjörin nefnd rannsakaði stofnkostnað Búrfellsvirkjunar og önnur þau atriði, er mestum ágreiningi hafa valdið í umræðum um þessi mál.

Tveir stjórnarmanna óskuðu þá eftir fresti til að athuga greinargerðina nánar, og var orðið við þeim tilmælum.

Á stjórnarfundi Landsvirkjunar 15. janúar s. l., en á þeim fundi var ég ekki mættur vegna veikindaforfalla, kvað stjórnarformaður „sig og framkvæmdarstjóra ráðgera að afhenda nefndinni skýrslu þá, er þeir hefðu lagt fram á stjórnarfundi hinn 11. des. 1969 og fjallaði um stofnkostnað og fjármál Búrfellsvirkjunar, og

mundu þeir afhenda hana í sínu nafni. Var ekki hreyft athugasemdum við því", eins og segir í umræddri fundargerð.

Í tilefni af þessari meðferð málsins og afhendingu greinargerðarinnar til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, svo og vegna þess, að greinargerðin hefur á opinberum vettvangi verið kynnt sem „greinargerð Landsvirkjunar" (sbr. Mbl. 4. þ. m.), vil ég taka fram eftirfarandi:

Ég er ósammála ýmsum veigamiklum atriðum í greinargerð formanns og framkvæmdarstjóra og niðurstöðum hennar, ekki sízt staðhæfingum hennar og kenningum um hagkvæmni sölusamninganna við ISAL. Tel ég þá samninga mjög óhagstæða fyrir Landsvirkjun og orsaka ómótmælanlega hærra verð en ella á þeirri raforku, sem Íslendingar sjálfir nota. Er þetta ljóst af þeim mikla verðmun, sem er á raforkunni til ISALs og því, sem Íslendingar greiða fyrir raforkuna, og á þó sá munur eftir að koma enn skýrar í ljós.

Í sambandi við greinargerðina vil ég að öðru leyti benda á eftirfarandi atriði:

1. Í greinargerðinni er meðalkostnaðarverð á selda kílówattstund með sölu til ISALs talin nema 47.4 aurum 1970, 41.3 aurum 1971, 31.9 aurum 1972, 24.7 aurum 1973 og 22.7 aurum 1974. Söluverð til ISALs verður hins vegar 22 aurar á kílówattstund. Er því á þessum árum um augljóst og viðurkennt tap að ræða á viðskiptunum við ISAL, sem réttmætt sýnist að reiknað sé inn í heildarviðskiptin, þótt því væri dreift á lengra tímabil.

2. Í greinargerð, sem lögð var fyrir Alþingi, var reiknað með því, að árlegur rekstrarkostnaður af Búrfellsvirkjun yrði 9.2% af stofnkostnaði og þyrfti að bæta við þá upphæð, óhjákvæmilegum hagnaði. Engin rök eru fyrir því að lækka þessa áætlun, enda er sú lækkun ekki í samræmi við þau lánakjör, sem um hefur verið samið.

3. Í greinargerð, sem lögð var fyrir Alþingi, var reiknað með því, að árleg afköst Búrfellsvirkjunar yrðu 1635 milljónir kílówattstunda. Í greinargerð formanns og framkvæmdarstjóra er sú áætlun nú hækkuð upp í 1720 milljónir kílówattstunda án nokkurs sérstaks rökstuðnings. Sú hækkun virðist óraunsæ, þar sem nýting á raforku til innlendra viðskiptavina getur aldrei orðið slík, að þau afköst náist. Þaðan af síður tel ég raunsætt, að framleiðslan geti aukizt í 1970 milljónir kílówattstunda, þótt miðlunarmannvirki verði gerð við Þórisvatn.

4. Gasaflsstöðin var byggð samkvæmt sérstakri kröfu álbræðslunnar og er starfrækt í hennar þágu. Fráleitt er annað en reikna með kostnaði við gasaflsstöðina að fullu við útreikning á raforkuverði frá Búrfellsvirkjun.

5. Vorið 1969 var lagt fyrir Alþingi frumvarp um lántökuheimild vegna síðari áfanga Búrfellsvirkjunar og var sá kostnaður áætlaður 7.5 milljónir dollara. Í greinargerð formanns og framkvæmdarstjóra er kostnaður við síðari áfanga nú áætlaður 4.09 milljónir dollara, án þess að sú lækkun sé rökstudd með neinu öðru en óskilgreindum „flutningi framkvæmda milli virkjunarstiga".

Það er ósk mín, að ofangreind bókun verði færð í fundargerðabók stjórnar Landsvirkjunar, og enn fremur, að hún verði send fjárhagsnefnd neðri deildar.

Reykjavík, 4. marz 1970.

Guðmundur Vigfússon.

Ed. 449. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til laga um verðgæzlu og samkeppnishömlur.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur ekki orðið sammála um frumvarpið, og vill meiri hl. samþykkja það með nokkrum breytingum, en 2. minni hluti telur samþykkt frumvarpsins ekki tímabæra og vill vísa málinu frá að þessu sinni með rökstuddri dagskrá þar um.

Ég tel, að frumvarpið miði ekki að bættum háttum í verðlagsmálum frá því, sem nú er í gildi, og er ég því andvígur frumvarpinu og legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 19. marz 1970.

Karl Guðjónsson.

Ed. 450. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur haft þetta mál til athugunar. Leggur meiri hl. til, að málið verði samþykkt óbreytt, en minni hluti mun skila sérálitum.

Frv. þetta fjallar um stækkun álbræðslunnar við Straumsvík og að flýta framkvæmdum frá því, sem áður var ákveðið.

Augljóst er, hversu orkusala frá Búrfellsvirkjun til álbræðslunnar hefur gert virkjunarframkvæmdir hagkvæmari en ella. Sýnilegt er einnig, að þessi viðbótarsamningur við Swiss Aluminium Ltd. bætir rekstrarafkomu Landsvirkjunar á næstu árum og flýtir fyrir greiðslu hafnarframkvæmda í Straumsvík. Aukin atvinna við stækkunarframkvæmdir og framleiðslu áls ætti að vera nægilega mikil rök þess, auk orkusölu og framleiðslugjalds, að hér er um þjóðhagslega mikilvægt mál að ræða, sem allir hljóta að fagna.

Alþingi, 19. marz 1970.

Sveinn Guðmundsson, form., frsm.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.
Auður Auðuns.
Jónas G. Rafnar.

Ed. 451. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til laga um verðgæzlu og samkeppnishömlur.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Í gildandi verðlagslöggjöf eru engin bein fyrirmæli um íhlutun ríkisvaldsins um verðlagsmál. Hins vegar er heimild til handa verðlagsnefnd að hafa áhrif á verðlagsþróunina, þegar hún telur það þjóðfélagslega nauðsyn. Hinn sérstaki háttur, sem

hafður hefur verið á um skipan verðlagsnefndar, hefur átt að tryggja markaðsaðilum eðlilega og sanngjarna úrlausn.

Eigi að síður hefur gætt óánægju af hálfu verzlunarinnar á undanförnum árum með framkvæmd verðlagslaga. Hún hafi oft á tíðum verið handahófskennd, ósanngjörn og því farið víðs fjarri, að verðlagsnefnd hafi tekið nægilegt tillit til rökstuddra ábendinga, sem skv. lögunum hefði átt að leggja til grundvallar verðlagsákvörðunum.

Tvennt er það, sem telja verður höfuðatriði gildandi verðlagslöggjafar. Í fyrra lagi: Þegar ákvarðanir skal taka um verðlag, ber að hafa mið af þörfum þeirra fyrirtækja, sem hafa hagkvæman og skipulagðan rekstur. Í annan stað: Stjórnvöldum ber að veita almenningi þá sjálfsögðu vernd, að eigi sé hömlulaust, hvert verðlag er, og þess vegna er þeim fengin íhlutunarheimildin. Þá fer það ekki á milli mála, að við framkvæmdina verður af þekkingu og ýtrustu varúð að beita hlutlægu mati á hagsmunum markaðsaðila, eins og háttar á hverjum tíma, og gæta fyllstu sanngirni, svo viðkvæm sem verðlagsmálin eru. Á tímum margendurtekinna gengisfellinga, magnaðrar verðbólgu, síaukinnar dýrtíðar ásamt hraðminnkandi kaupgetu almennings hlýtur allur vandi í þessum efnum að vaxa hröðum skrefum og allrar varfærni því þörf. Kaupgjald, verðlag landbúnaðarvara o. fl. er búið þröngum stakki. Því ætti almennu vöruverðlagi eigi að vera haldið innan hóflegra marka?

Hafi sú gagnrýni verið réttmæt, sem verðlagsnefnd og þeir, sem í hennar umboði starfa, hafa sætt, þá er líklegt, að þær breytingar megi gera á framkvæmd gildandi verðlagslöggjafar, að úr megi bæta, verði af fullri alvöru gengið til þess verks.

Í séráliti fulltrúa Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins er einmitt vikið að þeirri gagnrýni, sem verið hefur á framkvæmd verðlagslaganna, og viðurkennt, að starfshættir, sem tíðkazt hafa, „séu allt annað en fullkomnir“. Mætti því ætla, að þessir aðilar væru ekki ófúsir að leggja sitt af mörkum til að sníða af þá agnúa, sem kunna að vera á framkvæmdinni.

Eins og háttar, sýnist því engin þörf þess lagafrumvarps, sem hér er til afgreiðslu.

Í greinargerð frv. segir, að nefndin, sem hafði undirbúning þess á hendi, hafi ekki tekið afstöðu til þess, hvenær lögin, ef til kæmi, ættu að öðlast gildi. Hefur ríkisstjórnin því tekið af skarið og lagt til, að þau tækju gildi einu ári eftir staðfestingu. Ástæðan til þessa undarlega ákvæðis er talin m. a. vera sú, hversu nýmælið um samkeppnishömlur sé vandasamt í meðförum og þurfi langan aðdraganda, áður en framkvæmd hefjist.

Það fer auðvitað ekki hjá því, að mörgum detti fyrst í hug, að stjórnarflokkarnir séu með þessum óvenjulega hætti að skjóta sér undan framkvæmdinni, svo lengi sem þeir telja sér kost. Tvennar kosningar eiga að líða hjá, áður en til framkvæmda kemur, sveitarstjórnarkosningar 1970 og reglulegar alþingiskosningar 1971. Þá er ekki þess að dyljast, að fram undan kann að vera harðvítug kjarabarátta, sem flestar eða allar launastéttir eiga þátt að. Er stjórnarflokkunum hentugra að geyma framkvæmdina þess vegna?

Það þarf engan að undra, þó að ýmsum þyki kenna sýndarmennsku nokkurrar með framlagningu frumvarpsins, þegar þannig er umhorfs.

Um frv. skal þetta fram tekið: Fanga til þess hefur víða verið leitað, að því er talið er, en aðallega mun það vera þýðing úr danskri löggjöf, sem um margt á við allt aðrar þjóðfélagsástæður en hér ríkja. Erlendur ráðunautur mun hafa haft úrslitaáhrif um endanlegt efni frv. Hvað sem öðru líður, eru þar ýmis ákvæði torskilin og annarleg. Um framkvæmdir er allt óljóst og verkanir þeirra, ef til kæmi. Eins og háttar í efnahagsmálum þjóðarinnar, verður að telja óþarft að tefla fram slíkri lagasmíð og það því fremur þar eð ætla má, að á grundvelli gildandi verðlagslöggjafar megi lagfæra þá galla, sem kunna að hafa verið á framkvæmdinni.

Með skírskotun til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir okkur eðlilegt og rétt, að málsmeðferð ljúki hér í deild við svo búið og málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ætla má, að koma megi verðlagsmálum í viðunandi horf með breytingu á framkvæmd gildandi verðlagslaga, sem nokkurri gagnrýni hefur sætt, og **þar sem** álíta verður næsta óeðlilegt að samþykkja á þessu þingi frumvarp þetta, sem ekki er ætlað að öðlast lagagildi fyrr en á síðari hluta árs 1971, þ. e. eftir næstu reglulegar alþingiskosningar, telur deildin ekki rétt að halda áfram meðferð málsins og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. marz 1970.

Björn Fr. Björnsson, frsm. Einar Ágústsson.

Ed. 452. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarpið fjallar um staðfestingu á viðaukasamningi, sem ríkisstjórnin hefur gert við Swiss Aluminium Ltd. um álbræðsluna við Straumsvík, og gerir ráð fyrir því, að síðari áfanga bræðslunnar verði lokið þann 1. september 1972. Jafnframt skal heimilt að stækka fyrri áfanga bræðslunnar sem nemur 10—11 þúsund lestum, en af þeirri stækkun leiðir aukna raforkusölu frá Búrfellsvirkjun um 20 megawött.

Í viðaukasamningi um þá auknu orkusölu, er að framan greinir, er reiknað með sama raforkuverði og um hefur verið samið.

Hér verður enginn dómur lagður á yfirstandandi deilu um það, hversu mikið vanti á, að umsamið raforkuverð standi undir framleiðslukostnaði, en aðeins á það bent, að aukin raforkusala til álverksmiðjunnar þýðir bætta afkomu Búrfellsvirkjunar næstu árin, með því að enginn innanlandsmarkaður virðist til fyrir þá umframorku, sem þar er framleidd.

Undirritaðir mæla með samþykkt frumvarpsins, en taka fram, að stuðningur þeirra við frumvarpið felur ekki í sér samþykki á því orkuverði, sem upphaflega var um samið.

Alþingi, 20. marz 1970.

Einar Ágústsson, frsm. Björn Fr. Björnsson.

Nd. 453. Frumvarp til laga [188. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Gísla Jónssyni, bónda á Engimýri, eyðijörðina Fagranes í Öxnadalshreppi.

Flm.: Ingvar Gíslason, Bragi Sigurjónsson, Bjartmar Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Gísla Jónssyni, bónda á Engimýri, eyðijörðina Fagranes í Öxnadalshreppi, og er þar með niður fallin sú heimild til sölu jarðarinnar, sem getur í lögum nr. 54/1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Gísli Jónsson, bóndi á Engimýri í Öxnadal og eigandi þeirrar jarðar, hefur óskað þess að fá keypta af ríkinu eyðijörðina Fagranes í sömu sveit. Jarðirnar Fagranes og Engimýri eru nágrannajarðir, en sá er munur á, að Fagranes er löngu komin í eyði, enda ræktunarsnauð og húsalaus með öllu, en á Engimýri er rekinn góður búskapur, sem á sér vísa framtíð. Þó telur bóndinn þar sér mikla nauðsyn að fá meira land til eignar og hefur í því sambandi augastað á eyðijörðinni Fagranesi, enda hafa Engimýrarbændur alllengi haft afnot af jörð þessari, þótt ekki hefðu þeir á henni eignarhald.

Þess er vert að geta, að vorið 1950 var samþykkt á Alþingi heimild til handa ríkisstjórninni um að selja Rúti Þorsteinssyni, sem þá var eigandi og ábúandi Engimýrar, Fagranesið, en úr þeim kaupum varð aldrei, og er flm. ókunnugt um ástæður þess. Það er því ekki nýtt mál, að Engimýrarbóndi falist eftir kaupum á Fagranesi, heldur er hér miklu fremur um að ræða ítrekun máls, sem Alþingi hefur áður verið hliðhollt. Heimildarinnar frá 1950 er þó ekki unnt að neyta, þar sem hún er bundin við nafn tiltekins manns, Rúts Þorsteinssonar, sem hættur er búskap fyrir allmörgum árum, og er því nauðsynlegt að endurnýja heimild þessa með nýrri lagasetningu.

Oddviti Öxnadalshrepps hefur tjáð flm., að hreppsnefndin sé þessari sölu meðmælt, og hefur lýst sig fúsan til að votta það með bréfi.

Ed. 454. Frumvarp til laga [118. mál]

um endurhæfingu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. marz.)

Samhljóða þskj. 153 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Hlutverk endurhæfingarráðs skal vera:

a. að semja áætlun um þörf endurhæfingarstöðva og vinnustöðva fyrir fólk með varanlega skerta starfshæfni. Skal í áætlun þessari gerð grein fyrir stærð stofnananna, staðsetningu þeirra, verksviði og búnaði. Við samningu áætlunarinnar skal taka tillit til nýjunga í endurhæfingarmálum og stefna að því, að ráðstafanir til endurhæfingar svari jafnan sem bezt kröfum tímans.
b. að hafa eftirlit með endurhæfingarstofnunum og vinnustöðvum fyrir öryrkja.
c. að vinna að því, að verkaskipting slíkra stofnana verði sem hagkvæmust.
d. að útvega þeim, sem þarfnast endurhæfingar og þjálfunar, sbr. 13. gr., rúm á stofnun við sitt hæfi og atvinnu að þjálfun lokinni, sbr. 15. gr.

c. að stunda upplýsingastarfsemi og hvetja þá, sem ekki geta séð sér farborða vegna skertrar starfshæfni, til þess að leita þjálfunar og þeirrar meðferðar, sem við á, svo að þeir geti fengið starf við sitt hæfi.
f. að vera stjórnarvöldum til aðstoðar og ráðgjafar um endurhæfingarmálefni, athuga og gera tillögur um, hvernig almenn endurhæfing og sú endurhæfing fólks með skerta starfsorku, sem lög þessi taka sérstaklega til, verði sem bezt samræmd í framkvæmd.

Ed. 455. Lög [142. mál]

um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 442.

Nd. 456. Frumvarp til laga [43. mál]

um Fjárfestingarfélag Íslands h.f.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. marz.)

1. gr.

Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heitir Fjárfestingarfélag Íslands h.f. Hlutverk félagsins skal vera að efla íslenzkan atvinnurekstur og örva til þátttöku í honum með því að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum og veita þeim fjárhagslega fyrirgreiðslu og beita sér fyrir nýjungum í atvinnumálum. Í samræmi við þennan tilgang skal félaginu heimilt, meðal annars:

1. Að vera frumkvöðull að stofnun, endurskipulagningu og sameiningu atvinnufyrirtækja.
2. Að kaupa, eiga og selja hlutabréf í atvinnufyrirtækjum og skuldabréf þeirra.
3. Að greiða fyrir útgáfu hlutabréfa og skuldabréfa atvinnufyrirtækja með beinni og óbeinni þátttöku í útboðum og annarri dreifingu á þeim.
4. Að útvega, veita og ábyrgjast lán til atvinnufyrirtækja, sem félagið tekur þátt í eða beitir sér fyrir.
5. Að taka þátt í rannsóknum á atvinnunýjungum og tilraunum með þær og hafa milligöngu um öflun og sölu á réttindum til hagnýtingar þeirra.
6. Að annast tæknilega og viðskiptalega ráðgjafarþjónustu við stofnun og rekstur atvinnufyrirtækja.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing skal vera í Reykjavík.

3. gr.

Forgöngu um stofnun félagsins hafa Verzlunarráð Íslands, Félag íslenzkra iðnrekenda, Samband íslenzkra samvinnufélaga og þeir aðilar, sem samtök þessi kveðja til. Öllum skal gefinn kostur á að gerast hluthafar með almennu hlutafjárútboði.

4. gr.

Hlutafé félagsins skal eigi vera minna en 80 milljónir króna.

Einkabönkum er heimilt að kaupa og eiga hlutabréf í félaginu, án tillits til gagnstæðra ákvæða laga um þessar stofnanir, svo og opinberum sjóðum í landinu að áskildu samþykki ríkisstjórnar. Skal stofnunum þessum jafnframt heimilt að vera fullgildir stofnendur að félaginu.

5. gr.

Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir, og skulu þar sett nánari ákvæði um félagið og starfsemi þess. Samþykktir félagsins skulu háðar samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál.

6. gr.

Fjárfestingarfélag Íslands h.f. skal til ársloka 1977 njóta sömu sérréttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 11 29. marz 1961.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 457. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Í nefndinni náðist ekki samkomulag um mál þetta. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ., en ég er því andvígur.

Frv. þetta felur í sér staðfestingu á viðaukasamningi ríkisstjórnarinnar við Swiss Aluminium Ltd. um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík. Viðaukasamningi þessum fylgir sérstakur samningur milli Landsvirkjunar og Íslenzka álfélagsins um aukna orkusölu á sama verði og upphaflega var samið um.

Þennan orkusölusamning tel ég fráleitan. Á sínum tíma var samið um mjög lágt orkuverð til álbræðslunnar, enda viðurkenndu stjórnarvöld þá, að það væri í lægsta lagi. Hins vegar var því marglýst yfir, að svo framarlega sem til stækkunar álversins kæmi og aukinnar raforkusölu af þeim sökum, væri eðlilegt og sjálfsagt að semja um hærra raforkuverð.

Ekki hafa verið færð að því nein viðhlítandi rök, að nauðsyn hafi borið til að semja um þetta lága raforkuverð nú. Er orkusala á slíku verði þeim mun furðulegri sem ljóst er orðið, að byggingarkostnaður Búrfellsvirkjunar hefur reynzt meiri en áætlaður var og lánakjör verri en upphaflega var gert ráð fyrir. Er því fullkomlega ljóst, að viðbótarsamningur þessi gerir ráð fyrir söluverði raforku, sem er töluvert undir framleiðslukostnaðarverði. Ég get ekki fallizt á slíkan samning og legg til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 20. marz 1970.

Gils Guðmundsson.

Nd. 458. Frumvarp til laga [189. mál]

um sjóð til stuðnings íþróttasamskiptum Íslendinga við erlendar þjóðir.

Flm.: Ingvar Gíslason.

1. gr.

Stofna skal opinberan sjóð, er veiti sérsamböndum innan Íþróttasambands Íslands styrki vegna undirbúnings og þátttöku landslið a í heimsmeistarakeppni, Evrópukeppni og Norðurlandakeppni.

Nú leyfir fjárhagur sjóðsins, að önnur íþróttasamskipti njóti sams konar stuðnings, og er sjóðsstjórn þá heimilt að veita fé til þeirra.

2. gr.

Stofnframlag til sjóðsins skal vera tveggja milljón króna fjárveiting af ríkisfé á árinu 1971. Heimilt skal ríkisstjórninni að leggja fram stofnféð að nokkru eða öllu leyti þegar í stað. Stjórn sjóðsins er heimilt að ákveða, að stofnframlagið skuli ætíð standa inni í sjóðnum sem óskertur höfuðstóll, en vöxtum af því má ráðstafa í samræmi við markmið sjóðsins.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, er eigi sé minna en ein milljón króna, frá og með árinu 1972.
2. Frjáls framlög annarra aðila, svo sem einstaklinga, félaga eða fyrirtækja.
3. Vaxtatekjur, sbr. 2. gr.

4. gr.

Nú leggur einstaklingur, félag eða fyrirtæki fram fé í sjóðinn, og er framlagið þá frádráttarbært við álagningu tekjuskatts og útsvars, enda fari framlagið ekki yfir 60 þús. kr.

5. gr.

Menntamálaráðherra fer með málefni sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: ráðuneytisstjórinn í menntamálaráðuneytinu, sem er formaður, forseti Íþróttasambands Íslands og formaður fjárveitinganefndar Alþingis.

Stjórnin setur sér starfsreglur í samráði við menntamálaráðherra.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að stofnaður verði sérstakur sjóður til stuðnings íþróttasamskiptum Íslendinga við erlendar þjóðir. Nánar tiltekið er um að ræða stuðning við þátttöku íslenzkra landsliðssveita í hinum ýmsu íþróttagreinum í heimsmeistarakeppni, Evrópukeppni og Norðurlandakeppni. Þó skal sjóðsstjórninni heimilt að veita fé til annarra íþróttasamskipta, ef fjárhagur sjóðsins leyfir. Sjóðnum er því almennt ekki ætlað að styrkja allar utanfarir íþróttamanna, heldur fyrst og fremst þær, sem farnar eru á vegum sérsambanda Íþróttasambands Íslands til þátttöku í hinum stærstu og mikilsverðustu íþróttamótum, sem sérsamböndin eiga aðild að.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að gjafir eða frjáls framlög til sjóðsins séu undanþegin skatti. Má ætla, að slíkt ákvæði yrði ýmsum hvatning til þess að leggja sjóðnum fé, enda ekki fordæmalaust, að framlög til menningar- og líknarstarfsemi séu frádráttarbær við skattaálagningu. Að öðru leyti er gert ráð fyrir, að aðaltekjur sjóðsins verði árlegt ríkisframlag, eigi minna en ein milljón króna.

Ekki þarf að hafa mörg orð um nauðsyn þess, að stofnaður verði sérstakur sjóður til stuðnings þátttöku Íslendinga í ýmsum stærstu íþróttamótum á erlendum vettvangi. Sérsambönd Í. S. Í. eiga við mikla fjárhagsörðugleika að etja. Nýjasta og gleggsta dæmið um það efni er að finna hjá Handknattleikssambandi Íslands. Kom fjárskortur íþróttahreyfingarinnar berlega í ljós, þegar Íslendingar sendu landslið sitt í handknattleik til heimsmeistarakeppni í Frakklandi nú nýverið. Lá við borð, að sú för færist fyrir vegna fjárhagsörðugleika. Situr Handknattleikssambandið uppi með stóran skuldabagga vegna þátttöku í mótinu. — Erfiðleikar sérsambandanna jukust mjög við síðustu gengisbreytingar, en með þeim stórhækkuðu flugfargjöld, sem eru einn fyrirferðarmesti kostnaðarliðurinn í samskiptum við erlendar þjóðir á íþróttasviðinu. Er ekki nema sanngjarnt, að komið verði til móts

við íþróttahreyfinguna, svo að eðlileg íþróttasamskipti haldist og vaxi fremur en hitt. Ef engar breytingar verða gerðar frá ríkjandi ástandi, er mikil hætta á, að til muna dragi úr íþróttasamskiptum við erlendar þjóðir, jafnvel að þau leggist að mestu niður.

Nd. 459. Frumvarp til laga [190. mál]

um sérstakan útsvars- og skattfrádrátt aldraðs fólks, sem nýtur ekki lífeyrissjóðsréttinda.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason.

1. gr.

Hafi skattgreiðandi, sem eigi nýtur lífeyrissjóðsréttinda, náð 70 ára aldri, skal til viðbótar öðrum frádrætti draga sérstaklega frá tekjum hans, áður en tekjuskattur og útsvar er á hann lagt, a. m. k. 50 þús. kr., ef hann er einhleypur, en 75 þús. kr., ef hann á maka á lífi. Ákvæði þetta gildir ekki um þá, sem hafa með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Margt er nú rætt um það, hvað gera megi öldruðu fólki til hagsbóta, og dylst ekki, að um ýmsar leiðir er að velja eftir því, hvernig á stendur. Mikilvægt er að koma upp dvalarheimilum fyrir aldrað fólk, og hefur margt verið vel unnið á því sviði og nauðsyn þess máls yfirleitt átt hljómgrunn hjá ráðamönnum og almenningi í landinu. Hins vegar er fjarstæða að telja fjölgun dvalarheimila lausn allra meina aldraða fólksins. Verður að hafa í huga, að aðeins lítill hluti aldraðs fólks er svo illa á sig kominn heilsufarslega, að því sé nauðsynlegt að vista sig á dvalarheimilum. Miklu stærri hluti aldraðs fólks getur að mestu eða öllu séð um sig sjálft og æskir þess, sé þess nokkur kostur. Því verður einnig að hafa í huga þá lausn á hagsmunamálum aldraðra að gera þeim kleift, m. a. fjárhagslega, **að dveljast sem lengst á eigin heimilum** og koma þannig í veg fyrir þá röskun á heimilishögum, sem margt aldrað fólk verður að horfast í augu við, þegar starfsævi lýkur. Hér er fyrst og fremst um að ræða fólk, sem ekki nýtur neinna lífeyrissjóðsréttinda. Aðstaða lífeyrissjóðsfélaga er öll önnur, og er að jafnaði minni vandkvæðum bundið fyrir þá að sjá sér farborða í ellinni, þar sem þeir njóta einnig fulls ellilífeyris skv. almannatryggingalögunum. En þeir, sem standa utan lífeyrissjóða, hafa ekki aðrar framfærslutekjur en hinn nauma ellilífeyri frá almannatryggingum. Ellilífeyrir einstaklings, sem byrjar að taka lífeyri 67 ára, er áætlað að verði frá 1. apríl 1970 kr. 45 288.00, en hjónalífeyrir kr. 81 516.00. Þessar tölur hækka nokkuð, ef menn fresta töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur, en það gera fæstir í reynd.

Flm. þessa frv. leggja til, **að öldruðu fólki, sem ekki nýtur lífeyrisréttinda, sé ívilnað í sköttum og útsvörum** eftir sjötugt. Meginröksemdin er sú, að þessu fólki yrði þá fremur kleift að **leggja fyrir til síðustu æviára sinna nokkurt sjálfseignarfé,** sem yrði því ómetanleg stoð og til öryggis afkomu þess, þegar starfsævi hlýtur óhjákvæmilega að ljúka, þótt annars endist líf og heilsa, auk þess sem slík ívilnun er fullkomlega sanngjörn með tilliti til hinnar miklu rýrnunar peningagildis á undanförnum árum, sem hvað harðast kemur niður á öldruðu fólki, sem leitazt hefur við að spara til elliáranna.

Ekki teljum við ástæðu til að ætla, að efnamenn nytu óverðskuldaðra fríðinda, ef þetta frv. yrði að lögum, en það gæti hins vegar hjálpað mörgum **bjargálna manni** og þeim, sem verr er megandi, til þess að sjá sér lengur borgið á eigin spýtur

en ella mundi. Ekki mun þetta frv. heldur hafa neina úrslitaþýðingu fyrir tekjumöguleika hins opinbera, því að hvort tveggja er, að ekki er hægt og varla sæmandi að reisa verulega tekjuvon á skattlagningu gamalmenna, og slíkur stuðningur við sjálfsbjargarviðleitni hinna öldruðu dregur úr þörfinni á beinni opinberri aðstoð við aldraða fólk. Hér er því í raun réttri um að ræða sérstakt form félagslegra aðgerða í þágu aldraðra og má skoða málið í því ljósi.

Sþ. 460. Tillaga til þingsályktunar [191. mál]

um vetrarorlof.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Eðvarð Sigurðsson, Eysteinn Jónsson, Pétur Sigurðsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hafa um það forgöngu við ASÍ og önnur stéttarsambönd í landinu, að kannað verði, hvernig auðvelda megi almenningi að njóta orlofs á vetrum sér til hressingar og hvíldar, bæði innanlands við útilíf og í hóporlofsferðum til Suðurlanda. Verði m. a. leitað samvinnu við Flugfélag Íslands og Loftleiðir um mál þetta, svo og innlendar ferðaskrifstofur.

Greinargerð.

Nú er litið svo á, að í raun réttri eigi hver vinnandi þegn rétt á tilteknu leyfi árlega frá störfum sér til hressingar og hvíldar, svonefndu orlofi. Sívaxandi vélvæðing í atvinnulífi, síaukið þéttbýli, hraði og hávaði eykur á þörf manna til að njóta orlofs síns sem bezt, komast úr sínum venjuhring sér til andlegrar og líkamlegrar endurnæringar. En svo að orlofin verði raunveruleg almenningseign, þurfa menn að geta notið þeirra á ódýran og hagkvæman hátt, og þau þurfa að falla á þann tíma, sem almenningur getur leyft sér að taka þau vegna atvinnuafkomu sinnar. Sökum legu Íslands eru sumur hér stutt, en vetur langir. Þjóðinni veitir þess vegna ekki af að nota sumartímann sem bezt til vinnu, en þá verða orlofin afskipt hjá mörgum, nema annar háttur komi til, það er að nota vetrartímann, þegar minna er um atvinnu og erfiðara um ýmsar vinnuframkvæmdir.

Nú verður það aldrei svo, að stórir hópar manna taki sér ekki a. m. k. við og við orlof á sumrin, enda æskilegt, svo að almenningur kynnist landi sínu í sumarbúningi. En þegar haft er í huga, hve stór hluti þjóðarinnar er á orlofsaldri, ef svo má segja, og margir af þeim stóra hluta komast ekki í orlof á sumrin vegna aðstæðna, gefur auga leið, að hér er þörf úrbóta. Verður þá fyrst fyrir að hugsa til bættrar aðstöðu til að njóta útilífs innanlands á veturna, svo sem skíða- og sleðaferða og skautaiðkana, en hins vegar að auðvelda mönnum að sækja sér sumarauka á vetrum til Suðurlanda. Eitt á við þennan, annað við hinn.

Undanfarin ár hafa stéttarfélög og ýmsir aðrir aðilar unnið giftudrjúgt starf að orlofsmálum, og kvenfélög hafa barizt ötullega fyrir orlofi húsmæðra. Samt sem áður er staðreynd, að fjölmargir, sem rétt eiga á orlofi og þurfa þess ekki síst við, geta ekki tekið það nema endrum og eins, sumir aldrei, ýmist vegna fjárskorts eða tímaskorts á venjulegum orlofstíma. Hér þarf að verða gerbreyting á. Hún verður ekki, nema orlofin færist í verulegum mæli á vetrartímann líka, en það gerist ekki, nema það takist að gera vetrarorlof eftirsótt sem slík. Hér er það, sem forusta ríkisvaldsins í samvinnu við stéttarfélög, ferðaskrifstofur og flugfélögin gæti valdið straumhvörfum. Sé þetta skipulagt í stórum stíl og af myndarskap jafnframt ýtrustu hagsýni, er ekki fjarri sanni að álykta, að sá beini kostnaður, sem af slíkri framkvæmd yrði, skilaði sér aftur og vel það í þjóðarbúið um auknar sumarvinnustundir.

Varðandi hóporlofsferðir á vetrum til Suðurlands skal svo loks bent á það, hvort þar sé ekki athyglisvert verkefni fyrir þotu F.Í., eða auðgert fyrir Loftleiðir að grípa hópa og hópa í sínar vélar, þegar fátt er um farþega á auglýstum leiðum. Hitt má engum dyljast, að þessar ferðir verða að vera mun ódýrari en þær gerast nú, eigi þær að verða á almennings færi. Slíku á fjöldaþátttaka að koma til leiðar, og þær mega ekki vera skipulagðar sem eyðsluferðir, heldur hressingarferðir.

Ed. 461. Nefndarálit [114. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun á Minningarsjóði Jóns Sigurðsonar frá Gautlöndum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nm. (EÁ) var fjarstaddur, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 23. marz 1970.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Axel Jónsson.
Bjarni Guðbjörnsson.	Björn Jónsson.	Sveinn Guðmundsson.

Ed. 462. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um æskulýðsmál.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 23. marz 1970.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Einar Ágústsson.
Steinþór Gestsson.	Tómas Árnason.	Jón Þorsteinsson.
	Gils Guðmundsson.	

Nd. 463. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl. nr. 14 20. júní 1923.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar á fundum sínum og rætt við landlækni og ráðunaut heilbrigðisstjórnarinnar í lyfjamálefnum um efni frv. og ástandið í þessum málum. Þá ræddi nefndin við Barnaverndarráð Íslands um þessi mál.

Nefndin telur, að nauðsyn sé að undirbúa nýja heildarlöggjöf í þessum efnum, en þar sem brýn nauðsyn er á að lögfesta þær breytingar, sem frv. þetta gerir ráð

fyrir, nú þegar, þá leggur nefndin einróma til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Í stað orðsins „hóps“ á tveim stöðum í 1. málsgr. komi: margra.

Alþingi, 22. marz 1970.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson.
Steingrímur Pálsson.	Jónas Pétursson.	Pétur Sigurðsson.
	Stefán Valgeirsson.	

Sþ. 464. Fyrirspurn [192. mál]

til fjármálaráðherra um útgáfustyrk til vikublaðs.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Hvaðan kemur fjármálaráðherra heimild til að greiða sérstaklega einu vikublaði útgáfustyrk?

Hvenær hófust greiðslur ríkissjóðs til þessa vikublaðs?

Hvað hafa greiðslur ríkissjóðs til blaðsins numið miklu til þessa?

Ed. 465. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til laga um hækkun á bótum almannatrygginga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afstöðu til málsins. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. marz 1970.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
	Axel Jónsson.	

Ed. 466. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur klofnað um afgreiðslu máls þessa. Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv. óbreytts. Við í minni hl. leggjum hins vegar til, að ellilífeyrir, örorkubætur og aðrar bætur, sbr. 1. gr. 2. mgr., hækki um 15%, en frv. gerir ráð fyrir 5.2% hækkun í þessum bótaflokkum. Við teljum, að kaupmáttur þessara lífeyrisgreiðslna sé svo rýr orðinn, að ekki sé um raunverulega hækkun að

ræða eftir ákvæðum frv., miklu fremur lækkun. Við álítum, að gamla fólkið og öryrkjarnir eigi annað skilið af opinberri hálfu og jafnan eigi að gæta þess, að lífeyrisgreiðslur þessara þjóðfélagsþegna vegi a. m. k. á móti aukinni dýrtíð. En hin svokallaða hækkun um 5.2% gerir það engan veginn að okkar áliti. Velferðarríki eins og okkar þjóð er talin vera getur vart sóma síns vegna gengið á rétt gamla fólksins, sem unnið hefur lengi og vel í þjóðfélagsins þágu, og því síður á hagsmuni þess fólks, sem eigi er þess megnugt að vinna að nýtu starfi, sem því væri kært og eðlilegt að öðrum kosti.

Við leggjum því til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Í stað tölunnar „5.2%“ í 2. málsgr. 1. gr. komi: 15%.

Alþingi, 24. marz 1970.

Björn Fr. Björnsson, frsm. Björn Jónsson. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 467. Frumvarp til laga [193. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr jörðinni Kollafirði í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu.

Flm..: Einar Ágústsson, Axel Jónsson, Jón Árm. Héðinsson, Gils Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Sigurjóni Guðmundssyni framkvæmdastjóra, Grenimel 10, Reykjavík, hluta, nánar tiltekið 0.53 ha. skv. meðfylgjandi uppdrætti, úr jörðinni Kollafirði í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu. Verð jarðarhlutans fer eftir samkomulagi, en að öðrum kosti skal það ákveðið að mati tveggja dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.


Greinargerð.

Árið 1959 keypti Sigurjón Guðmundsson framkvæmdastjóri, Reykjavík, hluta úr jörðinni Kollafirði í Kjalarneshreppi, 3.15 ha., af þáverandi eiganda jarðarinnar, Guðmundi Tryggvasyni. Hóf hann þegar mikla trjárækt í landi sínu, og hefur hann nú gert þennan reit einn hinn fegursta í þessum landshluta, eins og allir þeir, er leið eiga um Vesturlandsveg, geta kynnt sér af eigin raun.

Nú hefur Sigurjón þegar fullræktað eignarland sitt og hefur hug á því að halda ræktun áfram, en vantar til þess nokkuð aukið landssvæði.

Spilda sú, sem hér um ræðir, er aðeins hálfur hektari og hefur engin áhrif á notagildi jarðarinnar fyrir núverandi eiganda hennar, ríkissjóð.

Flutningsmönnum finnst vel við eigandi að þakka Sigurjóni Guðmundssyni frábær störf hans í þágu skógræktar og landgræðslu með því að gefa honum kost á að kaupa það land, sem hann hefur hug á að eignast til áframhaldandi ræktunarstarfa.


N
3,15 ha.
Sumarbústaðaland
Sigurjóns Guðmundssonar
0,54 ha.

Ed. 468. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað um það umsagnar nokkurra aðila. Mælir nefndin með samþykkt frv. með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Síðasti málsliður greinarinnar orðist svo:
Ráðherra getur ákveðið, að lögin taki til annarra staða, ef verkalýðsfélög og atvinnurekendur þar óska þess og hlutaðeigandi sveitarstjórn mælir með því.

Alþingi, 24. marz 1970.

Jón Þorsteinsson, form.	Auður Auðuns, fundaskr.	Björn Jónsson, frsm.
Ásgeir Bjarnason.	Björn Fr. Björnsson.	Steinþór Gestsson.
	Axel Jónsson.	

Ed. 469. Lög [96. mál]

um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

(Afgreidd frá Ed. 24. marz.)

Samhljóða þskj. 112.

Ed. 470. Frumvarp til laga [53. mál]

um byggingarsamvinnufélög.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. marz.)

1. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eignarframlögum félagsmanna og reka lánastarfsemi vegna félagsmanna sinna.

2. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélög, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri á stöðum með færri en 1000 íbúa, 20 á stöðum með 1000 íbúa eða fleiri utan Reykjavíkur og 50 í Reykjavík koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

3. gr.

Nú vill sveitarstjórn beita sér fyrir og taka þátt í stofnun byggingarsamvinnufélags til byggingar fjölbýlishúsa með hentugum íbúðum og sameiginlegum þæg-

indum, og skal sveitarstjórn þá hlutast til um, að almennur fundur sé haldinn á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða.

Ef 15 menn eða fleiri og kjörnir fulltrúar bæjar- eða sveitarfélagsins koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir, sbr. 2. gr.

4. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur nægjanlegum hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, fer um rétt félagsmanns til byggingar húss eftir því, sem nánar verður ákveðið í samþykktum félagsins, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands. — Stofnfjárinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot, við brottflutning af félagssvæðinu og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og má það gjald aldrei vera minna en kr. 200.00 árlega á hvern félagsmann. Sjóði þessum sé varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins, eftir því sem nauðsyn krefur. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

C. Með lántöku félagsins til útlánastarfsemi sinnar. Skylt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán, og mega þau nema allt að kr. 3000.00 á rúmmetra í þeim íbúðarhúsum, er félagið reisir. Heimilt er að breyta þessari hámarksfjárhæð til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Enn fremur er heimilt að vísitölubinda þessi lán. Hvert slíkt lán telst til útlána sem einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán í þeim flokki. Óheimilt er að veita ríkisábyrgð vegna íbúða félagsmanna í byggingarsamvinnufélagi, sem ekki eru reistar á vegum félagsins.

5. gr.

Byggingarsamvinnufélag reisir íbúðir félagsmönnum sínum til handa til eigin afnota og veitir þeim lán til að eignast þær. Lán þessi skulu tryggð með 2. veðrétti í húsum og lóðarréttindum, þó þannig, að 1. og 2. veðréttur samanlagðir nemi eigi hærri upphæð en hámarkslán samkvæmt 4. gr. C. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

Íbúðaverð til félagsmanna skal miða við kostnaðarverð.

6. gr.

Byggingarsamvinnufélög, sem starfa eftir lögum þessum, skulu fyrir 1. júní ár hvert senda Húsnæðismálastjórn ríkisins og fjármálaráðuneytinu umsóknir um lán vegna félagsmanna sinna, og skal þeim umsóknum fylgja teikning samþykkt af hlutaðeigandi byggingaryfirvöldum ásamt skilríkjum fyrir lóðarréttindum. Slíkri umsókn skulu einnig fylgja kostnaðaráætlun og upplýsingar um lán, sem kunna að verða tekin á 1. veðrétt.

7. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði:

A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum að meðtalinni geymslu og þvottahúsi.

B. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti og sé eignarhluti afhentur félagsmanni, þegar hann hefur greitt hann að fullu. Heimilt er þó félagsstjórn að leyfa, að félagsmenn innrétti íbúðir sínar sjálfir.
C. Að félagsmaður sé fjárráða.
D. Sæki fleiri félagsmenn um aðild að byggingu heldur en byggingarsamvinnufélagið getur annað, skulu þeir sitja fyrir, sem lengst hafa verið í félaginu og ekki eiga fullnægjandi íbúð fyrir.

8. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, megi selja hana innan 15 ára, frá því að bygging hófst, nema stjórn félagsins hafi áður auglýst íbúðina til sölu til félagsmanna og hafnað forkaupsrétti félagsins vegna. Aldrei má framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni.

Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda ákveði stjórn félagsins, hve há leigan megi vera. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða fyrstu 15 árin, frá því að bygging hófst, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar að viðbættum verðhækkunum samkv. vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna.

9. gr.

Nú sannast, að félagsmaður hefur selt húseign hærra en leyfilegt er samkvæmt 8. gr., og rennur þá sá hluti söluverðs, sem er umfram hið lögleyfða verð, í varasjóð félagsins.

10. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags ekki forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórnin samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau þá löglegir meðlimir félagsins. Ákvæði þessi ná þó eigi til íbúða þeirra, sem eldri eru en 15 ára, og fer um sölu þeirra og leigu eftir ákvæðum laga nr. 36 frá 1952.

11. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af brunabótamatsverði þeirra að frádreginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að verða á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

12. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

13. gr.

Húsnæðismálastjórn lætur gera fyrirmyndaruppdrætti bæði af sérbyggingum og sambyggingum til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög og lætur þá í té án endurgjalds. Sömuleiðis sér húsnæðismálastjórn um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 1937.

15. gr.

Ákvæði laga þessara ná aðeins til þeirra íbúða, sem hafin er bygging á eftir gildistöku laganna.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru nú gildi numdar 12.—26. gr. laga nr. 36 16. febrúar 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Ed. 471. Lög [166. mál]

um hækkun á bótum almannatrygginga.

(Afgreidd frá Ed. 24. marz.)

Samhljóða þskj. 345.

Sþ. 472. Tillaga til þingsályktunar [194. mál]

um fiskileit og fiskirannsóknir í Húnaflóa.

Flm.: Steingrímur Pálsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara vísindalega fiskileit og nákvæmar fiskirannsóknir í Húnaflóa undir stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands. Rannsóknir þessar skulu miða að leit nýrra fiskimiða, könnun á því, hvers konar fiskveiðar væru hagkvæmastar og hvaða stærð fiskiskipa hentaði bezt á þessum slóðum. Þá verði einnig rannsakað, hvort hagkvæmt gæti verið að koma upp fiskrækt eða fiskuppeldi í Húnaflóa.

Greinargerð.

Með hverju ári sem líður verður mönnum það ljósara, að stærra og samstilltara átak verður að gera til að byggja upp atvinnulíf þjóðarinnar, sem tryggi meiri fjölbreytni í framleiðsluháttum og skapi fulla nýtingu atvinnutækja þjóðarinnar. Það dylst engum, að vísindalegar fiskirannsóknir eru þýðingarmikill þáttur í þessari þróun. Með sívaxandi sókn á þekkt fiskimið er nauðsynlegt að leita að nýjum miðum, því að sjávarútvegurinn mun um langa framtíð eins og hingað til verða veigamesti þátturinn í þjóðarbúskapnum.

Það er nauðsynlegt, að nú þegar verði framkvæmd nákvæm athugun á fiskimiðum í Húnaflóa. Fyrir rúmlega 20 árum var flóinn ein af gullkistum þjóðarinnar, allir firðir fullir af fiski, og þá var blómaskeið þéttbýlismyndunar við flóann. Á þeim árum voru byggðar þar þrjár síldarverksmiðjur, við Ingólfsfjörð, í Djúpuvík og á Skagaströnd. Þegar síldin hvarf og færðist austur á bóginn, var samt mikið um annan fisk, en þróunin hefur orðið sú, að hann hefur minnkað mikið. Á undanförnum árum hefur verið mjög mikil aflatregða í Húnaflóa.

Á svokölluðu Húnaflóasvæði búa rúmlega 5000 manns. Talið er, að um 3000 manns búi í strjálbýli og byggi afkomu sína að mestu leyti í landbúnaði. Á svæðinu eru blómlegar sveitir. En í byggðarkjörnum eða þéttbýli búa um 2000 manns, sem byggja afkomu sína á útgerð, fiskvinnslu og þjónustustörfum. Á þessu svæði er því ekki jafnvægi á milli byggðarkjarnanna og sveitanna, en orsök þess er aflatregðan í Húnaflóa á undanförnum árum, enda má sjá í opinberum skýrslum, að meðallaunatekjur fólks í þessum sjávarþorpum eru yfirleitt lægri en annars staðar á landinu.

Afleiðing minnkandi afla hefur orðið atvinnuleysi og jafnframt tilhneiging til að flytja brott til annarra staða, þar sem lífsafkoman hefur verið betri eða tryggari. Unga fólkið getur valið þessa leið, en fjölskyldufólkið ekki, því að það hefur bundið allt sitt í húseignum eða öðru á þessum stöðum, og þó að það vildi selja, eru kaupendur tæpast finnanlegir, enda er hægara sagt en gert að ganga frá eignum sínum og flytja annað með tvær hendur tómar. Þetta fólk er í sjálfheldu, en hefur lifað í þeirri von, að fiskurinn kæmi aftur og atvinnulífið yrði aftur eðlilegt, en biðin er orðin bæði löng og ströng.

Á undanförnum árum hafa rækjuveiðar verið töluverðar og að verulegu leyti bjargað afkomu fólks á þessu svæði. En meira þarf til en rækjuveiðar og rækjuvinnslu. Því er nauðsynlegt, að nú verði gerðar af opinberri hálfu víðtækar fiskirannsóknir í Húnaflóa með það fyrir augum að kanna aðra útgerðarmöguleika frá sjávarplássum við flóann. Sjávarútvegurinn mun áfram verða aðalgrundvöllur atvinnulífsins á stöðum eins og Drangsnesi, Hólmavík og Skagaströnd. Á þessum stöðum eru allgóð frystihús, hafnir og atvinnutæki og þjálfað starfsfólk í fiskvinnslu, sem gæti afkastað miklu meira framleiðslumagni en nú er, ef nægilegt hráefni væri fyrir hendi. Nú er verið að vinna að svokallaðri Norðurlandsáætlun um alhliða uppbyggingu atvinnulífsins á þessu svæði. Það er því brýn þörf á, að einmitt nú verði framkvæmdar þær rannsóknir í Húnaflóa, sem tillaga þessi fjallar um.

Nd. 473. Tillaga til þingsályktunar [195. mál]

um símagjöld á Brúarlands- og Suðurnesjasvæði.

Flm.: Geir Gunnarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að gjöld vegna símtala milli Brúarlands- og Reykjavíkursvæðisins svo og innbyrðis á Suðurnesjasvæðinu reiknist á sama hátt og gjöld fyrir innanbæjarsímtöl.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er gert ráð fyrir því, að símagjöld milli Reykjavíkur og nágrennis annars vegar og Brúarlandssvæðisins hins vegar reiknist sem innanbæjarsímtöl á sama hátt og nú gildir varðandi símtöl milli Reykjavíkur, Seltjarnarneshrepps, Kópavogs, Garðahrepps og Hafnarfjarðar. Verður ekki annað séð en eðlilegt og sanngjarnt sé, að Brúarlandssvæðið heyri til þessu sameiginlega gjaldsvæði, Reykjavík og næsta nágrenni. Þá er enn fremur lagt til, að símtöl milli staða á Suðurnesjum teljist innanbæjarsímtöl, þar sem hér er um nátengt og afmarkað atvinnusvæði að ræða hliðstætt Reykjavík og nágrenni.

Ed. 474. Frumvarp til laga [196. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1970.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr. eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum í 1. gr. að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P. L. 480 lán) allt að $ 1.500 þús. Heimilt er að verja þeim hluta lánsins, sem er andvirði fóðurvörukaupa, eða allt að 32 millj. kr., til Framkvæmdasjóðs Íslands til endurlána í þágu kornhlöðubyggingar í Reykjavík.

6. gr.

Heimilt er Áburðarverksmiðju ríkisins að taka erlent lán að jafnvirði allt að 115 millj. kr. vegna stækkunar verksmiðjunnar.

7. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslum af áður útgefnum spariskírteinalánum og með P. L. 480 láni skv. 5. gr., sbr. þó 2. málslið þeirrar gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Reykjanesbraut	27.2
Vegaframkvæmdir skv. Vestfjarðaáætlun	11.8
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	12.0
Landshafnir	8.6
Rafmagnsveitur ríkisins	35.0
Rafvæðing í sveitum	15.0
Jarðvarmaveitur ríkisins	18.2
Orkurannsóknir	19.0
Laxárvirkjun	55.0
Landsvirkjun, stofnframlag	41.0
Áburðarverksmiðja ríkisins	55.0
Jarðefnaleit	2.0
Sjóefnarannsóknir	2.0
Framkvæmdir á Keldnaholti	15.0
Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík	10.0
Byggingaframkvæmdir á vegum Háskóla Íslands	30.0
Samtals	356.8

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í fylgiskjali með fjárlagafrumvarpi ársins 1970 voru lögð fram drög að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir það ár. Þessi áætlun hefur nú verið endurskoðuð af Seðlabankanum, Efnahagsstofnuninni og fjárlaga- og hagsýslustofnun og nokkrar breytingar gerðar í ljósi nýjustu upplýsinga um mögulega fjáröflun og framkvæmdaþörf. Er nánar gerð grein fyrir einstökum framkvæmdum í athugasemdum við 7. gr. frumvarps þessa. Samkvæmt þessari endurskoðun hefur komið í ljós, að fjáröflunaráætlunin mun geta hækkað í 295 millj. kr., eða um 35 millj. kr. Aukning fjár til ráðstöfunar af áður útgefnum spariskírteinalánum nemur 60 millj. kr., en P. L. 480 lán til opinberra framkvæmda lækkar um 25 millj. kr. Ráðgerðar framkvæmdir hækka í heild um 72 millj. kr. og verða tæplega 357 millj. kr., vegna þess að við hafa bætzt nokkur verkefni, sem nauðsynlegt er að sinna, þ. e. vegna Landsvirkjunar 41 millj. kr., jarðvarmaveitna ríkisins til borana og tenginga við Námafjall rösklega 18 millj. kr., rafvæðingar í sveitum 15 millj. kr. og ólokinna vegaframkvæmda á Vestfjarðaáætlun tæplega 12 millj. kr., og loks nema minni háttar hækkanir á nokkrum framkvæmdum frá fyrri áætlun samtals 10 millj. kr. Hins vegar lækkar kostnaðaráætlun um stækkun Áburðarverksmiðju ríkisins um 15 millj. kr. og lánsfjárþörf vegna Reykjanesbrautar um því nær 9 millj. kr. vegna breytingar á lausaskuldum í lán til langs tíma.

Samkvæmt áætlun Seðlabankans munu endurgreiðslur af áður útgefnum spariskírteinum, sem hafa verið endurlánuð, verða samtals 160 millj. kr. á árinu 1970, sem er 80 millj. kr. hækkun frá fyrra ári. Ný spariskírteinalán eru áætluð 75 millj. kr. eða sama fjárhæð og 1969 og nýting P. L. 480 lántöku til opinberra framkvæmda 60 millj. kr., en það er 10 millj. kr. lægri fjárhæð en í fjáröflunaráætlun ársins 1969. Gert er ráð fyrir, að af áætlaðri P. L. 480 lántöku muni rösklega tveir þriðju hlutar nýtast, og myndi þá hluti af andvirði fóðurvörukaupa renna til fyrirhugaðrar byggingar kornhlöðu við Sundahöfn. Samtals hækkar fjáröflun eftir þessum þremur leiðum um 70 millj. kr. frá 1969 og verður 295 millj. kr., eins og fyrr greinir.

Svo sem fram hefur komið er kostnaður við fyrirhugaðar framkvæmdir áætlaður samtals 356.8 millj. kr., en það er 61.8 millj. kr. hærri fjárhæð en ofangreindri fjáröflun nemur. Í fyrri áætlun, sem fylgdi fjárlagafrumvarpi 1970, voru óleyst fjárhagsvandamál af þessu tagi 25 millj. kr. Þar sem telja verður líklegt, að nokkur hluti framkvæmdanna frestist til næsta árs, vegna þess að undirbúningi er ekki nægilega langt komið, mun þessi mismunur lækka allverulega, en ríkisstjórnin mun beita sér fyrir nauðsynlegri viðbótarfjáröflun, ef á þarf að halda.

Um 1. gr.

Hér er leitað heimildar til fjáröflunar með verðbréfaútgáfu á sama hátt og undanfarin ár. Er gert ráð fyrir, að ný verðbréfaútgáfa nemi 75 millj. kr., sem er sama fjárhæð og á s. l. ári.

Um 2.—4. gr.

Þessar greinar fela í sér sömu ákvæði um lánskjör og skattalega meðferð og jafnan hafa fylgt spariskírteinum ríkissjóðs.

Um 5. gr.

Í greininni er farið fram á heimild til allt að $ 1.500 þús. vörukaupaláns, svonefnds P. L. 480 láns, á sama hátt og undanfarin ár. Þá er leitað heimildar til þess, að andvirði fóðurvörukaupa, eða allt að 32 millj. kr., sé ráðstafað til Framkvæmdasjóðs Íslands, er endurláni fé til byggingar kornhlöðu við Sundahöfn. Allmiklar líkur eru á því, að sá hluti væntanlegs lánssamnings, er tekur til fóðurvörukaupa, mundi að óverulegu leyti nýtast, ef ekki kæmi til áðurnefnd kornhlaða, og á sama hátt stuðlar hið aukna geymslurými ósekkjaðrar fóðurvöru að bættri nýtingu P. L. 480 samninga í framtíðinni.

Um 6. gr.

Samningar um vélakaup o. þ. h. í sambandi við stækkun Áburðarverksmiðju ríkisins eru nú á lokastigi, og er hér leitað heimildar til lántöku að jafnvirði allt að 115 millj. kr., er hinn erlendi tilboðsaðili býður. Nauðsyn er sérstakrar heimildar í þessu skyni vegna ákvæða í lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Um 7. gr.

Reykjanesbraut. Fjáröflun til Reykjanesbrautar fer til endurgreiðslu skulda, sem á henni hvíla. Eru þessar endurgreiðslur að meðtalinni áætlaðri vísitöluhækkun samtals 54.6 millj. kr. á árinu 1970. Til að standa undir endurgreiðslunum er veggjald, sem að frádregnum innheimtukostnaði nemur 15.0 millj. kr., framlag úr vegasjóði 6.8 millj. kr., og innstæða frá fyrra ári, sem myndaðist við breytingu lausaskulda í föst lán til langs tíma, 5.6 millj. kr. Fjárvöntun er því 27.2 millj. kr.

Vegaframkvæmdir skv. Vestfjarðaáætlun. Enn er nokkru ólokið af vegaframkvæmdum skv. Vestfjarðaáætlun vegna aukins kostnaðar, sem stafar annars vegar af óhagstæðum vinnuskilyrðum á síðasta ári og hins vegar af verðlagshækkunum. Til þess að ljúka framkvæmdum skv. áætluninni skortir 11.8 millj. kr. að áliti vegamálastjóra.

Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi. Byggingarnefnd vegarins hefur lagt fram tillögur um framkvæmdir á árunum 1970—1972, þar sem 17.5 millj. kr. kæmu á árið 1970, 12.5 millj. kr. á árið 1971 og 8.3 millj. kr. á árið 1972. Er hér um fulla fjárvöntun að ræða. Með þessari áætlun er stefnt að því að koma vegbrúnni á Digranesvegi (yfir Hafnarfjarðarveg) til nota á þessu ári, en annarri akbrautinni í veggjánni innan tveggja ára. Til þess að standa við gefin fyrirheit af hálfu ríkisins þarf að afla 12.0 millj. kr. innan þessarar áætlunar á árinu 1970, og auk þess mun stuðlað að lánsfyrirgreiðslu fyrir Kópavogskaupstað vegna þeirra 5.5 millj. kr., sem á vantar til áfanga ársins.

Landshafnir. Ráðgert er að afla fjár til nauðsynlegrar viðgerðar í Þorlákshöfn að fjárhæð 3.1 millj. kr., en á s. l. ári kom fram skemmd á hafnargarði þar. Þá er ráðgerð dýpkun í Njarðvík fyrir 4.0 millj. kr. og þar að auki grjótstyrking og ýmis smáverk að fjárhæð samtals 1.3 millj. kr. Loks er fjárvöntun til greiðslu áfallinnar skuldar á Rifi 0.2 millj. kr., og nemur heildarfjárþörf vegna landshafnanna því samtals 8.6 millj. kr.

Rafmagnsveitur ríkisins. Fyrirhugaðar framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins eru svipaðar að magni og undanfarin ár. Engar meiri háttar framkvæmdir eru á döfinni í ár, heldur fyrst og fremst línulagnir, sem ætlaðar eru til að færa út veitusvæði vatnsvirkjana, svo og til að styrkja dreifikerfin. Sveitarafvæðing, sem Rafmagnsveitur ríkisins annast framkvæmd á, nemur 30.1 millj. kr. skv. fjárlagaáætlun, en þar af greiðast 3.0 millj. kr. af heimtaugagjöldum. Framkvæmdir við innanbæjarkerfi eru áætlaðar 9.0 millj. kr. og eigna- og tækjakaup 3.0 millj. kr. Aðrar framkvæmdir, alls að fjárhæð 51.5 millj. kr., sundurliðast í aðaldráttum þannig: tenging Kópaskers við Laxárvirkjun 19.0 millj. kr., tenging Stykkishólms við Rjúkandavirkjun 7.0 millj. kr., styrking dreifikerfa Húnavatnssýslu, Suðurlands og víðar 9.8 millj. kr., ýmsar aðgerðir til orkuöflunar og tengingar 9.7 millj. kr., og riðbreytistöð á Keflavíkurflugvelli (1. árs greiðslur) 6.0 millj. kr. Alls yrðu þá framkvæmdir, að meðtalinni sveitarafvæðingu skv. fjárlögum, að upphæð 93.6 millj. kr. Ætlazt er til, að fjárfesting Rafmagnsveitnanna sjálfra, 63.5 millj. kr., sé fjármögnuð sem hér segir: Lán skv. framkvæmdaáætlun 35.0 millj. kr., sérstakt lán vegna riðbreytistöðvar 6.0 millj. kr. og heimtaugagjöld úr þéttbýli 6.0 millj. kr. Þarf þá afgangurinn 16.5 millj. kr. að nást af afskriftafé úr rekstri, eða frestun einhverra framkvæmda að verða að öðrum kosti.

Rafvæðing í sveitum. Með þeirri 15 millj. kr. lánsfjáröflun til sveitaveitna, sem hér liggur fyrir, er ætlunin að flýta lúkningu rafvæðingar býla, þar sem meðalfjarlægð milli býla, sem tengd eru veitum, er eigi meiri en 1.5 km. Miðað við að fjárveiting 1971 verði svipuð og í ár ásamt heimtaugagjöldum, yrði, með nokkurri lánsfjáröflun til viðbótar, unnt að ljúka þessari rafvæðingu á því ári.

Jarðvarmaveitur ríkisins. Hér er um að ræða boranir og tengingar við Námafjall vegna gufuaflsstöðvar þar og Kísiliðju. Kostnaður við framkvæmdir þessar á árinu 1969 fór allmikið fram úr áætlun, og skortir nú annars vegar 5.3 millj. kr., sem aflað var til bráðabirgða á s. l. ári til að komast hjá stöðvun verksins, og hins vegar 3.6 millj. kr. til að ljúka framkvæmdum skv. áætlun 1969. Í ljós hefur komið, að með lúkningu ofangreindra framkvæmda verður ekki tryggt nægilegt gufuafl til gufuaflsstöðvarinnar og Kísiliðju, og ber nauðsyn til þess að bora eina virkjunarholu til viðbótar. Er áætlaður kostnaður 9.3 millj. kr., þannig að fjárvöntun vegna borana og tenginga við Námafjall nemur í heild 18.2 millj. kr. á árinu 1970.

Orkurannsóknir. Áætlanir Orkustofnunar um vatnsorku- og jarðhitarannsóknir hafa verið endurskoðaðar með tilliti til þess, hvað nauðsynlegt sé og hagkvæmt geti reynzt að framkvæma fyrir lánsfé á þessu ári. Er gert ráð fyrir, að auk fjárveitinga á fjárlögum verði varið 8.3 millj. kr. til vatnsorkurannsókna og 10.7 millj. kr. til jarðhitarannsókna, eða alls 19.0 millj. kr. af lánsfé framkvæmdaáætlunar. Á áætlun um vatnsorkurannsóknir eru, auk almenns rekstrar vatnsorkudeildar, frumrannsóknir ýmissa helztu valkosta vatnsorkuvirkjana á þýðingarmestu vatnasvæðum landsins, svo sem Þjórsársvæði, þ. m. t. Efra-Þjórsársvæði, Skaftárveita og Norðanveita, og vatnasvæðum Norður- og Austurlands. Áætlun um jarðhitarannsóknir miðast aðallega við rannsóknir á Námafjallssvæði vegna frambúðarþarfa Kísiliðjunnar, jarðgufuaflsstöðvar o. fl., 2.1 millj. kr., á Reykjanesi vegna væntanlegrar sjóefnaiðju, 4.5 millj. kr., og á Krísuvíkur—Trölladyngjusvæði vegna fullvinnslu sjóefna (magnesíums) og hugsanlegrar nýtingar á höfuðstaðarsvæðinu, 4.1 millj. kr.

Laxárvirkjun. Eins og kunnugt er, ríkir allmikil óvissa um fyrirhugaða Gljúfurversvirkjun, og á þessu stigi verður ekkert fullyrt um framvindu málsins. Engu að síður er hér gert ráð fyrir sömu fjáröflun og í drögum að framkvæmdaáætlun, er fylgdu fjárlagafrumvarpi 1970, eða 55 millj. kr., því að ljóst er að leysa verður orkuvandamál svæðisins með einhverjum hætti.

Landsvirkjun. Vegna fyrirhugaðra framkvæmda á vegum Landsvirkjunar hefur m. a. verið ákveðið að auka eigið fé fyrirtækisins með framlögum eignaraðila. Eykst framlag hvors aðila, ríkis og Reykjavíkurborgar, um 41 millj. kr. Framkvæmdir þær, sem hér um ræðir, eru fólgnar í miðlunarmannvirkjum við Þórisvatn, undirbúningsframkvæmdum vegna Tungnaárvirkjana, rannsóknum á Þjórsársvæðinu og kaupum þriggja vélasamstæðna vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar.

Áburðarverksmiðja ríkisins. Fyrirhuguð er stækkun Áburðarverksmiðjunnar á þessu ári, og eftir að tilboð hafa borizt í vélar, tæki, verkfræðiþjónustu o. þ. h. ásamt lánskjörum, er sýnt, að fjárþörf umfram erlent lán verður 55 millj. kr. á árinu, en það er 15 millj. kr. lækkun frá fyrri áætlun, er fylgdi fjárlagafrumvarpi ársins 1970.

Jarðefnaleit. Hér er um að ræða frumleit að jarðefnum, sem Rannsóknaráð ríkisins hóf á s. l. ári. Á þessu ári er ráðgert að ljúka þeim frumrannsóknum, sem fram hafa farið á Suð-Austurlandi og beinast einkum að blýi og zinki. Áætlaður kostnaður umfram væntanlegt framlag frá Sameinuðu þjóðunum er 2.0 millj. kr.

Sjóefnarannsóknir. Horfur á hagkvæmni sjóefnavinnslu hafa verið nokkrum breytingum undirorpnar, m. a. vegna aðstæðna á markaði fyrir lítt unnin saltefni. Er því nauðsyn frekari rannsókna á framhaldsúrvinnslu saltefnanna áður en úr verður skorið um hagkvæmni framkvæmda vegna vinnslunnar. Áætlað er að verja 7.6 millj. kr. á næstu tveimur árum til þess að komast að niðurstöðu um þetta. Af kostnaðinum falla 3.5 millj. kr. á þetta ár, en ónotað fé frá fyrra ári nemur 1.5 millj. kr., og fjárvöntun á árinu því um 2.0 millj. kr.

Framkvæmdir á Keldnaholti. Kostnaðaráætlun um byggingu rannsóknastofnunar iðnaðarins nemur í heild 22 millj. kr. Þegar hefur verið framkvæmt fyrir 2.5 millj. kr., þannig að af lánsfjáröflun ársins 1969, 7.0 millj. kr., eru eftir 4.5 millj. kr. Ekki hefur reynzt unnt að afla meira lánsfjár til byggingarinnar en 13 millj. kr., en áætlað er, að örari greiðslur frá Happdrætti Háskólans til byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna geti brúað það bil, sem eftir stendur, eða 2 millj. kr. Að auki er ráðgerð 2.0 millj. kr. fjáröflun vegna kostnaðar við frystitæki til nota fyrir kalrannsóknir við Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík. Um s. l. áramót nam heildarkostnaður við byggingu lögreglustöðvarinnar um 70 millj. kr. Nokkur starfsemi hefur þegar flutzt í bygginguna, þ. e. umferðarlögreglan, innheimta sekta og að nokkru leyti lögregluskólinn. Þá hafa fangaklefar nýlega verið teknir í notkun þar. Áætlað er, að heildarkostnaður við að ljúka byggingunni nemi rösklega 41 millj. kr. til viðbótar, þar af 11 millj. kr. vegna húsrýmis, sem ekki er ætlað lögreglunni. Þannig vantar um 30 millj. kr. til að ljúka þeim hluta hússins, sem lögreglan mun fá til starfsemi sinnar, en á þessu ári er fjárveiting á fjárlögum 3.2 millj. kr. og ráðgerð lánsfjáröflun á þessari áætlun 10 millj. kr.

Byggingaframkvæmdir á vegum Háskólans. Ráðgert er að afla 30 millj. kr. lánsfjár til byggingaframkvæmda Háskólans til viðbótar því fé, er happdrættið leggur fram í þessu skyni. Þær byggingar, sem ráðizt mun í næst, eru lagadeildarhús, raunvísindadeildarhús og byggingar fyrir læknadeild og tannlæknadeild. Á þessu stigi er undirbúningi sumra þessara framkvæmda ekki svo langt komið, að líklegt megi telja, að framkvæmdir geti hafizt á þessu ári. Er því sýnt, að ekki muni þurfa á allri þessari fjáröflun að halda á árinu, einkum þegar þess er gætt, að happdrættisfé til byggingaframkvæmda er áætlað allt að 60 millj. kr. á árinu.

Ed. 475. Frumvarp til laga [109. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. apríl.)

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði laga þessara taka til atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og meðlima þeirra í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúum eða fleiri, svo og til atvinnurekenda og meðlima verkalýðsfélaga í kauptúnum, sem fámennari eru, ef þar er starfandi verkalýðsfélag, sem nær til kaupstaða eða kauptúna, sem telja 300 íbúa eða fleiri. Ákvæði laganna taka og til allra erlendra verktaka, sem hafa með höndum framkvæmdir hér á landi. Ráðherra getur ákveðið, að lögin taki til annarra staða, ef verkalýðsfélög og atvinnurekendur þar óska þess og hlutaðeigandi sveitarstjórn mælir með því.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú stundar meðlimur verkalýðsfélags að hluta sjósókn á eigin fari, en vinnur að öðru leyti í þjónustu gjaldskyldra atvinnurekenda, og er hann þá gjaldskyldur með sama hætti og atvinnurekendur skv. 1. og 2. mgr. af vinnu í eigin þágu. Hver róðrardagur telst sem einn vinnudagur, þegar gjald er reiknað. Bótaréttur viðkomanda skv. öðrum ákvæðum laganna skal ákvarðaður á sama grundvelli.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 476. Nefndarálit [27. mál]

um till. til þál. um eignakönnun.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa á nokkrum fundum sínum og leitað um hana umsagnar. Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Leggur undirritaður meiri hluti nefndarinnar til, að tillagan verði felld.

Alþingi, 23. marz 1970.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
	Pétur Sigurðsson.	

Nd. 477. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og leggur meiri hluti hennar til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 24. marz 1970.

Guðl. Gíslason, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
	Jónas Árnason.	Matthías Bjarnason.

Nd. 478. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd deildarinnar hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. vill samþykkja það óbreytt, en undirritaðir telja, að eigi sé rétt, að frv. nái fram að ganga að svo stöddu. Ástæðan fyrir þeirri skoðun er sú, að áður en til frekari aðgerða deildarinnar komi, liggi fyrir umsögn sýslunefndar

Norður-Múlasýslu um fyrirhugaða sameiningu. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur fyrir sitt leyti samþykkt þessa tilhögun, en ályktun að þessu leyti vantar af hálfu sýslunefndar Norður-Múlasýslu. Við álítum því rétt, að sýslunefndinni veitist tækifæri til þess að skýra sjónarmið sitt um það, hvort nefndur hreppur skuli sameinaður öðrum hreppi innan sýslunnar eða hann hverfi úr sýslufélaginu og renni til kaupstaðarins.

Fyrir því leggjum við til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að eigi þykir rétt að stofna til þeirrar breytingar á umdæmismörkum Norður-Múlasýslu, sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir, án þess að sýslunefndinni sé veittur kostur þess að tjá sig um efni greinarinnar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. apríl 1970.

Jón Kjartansson, frsm. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 479. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til laga um gæðamat á æðardún.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og leggur til, að það verði samþykkt. — BGr og EðS voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 1970.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Jónas Pétursson.
Stefán Valgeirsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 480. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til laga um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og leggur til, að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali. — BGr og EðS voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 1970.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Jónas Pétursson.
Vilhjálmur Hjálmarsson, með fyrirvara. Stefán Valgeirsson, með fyrirvara.

Nd. 481. Breytingartillögur [161. mál]

við frv. til laga um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr.

1. Töluliður 15 orðist svo.
   Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðarhreppi, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að mörkum milli Breiðdalshrepps og Beruneshrepps.
2. Töluliður 16 orðist svo:
   Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla og Geithellnahreppur, Búlandshreppur og Beruneshreppur í Suður-Múlasýslu.

Nd. 482. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft frumv. til meðferðar nokkra hríð, rætt efni þess á mörgum fundum og sent það til umsagnar Búnaðarþingi, Landssambandi ísl. stangveiðimanna, Landssambandi veiðifélaga, Félagi áhugamanna um fiskrækt, veiðimálanefnd og veiðimálastjóra. Umsagnir bárust frá öllum þessum aðilum og höfðu flestir sitt hvað að athuga við frumv. En telja má þó, að áhugi kæmi fram hjá þeim öllum fyrir því, að frumv. næði fram að ganga á þessu þingi, þar sem það fæli í sér breytingar til bóta frá eldri lögum.

Landbúnaðarnefnd hefur orðið sammála um að mæla með frumvarpinu og leggur um leið fram nokkrar breytingartillögur, er hún flytur á sérstöku þingskjali. Margar breytingartillögur voru ræddar, þótt eigi næðist um þær samstaða. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma. — BGr var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 1970.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.	Pálmi Jónsson, fundaskr.	Jónas Pétursson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Stefán Valgeirsson.	Eðvarð Sigurðsson.

Nd. 483. Breytingartillögur [174. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 5. gr. Á eftir orðinu „lax“ í greininni bætist: og silungur.
2. Við 7. gr.
   a. Í 1. málsgr. á eftir orðunum „verði talin hætta á þverrandi fiskistofni í fiskhverfinu“ komi: eða til jöfnunar fiskgengd í því vatni.

b. 3. málsgr. orðist svo:
Ráðherra er rétt, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, að leyfa veiðifélagi að veiða lax til flutnings á hrygningarstaði. Einnig getur hann leyft, eftir tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, veiðifélagi að veiða göngulax og flytja hann upp fyrir ólaxgenga fossa eða mannvirki, er hindra fiskför um vötn. Kostnað, er af þessu leiðir, má greiða úr fiskræktarsjóði að ⅓ hluta.

3. Við 11. gr. Aftan við greinina bætist:
4. málsgr. 27. gr. laganna (sem verður 5. málsgr.) orðist svo:
Eigi má fjölga lögnum frá því, sem verið hefur síðustu 5 ár fyrir gildistöku laga þessara. Nú er breytt um veiðiaðferðir og veiði með föstum veiðivélum tekin upp, og skal þá heimilt að nota gamlar lagnir, sem löglegar teljast samkvæmt ákvæðum þessara laga. Einnig er það heimilt, ef veiði hefur ekki verið stunduð um ákveðið árabil, en er tekin upp aftur, eða ef veiði er tekin upp í vatni, þar sem ræktun hefur farið fram, þótt eigi hafi þar áður verið veitt.
4. Við 19. gr. Orðin „eyðing sels og annars veiðivargs“ í 2. málsgr. falli niður.
5. Við 20. gr. Fyrir orðin „er staðsett“ í d-lið komi: og.
6. Við 29. gr. Orðið „fylgifé“ falli niður úr greininni, en í staðinn komi: til.
7. Við 34. gr. Í stað orðanna „Hverjum manni er skylt“ í upphafi greinarinnar komi: Skylt er.
8. Við 37. gr. Orðin „þá er fé verður til þess veitt á fjárlögum“ í 2. málsgr. falli burt.
9. Við 45. gr. Greinin orðist svo:
a. 1. málsgr. 83. gr. (áður 98. gr.) orðist svo:
Nú eru friðlýst eða arðgæf selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær ósi vatns, er lax eða göngusilungur fer um, en 7 km, og getur þá ráðherra ófriðað þau eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, enda sýni mat, að arður af laxveiði eða göngusilungs í ánni sé meiri en arður af selveiði.
b. Upphaf 2. málsgr. sömu greinar orðist svo:
Nú eru friðlýst eða arðgæf selalátur eða selalagnir í veiðivatni o. s. frv.
10. Við 51. gr. Stafliður d í 1. málsgr. orðist svo:
3‰ af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almenningsins.
11. Við 52. gr. 2. töluliður síðari málsgr. orðist svo:
Klakhús og eldisstöðvar.

Nd. 484. Tillaga til þingsályktunar [197. mál]

um rekstur Landssmiðjunnar.

Flm.: Magnús Kjartansson, Þórarinn Þórarinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera áætlanir um endurskipulagningu Landssmiðjunnar í þeim tilgangi, að afkastageta fyrirtækisins verði nýtt til fullnustu, til dæmis í sambandi við áformin um gerð þurrkvíar í Reykjavík. Skulu áætlanir þessar lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi ásamt tillögum um fjáröflun til þess að koma vélakosti og rekstri Landssmiðjunnar í nútímalegt horf.

Nd. 485. Frumvarp til laga [137. mál]

um breyting á lögum um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., nr. 14 20. júní 1923.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. apríl.)

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi:

Óheimilt er að hafa undir höndum eða varðveita, veita viðtöku, gefa, afhenda, selja eða verzla með hvers konar lyf og efni, er ákvæði laga þessara taka til og ólöglega eru flutt inn eða framleidd. Gera skal upptæka til ríkissjóðs slíka vöru og hagnað af verzlun með hana.

2. gr.

5. gr. laganna verður 6. gr. og orðist svo:

Brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 1 milljón króna eða varðhaldi og fangelsi allt að 6 árum, ef um stórfellt brot er að ræða. Það telst stórfellt brot, ef lyfjum þeim eða efnum, sem undir lögin falla og ólöglega eru flutt inn eða framleidd, er dreift til margra manna eða þau seld gegn verulegu gjaldi, eða ef um er að ræða innflutning, útflutning, vörzlu, verzlun, móttöku, afhendingu, framleiðslu eða vinnslu þessara lyfja eða efna í því skyni að selja þau eða dreifa þeim til margra manna eða gegn verulegu gjaldi með öðrum hætti en lög þessi eða lyfsölulög heimila.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

3. gr.

6. gr. laganna verður 7. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 43 2. maí 1968 inn í lög nr. 14 20. júní 1923 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 486. Frumvarp til laga [198. mál]

um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

I. KAFLI

Um stjórn stofnunarinnar og hlutverk.

1. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Húsnæðismálastjórn veitir stofnuninni forstöðu.

Í húsnæðismálastjórn eiga sæti sex menn, þar af fimm menn kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt. Kjörtími húsnæðismálastjórnar skal vera fjögur ár. Félagsmálaráðherra skipar formann húsnæðismálastjórnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

Félagsmálaráðherra skipar húsnæðismálastofnuninni framkvæmdastjóra að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar. Ráðherra ákveður þóknun til húsnæðismálastjórnar.

Þóknun húsnæðismálastjórnar og laun framkvæmdastjórans greiðast úr ríkissjóði, en annar kostnaður stofnunarinnar úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna í hlutfalli við útlán hvors sjóðsins fyrir sig.

2. gr.

Hlutverk Húsnæðismálastofnunar ríkisins er að hafa á hendi stjórn Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu.

3. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal vinna að umbótum í byggingarmálum, lækkun á byggingarkostnaði og almennri fræðslu um byggingarmálefni.

Stofnuninni er heimilt að starfrækja teiknistofu, er láti í té hagkvæmar teikningar og annist leiðbeiningarstarf um hvers konar umbætur og vinnutækni við byggingu íbúðarhúsa.

Við úrlausn verkefna til umbóta í byggingarmálum skal Húsnæðismálastofnun ríkisins leita samvinnu við Iðnaðarmálastofnun Íslands, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og aðra opinbera aðila, sem sérþekkingu hafa á málum þessum og gegna hliðstæðum hlutverkum hver á sínu sviði.

Félagsmálaráðherra skipar nefnd sérfróðra manna húsnæðismálastjórn til ráðuneytis um tæknileg mál og ákveður ráðherra þóknun til nefndarmanna.

II. KAFLI

Byggingarsjóður ríkisins og veðlánakerfi til íbúðabygginga.

4. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins skal vera að annast lánveitingar til íbúðabygginga og standa straum af framkvæmdum, er húsnæðismálastjórn kann að ráðast í til lausnar á húsnæðisvandamálum almennings.

Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera:

a. Launaskattur, samkvæmt lögum um launaskatt.
b. Framlag úr ríkissjóði, að fjárhæð 75 milljónir króna.
c. 1% álag, er innheimta skal aukalega, á tekju- og eignarskatt, og ½% á aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá.
d. Afborganir og vextir lána, sem veitt hafa verið eða veitt verða af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.
e. 1% lántökugjald af lánum, er húsnæðismálastjórn veitir, svo og vaxtatekjur Byggingarsjóðs.
f. Höfuðstóll vaxtabréfa samkvæmt 5. gr. og vaxtafé af þeim, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, sé þess ekki vitjað innan 20 ára frá gjalddaga, sbr. 18. gr. laga nr. 55/1945.

Byggingarsjóðurinn skal vera í vörzlu veðdeildar Landsbanka Íslands.

5. gr.

Veðlánakerfi til aðstoðar við byggingu íbúðarhúsnæðis skal starfrækt undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands.

Til öflunar fjár í Byggingarsjóð ríkisins er veðdeild Landsbanka Íslands heimilt að gefa út og selja skuldabréf (bankavaxtabréf) sem svarar heildarupphæð árlegra lánveitinga húsnæðismálastjórnar til íbúðabygginga. Skuldabréf þessi skulu vera með föstum vaxtafæti og endurgreiðast með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet), sjá þó 5. mgr. þessarar gr.

Skuldabréf þessi og vextir af þeim skulu vera undanþegin sköttum, útsvari og framtalsskyldu á sama hátt og innstæður í bönkum.

Ríkissjóður ber einfalda ábyrgð á skuldbindingum samkvæmt bréfum þessum.

Hagstofa Íslands skal reikna vísitölu, er sýnir breytingar á dagvinnutímakaupi fyrir almenna verkamannavinnu í Reykjavík, samkvæmt nánari ákvörðun hennar. Grunntími þessarar vísitölu skal vera 1. febrúar 1968, og skal hún framvegis reiknuð fjórum sinnum á ári, miðað við fyrsta dag mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember. Gildistími hverrar vísitölu í sambandi við útgáfu skuldabréfa samkvæmt 2. mgr. þessarar gr. og C-lið 8. gr. er 3 mánuðir og reiknast frá 1. degi þess mánaðar, er vísitalan er við miðuð.

Á ársgreiðslur lána, er Byggingarsjóður tekur samkvæmt 2. mgr. þessarar gr., skal greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. mgr. þessarar gr.) frá útgáfutíma skuldabréfa og til 1. febrúar næst fyrir hverja ársgreiðslu.

Ráðherra ákveður að öðru leyti gerð þessara skuldabréfa og setur nánari reglur um útgáfu þeirra. Skal fara eftir þeim reglum, er gilda um útgáfu bankavaxtabréfa veðdeildar Landsbankans, nema ráðherra ákveði annað.

6. gr.

Skylt er eftirtöldum aðilum að kaupa skuldabréf (bankavaxtabréf), samkvæmt 5. gr., sem hér segir:

1. Atvinnuleysistryggingasjóður sem svarar árlegu framlagi ríkissjóðs til þessa sjóðs, sbr. lög nr. 29/1956, 12. gr.
2. Tryggingafélög, samkvæmt lögum nr. 17/1964, 4. gr.
3. Lífeyrissjóðir og eftirlaunasjóðir sem svarar ¼ af árlegu ráðstöfunarfé sínu. Með ráðstöfunarfé, samkvæmt þessum tölulið, er átt við tekjur af iðgjöldum, framlögum og vöxtum, afborganir af lánum, að frádregnum bótagreiðslum og rekstrarkostnaði.

7. gr.

Til útlána eða framkvæmda á vegum húsnæðismálastjórnar kemur:

A. Fé Byggingarsjóðs ríkisins, samkvæmt 4. gr.
B. Fé það, sem aflast með sölu skuldabréfa (bankavaxtabréfa), samkvæmt 5. gr., sbr. 6. gr.
C. Sparnaðarfé, samkvæmt III. kafla laga þessara.
D. Erlend lán, sem Byggingarsjóður ríkisins eða veðdeild Landsbanka Íslands kunna að taka til íbúðabygginga.

8. gr.

Húsnæðismálastjórn veitir lán úr Byggingarsjóði ríkisins samkvæmt eftirfarandi reglum:

A. Lánin veitast til byggingar nýrra íbúða, meiri háttar viðbygginga eða til kaupa á nýjum íbúðum. Lán skal þó að jafnaði því aðeins veita, að loforð um lánveitingu hafi verið gefið, áður en hlutaðeigandi byggingarframkvæmd hófst eða kaup á nýjum íbúðum eru gerð. Lánin skulu greidd lántakendum í peningum og koma til útborgunar eftir því sem húsnæðismálastjórn ákveður og þá í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu húsnæðisins, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Engum einstaklingi skal veitt lán samkvæmt þessari mgr. nema út á eina íbúð.

Húsnæðismálastjórn er heimilt, á meðan á byggingatíma stendur, að veita lán til byggingarsamvinnufélaga, byggingameistara, byggingafyrirtækja og sveitarfélaga, er byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja lánareglum húsnæðismálastjórnar. Lán þessi skiptast síðan milli væntanlegra íbúðarkaupenda. Það er skilyrði fyrir slíkum lánum, að íbúðir verði eigi seldar, nema húsnæðismálastjórn samþykki söluverð þeirra fullgerðra. Við verðlagningu íbúðanna skal höfð hliðsjón af byggingarvísitölu. Húsnæðismálastjórn ákveður, hvaða tryggingar skuli settar fyrir lánum samkvæmt þessari mgr.

Húsnæðismálastjórn getur enn fremur veitt lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum og á öðrum skipulagsbundnum stöðum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leiguíbúðir.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 25 milljónum króna árlega til lánveitinga til kaupenda eldri íbúðarhúsa. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um úthlutun slíkra lána.

B. Lánsfjárhæðin má nema allt að kr. 600 000.00 á hverja íbúð, þó ekki meira en ¾ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands. Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki ráðherra, breytt lánsfjárhæð þessari á tveggja ára fresti til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

C. Ársvextir af lánum þessum skulu vera 4%. Þau skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu á 25 árum með jöfnum ársgreiðslum, vaxta og afborgana (annuitet). Hvert lán skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð. Á vexti af lánum þessum fyrsta árið, og af ársgreiðslum af þeim síðar, skal skuldari greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. mgr. 5. gr.) frá lántökutíma og til 1. febrúar næst fyrir hverja ársgreiðslu. Til greiðslu á kostnaði veðdeildar Landsbankans vegna starfa hennar í þágu Byggingarsjóðsins skulu skuldarar árlega greiða sem svarar ¼% af lánsfjárhæðinni. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og árlegir vextir, og við það skal lögð hlutfallslega sama vísitöluviðbót og greidd er á ársgreiðslu af láninu hverju sinni.

D. Heimilt er húsnæðismálastjórn að stytta lánstímann vegna sérstakra byggingahátta eða takmarkaðs leigutíma lóðarréttinda.

E. Félagsmálaráðherra skal að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar setja með reglugerð nánari ákvæði um veitingu lána, er húsnæðismálastjórn hefur með höndum. Um lánveitingar til einstaklinga skal þar m. a. setja ákvæði, sem tryggi, að farið sé eftir ástæðum umsækjenda, húsnæði, fjölskyldustærð, efnahag, lántökumöguleikum o. fl. Enn fremur um hámarksstærð íbúða, sem veita má lán til.

Ákveðið skal í reglugerð, hver skilríki umsækjandi skuli láta fylgja umsókn sinni, og um önnur almenn skilyrði fyrir lánveitingu.

9. gr.

Húsnæðismálastjórn ákveður, hverjum skuli veitt lán skv. lögum þessum af fé til útlána samkvæmt 7. gr. Veðdeild Landsbankans skal sjá um afgreiðslu lánanna og innheimtu afborgana og vaxta. Skal veðdeildin sjá um, að afgreiðslan og innheimtan geti farið fram í peningastofnunum sem víðast á landinu.

III. KAFLI

Um sparnað til íbúðabygginga.

10. gr.

Sérstök innlánsdeild skal starfa á vegum Byggingarsjóðs ríkisins.

Þeir, sem leggja fé inn í deildina, skulu að minnst 10 árum liðnum, frá því að innlög hófust, eiga kröfu á að fá það útborgað, að viðbættum innlánsvöxtum með viðbót skv. kaupvísitölu, sbr. 5. mgr. 5. gr. Nemi hin innlagða upphæð minnst 20 þús. krónum á ári, er skylt að láta þá, er taka þátt í innlögum þessum, sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, að öðru jöfnu, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist, þó aldrei yfir ¾ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þessarar innlánsdeildar og um réttindi og skyldur samkvæmt þessari grein skulu sett í reglugerð.

Tilsvarandi ákvæði gilda um þá menn utan kaupstaða og kauptúna, sem leggja á þennan hátt fé í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands.

11. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum, eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, en í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveit.

Fé það, sem skylt er að spara á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkvæmt 1. málsgr., hefur náð 26 ára aldri — eða stofnað til hjúskapar, verði það fyrr — skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt samkvæmt 1. málsgr. með 4% vöxtum frá þeim tíma, er það var inn lagt, og með viðbót samkvæmt kaupvísitölu, sbr. 5. málsgr. 5. gr. Enn fremur skulu þeir sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir ¾ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjársöfnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samanlagt að minnsta kosti 100 000.00 kr.

Fé, sem lagt er til hliðar samkvæmt þessari grein og 10. gr., skal vera skatt- og útsvarsfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt. Enn fremur skulu vextir af þessu fé undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.

12. gr.

Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

a. Gift fólk, sem hefur stofnað heimili.
b. Skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, og iðnnemar, meðan þeir stunda iðnnám.
c. Unglingar í sveitum, sem vinna hjá foreldrum sínum eða fósturforeldrum og leggja árlega 25% af kaupi sínu, að fæði frádregnu, í bústofnsaukningu.
d. Þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er hafa yfir 30 þús. kr. skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá.
e. Þeir, sem kaupa eða byggja nýjar íbúðir til eigin þarfa.

Heimilt er skattstjórum að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar. Skýrslur um slíkar undanþágur skal senda húsnæðismálastjórn. Ákvörðun skattstjóra má áfrýja til félagsmálaráðherra.

Þó að maður kunni að eiga rétt á undanþágu frá sparnaðarskyldu, verður hann að láta hið tilskilda sparifé af hendi, þar til hann hefur fengið formlega undanþágu, en þá á hann rétt til endurgreiðslu, svo fljótt sem við verður komið.

Útlendingar, sem hafa landvistar- eða atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir, skulu fá skyldusparnað sinn endurgreiddan, er þeir hverfa af landi burt.

13. gr.

Vegna framkvæmda á ákvæðum þessa kafla skal heimilt að gefa út sparimerki, og skulu atvinnurekendur og aðrir kaupgreiðendur þá skyldir til að greiða tilskilinn

hluta launa með slíkum merkjum hverju sinni, er kaup kemur til útborgunar. Kaupgreiðendur skulu krefjast þess, að launþegar færi sönnur á aldur sinn með framvísun nafnskírteinis, hvenær sem ástæða er til, þegar laun eru greidd. Launþegar skulu sýna kaupgreiðendum nafnskírteini, hvenær sem hinir síðarnefndu telja sig þurfa að sjá það vegna fyrirmæla þessarar málsgreinar.

Ákveða má í reglugerð sérstakt gjald, er skattyfirvald ákveður á hendur þeim, sem vanrækir sparimerkjakaup, er nema má allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir. Sömuleiðis má með reglugerð ákveða, að hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessara laga um skyldusparnað, skuli skylt að gera skattyfirvaldi grein fyrir sparimerkjaeign sinni með framvísun sparimerkjabókar sinnar að viðlögðu 200 króna gjaldi. Gjöld þessi renna til Byggingarsjóðs ríkisins eða Stofnlánadeildar landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands, eftir því sem við á.

Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði.

Sett skulu í reglugerð glögg ákvæði um framkvæmd þessa kafla.

IV. KAFLI

Byggingarsjóður verkamanna og verkamannabústaðir.

14. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks í kaupstöðum og kauptúnum með því að styðja byggingu hagkvæmra, staðlaðra og ódýrra íbúða, sem byggðar eru á vegum sveitarfélaga, eftir því sem nánar segir í lögum þessum.

Byggingarsjóður verkamanna lánar til bygginga með þeim skilmálum, sem lög þessi setja, í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem félagsmálaráðherra hefur skipað stjórn verkamannabústaða samkvæmt 2. mgr. 15. gr. og sveitarstjórn innir af hendi tilskilið framlag til sjóðsins.

Byggingarsjóður verkamanna skal vera í vörzlu veðdeildar Landsbanka Íslands, sem annast afgreiðslu lána og innheimtu afborgana og vaxta.

15. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að kanna möguleika á byggingu verkamannabústaða í sveitarfélaginu, og skal hún þá tilkynna félagsmálaráðuneytinu um þessa ákvörðun sína.

Ráðherra skipar þá stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í stjórn þessari eiga sæti fimm menn, sem skipa skal þannig: Tveir eftir tilnefningu sveitarstjórnar, tveir eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnar og einn eftir tilnefningu verkalýðsfélaga í sveitarfélaginu. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi hinna tilnefndu manna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera fjögur ár.

Stjórnarnefndarmenn og varamenn þeirra skulu eiga lögheimili í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

16. gr.

Stjórn verkamannabústaða skal, þegar eftir að hún hefur verið skipuð, rannsaka þörfina fyrir byggingu verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í því skyni getur hún auglýst eftir væntanlegum umsækjendum um slíkar íbúðir. Stjórnin semur síðan rökstudda greinargerð um þörf fyrir byggingu verkamannabústaða, þar sem lýsa skal hugmyndum um stærð og fjölda íbúða, sem æskilegt væri að byggja á næstu fjórum árum.

17. gr.

Að lokinni rannsókn þeirri, sem um ræðir í 16. gr., skal stjórn verkamannabústaða skila greinargerð til sveitarstjórnar. Sveitarstjórn ákveður síðan, hvort hún vill fyrir sitt leyti hefja byggingu verkamannabústaða, svo og fjölda þeirra, stærð og gerð í meginatriðum.

18. gr.

Nú hefur sveitarstjórn samþykkt tillögu um að hefja byggingu verkamannabústaða, og skal hún þá ákveða gjald það, sem sveitarfélaginu ber að greiða fyrir hvern íbúa næstu fjögur árin, samkvæmt 20. gr. Gjald þetta breytist til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Gjaldið ber sveitarstjórn að ákveða á þeim grundvelli, að það nemi a. m. k. helmingi væntanlegs láns úr Byggingarsjóði verkamanna til sveitarfélagsins.

Ákvörðun sína samkvæmt 1. og 2. mgr., ásamt greinargerð stjórnar verkamannabústaða, skal sveitarstjórn síðan senda húsnæðismálastjórn.

19. gr.

Þegar húsnæðismálastjórn hefur samþykkt, að fyrirhuguð byggingarframkvæmd falli undir ákvæði þessara laga, gerir stjórn verkamannabústaða endanlega byggingaráætlun. Þegar húsnæðismálastjórn og sveitarstjórn hafa staðfest þessa áætlun, má hefja byggingaframkvæmdir.

20. gr.

Þegar byggingaframkvæmdir hafa verið ákveðnar samkvæmt 15.—19. gr., skal hlutaðeigandi sveitarfélag árlega greiða framlag til Byggingarsjóðs verkamanna næstu fjögur árin, sem ekki skal vera lægra en 200 krónur og ekki hærra en 400 krónur fyrir hvern íbúa í sveitarfélaginu, sem býr á þéttbýlisstað, samkvæmt árlegum mannfjöldaskýrslum Hagstofunnar, miðað við 1. desember árið á undan. Fjárhæðir þessar breytast til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Framlagsskylda sveitarfélags, samkvæmt grein þessari, gildir frá og með því ári, sem byggingaframkvæmdir eru ákveðnar. Framlagið greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fyrir 31. desember ár hvert af framlagi Jöfnunarsjóðs til hlutaðeigandi sveitarfélags.

Ríkissjóður greiðir árlega framlag til Byggingarsjóðs verkamanna, sem vera skal jafnhátt og samanlögð framlög sveitarfélaga til byggingarsjóðsins eru á ári hverju. Framlag ríkissjóðs greiðist samtímis og framlög sveitarfélaganna, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

21. gr.

Að loknum þeim fjögurra ára byggingaframkvæmdum, sem um ræðir í 15.—20. gr., getur sveitarstjórn hafið nýjar byggingaframkvæmdir verkamannabústaða. Um þær framkvæmdir fer að öllu leyti samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 15.—20. gr. laga þessara.

22. gr.

Þegar sveitarfélag hefur byggingaframkvæmdir, samkvæmt 15.—21. gr., skal fjár aflað til þeirra svo sem hér segir:

A. Væntanlegur íbúðareigandi skal leggja fram 20% byggingarkostnaðar án opinberrar aðstoðar.

B. Byggingarsjóður ríkisins veitir hámarkslán samkvæmt 8. gr. laga þessara með almennum lánakjörum þess sjóðs.

C. Byggingarsjóður verkamanna veitir lán, sem nemur heildarbyggingarkostnaði hverrar íbúðar að frádregnu eigin framlagi samkvæmt staflið A og láni samkvæmt staflið B. Lán þessi skulu vera til 42 ára með 2% ársvöxtum og greiðast með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitetslán). Til greiðslu á kostnaði veðdeildarinnar vegna starfrækslu hennar í þágu byggingarsjóðsins skulu lántakendur greiða ⅛% af lánsfjárhæðinni, sem reiknast á sama hátt og

árlegir vextir. Lán þessi má ekki vísitölubinda. Lánið skal tryggt með 2. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð. Húsnæðismálastjórn úthlutar lánum úr Byggingarsjóði verkamanna.

23. gr.

Stjórn verkamannabústaða annast byggingaframkvæmdir.

Verkamannabústaðir skulu gerðir samkvæmt teikningum, sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Íbúðir í verkamannabústöðum skulu vera tveggja til fjögurra herbergja auk eldhúss og byggðar í fjölbýlishúsum. Heimilt er þó að byggja íbúðirnar í sambýlishúsum, raðhúsum eða einbýlishúsum, ef um litla byggingaráfanga er að ræða eða gildandi skipulag krefst slíkra frávika. Íbúð í verkamannabústað má eigi vera stærri en 100 fermetrar. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um stærð íbúða miðað við fjölskyldustærð.

Íbúðir í verkamannabústöðum skulu gerðar úr varanlegu efni og hafa til að bera venjuleg nútímaþægindi, en án íburðar. Íbúðunum skal skila fullgerðum. Leitast skal við, að íbúðirnar verði svo ódýrar í byggingu sem frekast er kostur. Í því skyni skulu byggingaframkvæmdir faldar viðurkenndum byggingaverktökum á samkeppnisgrundvelli og með sem víðtækustum útboðum. Reynt verði að koma við sem mestri hagkvæmni við byggingaframkvæmdir, og leggja ber áherzlu á fjöldaframleiðsluaðferðir, þar sem um stóra byggingaráfanga er að ræða.

Stjórn verkamannabústaða ákveður skiptingu heildarbyggingarkostnaðar á einstakar íbúðir. Kostnaðarverð, þannig fundið, skal vera söluverð íbúða, sbr. 25. gr., enda hafi húsnæðismálastjórn staðreynt á grundvelli framlagðra og viðurkenndra reikninga, að um raunverulegt kostnaðarverð sé að ræða.

24. gr.

Rétt til þess að kaupa verkamannabústað hafa þeir einir, sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Eiga lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi og hafa átt það síðustu tvö árin fyrir úthlutun.
2. Búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu.
3. Hafa eigi haft yfir 200 þúsund króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 20 þúsund krónum fyrir hvert barn innan 16 ára á framfæri, né yfir 400 þúsund króna skuldlausa eign, allt miðað við þann tíma, þegar íbúðin er keypt. Tölur þessar breytast í samræmi við breytingar á kaupgreiðsluvísitölu.

25. gr.

Þegar byggingaframkvæmdir hefjast, skal stjórn verkamannabústaða auglýsa rækilega innan sveitarfélagsins eftir umsækjendum um íbúðirnar. Í auglýsingu skal greina fjölda íbúðanna, stærð, gerð, byggingartíma, áætlað kostnaðarverð svo og greiðsluskilmála. Umsóknarfrestur má eigi vera skemmri en þrjár vikur. Að úthlutunarfresti liðnum úthlutar stjórnin íbúðunum til væntanlegra kaupenda, enda liggi fyrir staðfesting húsnæðismálastjórnar á því, að fullnægt sé skilyrðum samkvæmt 24. gr. Verði ágreiningur í stjórn verkamannabústaða um úthlutun íbúða, má skjóta honum til sveitarstjórnar, sem fellir fullnaðarúrskurð um ágreininginn. Ráðherra getur sett nánari ákvæði um úthlutun verkamannabústaða með reglugerð.

Sérhver umsækjandi, sem hlotið hefur íbúð, skal greiða 10% af áætluðu kostnaðarverði íbúðarinnar innan fjögurra vikna frá úthlutun. Við sölu og afhendingu íbúðarinnar fullgerðrar greiðir umsækjandi það, sem á vantar til þess að 20% af endanlegu kostnaðarverði íbúðarinnar séu greidd af hans hendi. Standi umsækjandi ekki í skilum með þessar greiðslur, fellur réttur hans til íbúðarinnar niður, en endur-

greiða skal honum þá fjárhæð, sem hann hefur greitt, samkvæmt framanrituðu, og úthluta síðan íbúðinni, skv. 1. mgr.

Sala íbúðar til umsækjanda, sem fengið hefur úthlutun, fer fram með þeim hætti, að umsækjandi fær skriflegt afsal fyrir íbúðinni frá sveitarstjórn gegn fullnaðargreiðslu, sbr. 2. mgr., og yfirtöku lána samkvæmt B- og C-liðum 22. gr. Í afsali skal tekið fram, að íbúðin sé háð ákvæðum þessa kafla um verkamannabústaði, eins og þau eru á hverjum tíma. Enn fremur skal í afsali kveða á um skyldu íbúðareiganda til þátttöku í húsfélagi með öðrum íbúðaeigendum í fjölbýlis- eða sambýlishúsum, sem annist sameiginlegt viðhald húsanna, sameiginlegar greiðslur og annað, er stjórn verkamannabústaða ákveður sem verkefni húsfélags.

Eigi skal greiða stimpilgjöld af afsölum fyrir íbúðum í verkamannabústöðum, en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

26. gr.

Íbúðareiganda er óheimilt að veðsetja íbúð í verkamannabústað nema til tryggingar lánum, samkvæmt B- og C-lið 22. gr.

Ekki má leigja íbúð í verkamannabústað nema með samþykki sveitarstjórnar.

Enginn, sem eignazt hefur íbúð í verkamannabústað, má selja hana, nema sveitarstjórn hafi áður hafnað forkaupsrétti. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kaupverð hennar, að viðbættri verðhækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á kostnaðarverði íbúðarinnar, nema þess hluta, er svarar til láns skv. 22. gr. C og eftir stendur, þegar forkaupsréttar er neytt. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum láns samkvæmt 22. gr. C, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu.

Nú er íbúð, sem keypt hefur verið samkvæmt 3. mgr., seld á nauðungaruppboði, samkvæmt lögum nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð, og getur sveitarstjórn þá neytt forkaupsréttar síns og krafizt þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð sveitarstjórn út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina, eða á söluverði, samkvæmt 3. mgr., ef það er lægra en hæsta boð. Söluverð þetta skal ákveðið áður en liðinn er sá frestur, sem uppboðshaldari hefur, samkvæmt uppboðsskilmálum, til samþykkis eða synjunar á boði, enda veiti uppboðshaldari sveitarstjórn hæfilegan frest til þess að fá ákvörðun um söluverðið. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni, samkvæmt 36. gr. laga nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

Íbúðir, sem sveitarfélag kann að eignast samkvæmt þessari grein, skulu endurseljast að fullnægðum skilyrðum 22., 24. og 25. gr., þannig að hlutföll í fjármögnun samkvæmt 22. gr. verði hin sömu og voru í upphafi á þessari íbúð.

Hafni sveitarstjórn forkaupsrétti að íbúðinni, er íbúðareiganda frjálst að selja hana, enda greiði hann að fullu áhvílandi lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

V. KAFLI

Um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis.

27. gr.

Húsnæðismálastjórn skal af hálfu ríkisvaldsins vera aðili að ráðstöfunum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum og hafa um það samvinnu við sveitarfélög, er beita sér fyrir slíkum framkvæmdum.

28. gr.

Sveitarfélög, sem hafa ákveðið að gera ráðstafanir til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, skulu senda húsnæðismálastjórn áætlanir sínar og rökstuddar greinargerðir fyrir þeim.

29. gr.

Íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, skulu geta notið lána samkvæmt II. kafla þessara laga.

30. gr.

Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal þá ríkissjóður lána jafnháa upphæð á móti, eftir því sem fjárlagaheimild hvers árs leyfir. Lán ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að hið ónothæfa húsnæði sé tekið úr notkun, um leið og hið nýbyggða húsnæði er fullgert, en þó er heimilt að afgreiða til viðkomandi sveitarfélags helming lánsupphæðar, þegar nýbygging er fokheld. Húsnæðismálastjórn ráðstafar lánum ríkissjóðs í þessu skyni.

Ef ágreiningur verður um ráðstöfun íbúða, sem reistar eru á þessum grundvelli, má skjóta ágreiningnum til úrskurðar húsnæðismálastjórnar.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

31. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

32. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 25 000.00, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 19/1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, lög nr. 97/1965, lög nr. 8/1968 og lög nr. 21/1968, um breyting á sömu lögum, sbr. þó 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða. Enn fremur eru úr gildi numin lög nr. 60/1962, um verkamannabústaði, lög nr. 35/1965 og lög nr. 20/1968, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Byggingarfélög verkamanna, sem hafa verkamannabústaði á sínum vegum, sem ekki eru fullgerðir við gildistöku laga þessara, annast áfram byggingaframkvæmdir þessara bústaða, unz þeim er lokið.

2. Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita viðbótarlán allt að 200 000.00 krónur, samkvæmt 22. gr. C, til verkamannabústaða, sem eru í byggingu við gildistöku þessara laga.

3. Haldast skulu óbreytt ákvæði laga og reglugerða um framkvæmd byggingaráætlunar í Reykjavík, en heimilt er ríkisstjórninni, Reykjavíkurborg og Fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík að semja svo um, að þær 735 íbúðir í byggingaráætlun þessari, sem eigi er hafin bygging á, eða hluti þeirra verði byggður sem verkamannabústaðir, samkvæmt IV. kafla laga þessara.

4. Hækkun sú á árlegu framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins, sem nemur 35 m.kr. sbr. 4. gr. b, greiðist í fyrsta sinn á árinu 1971. Sama gildir hækkanir, sem verða kunna á framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna, sbr. 20. gr.,

að svo miklu leyti, sem þær fara fram úr framlagi ríkisins samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1970.

5. Ákvæði 6. gr. 3. tl. um skyldu lífeyrissjóða og eftirlaunasjóða til kaupa bankavaxtabréfa gildir um ráðstöfunarfé þeirra frá ársbyrjun 1970.

6. Byggingarsjóður ríkisins skal hafa með höndum innheimtu fjár skv. 6. gr. 3. tl., og skal honum heimilt að krefjast upplýsinga, sem hann þarf á að halda til þess.

Setja skal í reglugerð, er ráðherra gefur út, nánari ákvæði um framkvæmd innheimtu og skýrslusöfnunar. Þar á meðal skal ákveða viðurlög í formi refsivaxta og/eða dagsekta, ef upplýsinga- og kaupskyldu á bankavaxtabréfum skv. 6. gr., 3. tl., er ekki fullnægt á tilsettum tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að ákvæði laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins og ákvæði laga um verkamannabústaði verði sameinuð í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Hér á eftir verður getið helztu efnisbreytinga frá núgildandi löggjöf, sem felast í frumvarpinu:

1. Stjórn Byggingarsjóðs verkamanna er falin húsnæðismálastjórn.
2. Húsnæðismálastjórn annast því úthlutun lána bæði úr Byggingarsjóði ríkisins og úr Byggingarsjóði verkamanna.
3. Fjáröflun til Byggingarsjóðs ríkisins verði aukin með tvennum hætti:
   a. Lífeyrissjóðir og eftirlaunasjóðir verði skyldaðir til að kaupa íbúðarlánabréf fyrir fjórðung ráðstöfunarfjár, enda verði lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins til sjóðfélaga ekki skertar, svo sem gert er.
   b. Framlag ríkissjóðs, sem verið hefur 40 m.kr. árlega, verði hækkað í 75 m.kr.
4. Breytingar á reglum um lán úr Byggingarsjóði ríkisins eru þessar helztar:
   a. Hámark láns verði 600 þúsund kr. Ætlazt er til, að farið verði í hámark lána vegna bygginga, sem hafnar eru eftir 1. jan. 1971. Heimild til breytingar lánsfjárhæðar á tveggja ára fresti til samræmingar við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar, í stað skyldu til breytingar á ársfresti, eins og nú er.
   b. Lánveitingar til byggingar leiguíbúða verði heimilaðar til allra, sem fullnægja skilyrðum reglugerðar um leiguíbúðir.
   c. Heimilt verði að veita lán til kaupa á eldri íbúðum fyrir allt að 25 m.kr. á ári.
   d. Heimild til viðbótarlána til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga falli niður.
   e. Heimild ríkisins til íbúðabygginga verði felld niður, framkvæmdanefndir byggingaáætlana, sbr. þó 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða. Heimilt er ríkisstjórninni, Reykjavíkurborg og fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík að semja svo um, að áframhaldandi byggingar samkv. Breiðholtsáætlun falli undir verkamannabústaðakerfið.
5. Það er á valdi sveitarfélags, hvort það lætur byggja verkamannabústaði. Tekjuöflun til Byggingarsjóðs verkamanna verði breytt þannig, að hvert sveitarfélag ákveði til fjögurra ára í senn framlag sveitarsjóðs, sem miða skal við íbúatölu á þéttbýlisstöðum og eigi vera lægra en 200 krónur á íbúa og eigi hærra en 400 kr. á íbúa á hverju ári. Jöfnunarsjóður annist greiðslu framlaganna af hluta sveitarfélaganna í jöfnunarfé. Ríkissjóður greiði sem fyrr jafnt á móti.
6. Hver sveitarstjórn, sem hyggst byggja verkamannabústaði, lætur gera áætlun um slíkar byggingar á næstu fjórum árum, og skal miða ákvörðun framlags síns til Byggingarsjóðs verkamanna við þá áætlun.
7. Ráðherra skipar fimm manna stjórn verkamannabústaða í hverju því sveitarfélagi, sem hyggst byggja verkamannabústaði, eftir tilnefningu sveitarstjórnar (2), húsnæðismálastjórnar (2) og verkalýðsfélaga (1). Stjórn þessi annast áætlunargerð, sbr. 6. tl., allar byggingarframkvæmdir og úthlutun verkamanna-

bústaða. Byggingarframkvæmdir skal hefja, þegar húsnæðismálastjórn og sveitarstjórn hafa staðfest byggingaráætlun.

8. Lánveitingar til byggingarfélaga verkamanna falli niður. Lánin skulu veitt sveitarfélögum, en verða yfirfærð á íbúðaeigendur við afhendingu bústaða fullgerðra. Lánin skulu vera tvö. Lán úr Byggingarsjóði ríkisins með venjulegum kjörum og lán frá Byggingarsjóði verkamanna til 42 ára með 2% ársvöxtum, annuitetslán, tryggt með 2. veðr. í bústaðnum. Samanlögð fjárhæð lánanna skal nema 4/5 hlutum raunverulegs byggingarkostnaðar. Íbúðareigandi skal leggja fram 1/5 hluta kostnaðar án opinberrar aðstoðar. Ber honum að greiða 1/10 hluta þegar hann fær úthlutun og afganginn við afsal. Verði vanskil af hans hálfu, missir hann rétt til íbúðar, en fær endurgreitt það, sem hann kann að hafa greitt. Íbúðinni verður þá úthlutað öðrum.
9. Verkamannabústaðir skulu vera tvö til fjögur herbergi, auk eldhúss, og vera í fjölbýlishúsum. Heimilt er að byggja þá í sambýlishúsum, raðhúsum eða einbýlishúsum, ef um litla byggingaráfanga er að ræða eða skipulag krefst slíkra frávika. Hámarksstærð skal vera 100 m².
10. Gert er ráð fyrir rýmkun efnahagsviðmiðunar þannig, að tekjumark er hækkað í 200 þús. kr. og 20 þús. kr. fyrir hvert barn á framfæri innan 16 ára og eignarmark hækkað í 400 þús. kr. Mörk þessi breytast í samræmi við breytingar á kaupgreiðsluvísitölu.
11. Takmarkanir á ráðstöfunarrétti eiganda verkamannabústaðar með svipuðum hætti og nú er.
12. Noti sveitarstjórn forkaupsrétt, skal bústað ráðstafað á ný með sama hætti og um væri að ræða nýjan bústað og lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna að sama marki og þegar um nýjan bústað er að ræða.
13. Kerfi það um aðstoð við láglaunafólk, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er hagstæðara en kerfi það, sem nú er lánað eftir til íbúða á vegum framkvæmdanefnda byggingaáætlana (Breiðholtsíbúðir), þar eð árgreiðsla lána samkvæmt frumvarpinu verður ca. kr. 52 900.00, en nemur ca. 57 200.00 vegna íbúða framkvæmdanefnda, hvort tveggja miðað við íbúð, sem kostar kr. 1 200 000.00. Þessi munur fer vaxandi með tímanum vegna þess, að lánið úr Byggingarsjóði verkamanna, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, er ekki vísitölutryggt, en lán þau, sem nú eru veitt vegna íbúða framkvæmdanefnda, eru öll vísitölubundin.

---

1. Gert er ráð fyrir, að ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins og notkun þess verði sem hér segir (millj. kr.):

	1970	1971	1972	1973	1974
Ráðstöfunarfé	794	847	955	1 076	1 216
Þar af: Framlag vegna Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar	116.5	50.0			
Áætlað lán á íbúð (þús. kr.)	540	600	600	660	660
Samsvarar fjölda fullra lána	1 255	1 330	1 590	1 630	1 850

Ofangreind áætlun um ráðstöfunarfé byggir á varlegri forsendu um tekjur af þeim tekjustofnum, sem felast í þessu frumvarpi. Allar líkur eru á, að ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs aukist hraðar en hér er gert ráð fyrir.

2. Nýir tekjustofnar samkvæmt þessu frumvarpi eru: Framlag ríkissjóðs, sem árið 1971 eykst úr 40 m.kr. í 75 m.kr. á ári. Einnig er gert ráð fyrir, að komið verði á almennri kaupskyldu lífeyrissjóða og eftirlaunasjóða, sem nemi einum fjórða af ráðstöfunarfé þeirra (6. gr.). Árið 1968 nam ráðstöfunarfé lífeyrissjóða samkvæmt skilgreiningu 6. gr. um 532 millj. kr., en það er síðasta árið, sem áreiðanlegar tölur

liggja fyrir um í dag. Varlega er áætlað, að fram til 1973 muni ráðstöfunarfé aukast um 150—200% frá þeim tíma.

3. Gert er ráð fyrir, að óbreytt standi árlegt framlag ríkissjóðs til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, sem nú er samkvæmt fjárlögum 18 m.kr.

4. Ætla má að byggðir verði 350 verkamannabústaðir á ári. Miðað við að kostnaðarverð hvers bústaðar verði 1 200 þús. kr., er gert ráð fyrir, að fjáröflun verði þannig á hvern bústað:

1. Frá væntanlegum kaupanda	240	þús. kr.
2. Frá Byggingarsjóði ríkisins	600	— —
3. Frá Byggingarsjóði verkamanna	360	— —
Samtals	1 200	þús. kr.

5. Hvert sveitarfélag, sem ákveður að byggja verkamannabústaði, skal leggja fram fé, sem nemur minnst 200 kr. á íbúa, en mest 400 kr., og jafnhátt framlag ríkissjóðs komi á móti. Gert er ráð fyrir, að til samans muni sveitarfélög með samtals 160 þúsund íbúum gerast aðilar að kerfinu. Þannig er reiknað með, að öll sveitarfélög, sem geta, verði aðilar að kerfinu. Þá er og gert ráð fyrir, að öll sveitarfélögin, sem í kerfið ganga, kjósi að hafa framlag sitt í hámarki. Hér er því reiknað með, að fjármagnsþörfin sé í algeru hámarki. Einnig er gert ráð fyrir, að umræddir 350 verkamannabústaðir séu með í þeim fjölda íbúða, sem áætlaður er undir tölulið 1 hér að framan, þótt hæpið sé að ætla það árið 1970.

Umrædd áætlun fyrir fjármögnun verkamannabústaða lítur því þannig út fyrir árið 1971:

	Millj. kr.	
350 verkamannabústaðir	420	
Framlag kaupenda		84
Framlag Byggingarsjóðs ríkisins		210
Framlag Byggingarsjóðs verkamanna		126
	420	420

Um 1. gr.

Grein þessi svarar til 1. gr. laga nr. 19/1965 um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Í greininni eru tvær efnisbreytingar. Samkvæmt núgildandi lögum á sá fulltrúi í húsnæðismálastjórn, sem tilnefndur er af Landsbanka Íslands, ekki atkvæðisrétt um lánveitingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að hann hafi sömu réttarstöðu og aðrir fulltrúar í húsnæðismálastjórn.

Í síðustu málsgrein greinarinnar, sem fjallar m. a. um annan kostnað stofnunarinnar, segir svo, að honum skuli skipt á milli Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna í hlutfalli við útlán hvors sjóðsins fyrir sig. Þessi breyting er afleiðing af því, að í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að húsnæðismálastjórn fari með stjórn beggja sjóðanna, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Um 2. gr.

Í grein þessari er ákvæði um hlutverk Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Greinin svarar til 2. gr. laga nr. 19/1965. Lagt er til, að stjórn Byggingarsjóðs verkamanna verði falin húsnæðismálastjórn, en stjórn Byggingarsjóðs verkamanna, sem nú starfar, verður þar af leiðandi lögð niður.

Um 3. gr.

Grein þessi hefur að geyma ákvæði, sem eru í 3. gr. laga nr. 19/1965. Greinin er þó mjög stytt frá því, sem er í núgildandi lögum. Í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir heimild til handa Húsnæðismálastofnun til þess að starfrækja teiknistofu, sem láti í té hagkvæmar teikningar og annist leiðbeiningarstörf um hvers konar umbætur

og vinnutækni við byggingu íbúðarhúsa. Í núgildandi lögum er ekkert ákvæði um rekstur teiknistofu. Lagt er til, að ákvæði 3. mgr. 3. gr. núgildandi laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins, um heimild handa ríkisstjórninni til þess að láta byggja íbúðir í fjölbýlishúsum í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög, verði felld niður.

Um 4. gr.

Grein þessi svarar í höfuðatriðum til 4. gr. laga nr. 19/1965, en hér er þó gert ráð fyrir eftirtöldum breytingum:

Í þessari frumvarpsgrein er felld niður frásögn sú, sem er í núgildandi lögum um, hvert stofnfé Byggingarsjóðs ríkisins hafi verið.

b-liður greinarinnar fjallar um hið árlega framlag úr ríkissjóði, sem samkv. núgildandi lögum er 40 m.kr. og hefur staðið óbreytt frá 1965. Í frumvarpinu er lagt til, að þessi fjárhæð verði hækkuð í 75 m.kr. Ákvæði í b-lið greinarinnar um sexföldun fasteignamats til eignarskatts er felld niður. Ákvæði þetta var í raun og veru fellt úr gildi með 2. gr. laga nr. 78 29. desember 1967 um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965 um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 5. gr.

Grein þessi er nákvæmlega samhljóða 5. gr. laga nr. 19/1965.

Um 6. gr.

Í grein þessari er lagt til, að eftirtöldum aðilum verði gert skylt að kaupa skuldabréf eins og nánar segir í greininni.

Skylda atvinnuleysistryggingasjóðs til kaupa á bankavaxtabréfum er hin sama og nú er. Framlagi ríkissjóðs til atvinnuleysistrygginga er varið til kaupa á slíkum bréfum, samkvæmt lögum. Um bankavaxtabréfakaup tryggingafélaga vísast til laga nr. 17/1964. Hér er ekki heldur um nýmæli að ræða.

Það er nýmæli að skylda lífeyrissjóði og eftirlaunasjóði til þess að verja ¼ hluta af árlegu ráðstöfunarfé sínu til bankavaxtabréfakaupa. Í greininni er skilgreining á því, hvað átt sé við með orðinu ráðstöfunarfé. Um þetta nýmæli vísast til almennra athugasemda með frumvarpi þessu hér að framan.

Um 7. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa, enda er hún að efni til samhljóða 6. gr. laga nr. 19/1965.

Um 8. gr.

Grein þessi hefur að geyma áþekk ákvæði þeim, sem eru í 7. gr. laga nr. 19/1965. Hér er þó lagt til, að gerðar verði verulegar breytingar, sem nánar verður nú vikið að.

Í 2. mgr. A-liðar frumvarpsins eru samandregin að efni til ákvæði þau, sem nú eru í 2. mgr., 4. mgr. og 5. mgr. téðrar greinar núgildandi laga.

Ákvæði 3. mgr. A-liðar núgildandi laga um heimild til að veita sveitarfélögum, Öryrkjabandalagi Íslands og elliheimilum lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum er rýmkað. Lagt er til, að slík lán megi veita hverjum sem er, enda fullnægi hann þeim ákvæðum, sem sett eru í reglugerð um slíkar leiguíbúðir.

Í staflið A er nýmæli þess efnis, að heimilt sé að verja allt að 25 m.kr. árlega til lánveitinga til kaupa eldri íbúðarhúsa. Gert er ráð fyrir, að ráðherra setji nánari ákvæði um þessa heimild í reglugerð. Nauðsynlegt er að tryggja heimild til lánveitinga til kaupa á eldri húsum, þar eð vöntun á lánum í sambandi við sölu slíkra húsa hefur einatt leitt til þess, að í stað þess að kaupa gott og hentugt eldra húsnæði verða ýmsir þeir, sem þurfa að eignast íbúð, að byggja nýja íbúð, sem er kostnaðarsamari, en í mörgum tilvikum á engan hátt betri en góðar eldri íbúðir. Hóflega notuð heimild til slíkra lánveitinga getur sparað lánsfé til nýrra íbúðabygginga verulega.

Í B-lið greinarinnar er lagt til, að lánsfjárhæð megi nema allt að 600 þús. kr. Þeir, sem byrja á byggingu íbúðar á árinu 1970, eiga nú rétt á allt að 545 þús. kr. láni

samkv. núgildandi lögum. Samkvæmt núgildandi lögum skal lánsfjárhæð 280 þús. kr., miðuð við vísitölu byggingakostnaðar 1. júlí 1964, en skal síðan hækka og lækka samkv. þeirri vísitölu. Í frumvarpinu er lagt til, að húsnæðismálastjórn geti, að fengnu samþykki ráðherra, breytt lánsfjárhæðinni kr. 600 000.00 á tveggja ára fresti til samræmis við breytingar á vísitölu byggingakostnaðar. Samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að veita hærri lán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, og í því skyni má verja 15—20 m.kr. árlega af tekjum Byggingarsjóðs ríkisins. Lagt er til, að þetta ákvæði verði fellt niður. Í samræmi við það, sem áður er fram tekið í almennum athugasemdum við frumvarp þetta, er lagt til, að 2. mgr. B-liðar 7. gr. núgildandi laga verði felld niður.

C-liður frumvarpsins er samhljóða 1. mgr. C-liðar 7. gr. gildandi laga. Hins vegar fellur niður 2. mgr. B-liðar núgildandi laga, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu. Lagt er til, að 2. og 3. mgr. 7. gr. gildandi laga verði felldar niður.

Um 9. gr.

Greinin er að efni til samhljóða 8. gr. laga nr. 19/1965.

Um 10. gr.

Þessi grein svarar til 9. gr. laga nr. 19/1965. Aðeins sú breyting er gerð, að í stað „10 þús. krónur“ í 2. málslið 2. mgr. er sett „20 þús. krónur“.

Um 11. gr.

Grein þessi er samhljóða 10. gr. laga nr. 19/1965.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. laga nr. 19/1965 með þeirri einni breytingu, að lagt er til, að þeir, sem kaupa eða byggja nýjar íbúðir til eigin þarfa, verði undanþegnir sparnaðarskyldu, sbr. e-lið greinarinnar.

Um 13. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. laga nr. 19/1965.

Um 14. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir því, að verkamannabústaðir verði byggðir á vegum sveitarfélaga. Þar með verða verkefnin tekin af byggingarfélögum verkamanna, ef frumvarp þetta verður að lögum. Ástæður til þessarar breytingar eru taldar þessar:

1. Samræming almennra lánakjara til þeirra, sem þurfa sérstakrar opinberrar aðstoðar, við þau kjör, sem veitt eru vegna íbúðabygginga ríkisins og Reykjavíkur í Breiðholti, verður torveld, ef ætla á byggingarfélögum frumkvæði og framkvæmd íbúðabygginganna.

2. Venjulegt félagsstarf er naumast um að ræða í byggingarfélögunum. Það starf, sem unnið hefur verið, er unnið af stjórnum þeirra. Fundarhöld í flestum þessara félaga eiga sér yfirleitt ekki stað.

3. Á sumum stöðum byggja einstaklingar verkamannabústaði, hver fyrir sig, en félögin koma ekki upp þessum bústöðum, eins og þó er ákveðið í lögunum að vera skuli.

4. Úthlutunarreglur félaganna, sem byggðar eru á því, hver félagsmanna hefur verið lengst í félaginu, tryggir ekki, að þeir, sem mesta hafa þörfina, sitji fyrir við úthlutun íbúða. Þó að skilyrði til þess að öðlast slíka íbúð hafi verið fyrir hendi, þegar gengið var í félagið og sótt um íbúð, kemur einatt í ljós, að skilyrðin eru ekki lengur fyrir hendi, þegar úthluta skal. Freistar það til að sniðganga reglur um tekjumark og eignamark.

5. Þar eð sveitarsjóðir leggja fram fjármagn til þessara íbúðabygginga, er rétt, að sveitarstjórnir eigi fulltrúa í framkvæmdastjórn þeirri, sem ber ábyrgð á bygg-

ingunum. Á sama hátt er rétt, að ríkisvaldið eigi fulltrúa í framkvæmdastjórn bygginganna, þar eð það leggur og framlag til þeirra. Segja má þá, að eðlilegt sé, að þriðji fulltrúinn í þessari stjórn væri tilnefndur af hlutaðeigandi verkalýðsfélagi, en ætla má, að flestir þeir, sem brýnasta þörf hafa fyrir opinbera aðstoð, séu úr hópi félagsmanna verkalýðsfélaga. Stjórn, sem skipuð er með þessum hætti, mætti sýnast ábyrgari og traustari í starfi sínu og líklegri til forustu heldur en stjórn byggingarfélags, sem skipuð er samkvæmt gildandi lögum um verkamannabústaði, og aðeins lýtur aðhaldi frá félagi, sem í raun og veru starfar ekki með eðlilegum hætti, sbr. 2. tl.

Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna verður nú sem fyrr að veita lán til íbúðabygginga tekjulágra og efnalítilla manna, sem búa við ófullnægjandi húsnæði. Svo sem áður er getið, er lagt til, að húsnæðismálastjórn annist lánveitingar úr sjóðnum og núverandi stjórn Byggingarsjóðs verkamanna verði lögð niður.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir því, að ráðherra skipi stjórn verkamannabústaða, þegar sveitarstjórn hefur ákveðið að kanna möguleika á byggingu slíkra bústaða. Í stjórn þessari verði fimm menn, tveir tilnefndir af sveitarstjórn og aðrir tveir af húsnæðismálastjórn, en ráð er fyrir því gert, að ríkissjóður og sveitarsjóður leggi hvor um sig jafnhátt framlag til sjóðsins, sbr. 20. gr. Fimmti maðurinn verði tilnefndur af verkalýðsfélögum, þar eð ætla má, að þeir, sem lána njóta, verði fyrst og fremst úr hópi félagsmanna verkalýðsfélaganna.

Um 16. gr.

Hlutverk stjórnar verkamannabústaða er fyrst það, að rannsaka þörfina fyrir byggingar þessarar tegundar í sveitarfélaginu. Að lokinni þessari rannsókn skal stjórnin semja rökstudda greinargerð og semja drög að tillögum um stærð og fjölda þeirra íbúða, sem hún telur æskilegt að byggja á næstu fjórum árum.

Um 17. gr.

Lagt er til, að sveitarstjórn taki fyrir sitt leyti ákvörðun um byggingaframkvæmdir, þegar hún hefur fengið álitsgerð stjórnar verkamannabústaða, sbr. 16. gr.

Um 18. gr.

Gert er ráð fyrir, að sveitarstjórn ákveði framlag sitt til Byggingarsjóðs verkamanna, sbr. 20. gr., um leið og hún samþykki tillögu um byggingu verkamannabústaða.

Til þess að skýra viðhorf sveitarstjórnar til ákvörðunar um byggingu verkamannabústaða er búið til dæmi á þessa leið:

Sveitarfélag hefur 10 000 íbúa. Það ákveður að byggja verkamannabústaði. Kostnaðarverð hverrar íbúðar reynist að meðaltali 1 200 000.00 kr.

Fjáröflun til hennar verður þá þannig:

1.	Frá væntanlegum kaupanda	240 000.00 kr.
2.	— Byggingarsjóði ríkisins	600 000.00 —
3.	— Byggingarsjóði verkamanna	360 000.00 —
	Samtals	1 200 000.00 kr.

A. Sveitarstjórn ákveður framlag til Byggingarsjóðs verkamanna 200 krónur fyrir hvern íbúa næstu 4 árin. Árlegt framlag verður þá 2 m.kr. og jafnt á móti úr ríkissjóði. Samtals koma þá í byggingarsjóðinn 4 m.kr., sem svarar til ca. 11 íbúða á ári eða 44 íbúða á fjórum árum.

B. Sveitarfélagið hefur ákveðið, að framlagið verði 300 krónur fyrir hvern íbúa. Það gæfi kost á byggingu 16—17 íbúða á ári eða ca. 65 íbúða á fjórum árum.

C. Sveitarfélagið ákveður framlagið 400 krónur fyrir hvern íbúa, sem svaraði til bygginga 22 íbúða á ári eða 88 íbúða á fjögurra ára tímabilinu.

Um 19. gr.

Lagt er til, að lokaákvörðun um byggingu verkamannabústaða sé tekin af húsnæðismálastjórn, enda leiðir af slíkri ákvörðun fyrirheit um lán úr Byggingarsjóði ríkisins og úr Byggingarsjóði verkamanna, sbr. B- og C-liði 22. gr. Byggingaframkvæmdir má því ekki hefja fyrr en samþykki húsnæðismálastjórnar er fyrir hendi.

Um 20. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um framlög til Byggingarsjóðs verkamanna. Þeirri meginreglu er fylgt um framlögin, að framlag ríkissjóðs verði jafnhátt framlagi sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir verulegri hækkun framlagsins frá því, sem nú er. Hins vegar er lagt til, að framlag verði aðeins ákveðið til fjögurra ára hverju sinni. Samkvæmt núgildandi lögum er framlag ákveðið ótímabundið eða í eitt skipti fyrir öll.

Vert er að geta þess nýmælis, að framlög sveitarfélaga verða greidd úr Jöfnunarsjóði og dregin frá framlagi þess sjóðs til sveitarfélaganna. Það sparar vafstur og fyrirhöfn við innheimtu og bókfærslu.

Um 21. gr.

Lagt er til, að sveitarfélag, sem lokið hefur byggingaframkvæmdum, geti hafizt handa um nýjan byggingaráfanga á næstu fjórum árum. Gilda öll hin sömu ákvæði um þá framkvæmd og hina fyrri.

Um 22. gr.

Grein þessi geymir ákvæði um fjáröflun til bygginga verkamannabústaða. Lagt er til, að lánveitingar nemi samtals ⅘ hlutum byggingarkostnaðar. Byggingarsjóður ríkisins veiti hámarkslán, samkvæmt 8. gr. B, og Byggingarsjóður verkamanna láni það, sem á vantar, að ⅘ hlutum byggingarkostnaðar sé náð. ⅕ hluta kostnaðar er lagt til, að væntanlegur íbúðareigandi leggi fram án opinberrar aðstoðar. Samkv. greininni er skylt að lána 80% byggingakostnaðar. Að öðru leyti er vísað til athugasemdar um 18. gr.

Um 23. gr.

Lagt er til, að stjórn verkamannabústaða annist byggingaframkvæmdir. Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Grein þessi geymir ákvæði um það, hverjir geti eignazt verkamannabústaði. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að bústaðirnir séu eign sveitarfélagsins, á meðan þeir eru í byggingu, en verði seldir einstaklingum, þegar þeir eru fullgerðir, sbr. 23. gr.

Lagt er til, að tekju- og efnahagsviðmiðun verði rýmkuð frá því, sem nú er, eða úr 120 000.00 kr. tekjum í 200 000.00 kr., úr 10 000.00 kr. tekjum á hvert barn í 20 000.00 kr. og eignin úr 250 þúsund kr. í 400 þúsund kr.

Um 25. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um ráðstöfun þeirra verkamannabústaða, sem hafin er bygging á. Ákvæði þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Greinin fjallar um takmarkanir á ráðstöfunarrétti eiganda verkamannabústaðar. Ákvæði þessi eru mjög lík þeim ákvæðum, sem gilda nú um verkamannabústaði, og þarfnast því ekki skýringa.

Um 27.—30. gr.

Þessi ákvæði eru samhljóða ákvæðum í 13.—16. gr. laga nr. 19/1965. Í stað orðanna „bæjar- og hreppsfélög“ í 13. og 14. gr. er í frumvarpinu notað orðið „sveitarfélög“. Er það í samræmi við það, sem nú tíðkast. Sveitarfélag gildir bæði kaupstað og hrepp.

Um 31. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Lagt er til, að hámark sektar verði hækkað úr 10 000.00 kr. í 25 000.00 kr.

Um 33. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 487. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til laga um Siglingamálastofnun ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar og rætt það á allmörgum fundum sínum.

Frumvarp til laga um Siglingamálastofnun ríkisins var einnig flutt á 88. löggjafarþingi (1967—1968), en er nú lítið eitt breytt frá því, sem þá var. — Málið náði ekki fram að ganga, og var því þá með rökstuddri dagskrá vísað til ríkisstjórnarinnar, með ósk um að láta fara fram á frumvarpinu nánari athugun sérfróðra manna og aðila, sem hér eiga hagsmuna að gæta, og leggja endurskoðað frumvarp fyrir Alþingi á ný.

Svo sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu, fól ríkisstjórnin Þórði Eyjólfssyni fyrrv. hæstaréttardómara að endurskoða umrætt frumvarp, en auk þess æskti hæstv. samgöngumálaráðherra umsagnar um málið frá þeim Guðmundi H. Oddssyni, forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Jóni Sigurðssyni, formanni Sjómannasambands Íslands, og Sverri Júlíussyni, formanni Landssambands ísl. útvegsmanna. — Skiluðu þessir aðilar sameiginlegu áliti um málið, sem er fylgiskjal með frumvarpinu.

Sjávarútvegsnefnd sendi frumvarpið einnig til umsagnar ýmissa aðila, sem hér eiga hagsmuna að gæta, og fékk auk þess til viðræðna um málið á fundi sína þá Þórð Eyjólfsson fyrrv. hæstaréttardómara, er samdi frumvarpið, Ingimar Einarsson lögfræðing, fulltrúa Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, Hjálmar Bárðarson skipaskoðunarstjóra og nefnd manna frá Verkfræðingafélagi Íslands.

Í sumum af þeim umsögnum um málið, sem nefndinni bárust, var um allmikla gagnrýni að ræða. Kom þar fram m. a., að með frumvarpi þessu væri verið að færa út og auka starfsemi og starfssvið Skipaskoðunar ríkisins og Skipaskráningarstofu ríkisins frá því, sem nú ætti sér stað, en það mundi hafa í för með sér stóraukið starfslið og aukin útgjöld. Þá kom einnig fram í umræddum umsögnum, að hið nýja nafn stofnunarinnar væri of víðtækt og næði yfir meira starfssvið en hlutverk Skipaskoðunar ríkisins ætti raunverulega að vera. Loks er þess að geta, að fram komu staðhæfingar um það, að einstakir starfsmenn Skipaskoðunar ríkisins hefðu með höndum störf varðandi teikningar skipa o. fl., sem ekki samrýmdust sýslunarstörfum þeirra.

Með hliðsjón af því, sem fram hefur komið við athugun nefndarinnar á máli þessu, hefur hún orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum, sem nefndin hefur leyft sér að flytja á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. apríl 1970.

Jón Árnason, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson.
Bjarni Guðbjörnsson.	Axel Jónsson.	Ólafur Jóhannesson.
	Sveinn Guðmundsson.	

Ed. 488. Breytingartillögur [50. mál]

við frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í greininni og í stað sömu orða eða orðsins „Siglingamálastofnunin“ hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi: Skipaskoðun ríkisins.
   b. Í stað orðsins „siglingamál“ komi: öryggismál skipa.
2. Við 2. gr.
   a. 6. töluliður orðist svo:
      Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi.
   b. 10. töluliður orðist svo:
      Að annast af Íslands hálfu samstarf við alþjóðastofnanir varðandi þau mál, sem eru í verkahring stofnunarinnar.
3. Við 4. gr. Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í greininni og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi: skipaskoðunarstjóri.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra skipar fasta starfsmenn stofnunarinnar að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra. Fast starfsfólk Skipaskoðunar ríkisins tekur laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisins.
   Skipaskoðunarmenn og skipamælingamenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra.
   Eigi má skipaskoðunarstjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Skipaskoðun ríkisins, hafa á hendi störf, sem eru ósamræmanleg stöðum þeirra og háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Skipaskoðunar ríkisins, svo sem eftirlit með skipum eða vélum fyrir einstaklinga, félög eða opinberar stofnanir.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Skipaskoðunarstjóri skal hafa sérfróða starfsmenn, eftir nánari ákvörðun í reglugerð, sem ráðherra setur.

Sþ. 489. Tillaga til þingsályktunar [199. mál]

um endurskoðun löggjafar um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og könnun á fjármagnsþörf til rannsóknastarfseminnar.

Flm.: Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa sérstaka nefnd til að endurskoða löggjöf um rannsóknir í þágu atvinnuveganna í ljósi þeirrar reynslu, sem þegar hefur fengizt af framkvæmd hennar undanfarin ár. Við þessa endurskoðun verði stefnt að því, að þekking og rannsóknir í raunvísindum og nútímatækni verði að sem allra víðtækustum notum í landinu. Sérstaklega verði kannað, með hvaða hætti yfirstjórn rannsóknamála skuli hagað.

Nefndin kanni enn fremur fjármagnsþörf rannsóknastarfseminnar og hve miklu fjármagni sé nauðsynlegt að verja til rannsókna og þá með hverjum hætti fjárins skuli aflað.

Stefnt sé að því, að endurskoðun og tillögugerð sé lokið fyrir árslok 1970, og skal greiða kostnað við störf nefndarinnar úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þróun atvinnuvega í nútímaþjóðfélagi og nýjungar í atvinnugreinum eru grundvölluð á víðtækri rannsóknastarfsemi. Samkeppnishæfni þjóðanna á viðskiptasviðinu byggist verulega á tækniþekkingu. Ef Íslendingar notfæra sér ekki til hins ýtrasta þátt vísindanna í efnahagsþróuninni, munu þeir dragast aftur úr í lífskjörum. Þjóðinni er því nauðsynlegt að tileinka sér vísindin í ríkari mæli og öðlast aukinn skilning á sambandi milli þeirra og efnahagslegra framfara og leitast þannig við að fylgja nágrannaþjóðum sínum eftir með aukinni tæknimenntun og eigin rannsóknum.

Til að ná þessu marki verður fjárfesting í rannsóknum því að vera a. m. k. hlutfallslega sambærileg og er hjá þeim þjóðum, sem þjóðin á í samkeppni við á erlendum mörkuðum, og beinast að rannsóknum til uppbyggingar og þróunar atvinnuveganna í samræmi við stefnu ríkisins í atvinnumálum. Vinna ber að eflingu rannsóknastofnana í landinu, hvað snertir starfslið og starfsaðstöðu, og finna verður leiðir til að beina auknu fjármagni til rannsóknaverkefna í samræmi við áætlanir rannsóknastofnana eða starfshópa á hverjum tíma. Augljóst er, að einkafyrirtæki, einkum iðnfyrirtæki, verða einnig að tileinka sér rannsóknir í mun ríkari mæli en verið hefur, annaðhvort á eigin rannsóknastofum eða með starfi sérmenntaðs starfsliðs fyrirtækjanna á opinberum rannsóknastofum.

Tryggja verður, að hæfustu vísindamenn, sem þjóðin á völ á, veljist til rannsóknastarfa og vísindalegrar kennslu, og að þeim sé sköpuð aðstaða til að sinna vísindastörfum óskiptir og séu ekki háðir aukastörfum. Á þann hátt er unnt að stuðla að því, að íslenzkir vísindamenn öðlist þá starfsreynslu og þekkingu, sem nauðsynleg er og verður til að valda verkefnum framtíðarinnar.

Fjölmargir sérfræðingar, sem að rannsóknum starfa í landinu, hafa bent á nauðsyn þess að endurskoða lögin um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Hér er því lagt til, að sérstakri nefnd verði falið að endurskoða þau lög með sem víðtækasta og bezta nýtingu tækni og vísinda til þjóðarheilla í huga. Það er því mikilvægt, að til nefndarstarfa verði kvaddir menn, sem rannsóknir stunda og hafa þannig raunhæfa reynslu af framkvæmd laganna, eigi síður en þeir, sem ábyrgð bera á framkvæmd þeirra.

Vafasamt verður að teljast, að sú yfirstjórn og það skipulag, sem ríkt hefur í rannsóknamálum, hafi valdið því hlutverki, sem ætlað var. Yfirstjórn ríkisins skiptist milli margra ráðunevta, og ekkert þeirra hefur á að skipa sérstöku starfsliði, er metið geti vísindastarfið eða rannsóknaþörfina. Yfirstjórn ríkisins á rannsóknamálum verður að geta sinnt á sem beztan hátt nýsköpunarhlutverki rannsóknastarfseminnar og tekið á móti hugmyndum og tillögum rannsóknastofnana eða einstakra vísindamanna um rannsóknaverkefni með framsýnu mati á mikilvægi verkefnanna.

Nauðsynlegt er að athuga vandlega, hvort stofna beri vísindadeild í stjórnarráðinu, er sameini yfirstjórn ríkisins á rannsóknastofnunum, jafnframt því sem endurskipulagning á rannsóknastarfseminni í heild fari fram. Ef athugun leiddi í ljós, að rétt þætti að stofna slíka deild, ætti hlutverk hennar að vera auk þess að móta vísindastefnu í samræmi við stefnu í atvinnu- og menntamálum og hafa nána samvinnu m. a. við hagfræðilegar stofnanir.

Við almenna endurskipulagningu á rannsóknamálunum verður sérstaklega að hafa eftirfarandi í huga:

Tryggja verður náin tengsl rannsóknastarfsemi og tæknimenntunar, þannig að vísindaþekking og reynsla þjóðarinnar nýtist sem bezt.

Tryggja verður aukin upplýsingaskipti milli vísindamanna innbyrðis og stuðla að hópvinnu vísindamanna.

Koma þarf á upplýsingamiðlun frá rannsóknastarfseminni til þeirra aðila, sem geta fært sér niðurstöður rannsóknanna í nyt.

Vinna ber gegn aðskilnaði á rannsóknum, kennslu og ráðgjafastarfsemi, sem sums staðar á sér stað í atvinnumálum, svo og einangrunarstefnu einstakra stofnana.

Samræma þarf bókasöfn og upplýsingasöfnun í þágu rannsókna.

Veita þarf starfandi sérfræðingum aðild að stjórn rannsóknastofnana í vaxandi mæli.

Til að hindra stöðnun rannsóknastofnana verði kannað sérstaklega, hvort æskilegt sé, að forstöðumenn þeirra verði aðeins ráðnir til takmarkaðs tíma í senn og að sérfræðingar geti flutzt á milli stofnana þeim sjálfum og rannsóknastofnununum til hagsbóta.

Áherzla er lögð á það, að ekki er unnt að ákveða endanlegt og bezt skipulag fyrir rannsóknastarfsemina, því að margar forsendur eru breytilegar frá ári til árs. Skipulag rannsóknamála verður því að vera í stöðugri endurskoðun.

Arðsemi rannsóknastarfseminnar er háð vilja og getu atvinnufyrirtækja þjóðarinnar til að notfæra sér rannsóknir og nýjungar. Í mörgum tilvikum gæti verið æskilegt, ef launaðir sérfræðingar fyrirtækjanna fengju rannsóknaaðstöðu inni á rannsóknastofnunum ríkisins. Sömuleiðis mundi það örva fyrirtæki til nýsköpunar og rannsókna, ef veitt yrðu skattfríðindi vegna rannsóknakostnaðar. Ef úr yrði mundi þetta verða mikil lyftistöng bæði fyrir fyrirtækin sjálf og fyrir rannsóknastarfsemina. Í þessu sambandi þarf líka að athuga sérstaklega, á hvern hátt hagnýta megi í ríkari mæli en tíðkazt hefur sérþekkingu í sambandi við lánveitingar til atvinnurekstrar.

Ef þeim tillögum, sem hér hafa verið nefndar, er fylgt fast eftir, má ætla, að takast megi að auka verulega afköst og arðsemi rannsóknastarfseminnar í landinu.

Ed. 490. Frumvarp til laga [200. mál]

um breyting á lögum nr. 45 12. maí 1969, um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 45 12. maí 1969 var hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps heimilað að selja Ingu Þórarinsdóttur jörðina Þykkvabæ í Landbroti. Skilyrði fyrir sölu jarðarinnar er skv. lögunum, að kaupandinn geri jörðina að ættaróðali.

Inga Þórarinsdóttir vill ekki kaupa jörðina, verði hún skylduð til að gera hana að ættaróðali, og hefur í bréfi til Alþingis 16. marz s.l. farið fram á, að söluheimildarlögunum verði breytt, þannig að skyldan til að gera jörðina að ættaróðali verði felld niður.

Hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps hefur í bréfi til Alþingis, dags. 15. marz s.l., einnig farið fram á, að nefndum lögum verði breytt á þann veg, að ákvæðið um, að skylt sé að gera jörðina að ættaróðali, verði fellt úr lögunum.

Ed. 491. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Krossaland í Bæjarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og umsagnir, sem um það hafa borizt, og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. apríl 1970.

Steinþór Gestsson, form.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson, frsm.
Jónas G. Rafnar.	Karl Guðjónsson.	Ásgeir Bjarnason.
	Jón Árnason.	

Sþ. 492. Fyrirspurnir. [201. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um nefndir skipaðar af ráðherrum og kosnar af Alþingi.

Frá Tómasi Árnasyni.

Hvaða nefndir eða ráð eru skipuð af ráðherrum og kosin af Alþingi?
Hverjar af þessum nefndum eru fastanefndir?
Enn fremur óskast upplýst:

1. Hve fjölmennar eru nefndirnar?
2. Hvert er verkefni þeirra?
3. Hver er þóknun nefndarmanna og annar kostnaður við nefndastörfin?

II. Til menntamálaráðherra um hinar nýju framhaldsdeildir gagnfræðaskólanna.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvað líður undirbúningi reglugerðar varðandi frekari námsréttindi þeirra nemenda, sem ljúka prófi úr hinum nýju framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna?

III. Til ríkisstjórnarinnar um niðurlagningarverksmiðju ríkisins.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Hvað líður undirbúningi þess, að niðurlagningarverksmiðja ríkisins á Siglufirði verði sett undir sérstaka stjórn með nýrri löggjöf um verksmiðjuna?

IV. Til samgönguráðherra um jarðgöng á Oddsskarðsvegi.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Hvað líður undirbúningi að gerð á jarðgöngum á Oddsskarðsvegi?
Hvað er áætlað, að göngin kosti?
Hvenær má búast við, að göngin verði gerð?

V. Til samgönguráðherra um ríkisvegi í Reykjavík.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Hve langir eru vegir innan borgarmarka Reykjavíkur, sem ríkissjóður á að leggja og annast rekstur á samkv. vegalögum?
Hvað er áætlað, að þessir vegir kosti fullbúnir?
Hvað hefur ríkið þegar lagt í þessa vegi?
Hvað kosta brýr á þessum vegum?

VI. Til samgönguráðherra um snjómokstur á þjóðvegum.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Hvað nam kostnaður ríkisins við snjómokstur á þjóðvegum árin 1967, 1968 og 1969, hvert ár um sig?
Hvernig skiptist kostnaðurinn á nokkra helztu þjóðvegi í landinu, þar sem mest var um snjómokstur?
Hvaða reglur gilda um snjómokstur á þjóðvegum hjá Vegagerð ríkisins?

Ed. 493. Frumvarp til laga [202. mál]

um Útflutningslánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

Heimilt er að stofna samkvæmt lögum þessum sjóð, er nefnist Útflutningslánasjóður.

Stofnaðilar sjóðsins eru Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlánasjóður. Þeir leggja honum til fé, sbr. 3. gr., fara með stjórn hans og fjármál og ábyrgjast fjárskuldbindingar hans.

Aðrir viðskiptabankar geta síðar orðið aðilar að sjóðnum, og fer þá um framlagsfé þeirra, ábyrgð og aðild að stjórn sjóðsins, eftir því sem um semst milli þeirra og sjóðsstjórnar.

2. gr.

Hlutverk Útflutningslánasjóðs er:

a) að veita lán vegna útflutnings meiri háttar véla og tækja, þar á meðal skipa og annarra fjárfestingarvara, sem framleiddar eru innan lands, og skulu slík lán tryggð hjá tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð eða með annarri fullgildri ábyrgð,
b) að veita samkeppnislán, það er að segja lán til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, þar með talin skip, sem framleidd eru innan lands, gegn bankaábyrgð eða annarri fullgildri ábyrgð.

3. gr.

Stofnaðilar sjóðsins leggja hver um sig fram 50 millj. króna, sem greiðast til sjóðsins á ekki skemmri tíma en þremur árum og ekki lengri tíma en fimm árum.

Auk stofnfjár er sjóðnum heimilt að afla fjár til starfsemi sinnar með lántökum hjá innlendum bönkum og sjóðum. Einnig er honum heimilt að taka lán erlendis.

4. gr.

Um stjórn sjóðsins og rekstur fer eftir stofnsamningi, er aðilar sjóðsins gera með sér, svo og reglugerð, sbr. 7. gr.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela Landsbanka Íslands eða annarri lánastofnun umsjá sjóðsins. Skal Landsbanki Íslands eða sú lánastofnun, sem til þess er kjörin, annast afgreiðslu lána og innheimtu.

Laust fé sjóðsins skal geymt á reikningi í Seðlabanka Íslands.

6. gr.

Sjóðurinn nýtur sömu réttinda og veitt eru Framkvæmdasjóði Íslands með 11. og 12. gr. laga nr. 66 frá 13. maí 1966.

7. gr.

Viðskiptaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum sjóðsstjórnar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu skapast ný viðhorf fyrir íslenzkan iðnað, að því er snertir útflutning afurða hans. Á þetta ekki sízt við um ýmiss konar framleiðslu, sem flokkast undir fjárfestingarvörur, og má því gera ráð fyrir, að útflutningur slíkra vara fari vaxandi á næstu árum.

Meiri háttar fjárfestingarvörur eru almennt seldar með greiðslufresti. Óhætt er að fullyrða, að á seinni árum hafi greiðsluskilmálar haft vaxandi þýðingu í sölu fjárfestingarvara. Fæst fyrirtæki hafa hins vegar bolmagn eða getu til þess að starfa sem lánastofnun auk venjulegs reksturs. Í flestum iðnaðarlöndum hefur því verið komið á fót stofnunum, sem fjármagna slík útflutningslán. Starfsemi þessara stofnana hefur farið vaxandi við aukna samkeppni og eru þær víða orðnar ómissandi fyrir útflutningsiðnað viðkomandi lands.

Ríkisstjórnin telur tímabært, að slíkri stofnun verði komið á fót hérlendis og leggur til, með frumvarpi þessu, að Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Iðnlánasjóði verði veitt heimild til stofnunar útflutningslánasjóðs.

Hlutverk Útflutningslánasjóðs er að fjármagna útflutningslán, sem veitt eru vegna útflutnings meiri háttar innlendra fjárfestingarvara. Útflutningslán eru lán, sem útflytjendur (framleiðendur) veita erlendum kaupendum sínum og eru til lengri tíma en eins árs. Gert er ráð fyrir að þessi lán verði einskorðuð við kaup á meiri háttar vélum og tækjum og stærri samninga og yrði þar reynt að fylgja svipuðum reglum og gilda í nágrannalöndunum. Yfirleitt yrði þar sú regla, að lengd lána og lánskjör fara mjög eftir því, hve stóra samninga er um að ræða. Reynt hefur verið að samræma lánskjör á útflutningslánum með alþjóðlegum samningum og er sjálfsagt að Íslendingar fylgi þeim, eftir því sem við getur átt.

Enn fremur mun Útflutningslánasjóður veita svonefnd samkeppnislán, en það eru lán, veitt innlendum framleiðendum fjárfestingarvara, sem framleiða fyrir innlendan markað í samkeppni við erlenda aðila.

Samtímis frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð. Tryggingardeildin tekur að sér að ábyrgjast lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir veita til fjármögnunar á útflutningslánum auk þess, sem gert er ráð fyrir að útflytjendur geti tryggt sig hjá deildinni gegn tapi á kröfum á hendur erlendum aðilum. Þess er vænzt, að með tilkomu þessa útflutningslánakerfis (Útflutningslánasjóður og tryggingardeild útflutningslána) styrkist mjög samkeppnisaðstaða íslenzks útflutningsiðnaðar í harðnandi samkeppni við erlenda aðila.

Að öðru leyti vísast hér til fylgiskjals frumvarps þessa, sem eru tillögur Seðlabanka Íslands um útflutningslán og ábyrgðir.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir, að Útflutningslánasjóður verði sjálfstæð persóna að lögum, sem lúti sérstakri stjórn, sem nánar sé kveðið á um í stofnsamningi og reglugerð, sbr. ákvæði 4. gr. frumvarpsins.

Samizt hefur um, að stofnaðilar sjóðsins verði Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlánasjóður, og er ráð fyrir því gert í frumvarpinu, að þeir leggi sjóðnum til fé, eins og þar segir.

Æskilegt þykir að hafa aðild að sjóðnum ekki bundna við stofnaðila hans. Því er gert ráð fyrir því í 3. mgr. 1. gr., að viðskiptabankar, einn eða fleiri, geti gerzt aðilar að honum með samningi við sjóðsstjórn.

Um 2. gr.

Gerð er grein fyrir efni þessarar greinar í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 3. gr.

Stofnfé skal lagt fram eftir þörfum sjóðsins, en þó ekki á skemmri tíma en þremur árum og ekki lengri tíma en fimm árum. Áætlað er, að stofnaðilar greiði samtímis jafnháa upphæð hver.

Um 4. gr.

Eðlilegt er, að stofnsamningur aðila ákveði nánar um stjórn og rekstur sjóðsins, að því leyti, sem þau atriði eru ekki ákveðin í reglugerð.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir því, að Landsbanka Íslands verði falin umsjá sjóðsins og hann sjái um daglega afgreiðslu lána og innheimtu þeirra. Þessi leið er valin, þar sem væntanlega mun hún reynast bæði hagkvæmari og ódýrari, heldur en að setja á stofn sérstaka afgreiðslu í þessu sambandi. Einnig er á það að líta, að Landsbankinn er umsvifamesti viðskiptabanki landsins og hefur sterk erlend bankasambönd og er þar af leiðandi bezt til þess fallinn að taka að sér umsjá sjóðsins.

Um 6. gr.

Eðlilegt er, að sjóðurinn njóti sömu réttinda og ákveðin eru í tilvitnuðum lögum um Framkvæmdasjóð.

Er þar í fyrsta lagi átt við það, að sjóðurinn verði undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga eða annarra stofnana, þ. m. t. stimpilgjaldi af eigin skuldbindingum.

Í öðru lagi er átt við það, ef fasteign er seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, þá ber uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Útflutningslánasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal sjóðnum gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

12. febrúar 1970.

TILLÖGUR UM ÍSLENZKT ÚTFLUTNINGS- OG SAMKEPPNISLÁNAKERFI

I. AÐALINNIHALD TILLAGNANNA

Yfirleitt ná erlend útflutningslánakerfi yfir a) lánastofnun, sem fjármagnar innlendan útflutning og b) tryggingastofnun, sem tryggir veitendur útflutningslána (lánastofnanir, framleiðendur) gegn tapi á erlendum kröfum. Í þessum tillögum um íslenzkt kerfi, er gert ráð fyrir því, að útflutningslánastofnunin fjármagni svonefnd samkeppnislán auk útflutningslána.

1. Settur verður á stofn útflutnings- og samkeppnislánasjóður. Aðilar að Sjóðnum verði Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlánasjóður. Sjóðurinn veitir lán til fjármögnunar á útflutningi fjárfestingarvara, sem seldar eru með lengri en eins árs greiðslufresti. Enn fremur fjármagnar Sjóðurinn sölu innlendra framleiðenda á fjárfestingarvörum, til innlendra kaupenda. Afgreiðsla Sjóðsins skal vera hjá Landsbanka Íslands.
2. Ríkisábyrgðasjóður tekur að sér að tryggja útflutningslán, sem veitt eru vegna útflutnings innlendra vara. Sérstök nefnd tekur ákvarðanir viðvíkjandi þessari starfsemi Ríkisábyrgðasjóðs. Nefndin er skipuð þremur fulltrúum, einum frá fjármálaráðuneytinu, einum frá viðskiptaráðuneytinu og einum frá Seðlabanka Íslands (Ríkisábyrgðasjóði).

II. ÚTFLUTNINGS- OG SAMKEPPNISLÁNASJÓÐUR

Komið verði á fót samlagssjóði ákveðinna aðila. Sjóðurinn fjármagnar íslenzkan útflutning á fjárfestingarvörum auk þess sem hann veitir samkeppnislán. Nafn hans verði Útflutningslánasjóður.

1. Hlutverk.

Hlutverk samlagssjóðsins (hér á eftir nefndur Sjóðurinn) er þríþætt.

Útflutningslán: Sjóðurinn fjármagnar samkvæmt nánar ákveðnum reglum útflutning á íslenzkum fjárfestingarvörum, sem seldar eru með löngum greiðslufresti. Með fjárfestingarvörum er einkum átt við vélar og tæki, en með löngum greiðslufresti er átt við greiðslufrest, sem er lengri en 12 mánuðir.

Samkeppnislán: Sjóðurinn tekur að sér hlutverk bankanna varðandi veitingu samkeppnislána. Samkeppnislán eru lán, veitt innlendum framleiðendum, sem framleiða fyrir innlendan markað í samkeppni við erlenda aðila. Einnig hér er um fjármögnun á sölu véla og tækja með greiðslufresti að ræða. Sala fiskiskipa fellur ekki undir þennan lið.

Fjármögnun vegna sölu/kaupa skipa: Þessi þáttur, sem eðli sínu samkvæmt ætti að falla undir hina báða, er talinn upp sérstaklega bæði vegna fyrirgreiðslu Fiskveiðasjóðs og vegna þess hversu háar upphæðir eru samfara fjármögnun á skipasölu, hvort sem hún er til innlendra eða erlendra aðila. Útflutningur hvers konar nýrra skipa fellur undir útflutningslán, þó með þeim fyrirvara að hluti lánsins, þ. e. a. s. það sem fer í að greiða erlendan kostnað, sé gjaldeyrislán.

Fiskveiðasjóður fjármagnar kaup innlendra aðila á fiskiskipum, en eðlilegt er, að Sjóðurinn taki einnig einhvern þátt í þeirri fjármögnun, ef hann hefur til þess bolmagn, enda er hér að nokkru um eins konar samkeppnislán að ræða. Fyrirgreiðsla vegna sölu annarra nýrra skipa til innlendra aðila mun hins vegar falla beint undir starfssvið Sjóðsins. Einnig hér er lánið veitt með þeim fyrirvara að hluti þess sé gjaldeyrislán.

2. Aðilar að Sjóðnum og fjármögnunargeta hans.

Að Sjóðnum standa Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlánasjóður. Framlag þeirra skal samtals nema 150 millj. kr., 50 millj. kr. frá hverjum. Ekki hefur þótt rétt að leggja til, að aðrir bankar verði aðilar að Sjóðnum, þar sem þeir mundu ekki geta staðið undir eins háu eigin fjárframlagi og hér er talið nauðsynlegt. Hins vegar væri rétt að halda opnum möguleikanum til fjölgunar framlagsaðila síðar, ef ástæða þykir til.

Stofnfé skal leggjast fram samkvæmt þörfum Sjóðsins, en þó ekki á skemmri tíma en þremur árum og ekki á lengri tíma en fimm árum. Aðilarnir greiða samtímis, jafn háa upphæð hver. Að meðaltali greiðir því hver þeirra a. m. k. 10 millj. kr. á ári og í mesta lagi 16.7 millj. kr.

Sjóðurinn notar stofnfé til fjármögnunar á þeim viðskiptum, sem hann tekur að sér að greiða fyrir svo og til þess að standa straum af framkvæmdakostnaði.

Sjóðurinn hefur enn fremur heimild til að taka lán, jafnt innanlands sem utan. Eignir sjóðsaðila eru tryggingar fyrir slíkum lánum, ekki síður en stofnfé. Innlendra lána mun Sjóðurinn einkum afla með samningum við viðskiptabankana, Atvinnuleysistryggingasjóð og Iðnþróunarsjóð.

Lánsfé Sjóðsins skal geymt á reikningi í Seðlabankanum.

3. Stjórn.

Stjórnin er skipuð fulltrúum frá framlagsaðilum Sjóðsins, einum frá hverjum. Hún ákveður vaxtakjör auk þess sem hún setur lágmarksskilyrði og almennar reglur fyrir lánveitingum.

Helztu lágmarksskilyrði skulu vera:

a) **Útflutningslánatrygging** hjá Ríkisábyrgðasjóði og skal lánið ekki nema hærri upphæð en þeirri, sem svarar til hins tryggða hluta þeirra. Aðrar tryggingar geta verið bankaábyrgð, ef um samkeppnislán er að ræða, fasteignaveð eða önnur þau verðmæti, sem stjórn Sjóðsins álítur nægilegar.

   Þar sem Ríkisábyrgðasjóður mun væntanlega tryggja 70—90 hundraðshluta af hverju láni, sem hann greiðir fyrir (þ. e. a. s. 56—72% samningsupphæðar), skulu lán úr Sjóðnum ekki nema hærri hundraðshluta af viðskiptum en 56—72%.

b) **Innborgun** kaupanda (down payment) í seinasta lagi við afhendingu (móttöku) vörunnar. Innborgunin skal ekki vera minni en 20% af samningsupphæð. Þessu skilyrði er ekki alltaf stranglega framfylgt erlendis og getur hlutfallstalan verið lækkuð í allt að 10%.

Í upphafi hvers árs gerir stjórn Sjóðsins útlánaáætlun fyrir komandi ár, auk þess sem hún áætlar (fyrstu 3 til 5 árin) hve stór hluti framlaga skuli leggjast fram á árinu og hvaða lánsfjár þarf að afla til starfsemi sjóðsins. Í lok hvers bókhaldsárs, sem skal vera hið sama og almanaksárið, semur stjórnin skýrslu um starfið á árinu og leggur hana fyrir aðilana, sem standa að sjóðnum.

Umsækjendur sækja um fyrirgreiðslu annaðhvort um viðskiptabanka sinn eða beint til Sjóðsins. Nauðsynlegar upplýsingar skulu fylgja umsókninni, svo sem vörutegund, samningsupphæð, greiðsluskilmálar, innborgun kaupanda og hvort aðrar stofnanir taki þátt í að greiða fyrir viðkomandi viðskiptum.

Til þess að taka ákvörðun um lánsveitingu þarf meiri hluti stjórnarinnar (tveir af þremur) að vera fylgjandi henni. Hafi stjórnin samþykkt ákveðna fyrirgreiðslu, lætur hún framkvæmdaaðilann (Landsbanka Íslands) vita um ákvörðun sína og sér hann þá um framkvæmd fyrirgreiðslunnar.

4. Framkvæmdaaðili.

Stjórn Sjóðsins felur Landsbanka Íslands alla framkvæmd viðvíkjandi útborgun og innheimtu lánsfjár. Það mun væntanlega vera bæði hagkvæmara og ódýrara að

fela Landsbankanum þetta verkefni, heldur en að koma á sérstakri afgreiðslu í þessu sambandi. Landsbankinn er umsvifamesti viðskiptabanki landsins og hefur sterk erlend bankasambönd og er þar af leiðandi vel til þess fallinn að inna þessa þjónustu af hendi.

Landsbankinn heldur allri starfsemi fyrir sjóðinn aðskildri frá annarri starfsemi sinni. Landsbankinn fær einhverja þóknun fyrir þjónustu sína, og er hún samkomulagsatriði stjórnar Sjóðsins og stjórnar Landsbankans.

5. Endurskoðun á skipulagi Sjóðsins.

Breytingar, sem kunna að reynast nauðsynlegar, viðvíkjandi framlögum (hækkun) eða aðild (nýir aðilar bætast við, eldri ganga úr Sjóðnum) eru háðar samkomulagi sjóðsaðila á hverjum tíma.

III. ÚTFLUTNINGSLÁNATRYGGINGASTOFNUN

1. Stofnun og ákvörðunarvald.

Ríkisábyrgðasjóður tekur að sér að tryggja lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir (innlendar eða erlendar) veita innlendum útflytjendum til fjármögnunar á útflutningslánum, sem þeir veita erlendum kaupendum.

Enn fremur er Ríkisábyrgðasjóði heimilt að tryggja aðrar kröfur íslenzkra útflytjenda á erlenda kaupendur, enda hafi þær til orðið vegna innlends útflutnings.

Alþingi ákveður hámark leyfilegra skuldbindinga Ríkisábyrgðasjóðs vegna trygginga og ábyrgða á útflutningslánum, er gildi til ákveðins tíma í senn.

Umsóknir um tryggingu á útflutningslánum skulu lagðar fyrir þriggja manna nefnd, sem tekur afstöðu til umsóknanna, auk þess sem hún ákveður með hvaða kjörum tryggt er hverju sinni. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar fjármálaráðuneytisins, viðskiptaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands (Ríkisábyrgðasjóðs).

2. Tryggingar á útflutningslánum.

a) Tryggingartaki: Tryggja má lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir hafa veitt útflytjendum til fjármögnunar á útflutningi seldum með greiðslufresti.

Enn fremur er heimilt að tryggja íslenzka útflytjendur gegn tapi á kröfum á hendur erlendum kaupendum þeirra, enda hafi kröfurnar orðið til vegna innlends útflutnings.

b) Varan: Einkum eru tryggð útflutningslán, sem veitt eru vegna útflutnings innlendrar vöru, eða þjónustu (t. d. verkfræðilegrar), svo og til að koma upp birgðum erlendis. Enn fremur má tryggja lán, sem veitt eru til eflingar (stækkunar) erlendra markaða (t. d. auglýsingar).

c) Áhættan: Unnt er að tryggja gegn áhættu, sem getur verið viðskiptalegs eðlis og/eða stjórnmálalegs eðlis.

Áhætta viðskiptalegs eðlis.

Gjaldþrot kaupanda, og/eða vangeta hans til að standa við samningsbundnar greiðslur.

Að kaupandi innir ekki greiðslu af hendi innan 6 mánaða frá gjalddaga.

Óréttlætanleg neitun kaupanda til að taka á móti vörunni.

Vanefndir kaupanda á gerðum samningum.

Áhætta stjórnmálalegs eðlis.

Nýjar hömlur á innflutningi í landi kaupanda.

Atburðir, sem gerast meðan vörurnar eru í flutningi og hindra að unnt sé að afhenda þær kaupanda.

Varanlegar truflanir, sem varða efnahagslegt og stjórnmálalegt ástand í landi kaupanda, svo sem stríð, uppreisn, bylting, náttúruhamfarir, almenn frestun á greiðslu erl. lána (moratorium) og eignarnám.

Nýjar hömlur í landi kaupanda á yfirfærslum og greiðslum.

(Trygging gegn náttúruhamförum er stundum aðeins óbein, þ. e. a. s. ef kaupandi verður gjaldþrota vegna slíkra hamfara).

Gerður er greinarmunur á því, hvort kaupandi sé opinber eða einkaaðili. Öll áhætta í viðskiptum við opinber fyrirtæki er stjórnmálalegs eðlis, þar sem slík fyrirtæki geta, eðli sínu samkvæmt, ekki orðið gjaldþrota.

Unnt er að tryggja gegn annaðhvort viðskiptalegri áhættu eða stjórnmálalegri áhættu einni saman, eða báðum í einu.

Enn fremur er gerður greinarmunur á tryggingu fyrir og eftir útskipun. Sé um tryggingu fyrir útskipun að ræða, er viðkomandi útflutningslán tryggt gegn því að kaupandi neiti, eða geti ekki tekið við vörunni. Þetta á einkum við meiriháttar fjárfestingu, sem er sniðin samkvæmt þörf kaupanda og því erfitt að selja til annars aðila.

Ekki er mögulegt að tryggja gegn gengisáhættu, og eru skaðabætur greiddar á því gengi, sem gilti við útskipun vörunnar eða, hafi skráningin lækkað, á því gengi, sem gildir þegar greiðsla á kröfu fer fram.

Önnur áhætta, sem ekki er unnt að tryggja sig gegn, er áhætta, sem útflytjandi getur haft „stjórn“ á, áhætta vegna deilna um afhendingu og gæði útfluttra vara, áhættu vegna aukins kostnaðar.

d) Hlutfallsleg hámarkstrygging: Hér er átt við það hámarkshlutfall, sem tryggja má af hverju einstöku láni (lánið er samningsupphæð að frádreginni innborgun kaupanda). Þar sem ætlazt er til að framleiðandi (útflytjandi) eða viðskiptabanki hans beri hluta af áhættunni, ætti að takmarka hlutfallslega hámarkstryggingu við 70—90% útflutningslánsins. Útflytjandi og/eða viðskiptabanki hans bera því a. m. k. 10% og allt að 30% af áhættunni, en það svarar til 8%—24% af heildarandvirði útflutningssamningsins.

(Dæmi: Samningsupphæð 1000 kr. — innborgun 200 kr. = kr. 800, sem er hið eiginlega útflutningslán. Af þessari upphæð tryggir Ríkisábyrgðasjóður 70—90%, sem svarar til 560—720 króna. Útflytjandi og/eða viðskiptabanki hans bera því sjálfir áhættuna af 80—240 krónum).

Nefndin ákveður, hver hlutfallsleg hámarkstrygging á að vera í hvert sinn. Venjan er sú, að sé um viðskiptalega áhættu að ræða, nái tryggingin til 70—80% lánsins, nema traustur erlendur banki hafi ábyrgzt það, þá nær tryggingin til allt að 90% lánsins. Ef um er að ræða stjórnmálalega áhættu, nær tryggingin til allt að 90% lánsins.

e) Tryggingartíminn: Samkvæmt samþykki meðlima Bernsamtakanna (Berne Union) á eftirfarandi tryggingartími að gilda:

meiriháttar fjárfestingarvörur	5 ár
léttar fjárfestingarvörur (t. d. landbúnaðarvélar)	3 ár
varanlegar (durable) neyzluvörur	18 mán.
neyzluvörur og hráefni	6 mán.

Helztu undantekningar frá reglu þessari eru í sambandi við sölu á nýjum skipum, svo og vegna útflutnings til þróunarlandanna, en þá má bjóða sömu eða svipaða skilmála og útflytjendur annarra landa bjóða með opinberum stuðningi (matching principle).

f) Tryggingarskírteini: Sérstök skírteini eru gefin út fyrir hvert einstakt útflutningslán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir fá tryggð.

Noti Ríkisábyrgðasjóður heimildina um að tryggja kröfur (útflutningslán) innlendra útflytjenda á erlenda kaupendur, getur hann gefið út þrenns konar skírteini:

Veltiskírteini. Þessi skírteini tryggja öll „stutt" viðskipti (allt að 12 mánuðum) útflytjandans við eitt land, nokkur ákveðin lönd eða öll lönd. Skírteini þessi geta enn fremur verið bundin við ákveðinn kaupanda eða ákveðna kaupendur. Þau mega endurnýjast á árs fresti.

Heildarskírteini. Útflytjandi getur fengið afslátt á iðgjöldum, með því að tryggja **allan** útflutning sinn með einni heildartryggingu.

Einstök skírteini. Þessi skírteini ná til einstakra viðskipta. Þau geta verið til stutts, miðlungs- eða langs tíma.

Til athugunar væri, hvort enn fremur skyldi gefa út tryggingaloforð, en það eru fyrirheit tryggingarstofnunarinnar um að tryggja ákveðin viðskipti. Þau gera útflytjanda kleift að gera bindandi samning við kaupanda, vitandi það, að viðskiptin munu verða tryggð, ef af þeim verður.

g) Iðgjöld: Nefndin ákveður hver iðgjöld skulu vera hverju sinni. Þau yrðu væntanlega ákveðin með tilliti til upphæðar lánsins og efnahagslegs og stjórnmálaástands í landi kaupanda.

Erlendis er löndum skipt í mismunandi áhættuflokka og er það ein ástæðan til þess að iðgjöldin eru sjaldan birt opinberlega. Hér á eftir er brugðið upp grófri mynd af sænsku iðgjöldunum. Taflan, sem er hér að neðan, sýnir hver iðgjöld eru við mismunandi greiðsluskilmála fyrir tvo áhættuflokka[1]) (mismunandi lönd). Iðgjöldin eru í hundraðshlutfalli af útflutningsláninu sem tryggingin nær yfir. Lánstími er reiknaður frá útskipun vörunnar.

h) Greiðsla skaðabóta: Sannanir fyrir gerðum kröfum skulu sendast Ríkisábyrgðasjóði eins fljótt og unnt er. Þegar upphæð bóta hefur verið ákveðin með tilliti til tryggingarskilmálanna, greiðist hún út 6 mánuðum eftir gjalddaga.

Hafi Ríkisábyrgðasjóður greitt út bætur vegna tryggingar á útflutningsláni, ber tryggingartaka (útflytjanda) að aðstoða Ríkisábyrgðasjóð við að innheimta kröfuna hjá hinum erlenda kaupanda.

	Stjórnmálaleg áhætta %	Stjórnmálaleg og viðskiptal. áhætta %	Kaupandi er opinber aðili %
Staðgreiðsla við móttöku skjala	0,3—0,25	0,2—0,45	0,6—0,3
Allt að 6 mán. greiðslufrestur	0,05—0,35	0,45—0,75	0,1—0,5
6—12 mán. greiðslufrestur	0,1—0,7	0,9—1,5	0,2—1,0
10% innborgun við pöntun:			
10% innborgun við móttöku skjala:			
80% í jafnstórum hálfsárs afborgunum undir 2 árum	0,1—0,8	1,1—1,8	0,2—1,2
80% í jafnstórum hálfsárs afborgunum undir 5 árum	0,3—1,8	2,3—3,8	0,5—2,5
80% í jafnstórum hálfsárs afborgunum undir 10 árum[2])	0,5—3,3	4,3—7,1	1,0—4,7

1) Í sænskri töflu, sem þessi er unnin úr, voru þrír áhættuflokkar. Flokkurinn, sem sleppt er hér, er á milli þeirra, sem hér eru sýndir.

2) Eingöngu vegna viðskipta við þróunarlöndin.

Ed. 494. Frumvarp til laga [203. mál]

um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi. 1969—70.)

1. gr.

Stofna skal deild við Ríkisábyrgðasjóð, er nefnist tryggingardeild útflutningslána.

2. gr.

Hlutverk tryggingardeildar er að taka að sér að tryggja lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum útflytjendum til fjármögnunar á útflutningslánum, sem þeir veita eða útvega erlendum kaupendum.

Enn fremur er tryggingardeild heimilt að tryggja aðrar kröfur íslenzkra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenzkum vörum.

3. gr.

Hámark skuldbindinga deildarinnar á hverjum tíma vegna trygginga á útflutningslánum eða öðrum kröfum má nema samtals 250 millj. króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Umsóknir um tryggingu á útflutningslánum skulu lagðar fyrir fjögurra manna nefnd, sem tekur afstöðu til umsóknanna auk þess sem hún ákveður, með hvaða kjörum tryggt er hverju sinni. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og Seðlabanka Íslands fyrir hönd Ríkisábyrgðasjóðs.

Nefndin ákveður iðgjöld af einstökum tryggingum eftir taxta, sem ákveðinn er skv. 6. gr. Einnig úrskurðar hún um tjónabætur, en skjóta má þeim úrskurði til fjármálaráðherra.

5. gr.

Tryggingardeildin tryggir gegn áhættu, sem getur verið viðskiptalegs eða stjórnmálalegs eðlis. Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um efni og eðli þeirra áhættuflokka, sem um getur verið að ræða.

6. gr.

Fjármálaráðherra ákveður iðgjaldataxta tryggingardeildar. Iðgjöld skulu við það miðuð, að þau standi straum af kostnaði deildarinnar og greiðslu tjónabóta.

Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð deildarinnar og skal honum varið til greiðslu tjóna, sem kunna að verða. Nú er eigi fé fyrir hendi í varasjóði til greiðslu tjónsbóta, og skal þá það, sem á vantar, greiðast úr Ríkisábyrgðasjóði.

7. gr.

Fjármálaráðherra skal, að fenginni umsögn aðila þeirra, sem nefndir eru í 4. gr., setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ástæða er til að ætla, að aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu muni hafa örvandi áhrif á útflutning íslenzkrar framleiðslu. Útflutningur með greiðslu-

fresti mun því væntanlega fara vaxandi, en honum fylgir alltaf einhver áhætta, t. d. að kaupandi verði gjaldþrota eða geti af einhverjum öðrum ástæðum ekki uppfyllt skuldbindingar sínar. Lántökumöguleikar útflytjenda til fjármögnunar á útflutningslánum batna því, ef þeir, eða lánardrottnar þeirra (bankar eða aðrar lánastofnanir) geta tryggt slík lán hjá stofnun, sem þannig þjónustu veitir.

Með frumvarpi þessu leggur ríkisstjórnin til að stofnuð verði tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð. Tryggingardeildin ábyrgist lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum útflytjendum til fjármögnunar á útflutningslánum. Enn fremur er heimilt að tryggja útflytjendur íslenzkrar framleiðslu gegn tapi á kröfum á hendur erlendum kaupendum. Þar sem tryggingardeildin tryggir ekki allt útflutningslánið vegna ákveðins útflutnings, ber útflytjandi og/eða viðskiptabanki hans hluta af áhættunni eftir sem áður.

Samtímis frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um útflutningslánasjóð. Útflutningslánasjóður mun fjármagna útflutningslán, sem veitt eru vegna sölu meiri háttar fjárfestingarvara, gegn hæfilegri tryggingu, t. d. hjá tryggingardeildinni. Slíkt útflutningslánakerfi með samspili sjóðs og tryggingardeildar mun væntanlega styrkja verulega samkeppnisaðstöðu íslenzkra útflytjenda á erlendum mörkuðum.

Að öðru leyti vísast hér til tillagna Seðlabanka Íslands um útflutningslán og ábyrgðir, sem prentað er sem fylgiskjal með frumvarpi til laga um útflutningslánasjóð, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki sérstakra skýringa, en vísað er í almennar athugasemdir hér að framan og fylgiskjal frumvarpsins.

Um 2. gr.

Hér er gerð grein fyrir aðalhlutverkum tryggingardeildar. Tryggja má lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir hafa veitt útflytjendum til fjármögnunar á útflutningi seldum með greiðslufresti.

Enn fremur er heimilt að tryggja íslenzka útflytjendur gegn tapi á kröfum á hendur erlendum kaupendum þeirra, enda hafi kröfurnar orðið til vegna útflutnings á innlendum vörum.

Einkum munu tryggð útflutningslán, sem veitt verða vegna útflutnings innlendrar vöru eða þjónustu, svo og til að koma upp birgðum erlendis.

Trygging sú, sem tryggingardeildin veitir, er hlutfallsleg hámarkstrygging, og er þá átt við það hámarkshlutfall, sem tryggja má af hverju einstöku láni. Nánari ákvæði um þessi atriði verða sett í reglugerð.

Um 3. gr.

Hámarksheimild deildarinnar þykir í upphafi hæfilega ákveðin 250 millj. króna. Heimildin er hámarksheimild og endurnýjast að sjálfsögðu eftir því sem skuldbindingar falla niður.

Um 4. gr.

Í reglugerð er ætlazt til, að sett verði nánari ákvæði um ýmis þau atriði, sem greinin fjallar um.

Um 5. gr.

Með viðskiptalegri áhættu er einkum átt við eftirfarandi:

a) Hinn erlendi skuldari, þ. e. aðalskuldari eða erlendur ábyrgðaraðili (banki), verður gjaldþrota eða stendur ekki í skilum með samningsbundnar greiðslur,
b) hann innir ekki greiðslu af hendi innan 6 mánaða frá gjalddaga,

c) fyrir liggur óréttlætanleg neitun skuldara að taka á móti vörunni,
d) vanefndir á gerðum samningum.

Með stjórnmálalegri áhættu er einkum átt við eftirfarandi:

Stjórnmálaleg viðhorf í heimalandi skuldara, t. d. hömlur á innflutningi og yfirfærslu gjaldeyris, stríð, uppreisn, byltingu, náttúruhamfarir, almenna frestun á greiðslu erlendra lána (moratorium) og eignarnám.

Er eðlilegt, að í reglugerð verði fjallað nánar um þau atriði, sem greinin fjallar um eftir því sem þurfa þykir.

Um 6. gr.

Til þess er ætlazt, að deildin standi undir rekstrarkostnaði og áfallandi ábyrgðum, af eigin tekjum.

Í annarri mgr. er það áréttað, að Ríkisábyrgðasjóður, f. h. ríkissjóðs, ábyrgist allar skuldbindingar tryggingardeildar útflutningslána, ef eigin tekjur ekki hrökkva til.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 495. Tillaga til þingsályktunar [204. mál]

um einkarétt ríkisins til lyfsölu.

Flm.: Magnús Kjartansson, Geir Gunnarsson, Eðvarð Sigurðsson, Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða lyfsölulög, nr. 30 frá 29. apríl 1963. Skal endurskoðunin við það miðuð, að ríkið fái einkarétt til lyfsölu og komi á laggirnar sérstakri stofnun til að annast það verkefni. Tilgangur hinnar nýju skipunar skal vera sá að tengja lyfsöluna á sem hagkvæmastan hátt heildarskipulagi heilbrigðismála, tryggja sem lægst lyfjaverð og stuðla að aukinni lyfjaframleiðslu innanlands.

Greinargerð.

Lyfjanotkun er veigamikill liður í heilsugæzlu, baráttu gegn sjúkdómum og sjúkdómseinkennum, og greiðsla fyrir lyf er verulegur hluti af útgjöldum allra sjúkrasamlaga á Íslandi. Yfirleitt eru heilbrigðismálin hér á landi skipulögð á félagslegan hátt, en lyfsalan er þó enn í höndum einstaklinga. Stjórnarvöld hafa hins vegar viðurkennt, að lyfsala sé annars eðlis en almenn kaupmennska, með lagaákvæðum um stofnun lyfjabúða og starfrækslu þeirra, og eru fyrirmælin um verksvið apótekara á ýmsan hátt hliðstæð og ákvæði um ráðningu og störf opinberra starfsmanna. Einnig á ýmsan hátt er starfsemi lyfjaverzlana tengd opinberum fyrirmælum öðruvísi en almenn kaupsýsla; þannig eru í lögum sérstök ákvæði um það, hvernig haga skuli kjarasamningum og útkljá vinnudeilur, einnig fyrirmæli um verðlagningu lyfja.

Enda þótt þannig sé viðurkennt, að lyfsala sé í eðli sínu félagslegt verkefni, nátengt stjórn heilbrigðismála, er enn haldið því fyrirkomulagi að úthluta einstaklingum einkaleyfum til þess að starfrækja lyfjabúðir. Er sú úthlutun á einokunaraðstöðu mjög annarlegt fyrirbæri, þar sem margir eru kallaðir, en fáir útvaldir; hver ný úthlutun á slíkri einokunaraðstöðu sætir gagnrýni, enda hafa leyfi til lyfsölu reynzt ávísun á næsta öruggan og fyrirhafnarlítinn gróða. Hitt er ekki síður alvarlegt, að með því fyrirkomulagi, sem nú tíðkast, er erfitt að koma við nútímalegri skipulagn-

ingu á þessu mikilvæga sviði; margar lyfjaverzlanir, sem hafa litla sem enga samvinnu sín á milli, gera það að verkum, að dreifingarkostnaður verður mun meiri en vera þyrfti og lyfjaverð hærra. Einnig vinnur þessi skipan gegn því, að lyfjaframleiðsla innanlands aukist svo sem vert væri.

Af öllum þessum ástæðum er tímabært, að skipan þessara mála sé tekin til endurskoðunar og sú staðreynd viðurkennd í verki, að lyfsala er félagslegt verkefni, sem ekki verður einangrað frá almennri stjórn heilbrigðismála. Við endurskoðunina er sjálfsagt að taka tillit til reynslu annarra þjóða á þessu sviði. Nýlega er til að mynda lokið mjög ýtarlegri könnun á þessu vandamáli í Svíþjóð, og voru niðurstöðurnar birtar í mjög umfangsmikilli skýrslu fyrir nokkrum mánuðum (Statens offentliga utredningar 1969: 46. Socialdepartementet. **Läkemedelsförsörjning i samverkan.** Betänkande avgivet af läkemedelsförsörjningsutredningen. Stockholm 1969. 358 síður). Hefur könnunin í Svíþjóð leitt til þess, að ákveðið hefur verið, að ríkið fái einkarétt til allrar lyfsölu í landinu frá og með næstu áramótum. Hefur náðst samkomulag milli ríkisins og lyfsalasamtakanna sænsku um þessa breytingu, og verður einkaréttur ríkisins afhentur sérstöku hlutafélagi, sem ríkið á að tveimur þriðju hlutum, en lyfsalar að einum þriðja. Jafnframt mun hið nýja lyfsöluhlutafélag kaupa allar lyfjaverzlanir í landinu um næstu áramót, samkvæmt sérstökum reglum, sem um hefur verið samið; einnig eru ákvæði um það, að apótekarar fái að halda störfum sínum, ef þeir óska þess. Er þetta samkomulag fróðlegt sönnunargagn um það, að röksemdirnar fyrir hinni nýju skipun hafa verið svo yfirgnæfandi, að venjulegar deilur um rekstrarform, ríkisrekstur og einkarekstur, hafa ekki komizt að.

Nd. 496. Breytingartillögur [174. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

Frá Jónasi Péturssyni.

1. Við 10. gr. Greinin falli niður.
2. Við 36. gr. Á eftir orðunum „að heimila eldisstöð“ bætist: ríkisins í Kollafirði.
3. Við 50. gr. Niðurlag á eftir tvípunkti orðist svo: Um Fiskræktarsjóð og lán og styrkveitingar til fiskræktar.
4. Við 51. gr. Við bætist nýir liðir á eftir b-lið, og breytist bókstafaröð á framhaldi:
   c. 2% af seldum veiðileyfum. Ráðherra setur reglur um innheimtu þessa gjalds.
   d. Sala veiðimiða til veiðimanna. Ráðherra setur reglur um fjárhæð og innheimtu þessa gjalds.

Nd. 497. Frumvarp til laga [161. mál]

um dýralækna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 319 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:
Dýralæknisumdæmi í landinu skulu vera sem hér segir:
1. Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi: Reykjavík, Kópavogskaupstaður, Hafnarfjörður, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. Borgarfjarðarumdæmi: Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður.

3. Mýrasýsluumdæmi: Mýrasýsla.
4. Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
5. Dalaumdæmi: Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla vestur að Kletthálsi.
6. Barðastrandarumdæmi: Flateyjarhreppur og Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýsla og Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
7. Ísafjarðarumdæmi: Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstaður og Norður-Ísafjarðarsýsla.
8. Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla og Strandasýsla.
9. Austur-Húnaþingsumdæmi: Austur-Húnavatnssýsla.
10. Skagafjarðarumdæmi: Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
11. Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Ólafsfjörður, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur, Árskógsstrandarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Dalvík og Hrísey.
12. Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grímsey, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur og Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur og Hálshreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.
13. Þingeyjarþingsumdæmi: Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Húsavík og Keldunes-hreppur í Norður-Þingeyjarsýslu.
14. Norðausturlandsumdæmi: Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár, Skeggjastaðahreppur og Vopnafjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu. Í hreppum austan Öxarfjarðarheiðar eiga menn rétt til að vitja dýralæknis á Húsavík.
15. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðarhreppi, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að mörkum milli Breiðdalshrepps og Beruneshrepps.
16. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla og Geithellnahreppur, Búlandshreppur og Beruneshreppur í Suður-Múlasýslu.
17. Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla og Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu.
18. Helluumdæmi: Rangárvallasýsla að Vestur-Eyjafjallahreppi.
19. Selfossumdæmi: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur, Grafningshreppur og Vestmannaeyjar.
20. Laugarásumdæmi: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur og Þingvallahreppur.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðsdýralæknar skuli hafa búsetu að fengnum tillögum yfirdýrarlæknis.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ráða dýralækni án fastrar búsetu til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralækna, eða þegar sérstakt annríki eða vanda ber að höndum í einstökum héruðum.

Við Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum skulu að jafnaði starfa að minnsta kosti tveir dýralæknar, sem aflað hafi sér rækilegrar sérþekkingar að loknu dýralæknisprófi.

Ed. 498. Lög [16. mál]

um æskulýðsmál.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 105 (sbr. 16).

Ed. 499. Lög [114. mál]

um ráðstöfun á Minningarsjóði Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 139.

Nd. 500. Frumvarp til laga [205. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Flm.: Sverrir Júlíusson.

1. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Með 1% af verðhæðinni skal stimpla afsalsbréf fyrir fasteignum, en með 0.4% af verðhæðinni skal stimpla afsalsbréf fyrir skipum yfir 5 rúmlestir brúttó. Framangreinda hundraðshluta skal nota við stimplun afsala við fógetagerðir, skipti og uppboð, svo og öll önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiptabréf, gjafabréf og próventusamninga. Enn fremur erfðafestubréf, ef þau veita rétt til að selja eða veðsetja.

2. gr.

Stimpilgjald það, sem 1. gr. þessa frumvarps ákveður af skipum, skal miða við eigendaskipti á skipum, er átt hafa sér stað eftir 1. nóvember 1968, hvort sem stimpilgjaldið er þegar greitt eða afsal fyrir skipi ófrágengið hvað þetta snertir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um lækkun stimpilgjalds af afsölum skipa, 5 rúmlesta og stærri. Nú er gjald þetta 1% af söluverði skips, en með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að gjaldið lækki í 0.4%.

Við eigendaskipti á skipum, einkum fiskiskipum, hefur oft dregizt mjög, að gengið sé endanlega frá afsali, sem stafað hefur af því, hve kostnaðarsamt þetta hefur verið. Stimpilgjaldið var til ársloka 1967 innheimt með 140% viðauka, þannig að það var 2.4%. Viðauki þessi hefur ekki verið innheimtur frá ársbyrjun 1968, en þrátt fyrir það er 1% stimpilgjald ærið hátt, þegar tillit er tekið til ört hækkandi verðlags á skipum.

Samkvæmt upplýsingum, sem utanríkisráðuneytið aflaði, er stimpilgjald af afsölum fiskiskipa í Svíþjóð 1% af hærri upphæð en S. kr. 25 000.00, í Danmörku 0.4% af hærri upphæð en D. kr. 10 000.00, en í Noregi eru afsöl fyrir fiskiskipum stimpilfrjáls.

Á árinu 1969 urðu veruleg eigendaskipti á hinum stærri fiskiskipum, og hafa stimpilgjöld og kostnaður við þinglýsingu í sambandi við kaup á hinum stærstu skipum farið upp í 500—600 þús. kr. Aðeins er búið að ganga formlega frá afsölum fárra skipa, sem eigendaskipti hafa orðið á frá því í nóvember 1968, og hafa hinir nýju eigendur ekki haft bolmagn til að greiða kostnað samfara eigendaskiptunum. — Slíkt hefur margháttaða erfiðleika í för með sér fyrir kaupendur, seljendur, hina ýmsu sjóði, sem veð eiga í skipunum, viðskiptabankana og skipaskráninguna. Telja

verður óeðlilegt, að kostnaður samfara þessu þurfi að vera eins hár og raun ber vitni, þegar verið er að koma jafnnauðsynlegum málum í rétt horf eins og telja verður, að það sé að ganga formlega frá eigendaskiptum á fiskiskipum.

Þá er gert ráð fyrir því, að hið nýja gjald verði látið gilda um sölu skipa, sem fram hefur farið frá því í nóvember 1968, er ákveðið var nýtt gengi íslenzkrar krónu. Með þeirri gengisbreytingu hækkaði verðlag á fiskiskipum mjög verulega. Er gert ráð fyrir, að þeir fáu aðilar, sem af vanefnum hafa frá málum þessum gengið, fái endurgreiddan þann mismun á stimpilgjaldi, er breyting þessi hefur í för með sér, og því stimpilgjaldi, sem í gildi hefur verið.

Ed. 501. Frumvarp til laga [206. mál]

um kaup á sex skuttogurum.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða allt að sex skuttogara í þeim tilgangi, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka lán, er nemi allt að 80% af byggingarkostnaði skipanna, til þess tíma og með þeim kjörum, sem um semst. Veðsetja skal togarana með 1. veðrétti til tryggingar láninu, og skal sú veðsetning halda fullu gildi, þótt togararnir verði seldir.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram úr ríkissjóði allt að 7.5% byggingarkostnaðar skipanna á byggingartíma þeirra, og skulu kaupendur skipanna endurgreiða þetta framlag, þegar greiðslu lána, sem veitt eru samkvæmt 3. gr., er að fullu lokið, samkvæmt reglum, sem ríkisstjórnin setur um það efni.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupendum togaranna allt að 80% af andvirði þeirra til allt að 18 ára. Heimilast henni að nota til þess það lán, sem um ræðir í 1. gr., og taka til viðbótar lán, sem með þarf. Lánin skulu veitt með þeim kjörum, sem ríkisstjórnin ákveður, enda skuldbindi kaupendur sig til að greiða til Ríkisábyrgðasjóðs ákveðinn hundraðshluta af brúttóaflaverðmæti skipanna samkvæmt reglum, er ríkisstjórnin setur, og gangi fé þetta til greiðslu afborgana og vaxta af lánunum og framlags úr ríkissjóði samkvæmt 2. gr.

Lán samkvæmt 1. mgr. skulu veitt lántakendum með þeim kjörum, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenzkum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Allt frá upphafi togaraútgerðar hér á landi hefur hún verið veigamikill þáttur í sjávarútveginum. Því er þó ekki að leyna, að eins og önnur útgerð hefur togaraútgerðin öðru hvoru átt við að etja erfiðleika, sem hafa mótazt af ýmsum aðstæðum svo sem almennu efnahagsástandi í landinu, verðþróun á erlendum mörkuðum, þróun í aflabrögðum og aðgerðum ríkisvaldsins varðandi fiskveiðilögsöguna.

Endurnýjun á framleiðslutækjum togaraútgerðarinnar lýtur sömu lögmálum og í öðrum atvinnurekstri, að lokum hlýtur það að vera arðsemi atvinnutækjanna, sem ræður mestu um hverju fram vindur í því efni. Þegar litið er á tímabilið eftir síðari heimsstyrjöldina kemur í ljós, að á tveimur tímabilum, með rúmlega áratugs millibili á sér stað endurnýjun togaraflotans. Í fyrra skiptið gerðist það eftir lok heimsstyrjaldarinnar að togaraflotinn var endurnýjaður að öllu leyti enda voru hin gömlu skip þá mjög úr sér gengin.

Þrátt fyrir góða afkomu togaraútgerðarinnar á árunum þar á undan reyndust einkaatvinnurekendur ekki hafa svo mikla trú á rekstri togara í framtíðinni að þeir vildu kaupa öll þau skip, sem ríkisstjórnin taldi þá nauðsynlegt að láta byggja til eðlilegrar endurnýjunar togaraflotans. Hluti af hinum nýju togurum, sem þá voru byggðir voru því seldir í hendur sveitarfélaga til reksturs.

Næst gerist það svo á árunum 1958 og 1959, að mikill hvalreki kom á fjörur togaranna, þar sem voru mjög auðug karfamið við austurströnd Norður-Ameríku. Þetta leiddi til byggingar nokkurra nýtízku togara, stærri en þeirra, sem áður höfðu verið í íslenzka togaraflotanum, sem einmitt var ætlað að stunda veiðar á hinum fjarlægu miðum. Um sama leyti höfðu fiskveiðitakmörkin við Ísland verið færð út í 12 sjómílur, en það leiddi til þess, að sum veiðisvæði, sem áður höfðu verið þeim gjöful voru þeim nú algerlega lokuð. Ef litið er á þetta frá sjónarmiði togaraútgerðarinnar einnar þá er enginn vafi á því, að það hafði mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir hana, þar sem það skerti til mikilla muna aflamöguleika togaranna hér við land. Þegar því hin gjöfulu karfamið við Labrador og Nýfundnaland voru þurrausin upp úr 1960 og heimamiðin voru nær hin einu, sem sótt varð á, mestan hluta ársins, varð skerðing þeirra miða þeim mun tilfinnanlegri fyrir togarana.

Þetta kom og mjög niður á rekstri togaranna fljótlega eftir 1960 og þrátt fyrir nauðsyn þess að endurnýja þann skipakost, sem fyrir var, varð ekki vart við neinn áhuga eigenda skipanna í þá átt.

Nú er það svo, að fiskveiðar og fiskiðnaður Íslendinga er samanslunginn úr mörgum þáttum, sem allra verður að gæta ef vel á að fara. Nýting fiskistofnanna er einn þáttur og nýting á afkastagetu fiskiðnaðarins er annar. Hinn öflugi síldarstofn í hafinu austur af Íslandi á fyrri helmingi þess áratugs, sem nú er að líða og hagstætt verðlag á afurðum síldveiðanna ýtti mjög undir uppbyggingu flota, sem hentugur var fyrir þær veiðar. Togararnir gátu ekki keppt við síldveiðiflotann m. a. vegna mjög mikils afla hins síðarnefnda, sem leiddi til þess að fjármagnið leitaði þangað. Á sama tíma fóru aflabrögð togara um allt Norður-Atlantshaf minnkandi og togaraútgerð hinna rótgrónu togaraútgerðarþjóða á þessu svæði átti mjög í vök að verjast. Til þess að halda þeirri útgerð við lýði voru teknir upp ríkisstyrkir í stærri stíl en nokkru sinni áður, bæði til reksturs og endurnýjunar flotans.

Það var hins vegar ljóst, að hin einhæfa þróun í uppbyggingu íslenzka fiskiskipaflotans fól í sér hættu fyrir fiskveiðarnar og fiskiðnaðinn, þar sem m. a. tók að bera á skorti á hráefni fyrir þýðingarmestu grein fiskiðnaðarins, frystiiðnaðinn.

Nauðsyn var því á, að beina þróuninni í þá átt, að ýtt yrði undir eðlilega endurnýjun togaraflotans, sem tekinn var að ganga mjög úr sér auk þess, sem þróun nýrra skipagerða kom til, sem nauðsynlegt var, að Íslendingar tækju þátt í.

Þessu til viðbótar hefur það svo komið til, að þær aðstæður hafa skapazt í fiskveiðum á Norður-Atlantshafi, að vissir þýðingarmiklir fiskistofnar hafa gengið mjög til þurrðar þannig, að gera verður ráðstafanir þeim til verndar. Hér getur orðið um allróttækar ráðstafanir að ræða svo sem takmarkanir á veiði og kvótaskiptingu á því magni, sem óhætt verður talið að veiða. Fyrir Íslendinga er því mikil nauðsyn á því að halda ekki aðeins sínum hlut á hinum hefðbundnu veiðisvæðum umhverfis Ísland heldur einnig að skapa sér sem bezta aðstöðu til veiða á fjarlægum miðum. Í þeim efnum getur minnkandi afkastageta togaraflotans orðið afdrifarík. Þetta er veigamikil ástæða fyrir byggingu togara af þeirri stærð, sem hér er ætlað að gera.

Að undangenginni athugun nefndar, sem ríkisstjórnin skipaði hefur því verið ákveðið að leita heimildar Alþingis til þess að láta smíða 6 skuttogara af þeirri stærð, sem hentugir gætu talizt, þ. e. skip, sem gætu stundað veiðar á þeim miðum, sem hinir beztu togarar okkar hafa stundað á til þessa **og flutt aflann til vinnslu í frystihúsum** í landi. Þessi skip uppfylla sérstakar þarfir íslenzks sjávarútvegs sem ekki verða uppfylltar með minni gerðum skipa og er þar að leita raka fyrir því, að farið er út á þá óvenjulegu braut að styrkja smíði þeirra sérstaklega með framlagi af ríkisfé. Eru þetta hliðstæðar ráðstafanir og aðrar togaraútgerðarþjóðir við Norður-Atlantshaf hafa gert undanfarið en þær veita beina styrki til byggingar togara til veiða á fjarlægum miðum og það í mun stærri stíl en hér er ætlað.

Með frumvarpi þessu er leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina til að láta smíða 6 skuttogara, er seldir yrðu einstaklingum, félögum eða sveitarfélögum. Jafnframt er gert ráð fyrir vissri fyrirgreiðslu ríkisins, í fyrsta lagi við smíði skipanna með framlagi hluta byggingarkostnaðar og í öðru lagi með tiltekinni lánafyrirgreiðslu.

Að dómi ríkisstjórnarinnar er hér um að ræða alveg sérstakar ráðstafanir til eflingar íslenzkum sjávarútvegi, ekki aðeins togaraútgerðinni sem slíkri heldur sjávarútveginum í heild, með því að þær munu leiða til bættrar nýtingar afkastagetu frystiiðnaðarins jafnframt sem þær tryggja áframhaldandi þátttöku Íslendinga í fiskveiðum á þýðingarmiðlum fiskimiðum á Norður-Atlantshafi, sem Íslendingum er nauðsyn að tryggja sér aðgang að í framtíðinni.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Ríkisstjórninni er með þessari grein heimilað að láta smíða allt að 6 skuttogara, er seldir verði einstaklingum, félögum eða sveitarfélögum. Samkvæmt tillögu skuttogaranefndar hefur smíði þessara skipa verið boðin út og er þess að vænta að tilboð liggi fyrir í lok þessa mánaðar. Stærð skipanna er um 59 m.

Gert er ráð fyrir því, að lán fáist með skipunum, er nemi 80% af byggingarkostnaði þeirra og því nauðsynlegt að ríkisstjórnin hafi heimild til slíkrar lántöku. Um upphæð þeirra getur ekkert legið fyrir fyrr en tilboð berast.

Um 2. gr.

Af þeim 20%, sem gert er ráð fyrir, að greiða þurfi við byggingu skipanna er ætlað að væntanlegir kaupendur greiði 7.5%, enn fremur að það sveitarfélag, sem skipin verða gerð út frá leggi fram 7.5% og loks að 5% komi sem framlag frá ríkinu. Enn fremur leggi ríkið fram sem svarar 2.5% af byggingarkostnaðinum og verði því fé varið til útbúnaðar á skipunum, þannig að heildarframlag ríkisins nemi sem svarar 7.5% af byggingarkostnaði.

Þetta framlag ríkisins er þó ekki óafturkræft, þar sem gert er ráð fyrir, að það verði endurgreitt en þó ekki fyrr en öll lán hafa verið greidd og þá án vaxta.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er að heimila ríkisstjórninni að veita væntanlegum kaupendum lán með skipunum og er þá gert ráð fyrir, að byggingarlánið verði yfirtekið af Ríkisábyrgðasjóði og endurlánað til allt að 18 ára. Í þeim áætlunum, sem um þetta hafa verið gerðar er út frá því gengið að kaupendur skipanna skuldbindi sig til að greiða ákveðinn hundraðshluta af brúttóaflaverðmæti skipanna til að standa undir greiðslum afborgana og vaxta af láninu. Þar sem ekki er vitað um byggingarkostnað skipanna fyrr en tilboð liggja fyrir, er ekki unnt að ákveða endanlega um þennan hundraðshluta, en í áætlunum hefur verið gert ráð fyrir að hann þyrfti að vera 20% fyrstu þrjú árin, en 16% á ári eftir það. Um þetta yrði að setja nánari reglur.

Um 4. gr.

Þar sem hér verður um erlend lán að ræða er óhjákvæmilegt að binda lánveitingar til kaupenda skipanna gengisákvæði svo sem hér er gert ráð fyrir.

Ed. 502. Frumvarp til laga [207. mál]

um breyting á lögum nr. 20 16. apríl 1962, um breyting á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Flm.: Gils Guðmundsson.

1. gr.

Fyrsti efnismálsliður 1. gr. laganna orðist svo:

Alþingi ákveður stofngengi (pari) íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 1. ágúst 1961 gaf ríkisstjórnin út bráðabirgðalög, sem fluttu ákvörðunarvald um gengisskráningu íslenzkrar krónu frá Alþingi og til Seðlabankans. Í kjölfar þessara bráðabirgðalaga fylgdi síðan sú ákvörðun Seðlabankans að lækka gengi krónunnar um rúmlega 13%.

Gengisfelling þessi olli á sínum tíma miklum deilum, ekki sízt vegna þess, að hún virtist knúin fram af ofurkappi, í því skyni fyrst og fremst að gera að engu árangurinn af kjarabaráttu verkalýðshreyfingarinnar, sem þá hafði knúið fram nokkrar kauphækkanir til að mæta flóðöldu dýrtíðar. Var þá aðeins eitt ár liðið frá síðustu gengisfellingu, sem var stórfelld og hafði hækkað allt vöruverð í landinu til mikilla muna.

Gengisfellingin 1961 var því mjög almennt fordæmd sem algerlega óþörf og ranglát stjórnvaldaframkvæmd. Var gengisfelling þessi, sem framkvæmd var þegar að lokinni kaupgjaldsbaráttu og samningagerð og í beinum tengslum við hana, næsta lærdómsrík fyrir launastéttirnar í landinu, en verður ekki gerð að frekara umræðuefni hér.

Sjálf bráðabirgðalögin frá 1. ágúst 1961, þar sem Alþingi er svipt valdinu til gengisskráningar og það afhent Seðlabankanum, ollu einnig miklum deilum, enda var það að vonum. Bráðabirgðalögin voru að lokum staðfest á Alþingi 1962 og hafa gilt síðan.

Setning bráðabirgðalaga þessara var öll hin furðulegasta og einhver hin freklegasta misbeiting valds, sem um getur í pólitískri sögu okkar á síðari tímum. Kom þar þrennt til:

1) Í formála fyrir bráðabirgðalögunum er beinlínis gefið í skyn, að efni þeirra sé allt annað en það raunverulega var, gengislækkun, en ekki tilfærsla ákvörðunarvaldsins, og síðan er leitazt við að rökstyðja nauðsyn gengislækkunar með næsta hæpnum málflutningi.
2) Sett voru bráðabirgðalög um mál, sem Alþingi hafði fjallað um fjórum mánuðum áður og þá ekki viljað breyta í það horf, sem í bráðabirgðalögunum segir.
3) Önnur meginforsenda þess, að heimilt sé að setja bráðabirgðalög, var ekki fyrir hendi. Voru færð að því mjög sterk rök, svo að ekki sé meira sagt, að með setningu bráðabirgðalaga þessara hafi 28. gr. stjórnarskrárinnar verið brotin.

Um fyrsta atriðið, forsendur bráðabirgðalaganna, skal það eitt tekið fram, að allur rökstuðningurinn beindist að því að sýna fram á nauðsyn gengislækkunar. Hvergi var að því vikið einu orði, að nauðsynlegt væri að flytja sjálft gengisskráningarvaldið til. Hér var því vissulega um að ræða afar villandi málsmeðferð og óviðeigandi í alla staði.

Um annað atriðið er þess að geta, að í marzmánuði 1961 hafði Alþingi fjallað um löggjöfina um Seðlabanka Íslands, endurskoðað hana og breytt á ýmsa lund. Þar

markaði Alþingi Seðlabankanum verksvið. Þá léði Alþingi ekki máls á því, að Seðlabankinn fengi gengisskráningarvaldið. Þessi löggjöf um Seðlabankann var samþykkt 29. marz. Fjórum mánuðum síðar, 1. ágúst, eftir að Alþingi var farið heim, setur ríkisstjórnin síðan bráðabirgðalög um að breyta þessu.

Hér var um fráleita ákvörðun að ræða. Þarflaust er að kveðja þar til mörg vitni. Í stjórnlagafræði eftir Bjarna Benediktsson, fyrrverandi lagaprófessor, núverandi forsætisráðherra, er fjallað um setningu bráðabirgðalaga og skilyrði, sem fullnægja þurfi. Þar sem höfundur ræðir um þau atriði, sem ýmist hindra setningu bráðabirgðalaga eða gjalda ber varhuga við, þegar slík lagasetning er á döfinni, kemst hann svo að orði:

„Sýnu varhugaverðara en ella er þó að gefa út bráðabirgðalög um efni, sem Alþingi hefur nýlega tekið afstöðu til, einkum ef ljóst er, að Alþingi hefur eigi viljað fallast á þá lausn, sem bráðabirgðalögin velja."

Þriðja atriðið, hvort setning bráðabirgðalaganna hafi verið skýlaust stjórnarskrárbrot, olli á sínum tíma miklum deilum. Upphaf 28. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög milli þinga."

Þetta er það stjórnarskrárákvæði, sem heimilar setningu bráðabirgðalaga. Fyrir útgáfu þeirra setur stjórnarskráin tvö skilyrði. Annað er það, að þau má ekki gefa út, meðan Alþingi situr. Hitt skilyrðið er, að bráðabirgðalög má því aðeins gefa út, að brýna nauðsyn beri til.

Vafalaust má oft um það deila, hvenær „brýna nauðsyn" beri til eins eða annars. Það varð hið mesta deiluefni sumarið 1961, hvort brýn nauðsyn hefði verið að fella gengið um rúm 13%. En það snertir á engan hátt kjarna bráðabirgðalaganna. Satt að segja gerði enginn tilraun til að rökstyðja hina „brýnu nauðsyn" þess, að Seðlabankanum væri falið skráningarvaldið. Ráðherrar fóru um það þeim orðum, að slík ráðstöfun væri eðlileg og það fyrirkomulag algengt í nálægum löndum.

Um þetta ákvæði stjórnarskrárinnar segir Bjarni Benediktsson í „Ágripi af stjórnlagafræði", bls. 58:

„Í 28. gr. stjórnarskrárinnar er það annað höfuðskilyrði fyrir útgáfu bráðabirgðalaga, að brýna nauðsyn beri til hennar. Það er því ekki nóg, þótt löggjöf kynni að vera æskileg eða skynsamleg eða þótt nauðsyn sé til löggjafar, ef hún er ekki brýnni en svo, að vel má bíða reglulegs Alþingis."

Naumast þarf að hafa um það fleiri orð, að rök ríkisstjórnarinnar fyrir því að afhenda Seðlabankanum gengisskráningarvaldið nálgast það ekki að einu eða neinu leyti að uppfylla skilyrði stjórnarskrárinnar um útgáfu bráðabirgðalaga.

Enn er ótalinn einhver ljótasti þáttur þessa máls. Þegar leitað er að ástæðum fyrir þeirri valdníðslu, sem framin var með setningu bráðabirgðalaganna 1961, kemur naumast nema ein skýring til greina. Hún er sú, að andstaða hafi verið í þingmannahópi stjórnarflokkanna gegn því, að Alþingi afsalaði sér gengisskráningarvaldinu í hendur embættismanna og ríkisstjórnar. Eru þess sem betur fer ekki mörg dæmi, að íslenzk ríkisstjórn hafi með svo grófum hætti sem þarna var gert stillt Alþingi frammi fyrir gerðum hlut og í raun þvingað stjórnarþingmenn til að samþykkja það, sem þeir hefðu naumast samþykkt ella.

Efni þess frumvarps, sem hér er flutt, er eingöngu það að flytja ákvörðunarvaldið um gengisskráningu á ný úr höndum Seðlabankans og til Alþingis.

Skulu nú færð nokkur rök að því, að sá háttur sé betri og eðlilegri en hinn, sem hér hefur tíðkazt um skeið.

Gengisskráningarrétturinn felur í sér ákaflega mikið vald. Með því að breyta genginu er hægt á einni dagstund að flytja til fjármuni milli einstaklinga og starfshópa svo að hundruðum milljóna eða milljörðum skiptir.

Með slíku „pennastriki" má raska verulega allri tekjuskiptingu þjóðarinnar og brjóta niður eða lama aðgerðir í efnahagsmálum, tryggingar og marga aðra löggjöf,

sem Alþingi hefur sett. Segja má, að með gengisbreytingu sé hægt á svipstundu að ógilda eða breyta stórlega nýgerðum kjarasamningum. Það er því ekkert smáræðisvald, sem í því felst að mega breyta genginu.

Eitt af því, sem reynt var að færa fram til stuðnings þeirri ákvörðun 1961 að flytja skráningarréttinn frá Alþingi, var það, að fljótvirkara yrði og léttara í vöfum að grípa til gengisbreytingar, ef það vald væri í höndum Seðlabankans. Slíkt væri til mikilla muna erfiðara, ef Alþingi ætti í hlut.

Frá mínu sjónarmiði eru þetta þungvæg rök fyrir því, að Alþingi hafi þetta vald, en ekki Seðlabankinn. Það á ekki að vera þægilegt áhlaupaverk að breyta genginu. Það á ekki að vera hægt að nota slíkt vald sem hótun, eins og óneitanlega hefur brytt á: ef t. d. atvinnurekendur og launþegar semji um hærra kaup en stjórnarvöldum líkar, þá muni Seðlabankinn breyta genginu. Vitanlega á sú meginregla að gilda, að gengi krónunnar sé breytt sem allra sjaldnast og aldrei nema af ýtrustu nauðsyn. Slíkt vald á enginn að hafa annar en Alþingi. Hitt er allt annað mál, að eðli máls samkvæmt eiga stjórnendur Seðlabankans og aðrir þeir, sem Alþingi og ríkisstjórn á hverjum tíma fela framkvæmd peningamála, að láta réttum löggjafar- og framkvæmdaaðilum í té nauðsynlega vitneskju um gang þeirra mála og leggja fyrir þá rökstuddar tillögur um gengismál. Síðan á það að vera verkefni Alþingis og ríkisstjórnar á hverjum tíma að taka endanlega ákvörðun um það, hvort óhjákvæmilegt sé að stíga slíkt skref sem gengisbreyting er.

Sú var tíðin, að forustumenn Alþýðuflokksins voru sömu skoðunar og ég um þetta mál. En það hefur breytzt eins og fleira.

Árið 1950, í sambandi við gengisfellinguna þá, ætlaði stjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins að taka gengisskráningarvaldið af Alþingi og fela það Landsbanka Íslands, sem þá var jafnframt seðlabanki. Þetta átti þó að gerast á Alþingi með venjulegu löggjafarstarfi, en engum hafði víst komið til hugar að setja um slíkt bráðabirgðalög. Alþýðuflokkurinn snerist mjög eindregið gegn þessari fyrirætlun. Í hópi þeirra þingmanna, sem einna snarplegast börðust gegn breytingunni, var Gylfi Þ. Gíslason, síðar viðskiptamálaráðherra og aðalhöfundur bráðabirgðalaganna frá 1961. Hann kemst m. a. svo að orði í þingræðu 15. marz 1950:

„Þá er gert ráð fyrir því í 2. gr., að Alþingi afsali sér þýðingarmiklu valdi, sem það hefur haft allt frá 1924 til að ráða gengi krónunnar, og Landsbankanum fengið það í hendur. Ég álít, að það komi ekki til greina, að Alþingi afsali sér þessum rétti."

Stefán Jóh. Stefánsson, þáverandi formaður Alþýðuflokksins, komst svo að orði við sama tækifæri, að hann óttaðist, að valdið til gengisskráningar yrði fremur misnotað, ef það væri fært úr höndum Alþingis til Landsbanka og ríkisstjórnar. Taldi hann, að sá flutningur þessa mikla valds „mundi í huga verkalýðs og launastétta vekja ugg um það, að hverri þeirra tilraun til betri kjara yrði svarað með gengislækkun, þegjandi og hljóðalaust, en slíkt gæti leitt til baráttu, er orðið gæti afdrifarík og hættuleg íslenzku þjóðlífi. Ég vil því mjög gagnrýna ákvæði 2. gr. og tel ákvæði hennar óskynsamleg hér á landi og ólíkleg til þess að leggja varanlegan grundvöll að viturlegum ráðstöfunum til úrlausnar á verðbólgu og dýrtíðarmálum þjóðarinnar."

Eins og fyrr segir, var Gylfi Þ. Gíslason í þetta sinn einhver skeleggasti andstæðingur þess, að Alþingi afsalaði sér gengisskráningarréttinum. Við þriðju umræðu í neðri deild kvað hann enn fastar að orði en áður og sagði þá m. a.:

„Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki séð ástæðu til annars en að skella skolleyrunum við mjög eindregnum óskum alþýðusamtakanna um það að fella niður 2. gr. frv. Þessi vilji alþýðusamtakanna er mjög eindreginn, og að baki honum liggur fyllsta alvara. Og það hefði verið fyllsta ástæða fyrir hæstv. ríkisstj. að taka með meiri sanngirni og meiri velvilja þeim sjónarmiðum, sem fram hafa komið frá alþýðusamtökunum. Hæstv. ríkisstj. hefur hins vegar ekki gert það. Fyllsta ástæða er til að vara hæstv. ríkisstj. við afleiðingum þess, ef hún knýr málið í gegnum þingið á sama veg og hún knúði það gegnum 2. umræðu í þessari háttv. deild. Það er sem sagt mjög eindreginn vilji fyrir því hjá alþýðusamtökunum, að 2. gr. frv. falli niður. Það verður

ekki um hana annað sagt en að í henni felist allt að því hótun í garð alþýðusamtakanna, ef þau haldi sér ekki á mottunni í kaupgjaldsmálum. Þetta hefur óheppileg áhrif, og ef hæstv. ríkisstj. hefur vilja á, að þessar ráðstafanir beri árangur, þá ætti hún að taka meira tillit til samtaka launþeganna í landinu en hún gerir."

Vert er að vekja sérstaka athygli á því, að þáverandi þingmeirihluti tók slíkt tillit til andstöðunnar við hugmyndina um að fela Landsbanka Íslands gengisskráninguna, að horfið var frá að lögfesta þetta ákvæði, því breytt í meðförum þingsins og gengisskráningin ákveðin áfram í lögunum sjálfum. Eins og fyrr segir, var gengisskráningarvaldið ekki tekið af Alþingi fyrr en með bráðabirgðalögunum 1961.

Nú búa íslenzkar launastéttir sig undir það að rétta hlut sinn við kaup- og kjarasamninga á komandi vori. Viðurkennt er, að kaupmáttur launa hefur stórlega rýrnað undanfarin ár. Flestir virðast einnig telja, að auknar þjóðartekjur og bættur hagur atvinnuveganna geri kleift að greiða hækkuð laun. Um hitt er líklegt að skoðanir verði skiptar, hve miklar kjarabætur launþegar þurfi að fá og hve háu kaupi efnahagskerfið rísi undir. Það verður að teljast óeðlileg og óviðunandi samningsaðstaða, ef viðsemjendur eiga það stöðugt á hættu, að seðlabankastjórn og ríkisstjórn komi að samningum loknum og segi: Þessir samningar ykkar, atvinnurekenda og verkalýðsfélaga, eru á þann veg, að okkur líka þeir ekki. Við ætlum því að ómerkja þá eða a. m. k. breyta þeim verulega. Til þess notum við gengisfellingaraðferðina.

Undir slíkum kringumstæðum er örðugt að ganga til samningsgerðar. — Segja má, að vald til gengisskráningar í höndum Alþingis sé engin örugg trygging fyrir því, að valdinu sé ekki beitt án knýjandi nauðsynjar. Það er að vísu rétt. Hitt held ég að verði að teljast ótvírætt, að með því að fela Alþingi það hlutverk á ný að ákvarða gengisskráninguna með lögum, verði gengisbreytingar nokkru örðugri viðfangs og viðurhlutameiri en ella. Það tel ég kost, en ekki löst.

Vegna þeirrar sannfæringar, að gengi eigi aldrei að breyta án þess að knýjandi nauðsyn sé fyrir hendi, er frv. þetta flutt.

Ed. 503. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 32 frá 29. des. 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp þetta hefur nefndin athugað og er sammála um að mæla með samþykkt þess. — Auður Auðuns var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. apríl 1970.

Jón Þorsteinsson, form.	Steinþór Gestsson, frsm.	Ásgeir Bjarnason.
Björn Jónsson.	Axel Jónsson.	Björn Fr. Björnsson.

Nd. 504. Breytingartillögur [174. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

Frá Stefáni Valgeirssyni, Benedikt Gröndal, Vilhjálmi Hjálmarssyni og Ágúst Þorvaldssyni.

1. Við 32. gr. Í stað „⅗ atkvæða" í 1. málsgr. komi: ⅔ atkvæða.
2. Við 48. gr. Greinin falli niður.

Ed. **505. Frumvarp til laga** [50. mál]

um Skipaskoðun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 7. apríl.)

1. gr.

Skipaskoðun ríkisins starfar undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með öryggismál skipa.

2. gr.

Hlutverk Skipaskoðunar ríkisins er:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um siglingamál og skipasmíðar, eftir því sem hún telur þörf á.
2. Að annast eftirlit með nýsmíði skipa, búnaði, breytingum og innflutningi og annað almennt eftirlit skipa samkvæmt lögum um eftirlit með skipum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim. Smíðateikningar skipa eru háðar viðurkenningu Skipaskoðunar ríkisins í samræmi við ákvæði laga og reglugerða.
3. Að annast framkvæmd alþjóðasamþykkta um öryggi mannslífa á hafinu, sem Ísland er aðili að, og gefa út skipsskjöl fyrir íslenzk skip samkvæmt þeim.
4. Að annast framkvæmd alþjóðahleðslumerkjasamþykkta, sem Ísland er aðili að, og ákveða hleðslumerki skipa og gefa út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt þeim.
5. Að ákvarða hleðslumerki fyrir fiskiskip eftir nánari reglum, er ráðherra setur.
6. Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi.
7. Að annast framkvæmd laga um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu og reglugerða samkvæmt þeim í samræmi við alþjóðasamþykkt um sama efni, sem Ísland er aðili að.
8. Að annast framkvæmd laga og reglna um mælingu skipa, svo og mál, er varða alþjóðasamþykkt um mælingu skipa.
9. Að annast framkvæmd laga um skráningu skipa. Annast skýrslugerð um íslenzkan skipastól. Gefa árlega út skrá yfir íslenzk skip, miðað við 1. janúar ár hvert, og aukaskrár, ef þörf krefur. Þar skal og birta skrá yfir einkaleyfisnöfn skipa, skip í smíðum, skip, sem felld hafa verið niður af skipaskrá á árinu, og annan gagnlegan fróðleik um íslenzkan skipastól. Ráðherra getur sett nánari reglur um gerð skipaskrár.
10. Að annast af Íslands hálfu samstarf við alþjóðastofnanir varðandi þau mál, sem eru í verkahring stofnunarinnar.
11. Að annast mál, er varða siglingalög og sjómannalög, að því leyti sem þau varða skráningu skipa, skip og búnað þeirra, siglingaöryggi og önnur mál, sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni, varðandi siglingar og áhafnir skipa.

3. gr.

Ráðherra sá, er fer með siglingamál, kveður með reglugerð nánar á um hlutverk og starfshætti Skipaskoðunar ríkisins og um einstök verkefni hennar.

4. gr.

Forseti skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmdastjórn þeirra mála, sem falin eru Skipaskoðun ríkisins. Hann skal vera skipaverkfræðingur eða hafa aðra sambærilega menntun og fullnægja kröfum þeim, sem þarf til þess að vera embættismaður hér á landi.

5. gr.

Skipaskoðun ríkisins hefur skrifstofu í Reykjavík.

6. gr.

Ráðherra skipar fasta starfsmenn stofnunarinnar að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra. Fast starfsfólk Skipaskoðunar ríkisins tekur laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisins.

Skipaskoðunarmenn og skipamælingamenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra.

Eigi má skipaskoðunarstjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Skipaskoðun ríkisins, hafa á hendi störf, sem eru ósamræmanleg stöðum þeirra og háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Skipaskoðunar ríkisins, svo sem eftirlit með skipum eða vélum fyrir einstaklinga, félög eða opinberar stofnanir.

7. gr.

Skipaskoðunarstjóri skal hafa sérfróða starfsmenn, eftir nánari ákvörðun í reglugerð, sem ráðherra setur.

8. gr.

Landið skiptist í 5 eftirlitssvæði. Þau eru:

1. eftirlitssvæði: Frá Hjörleifshöfða að Skor á Barðaströnd. Allar eyjar meðtaldar.
2. eftirlitssvæði: Frá Skor í Hrútafjarðarbotn.
3. eftirlitssvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Gunnólfsvíkurfjalli.
4. eftirlitssvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Hjörleifshöfða.
5. eftirlitssvæði: Vestmannaeyjar.

9. gr.

Skipaskoðunarstjóri skipar eftirlitsmann fyrir hvert eftirlitssvæði. Annast hann framkvæmd eftirlits þar og umsjón með skoðunarmönnum undir yfirstjórn skipaskoðunarstjóra.

Ef skipaskoðunarstjóri telur ástæðu til, getur hann tilnefnt trúnaðarmenn til þess að annast einstök störf eftirlitsmanna, og hafa þeir þá sama rétt og skyldur og eftirlitsmenn.

Eftirlitsmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á þeim stað innan svæðis síns, er skipaskoðunarstjóri samþykkir, vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann, og hafa að dómi skipaskoðunarstjóra nægilega þekkingu á siglingum, skipum og vélum til þess að leiðbeina skoðunarmönnum, samræma eftirlitið til meira öryggis og skera úr um ágreining, sem upp kynni að rísa um haffærni skipa.

Skipaskoðunarstjóri setur þeim erindisbréf og starfsreglur.

10. gr.

Hvert eftirlitssvæði skiptist í skoðunarsvæði. Þau eru:

I. eftirlitssvæði:
   1. skoðunarsvæði: Frá Hjörleifshöfða að Jökulsá á Sólheimasandi.
   2. skoðunarsvæði: Frá Jökulsá á Sólheimasandi að Þjórsá.
   3. skoðunarsvæði: Frá Þjórsá að Grindavík.
   4. skoðunarsvæði: Grindavík og Reykjanesskagi að Hafnarfirði.
   5. skoðunarsvæði: Hafnarfjörður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.
   6. skoðunarsvæði: Reykjavík og Kjósarsýsla.
   7. skoðunarsvæði: Borgarfjarðar- og Mýrasýsla (frá Hvalfjarðarbotni til Hítarár).
   8. skoðunarsvæði: Frá Hítará að Búlandshöfða.
   9. skoðunarsvæði: Frá Búlandshöfða að Skor. (Breiðafjarðareyjar meðtaldar).

II. eftirlitssvæði:
10. skoðunarsvæði: Frá Skor að Kópanesi.
11. skoðunarsvæði: Arnarfjörður.
12. skoðunarsvæði: Dýrafjörður.
13. skoðunarsvæði: Önundarfjörður.
14. skoðunarsvæði: Súgandafjörður.
15. skoðunarsvæði: Frá Gelti að Geirhólma.
16. skoðunarsvæði: Frá Geirhólma í Hrútafjarðarbotn.

III. eftirlitssvæði:
17. skoðunarsvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Skagatá.
18. skoðunarsvæði: Frá Skagatá að Haganesvík.
19. skoðunarsvæði: Haganesvík að Siglunestá.
20. skoðunarsvæði: Frá Siglunestá að Ólafsfjarðarmúla.
21. skoðunarsvæði: Frá Ólafsfjarðarmúla að Gjögri, svo og Grímsey.
22. skoðunarsvæði: Frá Gjögri að Tjörnestá, svo og Flatey á Skjálfanda.
23. skoðunarsvæði: Frá Tjörnestá að Gunnólfsvíkurfjalli.

IV. eftirlitssvæði:
24. skoðunarsvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Lagarfljóti.
25. skoðunarsvæði: Frá Lagarfljóti að Loðmundarfirði.
26. skoðunarsvæði: Loðmundarfjörður og Seyðisfjörður.
27. skoðunarsvæði: Frá Dalatá að Gerpi.
28. skoðunarsvæði: Frá Gerpi að Fáskrúðsfirði.
29. skoðunarsvæði: Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík.
30. skoðunarsvæði: Frá Breiðdalsvík að Austurhorni.
31. skoðunarsvæði: Frá Austurhorni að Hjörleifshöfða.

V. eftirlitssvæði:
32. skoðunarsvæði: Vestmannaeyjar.

11. gr.

Skipaskoðunarstjóri skipar að fengnum tillögum eftirlitsmanns skoðunarmenn á hvert skoðunarsvæði. Tölu skoðunarmanna á hverju skoðunarsvæði ákveður skipaskoðunarstjóri að fengnum tillögum eftirlitsmanns. Skoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á svæði sínu, hafa reynslu og þekkingu á siglingum, skipum og vélum og vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann.

Eftirlitsmaður skiptir með þeim verkum eftir sérþekkingu þeirra.

12. gr.

Skipaskoðun ríkisins skal að jafnaði hafa starfandi umferðaeftirlitsmenn, sem ferðast um landið til að samræma störf skipaskoðunarmanna, í samráði við skipaeftirlitsmann hvers eftirlitssvæðis. Skulu umferðaeftirlitsmenn einnig framkvæma skyndiskoðanir í höfnum eða á sjó, eftir því sem aðstæður leyfa og ástæða þykir til. Milli ferða skulu umferðaeftirlitsmenn starfa við skrifstofu Skipaskoðunar ríkisins, og skal skipaskoðunarstjóri setja þeim starfsreglur.

13. gr.

Skipaskoðunarstjóri löggildir eftir þörfum skipamælingamenn samkvæmt lögum um skipamælingar. Skipamælingamenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna. Þeir skulu hafa þekkingu á reglum þeim, er um skipamælingar gilda, og hafa fengið æfingu í notkun þeirra. Ráðherra getur sett reglur um prófraun skipamælingamanna eftir tillögum skipaskoðunarstjóra.

14. gr.

Ráðherra getur skipt landinu í skipamælingaumdæmi eftir tillögum skipaskoðunarstjóra. Heimilt er þó skipaskoðunarstjóra að láta löggiltan mælingamann framkvæma mælingar utan umdæmis síns, hvenær sem ástæða þykir til.

15. gr.

Áður en embættis- og sýslunarmenn Skipaskoðunar ríkisins hefja störf, skulu þeir undirrita eið eða drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starfann eftir beztu samvizku og þekkingu.

Ekki mega þeir annast nein störf Skipaskoðunar ríkisins vegna skipa, er þeir eiga sjálfir að meira eða minna leyti, eða þeirra skipa, sem þeir eru á einn eða annan hátt við riðnir, þannig að þeir verði eigi taldir óvilhallir.

16. gr.

Þegar embættis- og sýslunarmenn Skipaskoðunar ríkisins eru að starfi, hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip, sem statt er í íslenzkri höfn eða innan íslenzkrar landhelgi, til þess að rannsaka það, sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Leita ber þó álits eftirlitsmanns eða skipaskoðunarstjóra, ef eigi er nauðsyn skjótra aðgerða.

Útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, er í þeirra umboði starfa, svo og aðrir skipverjar, eru skyldir til að veita Skipaskoðun ríkisins alla aðstoð og upplýsingar, sem óskað er og starfið varða.

Trúnaðarmenn Skipaskoðunar ríkisins skulu á hinn bóginn gæta þess að valda ekki skipi óþarfa töfum né torvelda vinnu um nauðsyn fram.

17. gr.

Embættis- og sýslunarmenn Skipaskoðunar ríkisins eru opinberir starfsmenn og njóta réttar og bera skyldur í samræmi við það.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi ákvæði laga, sem í bág kunna að fara við lög þessi.

Ed. 506. Breytingartillögur [50. mál]

við frv. til laga um Skipaskoðun ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðsins „siglingamál“ í 1. tölulið komi: öryggismál skipa.
2. Við 3. gr. Í stað orðsins „siglingamál“ komi: öryggismál skipa.

Nd. 507. Frumvarp til laga [174. mál]

um breyt. á l. nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 369 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Á eftir síðustu mgr. 14. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

7. Með sama skilorði og í 6. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa, þar sem hætta er á, að lax og silungur geti veiðzt í veiðiútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

7. gr. hljóðar svo:

19. gr. laganna orðist svo:

1. Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangaveiði, 84 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 10 til þriðjudagsmorguns kl. 10. Friðunartíma þennan má stytta í 60 stundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags engin hætta á, að um þverrandi fiskstofn sé að tefla á viðkomandi veiðisvæði. Með sama skilorði má lengja friðunartímann um allt að 24 stundir, verði talin hætta á þverrandi fiskstofni í fiskihverfinu eða til jöfnunar fiskgengd í því vatni. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangaveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klst. á sólarhring hverjum. Rétt er að setja nánari reglur um daglegan stangarveiðitíma með sama hætti og ákveðið er í 2. mgr. 18. gr. Nú fer lax og göngusilungur um stöðuvatn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú var sagt.

2. Ráðherra er rétt að ákveða, að friðun sú, sem getur í 1. mgr., skuli gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til jöfnunar fiskgengd í því vatni.

3. Ráðherra er rétt, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, að leyfa veiðifélagi að veiða lax til flutnings á hrygningarstaði. Einnig getur hann leyft, eftir tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, veiðifélagi að veiða göngulax og flytja hann upp fyrir ólaxgenga fossa eða mannvirki, er hindra fiskför um vötn. Kostnað, er af þessu leiðir, má greiða úr fiskræktarsjóði að ⅓ hluta.

11. gr. hljóðar svo:

Ný mgr. komi í 27. gr., sem verði 2. mgr., og breytist töluröð annarra mgr. til samræmis við það:

2. Leyfi veiðimálanefndar og veiðimálastjóra þarf til að taka í notkun til veiða á laxi og silungi veiðarfæri úr nýjum efnum eða úr efnum framleiddum með nýjum aðferðum.

4. málsgr. 27. gr. laganna (sem verður 5. málsgr.) orðist svo:

Eigi má fjölga lögnum frá því, sem verið hefur síðustu 5 ár fyrir gildistöku laga þessara. Nú er breytt um veiðiaðferðir og veiði með föstum veiðivélum tekin upp, og skal þá heimilt að nota gamlar lagnir, sem löglegar teljast samkvæmt ákvæðum þessara laga. Einnig er það heimilt, ef veiði hefur ekki verið stunduð um ákveðið árabil, en er tekin upp aftur, eða ef veiði er tekin upp í vatni, þar sem ræktun hefur farið fram, þótt eigi hafi þar áður verið veitt.

19. gr. hljóðar svo:

44. gr. (áður 62. gr.) orðist svo:

1. Skylt er mönnum að gera með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi, svo fljótt sem kostur er. Rétt er félagi:

a. Að ákveða, að veiða skuli með tilteknum veiðitækjum, eftir því sem segir í lögum þessum.
b. Að láta stunda veiði.
c. Að selja á leigu rétt til stangarveiði í öllu fiskihverfinu eða hluta þess.
d. Að skipta veiði milli félagsmanna og úthluta hverjum veiðihlut sínum.

2. Veiðifélagi er skylt að stunda fiskrækt, eftir því sem við á. Fiskrækt telst friðun fisks, umbætur á lífsskilyrðum fisks, flutningur fisks í veiðivatn, auðveldun á gönguleiðum fisks, eftirlit með veiði og annað, er lýtur að aukningu fiskstofns eða viðhaldi hans.

3. Um slíkan félagsskap, sem getur í grein þessari, skal fara svo sem mælt er í kafla þessum.

20. gr. hljóðar svo:

45. gr. (áður 63. gr.) orðist svo:

1. Félagssvæði veiðifélags getur tekið yfir:

a. Heilt fiskihverfi.
b. Einstakt veiðivatn í fiskihverfi.
c. Hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti.
d. Veiðivötn á afrétti, sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum og eru á sama landssvæði.

2. Veiðifélag skal taka til allrar veiði á félagssvæðinu.

3. Nú er félagssvæði hluti straumvatns, og er rétt, að félagssvæði nái svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð, nema sérstaklega standi á.

29. gr. hljóðar svo:

59. gr. (áður 79. gr.) orðist svo:

1. Nú verða ábúendaskipti á jörð á félagssvæði, og er þá hinum nýja ábúanda skylt að gerast félagi og taka á sig skuldbindingar félagsmanns.

2. Eignir veiðifélags skulu teljast til jarða á félagssvæðinu í arðskrárhlutfalli. Ef ágreiningur verður vegna eignarhluta í veiðifélagi, sker mat úr, sbr. 94. gr.

34. gr. hljóðar svo:

Á eftir 66. gr. komi ný grein, sem verði 67. gr. (áður 1. mgr. 60. gr.):

Skylt er að láta af hendi við veiðifélag land eða landsafnot, vatn eða afnot vatns, er þarf til byggingar eða starfsemi klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging slíkra stöðva eða starfsemi kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

37. gr. hljóðar svo:

75. gr. (ný gr.) orðist svo:

1. Ráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd, en í henni eiga sæti yfirdýralæknir, og sé hann formaður, veiðimálastjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Hún skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðgerðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað, er að fisksjúkdómum lýtur.

2. Rétt er ráðherra þeim, er í hlut á, að skipa við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum sérfræðing í fisksjúkdómum, og skal hann vera fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis.

45. gr. hljóðar svo:

a. 1. málsgr. 83. gr. (áður 98. gr.) orðist svo:
Nú eru friðlýst eða arðgæf selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær ósi vatns, er lax eða göngusilungur fer um, en 7 km, og getur þá ráðherra ófriðað þau eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, enda sýni mat, að arður af laxveiði eða göngusilungs í ánni sé meiri en arður af selveiði.

b. Upphaf 2. málsgr. sömu greinar orðist svo:
Nú eru friðlýst eða arðgæf selalátur eða selalagnir í veiðivatni o. s. frv.

51. gr. hljóðar svo:

90. gr., ný gr. hljóði svo:

1. Stofna skal sjóð, er nefnist Fiskræktarsjóður, til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Tekjur sjóðsins eru:

a. Fjárveiting úr ríkissjóði.
b. Gjald af skírum veiðitekjum, 2%, er innheimtist af veiðifélögum.
c. Tekjuafgangur fiskeldisstöðva ríkisins, eftir ákvörðun ráðherra.
d. 3‰ af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings.
e. Aðrar tekjur.

2. Með stjórn Fiskræktarsjóðs fara veiðimálanefnd og veiðimálastjóri. Ákvarðanir um styrki og lán úr sjóðnum skulu háðar samþykki ráðherra. Ráðherra er rétt að setja Fiskræktarsjóði starfsreglur. Nú greinir veiðimálanefnd og veiðimálastjóra á, og sker ráðherra úr.

52. gr. hljóðar svo:

91. gr. (áður 105. gr.) orðist svo:

1. Lán og styrki skal veita úr Fiskræktarsjóði til framkvæmda, er lúta að fiskrækt eða fiskeldi, enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda, þær séu gerðar undir eftirliti hans og hann mæli með styrkveitingu.

2. Þessar framkvæmdir njóta styrks, er nemi allt að ⅓ af áætluðum kostnaði:

1. Fiskvegir og önnur meiri háttar mannvirki, er stefna að því að auka fiskför um vatn.
2. Klakhús og eldisstöðvar.

Ed. 508. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til laga um Togaraútgerð ríkisins og stuðning við útgerð sveitarfélaga.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Snemma á Alþingi því, er nú situr, var lagt fram frumvarp á þskj. 33 um Togaraútgerð ríkisins og stuðning við útgerð sveitarfélaga, flutt af Ólafi Jóhannessyni o. fl.

Frumvarp þetta hefur legið alllengi fyrir sjávarútvegsnefnd, en nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Við undirritaðir nefndarmenn leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt, en meiri hlutinn leggur til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að sett verði á stofn og starfrækt útgerð fiskiskipa og verði afli skipanna lagður á land til vinnslu í fiskvinnslustöðvum, svo að hagnýta megi vinnslustöðvarnar sem bezt og auka þannig og efla fiskiðnaðinn.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram 100 milljónir króna sem óafturkræft stofnfjárframlag í þessu skyni. Enn fremur er í frumvarpinu gert ráð fyrir heimild til handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán allt að 300 milljónum króna til að standa straum af byggingarkostnaði skipa útgerðarinnar. Enda þótt hér sé í frumvarpinu tekið fram bæði um óafturkræft framlag svo og heimild til lántöku, er gert ráð fyrir, að Togaraútgerð ríkisins eigi sama rétt og aðrir til lána úr opinberum sjóðum til skipasmíða.

Frumvarp þetta gerir fyrst og fremst ráð fyrir, að keyptir verði nýtízku togarar.

Það orkar naumast tvímælis, að togarar eru langsamlega afkastamestu tækin til hráefnisöflunar. Togarafloti Íslendinga hefur verið einn af hyrningarsteinum þeirra umbóta og framfara, sem orðið hafa hér á landi. Að vísu hefur afkoma togaranna verið misjöfn og togaraútgerðin stundum átt í vök að verjast, en á vissum tímabilum hafa þessi stórvirku tæki lagt ómetanlegan skerf til þjóðarbúsins. Með útgerð hæfilega margra vel búinna togara er bezt hægt að tryggja það, að frystihús og aðrar vinnslustöðvar hafi jafnan nægilegt og gott hráefni.

Á undanförnum árum hefur mikið atvinnuleysi gert vart við sig mjög víða um land, og enn í dag eru mjög margir skráðir atvinnulausir. Allir eru sammála um, að einskis megi láta ófreistað til að afstýra böli atvinnuleysis. Engar ráðstafanir eru jafnskjótvirkar og líklegar til að bæta úr atvinnuleysi sem aukning í fiskiðnaði. Í mörgum kaupstöðum og kauptúnum víðs vegar um landið er úrvinnsla sjávarafurða meginuppistaða atvinnulífsins. Séu fiskvinnslustöðvar í fullum gangi, er ekkert atvinnuleysi. Það hlýtur því að vera höfuðatriði, að allar fiskvinnslustöðvar séu nýttar sem bezt. Margar fiskvinnslustöðvar hefur skort hráefni, sérstaklega á vissum árstímum, og hafa þess vegna eigi veitt þá atvinnu, sem ella hefði verið hægt með nægu hráefni. Á þessu þarf að ráða bót og verður naumast gert á áhrifaríkari hátt en með þeim ráðstöfunum, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Að sjálfsögðu verður bátaflotinn áfram verulegur þáttur í hráefnisöflun fyrir frystihúsin og aðrar vinnslustöðvar. Þorskafli bátanna mun vafalaust um langa framtíð aðallega fást á vissum árstímum, og er því hætt við, að eyður skapist milli vertíða. Togarar munu því brúa bil á öllum árstímum, ekki sízt þegar afla þarf að sækja á djúpmið.

Í frumvarpi því, sem hér um ræðir, er einnig heimilt skv. 9. gr. að selja fiskverkunarstöðvum eða félagssamtökum, sem stofnuð kunna að verða fyrir forgöngu sveitarfélaga, togara að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra, ef ekki er lengur talin þörf á sérstökum ráðstöfunum til hráefnisöflunar.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir sérstökum stuðningi við útgerð sveitarfélaga.

Við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, erum ekki almennt talsmenn ríkisrekstrar. En nauðsynlegt er að hefjast handa um endurnýjun togaraflotans. Núverandi togaraeigendur virðast ekki, eins og sakir standa, hafa bolmagn eða áhuga fyrir endurnýjun togaraflotans. Þess vegna verður ríkið að hafa frumkvæði í þessu efni. Hverfi íslenzk togaraútgerð úr sögunni, yrðu mikilsverð fiskimið hér við land eftirlátin öðrum þjóðum einum. Þetta má ekki verða. Fyrir Íslendinga er það höfuðnauðsyn að yrkja öll fiskimið, og það þótt lengra þurfi að sækja.

Að dómi okkar, sem að þessu nefndaráliti stöndum, er endurnýjun togaraflotans löngu orðin mjög aðkallandi og að efnt verði til togaraútgerðar á vegum ríkisins, ef ekki er annar kostur fyrir hendi, með sérstöku tilliti til atvinnujöfnunar og bættrar nýtingar frystihúsa og fiskvinnslustöðva víðs vegar um landið.

Fyrir því leggjum við til, að frumvarp á þskj. 33 um Togaraútgerð ríkisins og stuðning við útgerð sveitarfélaga verði samþykkt.

Alþingi, 7. apríl 1970.

Bjarni Guðjörnsson, frsm. Ólafur Jóhannesson. Gils Guðmundsson.

Nd. 509. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til laga um endurhæfingu.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft þetta frv. til athugunar og er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna, Hannibal Valdimarsson, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. apríl 1970.

Guðl. Gíslason, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
Friðjón Þórðarson.	Jón Kjartansson.	Jónas Árnason.

Ed. 510. Nefndarálit [48. mál]

um frv. til laga um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur að undanförnu rætt mál þetta á fundum sínum, ásamt frumvarpi til laga um Siglingamálastofnun ríkisins, sem einnig var vísað til nefndarinnar. Segja má, að afgreiðsla þessara mála sé nokkuð bundin hvor annarri, þar sem löggjöfin gerir ráð fyrir nafnbreytingu á þeirri stofnun, sem fer með þessa málaflokka.

Nefndin hefur hins vegar lagt til, að nafnið „Skipaskoðun ríkisins“ haldist óbreytt, svo sem fram hefur komið í breytingartillögum nefndarinnar við það frumvarp, og með hliðsjón af því leggur nefndin einnig til, að þær breytingar verði á þessu frumvarpi, að þar sem í frumvarpinu stendur „Siglingamálastofnun ríkisins“ komi: Skipaskoðun ríkisins.

Þá leggur nefndin einnig til, að inn komi nýr liður í 38. gr. í VIII. kafla frumvarpsins, um siglingadóm og rannsókn sjóslysa, — 4. töluliður, svo hljóðandi:

„Að birta árlega niðurstöður rannsókna á sjóslysum.“

Það er álit nefndarinnar, að ákvæði þetta heyri frekar undir siglingadóm en Siglingamálastofnun ríkisins eða Skipaskoðun ríkisins, eins og lagt er til í umræddu frumvarpi um Siglingamálastofnun ríkisins.

Þá hefur nefndin lagt til, að á eftir 43. gr. komi þrjár nýjar greinar, en efni þeirra er um skipun sérstakrar rannsóknarnefndar sjóslysa, starfsvið nefndarinnar og starfsmanns, sem heimilað er að ráða nefndinni til aðstoðar. Að öðru leyti er nefndin sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreytts.

Alþingi, 8. apríl 1970.

Jón Árnason, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson.
Bjarni Guðbjörnsson.	Gils Guðmundsson.	Ólafur Jóhannesson.
	Axel Jónsson.	

Ed. 511. Breytingartillögur [48. mál]

við frv. til laga um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 4. gr. Í stað orðsins „Siglingamálastofnunin“ í greininni og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi: Skipaskoðun ríkisins.
2. Við 8. gr. Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í greininni og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi: skipaskoðunarstjóri.
3. Við 38. gr. Við greinina bætist nýr töluliður, sem orðist svo: Að birta árlega niðurstöður rannsókna á sjóslysum.
4. Við 43. gr. Á eftir greininni bætist þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (44. gr.) Ráðherra skipar 5 menn í Rannsóknarnefnd sjóslysa, til 6 ára í senn, fjóra samkv. tilnefningu eftirtalinna aðila: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Slysavarnafélags Íslands, og formann, sem ráðherra skipar án tilnefningar.

      Hlutverk Rannsóknarnefndar sjóslysa er að fylgjast eftir föngum með starfi sjódóma, safna saman upplýsingum, sem skýrt geta eða upplýst orsakir sjóslysa, miðla slíkum upplýsingum til sjómannaskóla, sjómanna og útgerðarmanna og gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr slysahættu á sjó.
   b. (45. gr.) Rannsóknarnefnd sjóslysa ræður í þjónustu sína siglingafróðan mann, sem hefur það verkefni að upplýsa orsakir sjóslysa og koma á framfæri leiðbeiningum um slysavarnir og varúðarráðstafanir.

      Ber starfsmanni nefndarinnar að mæta við sjópróf, ef um er að ræða manntjón eða veruleg meiðsli manna. Skal starfsmaður í samráði við nefndina og skólastjóra sjómannaskóla landsins skipuleggja meðal sjómannaefna kennslu í slysavörnum, er miðist við að skýra helztu orsakir sjóslysa hér við land og hvernig unnt sé að forðast þau. Verksvið starfsmanns Rannsóknarnefndar sjóslysa ákvarðast nánar með reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum nefndarinnar.
   c. (46. gr.) Ráðherra ákveður laun starfsmanns Rannsóknarnefndar sjóslysa að fengnum tillögum nefndarinnar. Ferðakostnaður starfsmanns og önnur nauðsynleg útgjöld Rannsóknarnefndar sjóslysa greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

Sþ. 512. Tillaga til þingsályktunar [208. mál]

um upplýsingaskyldu stjórnvalda.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ólafur Jóhannesson, Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um skyldu stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og að veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum, sem almenning varða.

Greinargerð.

Eigi almenningur að geta dæmt um gerðir stjórnvalda og ríkisstofnana, þarf hann að eiga þess kost að geta fengið sem áreiðanlegastar upplýsingar um starf-

semi þeirra og ákvarðanir. Mjög skortir nú á, að svo sé. Allt of mikil leynd hvílir yfir starfsemi þessara aðila, og reikningum þeirra og skjölum er oftast haldið lokuðum þannig, að almenningur fær ekki aðgang að þeim. Þessi leynd dregur mjög úr því aðhaldi, sem þegnarnir gætu ella veitt, og gerir erfitt fyrir þá að dæma um athafnir stjórnvalda og ríkisstofnana.

Í mörgum löndum hefur verið stefnt að því síðustu áratugina að auðvelda borgurum að geta fylgzt sem bezt með starfsemi stjórnvalda og ríkisstofnana, m. a. með því að gera þeim skylt að birta greinargerðir eða skýrslur um athafnir sínar og ákvarðanir og veita svo þeim, sem þess óska, nánari upplýsingar og aðgang að reikningum og skjölum. Allvíða hafa verið sett sérstök lög um þetta efni. Slíka löggjöf vantar að mestu leyti hér, og því er lagt til í þessari tillögu, að ríkisstjórnin láti undirbúa hana fyrir næsta þing.

Ed. 513. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um skráningu skipa.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft þetta mál lengi til meðferðar, en sá dráttur stafar af því, að afgreiðsla frumvarpsins er að vissu leyti háð samþykkt annarra frumvarpa, sem deildin hefur enn til meðferðar og bíða varð eftir að kæmust í gegnum 2. umræðu.

Nefndin gerir tillögur um nafnbreytingar í samræmi við áðurnefnd frumvörp í deildinni. Að öðru leyti mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins óbreytts.

Alþingi, 8. apríl 1970.

Ólafur Björnsson, form.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr., frsm.
Sveinn Guðmundsson.
Bjarni Guðbjörnsson.
Axel Jónsson.
Kristján Thorlacius.
Björn Jónsson.

Ed. 514. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um skráningu skipa.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 3. gr. Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í greininni og öðrum greinum frumv. komi: skipaskoðunarstjóri.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ og „Siglingamálastofnunin“ í greininni og öðrum greinum frumv. komi: Skipaskoðun ríkisins.

Ed. 515. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um skipamælingar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft þetta mál lengi til meðferðar, en sá dráttur stafar af því, að afgreiðsla frumvarpsins er að vissu leyti háð samþykkt annarra frumvarpa, sem deildin hefur enn til meðferðar og bíða varð eftir að kæmust í gegnum 2. umræðu.

Nefndin gerir eina breytingartillögu um nafnbreytingu í samræmi við áðurnefnd frumvörp í deildinni. Að öðru leyti mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins óbreytts.

Alþingi, 8. apríl 1970.

Ólafur Björnsson, form.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr., frsm.
Sveinn Guðmundsson.
Bjarni Guðbjörnsson.
Axel Jónsson.
Kristján Thorlacius.
Björn Jónsson.

Ed. 516. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til l. um skipamælingar.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 2. gr. Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í greininni og öðrum greinum frumvarpsins komi: skipaskoðunarstjóri.

Nd. 517. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til laga um Útgerðarstofnun ríkisins til atvinnujöfnunar.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta. Minni hlutinn vill samþykkja frumvarpið og mun skila séráliti, en undirritaður meiri hluti nefndarinnar er frumvarpinu andvígur.

Leitað hefur verið umsagnar ýmissa félagssamtaka.

Sjómannasamband Íslands telur frumvarpið tímabært og athyglisvert til umræðna, en það sé þó margt, sem þurfi nánari athugunar við, og treystir sér ekki til að mæla með frumvarpinu.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands telur fráleitt að stofna til slíkrar útgerðar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og það mælir gegn því, að frumvarpið nái fram að ganga.

Alþýðusamband Íslands mælir eindregið með samþykkt frumvarpsins og rökstyður það á ýmsan hátt, en telur þó, að ákvæði 2. gr. frumvarpsins þurfi að ákvarða í samráði við reyndustu menn í sjómannastétt, en mælir að öðru leyti með afgreiðslu málsins á þessu þingi.

Landssamband íslenzkra útvegsmanna mælir gegn samþykkt frumvarpsins. Telur það, að ríkisvaldið eigi ekki að hafa með höndum atvinnurekstur. Telur einnig, að þar sem ástæða er til að auka útgerð, eigi að auðvelda einstaklingum og félögum að festa kaup á nýjum skipum og bæta rekstraraðstöðu þeirra.

Eins og fyrr segir, er meiri hluti nefndarinnar andvígur frumvarpinu, en telur hins vegar, að ríkisvaldið eigi að stuðla að hæfilegri aukningu fiskiskipaflotans með hagkvæmum lánum, er fjárfestingarsjóðir veiti þeim aðilum, sem hafa bæði vilja og getu til að ráðast í slíkan rekstur. Þetta hefur verið gert á undanförnum árum, þótt bolfiskveiðiflotinn hafi gengið nokkuð saman af öðrum ástæðum en þeirri, að eigi væru fyrir hendi lánsmöguleikar til byggingar minni fiskibáta.

Nú hefur fyrir frumkvæði ríkisstjórnarinnar verið aukin smíði vélbáta innanlands og lánsmöguleikar í þessu skyni auknir. Þá hefur einnig síðustu mánuðina verið unnið að því fyrir forgöngu ríkisstjórnarinnar að undirbúa kaup á stærri botnvörpuskipum, og teljum við, að innan skamms verði endanleg ákvörðun tekin í því efni.

Með tilliti til þessa teljum við, að ríkisvaldið eigi ekki að hefja útgerðarrekstur í því skyni, er frumvarpið gerir ráð fyrir. Er það skoðun okkar, að á þeim stöðum, þar sem aukin útgerð er talin líklegasta úrræðið til þess að bæta úr lélegu atvinnuástandi, sé affarasælast að efla framtak þeirra aðila heima fyrir, sem hefja vilja þann atvinnurekstur. Leggjum við til, að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með tilliti til þess, er að framan segir, svo og með hliðsjón af því, að reynslan hefur sýnt, að útgerð skipa, sem lagt hafa upp afla á fleiri stöðum en heimahöfn, er það miklum annmörkum háð, að hún getur ekki talizt haldgott úrræði til þess að bæta úr atvinnuleysi, leggjum við til, að málinu verði vísað frá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. apríl 1970.

Birgir Finnsson, form. Sverrir Júlíusson, fundaskr., frsm. Guðl. Gíslason.
Pétur Sigurðsson.

Nd. 518. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 13. maí 1966, um hægri handar umferð.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar á nokkrum fundum sínum og leitað umsagnar nokkurra aðila um það.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, og mælir undirritaður meiri hluti nefndarinnar með því, að frv. verði samþykkt með tiltekinni breytingu, sem prentuð er á sérstöku þingskjali.

Minni hluti nefndarinnar er andvígur samþykkt frv. og mun skila séráliti.

Alþingi, 8. apríl 1970.

Matthías Bjarnason, form., frsm. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Pétur Sigurðsson.
Jónas Pétursson. Steingrímur Pálsson, með fyrirvara.

Nd. 519. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 13. maí 1966, um hægri handar umferð.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Við 1. gr.

a. Í stað orðsins „1972“ á þremur stöðum í 1. mgr. komi: 1971.
b. Í stað orðanna „svo og kostnað vegna starfsemi Umferðarmálaráðs“ í 2. mgr. komi: svo og kostnað vegna starfsemi Umferðarráðs til ársloka 1970.

Ed. 520. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 7. apríl 1970.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Ásgeir Bjarnason.	Björn Jónsson.	Björn Fr. Björnsson.
	Axel Jónsson.	

Nd. 521. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til l. um breyt. á læknalögum, nr. 80 23. júní 1969.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur haft frumvarpið til athugunar og fengið um það umsagnir landlæknis, Læknafélags Íslands og stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirgreindum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   2. gr. laganna orðist svo:
   Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita læknar, er lokið hafa prófi við læknadeild Háskóla Íslands, framhaldsnámi í sjúkrahúsi eftir reglum, sem læknadeild setur og ráðherra staðfestir, og hafa gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni 6 mánuði að loknu námi, enda séu slík störf fyrir hendi. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá héraðslæknisskyldu umsækjendum, sem teljast ekki færir um að inna hana af hendi af heilsufarsástæðum, enda leggi þeir fram læknisvottorð, er landlæknir metur gilt.
   Framhaldsnámi samkv. 1. mgr. skal lokið hér á landi eða erlendis við sjúkrahús, sem fullnægir skilyrðum til þess að dómi heilbrigðisstjórnar, að fengnum tillögum læknadeildar háskólans.
   Þeir einir geta hlotið lækningaleyfi, sem eru íslenzkir ríkisborgarar, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum og eru lögráða, enda mæli læknadeildin og landlæknir með leyfisveitingunni. Ráðherra getur þó veitt tímabundið lækningaleyfi mönnum, sem ekki eru íslenzkir ríkisborgarar, ef þeir fullnægja ákvæðum 1. mgr. 3. gr., hafa lokið prófi í læknisfræði frá viðurkenndum háskóla og hafa nægilega kunnáttu í töluðu og rituðu íslenzku máli að dómi landlæknis, enda sé um að ræða tiltekið læknisstarf, er enginn íslenzkur læknir hefur fengizt til að gegna.
   Læknadeildin eða landlæknir mega ekki mæla með lækningaleyfi til handa þeim, sem eru heilsulausir á þann hátt andlega eða líkamlega, að stafað geti hætta af þeim við læknisstörf, eða þeir fyrir það séu ófærir eða lítt hæfir til læknisstarfa, eða kunnir að drykkjuskaparóreglu eða eiturlyfjanotkun eða hafa kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi og ódugnaði í störfum sínum.

Heimilt er að synja manni um lækningaleyfi, ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. Við 2. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 9. apríl 1970.

Guðl. Gíslason, form. Bragi Sigurjónsson, fundaskr., frsm. Matthías Bjarnason.
Jónas Árnason. Jón Kjartansson.

Sþ. 522. Nefndarálit [82. mál]

um till. til þál. um athugun á framkvæmd skoðanakannana.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna, og mæla undirritaðir nefndarmenn með samþykkt hennar, þó með svofelldri

BREYTINGU:

Niður falli síðustu setningarnar: „og með hverjum hætti eðlilegt væri, að hið opinbera stuðlaði að því að koma henni á fót.“

Einn nefndarmanna, Jónas Pétursson, er andvígur tillögunni.

Alþingi, 7. apríl 1970.

Bragi Sigurjónsson, form. Friðjón Þórðarson, frsm. Gísli Guðmundsson.
Jónas Árnason. Matthías Bjarnason. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Sþ. 523. Nefndarálit [111. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um framkvæmd eignarnáms.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur haft ofangreinda tillögu til athugunar og orðið sammála um að leggja til, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 9. apríl 1970.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm. Jónas Pétursson, fundaskr. Matthías Bjarnason.
Friðjón Þórðarson. Jónas Árnason. Vilhjálmur Hjálmarsson.
Gísli Guðmundsson.

Nd. 524. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um ofangreint frumvarp og leitað umsagnar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, er mælir með samþykkt þess. Nefndin varð ekki sam-

mála um afgreiðslu frumvarpsins. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 9. apríl 1970.

Guðl. Gíslason, form. Bragi Sigurjónsson, fundaskr., frsm. Matthías Bjarnason.
Jónas Árnason.

Nd. 525. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:
   70. gr. breytist sem hér segir:
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í vátryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við vátryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 1 000 000.00 fyrir létt bifhjól, kr. 1 500 000.00 fyrir dráttarvél, kr. 1 500 000.00 fyrir bifhjól og kr. 3 000 000.00 fyrir bifreið.
   b. Í stað „kr. 100 000.00“ í 2. mgr. komi: kr. 200 000.00.
2. 3. gr. (verður 4. gr.) orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. koma þó til framkvæmda 1. maí 1970.

Nd. 526. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (MB, BrS, PS, JP, SP).

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „Umferðarmálaráð“ komi: Umferðarráð.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „Umferðarmálaráð“ í b- og d-lið komi: Umferðarráð.
   b. Í stað orðsins „Umferðarmálaráðs“ í b-, c-, d-, e-, f- og h-lið komi: Umferðarráðs.
   c. Í stað orðsins „Umferðarmálaráði“ í c- og e-lið komi: Umferðarráði.
   d. 2. málsliður 1. mgr. e-liðar orðist svo: Framkvæmdanefnd ræður starfsfólk að fenginni heimild ráðherra.

Nd. 527. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og leitað um það umsagnar hjá nokkrum aðilum, og eru flestir því meðmæltir, að frv. verði samþykkt.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hluti nefndarinnar mun skila séráliti, en undirritaður meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið fór þess á leit við nefndina, að hún flytti brtt. við frv. þetta um breytingu á 70. gr. umferðarlaganna, sem fjallar um hækkun vátryggingafjárhæðar, sem eigendum vélknúins ökutækis er skylt að kaupa hjá vátryggingafélagi.

Nefndin varð sammála um að flytja þessar breytingartillögur, og eru þær prentaðar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. apríl 1970.

Matthías Bjarnason, form., frsm. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Pétur Sigurðsson.

Jónas Pétursson. Steingrímur Pálsson.

Sþ. 528. Nefndarálit [86. mál]

um till. til þál. um samvinnu yfirstjórnar fræðslumála og sjónvarps.

Frá allsherjarnefnd.

Samtímis þessari tillögu var vísað til nefndarinnar tillögu um sama efni — till. til þál. um skólasjónvarp, þskj. 97. Nefndin hefur athugað þessar tillögur og fengið álit útvarpsráðs á þeim. Fer álit útvarpsráðs hér á eftir:

Reykjavík, 1. apríl 1970.

Allsherjarnefnd sameinaðs þings hefur óskað eftir umsögn útvarpsráðs um þingsályktunartillögu Jóns Kjartanssonar um samvinnu yfirstjórnar fræðslumála og sjónvarps og Jónasar Árnasonar um skólasjónvarp.

Útvarpsráð fagnar þeim áhuga á skólasjónvarpi, sem fram kemur í þessum tveim þingsályktunartillögum.

Rétt er að minna á þann mismun, sem er á skólasjónvarpi og almennu fræðslusjónvarpi. Það telst skólasjónvarp, sem er í beinu sambandi við námsefni ákveðinna nemenda í ákveðnum greinum, og ætti það efni að sendast inn í skólana. Almennt fræðsluefni er hins vegar allt það, sem lýtur að alþýðufræðslu í sjónvarpi og er ætlað hverjum þeim, sem vill hagnýta sér það.

Nefnd sú, sem á sínum tíma undirbjó íslenzkt sjónvarp, tók þá afstöðu, að Ríkisútvarpið ætti að sjá um og kosta almennt fræðslusjónvarp, en skólakerfið ætti að sjá um og kosta skólasjónvarp.

Frá upphafi hefur verið mikið af almennu fræðsluefni í sjónvarpinu, en tilraun með eiginlegt skólasjónvarp hefur enn ekki verið gerð.

Síðastliðið sumar gerðu Fræðslumyndasafn ríkisins og Skólarannsóknir í samráði við fræðslumálastjóra tillögur til menntamálaráðuneytisins um, að á þessu ári yrði gerð tilraun með skólasjónvarp í eðlisfræði. Ráðuneytið sendi tillögur þessar fjárveitinganefnd Alþingis, og samkvæmt meðmælum hennar voru veittar á fjárlögum 250 000 krónur til að gera þessa tilraun. Þar með hefur Alþingi staðfest þá verkaskiptingu, sem á að vera milli skólakerfisins og Ríkisútvarpsins á þessu sviði.

Nú er verið að undirbúa þessa tilraun með sjónvarpskennslu í eðlisfræði, og mun hún vonandi gera kennurum og nemendum í hinum dreifðu byggðum léttara að taka upp hið nýja kennslukerfi í þessari grein, sem lengi hefur verið undirbúið.

Útvarpsráð telur, að auka beri tilraunir með sjónvarpskennslu og byggja á reynslu við íslenzkar aðstæður, jafnóðum og hún fæst. Ráðið telur eðlilegt, að íslenzkt skólasjónvarp beinist mjög að því að jafna námsaðstöðu nemenda og starfsaðstöðu kennara í hinum ýmsu landshlutum. Til að allt þetta geti orðið, verða að sjálfsögðu að koma til fjárveitingar frá Alþingi.

Útvarpsráð mælir með báðum tillögunum, en telur rétt að breyta orðalagi þeirra með tilliti til þess, að fyrsta tilraun með skólasjónvarp hefur verið ákveðin og fé veitt til hennar. Hugsanlegt væri að sameina tillögurnar í eina ályktun, er léti í ljós vilja Alþingis í þessu máli.

Virðingarfyllst,

f. h. Útvarpsráðs

Guðmundur Jónsson.

Nefndin hefur orðið sammála um að afgreiða báðar umræddar tillögur með því að breyta þessari tillögu til samræmis við upplýsingar, sem fram koma í ofanskráðu bréfi frá útvarpsráði, og leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að efld verði sú samvinna yfirstjórnar fræðslumála og sjónvarps, sem þegar er hafin, og að þar verði lögð rík áherzla á að jafna námsaðstöðu nemenda og starfsaðstöðu kennara í hinum ýmsu landshlutum.

Alþingi, 9. apríl 1970.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Jónas Árnason, frsm.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Gísli Guðmundsson.	Friðjón Þórðarson.
	Matthías Bjarnason.	

Nd. 529. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum nr. 51 frá 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Bragi Sigurjónsson, Geir Gunnarsson, Jónas Pétursson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ákvæði 50. gr. laga þessara um gagnkvæma ábyrgð hjóna skulu gilda um innheimtu aðstöðugjalds.

2. gr.

15. gr. laganna, e-liður orðist svo:

Að greiða 1% af árlegum tekjum sjóðsins til Sambands íslenzkra sveitarfélaga vegna starfsemi sambandsins og styrkja að öðru leyti eftir ákvörðun ráðherra tilraunir til að koma á betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarfélaga og samstarf þeirra.

3. gr.

Við 15. gr. laganna bætist nýr stafliður, f, svo hljóðandi:

Að greiða sérstakt framlag þeim sveitarfélögum, þar sem íbúum hefur fækkað næstliðið ár, sbr. 20. gr. 5. mgr.

4. gr.

4. mgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Áður en úthlutað er framlagi Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna, skal draga frá úthlutunarfénu 4% af tekjum sjóðsins til þess að mæta þörfum sveitarfélaganna samkvæmt 15. gr. laga þessara.

5. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hefur fólksfækkun orðið í sveitarfélagi næstliðið ár, og skal þá viðkomandi sveitarfélag fá sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði, sbr. 15. gr. f-lið, enda sendi sveitarstjórn sjóðnum kröfu um það fyrir 15. júlí ár hvert. Framlagið skal vera meðalútsvar á íbúa í viðkomandi sveitarfélagi næstliðið ár margfaldað með íbúafækkunartölunni.

6. gr.

30. gr., d-liður orðist svo:

Þó skal skipta útsvari milli sveitarfélaga, ef útsvarsgjaldandi rekur atvinnustöð utan lögheimilissveitar o. s. frv.

7. gr.

30. gr., e-liður orðist svo:

Sveitarfélag, þar sem útsvar er á lagt, hlýtur aldrei minna en ¼ af útsvari, sem skipt er skv. d-lið, og eigi o. s. frv.

8. gr.

Á eftir 1. mgr. 61. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1965, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú telur ríkisskattstjóri, að lokinni rannsókn samkvæmt 3. mgr. 37. gr. og 2. og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 90/1965, um tekjuskatt og eignarskatt, ástæðu til að breyta gjöldum, sem á eru lögð samkvæmt lögum þessum, og getur hann þá lagt málið fyrir ríkisskattanefnd, sem ákveða má gjaldþegni gjöld að nýju, þó eigi lengra aftur í tímann en 6 ár. Ætíð skal ríkisskattanefnd gefa gjaldþegni og álagningaraðila kost á að koma athugasemdum sínum að, áður en gjöld eru ákveðin samkvæmt þessari málsgrein. Gjalddagi gjalda samkvæmt þessari málsgrein er viku eftir að gjaldanda var tilkynnt um álagninguna.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni Sambands íslenzkra sveitarfélaga, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Um 1. gr.

Í 50. gr. laga nr. 51/1964, um tekjustofna sveitarfélaga, er ákvæði um gagnkvæma ábyrgð hjóna á útsvarsgreiðslum hvort annars, enda búi þau saman, þegar álagning fór fram. Á það hefur reynt í dómsmáli, að ákvæði þetta gildi ekki um aðstöðugjöld, svo sem þó hafði verið talið. Talið var skorta lagaheimild til að gera lögtak í séreign annars hjóna til tryggingar aðstöðugjaldi hins vegna sameiginlegs fyrirtækis þeirra. Miðar ákvæði greinarinnar að því að bæta úr þessum ágalla.

Um 2. gr.

Frá og með árinu 1966 hefur Samband íslenzkra sveitarfélaga fengið árlegt framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, ½% af tekjum sjóðsins, sbr. lög nr. 43/1966, enda féll þá niður sérstakt framlag í fjárlögum til sambandsins. Framlag þetta nam á árinu 1969 kr. 1 470 280.00, og hefur þetta framlag undanfarin ár verið megintekjustofn sambandsins, en að öðru leyti hafa tekjur sambandsins verið árgjöld sveitarfélaganna, sem verið hafa óbreytt allt frá árinu 1964 eða kr. 3.00 á íbúa. Vegna aukningar á starfsemi sambandsins á ýmsum sviðum í þágu sveitarfélaganna er sambandinu brýn þörf aukinna tekna. Stjórn sambandsins telur eðlilegt, að jöfnunarsjóðsframlagið verði hækkað, svo sem í greininni er lagt til, frekar en að hækka árgjöld sveitarfélaganna til sambandsins, en jafnframt mun sambandsstjórnin, verði frumvarp þetta að lögum, beita sér fyrir þeirri breytingu á lögum sambandsins, að

bein árgjöld sveitarfélaganna til sambandsins verði felld niður, en þau yrðu hins vegar tekjustofn landshlutasamtaka sveitarfélaganna.

Í sambandi við tekjur Sambands íslenzkra sveitarfélaga og ráðstöfunarfé þess má geta þess, að hliðstæð sambönd á Norðurlöndum hafa margfalt meiri tekjur (miðað við íbúa), t. d. innheimtir Sænska sveitarfélagasambandið árgjöld hjá sveitarfélögunum, sem nema 2½% af tekjum þeirra, og mundi það samsvara því, að Samband íslenzkra sveitarfélaga hefði um 50 millj. króna árstekjur.

Um 3. og 5. gr., sbr. 6. og 7. gr.

Skv. 6. og 7. gr. eru felld niður gildandi ákvæði um skiptiútsvör einstaklinga, þ. e. heimild eins sveitarfélags til að krefja annað sveitarfélag um hluta af álögðu útsvari gjaldþegns, sem flutt hefur heimilisfang sitt úr sveitarfélaginu á fyrra ári.

Gildandi reglur um þetta efni, sbr. 30. gr. laga nr. 51/1964, hafa reynzt erfiðar í framkvæmd og hafa bæði valdið sveitarstjórnum og skattyfirvöldum mikilli vinnu og fyrirhöfn. Hafa mörg sveitarfélög samið sín á milli um gagnkvæma niðurfellingu skiptiútsvara, t. d. sveitarfélög í Reykjaneskjördæmi ásamt Reykjavíkurborg, en þrátt fyrir það voru á árinu 1968 uppkveðnir um 1000 skiptiútsvarsúrskurðir, og hafði þó mörgum útsvarsskiptikröfum verið synjað, m. a. sem of seint fram komnum.

Mál þetta hefur verið til umræðu meðal sveitarfélaganna og hjá samtökum þeirra á undanförnum árum. Samkomulag hefur nú tekizt milli sveitarfélaganna um að mæla með niðurfellingu skiptiútsvara einstaklinga, enda verði þeim sveitarfélögum, þar sem fólki fækkar, bættur sá skaði með sérstökum framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. samþykkt fulltrúaráðsfundar Sambands íslenzkra sveitarfélaga 16. apríl 1969. Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins yrðu framlögin miðuð við meðaltalsútsvör á íbúa í viðkomandi sveitarfélagi næstliðið ár margfölduð með þeirri tölu, sem íbúum hefði fækkað um. Regla þessi virðist einföld í framkvæmd. Erfitt er að segja um það fyrir fram, hversu mikil útgjöld Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga yrðu vegna ákvæða 3. og 5. gr. frumvarps þessa, en þess má geta, að á árinu 1967 varð íbúafækkun í 97 sveitarfélögum um 748 íbúa og á árinu 1968 varð íbúafækkun í 126 sveitarfélögum um 852 íbúa.

Um 4. gr.

Samkvæmt lögum nr. 69/1962, sbr. nú lög nr. 51/1964, um tekjustofna sveitarfélaga, var ráðherra heimilað að halda eftir 1% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að mæta þörfum sveitarfélaganna samkvæmt 15. gr. laganna. Með lögum nr. 67/1965 var hundraðshluti þessi hækkaður í 3% og gert að skyldu að draga þá fjárhæð frá tekjum sjóðsins, áður en úthlutað væri úr honum. Mun sú fjárhæð hafa numið á árinu 1969 um 10.5 millj. króna auk eftirstöðva frá fyrra ári. Fé þetta hefur aðallega gengið til þeirra sveitarfélaga, sem orðið hafa að nota útsvarsstiga að fullu með lögleyfðu hámarksálagi, en hafa þó eigi haft nægilegar útsvarstekjur til að mæta útgjöldum.

Vegna vaxandi erfiðleika hafa æ fleiri sveitarfélög þurft að nota útsvarsstiga með hámarksálagi og jafnframt leitað til Jöfnunarsjóðs um aukaframlög skv. d-lið 15. gr. laga nr. 51/1964. Er því útlit fyrir, að 3% af tekjum Jöfnunarsjóðs muni ekki nægja til þessara aukaframlaga á árinu 1970, og er því í 4. gr. frumvarpsins ákvæði um, að haldið verði eftir 4% af tekjum sjóðsins í þessu skyni.

Um 8. gr.

Efni greinarinnar er hliðstætt ákvæði 4. mgr. 42. gr. laga nr. 90/1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Skv. greininni yrði ríkisskattanefnd heimilt að leggja á gjöld, þ. e. útsvar og/eða aðstöðugjöld að nýju, ef ríkisskattstjóri telur ástæðu til þess að lokinni skattrannsókn. Vegna þess að slíkt ákvæði hefur ekki verið í tekjustofnalögum, hefur orðið að hafa þann hátt á, þegar skattrannsókn hefur leitt í ljós vantaldar tekjur, að skattrannsóknarstjóri hefur tilkynnt það viðkomandi framtalsnefnd, sem síðan hefur lagt

útsvar að nýju á gjaldþegn eftir almennum reglum, og hefur því viðkomandi gjaldþegn fengið kærufrest til framtalsnefndar og ríkisskattanefndar.

Ástæðulaust virðist að hafa annan hátt á um álagningu sveitarsjóðagjalda í slíkum tilvikum en um álagningu tekju- og eignarskatta til ríkissjóðs.

Um 9. gr.

Þar eð ákvæði frumvarps þessa varða ekki á neinn hátt álagningu sveitarsjóðagjalda, virðist ekkert því til fyrirstöðu, ef frumvarpið verður samþykkt á yfirstandandi þingi, að lögin öðluðust gildi þá þegar.

Nd. 530. Frumvarp til laga [210. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

5. grein laganna orðist svo:

Tekjuskatt og eignarskatt greiða þessi félög og stofnanir:

A. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð. Undanþegin eru þó þau félög, sem verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum þeirra.
B. Gagnkvæm vátryggingar- og ábyrgðarfélög, kaupfélög og önnur samvinnufélög.
C. Samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna sinna. Þó skulu þau eigi greiða skatt af þeim tekjum, sem skipt er á milli félagsmanna í samræmi við hlutdeild þeirra í afurðasölu eða afurðavinnslu samlagsins og skattlagðar skulu hjá þeim.
D. Sjóðir, félög og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþegnir skatti, sbr. 6. gr., og svo dánarbú og þrotabú.

Á sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð eins eða fleiri félagsmanna skal ekki lagður skattur. Eignum og tekjum slíkra félaga skal skipt milli eigenda í samræmi við félagssamning þeirra og þær skattlagðar með öðrum eignum og tekjum þeirra.

Félög og stofnanir, sem um ræðir í 1. mgr. A—D hér að framan, og ekki eiga heimili hér á landi, en hafa hér tekjur af eignum eða atvinnu sams konar og um ræðir í 2. gr., skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum sem önnur félög.

2. gr.

D-liður 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Vextir eða arður af skuldabréfum, hlutabréfum, sbr. þó B-lið 12. gr., og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annarri arðberandi innstæðu, þó ekki vextir af skattfrjálsri innstæðu, sbr. 21. gr.

Til arðs af hlutabréfum telst, auk venjulegrar arðgreiðslu, sérhver afhending verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu. Til arðs telst þó ekki úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem ekki hefur í för með sér breytta eignarhlutdeild hluthafa í hlutafélagi og telst því heldur ekki til skattskyldra tekna hluthafans. Jöfnunarhlutabréf má eigi gefa út frekar en nemur bókfærðri hreinni eign hlutafélagsins og teljast þá eigin hlutabréf eigi til eigna. Arður af eigin hlutabréfum hlutafélags telst hvorki til tekna né gjalda hjá því.

Til arðs af verðbréfum, svo sem skuldabréfum og víxlum, teljast afföll af slíkum bréfum, og skulu afföllin talin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborgunartímans, ef afborgunartíminn er skemmri en fimm ár, en ef afborgunartíminn er fimm ár eða lengri, skulu afföllin talin til tekna með jöfnum fjárhæðum í fimm ár.

3. gr.

E-liður 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Ágóði af sölu lausafjár, þar með talin skip og loftför, og svo sölu verðmæta samkvæmt 4. og 5. tl. A-liðs 15. gr., enda falli salan ekki undir atvinnurekstur skattþegns, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári, hafi skattþegn átt hina seldu eign skemur en tvö ár. Hafi skattþegn átt hina seldu eign í tvö ár, en skemur en fjögur ár, skal aðeins helmingur ágóðans teljast til skattskyldra tekna, en hafi skattþegn átt eignina í fjögur ár eða lengur, skal aðeins fjórðungur ágóðans teljast til skattskyldra tekna.

Ágóði af sölu fasteigna, þar með talin sala náttúruauðæfa og keypts réttar til nýtingar þeirra, enda falli salan ekki undir atvinnurekstur skattþegns, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári, hafi skattþegn átt hina seldu eign skemur en þrjú ár. Hafi skattþegn átt hina seldu eign í þrjú ár, en skemur en sex ár, skal aðeins helmingur ágóðans teljast til skattskyldra tekna, en hafi skattþegn átt eignina í sex ár eða lengur, skal aðeins fjórðungur ágóðans teljast til skattskyldra tekna.

Bætur vegna altjóns og eignarnámsbætur teljast sem söluverð í þessu sambandi.

Hagnaður af sölu fyrnanlegra eigna samkv. C-lið 15. gr. skal teljast mismunur raunverulegs söluverðs þeirra annars vegar og bókfærðs verðs þeirra hins vegar, en bókfært verð samkvæmt lögum þessum er heildarfyrningarverð samkv. B-lið 15. gr., að frádregnum fengnum fyrningum samkvæmt ákvæðum skattalaga. Þegar fyrnanleg eign er seld, skal á söluárinu telja seljanda til tekna alla fyrningu, sem hann hefur fengið vegna eignarinnar, umfram leyfilega lágmarksfyrningu, ákveðna eftir reglum C-liðs 15. gr. laganna, allan fyrningartímann til söludags, þó ekki hærri fjárhæð en söluhagnaði nemur. Söluhagnaður að frádregnum skattlögðum fyrningum samkv. 2. málslið þessarar málsgreinar telst skattskyldur ágóði samkv. 1. og 2. mgr.

Ágóði af sölu hlutabréfa skal teljast mismunur raunverulegs söluverðs þeirra annars vegar og kaupverðs þeirra hins vegar. Kaupverð hlutabréfa í hendi seljanda til ársloka 1971 skal ákvarða sem samanlagt nafnverð keyptra hlutabréfa og þeirra jöfnunarhlutabréfa, sem hann hefur fengið úthlutað, eða raunverulegt kaupverð, hvort sem hærra reynist. Séu hlutabréf keypt og seld eftir 31. desember 1971, skal leggja raunverulegt kaupverð þeirra til grundvallar. Í þessu sambandi skulu jöfnunarhlutabréf, sem úthlutað hefur verið, eigi talin fengin við verði. Kaupverð hlutabréfa, sem skattþegn hefur eignazt við samruna hlutafélaga samkv. 8. gr., skal ákvarðast jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa, er hann lét af hendi. Þegar ákvarða skal ágóða af sölu hlutabréfa, skal kaupverð hvers hlutabréfs ákvarðað jafnt meðalverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda. Við ákvörðun eignartíma hluthafa á hlutabréfum skal miða við kaupdag keyptra bréfa og að hluthafi hafi eignazt jöfnunarhlutabréf við úthlutun þeirra. Þau hlutabréf, sem hluthafi eignast við samruna hlutafélaga samkv. 8. gr., skal hann talinn hafa fengið til eignar, þegar hann eignaðist hlutabréf þau, sem hann lét af hendi við samrunann. Þau bréf skulu fyrst talin seld, er hluthafi eignaðist fyrst. Nú er hlutafélagi slitið samkvæmt VI. kafla laga nr. 77/1921, án þess að um samruna félaga sé að ræða, sbr. 8. gr., og skal þá raunveruleg greiðsla til hluthafa teljast söluverð hlutabréfanna.

Ágóði af sölu íbúðarhúsnæðis, ófyrnanlegra fasteigna og ófyrnanlegs lausafjár, annars en hlutabréfa, er að fullu skattskyldur á söluári þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., enda falli salan ekki undir atvinnurekstur skattþegns. Þó skal ágóði af sölu þessara eigna eigi teljast til skattskyldra tekna, ef skattþegn hefur átt fasteignina í fimm ár eða lengur og lausaféð í þrjú ár eða lengur. Ágóði af sölu þessara eigna telst mismunur á kostnaðarverði eða kaupverði og söluverði.

Nú selur skattþegn íbúðarhúsnæði, sem verið hefur í eigu hans skemur en fimm ár, en kaupir annað innan árs eða byggir íbúðarhús, áður en þrjú ár eru liðin frá söludegi, og skal söluágóði þá ekki skattskyldur, ef hið keypta íbúðarhúsnæði eða hið nýreista hús er að fasteignamati jafnhátt eða hærra hinu selda. En ef það er lægra að mati, skal söluágóði skattskyldur hlutfallslega. Undanþága þessi nær þó ekki til neinnar sölu, þar sem telja má, að um atvinnurekstur sé að ræða, eða að

eignarinnar hafi verið aflað til að selja hana aftur með hagnaði. Ákvæði þessi raska ekki fyrirmælum laganna um skattgreiðslu, þegar eigin vinna, sem ekki hefur verið skattlögð, fæst greidd í söluverði íbúða.

Stafi söluhagnaður af greiðslu bóta vegna altjóns eða eignarnáms, er skattþegni heimilt að dreifa skattskyldum hluta söluhagnaðarins á fimm ár, þannig að með tekjum hvers árs skuli aðeins teljast einn fimmti hluti.

Hafi skattþegn eignazt hið selda fyrir arftöku, þar með talda fyrirframgreiðslu arfs, skal við ákvörðun eignartíma samkvæmt þessari grein miðað við samanlagðan eignartíma arfleifanda og arftaka.

Áður en ágóði af sölu eigna samkvæmt þessari grein er ákveðinn má skattþegn draga frá söluhagnaði það tap, sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna sölu sams konar verðmæta á sama ári.

4. gr.

Aftan við 2. mgr. 7. gr. laganna komi ný málsgrein, sem verður 3. mgr., svohljóðandi:

Skattskyldar tekjur erlendra vátryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna hér á landi og iðgjaldatekna af allri starfsemi þeirra.

5. gr.

8. grein laganna falli niður og í stað hennar komi ný grein, svo hljóðandi:

Sé hlutafélagi slitið þannig, að það sé algjörlega sameinað öðru hlutafélagi og hluthafar í fyrrnefnda félaginu fái eingöngu hlutabréf í síðarnefnda félaginu sem gagngjald fyrir hlutafé sitt í félagi því, sem slitið var, þá skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann, er hlutabréfin lét af hendi.

Við slíkan samruna félaga skal það félag, er við tekur, taka við öllum skattréttarlegum skyldum og réttindum þess félags, sem slitið er.

Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur um samruna hlutafélaga.

6. gr.

9. grein laganna orðist svo:

Félög, sem myndað hafa arðjöfnunarsjóð af skattfrjálsum framlögum, sbr. 1. mgr. 17. gr., mega einungis verja honum til arðgreiðslu eða til að mæta tapi af rekstri á næstu fimm árum eftir að fé var lagt í sjóðinn.

Sé arðjöfnunarsjóði varið til annarra nota eða hafi framlag eigi verið notað samkvæmt 1. mgr. á næstu fimm árum eftir að féð var lagt í sjóðinn, skal það teljast með öðrum skattskyldum tekjum.

7. gr.

Í B-lið 10. gr. laganna falli niður orðið „brunabóta".

8. gr.

2. mgr. B-liðs 11. gr. laganna orðist svo:

Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, má flytja milli ára um fimm áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu jafnað, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð. Þann hluta rekstrartapa, sem myndazt hefur vegna fyrninga, samkv. C-lið 15. gr., og ekki hefur verið jafnað að fullu samkv. 1. málsl., má flytja á milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz hann er að fullu jafnaður. Á sama hátt má flytja á milli ára þann hluta rekstrartapa, sem myndazt hafði til ársloka 1969 vegna fyrninga samkv. B-lið 15. gr. laga nr. 90/1965, og draga frá skattskyldum tekjum, unz hann er að fullu jafnaður. Milli ára er þó ekki leyfilegt að færa tap, ef það eða skuldir þær, sem mynduðust þess vegna, hefur verið eftirgefið.

9. gr.

Á eftir A-lið 12. gr. laganna komi nýr liður, B, og breytist liðaröðin samkvæmt því. Liðurinn er svohljóðandi:

B. Arð af hlutabréfum í eigu manna og vexti af stofnsjóðum manna í félögum samkvæmt B-lið 1. mgr. 5. gr., þó eigi meira fé en kr. 20 000.00.

10. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Um fyrningu, sbr. A-lið 11. gr., fer sem hér segir:

A. Fyrnanlegar eignir eru þeir fjármunir, sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri og rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur, þó ekki veltufjármunir.

Fyrnanlegar eignir eru þessar helztar:

1. Vélar, tæki, skip, loftför og annað lausafé.
2. Byggingar og önnur mannvirki.
3. Náttúruauðæfi og keyptur réttur til nýtingar þeirra.
4. Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum, svo sem höfundarréttur, útgáfuréttur, réttur til notkunar þekkingar og reynslu, réttur til einkaleyfis, vörumerkis, viðskiptavildar og sérstök atvinnuréttarleyfi.
5. Sérstakur stofnkostnaður, svo sem frumkostnaður við markaðsleit, rannsóknir, öflun einkaleyfa og vörumerkja.

B. Heildarfyrningarverð eigna telst kostnaðarverð þeirra að frádregnum óendurkræfum styrkjum, eftirgjöfum skulda, afsláttum eða skaðabótum, sem eigandi þeirra hefur fengið í sambandi við öflun þeirra. Fyrningarverð íbúðarhúsnæðis skal vera jafnt fasteignamatsverði.

Fyrningartími eigna hefst, þegar þær eru hæfar til tekjuöflunar í hendi eiganda, sbr. þó D-lið. Fyrningartími verðmæta samkvæmt 3. tl. A-liðs hefst þó fyrst við nýtingu þeirra.

C. Fyrning skal, að vali skattþegns við upphaf fyrningartíma, ákveðin sem fastur árlegur hundraðshluti af heildarfyrningarverði þeirra eigna og innan þeirra marka, sem hér greinir:

1. Véla og tækja til jarðvinnslu, námareksturs og mannvirkjagerðar, og svo allra flutningatækja annarra en skipa. Lágmark 10%, en hámark 15%.
2. Skipa, skipsbúnaðar og allra véla, tækja og annars lausafjár, sem eigi fellur undir 1. tl. Lágmark 8%, en hámark 12.5%.
3. Bygginga og annarra mannvirkja, annarra en íbúðarhúsnæðis. Hámark 4% til 6% eftir gerð og byggingarefni. Lágmark skal vera helmingur af hundraðshluta hámarks. Fjármálaráðherra skal í reglugerð flokka til fyrningar byggingar og önnur mannvirki samkvæmt þessum tölulið.
4. Keypts eignarréttar að verðmætum hugverkum og auðkennum samkvæmt 4. tl. A-liðs og sérstaks stofnkostnaðar samkvæmt 5. tl. A-liðs. Lágmark 5%, en hámark 20%.

Fyrning náttúruauðæfa og keypts réttar til nýtingar þeirra skal miðuð við áætlaða heildarnýtingu og raunverulega nýtingu ár hvert. Áætluð heildarnýting er háð samþykki skattstjóra. Heildarfjárhæð fyrningar samkvæmt þessari málsgrein má aldrei verða hærri en heildarfyrningarverð hins fyrnda, að frádregnu verðmæti því, sem eftir stendur að lokinni nýtingu.

Stofnkostnað þann, sem um ræðir í 5. tl. A-liðs, má fyrna að fullu á því ári, sem hann myndast.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má víkja frá reglum þessa stafliðs um hámarksfyrningu. Skattstjóri veitir heimild til þessa fráviks, en skjóta má ákvörðun hans til ríkisskattstjóra.

Verði fyrnanleg eign samkvæmt þessum staflið ónothæf, áður en fyrningu hennar er lokið, og eftirstöðvar bókfærðs verðs hennar eru hærri en fengnar tjón-

bætur, má færa mismuninn til gjalda á því ári. Nú er fyrnanleg eign samkvæmt þessum staflið seld eða hún eyðileggst, og skal þá reikna ársfyrningu til gjalda hlutfallslega miðað við söludag eða tjóndag, þó má fyrna niður í söluverð eða tjónbætur, sé það lægra en bókfært verð hennar.

D. Til viðbótar þeirri föstu fyrningu, sem um ræðir í C-lið, er heimilt að fyrna eignir þær, er getur í 1.—3. tl. C-liðs, með sérstakri fyrningu, er nemi að hámarki 30% af heildarfyrningarverði þeirra. Eigandi ræður, hvenær hann notar þessa heimild og að hve miklu leyti ár hvert.

Nú hefur verið gerður kaup- eða verksamningur í sambandi við öflun eigna þeirra, sem um getur í 1.—3. tl. C-liðs, þar sem samningsfjárhæð nemur minnst tíu milljónum króna og minnst eitt ár skal líða frá gerð samnings til afhendingar eignanna, og er þá heimilt að fyrna samning þennan með að hámarki 30% af verðmæti á samningstímanum. Aldrei má þó fyrning þessi nema hærri fjárhæð en skattþegn hefur greitt til efnda á samningum. Fyrning þessi kemur í stað fyrningar samkvæmt 1. mgr. þessa staflið. Nemi fyrning samkvæmt þessari málsgrein eigi að fullu þeim fyrningum, sem skattþegni eru heimilaðar samkvæmt 1. mgr. þessa staflið, er honum heimilt að nota síðar þann hluta, sem á skortir.

Eigi má mynda rekstrarhalla vegna fyrningar samkvæmt þessum staflið og ekki nota hana til að fresta yfirfærslu tapa frá fyrri árum.

E. Fyrning íbúðarhúsnæðis skal vera fastur árlegur hundraðshluti af fasteignamatsverði, ákveðinn eftir gerð og byggingarefni. Á sama hátt má fjármálaráðherra ákveða árlegan viðhaldskostnað sem hundraðshluta af fasteignamatsverði. Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð árlegan hundraðshluta fyrningar og viðhalds íbúðarhúsnæðis og flokkar það.

11. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Félög þau, sem um ræðir í A-lið 5. gr., mega draga frá hreinum tekjum sínum arð þann, er þau greiða til hluthafa eða eigenda, og svo framlag í arðjöfnunarsjóð, enda nemi arðgreiðsla af tekjum ársins og framlag samanlagt eigi meiru en helmingi slíkra tekna eða 10% af hlutafé eða stofnfé, hvort sem hærra reynist.

Félög þau, sem um ræðir í 5. gr. B-lið, mega draga frá hreinum tekjum sínum, sem myndast vegna viðskipta við félagsmenn, það fé, sem þau greiða félagsmönnum sínum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði, samkvæmt lögum nr. 46 13. júní 1937, í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu. Þá mega þessi félög draga frá hreinum tekjum sínum vexti af stofnsjóði, allt að 10% ársvexti. Fé þetta telst ekki til skattskyldra tekna hjá félaginu.

Félög, sem hafa það að meginmarkmiði sínu að vinna úr eða selja afurðir félagsmanna, mega draga frá hreinum tekjum sínum, sem myndast vegna viðskipta við félagsmenn, það fé, sem þau úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Fé, sem þannig er úthlutað, telst ekki til skattskyldra tekna hjá félaginu, en til tekna hinna einstöku félagsmanna.

Hafi félög þau, sem um ræðir í 2. og 3. mgr., viðskipti við aðra en félagsmenn sína, eru allar hreinar tekjur af slíkum viðskiptum skattskyldar hjá félögunum. Geti félög þessi ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, skal telja allar hreinar tekjur af starfsemi þeirra til skattskyldra tekna þeirra.

Við ákvörðun hreinna tekna samkvæmt grein þessari skal draga frá þeim yfirfæranleg töp frá fyrri árum, sbr. 2. mgr. B-liðs 11. gr.

Eigi má mynda yfirfæranlegt rekstrartap með greiðslum þeim eða framlögum, sem um ræðir í 1.—3. mgr.

Fjármálaráðherra getur sett fyrirmæli um heimild innlendra vátryggingarfélaga til þess að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar gagnvart vátryggðum.

12. gr.

Í upphafi 21. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Undanþegin eignarskatti er hlutabréfaeign manna og eign manna í stofnsjóðum félaga samkv. B-lið 1. mgr. 5. gr., allt að kr. 100 000.00, miðað við nafnverð hlutabréfa.

13. gr.

D-liður 22. gr. laganna orðist svo:

Vörubirgðir verzlana og framleiðslufyrirtækja skal meta á kostnaðarverði eða dagverði í lok reikningsárs, að frádregnum afföllum af gölluðum eða úreltum vörum. Frá matsverði þannig reiknuðu er heimilt að draga að hámarki 30% og telja það verð heildarverðmæti birgða.

14. gr.

H-liður 22. gr. laganna fellur niður.

15. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 3. og 4. málslið 1. mgr. 4. gr., A-lið 13. gr., 1. og 3. mgr. 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í I. tl. 25. gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal af fjármálaráðherra í ársbyrjun ár hvert að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra.

16. gr.

Lög þessi skulu öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1970.

Ákvæði til bráðabirgða, I. kafli, skulu þó koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1969.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við ákvörðun skattskyldra tekna á skattárinu 1969 skulu skattstjórar draga frá tekjum ársins 1969 fjárhæð, sem sé jöfn 20% af gjaldfærðum fyrningum fasteigna skattþegns, öðrum en íbúðarhúsnæði, fyrir árið 1968, og 40% af gjaldfærðum fyrningum lausafjár skattþegns, þar með talin skip og loftför, fyrir árið 1968, miðað við þær eignir, sem hann átti allt árið 1969, en að frádregnum þeim viðbótarfyrningum, sem hann kann að hafa fengið á árinu 1969 vegna gengistaps á árinu 1968.

II.

Félögum samkv. 5. gr. laga nr. 90/1965, öðrum en sameignarfélögum með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna, sem lagt hafa fé í varasjóð samkv. 2. mgr. 17. gr. þeirra laga og eiga fé í slíkum varasjóði við gildistöku þessara laga, er heimilt að leggja helming varasjóðsins við höfuðstól sinn, en hinn helmingurinn skal teljast með skattskyldum tekjum með að minnsta kosti einum tíunda hluta ár hvert, þar til hann er að fullu horfinn.

Á sama hátt skal fara með varasjóði sameignarfélaga með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna samkvæmt C-lið 5. gr. laga nr. 90/1965, þar sem eignum og tekjum skal nú skipt með sameigendum, þó þannig, að sá helmingur varasjóðs, sem eigi er heimilt að leggja við höfuðstól eigenda, skal teljast með skattskyldum tekjum eigenda með að minnsta kosti einum fimmta hluta ár hvert, þar til hann er að fullu horfinn.

III.

Á árinu 1970 skulu atvinnurekstrarfyrirtæki hækka bókfært verð fyrnanlegra eigna sinna að undanteknu íbúðarhúsnæði, er þau áttu í árslok 1969, en höfðu eignazt fyrir 1. desember 1968. Hækkun þessi skal nema 20% að því er varðar byggingar og önnur mannvirki, en 40% að því er varðar lausafé. Þó er eigi heimilt að hækka

þann hundraðshluta bókfærðs verðs, sem var hækkaður vegna gengistaps á árinu 1968. Hækkun bókfærðs verðs samkvæmt þessari málsgrein telst ekki til skattskyldra tekna, en hækkar hins vegar heildarfyrningarverð, sbr. B-lið 15. gr.

Í stað hækkunar bókfærðs verðs samkvæmt 1. mgr. er atvinnurekstrarfyrirtækjum heimilt á árinu 1970 að láta meta verðmæti fyrnanlegra eigna sinna annarra en íbúðarhúsnæðis, er þau áttu í árslok 1969, en höfðu eignazt fyrir 1. desember 1968. Við matið skal litið til endurkaupsverðs eignanna, en frá því dregin sú hlutfallstala fyrningar, sem samtals hefur verið notuð við ákvörðun fyrningar hinna metnu eigna á liðnum árum. Þannig metið verð eignanna skal talið heildarfyrningarverð samkvæmt B-lið 15. gr., en frádregin hlutfallsleg fyrning telst fengin fyrning samkvæmt C-lið 15. gr. Hækkun bókfærðs verðs samkvæmt mati þessu telst ekki til skattskyldra tekna. Skattstjórar skulu úrskurða um matið. Skattþegn, sem ekki vill sætta sig við úrskurð skattstjóra, getur skotið máli sínu til ríkisskattstjóra, sem kveður upp um það endanlegan úrskurð.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd mats þessa.

IV.

Á árunum 1970 og 1971 er úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem eigi teljast til arðs, sbr. 2. mgr. D-liðs 1. mgr. 7. gr., bundin því, að eignarhlutdeild hluthafa í félagi breytist ekki við útgáfu bréfanna og útgáfan sé byggð á raunverulegum verðmætum í sjóðum, öðrum en skattfrjálsum varasjóði, sem eigi hefur verið leystur upp, eða öðrum eignum félagsins, er verið hafa í eigu þess minnst þrjú ár.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. beiðni fjármálaráðherra. Einstakir fjárhagsnefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins og þar sem nefndin hefur ekki fjallað um efni frumvarpsins, gerir hún ráð fyrir, að málið gangi með venjulegum hætti til nefndarinnar til athugunar eftir 1. umræðu.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu frá ráðherra:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/1965 um tekjuskatt og eignarskatt, sem hér er lagt fram, felur aðallega í sér breytingu á gildandi lögum að því er varðar skattlagningu fyrirtækja. Frumvarpið er í megindráttum samið í samræmi við tillögur embættismannanefndar, sem starfað hefur að íhugun á þessu efni tæpt ár.

Nefndin var sérstaklega skipuð til að kanna og gera tillögur um skattalega aðstöðu fyrirtækja hér á landi með tilliti til aðildar að EFTA. Í samræmi við stefnuyfirlýsingar fjármálaráðherra þar að lútandi, hefur nefndin í störfum sínum miðað að því, að skattlagning á fyrirtækjarekstri hér á landi verði ekki þyngri en í öðrum EFTA-löndum. Að öðru leyti var nefndinni sérstaklega falið í skipunarbréfi að kanna leiðir til að örva myndun eigin fjármagns í fyrirtækjum, auðvelda samruna þeirra og jafnhliða tryggja, að fjármagn leiti ekki út úr fyrirtækjum í öðru formi en hæfilegum arðgreiðslum.

Í skýrslu, sem nefndin hefur gefið fjármálaráðherra, kemur fram, að þessar tillögur fást að áliti nefndarinnar einungis við hluta af þeim atriðum, sem nauðsyn ber til að marka afstöðu til á þessu sviði. Þannig ber að líta á þessar tillögur sem fyrsta skref í því endurskoðunarstarfi, sem nefndinni hefur verið falið.

Í stórum dráttum er með frumvarpinu gerð tillaga um breytingar á eftirtöldum atriðum:

1. Gerð er tillaga um veigamikla stefnubreytingu um fyrningu eigna, sem miðar að því að gefa atvinnurekanda meira svigrúm en verið hefur um, hvenær á notkunartíma eignar hann fyrnir. Þannig er honum gefið færi á að fyrna meira, þegar vel gengur en endranær. Þessi breyting breytir litlu um heildarfyrningu flestra tegunda fyrnanlegra eigna fyrstu árin, því að heimildir til fyrninga hafa í mjög mörgum greinum atvinnurekstrar verið rúmar, en skort þann sveigjanleika, sem hér er gerð tillaga um.

Þá er gerð tillaga um, að allur atvinnurekstur verði jafnsettur gagnvart fyrningu. Sérfyrningar, sem vissar tegundir fastafjármuna njóta núna, verði þannig afnumdar og húsnæði fyrir verzlun og skrifstofur verði jafnsett gagnvart fyrningu og annað atvinnuhúsnæði.

Vegna nýrra reglna um meðferð söluhagnaðar, sem gerð er tillaga um, er heimilað að fyrna eign að fullu, en ekki einungis niður í niðurlagsverð eins og verið hefur.

Loks eru gerðar tillögur um nokkra hækkun fyrningarverðs með tilliti til verðþróunar síðustu ára og þess, að raungildi fyrninga hefur mjög rýrnað af þeim sökum.

2. Frumvarpið gerir ráð fyrir stefnubreytingu að því er varðar skattalega meðferð söluhagnaðar. Við núgildandi reglur er söluhagnaður skattfrjáls, ef liðinn er tiltekinn tími frá því, að seljandi eignaðist hina seldu eign, 3 ár, ef um er að ræða lausafé, en 5 ár, ef um er að ræða sölu fasteignar. Gerð er tillaga um, að söluhagnaður á fyrnanlegum eignum og hlutafé sé alltaf skattskyldur, en að mistórum hluta eftir eignartíma, minnst 25% eftir 4 eða 6 ár. Nýjar reglur um söluhagnað verður að skoða í beinu samhengi við og sem forsendur fyrir tillögum frumvarpsins um sveigjanlegar fyrningarreglur. Þannig er miðað að því, að fyrirtæki, sem til þess hefur nægan hagnað, geti fyrnt eignir sínar tiltölulega ört og ekki greitt skatt að því leyti að svo stöddu, en selji slíkur aðili mikið fyrnda eign eftir skamman tíma, er til þess ætlazt, að komi til skattlagningar verulegs söluhagnaðar eða öllu heldur greiðist þá sá tekjuskattur, sem frestað var með sérstökum fyrningarheimildum.
3. Frumvarpið snertir að auki sjálfa skattlagningu hagnaðarins af rekstri fyrirtækja. Að því er varðar skattlagningu hjá fyrirtækjunum sjálfum er um að ræða þrjár stefnubreytingar. Hin fyrsta er fólgin í því, að lagt er til, að heimild til að leggja fé í varasjóði verði felld niður og er gert ráð fyrir upplausn varasjóða á tilteknu árabili.

   Í öðru lagi er heimild til skattfrjáls frádráttar arðs rýmkuð, þannig að hún miðast við 10% af hlutafé eða stofnfé eða helming hagnaðar, hvort sem er hærra.

   Í þriðja lagi er skattfrelsið skv. síðustu mgr. ekki takmarkað við útborgaðan arð, heldur er framlag til arðjöfnunarsjóðs allt að ofangreindu marki frádráttarbært.

   Um skattlagningu útborgaðs arðs er gerð tillaga um þá stefnubreytingu, að allt að 20 000 kr. arður af hlutafé og vextir af stofnsjóðsinnstæðu í eigu einstaklinga verði tekjuskattfrjáls og allt að 100 000 kr. hlutabréfaeign og eign í stofnsjóði eignarskattfrjáls. Er með þessum hætti stigið skref í þá átt að gera hlutafjár- og stofnsjóðseign að nokkru samkeppnishæfari við sparifjáreign og skattfrjáls spariskírteini, sem nú er völ á.
4. Frumvarpið gerir ráð fyrir mjög ákveðinni stefnubreytingu að því er varðar sameignarfélög. Er lagt til, að sameignarfélög sem sjálfstæðir skattaðilar verði felld niður úr skattkerfinu. Hér er um að ræða félagsform, sem er nánast óþekkt sem sjálfstæðir skattaðilar í öðrum EFTA-löndum, auk þess sem fyrirkomulagið, sem hér hefur gilt, felur í sér, að sameigendum, þremur eða færri, er gefinn kostur á að velja sér skattálagningarform og þar með skattstiga, eftir því sem þeim hentar ár hvert, ýmist sem hluti af sameignarfélagi eða sem einstaklingar. Er talið mjög óæskilegt að veita slíkt valfrelsi í skattalöggjöf. Að því er varðar sameignarfélög er sömuleiðis gert ráð fyrir niðurfellingu varasjóðsheimilda og upplausn núverandi varasjóða á nokkrum árum.
5. Eitt þeirra atriða, sem ætlunin var að ná fram með frumvarpinu, var auðveldari samruni og slit hlutafélaga. Að því er varðar samruna hlutafélaga hefur ekki reynt til fulls á gildandi reglur í þessu efni. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir að eyða ákveðinni réttaróvissu, sem verið hefur að því er varðar samruna, og gerir ráð fyrir, að samruni hlutafélaga, sem eingöngu er fólginn í algjörum

samruna fjármuna og eigin fjár með skiptum á hlutabréfum en engum öðrum greiðslum til hluthafa í félagi, sem slitið er, skuli ekki leiða til skattskyldu við samrunann. Til skattskyldu getur komið, þegar slík bréf í eftirlifandi félagi eru seld eða því félagi er slitið eftir reglum um söluhagnað.

Að því er varðar slit hlutafélaga gerir frumvarpið hins vegar ráð fyrir greinilegri stefnubreytingu. Núgildandi reglur í því efni gera ráð fyrir algerri skattlagningu alls eigin fjár í hlutafélagi umfram nafnverð hlutabréfa og það jafnvel án tillits til þess, hvert kaupverð hlutabréfanna var. Afleiðing þessarar stefnu hefur verið sú, að hlutafélögum er oft ekki slitið, jafnvel þótt þau séu í raun algjörlega hætt starfsemi. Er lausn þessa máls í frumvarpinu í beinum tengslum við ákvæði um söluhagnað og gert ráð fyrir, að skattlagning við slit verði sams konar og gildir að því er varðar skattlagningu söluhagnaðar, þannig að skattlagning ráðist af því, hversu langt er síðan og fyrir hversu mikið fé hluthafi fékk bréf sín og skattlagt verði aldrei minna en fjórðungur þess hagnaðar, sem fram kemur við slit félags.

6. Gerðar eru tillögur um bráðabirgðalausn að því er varðar fyrningar vegna ársins 1969 og frambúðarlausn vegna áranna 1970 og síðar vegna þess, hversu verðþróun síðustu ára hefur rýrt raungildi fyrninga á kostnaðarverði eigna.
7. Með frumvarpinu er breytt ákvæðum um mat á birgðum við uppgjör til skatts, þannig að heimilaður verði viss sveigjanleiki í mati birgða.

Um greinargerð fyrir frumvarpinu að öðru leyti vísast til framsögu fjármálaráðherra og eftirfarandi athugasemda við einstakar greinar þess.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér breytingu á 5. gr. gildandi laga. Meginbreytingin stafar af þeirri tillögu að fella niður sameignarfélög sem sjálfstæða skattaðila. Þannig falla sameignarfélög niður úr 5. gr. C-lið, en gerð er tillaga um óbreytt fyrirkomulag, að því er varðar samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna sinna. Vert er að vekja athygli á orðalagsbreytingu, sem gerð er tillaga um í 5. gr. A-lið. Samkvæmt ákvæðinu, eins og það nú er orðað, eru félög með takmarkaðri ábyrgð tekjuskattsfrjáls og eignarskattsfrjáls, ef „tekjuafgangi er einungis varið til almennra þarfa". Ástæða þykir til að lögfesta þrengingu þessa ákvæðis, þannig að undanþegin skatti séu aðeins félög, sem verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum félaganna.

Um 2. gr.

Greinin geymir breytingar, sem frumvarpið ráðgerir á D-lið 1. mgr. 7. gr. laganna. Í 2. mgr. er tekin upp sú frambúðarregla, sem gerð er tillaga um að því er varðar útgáfu jöfnunarbréfa. Í stað þess að núgildandi reglur um jöfnunarhlutabréf takmarka slíka útgáfu bæði við raunverulegar eignir og ákveðna vísitölu og 3 ára eignarhald, er gert ráð fyrir þeirri breytingu í þessum frambúðarreglum, að útgáfa jöfnunarhlutabréfa takmarkist eingöngu af því, að bókfærður höfuðstóll hrökkvi fyrir slíkri útgáfu hlutabréfa. Þessi breyting er nátengd breytingunni á meðferð söluhagnaðar, sem getið er hér að framan í athugasemdunum, því að viðtakandi jöfnunarbréfs skv. þessum reglum mundi þurfa að greiða skatt af söluhagnaði, sem svarar til alls söluverðs bréfsins.

Af þessu leiðir þá breytingu, að úthlutun til hluthafa við félagsslit verður skattlögð eins og um sölu hlutabréfa væri að ræða í stað þess, að nú er öll úthlutun umfram nafnverð bréfa skattskyld sem arður.

Sérákvæði er í frumvarpinu, ákvæðum til bráðabirgða, um heimild til útgáfu jöfnunarbréfa til ársloka 1971. Það ákvæði er samhljóða gildandi ákvæðum að öðru leyti en því, að heimildin til útgáfu jöfnunarbréfa er ekki bundin vísitölutakmörkun. Er hér einnig um að ræða lið í upptöku ákvæðanna um skattlagningu söluhagnaðar að því er varðar hlutabréf. Með ákvæðinu er eigendum hlutafélaga gert kleift að

koma nafnvirði bréfa sinna á raunvirðisgrunn, sem síðan verður miðað við í ákvörðun skattskylds söluhagnaðar við kaup og sölu hlutabréfa.

Um 3. gr.

Greinin svarar efnislega til E-liðs 1. mgr. 7. gr. gildandi laga, en hefur að geyma þá umfangsmiklu stefnubreytingu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir í meðferð söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum og hlutafé og getið var fyrr í þessum athugasemdum. Í stað þess að ágóði af sölu lausafjár er nú skattskyldur að fullu í 3 ár, en síðan skattfrjáls, og hagnaður af sölu fasteignar skattskyldur að fullu með lítils háttar undantekningum í 5 ár, en eftir það skattfrjáls er tekin upp ný regla, sem gerir ráð fyrir, að hagnaður af sölu fyrnanlegra eigna og hlutafjár sé ætíð skattskyldur. Gert er ráð fyrir fullri skattskyldu hagnaðar af sölu lausafjár, keypts réttar til hugverka og auðkenna og þess háttar, ef skattþegn hefur átt hina seldu eign í tvö ár eða skemur, helmings skattskyldu, ef eignartíminn er 2—4 ár, en fjórðungs skattskyldu, hafi skattþegn átt hina seldu eign lengur en 4 ár. Sams konar regla er gerð tillaga um að upp verði tekin, að því er varðar fyrnanlegar fasteignir, aðrar en íbúðarhúsnæði, með einungis því fráviki, að tímabilin eru 3 ár og 6 ár. Er með þessum hætti tekin upp skattlagning á vissum söluhagnaði, sem til þessa hefur verið skattfrjáls. Rökin til þess að skattleggja slíkan hagnað ekki að fullu eru þau, að við verðþróun liðinna ára er umtalsverður hluti slíks hagnaðar ekki hagnaður í raunverðmætum heldur krónulegur hagnaður, sem stafar af minnkuðu verðmæti krónunnar. Slíkan óraunverulegan hagnað þykir ekki eðlilegt að skattleggja, en á hinn bóginn jafnsjálfsagt að skattleggja raunverulegan söluhagnað. Er reynt að nálgast þetta mark með setningu þessarar einföldu reglu. Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á 4. mgr. E-liðar eins og hann er upp tekinn í frumvarpið. Þar er staðfest sú regla, að seljandi eignar, sem hann hefur fyrnt mjög mikið og ört, skuli greiða þá skatta, sem hann þannig hefur losnað við að greiða á fyrningartímanum, ef hann selur eignina skömmu eftir að þessar sérstöku fyrningar hafa verið notaðar. Ákvæði þetta er liður í hinu breytta fyrningarkerfi og lagfærir galla, sem verið hefur á gildandi löggjöf í þessu efni og gert hefur mönnum mögulegt að nota þær sérstöku heimildir, sem veittar eru til ríflegra afskrifta af ýmsum eignum samkvæmt gildandi lögum og selja síðan eignirnar, þegar þær ríflegu afskriftir hafa verið nýttar, og komast þannig með verulegan hagnað undan skattlagningu í fullu samræmi við lög.

Sérstök ákvæði eru í greininni um viðskipti með hlutabréf. Tekin eru upp ákvæði um, hvernig söluhagnaður skuli ákveðinn í viðskiptum með hlutabréf, í megindráttum eftir danskri fyrirmynd. Sérstök ákvæði eru um, að nafnverð hlutabréfs hinn 31. des. 1971 skuli verða grunnur að ákvörðun söluhagnaðar í viðskiptum, gagngert í því skyni að koma nafnverði hlutabréfa til samræmis við raunvirði, áður en fyrir alvöru er farið að gæta skattlagningar söluhagnaðar.

Gert er ráð fyrir, að ágóðahugtakið, sérstaklega að því er varðar fasteignir, verði skýrgreint nánar í væntanlegri löggjöf, og þá með tilliti til væntanlegs fasteignamats. Meðan svo standa sakir, er 1. mgr. E-liðar 7. gr. eins og hún stendur í gildandi lögum látin gilda áfram skv. frumvarpinu gagnvart íbúðarhúsnæði og ófyrnanlegum eignum öðrum en hlutabréfum. Sama máli gegnir um 2. mgr. E-liðar 7. gr. gildandi laga, að því er varðar íbúðarhúsnæði.

Um 4. gr.

Greinin gerir einungis ráð fyrir tilflutningi 2. mgr. 8. gr. núverandi laga í 7. gr. 3. mgr.

Um 5. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að 8. gr. 1. mgr. gildandi laga falli niður, enda er greinin efnislega óþörf.

Í hennar stað er gert ráð fyrir, að upp verði tekin ákvæði um, að samruni, sem eingöngu er fólginn í algjörum samruna fjármuna og eigin fjár með skiptum á hlutabréfum, en engum greiðslum milli hluthafa, skuli ekki leiða til skattskyldu. Þannig

mundi raunveruleg eignaaukning, sem ætti sér stað við slíkan samruna, koma á sínum tíma til skattlagningar við slit félags eða í formi söluhagnaðar við sölu hlutabréfa í hinu nýja félagi, þegar þar að kæmi.

Félagið, sem eftir stendur, yfirtekur með þessum hætti öll skattaleg réttindi og skyldur eldra félagsins.

Um 6. gr.

Gerð er tillaga um, að núverandi 9. gr. laganna falli úr gildi, en hún fjallar um ráðstöfun varasjóðs, sbr. 11. gr. og ákvæði til bráðabirgða, II.

Tekin er upp ný 9. gr. í frumvarpið, þar sem fjallað er um ráðstöfun arðjöfnunarsjóðs, sem félag getur lagt í af skattfrjálsum framlögum. Einungis verður arðjöfnunarsjóði varið til arðgreiðslu eða til að mæta tapi af rekstri innan 5 ára frá því að fé var lagt í sjóðinn, ella verður það skattskylt.

Um 7. gr.

Gerð er tillaga um, að úr B-lið 10. gr. laganna falli niður orðið „brunabóta“, þ. e. núgildandi ákvæði um, að eignarauki, sem stafar af brunabótum, teljist ekki til tekna. Þessi breyting er í samræmi við breytingar, sem lagt er til, að gerðar verði um söluhagnað eigna, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Með greininni er gerð tillaga um breytingu á 2. mgr. B-lið 11. gr. laganna og er breytingin fólgin í því, að rekstrartap, sem myndast vegna fyrninga, megi flytja milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz það er að fullu greitt. Þessi regla hefur til þessa eingöngu gilt um sérstakar fyrningar, sem veittar hafa verið einstökum atvinnugreinum, en almenna reglan hefur takmarkazt við 5 ára flutning taps. Gert er ráð fyrir, að yfirfærsluréttur vegna taps á liðnum árum vegna sérstakra fyrninga haldist óbreyttur.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um undanþágur frá tekjuskatti á allt að 20 þús. króna arði af hlutafé eða vöxtum af stofnsjóðum samvinnufélaga.

Um 10. gr.

Greinin hefur að geyma umsköpun 15. gr. laganna um fyrningu í samræmi við það, sem rakið hefur verið hér að framan. Helztu breytingar frá gildandi lögum eru þessar:

Mörkuð er skýr afstaða í A-lið greinarinnar til þess, hvaða fjármuni megi fyrna. Hér er að nokkru verið að binda í lögum venju, sem mótazt hefur í framkvæmd. Á hinn bóginn er fyrnanlegum eignum fjölgað nokkuð, þannig að ýmiss konar keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum eða einkennum verður fyrnanlegur, en svo hefur ekki verið til þessa um sum þessi réttindi, s. s. einkaleyfi, vörumerki og viðskiptavild (good-will). Það er einnig nýmæli í A-lið þessarar greinar frumvarpsins, að sérstakur stofnkostnaður, s. s. frumkostnaður við markaðsöflun, rannsóknir o. fl., getur orðið fyrnanleg eign.

Í B-lið greinarinnar er gerð tillaga um að lögfesta venju, sem er í samræmi við gildandi reglugerð og framkvæmd á liðnum árum. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Með C-lið greinarinnar er breytt verulega frá gildandi lögum. Samkvæmt þeim ber að fyrna jafnmikið frá ári til árs og er hámarksfyrning bundin með ákvæði í reglugerð. Þá eru í B-lið 15. gr. gildandi laga sérákvæði, sem heimila 20% árlega fyrningu í 3 ár af fiskiskipum og öðrum veiðiskipum, flutningaskipum, flugvélum til farþega- og vöruflutninga, síldarverksmiðjum, dráttarbrautum og vinnslustöðvum fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir.

Eins og fram kemur fyrr í þessum athugasemdum er með frumvarpinu gerð tillaga um að leggja þetta kerfi niður og gera allan atvinnurekstur jafnsettan gagnvart fyrningum. Gert er ráð fyrir, að atvinnufyrirtæki sé gefinn kostur á að velja sér fasta

árlega fyrningu fyrir eignir sínar innan vissra marka og er ákvæði um þá fyrningu að finna í áðurnefndum C-lið 15. gr. eins og 10. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að hún orðist.

Þær sveigjanlegu heimildir, sem veittar eru með þessum ákvæðum, verður að skoða í samhengi við reglur um skattlagningu söluhagnaðar skv. 3. gr. frumvarpsins. Sá, sem fyrnir eign umfram lágmarksfyrningu, nýtur einungis góðs af því til frambúðar, að hann eigi eignina áfram. Sé eignin seld, koma fyrningar umfram lágmarksfyrningu til skatts að fullu.

Tekin eru upp ákvæði, sem heimila fyrningu, þegar sérstaklega stendur á. Er ákvæðunum aðallega ætlað að leysa það tilvik, þegar eign er óvenjumikið nýtt, svo að hún rýrnar raunverulega í verði meir en venjulegar fyrningarreglur hrökkva til.

Í D-lið greinarinnar er nýmæli. Með því ákvæði er eiganda fyrnanlegra eigna skv. 1.—3. tl. C-liðs heimilað að færa síðustu 30% fyrningar hverrar eignar fram á fyrningartímann eftir því, sem honum hentar og hagnaður hrekkur til. Þegar um er að ræða meiri háttar fjárfestingu er heimilað að færa þessa sérstöku fyrningu fram á fjárfestingartímann með tilgreindum skilyrðum.

Með þessum hætti er atvinnurekstri gert mögulegt að fresta skattgreiðslu meðan hann er að treysta fjárhag sinn í sambandi við fjárfestingu. Af sjálfu sér leiðir, að þessar sérstöku heimildir geta ekki notað nema þau fyrirtæki, sem skila góðum hagnaði.

Að því er varðar skattlagningu söluhagnaðar eiga hér við sömu sjónarmið og rakin voru í sambandi við C-lið hér að framan.

E-liður er efnislega óbreyttur frá gildandi lögum.

Um 11. gr.

Greinin hefur að geyma nýja 17. gr. laganna. Í 1. mgr. er frádráttarheimild fyrir arð aukin í 10% af hlutafé eða helming hreinna tekna, hvort sem hærra reynist, og jafnframt heimild til að leggja þetta fé að einhverju eða öllu leyti í arðjöfnunarsjóð. Er gert ráð fyrir algeru forræði félags á arðjöfnunarsjóði í fimm ár til arðgreiðslu, svo fremi það þurfi ekki á honum að halda til að jafna rekstrartap.

Í 2. mgr. er tekin upp hliðstæð regla við 1. mgr. gagnvart samvinnufélögum að því er varðar vexti af stofnsjóði.

Sú breyting frá gildandi lögum er lögð til í 2. og 3. mgr., að hreinar tekjur þessara félaga, sem jafna megi út meðal félagsmanna, skuli takmarkast við tekjur af viðskiptum við þá. Gert er ráð fyrir í 4. mgr., að tekjur af öðrum rekstri slíkra félaga verði skattlagðar hjá þeim, ef svo ber undir, svo sem verið hefur.

Gerð er tillaga um, að gildandi 2. mgr. 17. gr. laganna um skattfrjáls tillög í varasjóð félaga verði felld niður, og í ákvæðum til bráðabirgða, II, er gerð tillaga um upplausn þeirra varasjóða, er nú eru. Varasjóðsfyrirkomulag þekkist hvergi í löndum, sem upplýsingar liggja fyrir um, og skapar ýmis örðug úrlausnarefni, þar á meðal tregðu til að slíta félögum, vegna þess óskattlagða hagnaðar, sem alltaf liggur bundinn í varasjóði og kemur til skattlagningar við slík slit.

Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um undanþágu frá eignarskatti að því er varðar hlutabréfaeign manna og eign í stofnsjóðum samvinnufélaga, allt að kr. 100 000 miðað við nafnverð hlutabréfa.

Um 13. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan hafa gilt fastar reglur um, hvernig vörubirgðir skuli metnar við uppgjör til skatts. Samkvæmt þeim skal meta vörur eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað, enda séu hæfileg afföll leyfð á gölluðum eða úreltum vörum. Er talið æskilegt, að svipaðar reglur

gildi í þessu efni og tíðkast í nágrannalöndum okkar, að heimiluð verði nokkur myndun dulinna fjármuna í birgðum, en henni sett hæfileg mörk. Er gert ráð fyrir að taka upp í íslenzka löggjöf svipuð ákvæði um þetta efni og nú gilda í Danmörku, þannig að heimilaður verði viss sveigjanleiki í mati birgða.

Um 14. gr.

Greinin gerir ráð fyrir niðurfellingu H-liðs 22. gr., enda voru ákvæði hans tímabundin.

Um 15. gr.

Greinin felur í sér umorðun á 53. gr. laganna. Er einungis verið að leiðrétta tilvitnanir í greininni, sem höfðu ruglazt, þegar lögin voru síðast endurútgefin.

Um 16. gr.

Gert er ráð fyrir, að lög þessi öðlist gildi þegar í stað, þó svo, að ákvæði til bráðabirgða, I, sem ræðir um hér á eftir, skuli gilda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1969. Æskilegt hefði verið af ýmsum ástæðum að láta fleiri ákvæði laganna hafa afturverkandi áhrif, en slíkt hefur ekki þótt fært af framkvæmdaástæðum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þau til bráðabirgða, sem gerð er tillaga um í frumvarpinu, fjalla um fjögur atriði. Í fyrsta lagi hækkun fyrninga vegna skattársins 1969. Í öðru lagi upplausn varasjóða, í þriðja lagi almenna hækkun á bókfærðu verði fyrnanlegra eigna eða endurmat slíkra eigna og í fjórða lagi sérstakar heimildir til úthlutunar jöfnunarhlutabréfa á árunum 1970 og 1971.

Fyrsta atriðið er eingöngu ætlað til að vega upp á móti þeirri rýrnun í raunvirði fyrninga ársins 1969, sem gengisbreytingin 1968 olli fyrirtækjum, ef þau hafa ekki fengið slíka breytingu á fyrningargrunni vegna gengistapa á því ári.

Annað atriðið er um upplausn varasjóða. Er gert ráð fyrir, að félögum skv. 5. gr. laga nr. 90/1965, öðrum en sameignarfélögum, sé heimilt að bæta helmingi varasjóðsins við höfuðstól. Gert er ráð fyrir því, að hinn helmingurinn skuli teljast með skattskyldum tekjum með að minnsta kosti 1/10 hluta ár hvert næstu 10 ár. Er þetta gert á þeirri forsendu, að meginhluti varasjóða er orðinn til með þeim hætti, að með varasjóðstillagi hefur fyrirtæki sloppið við 20—25% skatt. Væri sá skattur aftur tekinn með þessum hætti nokkurn veginn, jafnframt því sem varasjóðurinn væri leystur upp.

Gert er ráð fyrir samsvarandi reglum að því er varðar sameignarfélög, þannig að varasjóði verði skipt upp milli félagsmanna og helmingur hans teljast með skattskyldum tekjum eigenda að minnsta kosti með ⅕ hluta ár hvert, þar til hann er að fullu upp leystur.

Þriðja atriðið er almenn uppfærsla bókfærðs verðs fyrnanlegra eigna að undanteknu íbúðarhúsnæði, sem atvinnurekendur áttu í árslok 1969, en höfðu eignazt fyrir 1. desember 1968. Þessi skylduhækkun skal vera 20% að því er varðar byggingar og önnur slík mannvirki, en 40%, þegar um er að ræða lausafé. Frá þessari hækkun skal draga þann hundraðshluta bókfærðs verðs, sem hækkaður var vegna gengistapa á árinu 1968. Er með þessum hætti reynt að vega nokkuð á móti þeirri minnkun á raungildi fyrninga 1970 og síðar, sem gengisbreytingin 1968 hafði í för með sér. Í stað slíkrar almennrar hækkunar getur atvinnufyrirtæki samkvæmt 2. mgr. þessa ákvæðis látið meta upp verðmæti fyrnanlegra eigna, annarra en íbúðarhúsnæðis, sem fyrirtæki átti í árslok 1969, en hafði eignazt fyrir 1. desember 1968.

Loks er í fjórða lagi ákvæði um úthlutun jöfnunarhlutabréfa á árunum 1970 og 1971, sem rætt var um hér að framan.

Þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringa.

Ed. 531. Lög [137. mál]

um breyting á lögum um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., nr. 14 20. júní 1923.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 485.

Ed. 532. Lög [124. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Krossaland í Bæjarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 168.

Nd. 533. Frumvarp til laga [211. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

Flm.: Sverrir Júlíusson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

Aftan við 199. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Öll íslenzk fiskiskip, svo og skip, sem ríkissjóður eða ríkisstofnanir gera út, eru skyldug til að hjálpa hvert öðru úr hættu, án þess að útgerðarmenn eða áhöfn eigi rétt til björgunarlauna. Fyrir slíka hjálp skal sá, er aðstoð þiggur, aðeins greiða aðstoðarþóknun, sem miðast við beint tjón það og kostnað, sem sá, er aðstoð veitti, leggur í vegna aðstoðarinnar, þ. á m. áætlað aflatjón. Reglur þessar gilda þó eigi, ef skipi er bjargað úr stórkostlegri neyð, svo að allar líkur séu til, að það hefði annars farizt eða eyðilagzt að miklu leyti. Skip telst t. d. ekki vera í stórkostlegri neyð, þó að það hafi orðið fyrir vélarbilun eða fengið veiðarfæri í skrúfu og komist ekki til hafnar hjálparlaust af þeim sökum, ef aðstæður eru ekki óvenjulega hættulegar. Nefnd þriggja manna úrskurðar, hvort skipi hafi verið bjargað úr stórkostlegri neyð, og upphæð aðstoðarþóknunar eða björgunarlauna. Í nefnd þessa tilnefna Samband íslenzkra tryggingafélaga og Landssamband íslenzkra útvegsmanna einn mann hvor aðili til þriggja ára og annan til vara, en þriðji maðurinn og varamaður hans skal tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands í sameiningu til sama tíma. Sjávarútvegsráðherra ákveður þóknun nefndarmanna, en hún leggst við kostnað aðstoðarinnar. Úrskurði nefndarinnar má skjóta til dómstólanna. Ákvæði þessarar málsgreinar breyta ekki ákvæðum 14. gr. laga nr. 41/1967.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 41/1967 gildir sú regla um öll skip, sem vátryggð eru hjá bátaábyrgðarfélögunum og Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, svo og varðskip og önnur skip ríkisins eða ríkisstofnana, að þau eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska, án þess að fyrir hjálpina komi björgunarlaun skv. siglingalögunum, heldur skal aðeins greiða fjártjón og tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti.

Öll fiskiskip undir 100 lestum að stærð eru skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögunum og Samábyrgðinni, en aðeins fá stærri skip eru tryggð þar. Stærri skipin lúta því flest hinum almennu reglum siglingalaganna um björgun, þ. á m. að því leyti, að þau verða að greiða björgunarlaun, þegar þau þiggja hjálp af varðskipi, ef hjálpin telst vera björgun í skilningi siglingalaganna. Skilyrði til björgunarlauna eru almennt talin vera fyrir hendi, ef sýnt þykir, að skip hefði ekki komizt til hafnar hjálparlaust. Þetta á til dæmis oftast við, ef skip verður fyrir vélarbilun og er dregið til hafnar, eða ef það fær nót í skrúfuna og þarf að fá aðstoð froskmanns af öðru skipi, og eru það e. t. v. algengustu afbrigði björgunar. Björgunarlaun eru yfirleitt allrífleg. Þau greiðast af vátryggjanda skipsins, en iðgjald skips fer eftir tjónareynslu þess, og hafa því björgunarlaun eins og aðrar tjóngreiðslur þau áhrif, að iðgjald skipsins hækkar.

Regla bátaábyrgðarfélaganna um hjálp, sem getið er að framan, var fyrst lögtekin árið 1938 og hefur gilt síðan. Fram undir 1960 var meginhluti bátaflotans innan þeirra stærðartakmarka, sem skyldutrygging bátaábyrgðarfélaganna náði til, og féll þannig undir samhjálparregluna. Með hinni miklu endurnýjun flotans frá 1960 hefur þetta gjörbreytzt, og er nú svo komið, að aðeins um þriðjungur bátaflotans að rúmlestatölu er undir 100 lestum, en tveir þriðju eru stærri. Samhjálparreglan hefur því nú orðið hlutfallslega miklu minna gildi en áður. Síðustu árin hafa tryggingafélögin gert út hjálparskipið Goðann, sem veitir hjálp eftir gjaldskrá, til að forðast björgunarkröfur frá varðskipum og öðrum aðilum. Telja félögin sig hafa sparað mikið fé með þessu, en langt er þó frá því, að þetta eina skip geti þjónað öllum flotanum. Þegar á heildina er litið, mun vera hagkvæmara, að varðskipin veiti aðstoðarþjónustu á svipuðum grundvelli.

Samhjálparákvæði það, sem í frumvarpinu felst, er ekki eins víðtækt og hliðstætt ákvæði bátaábyrgðarlaganna. Ákvæði frumvarpsins er ætlað að koma í veg fyrir, að greiða þurfi björgunarlaun fyrir hjálp veitta skipi, sem ekki er í stórkostlegri neyð, t. d. þótt skip sé með bilaða vél eða veiðarfæri í skrúfu, ef aðstæður eru ekki óvenjulega hættulegar. Hins vegar þykir ekki ráðlegt að afnema björgunarlaun í þeim tilvikum, þegar verulega mikið veltur á skjótum viðbrögðum til björgunar, þ. e. ef skip er í stórkostlegri neyð, enda verða þá bjargendur oft að leggja sig í verulega hættu við björgunina. Þá þykir ekki heldur rétt að taka úrskurðarvald um aðstoðarlaun undan lögsögn dómstóla, eins og gert er í bátaábyrgðarlögunum.

Frumvarp þetta er einn liður í aðgerðum til lækkunar á vátryggingarkostnaði fiskiflotans, sem er hin brýnasta nauðsyn. Það er samið af nefnd, sem sjávarútvegsráðherra skipaði hinn 27. apríl 1968 til að gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr útgjöldum Tryggingasjóðs fiskiskipa. Í nefndinni áttu sæti Jón Erlingur Þorláksson tryggingafr., form., Bjarni Bragi Jónsson hagfr., tilnefndur af Efnahagsstofnuninni, Baldvin Einarsson forstjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. tryggingafélaga, Jón Sigurðsson framkvstj., tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands, Matthías Bjarnason alþm., stjórnarform. Samábyrgðar Íslands, og Sverrir Júlíusson alþm., tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna. Nefndin leitaði álits próf. Magnúsar Torfasonar, kennara í sjórétti við Háskóla Íslands, um frumvarpið, og tók til greina ýmsar ábendingar hans við endanlega gerð þess.

Gert var ráð fyrir, að frumvarp þetta yrði flutt sem stjórnarfrumvarp, en á því hefur orðið dráttur. Frumvarpið er flutt með vitund sjávarútvegsráðherra.

Nd. 534. Breytingartillaga [174. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

Við 48. gr. 2. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
Ráðherra skipar nefndina til 4 ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangarveiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga.

Ed. 535. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja við frv. brtt. og að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.
ÓB var fjarstaddur, þegar málið var afgr. í nefndinni.

Alþingi, 9. apríl 1970.

Auður Auðuns, form., frsm.	Jón Þorsteinsson.	Páll Þorsteinsson.
Steinþór Gestsson.	Gils Guðmundsson.	Kristján Thorlacius.

Nd. 536. Frumvarp til laga [50. mál]

um Skipaskoðun ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed., 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 505 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:
Hlutverk Skipaskoðunar ríkisins er:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um öryggismál skipa og skipasmíðar, eftir því sem hún telur þörf á.
2. Að annast eftirlit með nýsmíði skipa, búnaði, breytingum og innflutningi og annað almennt eftirlit skipa samkvæmt lögum um eftirlit með skipum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim. Smíðateikningar skipa eru háðar viðurkenningu Skipaskoðunar ríkisins í samræmi við ákvæði laga og reglugerða.
3. Að annast framkvæmd alþjóðasamþykkta um öryggi mannslífa á hafinu, sem Ísland er aðili að, og gefa út skipsskjöl fyrir íslenzk skip samkvæmt þeim.
4. Að annast framkvæmd alþjóðahleðslumerkjasamþykkta, sem Ísland er aðili að, og ákveða hleðslumerki skipa og gefa út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt þeim.
5. Að ákvarða hleðslumerki fyrir fiskiskip eftir nánari reglum, er ráðherra setur.

6. Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi.
7. Að annast framkvæmd laga um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu og reglugerða samkvæmt þeim í samræmi við alþjóðasamþykkt um sama efni, sem Ísland er aðili að.
8. Að annast framkvæmd laga og reglna um mælingu skipa, svo og mál, er varða alþjóðasamþykkt um mælingu skipa.
9. Að annast framkvæmd laga um skráningu skipa. Annast skýrslugerð um íslenzkan skipastól. Gefa árlega út skrá yfir íslenzk skip, miðað við 1. janúar ár hvert, og aukaskrár, ef þörf krefur. Þar skal og birta skrá yfir einkaleyfisnöfn skipa, skip í smíðum, skip, sem felld hafa verið niður af skipaskrá á árinu og annan gagnlegan fróðleik um íslenzkan skipastól. Ráðherra getur sett nánari reglur um gerð skipaskrár.
10. Að annast af Íslands hálfu samstarf við alþjóðastofnanir varðandi þau mál, sem eru í verkahring stofnunarinnar.
11. Að annast mál, er varða siglingalög og sjómannalög, að því leyti sem þau varða skráningu skipa, skip og búnað þeirra, siglingaöryggi og önnur mál, sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni, varðandi siglingar og áhafnir skipa.

3. gr. hljóðar svo:

Ráðherra sá, er fer með öryggismál skipa, kveður með reglugerð nánar á um hlutverk og starfshætti Skipaskoðunar ríkisins og um einstök verkefni hennar.

Sþ. 537. Nefndarálit [89. mál]

um till. til þál. um athugun á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins er gert ráð fyrir, að Húsnæðismálastofnunin vinni að umbótum í byggingamálum og lækkun á byggingarkostnaði. Hér er um mikilsvert hlutverk að ræða og ástæða til að gera sér grein fyrir, hversu tekizt hafi að framkvæma það og hverjir náð hafi beztum árangri í því að lækka byggingarkostnað, ef um slíkt er að ræða, eða hvort tilraunir í þá átt, sem hið opinbera hefur staðið að, hafi mistekizt. — Minni hl. n. leggur til, að till. verði samþykkt.

Alþingi, 9. apríl 1970.

Gísli Guðmundsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson. Jónas Árnason.

Ed. 538. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað upplýsinga um ýmis atriði þess frá þeim aðilum, er aðild hafa átt að samningu þess. Meðal annars hafa þrír þeirra, er sæti áttu í nefnd þeirri, er undirbjó frv., mætt á fundi fjárhagsnefndar, en það voru þeir Guðjón Hansen, Gunnar I. Hafsteinsson og Jón Sigurðsson. Nefndin er

sammála um að mæla með frv. með breytingum, er hún flytur á sérstöku þingskjali, en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess flytja eða fylgja frekari brtt.

Alþingi, 10. apríl 1970.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Bjarni Guðbjörnsson.
Björn Jónsson. Axel Jónsson. Sveinn Guðmundsson.
Kristján Thorlacius.

Ed. 539. Breytingartillögur [146. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 2. gr. Síðasti málsl. 2. málsgr. orðist svo:
   Ráðherra skal ákveða, að sjómenn, sem þessi mgr. tekur til og lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, skuli vera utan við sjóðinn, ef fram kæmu um það óskir frá félögum sjómanna og útvegsmanna á þeim stöðum og forsvaranlega er frá lífeyrissjóðsmálum hlutaðeigandi manna gengið.
2. Við 6. gr. 5. og 6. málsgr. orðist svo:
   Iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt næstu málsgrein hér á undan skulu launagreiðendur halda eftir af launum og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta beint til sjóðsins innan 30 daga frá lokum hvers kauptryggingartímabils.
   Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar, skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip, ef krafa kemur fram um það af hálfu sjóðsstjórnar.

Ed. 540. Breytingartillaga [48. mál]

við frv. til laga um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 41. gr. Í stað orðanna „Embætti saksóknara skal“ í greininni komi: Dómstólar skulu.

Ed. 541. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 frá 29. des. 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá Steinþóri Gestssyni.

Við fyrirsögn. Fyrirsögnin orðist svo:
Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 82 frá 29. des. 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

Nd. 542. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Frá Stefáni Valgeirssyni og Gísla Guðmundssyni.

Við 2. gr.

1. Í stað orðanna „Að standa fyrir útgáfu“ í upphafi 3. tölul. c-liðar komi: Að vera til ráðuneytis um útgáfu.
2. Í stað orðanna „Að sjá um“ í upphafi 6. tölul. c-liðar komi: Að fylgjast með því.
3. Síðari málsl. fyrri málsgr. í e-lið (86. gr.) falli niður.

Nd. 543. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 13. maí 1966, um hægri handar umferð.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd neðri deildar hefur haldið nokkra fundi um málið og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn mun leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu að stytta tímann, sem skatturinn er innheimtur, um eitt ár. Minni hlutinn leggur hins vegar til, að frumvarpið verði fellt.

Í sambandi við umferðarbreytinguna 1968 voru bifreiðaeigendur látnir borga sérstakan skatt til að standa undir þeim kostnaði, sem af breytingunni leiddi. Skyldi þessi skattur vera greiddur á árunum 1967—1970.

Í upphafi var gert ráð fyrir, að umferðarbreytingin mundi kosta um 50 milljónir króna, en að sögn þeirra, sem framkvæmdina höfðu undir höndum, hefur kostnaðurinn reynzt um 71 milljón. Þó er við þá tölu að athuga, að ýmis kostnaður mun ekki vera þarna meðtalinn, sem er þó bein afleiðing af sjálfri umferðarbreytingunni, en hefur verið færður á ýmsa aðra liði og aðila, t. d. á vegagerðina, sveitarfélög o. s. frv.

Þegar þessi hægri skattur var lagður á bifreiðaeigendur, var gert ráð fyrir, að hann mundi nema á þessum 4 árum 56 millj. kr. Nú er hins vegar sagt, að hann muni ekki ná þeirri upphæð, þar sem ekki hafi verið tekið tillit til endurgreiðslu skattsins vegna innilegu skráningarmerkja. Ekkert liggur þó fyrir um það, hvaða áhrif það muni hafa á hina upphaflegu áætlun til lækkunar, en hins vegar gott dæmi um, hvað nákvæmar og raunhæfar ýmsar áætlanir hafa verið á síðustu árum.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram, að framkvæmdanefnd hægri umferðar hafi verið heimilað að verja allt að 10 millj. kr. til fræðslu- og upplýsingastarfsemi, og að þessi sérstaka skattheimta hafi staðið undir þeim kostnaði. Það kemur einnig fram í greinargerðinni, að í ráði sé að auka til muna þessa starfsemi, setja á fót sérstaka stofnun til þessara hluta, og á næstu þremur árum er ætlunin að innheimta 17 millj. kr. fram yfir það, sem umferðarbreytingin kostaði, til að standa undir þessari nýju stofnun. Við teljum, að það sé full þörf á því að auka umferðarfræðslu í landinu, en hins vegar sé engin þörf að setja á fót nýja stofnun til að sjá um það. Það liggur í hlutarins eðli, að skólarnir sjái um þessa fræðslu í vaxandi mæli og hins vegar löggæzlan, eins og verið hefur. Ný stofnun, sem ætti að vera þriðji aðili til að sjá um þessa fræðslu og safna saman skýrslum, sem lögreglan þó gerir hvort sem er, mun ekki gera nein stórvirki í þessu efni, og er því ekki rétt að skattleggja bifreiðaeigendur sérstaklega til að standa undir slíkri starfsemi. Verði þetta frumvarp samþykkt, er um leið felld niður greiðsluskylda ríkissjóðs, sem leiðir

af kostnaði við umferðarfræðslu. Bifreiðaeigendur eiga einir að standa undir þessum kostnaði.

Þótt meiri hluti nefndarinnar leggi til að stytta skattheimtutímann um eitt ár frá því, sem er í frumvarpinu, breytir það ekki því, að með því að samþykkja frumvarpið er verið að taka upp þá stefnu að skattleggja afmarkaðan hóp þjóðfélagsþegna til að standa undir einum þætti fræðslunnar í landinu. Á að stefna að slíku? Reynslan hefur sýnt, að þeir skattar, sem á annað borð eru upp teknir, eru sjaldnast niður felldir. Það þykir stundum ekki henta að ákveða slíka skattheimtu til langs tíma í einu, en sjaldnast stendur á að framlengja skattana, þegar lagaheimild til innheimtu þeirra er að falla úr gildi.

Alþingi, 9. apríl 1970.

Stefán Valgeirsson, frsm. Gísli Guðmundsson.

Nd. 544. Frumvarp til laga [212. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 1967.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson, Stefán Valgeirsson, Björn Pálsson, Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Við lögin bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Orkustofnun skal gera áætlun um það, hvernig hagkvæmast verði að ljúka rafvæðingu landsins eigi síðar en fyrir árslok 1973, og skal hún leggja tillögur sínar fyrir ráðherra eigi síðar 31. október 1970.
2. Að fenginni áætlun Orkustofnunar skal ráðherra undirbúa tillögur um öflun þess fjár, sem talið er þurfa til þess að ljúka framkvæmdum innan þeirra tímamarka, sem getur í 1. tölulið, og leggja þær fyrir Alþingi eigi síðar en 30. nóvember 1970.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar hafizt var handa um rafvæðingu sveitanna, var þegar í upphafi ljóst, að framkvæmdin tæki alllangan tíma. Á 14 ára tímabili fyrir 1969 var framkvæmdahraðinn nokkuð jafn. Voru þá tæplega 200 býli tengd samveitum á ári að meðaltali.

Í árslok 1968 var talið, að 3429 býli hefðu verið tengd samveitum, 948 býli nytu rafmagns frá einkarafstöðvum og 447 býli væru án rafmagns. Þá er dreifingin í þéttbýlustu héruðunum komin vel á veg. T. d. eru þá aðeins 5.3% býla í Rangárvallasýslu utan samveitusvæða og 2.6% í Eyjafjarðarsýslu. Í hinum strjálbýlli héruðum er allt annað uppi á teningnum. Þannig eru þá í Norður-Múlasýslu 72.1% býla utan samveitusvæðanna, og í Barðastrandarsýslu eru þau 71.9%. — Þessar tölur, þótt háar séu, segja þó ekki til um ástandið í einstökum sveitum, sem alls enga samveitu hafa, bæði í þessum sýslum og fleiri.

Árið 1968 dró verulega úr framkvæmdahraðanum, því að það ár voru aðeins liðlega 130 býli tengd samveitum, enda þótt þá væri unnið fyrir allmikið lánsfé heiman úr héruðum. Á næsta ári, 1969, hrapar svo þessi tala niður í 70—80 býli.

Þessi þróun olli að sjálfsögðu megnri óánægju. Hafa forustumenn héraða og

alþingismenn mjög þrýst á stjórnarvöld að halda uppi eigi minni framkvæmdahraða en áður, þar til lokið er rafvæðingu sveitanna.

Nú lítur út fyrir, að ríkisstjórnin ætli að verða við þessum kröfum að nokkru, þar sem hún gerir ráð fyrir, að lokið verði á þessu og næsta ári lögnum um þau svæði, þar sem meðalfjarlægð á milli býla er undir 1.5 km. Enn þá hefur þó ekki verið tekin ákvörðun um það á Alþingi nema að nokkru leyti, hvernig fjár verði aflað til framkvæmdanna.

Um framhaldið er svo allt í óvissu. Það telja flutningsmenn þessa frumvarps óviðunandi. Þeir telja óhjákvæmilegt, að allir landsmenn fái með einhverjum hætti aðgang að raforku. Og þeir álíta viðráðanlegt að ljúka rafvæðingu landsins fyrir árslok 1973, ef markvíst og skipulega er að unnið.

Þegar í stað þarf að snúa sér að því að meta, hvaða svæði skynsamlegt sé að tengja samveitum. Síðan verður að gera sér grein fyrir því, með hverjum hætti greitt verði fyrir rafvæðingu annarrar byggðar. Er það skoðun flutningsmanna, að við nánari athugun muni þykja þjóðfélagslega hagkvæmt í ýmsum tilvikum að láta samveiturnar ná út yfir 2 km mörkin, eins og þau hafa verið skilgreind að undanförnu.

Orkustofnunin hefur í sínum vörzlum yfirgripsmiklar upplýsingar um þetta efni, svo að ætla má, að stofnunin geti í megindráttum gert grein fyrir viðfangsefninu innan þeirra tímamarka, er í frumvarpinu greinir.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt, að málið sé undirbúið fyrir næsta Alþingi, sem síðan tæki endanlegar ákvarðanir um aðgerðir.

Það er fráleitt að hugsa sér, að hluti þjóðarinnar búi til langframa við ekkert eða allsendis ófullnægjandi rafmagn, m. ö. o. án rafljósa, sjónvarps og allra þeirra mörgu heimilistækja og annarra véla, sem knúin eru raforku.

Þrátt fyrir fámenni og erfiða staðhætti ákváðu Íslendingar að koma síma og útvarpi til allra landsmanna og að tengja sérhvert byggt ból vegakerfinu. Þetta tókst. Það er í fullu samræmi við þá stefnu að veita öllum landsmönnum aðgang að raforku.

Nd. 545. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta, en ekki orðið sammála. Meiri hluti nefndarmanna vill samþykkja frumvarpið. Undirritaðir nefndarmenn viðurkenna, að víða um land er ástæða til að huga að sameiningu fámennra sveitarfélaga. Eðlilegt er, að Samband íslenzkra sveitarfélaga hafi áhuga á þeim málum. Á hinn bóginn eru slík mál tíðast viðkvæm og vandmeðfarin. Það skiptir því æðimiklu máli, hver afstaða heimamanna er til slíkra breytinga. Í þessu máli er hún skýr og ótvíræð. Bæjarstjórn Húsavíkur hefur að vísu lýst sig reiðubúna að taka við Flatey. Forustumenn Flateyinga hafa hins vegar óskað þess eindregið, að beðið verði með ákvörðun um framtíðarráðstöfun hennar, meðan búsetumál Flateyinga eru að skýrast. Þá hefur sýslunefnd Suður-Þingeyinga einróma lýst sig andvíga hugmyndinni um að sameina Flatey Húsavíkurkaupstað á þessu stigi, meðan allt er jafnóljóst og nú er um framtíð eyjarinnar.

Með hliðsjón af framanskráðu telja undirritaðir nefndarmenn ekki rétt að samþykkja frumvarp þetta að sinni, heldur beri að skoða málið nánar. Leggja þeir til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 9. apríl 1970.

Friðjón Þórðarson, frsm. Jón Kjartansson. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 546. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um Útgerðarstofnun ríkisins til atvinnujöfnunar.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Meiri hl. sjávarútvegsnefndar, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni, vill vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá. Ég vil samþykkja frumvarpið.

Aðalefni frumvarpsins er um það, að komið verði á fót Útgerðarstofnun ríkisins, sem hafi með höndum rekstur nokkurra togara og stærri fiskibáta. Ráðgert er, að rekstri skipanna verði þannig háttað, að þau geti landað afla sínum á þeim stöðum, þar sem mest þörf er fyrir aukið hráefni til vinnslu í fiskverkunarstöðvum. Ég tel þá hugmynd, sem hér liggur að baki, rétta.

Á ýmsum stöðum í landinu hefur verið um tilfinnanlegt atvinnuleysi að ræða undanfarin ár. Afli smærri báta frá þessum stöðvum hefur verið lítill og engan veginn nægilegur til þess að skapa grundvöll fyrir nægilegri atvinnu né skilyrði til þess, að fiskvinnslufyrirtæki gætu haft viðunandi rekstrargrundvöll. Á slíkum stöðum verður að leysa vandann með fiskafla frá stærri skipum, sem sótt geta lengra. Mér er að vísu ljóst, að nokkur vandi getur verið á að ætla stórum og dýrum fiskiskipum að landa afla á mörgum stöðum. En með góðri yfirstjórn, þar sem um er að ræða rekstur á nokkrum skipum af mismunandi stærðum, þá tel ég, að þannig sé hægt að haga rekstri skipanna, að afla sé landað á ýmsum stöðum eftir atvinnulegri þörf, án þess að það þurfi að gera rekstur skipanna verulega óhagstæðari en almennt gerist.

Atvinnuleysið, sem verið hefur undanfarin ár í ýmsum sjávarplássum landsins, eins og m. a. á vestanverðu Norðurlandi, er óviðunandi. Ríkisvaldið verður að koma til hjálpar í slíkum tilfellum. Ég tel, að með Útgerðarstofnun ríkisins sé hægt að ná verulegum árangri í þeim efnum, og legg því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 10. apríl 1970.

Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 547. Tillaga til þingsályktunar [213. mál]

um endurskoðun gildandi ákvæða um stuðning við íslenzka námsmenn.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Tómas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða gildandi lög og reglur um stuðning ríkisins við íslenzka námsmenn í æðri skólum.

Stefnt verði að því að koma á námslaunakerfi svo fljótt sem við verður komið.

Niðurstöður endurskoðunar verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Það er nú orðið lýðum ljóst, að kjör þau, sem búin eru íslenzkum námsmönnum við æðri skóla, eru slík, að efnalausir nemendur, sem ekki njóta fjárhagslegrar aðstoðar ættmenna, eiga þess engan kost að ljúka þar námi.

Lögbundinn almennur stuðningur er nú einkum veittur í formi ferðastyrkja og fastra lána, sem fara lækkandi eftir því sem vinnutekjur hækka. Þetta þýðir í framkvæmd, að dugmikill, en efnalítill nemandi, sem sækir sumarvinnu af kappi,

fær aðeins brot af þeirri fyrirgreiðslu, sem búin er hinum, sem ekki sinnir sumaratvinnu, t. d. vegna þess, að hann á efnaða foreldra.

Það er ekki fræðilegur möguleiki, að íslenzkur námsmaður erlendis geti unnið það inn að sumrinu, sem á skortir, að námslánin endist fyrir árlegum kostnaði. Það er því ekki hæfni nemandans, heldur efnahagur aðstandenda, sem ræður því, hvort viðkomandi getur aflað sér æðri menntunar, því að útilokað má telja að fleyta sér á víxlum allan námstímann.

Námslánin í núverandi formi geta numið allt að 800 þús. krónum, þegar lokið er háskólanámi erlendis. Eins og launakerfi okkar er nú, er í mörgum tilvikum útilokað að standa undir greiðslum afborgana af námslánum samhliða því að eignast eigin íbúð. Einnig að þessu leyti stefnir í blindgötu.

Af framanrituðu er ljóst, að endurskoðun á gildandi lögum og reglum um aðstoð við íslenzka nemendur í æðri skólum þolir enga bið. Í síðuðu þjóðfélagi hlýtur það að vera ófrávíkjanleg krafa, að hæfni ráði því, en ekki efnahagur, hverjir veljast til langskólanáms.

Ed. 548. Breytingartillaga [14. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

Frá Páli Þorsteinssyni og Kristjáni Thorlacius.

Við 1. gr. 66. gr. laganna hljóði svo:
Kostnaður við framhaldsdeildir skal greiddur úr ríkissjóði.

Sþ. 549. Nefndarálit [89. mál]

um till. til þál. um athugun á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft ofangreinda þáltill. til athugunar og sent hana ýmsum til umsagnar. Samkomulag varð ekki um afgreiðslu tillögunnar. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að henni verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð Húsnæðismálastofnun ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hafa af hálfu löggjafarvaldsins verið falin verkefni þau, er þáltill. nefnir, sér Alþingi ekki ástæðu til að gera nýja ályktun um þau, en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. apríl 1970.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm.
Jónas Pétursson, fundaskr.
Matthías Bjarnason.
Friðjón Þórðarson.

Ed. 550. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Svo sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, voru ekki teknar upp í fjárlög fyrir árin 1969—70 fjárveitingar til Fiskveiðasjóðs Íslands, svo sem lög um sjóðinn, nr. 75 13. maí 1966, kveða á um.

Ástæðan til þess var sú, að með lögum nr. 5/1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, var ákveðið að fella niður beint fjárframlag úr ríkissjóði til Fiskveiðasjóðs Íslands fyrir árið 1968.

Forsenda þessarar ákvörðunar mun hafa verið sú, að með lögum nr. 58/1968, um Stofnfjársjóð fiskiskipa, var ákveðið að verja úr ríkissjóði sem stofnframlagi til sjóðsins 124 millj. kr. — Auk þessa hafa stofnfjársjóðnum verið tryggðar tekjur á annan hátt, sbr. lög nr. 79/1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar á gengi ísl. krónu.

Að sjálfsögðu skiptir það miklu máli fyrir fiskveiðasjóðinn, að viðskiptamenn sjóðsins geti staðið í skilum með greiðslur afborgana og vaxta af lánum sínum. — Sú ráðstöfun, sem gerð var með áðurgreindri löggjöf, skapar útgerðarmönnum mikla möguleika á því, að svo megi verða.

Þrátt fyrir það er það álit meiri hluta nefndarinnar, að með tilliti til hinna miklu fjárhagslegu skuldbindinga, sem á Fiskveiðasjóði Íslands hvíla, og með tilliti til þess, hve fjármagnsþörf sjóðsins er mikil, verði ekki hjá því komizt, að ríkissjóður leggi sjóðnum til nokkurt fjármagn með föstu framlagi árlega.

Meiri hluti nefndarinnar hefur því leyft sér að bera fram á sérstöku þingskjali breytingartillögur við frumvarpið. Breytingartillögur þessar fela það í sér, að árlegt framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands verði 35 millj. kr.

Hins vegar telur meiri hlutinn, að ekki verði hjá því komizt að samþykkja niðurfellingu á framlagi fyrir árin 1969 og 1970, svo sem frumvarpið kveður á um, og er það í samræmi við afgreiðslu fjárlaga.

Sjávarútvegsnefnd var ekki sammála um afgreiðslu málsins, og mun minni hlutinn skila séráliti um frumvarpið.

Alþingi, 11. apríl 1970.

Jón Árnason, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson.
	Axel Jónsson.	

Ed. 551. Breytingartillögur [57. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar (JÁ, JÁH, SvG, AJ).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   C-liður 4. gr. laganna orðist svo:
   c. til viðbótar framlagi til sjóðsins samkvæmt b-lið greiðir ríkissjóður honum árlega 35 milljónir króna, í fyrsta skipti á árinu 1971.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. Aftan við frv. komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:
Framlag ríkissjóðs samkvæmt c-lið 4. gr. laganna fellur niður fyrir árin 1969 og 1970.

Nd. 552. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um heimild til hækkunar kvóta og framlags Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.
Einn nefndarmanna, LJós, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. apríl 1970.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Þórarinn Þórarinsson.	Guðl. Gíslason.	Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ed. 553. Frumvarp til laga [214. mál]

um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:
Í Félagsheimilasjóð rennur skattur af skemmtunum, eftir því sem segir í lögum um skemmtanaskatt.
Verja skal allt að 90% af tekjum sjóðsins til að styrkja byggingar félagsheimila samkvæmt 1. gr. Til þess að hefja byggingu nýs félagsheimilis, er njóti styrks úr sjóðnum, þarf leyfi menntamálaráðherra, enda samþykki hann staðsetningu þess og teikningu. Hann getur sett það skilyrði fyrir styrkveitingu, að sveitarfélag, þar sem félagsheimili á að byggja, láti ókeypis í té viðunandi byggingarlóð. Einnig getur ráðherra sett það skilyrði fyrir styrk úr sjóðnum, að fleiri en eitt félag standi að byggingu félagsheimilis, svo og sett þau önnur skilyrði viðvíkjandi gerð og notkun félagsheimilanna, sem hann telur nauðsynleg til þess, að þau komi að sem beztum notum og séu sem mest við hæfi bæjar þess eða byggðar, þar sem þau eru reist.
Af tekjum Félagsheimilasjóðs skulu 10% renna í menningarsjóð félagsheimila. Skal því fé varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilunum. Styrkveitingu til menningarstarfsemi einstakra félagsheimila má binda því skilyrði, að tiltekinn hluti aðgangseyris að samkomum félagsheimilisins renni í sérstakan menningarsjóð þess. Skal stjórn félagsheimilisins varðveita þann sjóð, og verður honum eingöngu varið til menningarstarfsemi í því félagsheimili og á þann hátt, sem ráðherra samþykkir.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:
Stjórn Félagsheimilasjóðs er í höndum menntamálaráðherra. Veitir hann styrki úr sjóðnum samkvæmt 2. gr. að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og íþróttanefndar.

Umsóknir um styrki skal senda íþróttanefnd. Ef um er að ræða umsókn um byggingarstyrk, skal fylgja nákvæm lýsing á húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, ásamt greinargerð fyrir þörfinni á félagsheimili á viðkomandi stað og um fyrirhugaða notkun þess. Sé sótt um styrk úr menningarsjóði félagsheimila eða sérstökum deildum hans, skal gerð nákvæm grein fyrir, hvernig fyrirhugað er að verja styrknum.

Ekki má styrkur til byggingar félagsheimilis, hvort heldur eitt eða fleiri félög standa að því, nema hærri fjárhæð en svarar 40% af byggingarkostnaði.

Nú hefur félagsheimili notið eða nýtur byggingarstyrks úr ríkissjóði, auk þess sem fyrir er mælt í lögum þessum, og má þá styrkur samkvæmt þeim ekki nema meiru en svo, að hann ásamt ríkisstyrknum nemi 40% af byggingarkostnaði.

Heimilt skal Félagsheimilasjóði að gefa út skuldabréf til allt að 15 ára með venjulegum vöxtum til greiðslu á styrk til þeirra félagsheimila, sem byggingu er lokið á eða eru í byggingu. Menntamálaráðherra gerir, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og íþróttanefndar, áætlun um, hvernig væntanlegum tekjum sjóðsins skuli skipt milli styrkja til félagsheimila og endurgreiðslu á skuldabréfunum ásamt vöxtum, enda skulu þá tekjur sjóðsins áætlaðar varlega. Heimilt er að veita ríkisábyrgð fyrir þessum skuldabréfum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Fellur þá jafnframt úr gildi 2. gr. laga nr. 47 5. júní 1957, um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt 1. gr. laga nr. 47 5. júní 1957 inn í lög nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, og gefa þau út svo breytt.

Frv. þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um afgreiðslu þess. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Greinargerð.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingum á gildandi lögum um Félagsheimilasjóð:

1. Leyfi menntamálaráðherra þurfi til þess að hefja byggingu nýs félagsheimilis, ef það á að njóta byggingarstyrks úr sjóðnum, enda þurfi hann að samþykkja staðsetningu þess og teikningu.
2. Félagsheimilasjóður fái heimild til þess að gefa út skuldabréf til allt að 15 ára með venjulegum vöxtum til greiðslu á styrk til þeirra félagsheimila, sem byggingu er lokið á eða eru í byggingu. Menntamálaráðuneytið gerir, að fengnum tillögum stjórnar Félagsheimilasjóðs, áætlun um, hvernig væntanlegum tekjum sjóðsins skuli skipt milli styrkja til félagsheimila og endurgreiðslu á skuldabréfunum ásamt vöxtum, og skulu þá tekjur sjóðsins áætlaðar varlega. Heimilt er ríkissjóði að ábyrgjast þessi skuldabréf.
3. 10% af tekjum Félagsheimilasjóðs skulu renna í menningarsjóð félagsheimila, og skal honum varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilunum. Menntamálaráðherra ákveður fjárveitingar úr sjóðnum, að fengnum tillögum stjórnar Félagsheimilasjóðs. Heimilt er að binda styrkveitingu til einstakra félagsheimila til menningarstarfsemi því skilyrði, að tiltekinn hluti af aðgangseyri að samkomum félagsheimilisins renni í menningarsjóð þess félagsheimilis, og sé hann þá séreign þess og notaður í þess konar skyni, sem menntamálaráðherra samþykkir.

Frv. þetta er samið af dr. Þórði Eyjólfssyni, fyrrv. hæstaréttardómara, að beiðni menntamálaráðuneytisins.

Ed. **554. Frumvarp til laga** [215. mál]

um skemmtanaskatt.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Greiða skal skatt samkvæmt lögum þessum, þegar aðganga er seld að skemmtunum fyrir almenning.

2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur.

a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
b. Sjónleikar.
c. Danssýningar.
d. Fyrirlestrar og upplestrar.
e. Hlutaveltur, í hverju skyni sem haldnar eru.

Af skemmtunum, er til þessa flokks teljast, greiðist 10% skattur af brúttóverði seldra aðgöngumiða. Af hlutaveltum greiðist sami skattur, einnig af brúttóverði seldra hlutaveltumiða.

2. flokkur.

Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

Af skemmtunum, sem til þessa flokks teljast, greiðist 15% skattur af brúttóverði seldra aðgöngumiða.

3. flokkur.

a. Dansleikar allir, hvort sem einstök félög eða dansskólar stofna til þeirra eða þeir eru haldnir fyrir allan almenning, enn fremur dansæfingar, er standa fram yfir kl. 11 að kvöldi. Haldi félag dansleik og sé aðganga ókeypis, er lögreglustjóra heimilt að ákveða skattinn.
b. Trúðleikasýningar.
c. Fjölleikasýningar.
d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðganga er seld að og eru ekki taldar sérstaklega.

Af skemmtunum þeim, er til þessa flokks teljast, greiðist 20% skemmtanaskattur af brúttóverði seldra aðgöngumiða.

4. flokkur.

Af hverju knattborði (billiard) fyrir almenning greiðist 300 kr. skemmtanaskattur fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem knattborðið er notað handa almenningi eða félögum. Gjalddagi á skattinum er síðasti dagur hvers mánaðar.

Skattinn greiðir eigandi knattborðs, enda er knattborðið að veði fyrir skattinum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum í eitt ár frá gjalddaga skattsins.

Nú eru fleiri en eitt knattborð í sama húsnæði, og er þá nægilegt, að eitt sé notað, til að öll séu skattskyld.

5. flokkur.

Nú eru vínveitingar um hönd hafðar í veitinga- eða samkomuhúsi, án þess að skemmtanaskattur sé greiddur samkvæmt ákvæðum 1. eða 3. flokks, og skal þá greiða kr. 8.00 í skemmtanaskatt og kr. 2.00 í Menningarsjóð fyrir hvern mann, er aðgang fær að húsinu að kvöldi á þeim tíma, er ákveðinn verður í reglugerð.

3. gr.

Undanþegnar öllum skemmtanaskatti eru þessar skemmtanir:

a. Hljómleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, svo og aðrir klassískir tónleikar og klassískar söngskemmtanir, eftir nánari ákvörðun ráðherra.
b. Leiksýningar Þjóðleikhússins, svo og hliðstæðar leiksýningar annarra aðila, eftir nánari ákvörðun ráðherra.
c. Sýningar á listdansi og þjóðdönsum.
d. Fræðandi fyrirlestrar.
e. Sýningar á íslenzkum kvikmyndum.
f. Íþróttasýningar, enda renni ágóðinn óskiptur til íþróttastarfsemi.
g. Skemmtanir skóla og skólafélaga, annarra en dansskóla, enda séu þær aðeins fyrir nemendur og kennara ásamt gestum þeirra og haldnar undir umsjá skólastjórnar.
h. Innanfélagsskemmtanir, aðrar en dans, sem eru aðeins fyrir félagsmenn og gesti þeirra. En sannist það, að utanfélagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemmtunum, skal það skoðað sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemmtun eftir 2. gr., 3. flokki.

Ráðherra er heimilt að láta haldast að nokkru eða öllu leyti undanþágur þær frá greiðslu skemmtanaskatts, er þær skemmtanir hafa notið, sem haldnar eru til fjáröflunar fyrir góðgerðar-, líknar- og björgunarstarfsemi, sjúkrasjóði með staðfestri skipulagsskrá, sjúkrahús, elliheimili, æskulýðsheimili, kirkjustarfsemi eða bindindisstarfsemi, sem nýtur styrks úr ríkissjóði.

Ráðherra er enn fremur heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti dansleiki, sem unglingar frá 16 til 21 árs aldurs eiga einir aðgang að, enda sé aðgangur seldur vægu verði og fullnægt öðrum skilyrðum, er ráðherra setur.

Loks er ráðherra heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti dansskemmtanir, með eða án minni háttar skemmtiatriða, enda sé vín ekki um hönd haft á þessum skemmtunum og þær ekki haldnar í danshúsum, sem löggilt eru fyrir 300 gesti eða fleiri í sæti. Ráðherra ákveður, hvaða skemmtistaðir skuli teljast danshús í þessu sambandi. Þó skulu samkomu- eða veitingahús, þar sem dans fer að jafnaði fram 20 sinnum á mánuði, ávallt talin danshús. Þeir, sem fá undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts samkvæmt framansögðu, eru skyldir til að greiða þann kostnað af löggæzlu, sem nauðsynleg er talin í þessu sambandi.

4. gr.

Til að halda skemmtun, sem aðgangur er seldur að, skal fá leyfi lögreglustjóra, og skal tilkynna honum, hvar og hvenær hún skuli haldin.

5. gr.

Lögreglustjóri innheimtir skemmtanaskattinn og fær 2% í innheimtulaun. Setja skal nánari ákvæði um innheimtuna í reglugerð.

6. gr.

Skemmtanaskattur rennur í Félagsheimilasjóð (sbr. lög nr. 77/1947), nema annars sé getið í lögum þessum.

Að því er tekur til reglugerða fyrir bæjar- og hreppsfélög, sem settar hafa verið og staðfestar samkvæmt lögum um skemmtanaskatt, nr. 34 22. nóv. 1918, og enn eru í gildi, þá skal haldast réttur viðkomandi bæjar- og hreppsfélaga til að innheimta í bæjar- eða sveitarsjóði skemmtanaskatt, svo sem í reglugerðunum greinir, enda fer og um önnur atriði, sem skattinn varða, eftir ákvæðum reglugerðanna. Skattur samkvæmt lögum þessum lækkar um þann hluta, sem fellur til hrepps- eða bæjarfélaga samkvæmt reglugerðunum.

Felld er niður undanþága sú frá greiðslu skemmtanaskatts, sem kvikmyndasýningar í Reykjavík á vegum Sáttmálasjóðs og kvikmyndasýningar bæjarsjóða Akraness og Hafnarfjarðar hafa notið samkvæmt d-lið 3. gr. laga nr. 56/1927, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1963, svo og undanþágur, sem kvikmyndahúsum hafa verið veittar skv. 2. mgr. 3. gr. l. nr. 56/1927, sbr. l. nr. 24/1963. Skemmtanaskattinn skal þó ráðherra heimilt að endurgreiða þeim aðilum, sem að undanförnu hafa notið tekna vegna framannefndra undanþága, með þeim skilmálum, að fé verði notað í því skyni, sem var ástæða undanþágunnar. Endurgreiðsluréttur nær þó eigi til þess hluta skemmtanaskattsins, sem renna á til Sinfóníuhljómsveitar og Menningarsjóðs, sbr. 7. og 8. gr. Heimilt er ráðherra að veita sams konar endurgreiðslurétt vegna eins kvikmyndahúss, er rekið sé af opinberum aðila, í hverjum hinna annarra kaupstaða, enda sé fénu varið til menningar- eða mannúðarmála.

7. gr.

Af skemmtanaskatti samkvæmt 2. gr. renna 10% til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

8. gr.

Leggja skal sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða samkvæmt 2. flokki 2. gr., að undanteknum kvikmyndasýningum fyrir börn, og að dansleikjum samkvæmt a-lið 3. flokks sömu greinar. Nemur gjald þetta 1.5% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að kvikmyndahúsum og 2% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að dansleikjum.

Gjald þetta rennur óskipt í Menningarsjóð.

Um innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um innheimtu annars skemmtanaskatts samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Gjalddagi skemmtanaskatts er næsti virki dagur eftir að skemmtunin hefur verið haldin. Heimilt er þó að leyfa kvikmyndahúsum og öðrum skemmtistofnunum, sem rekin eru sem föst atvinnufyrirtæki, að greiða skattinn mánaðarlega.

Þeim, er skemmtun heldur eða lætur halda, ber að sjá um skilvísa greiðslu skattsins. Eigandi húsnæðis þess, sem skemmtun er haldin í, ber ábyrgð á greiðslu skattsins.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu, sker ráðherra úr honum, en bera má úrskurð hans undir dómstólana.

Deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, en ef skatturinn er lækkaður eða felldur niður með úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1970.

Falla þá jafnframt úr gildi:

Lög nr. 34 22. nóv. 1918, um skemmtanaskatt.

Lög nr. 30 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 34/1918.

Lög nr. 61 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 30/1922.

Lög nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Lög nr. 57 5. júní 1957, um breyting á lögum nr. 56/1927.

Lög nr. 94 28. des. 1957, um breyting á lögum nr. 57/1957.

Lög nr. 52 27. apríl 1962, um breyting á lögum nr. 57/1957.

Lög nr. 24 26. apríl 1963, um breyting á lögum nr. 56/1927.

Lög nr. 13 25. apríl 1964, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta með viðauka skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og lögum um breytingar á þeim.

Loks eru öll önnur eldri lagafyrirmæli úr gildi felld, sem brjóta í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um afgreiðslu þess. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Lög, sem skemmtanaskatt varða og nú eru í gildi, eru sem hér segir:

1. Lög um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, nr. 56 31. maí 1927, ásamt breytingar- og viðbótarlögum nr. 57/1957, nr. 94/1957, nr. 52/1962, nr. 24/1963 og nr. 13/1964.
2. Lög um skemmtanaskatt, nr. 34 22. nóv. 1918, ásamt breytingarlögum nr. 30/1922 og nr. 61/1938, sbr. og 8. gr. laga nr. 56/1927 og 6. gr. laga nr. 28/1952.

   Með lögum þessum er bæjarstjórnum og hreppsnefndum heimilað að fá staðfestar reglugerðir um innheimtu skemmtanaskatts í bæjar- og sveitarsjóði. Með lögum nr. 56/1927 voru ákvæði laganna numin úr gildi, að því er snerti kaupstaði, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri. Og með lögum nr. 28/1952 voru ákvæði laganna felld niður, að því er varðaði kvikmyndasýningar.

   Samkvæmt lögum nr. 34/1918 hafa verið gefnar út 45 reglugerðir.
3. Lög nr. 28 4. febr. 1952, um gjald af kvikmyndasýningum.

   Með þessum lögum er sveitarstjórnum (bæjarstjórnum og hreppsnefndum) heimilað að leggja sérstakt gjald á kvikmyndasýningar, aðrar en sýningar íslenzkra kvikmynda og fræðslukvikmynda.

   Gjald þetta er almennt nefnt sætagjald, og má það nema allt að 10% af aðgangseyri að kvikmyndasýningum. Lögin ná bæði til kaupstaða, án tillits til stærðar, og annarra sveitarfélaga. Á þessum lögum eru engar breytingar gerðar.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, eru lögð til grundvallar núgildandi lög nr. 56/1927 ásamt síðari breytingum og viðaukum. Á lögunum eru gerðar nokkrar orðabreytingar og einnig vikið lítið eitt frá niðurröðun ákvæða. Hér á eftir verður gerð grein fyrir efnisbreytingum.

1. Fellt er niður það ákvæði, að lögin taki aðeins til kaupstaða, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri. Er lögunum þannig ætlað að ná til alls landsins. Af því leiðir, að fella ber úr gildi lög um skemmtanaskatt nr. 34/1918.

   Þó skulu samkvæmt 2. mgr. 6. gr. frv. þau bæjar- og hreppsfélög, sem hafa fengið staðfestar reglugerðir samkvæmt lögum nr. 34/1918, halda rétti sínum til að innheimta skemmtanaskatt í bæjar- og sveitarsjóði samkvæmt reglugerðunum, ef þær eru enn í gildi. Lækkar þá skattur samkvæmt lögum þessum sem því nemur.
2. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar, sem nú heyra til 1. flokki 2. gr. laganna, eru í frv. teknar sér í (nýjan) 2. flokk. Gjald af kvikmyndum er nú 10% af andvirði aðgöngumiða, sbr. 1. flokk 2. gr., að viðbættri heimild til að innheimta skattinn með 200% álagi samkvæmt lögum nr. 13/1964. Mun gjaldið innheimt með 27.5% af andvirði miðanna. Samkvæmt frv. skal gjaldið vera 15%, en heimildin til 200% álagsins falla niður, sbr. 9. gr. frv. Hins vegar helzt áfram gjald af aðgöngumiðunum í Menningarsjóð, sbr. 8. gr. frv.
3. Í stað þess að skemmtanaskattur renni að hálfu til Félagsheimilasjóðs og að hálfu til Þjóðleikhússins, eins og nú er, er ákveðið í 6. gr. frv., að skatturinn renni allur til Félagsheimilasjóðs að undanteknum hluta Sinfóníuhljómsveitarinnar.
4. Samkvæmt 6. gr. er felld niður undanþága frá greiðslu skemmtanaskatts, að því er varðar þau kvikmyndahús, sem greind eru í d-lið 3. gr. núgildandi laga (Háskólabíó og bæjarbíóin á Akranesi og í Hafnarfirði). Sama er um þau kvikmyndahús, er ráðherra hefur veitt undanþágu með heimild í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 56/1927, sbr. lög nr. 24/1963, en þau eru: Laugarásbíó og Tónabíó í Reykjavík, Ísafjarðarbíó, Borgarbíó á Akureyri, Bíó Samkomuhúss Vestmannaeyja og Kópavogsbíó.

Heimilt skal ráðherra að endurgreiða skattinn, að undanteknum hlutum Sinfóníuhljómsveitarinnar og Menningarsjóðs, þeim aðilum, sem áður hafa notið góðs af undanþágum.

5. Samkvæmt 8. gr. frv. er gerð sú breyting á gjaldi til Menningarsjóðs, að í stað 1 og 2 kr. gjalds eftir 8. gr. laganna komi tiltekið hundraðsgjald af andvirði seldra aðgöngumiða.
6. Í 9. gr. frv. eru ákvæði um gjalddaga o. fl., í samræmi við ákvæði reglugerða og undanfarna framkvæmd laganna.
7. Samkvæmt frv. reiknast skemmtanaskatturinn af brúttóverði aðgöngumiða, í stað þess að eftir núgildandi lögum reiknast hann af nettóverði. Breytir það út af fyrir sig ekki upphæð skattsins.

Frv. þetta er samið af dr. Þórði Eyjólfssyni, fyrrv. hæstaréttardómara, að beiðni menntamálaráðuneytisins.

Ed. 555. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1970.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Þrír nm. undirrita þó nál. með fyrirvara.

Alþingi, 13. apríl 1970.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson, með fyrirvara.
Kristján Thorlacius, með fyrirvara.	Sveinn Guðmundsson.	Axel Jónsson.
	Björn Jónsson, með fyrirvara.	

Sþ. 556. Fyrirspurnir. [216. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um sumaratvinnu skólafólks.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hverjar ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess að tryggja skólafólki atvinnu í sumar?

II. Til ríkisstjórnarinnar um dvöl hermanna utan herstöðvanna.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvaða reglur gilda um ferðir og dvöl bandarískra hermanna utan herstöðvanna hér á landi?

Hefur þessum reglum verið breytt nýlega?

III. Til samgönguráðherra um ökumæla í dísilbifreiðar.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hefur verið tekin ákvörðun um að nota heimild laga nr. 67 frá 1968 um ökumæla vegna þungaskatts?
2. Hafi ákvörðun verið tekin, kemur hún þá til framkvæmda á þessu ári?
3. Er búið að ákveða gerð og staðsetningu þessara ökumæla?
4. Er fyrirhugað að hækka þungaskattinn frá því, sem nú er, með tilkomu ökumælanna?
5. Hvað mundi þá sú hækkun nema miklu?
6. Hver verður lágmarksskatturinn, og við hvað verður hann miðaður?
7. Hve hátt verður gjaldið á ekinn kílómetra fram yfir tilskilið lágmark?

IV. Til dómsmálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um gjaldþrot Vátryggingafélagsins h.f.

Frá Tómasi Árnasyni.

1. Hvenær var ráðuneytum kunnugt um fjárhagserfiðleika Vátryggingafélagsins h.f.?
2. Hvaða skilyrðum þarf tryggingafélag að fullnægja til þess að fá heimild dómsmálaráðuneytisins til að taka að sér lögboðnar ábyrgðartryggingar bifreiða?
3. Hvaða tryggingafélög hafa nú leyfi til að taka að sér lögboðnar ábyrgðartryggingar bifreiða, hvert er stofnfé þeirra og varasjóðir hvers um sig, hve háa upphæð hefur hvert félag lagt fram til tryggingar skuldbindingum sínum, og í hvaða formi er sú trygging?
4. Hefur ríkisstjórnin gert ráðstafanir til undirbúnings setningar nýrrar löggjafar um eftirlit með því, að tryggingafélög á Íslandi séu rekin með þeim hætti, að tryggt sé, að þau geti ávallt staðið undir skuldbindingum sínum?

Ed. 557. Frumvarp til laga [5. mál]

um skipamælingar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 5 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Skip skal mæla samkvæmt þeim alþjóðasamþykktum, sem á hverjum tíma gilda um mælingu skipa og Ísland er aðili að.

Heimilt er að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt þá um mælingu skipa, sem undirrituð var í London 23. júní 1969 (International Convention on Tonnage Measurement of Ships, 1969). Þar til sú samþykkt tekur hér gildi, skal mæla skip samkvæmt Alþjóðareglum um mælingu skipa (International Regulations for Tonnage Measurement of Ships), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi, undirrituðum í Osló 10. júní 1947, að viðbættum breytingum á honum, undirrituðum í Osló 21. maí 1965.

Ráðherra getur undanþegið skip mælingu eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, ef alveg sérstaklega stendur á.

4. gr. hljóðar svo:

Nú er skip smíðað hér á landi, og skal þá skipasmiður eða fyrirsvarsmaður hans senda mælingamanni í umdæminu (í Reykjavík skipaskoðunarstjóra) skriflega tilkynningu um skipasmíð með uppdráttum af skipi og einstökum hlutum þess og þeim öðrum gögnum, sem skipaskoðunarstjóri getur ákveðið, svo tímanlega, að mæla megi jafnskjótt sem þilfar er lagt og innanborðsþiljur hafa verið settar. Vistarverur og önnur hýsi ofan þilfars skal mæla svo fljótt sem unnt er, áður en mælibréf er út gefið.

8. gr. hljóðar svo:

Samkvæmt ósk eiganda skips eða skipstjóra skal mæla skip að nýju, nema skipaskoðunarstjóri telji slíka mælingu algerlega ástæðulausa.

Nú er skip mælt upp, og fer þá um útgáfu mælibréfs eftir 7. gr.

9. gr. hljóðar svo:

Skipaskoðunarsjóri getur, hvenær sem honum þykir ástæða til, látið mæla skip. Nú kemur það fram, að breytingar, er í þessu efni skipta máli, hafa orðið á skipi, eftir að það var mælt, og ekki hefur verið sagt til þeirra, og skal þá mæling fara fram á kostnað eiganda skips. Annars kostar fer mæling fram á kostnað ríkissjóðs. Ef breytingar samkvæmt framanskráðu hafa orðið, fer um útgáfu mælibréfs eftir 7. gr.

15. gr. hljóðar svo:

Gjöld í ríkissjóð fyrir mælingar skipa samkvæmt lögum þessum, dagpeninga og ferðakostnað mælingamanna ábyrgist eigandi skips. Ráðherra setur eftir tillögum skipaskoðunarstjóra gjaldskrá um mælingagjald og dagpeninga og úrskurðar ferðakostnaðarreikninga mælingamanna, ef þörf gerist. Gjöld, dagpeningar og ferðakostnaður eru tryggð með lögveði í skipi með sama hætti sem lestagjald.

Ed. 558. Frumvarp til laga [6. mál]

um skráningu skipa.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 6 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Svifskip teljast til skipa samkvæmt lögum þessum.

Skipaskoðunarstjóri ákveður, að hverju leyti för eða tæki, sem á sjó fljóta, en eru ekki knúin af hreyfiafli í þeim sjálfum, skuli tekin á skipaskrá.

Bráðabirgðaskráning má fara fram á skipum, sem eru í smíðum eða ófullgerð að öðru leyti, eftir reglum, sem skipaskoðunarstjóri setur.

4. gr. hljóðar svo:

Skipaskoðun ríkisins heldur aðalskipaskrá yfir öll skip, sem skráð eru samsamkvæmt lögum þessum. Skráin má vera lausblaðabók.

Aðalskipaskrá skal greina um hvert skip sér:

1. Skipaskrárnúmer, sem helzt óbreytt, meðan skipið er skráð á Íslandi.
2. Nafn.
3. Einkennisbókstafi (kallmerki).
4. Umdæmisbókstafi og tölu.
5. Heimilisfang.
6. Gerð og aðalmál.

7. Smíðastöð og hvenær smíðað.
8. Hvenær mælibréf er gefið út.
9. Gerð og stærð aðalvélar.
10. Fullt nafn og heimilisfang eiganda. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn, og skal þá greina, hversu mikinn hluta hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er í eign félags eða stofnunar, skal greint nafn þess eða hennar, nöfn og heimili stjórnenda og nafn framkvæmdastjóra eða útgerðarstjóra.
11. Hvar og hvenær eignarskilríki eiganda er út gefið, eða eigenda, ef fleiri eru en einn.
12. Skráningardag og ár.

Skipaskoðun ríkisins gefur árlega út skipaskrá yfir skráð íslenzk þilskip.

5. gr. hljóðar svo:

Heimahöfn skráðs skips skal vera þar, sem eigandi eða eigendur ætla því heimilisfang.

Skipaskoðunarstjóri getur veitt eiganda þilskips einkarétt til nafns á skipinu. Sama gildir um einkarétt til reykháfsmerkja og annarra einkenna á skipum, þar á meðal sérfána. Bannað er öðrum að nota skipanöfn eða einkenni, sem einkaréttur hefur verið veittur á, eða svo lík nöfn eða einkenni, að villu geti valdið. Þó má haldast óbreytt nafn og einkenni skips, sem skráð hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, meðan það helzt í eigu sama aðila. Einkaréttur til nafns eða einkennis fellur úr gildi fimm árum eftir, að skip hefur verið afmáð af skipaskrá, ef eigandi heitisins eða einkennisins hefur ekki endurnýjað það á öðru skipi. Skipaskoðun ríkisins heldur skrá yfir nöfn og einkenni skipa, sem einkaréttur hefur verið veittur á, og birtir jafnóðum í Lögbirtingablaðinu allar einkaleyfisveitingar svo og í árlegri skipaskrá.

6. gr. hljóðar svo:

Um frumskráningu skips fer sem hér segir: Ný skip, sem smíðuð eru hér á landi, skal tilkynna Skipaskoðun ríkisins til skráningar, áður en þau eru tekin til notkunar. Önnur skip, sem óskráð eru hér á landi, skal tilkynna um leið og þau komast í eign íslenzks aðila samkvæmt 1. gr., enda fari ekki fram bráðabirgðaskráning samkvæmt 9. gr.

Eigandi skips eða eigendur senda Skipaskoðun ríkisins beiðni um skráningu, ritaða á eyðublaði frá stofnuninni, eins og getið er í 17. gr.

Skipaskoðunarstjóri ákveður, hvaða upplýsingar um skip, sem um getur í 4. gr., skuli vera í skráningarbeiðni, enda skal eyðublað fyrir beiðnina bera það með sér.

Fylgja skal skráningarbeiðni skipasmíðaskírteini eða annað eignarheimildarbréf skráningarbeiðanda. Ef notað skip er flutt hingað til lands frá útlöndum, skal fylgja vottorð hlutaðeigandi erlends skráningaryfirvalds um, að skipið hafi annaðhvort ekki verið skráð þar eða að öðrum kosti afmáð þar af skipaskrá.

Skipaskoðun ríkisins sendir hlutaðeigandi þinglýsingadómara tilkynningu um skráningu, þegar hún hefur farið fram.

Skipaskoðunarstjóri getur veitt leyfi og einkarétt til nafns skips og annarra einkenna, þó að skilyrði til skráningar séu ekki enn fyrir hendi.

7. gr. hljóðar svo:

Skipaskoðunarstjóri gefur út þjóðernisskírteini handa skráðum skipum, sem eru 30 rúmlestir brúttó eða stærri. Fari skip, sem er minna en 30 rúmlestir brúttó, milli Íslands og annarra landa, skal þjóðernisskírteini gefið út handa því.

Skráningarskyld skip, sem minni eru en 30 rúmlestir brúttó, skulu hafa mælibréf, eins og greinir í lögum um skipamælingar.

Í þjóðernisskírteini skal greina aðalmál skips, brúttó- og nettó-rúmlestatölu, gerð, nafn, heimahöfn, einkennisbókstafi, nafn eiganda eða eigenda og hvenær eign-

arskilríki er út gefið, nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild, hvenær hún er dagsett og hvar út gefin, svo og, sé um fiskiskip að ræða, umdæmisbókstafi og tölu.

8. gr. hljóðar svo:

Á hvert skráð skip, sem þjóðernisskírteini hlýtur, skal marka einkennisstafi þess á þiljubita við aðallestaropið, ef það má verða, en ella annars staðar, þar sem vel fer á því.

Setja skal nafn skips og heimili aftan á skip og nafnið á bóg þess. Ef skipið er fiskiskip, skal einnig setja umdæmisstafi og tölu á bóg þess.

Marka skal beggja megin að framan og aftan á skip, hversu djúpt það ristir í desimetrum.

Skipaskoðunarstjóri ákveður, hvernig haga skuli merkingu á skipum, sem minni eru en 30 rúmlestir brúttó.

Nafnbreytingu á skipi má því aðeins leyfa, að allir eigendur þess séu því samþykkir. Breyta má nafni á skipi, þegar eigendaskipti verða að því, en þó svo, að ekki fari í bága við einkarétt á nafni, sbr. 5. gr. Ella verður nafni skips ekki breytt, nema leyfi skipaskoðunarstjóra komi til. Þó að nafnbreyting verði, skulu einkennisstafir skips haldast óbreyttir.

Bannað er að leyna nafni skips eða heimili eða nema brott. Ekki má heldur merkja skip öðru nafni en það er skráð undir.

9. gr. hljóðar svo:

Nú er skip smíðað erlendis fyrir aðila, er hér má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og getur þá fulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands, sem til þess hefur fengið heimild, gefið út þjóðernisskírteini handa skipinu til bráðabirgða.

Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og hvers konar skip það sé.
2. Hvar og hvenær skip sé smíðað eða keypt og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt skipasmíðaskírteini eða öðru eignarheimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild.
4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um rúmlestatal skips, lögun þess og lýsingu.

Beiðni um útgáfu þjóðernisskírteinis til bráðabirgða skulu fylgja fullnægjandi gögn um atriði þau, sem greina skal í skírteininu, svo og vottorð hlutaðeigandi erlends skráningaryfirvalds um, að skipið hafi annaðhvort ekki verið skráð þar eða að öðrum kosti afmáð þar af skipaskrá.

Jafnskjótt sem fulltrúi Íslands gefur út þjóðernisskírteini, skal hann senda Skipaskoðun ríkisins staðfest endurrit af því og gögnum þeim, sem útgáfubeiðni fylgdu.

Bráðabirgðaþjóðernisskírteini skal gilda sem venjulegt þjóðernisskírteini, en þó eigi lengur en einn almanaksmánuð frá útgáfudegi, nema sérstök heimild skipaskoðunarstjóra komi til.

10. gr. hljóðar svo:

Þjóðernisskírteini skal ávallt fylgja skipi, enda skal sýna það yfirvöldum, þegar þess er krafizt.

Þegar skipstjóraskipti verða á íslenzku skipi, sem þjóðernisskírteini hefur hlotið, ritar lögskráningarstjóri, sbr. 22. gr. laga um lögskráningu sjómanna, nr. 63 29. marz 1961, nafn skipstjóra þess, er við tekur, á þjóðernisskírteini og getur jafnframt skipstjórnarheimildar hans. Sama gildir um fulltrúa Íslands erlendis, sbr. 9. gr., ef skipstjóraskipti verða í erlendri höfn. Að öðru leyti er bæði handhafa þjóðernisskírteinis og öllum öðrum en Skipaskoðun ríkisins bannað að rita nokkuð á skírteinin eða breyta nokkru í þeim.

12. gr. hljóðar svo:

Þegar nýr eigandi að skráðu skipi eða skipshluta lætur þinglýsa eignarheimild sinni, skal hann í viðurvist þinglýsingadómara birta beiðni um skráningu á viðeigandi eyðublaði, sbr. 17. gr. Þinglýsingadómari skal innan þriggja virkra daga senda Skipaskoðun ríkisins skráningarbeiðnina ásamt staðfestu endurriti af hinni þinglesnu eignarheimild.

Óheimilt er nýjum eiganda að láta lögskrá skipshöfn á skipið í sínu nafni, fyrr en skráningarbeiðnin hefur borizt Skipaskoðun ríkisins, skipið skráð á aðalskipaskrá og nauðsynleg skjöl gefin út því til handa, enda skulu þau sýnd lögskráningarmanni.

Þegar eigendaskipti verða samkvæmt framanskráðu, ber hinn fyrri eigandi ábyrgð á skoðunargjöldum vegna skipsins, unz umskráning hefur farið fram.

13. gr. hljóðar svo:

Ef eigandi skráðs skips vill fá því nýtt nafn eða nýtt heimilisfang, skal hann senda Skipaskoðun ríkisins tilkynningu um það, sbr. 17. gr. Óheimilt er að breyta nafni eða heimilisfangi, fyrr en Skipaskoðun ríkisins hefur skráð hið nýja nafn eða heimilisfang á aðalskipaskrá.

Nú er nafni skips eða heimilisfangi breytt á aðalskipaskrá, og tilkynnir Skipaskoðun ríkisins það þá þegar í stað þinglýsingadómara í því þinglýsingaumdæmi, þar sem skip á eða átti heimilisfang, en hann skal án tafar tilkynna breytinguna veðhöfum eða öðrum óbeinum rétthöfum í skipinu, ef þeir eru kunnir.

Nú veldur hið nýja heimilisfang því, að skip er flutt milli þinglýsingaumdæma, og skal Skipaskoðun ríkisins þá einnig tilkynna flutninginn þinglýsingadómara í því umdæmi, sem skip er flutt í. Þinglýsingadómari í því umdæmi, þar sem skipið átti áður heimilisfang, skal tafarlaust senda þinglýsingadómara í því umdæmi, sem skip er flutt í, staðfest endurrit af öllum þinglýstum skjölum, sem í gildi eru um skipið, og enn fremur eignar- og veðbókarvottorð. Skulu skjöl þessi þinglesin í hinu nýja umdæmi skipsins, enda rofna réttaráhrif þinglýsingar ekki vegna flutningsins. Fyrir hinn nýja þinglestur skal ekkert gjald greiða.

14. gr. hljóðar svo:

Nú verður breyting á einhverjum atriðum, sem skrá skal á aðalskipaskrá samkvæmt 4. gr., en er ekki þegar getið í 12. og 13. gr., og ber þá eiganda eða eigendum skips að tilkynna Skipaskoðun ríkisins breytinguna þegar í stað, sbr. 17. gr.

15. gr. hljóðar svo:

Afmá skal skip af aðalskipaskrá:

1. Ef það fullnægir ekki lengur þjóðernisskilyrðum 1. gr.
2. Ef það hefur farizt, svo að um sé kunnugt, og sömuleiðis ef það hefur horfið, án þess að til þess hafi spurzt í 6 mánuði.
3. Ef það er rifið, metið ónýtt eða ekki talið þess virði, að við það sé gert.
4. Ef það hefur legið ónotað í höfn eða skipalægi eða staðið á landi í 3 ár samfleytt hérlendis eða erlendis.
5. Ef um opinn bát er að ræða, og aðalskoðun hefur ekki farið fram á honum í 5 ár samfleytt.

Framangreind atriði skulu sönnuð með opinberu vottorði, skoðun eða á annan þann hátt, sem skipaskoðunarstjóri telur fullnægjandi.

Nú eru líkur til, að bætt verði úr skorti á þjóðernisskilyrðum, sbr. 1. tölul., að skipi verði bjargað eða það komi fram, sbr. 2. tölul., að gert verði við skip, sbr. 3. tölul., eða að skip verði að nýju tekið í notkun, sbr. 4. og 5 tölul., og getur skipaskoðunarstjóri þá ákveðið, að afmáningu skips af aðalskipaskrá skuli frestað um tiltekinn tíma, er hann metur eftir aðstæðum hverju sinni. Aldrei má þó veita lengri frest en 6 mánuði til að bæta úr skorti á þjóðernisskilyrðum.

Þegar eiganda skips verður kunnugt um einhver atriði, sem eiga að valda afmáningu þess af skipaskrá samkvæmt 1. mgr., skal hann þegar í stað tilkynna Skipaskoðun ríkisins það á viðeigandi eyðublaði, sbr. 17. gr. Ef skipið hefur hlotið þjóðernisskírteini, skal eigandi afhenda það Skipaskoðun ríkisins, nema glatað sé.

16. gr. hljóðar svo:

Nú er skip afmáð af aðalskipaskrá, og tilkynnir Skipaskoðun ríkisins það þá þegar í stað hlutaðeigandi þinglýsingadómara, en hann tilkynnir það án tafar þinglesnum rétthöfum í skipinu, sem um er kunnugt. Ef skipið er ekki fellt úr þinglýsingabókum, skal afmáningar af skipaskrá getið þar á blaði skips og einnig á veðbókarvottorðum um skipið.

17. gr. hljóðar svo:

Skráningarbeiðnir og tilkynningar samkvæmt 6. gr., 12. gr., 1. mgr. 13. gr., 14. gr. og 15. gr. skal rita á viðeigandi eyðublöð, sem Skipaskoðun ríkisins lætur í té og fá má hjá henni og þinglýsingadómurum.

18. gr. hljóðar svo:

Ef skipaskoðunarstjóri telur vafa leika á því, að skip fullnægi skilyrðum um skráningu hér á landi, eða hann telur einhver önnur atriði, sem skráningu varða, ekki nægilega í ljós leidd, getur hann æskt þess, að héraðsdómari rannsaki málið að hætti opinberra mála. Að rannsókn lokinni getur skipaskoðunarstjóri borið undir úrskurð ráðherra, hvernig með málið skuli fara.

Hvort sem rannsókn samkvæmt 1. mgr. hefur fram farið eða ekki, getur eigandi skips eða annar aðili, sem réttar hefur að gæta, en telur rétti sínum hallað með úrlausn skipaskoðunarstjóra eða ráðherra, borið mál sitt undir úrlausn dómstóla.

19. gr. hljóðar svo:

Skipaskoðunarstjóri getur, þegar sérstök ástæða er til, veitt skipi, sem heima á hér á landi, leiðarbréf til að fara hér hafna á milli, áður en það er skráð á aðalskipaskrá. Hefur þá leiðarbréf sama gildi hér á landi sem þjóðernisskírteini.

Skipaskoðunarstjóra er einnig heimilt, ef nauðsyn ber til að skip fari þegar til útlanda, að veita því þjóðernisskírteini til bráðabirgða til siglingar þangað, enda þótt eitthvað bresti á til þess, að skráning á aðalskipaskrá megi þegar fram fara.

23. gr. hljóðar svo:

Hver, sem í skráningarbeiðni eða tilkynningu til Skipaskoðunar ríkisins samkvæmt lögum þessum veitir rangar eða villandi upplýsingar eða skýrslur eða vanrækir að senda stofnuninni lögboðnar skráningarbeiðnir eða tilkynningar, skal sæta sektum, ekki minni en 10 000 krónum, eða varðhaldi.

Hver, sem lætur skip, sem skylt er að hafa þjóðernisskírteini, sigla án þess, sbr. 10. gr., skal sæta sektum, ekki minni en 4000 krónum. Sömu refsingu varðar að skila ekki þjóðernisskírteini, þegar slíkt er skylt, sbr. 11. og 15. gr. Enn varðar sömu refsingu að rita nokkuð á þjóðernisskírteini heimildarlaust, sbr. 10. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. gr. um notkun þjóðfána og brot gegn ákvæðum 5. gr. um einkarétt til nafns eða einkenna varða sektum.

Ed. **559. Frumvarp til laga** [48. mál]

um eftirlit með skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 50 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Skip skal telja óhaffært:

a. Ef gilt haffærissskírteini, hleðslumerkjaskírteini og, sé um farþegaskip að ræða, öryggisskírteini er ekki sýnt, þegar þess er krafizt af Skipaskoðun ríkisins eða trúnaðarmanni hennar.
b. Ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa.
c. Ef bol þess, búnaði, vél eða vélartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, það svo ofhlaðið mönnum eða munum, vanhlaðið, kjölfestulítið, illa birgt af vistum, vatni, kolum, olíu eða öðrum vélarnauðsynjum, sé það vélskip, eða af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að telja verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er við siglingar.

6. gr. hljóðar svo:

Nú tekur skip grunn, slæst við bryggju, verður fyrir árekstri eða það annað ber til, er ætla má, að af muni hljótast, að skipið verði óhaffært, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka tjón það, sem orðið hefur, með skoðunargerð á þeim stað, er henni verður fyrst við komið.

Skoðunarmenn Skipaskoðunar ríkisins skulu framkvæma skoðun, verði því komið við án verulegrar tafar, en annars skal hún gerð af sérfróðum mönnum, er sjódómur á þeim stað kveður til.

Ef svo ber við, að ekki verður náð til sérfróðra manna, þar sem skip er statt, skal skipstjóri, yfirvélstjóri og yfirstýrimaður ásamt tveimur mönnum, er skipshöfn velur, framkvæma bráðabirgðaskoðun á tjóninu. Ágrip af skoðunarskýrslunni skal ritað í eftirlitsbók skipsins og undirritað af þeim öllum, er hana önnuðust. Þar skal kveðið skýlaust á um haffæri skipsins. Afrit af því, sem bókað var, skal þá þegar sent Skipaskoðun ríkisins, og ákveður hún, hvort ný skoðun skuli fara fram.

7. gr. hljóðar svo:

Eftirlitsmönnum Skipaskoðunar ríkisins ber hverjum í sínu umdæmi að gæta þess, að fullnægt sé ákvæðum gildandi laga, tilskipana og reglugerða um öryggi skipa. Í því skyni ber þeim m. a. að athuga skip í umdæmi sínu, hleðslu þeirra og haffæri fyrirvaralaust, þegar hentugt þykir eða ástæða virðist til, einkum er skip kemur til hafnar eða fer úr höfn. Komi fram, að vafi leiki á því, hvort skip sé haffært samkvæmt lögum þessum, skal það stöðvað til bráðabirgða samkvæmt 10. gr., sbr. og 34. gr.

8. gr. hljóðar svo:

Eftirlitsmaður skal sjálfur annast allt eftirlit þar á svæði sínu, sem mest þörf er eftirlits á hverjum tíma árs. Ef erfiðleikar eru á því, að hann vegna fjarlægðar geti á sama tíma haft fullnægjandi eftirlit á öðrum stað eða öðrum stöðum á svæðinu, þar sem sérstök þörf er eftirlits, ber honum, að fengnu samþykki skipaskoðunarstjóra, að fela hæfum manni eftirlit þar, enda fullnægi hann skilyrðum þeim, sem sett eru um eftirlitsmenn.

9. gr. hljóðar svo:

Skipaskoðunarmenn annast allar skoðanir, er um ræðir í lögum þessum og tilskipunum og reglugerðum samkvæmt þeim, sem gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið á þar heimilisfang eða eigi.

Nú er um skoðun að ræða, er eftirlitsmaður telur þess eðlis, að meiri sérfræðilegrar þekkingar sé þörf, og kveður hann þá sérfróðan mann eða menn til aðstoðar skoðunarmönnum.

Ef þörf krefur, getur skipaskoðunarstjóri kvatt skoðunarmann til að framkvæma skoðun utan umdæmis síns.

10. gr. hljóðar svo:

Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sé þeim kröfum um öryggi skipa, sem gerðar eru í lögum þessum eða tilskipunum og reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Eftirlits- og skoðunarmenn skulu líta eftir umgengni og hreinlæti í vistarverum og forðageymslum, svo og lestum fiskiskipa. Skal þess sérstaklega gætt, að lestir fiskiskipa og báta séu vel hirtar og hreinar.

Að lokinni skoðun er skipaskoðunarmönnum skylt að sjá um, að bætt sé úr því, sem þeir telja áfátt. Telji skoðunarmenn eigi öruggt, að skip sé í förum, skulu þeir ekki láta skoðunarvottorð af hendi, en tilkynna útgerðarmanni eða skipstjóra, að vottorð verði eigi afhent, fyrr en úr göllunum sé bætt, enda skal og skipinu bannað að vera í förum. Um málið fer síðan samkvæmt VII. kafla.

Ef það, sem áfátt þykir, er þannig vaxið, að haffæri skips er óskert og eigi er hægt að bæta úr því þegar í stað, þar sem skipið er statt, skal skoðunarmaður gefa skipstjóra hæfilegan frest til þess að fullnægja gerðum kröfum, þó eigi lengri en 3 mánuði. Skrá skal í eftirlitsbók skips, hvers vant er, ástæður til frestveitingar og lengd frests.

Þegar frestur er liðinn, ber skoðunarmanni að ganga úr skugga um, að bætt hafi verið úr því, sem áfátt var. Hafi það eigi verið gert, ber honum tafarlaust að skýra eftirlitsmanni frá, og ákveður hann þá, hvort frestur skuli framlengdur eða hvort útgerðarmaður eða skipstjóri skuli sóttir til saka.

Verði ekki náð til skipsins, þegar fresturinn er útrunninn, skal eftirlitsmaður tilkynna skipaskoðunarstjóra málið, og ákveður hann þá, hvað gera skuli.

11. gr. hljóðar svo:

Verði skipaskoðunarmenn, lögreglumenn, hafnsögumenn, tollmenn, trúnaðarmenn stéttarfélaga sjómanna á staðnum, starfsmenn tryggingafélaga eða lögskráningarmenn varir við, að lög þessi séu brotin eða að brotnar séu reglugerðir, settar samkvæmt þeim, eða telji þeir sig hafa ástæðu til að ætla, að skip sé ekki haffært, skulu þeir tafarlaust gera næsta eftirlitsmanni aðvart, og skal hann þá að athuguðu máli gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt 7. gr.

Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva, er þeir eru að starfi sínu, þó þannig, að þeir skulu gera forstjóra stöðvarinnar aðvart. Athugar hann málið og snýr sér til eftirlitsmanns Skipaskoðunar ríkisins, ef hann telur ástæðu til.

15. gr. hljóðar svo:

Við aðalskoðun skal athuga vandlega allt öryggi skips, bæði sjálfs bols þess, þilfars og skilrúma, siglu og reiða, véla og vélatækja, búnaðar alls og áhalda, svo og allt annað, er lýtur að öryggi skips.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi og framvísað er gildu flokkunarskírteini, skal sú skoðun, sem fram fór á því til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, ef farið hefur verið eftir reglum, sem settar hafa verið samkvæmt Kaupmannahafnarsamþykktinni frá 28. jan.

1926 um haffæri og búnað skipa og um samvinnu milli viðurkenndra flokkunarfélaga og Skipaskoðunar ríkisins.

Nú hefur ríkisstjórnin viðurkennt flokkunarfélag, og ber þá að líta svo á, að reglur þær, sem félagið hefur sett um skip þau, er það hefur flokkað, gildi sem réttarreglur hér á landi um öll þau atriði, sem ekki er sérstaklega mælt fyrir um í íslenzkum lögum eða reglum.

16. gr. hljóðar svo:

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda eftirlitsmanni skýrslu um skoðunina eftir fyrirmynd, er skipaskoðunarstjóri setur. Eftirlitsmaður sendir síðan skipaskoðunarstjóra skýrsluna ásamt athugasemdum sínum.

Hafi skoðun leitt í ljós, að skip sé haffært, skal skipaskoðunarstjóri, eftirlitsmaður eða skoðunarmaður, sem til þess hefur fengið sérstaka heimild frá skipaskoðunarstjóra, gefa því haffærisskírteini. Skírteini þau, sem út skulu gefin samkvæmt alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á hafinu frá 17. júní 1960, skal þá skipaskoðunarstjóri gefa út.

17. gr. hljóðar svo:

Á haffærisskírteini skal skráð nafn skips, heimili, kallmerki, rúmlestatala brúttó og nettó, smíðastaður og ár, nafn eiganda, umdæmisbókstafir fiskiskipa, til hvaða ferða skírteinið gildir, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa, sem gerðar eru í lögum þessum eða tilskipunum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, enn fremur gildistími skírteinisins og útgáfudagur.

Haffærisskírteini skips skal gilda í eitt ár, enda glati skipið ekki rétti sínum til haffærisskírteinis á tímabilinu.

Skipaskoðunarstjóri getur framlengt gildi skírteinis um ákveðinn tíma, þó eigi lengur en 3 mánuði, enda sé eigi ástæða til að ætla, að skip sé ekki haffært. Er honum heimilt að fela slíka framlengingu öðrum opinberum aðila hverju sinni.

Haffærisskírteini skal fylgja skipsskjölunum og ávallt sýnt við tollafgreiðslur skips, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja, þegar um skip er að ræða, sem ekki er skylt að lögskrá á, svo og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum Skipaskoðunar ríkisins eða lögreglunni. Nú er sá tími, er skírteinið gildir, á enda, eða skoðun, er gerð skyldi á skipi á þeim tíma samkvæmt lögum þessum, er vanrækt, hvort sem er aðalskoðun eða aukaskoðun, eða það kemur í ljós við slíka skoðun, að skip sé óhaffært, og skal skip þá lagt í farbann, sbr. VII. kafla.

18. gr. hljóðar svo:

Aukaskoðun skal gerð:

a. Þegar skip hefur sætt verulegri viðgerð, en eigi kveður samt svo mikið að viðgerðinni, að aðalskoðun skyldi gera samkvæmt 14. gr.
b. Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, vélstjóri, meiri hluti skipshafnar eða stjórn stéttarfélags eða félaga sjómanna á staðnum krefst skoðunar. Krafa skal send eftirlitsmanni og vera skrifleg og rökstudd. Trúnaðarmenn Skipaskoðunar ríkisins eru bundnir þagnarheiti um, hver kært hefur, nema kæran hafi reynzt ástæðulaus. Þá skal Skipaskoðun ríkisins gefa upp þann aðila, sem kært hefur, ef útgerðarmaður krefst þess.
c. Þegar annars þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess.

Synji eftirlitsmaður um skoðun, þegar hennar er krafizt samkvæmt b-lið þessarar greinar, má skjóta málinu til skipaskoðunarstjóra.

20. gr. hljóðar svo:

Nú fer fram aukaskoðun eða skyndiskoðun á skipi, og getur þá skipaskoðunarstjóri ákveðið, að aðalskoðun skuli fara fram þá þegar, enda skal sú ákvörðun rökstudd.

21. gr. hljóðar svo:

Synji skipaskoðunarstjóri um skoðun, þegar hennar er krafizt samkvæmt b-lið 18. gr., eða telji einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, sig eigi geta unað úrslitum skoðunargerðar, getur sá, er telur sig vanhaldinn, stefnt ágreiningnum fyrir siglingadóm, sbr. 38. gr.

Dómurinn kveður endanlega á um, hvort skoðun eða eftir atvikum yfirskoðun skuli fara fram.

Dómurinn annast yfirskoðun sjálfur eða kveður til sérstaka yfirskoðunarmenn, ef þörf þykir. Þeir skulu vera þrír eða fimm eftir ákvörðun dómsins, sérfróðir, hæfir og óvilhallir menn, er fullnægja skilyrðum til þess að gegna embætti eða sýslan hér á landi.

Yfirskoðunargerð verður ekki haggað, ef hún hefur farið löglega fram. Hún skal staðfest með eiði eða drengskaparheiti, ef krafizt er af einhverjum þeim, er hlut á að máli.

22. gr. hljóðar svo:

Skip skal að jafnaði fullnægja skilyrðum þeim, sem hér segir:

A. Bolur, reiði og vélar.

1. Bolur og yfirbygging, reiði og reiðabúnaður og vélar skal vera nægilega sterkt og í góðu ástandi.
2. Í stálskipi skulu vera fullnægjandi vatnsþétt skilrúm.
3. Stýri og stýrisbúnaður, akkeri, keðjur, kaðlar og dælubúnaður skal vera fullnægjandi og í góðu ástandi.
4. Í skipi skulu vera varahlutir, verkfæri og önnur nauðsynleg áhöld.
5. Skip skal láta vel að stjórn og vera nægilega stöðugt, svo að því verði örugglega siglt.

Sé eigi annars getið í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal kröfum þeim, sem um ræðir í 1.—4. tölulið, að jafnaði talið fullnægt, ef skip fullnægir þeim kröfum, er flokkunarfélag, viðurkennt af ráðherra, gerir til þess á hverjum tíma, að slíkt skip nái 1. flokki, þegar gætt er tegundar þess og þeirra ferða, sem því eru ætlaðar.

B. Siglingatæki.

1. Skip skal búið þeim áhöldum og tækjum, sem nauðsynleg eru, til þess að því verði örugglega siglt, þar með talin fjarskiptatæki, sem fyrirskipuð eru eða kunna að verða.

Í skipi skal vera a. m. k. einn áttaviti og honum komið fyrir á öruggum stað.

Skipaskoðunarstjóri löggildir menn að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans til þess að rétta áttavita.

Skip skal búið þjóðfána.

C. Öryggisráðstafanir og eldvarnir.

1. Varnir gegn slysum, er leitt geta af venjulegri notkun skips, skulu vera í því horfi, að menn, sem dvelja eða vinna á skipsfjöl eða eru á leið úr skipi eða á, eigi ekki meiðsli á hættu, enda gæti þeir almennrar varfærni.

Auknar kröfur má gera um öryggi tækja, ef gallar á þeim valda sérstakri slysahættu.

2. Skip skulu búin tækjum til slökkvistarfa, og viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar gegn eldhættu.

D. Björgunartæki.

1. Skip skal búið traustum björgunartækjum, er komið sé fyrir á hentugum stöðum. Skal það ákveðið nánar í reglugerð.

E. Vistarverur.

1. Vistarverur skipverja og forðageymslur skips skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða í reglugerð um stærð, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, hreinlætistæki og viðhald.

   Reglur um rúmmál, gólfflöt og lofthæð skulu miðaðar við gerð skips og ferðir, sem því eru ætlaðar.

   Sérstök rekkja skal vera fyrir hvern skipverja.
2. Í reglugerð skal og kveða á um búnað skips að lyfjum og hjúkrunargögnum.
3. Reglugerðir, sem um ræðir í 1. og 2. tölulið, skulu settar af ráðherra að fengnu áliti landlæknis og skipaskoðunarstjóra.

F. Fjarskiptatæki.

1. Öll skip með þilfari skulu búin talstöð eða loftskeytastöð með ákveðnu lágmarksafli og ákveðnu öldusviði. Einn skipverja, að minnsta kosti, skal hafa starfræksluskírteini fyrir slíka stöð samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti.

   Stöðvar þessar eru háðar eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar, sem gefur út öryggisskírteini fyrir fjarskiptatækin í skipum, sem ekki falla undir ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um öryggi mannslífa á hafinu, sbr. 16. gr. laga þessara. Að lokinni skoðun tækjanna tilkynnir póst- og símamálastjórnin skipaskoðunarstjóra árangur skoðunar á þeim og annað varðandi þau, sem ástæða þykir til.

G. Eftirlitsbók.

1. Auk skjala þeirra og bóka, sem fyrirskipuð eru í öðrum lögum og reglugerðum, skulu skip hafa eftirlitsbók, sem í eru skráð vottorð eftirlits- og skoðunarmanna um framkvæmdar skoðunargerðir ásamt greinargerð skipstjóra og vélstjóra um framkvæmd þess eftirlits, sem á þeim hvílir, auk annarra upplýsinga um skipið, sem krafizt kann að verða.

   Gerð og færslu eftirlitsbókar skal hagað á þann hátt, er skipaskoðunarstjóri kveður á um.

H. Lög og reglur.

1. Eintak þessara laga ásamt reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu vera í skipi, svo og eintök annarra laga og reglna, eftir því sem boðið kann að vera.
2. Á þar til gerðum stöðum skal festa auglýsingar og leiðbeiningar um þau efni, er krafizt er, að þannig séu birt.

24. gr. hljóðar svo:

Farþegaskip, hvort heldur þau eru smíðuð til millilanda- eða strandsiglinga, skulu vera nægilega stöðug með alla farþega í annarri hliðinni á efsta þilfari, og er þá miðað við hæstu tölu farþega, sem hugsanlegt er, að skip flytji.

Að lokinni tæknilegri skoðun á stöðugleika skips skal skipaskoðunarstjóri ákveða í samráði við skipasmíðastöðina, hvernig úr skuli bætt, sé um ófullnægjandi stöðugleika að ræða.

25. gr. hljóðar svo:

Þegar skip, sem telst ekki farþegaskip samkvæmt lögum þessum, er að áliti skipaskoðunarstjóra notað til reglulegra farþegaflutninga, skal hann kveða á um það sérstaklega um hvert skip, hvers krafizt skuli um gerð þess og búnað. Þegar svo ber undir, að skip, sem ekki er farþegaskip, flytur annað fólk en skipverja, skulu settar sérreglur um aðbúð þeirra og öryggi.

26. gr. hljóðar svo:

A. Nýsmíði skipa.

1. Nýsmíði skipa er háð eftirliti Skipaskoðunar ríkisins. Sá, sem tekið hefur að sér smíði skips, skal senda skipaskoðunarstjóra tilkynningu þar um ásamt smíðalýsingu og uppdráttum þeim, sem skipaskoðunarstjóri telur nauðsynlega vegna eftirlitsins. Skulu uppdrættirnir vera í þríriti, nema skipaskoðunarstjóri telji færri nægja.
2. Um nýsmíði skipa fer eftir reglum, sem ráðherra setur, og þar sem þær ná ekki til, skulu ekki gerðar vægari kröfur en gerðar eru af viðurkenndum flokkunarfélögum um smíði skipa.
3. Þegar nýtt skip er smíðað, skipar skipaskoðunarstjóri skoðunarmann, sem hefur öruggt eftirlit með smíðinni af hálfu hins opinbera. Verði því við komið, skal skipa einn hinna föstu skoðunarmanna skipaeftirlitsins á staðnum, enda verði hann talinn óhlutdrægur. Enn fremur skulu sérfróðir starfsmenn Skipaskoðunar ríkisins ferðast milli skipasmíðastöðvanna samkvæmt ákvörðun skipaskoðunarstjóra, og skulu þeir leiðbeina við skipasmíðina, eftir því sem þörf krefur. Einnig skal skipaskoðunarstjóra heimilt að fela eftirlitið hæfum stofnunum eða einstaklingum.
4. Eigendum skipa, skipasmiðum eða skipaskoðunarstjóra er heimilt að fela einhverju hinna viðurkenndu flokkunarfélaga eftirlit með smíði skipa, annarra en tréskipa, enda sé skipið smíðað eftir reglum þeirra, að því leyti sem þær ná til.
5. Skipaskoðunarstjóri skal annast um, að skip fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru að alþjóðalögum og íslenzkum réttarreglum um öryggi skipa og búnað þeirra.

B. Breytingar á gömlum skipum.

1. Engar meiri háttar breytingar, sbr. a-lið 14. gr., má gera á gömlum skipum, án þess að sérstakt leyfi skipaskoðunarstjóra sé fengið fyrirfram. Allar breytingar og viðgerðir skipa, sem varða öryggi skips, skulu gerðar undir eftirliti Skipaskoðunar ríkisins, og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og um nýsmíði væri að ræða. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett með reglugerð.

C. Innflutningur skipa.

1. Skip, sem keypt eru frá útlöndum til skráningar hér á landi, skulu fullnægja íslenzkum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri.
2. Skoðun skal fara fram á skipi, áður en það er keypt, þó þarf skoðunin ekki að taka til þeirra atriða, sem hin viðurkenndu flokkunarfélög annast, ef það hefur gilt flokkunarskírteini.

   Skipaskoðunarstjóri framkvæmir skoðun þessa, en má fela hana hæfri stofnun eða einstaklingi.

   Er skipaskoðunarstjóri hefur fengið skoðunarskýrslu, kveður hann á um, hvort hann vilji mæla með innflutningi skips eða ekki. Því aðeins má hann mæla með innflutningi skips, að styrkleiki þess og búnaður jafnist í aðalatriðum við það, sem krafizt er í lögum þessum, og að það sé eigi eldra en 12 ára.

27. gr. hljóðar svo:

Undanþágu frá ákvæðum laganna getur ráðherra veitt skipum, sem eru sérstakrar gerðar, úr sérstöku efni eða með sérstökum vélabúnaði, svo og skipum, sem gerð eru til sérstakra ferða í sérstökum tilgangi.

Undanþágu samkvæmt grein þessari má því aðeins veita, að skipaskoðunarstjóri mæli með henni, enda er honum heimilt, ef hann telur ástæðu til, að leita umsagnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambandsins.

29. gr. hljóðar svo:

Þau íslenzk skip, sem hleðslumerkjasamþykkt, gerð í London 5. apríl 1966, nær til, skulu hafa alþjóða-hleðslumerkjaskírteini.

Ráðherra setur reglur um hleðslu annarra íslenzkra skipa.

Skipaskoðunarstjóri ákveður hleðslumerki skipa og gefur út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt samþykkt þeirri, er um ræðir í 1. mgr., og reglum, er ráðherra setur.

31. gr. hljóðar svo:

Á skip, sem eru 30 rúmlestir brúttó eða stærri, skal marka beggja megin að framan og aftan, hversu djúpt skipið ristir í desimetrum.

Skipaskoðunarstjóri getur ákveðið, að djúpristumörk skuli sett á skip, þótt minna sé en að framan greinir, og hvernig þeirri mörkun skuli hagað.

32. gr. hljóðar svo:

Hleðslumerkjaskírteini skal fylgja skipsskjölum og ávallt sýnt bæði við tollafgreiðslu og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum Skipaskoðunar ríkisins, sbr. III. kafla, eða lögreglunni.

Hafi skip hleðslumerkjaskírteini, útgefið af þar til bærum erlendum stjórnarvöldum í ríki, sem er aðili að alþjóðasamþykkt um hleðslumerki, gerðri í London 5. apríl 1966, eða viðurkenndu flokkunarfélagi, getur skipaskoðunarstjóri veitt því íslenzkt hleðslumerkjaskírteini í þess stað, án þess að láta mælingu þá eða skoðun, er með þarf til ákvörðunar hleðslumerkja, fara fram.

Nú er skipi breytt þannig, að hleðsluborð þess breytist að dómi skipaskoðunarstjóra, og er þá hleðslumerkjaskírteini þess úr gildi fallið.

33. gr. hljóðar svo:

Um flutning á hættulegum varningi og lausu korni skal farið eftir alþjóðareglum.

Um fermingu, flutning og affermingu farms að öðru leyti setur ráðherra reglur að fengnu áliti skipaskoðunarstjóra, þar á meðal um flutning á dýrum.

35. gr. hljóðar svo:

Skipaskoðunarstjóri skal fella farbann skips úr gildi, ef hann telur það ekki á rökum reist, en telji hann bannið nægilega rökstutt, staðfestir hann það og sendir skipstjóra eða eftir atvikum útgerðarmanni rökstuddan úrskurð sinn.

Telji skipaskoðunarstjóri gögn skorta, sér hann um, að þeirra verði aflað.

37. gr. hljóðar svo:

Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig:

Dómsmálaráðherra skipar formann dómsins og varaformann til 6 ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Þá skipar dómsmálaráðherra 12 meðdómendur og 6 varameðdómendur, alla til 6 ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi í utanlandssiglingum.

2. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi og annar þeirra á diesel-skipi.
3. Tveir skulu vera eða hafa verið sjómenn, án þess þó að vera eða hafa verið skipstjórar, stýrimenn, vélstjórar eða loftskeytamenn síðastliðin 5 ár.
4. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði skipa.
5. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði véla.
6. Tveir skulu vera sérfróðir um fiskiðtæki.

Einn varamann skal skipa fyrir hverja starfsgrein.

Embættis- og sýslunarmenn Skipaskoðunar ríkisins geta ekki verið dómendur.

Fastir dómendur eru: Formaður dómsins, annar þeirra skipstjóra, sem tilnefndir hafa verið, og annar sjómannanna (sbr. 3. lið).

Formaður dómsins kveður fasta dómendur úr flokki hinna skipuðu dómenda, og gildir sú kvaðning, þar til dómurinn er skipaður næst.

Í meðferð hvers máls taka þátt hinir föstu dómendur og tveir úr flokki aukadómendanna, valdir í hvert skipti af föstu dómendunum, eftir því hverrar sérþekkingar er þörf.

Dómendur siglingadóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.

38. gr. hljóðar svo:

Hlutverk siglingadóms er:

1. Að skera úr um, hvort skoðun á skipi skuli fram fara, annast yfirskoðunargerðir og kveðja yfirskoðunarmenn, eins og nánar greinir í 21. gr.
2. Að skera úr um, hvort farbann skuli lagt á skip, og dæma um gildi farbanns, svo sem getið er í 37. gr.
3. Að fara með dómstörf í opinberum málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum í samræmi við ákvæði 40. gr.
4. Að birta árlega niðurstöður rannsókna á sjóslysum.

39. gr. hljóðar svo:

Hinir reglulegu sjódómar annast sjópróf samkvæmt 39. gr. siglingalaga, nr. 66 31. des. 1963. Skulu prófin fara fram að hætti opinberra mála.

Þegar sjópróf skal halda, ber formanni sjódóms að gera eftirlitsmanni Skipaskoðunar ríkisins í því umdæmi, þar sem próf er haldið, aðvart um það.

Eftirlitsmanni ber að mæta eða láta mæta við sjópróf, ef um er að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón á skipi eða veruleg meiðsli manna. Skal honum heimilt að kynna sér málsskjöl, bera fram tillögur um rannsókn málsins, spyrja vitni með milligöngu dómara eða beint með samþykki hans og að fara fram á þær bókanir, sem hann telur nauðsynlegar.

Eftirlitsmanni ber að hefjast handa um, að sjópróf sé haldið, ef hann telur ástæðu til eða þess er krafizt af aðilum þeim, sem taldir eru í b-lið 18. gr. Hann getur og krafizt framhaldsprófs, ef honum þykir þess þörf.

Að sjóprófi loknu skal formaður sjódóms senda skipaskoðunarstjóra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Sjómannasambandi Íslands eftirrit af því.

41. gr. hljóðar svo:

Áður en saksóknari ákveður höfðun opinbers máls út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum, skal hann jafnan leita umsagnar skipaskoðunarstjóra. Ber skipaskoðunarstjóra að láta í té rökstudda umsögn og tillögur, svo fljótt sem verða má.

Embætti saksóknara skal láta Skipaskoðun ríkisins í té eftirrit dóma, dómsgerða og annarra gagna í málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum.

42. gr. hljóðar svo:

Málum, sem höfðuð eru samkvæmt 21. eða 36. gr. laga þessara, skal beint gegn skipaskoðunarstjóra. Þeim skal hraðað, svo sem föng eru á. Sérstaklega skal hraða máli, svo sem unnt er, þegar úrskurða skal um farbann. Þeim úrskurði, sem skal vera rökstuddur, verður ekki áfrýjað.

Frestir reiknast sem aðilar væru búsettir innan sömu þinghár. Um málið fer að öðru leyti sem venjuleg sjódómsmál.

Skaðabótamál vegna ólöglegs farbanns ber undir almenna dómstóla.

Bótaréttur gegn ríkissjóði fellur niður, ef mál er eigi höfðað innan tveggja mánaða, frá því er siglingadómur hefur kveðið á um gildi farbanns.

44.—59. gr. hljóða svo:

44. gr.

Ráðherra skipar 5 menn í rannsóknarnefnd sjóslysa, til 6 ára í senn, fjóra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Slysavarnafélags Íslands, og formann, sem ráðherra skipar án tilnefningar.

Hlutverk rannsóknarnefndar sjóslysa er að fylgjast eftir föngum með starfi sjódóma, safna saman upplýsingum, sem skýrt geta eða upplýst orsakir sjóslysa, miðla slíkum upplýsingum til sjómannaskóla, sjómanna og útgerðarmanna og gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr slysahættu á sjó.

45. gr.

Rannsóknarnefnd sjóslysa ræður í þjónustu sína siglingafróðan mann, sem hefur það verkefni að upplýsa orsakir sjóslysa og koma á framfæri leiðbeiningum um slysavarnir og varúðarráðstafanir.

Ber starfsmanni nefndarinnar að mæta við sjópróf, ef um er að ræða manntjón eða veruleg meiðsli manna. Skal starfsmaður í samráði við nefndina og skólastjóra sjómannaskóla landsins skipuleggja meðal sjómannaefna kennslu í slysavörnum, er miðist við að skýra helztu orsakir sjóslysa hér við land og hvernig unnt sé að forðast þau. Verksvið starfsmanns rannsóknarnefndar sjóslysa ákvarðast nánar með reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum nefndarinnar.

46. gr.

Ráðherra ákveður laun starfsmanns rannsóknarnefndar sjóslysa að fengnum tillögum nefndarinnar. Ferðakostnaður starfsmanns og önnur nauðsynleg útgjöld rannsóknarnefndar sjóslysa greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

47. gr.

Fyrir skoðanir á skipum, eimkötlum, mælingu á skipum, útgáfu skírteina, endurskoðun smíðauppdrátta og aðrar skoðanir skal eigandi greiða gjöld til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur. Þar skulu einnig sett ákvæði um fyrirkomulag innheimtu gjaldanna.

Gjöldunum fylgir lögveð í skipi, jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi í eitt ár frá því, er gjald var kræft.

48. gr.

Telji gjaldandi gjald ranglega krafið eða of hátt, getur hann leitað úrskurðar skipaskoðunarstjóra, og skal þá greiða gjaldið samkvæmt honum. Gjaldandi getur þó á næstu þremur mánuðum frá því, er honum varð kunnugt um úrskurðinn, skotið honum til dómstóla.

Skipaskoðunarstjóri er í fyrirsvari fyrir ríkissjóð í framangreindum málum.
Réttargjöld í málum samkvæmt þessari grein eru hin sömu og í einkamálum.

49. gr.

Ef eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, annar yfirmaður skips eða loftskeytamaður brýtur í verki eða með vítaverðri vanrækslu gegn fyrirmælum í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, varðar það sektum eða varðhaldi. Dæma má fangelsisrefsingu, ef um stórfellt brot er að ræða.

Nú er skipi, sem eigi hefur haffærisskírteini eða farbann hvílir á, lagt úr höfn, eða skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, og skal þá ekki beita vægari refsingu en varðhaldi.

50. gr.

Ef maður, sem hefur fengið opinbera viðurkenningu eða próf sem smiður skips, vélar þess eða búnaðar, vanrækir af ásetningi eða vítaverðu gáleysi störf sín samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, varðar það hann refsingu eftir ákvæðum 1. mgr. 49. gr.

51. gr.

Um brot samkvæmt 49. og 50. gr. skal beitt reglum almennra hegningarlaga um hlutdeild.

Nú er brot framið með verknaði, sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum, og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

52. gr.

Þegar um brot er að ræða samkvæmt 49. gr., má svipta sökunaut rétti til skipstjórnar, stýrimennsku, vélstjórnar eða loftskeytamannsstarfs um ákveðinn tíma, er eigi sé skemmri en 3 mánuðir.

Nú er dæmd refsing samkvæmt 2. mgr. 49. gr. eða brot er að öðru leyti sérstaklega stórfellt eða ítrekað, og skal þá beita réttindasviptingu í 6 mánuði og allt að 5 árum eða ævilangt.

Dæma má sökunaut samkvæmt 50. gr. réttindasviptingu um ákveðinn tíma, er eigi sé skemmri en 3 mánuðir.

53. gr.

Svipting réttinda samkvæmt 52. gr. skal gerð með dómi. Sá, er réttindum hefur verið sviptur, skal afhenda lögreglunni réttindaskírteini sitt.

Réttindasvipting skal tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

54. gr.

Þegar þrjú ár að minnsta kosti eru liðin frá því, að réttindasvipting var dæmd, getur dómsmálaráðherra, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt dómfellda réttindin aftur, enda þótt sá tími, sem til er tekinn í dóminum, sé eigi liðinn.

Endurveiting réttinda samkvæmt 1. mgr. er þó því aðeins heimil, að skipaskoðunarstjóri og siglingadómur mæli með því.

55. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Þeim fylgir lögveð í skipi og búnaði þess jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi.

Aðför skal reynd fyrir sekt, áður en til afplánunar kemur.

Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sökunauts.

56. gr.

Lög þessi raska í engu ákvæðum 24. gr. áfengislaga, nr. 82 2. júlí 1969, að því er snertir viðurlög, ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

57. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, lög nr. 24 7. apríl 1962, um breytingu á þeim lögum, svo og önnur þau ákvæði, sem eigi fá samrýmzt lögum þessum.

58. gr.

Reglugerðir og reglur, sem út hafa verið gefnar samkvæmt lögum nr. 50 31. júlí 1959 eða eldri lögum um eftirlit með skipum, halda gildi sínu, þar til nýjar reglugerðir hafa verið settar.

59. gr.

Auk þess, sem getið er í einstökum greinum, er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um einstök ákvæði laganna og framkvæmd þeirra, enda sé tillagna skipaskoðunarstjóra leitað. Í slíkar reglugerðir má og setja refsiákvæði innan þeirra marka, er lög þessi setja.

Sþ. 560. Frumvarp til laga [146. mál]

um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 243 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

3. gr. laganna orðist svo:

Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenzka togara, íslenzk farskip, sem notuð eru til farþegaflutninga eða vöruflutninga, og á íslenzk varðskip, nema yfirmenn á farskipum, sem tryggðir skulu í lífeyrissjóðum, sem skipafélögin eru aðilar að. Yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna skulu tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Heimilt er þó útgerð farskipa að tryggja yfirmönnum lífeyrissjóðsréttindi í sjóði þessum, ef samkomulag næst um það við stéttarfélög yfirmanna.

Sjóðfélagar eru enn fremur þeir sjómenn og beitingamenn, sem lögskráðir eru á íslenzk vélskip, 12 lesta eða stærri, er stunda veiðar með línu, netum, botnvörpu, dragnót, humarvörpu, þorskveiðar með hringnót, lúðuveiðar með línu, síld- og loðnuveiðar, svo og aðrar veiðar, ef í samningum milli félaga sjómanna og útvegsmanna eru ákvæði um lífeyrissjóðsréttindi frá 1. janúar 1970 eða síðar. Sama gildir, ef slík skip eru notuð til flutninga innanlands, flutninga á ísvörðum fiski eða verið er að flytja þau milli landa eða milli staða innanlands. Undanþágu frá þátttöku samkvæmt þessari málsgrein skal þó veita fyrstu 4 mánuðina, sem viðkomandi starfsmaður er hjá sömu útgerð, enda leggi hann fyrir skráningarstjóra skriflega beiðni um slíka undanþágu og eigi ekki réttindi í sjóðnum vegna fyrra tímabils. Ráðherra skal ákveða, að sjómenn, sem þessi mgr. tekur til og lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, skuli vera utan við sjóðinn, ef fram kæmu um það óskir frá félögum sjómanna og útvegsmanna á þeim stöðum og forsvaranlega er frá lífeyrissjóðsmálum hlutaðeigandi manna gengið.

Sjóðfélögum samkvæmt 2. málsgr., sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka, ef þeir hefja störf í landi við útgerð. Stjórn sjóðsins setur reglur um iðgjaldagreiðslur í slíkum tilvikum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja starfsmenn sína í sjóði þessum. Sömuleiðis er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa útgerð farskipa, varðskipa og togara að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð, flokkunarviðgerð, eða að öðrum störfum í þágu útgerðar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma, sem úr hefur fallið af þessum sökum, og ákveður stjórn sjóðsins iðgjald. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða iðgjald, er samsvari meðaltekjum togarasjómanna, ef togari tekur upp um skamman tíma aðrar veiðar en togveiðar.

6. gr. hljóðar svo:

11. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af launum, og greiðir sjóðfélagi 4%, en launagreiðandi 6%.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga samkvæmt 1. málsgr. 3. gr. skulu reiknast af heildarlaunum, er sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda. Skulu launagreiðendur halda iðgjöldum sjóðfélaga eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta beint til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga samkvæmt 2. málsgr. 3. gr. skulu á árinu 1970 miðast við eftirfarandi mánaðarlaun:

Fyrir skipstjóra	kr. 20 000.00
Fyrir 1. stýrimann og 1. vélstjóra	— 18 000.00
Fyrir 2. stýrimann, 2. og 3. vélstjóra, netamann og matsvein	— 16 000.00
Fyrir háseta	— 14 000.00

Fjárhæðir þessar skulu síðan ákveðnar í desembermánuði ár hvert fyrir fram fyrir eitt ár í senn og breytast í sama hlutfalli og kauptrygging háseta hefur hækkað frá árslokum 1969, þó þannig, að jafnan séu fjárhæðirnar reiknaðar í heilum tugum króna.

Iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt næstu málsgrein hér á undan skulu launagreiðendur halda eftir af launum og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta beint til sjóðsins innan 30 daga frá lokum hvers kauptryggingartímabils.

Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar, skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip, ef krafa kemur fram um það af hálfu sjóðsstjórnar.

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Nd. 561. Frumvarp til laga [217. mál]

um framkvæmd alþjóðasamnings um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70)

1. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um framkvæmd alþjóðasamnings um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, sem undirritaður var í Washington hinn 8. febrúar

1949, ásamt bókunum frá 25. júní 1956, 24. apríl 1961, 15. júlí 1963, 29. nóvember 1965 og 1. október 1969.

Samningurinn ásamt bókunum er prentaður í þýðingu á íslenzku með lögum þessum.

2. gr.

Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða sektum frá 500.00 til 20 000.00 krónum.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþjóðasamningur þessi var undirritaður fyrir Íslands hönd hinn 8. febrúar 1949 og fullgildingarskjal varðandi hann afhent 9. febrúar 1950. Gekk samningurinn í gildi 3. júlí 1950. Texti hans var birtur með auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 26/1950. Ísland er einnig aðili að öllum þeim bókunum, sem taldar eru í 1. gr. frumvarpsins.

Nauðsynlegt er að gefa út reglugerð til að framfylgja ákvæðum samningsins, eins og þau eru eftir breytingu þá, sem gerð var hinn 1. október 1969, og er frumvarpið við það miðað. Hliðstæð lögfesting fór fram með lögum nr. 14 30. marz 1969, þar sem lögfest eru ákvæði alþjóðasamningsins frá 24. janúar 1959, um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafsins.

Fylgiskjal.

Alþjóðasamningur um fiskveiðar á norð-vestur Atlantshafi.

Ríkisstjórnir þær, sem hafa verulegra hagsmuna að gæta varðandi viðhald fiskistofnanna í norð-vestur Atlantshafi, og sem hafa látið sérstaka fulltrúa sína rita hér undir, hafa ákveðið að gera með sér samning um rannsóknir, vernd og viðhald fiskistofnanna í norð-vestur Atlantshafi, svo unnt verði að fá stöðugan hámarksafla úr þessum fiskstofnum, og hafa í því skyni, fyrir atbeina sérstakra fulltrúa sinna, komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

1. Það svæði, sem þessi samningur nær til, hér á eftir nefnt „samningssvæðið", er öll þau hafsvæði, að undanskilinni landhelgi, sem markast af línu, sem dregin er fyrst frá stað á strönd Rhode Island á 71°40′ v.lgd.; þaðan í suður til 39°00′ n.br.; þaðan í austur til 42°00′ v.lgd.; þaðan í norður til 59°00′ n.br.; þaðan í vestur til 44°00′ v.lgd.; þaðan í norður til Grænlandsstrandar; þaðan meðfram vesturströnd Grænlands til 78°10′ n.br.; þaðan suður á bóginn til 75°00′ n.br. og 73°30′ v.lgd.; þaðan eftir kompásstriki til 69°00′ n.br. og 59°00′ v.lgd.; þaðan í suður til 61°00′ n.br.; þaðan í vestur til 64°30′ v.lgd.; þaðan suður til Labradorstrandar; þaðan í suðlæga átt eftir strönd Labrador til suðurlandamarka þess og Quebeck; þaðan í vestlæga átt eftir strönd Quebeck og í austlæga og suðlæga átt eftir ströndum New Brunswick, Nova Scotia og Cape Breton Island til Cabot Strait; þaðan eftir ströndum Cape Breton Island, Nova Scotia, New Brunswick, Maine, Hampshire, Massachusetts og Rhode Island til upphafsstaðar.

2. Ekkert ákvæði samnings þessa skal talið hafa neikvæð áhrif á (skerða) kröfur samningsríkjanna, að því er varðar mörk landhelginnar, eða að því er varðar fiskveiðilögsögu strandríkis.

3. Samningssvæðinu skal skipta í fimm deilisvæði, og skulu mörk þeirra vera þau, sem ákvörðuð eru í fylgiskjali samnings þessa, þó með þeim breytingum, sem gerðar kunna að vera í samræmi við ákvæði 6. gr. 2. mgr.

2. gr.

1. Samningsríkin skulu setja á stofn og hafa starfandi nefnd, sem vinnur að markmiðum samningsins. Nefnd þessi skal kallast Norðvesturatlantshafsfiskveiðanefndin, hér eftir kölluð „nefndin".

2. Sérhvert samningsríki hefur rétt til þess að tilnefna allt að þrjá fastafulltrúa í nefndina og einn eða fleiri sérfræðinga eða ráðunauta til þess að aðstoða fulltrúa sinn, eða sína.

3. Nefndin skal kjósa formann og varaformann úr sínum hópi, og skulu þeir hvor um sig gegna því embætti í tvö ár. Heimilt er að endurkjósa þá, en ekki fyrir næsta kjörtímabil þar á eftir. Formaðurinn og varaformaðurinn verða að vera fastafulltrúar einhverra tveggja samningsríkja.

4. Aðsetur nefndarinnar skal vera í Norður-Ameríku, á þeim stað, sem nefndin velur.

5. Nefndin skal halda reglulegan ársfund á aðsetursstað sínum, eða á þeim stað í Norður-Ameríku, sem nefndin kemur sér saman um.

6. Formaðurinn getur jafnan kvatt nefndina saman til annarra funda á þeim stað og tíma, sem hann ákveður, samkvæmt ósk fastafulltrúa samningsríkis, sé sú ósk studd af fastafulltrúum tveggja annarra samningsríkja, þar á meðal fastafulltrúa Norður-Ameríku ríkis.

7. Sérhvert samningsríki skal fara með eitt atkvæði og getur hver og einn fastafulltrúi þess ríkis greitt það atkvæði. Tvo þriðju hluta atkvæða allra samningsríkja þarf til ákvarðana nefndarinnar.

8. Nefndin skal samþykkja, og breyta eftir þörfum, fjármálareglur og ákvæði og reglugerðir um fundarsköp sín og framkvæmd starfa sinna og skyldna.

3. gr.

1. Nefndin skal skipa sér framkvæmdastjóra eftir þeim reglum og með þeim kjörum, sem hún ákveður.

2. Starfslið nefndarinnar skal skipað af framkvæmdastjóranum í samræmi við þau ákvæði og reglur, sem nefndin ákveður og heimilar.

3. Framkvæmdastjórinn skal, undir almennu eftirliti nefndarinnar, hafa fullt vald yfir starfsfólkinu, og skal rækja þau önnur störf, sem nefndin ákveður.

4. gr.

1. Samningsríkin skulu stofna og hafa starfandi svæðisnefnd fyrir sérhvert deilisvæði það, sem fjallað er um í 1. gr., til þess að framkvæma markmið samningsins. Sérhvert samningsríki, sem aðild á að svæðisnefnd, skal hafa þar af sinni hálfu fastafulltrúa sinn, einn eða fleiri, sem njóta mega liðsinnis sérfræðinga eða ráðunauta. Sérhver svæðisnefnd skal kjósa úr sínum hópi formann, sem gegna skal embætti í tvö ár og heimilt er að endurkjósa, en þó ekki fyrir næsta kjörtímabil þar á eftir.

2. Eftir að samningur þessi hefur verið í gildi í tvö ár, en þó ekki fyrr, skal aðild að svæðisnefndinni endurskoðuð árlega af nefndinni, sem hafa skal vald til þess, í samráði við þá svæðisnefnd, sem hér á hlut að máli, að ákveða aðild að hverri svæðisnefnd á grundvelli verulegra fiskveiða fram að þeim tíma á því deilisvæði, sem um er að ræða, að því er tekur til tegunda af þorskættinni (**Gadiformes**), af flatfiskaættinni (**Pleuronectiformes**) og af karfaættinni (**genus Sebastes**). Hér gildir þó sú undantekning, að sérhvert samningsríki, sem á strendur að deilisvæði, skal hafa rétt til aðildar í svæðisnefnd þess deilisvæðis.

3. Sérhver svæðisnefnd getur samþykkt, og breytt eftir því sem nauðsyn krefur, reglur um fundarsköp á fundum sínum og ákvæði varðandi framkvæmd starfa og verkefna sinna.

4. Sérhvert samningsríki, sem aðild á að svæðisnefnd, skal hafa eitt atkvæði, sem fastafulltrúi ríkisins fer með. Tvo þriðju hluta atkvæða allra samningsríkja, sem aðild eiga að svæðisnefndinni, þarf til ákvarðana svæðisnefndarinnar.

5. Fastafulltrúar samningsríkja, sem ekki eiga aðild að tilgreindri svæðisnefnd, skulu hafa rétt til þess að sitja fundi slíkrar nefndar sem áheyrnarfulltrúar, og mega hafa í för með sér sérfræðinga og áheyrnarfulltrúa.

6. Svæðisnefndirnar skulu, við framkvæmd skyldustarfa sinna, njóta liðsinnis framkvæmdastjórans og starfsliðs nefndarinnar.

5. gr.

1. Sérhverju samningsríki er heimilt að koma á fót ráðgjafanefnd, sem í eiga sæti þeir, sem góða þekkingu hafa á fiskveiðivandamálum í norð-vestur Atlantshafi þar á meðal sjómenn, útgerðarmenn og aðrir. Einn eða fleiri fulltrúar úr ráðgjafanefnd mega, með samþykki hlutaðeigandi samningsríkja, sitja sem áheyrnarfulltrúar, alla aðra en framkvæmdafundi nefndarinnar og fundi þeirra svæðisnefnda, sem ríki þeirra á aðild að.

2. Fastafulltrúum sérhvers samningsríkis er heimilt að halda opinbera rannsóknafundi innan þeirra landssvæða, sem þeir eru fulltrúar fyrir.

6. gr.

1. Á sviði vísindarannsókna skal nefndin vera ábyrg fyrir öflun og flokkun þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru til þess að viðhalda þeim fiskistofnum, sem alþjóðlegar fiskveiðar á samningssvæðinu byggjast á. Nefndinni er heimilt, fyrir atbeina, eða í samvinnu við stofnanir samningsríkjanna, eða við aðrar opinberar eða einkastofnanir eða samtök, eða að eigin frumkvæði, þegar nauðsyn krefur, að:

a) gera þær rannsóknir, sem hún telur nauðsynlegar á magni, lífi og umhverfissambandi sérhverrar tegundar fiska og sjávardýra hvar sem er í norð-vestur Atlantshafi;
b) safna tölfræðilegum upplýsingum, og skilgreina þær, varðandi ástand og horfur fiskistofnanna í norð-vestur Atlantshafi;
c) kanna og meta upplýsingar um leiðir til að viðhalda og auka fiskistofnana í norð-vestur Atlantshafi;
d) efna til eða eiga þátt í rannsóknafundum, sem reynast kunna gagnlegir eða nauðsynlegir í sambandi við öflun ítarlegra staðreynda og upplýsinga, sem nauðsynlegar eru til að koma ákvæðum samnings þessa í framkvæmd;
e) stunda fiskveiðar á samningssvæðinu, hvenær sem er, í vísindarannsóknaskyni;
f) gefa út, og dreifa á annan hátt, skýrslum um niðurstöður sínar og tölfræðilegum, vísindalegum og öðrum upplýsingum, sem lúta að fiskistofnunum í norð-vestur Atlantshafi, ásamt öðrum þeim skýrslum, sem koma undir ákvæði samnings þessa.

2. Nefndinni er heimilt að breyta mörkum deilisvæðanna, svo sem þau eru ákveðin í fylgiskjali, ef fyrir liggur einróma ályktun þeirrar svæðisnefndar, sem í hlut á. Sérhverja slíka breytingu skal þegar í stað tilkynna vörzluríkinu, sem skýrir samningsríkjunum frá henni, og skal deilisvæðunum, sem greind eru í fylgiskjalinu, breytt hér til samræmis.

3. Samningsríkin skulu láta nefndinni í té þær tölfræðilegu upplýsingar, sem getið er í 1. mgr. b) þessarar greinar, í því formi og á þeim tíma, sem nefndin óskar.

7. gr.

1. Sérhver svæðisnefnd, sem stofnuð er samkvæmt 6. gr., skal hafa það hlutverk að fylgjast með ástandi fiskistofnanna á deilisvæði sínu, og þeim vísindalegu og annars konar upplýsingum, sem þá varða.

2. Sérhver svæðisnefnd getur, á grundvelli vísindarannsókna, samþykkt ályktanir til nefndarinnar um sameiginlegar aðgjörðir samningsríkjanna varðandi þau atriði, sem greind eru í 1. mgr. 8. gr.

3. Sérhver svæðisnefnd getur lagt til við nefndina, að kannanir og rannsóknir skuli gerðar innan gildissviðs samningsins, sem taldar eru nauðsynlegar til öflunar staðreynda og upplýsinga, sem varða deilisvæði hennar.

4. Hver og ein svæðisnefnd getur gert ályktanir til nefndarinnar um breytingu marka deilisvæðisins, svo sem þau eru ákveðin í fylgiskjali.

5. Sérhver svæðisnefnd skal rannsaka og gefa nefndinni skýrslu um hvert og eitt það mál, sem nefndin leggur fyrir hana.

6. Svæðisnefnd skal ekki stofna til neinna útgjalda, nema samkvæmt fyrirmælum frá nefndinni.

8. gr.

1. Nefndin getur, samkvæmt ályktunum einnar eða fleiri svæðisnefndar og á grundvelli vísindarannsókna, sent vörzluríkinu tillögur um sameiginlegar aðgjörðir samningsríkjanna, sem miða að því, að stofnar þeirra fiskitegunda, sem alþjóðlegar fiskveiðar á samningssvæðinu byggjast á, séu til staðar í því magni, sem gerir stöðugan hámarksafla mögulegan. Getur hún gert það, að því er tekur til slíkra fiskitegunda, með því að beita einni eða fleirum eftirtalinna ráðstafana:

a) heimilað eða bannað veiðar á tilteknum timabilum;
b) bannað veiðar á þeim hlutum deilisvæðis, sem hlutaðeigandi svæðisnefnd telur vera hrygningasvæði eða stöðvar ungfisks eða ókynþroska fisks;
c) ákveðið stærðartakmarkanir fyrir hverja fiskitegund sem er;
d) sett ákvæði um, hvaða veiðarfæri og tæki eru bönnuð;
e) sett ákvæði um hámarksheildarafla hverrar fisktegundar, sem er.

2. Nefndin skal kynna sér sérhverja ályktun og að því búnu skal nefndin gera annað af tvennu:

a) senda ályktunina sem tillögu til vörzluríkisins með þeim breytingum eða uppástungum, sem nefndin kann að telja æskilegar, eða
b) senda ályktunina með athugasemdum sínum aftur til svæðisnefndarinnar til endurskoðunar.

3. Svæðisnefndin getur, eftir að hafa endurskoðað ályktunina, sem hún hefur aftur fengið frá nefndinni, ítrekað ályktun þessa, með eða án breytinga.

4. Ef nefndin sér sér ekki fært, eftir að ályktun er ítrekuð, að fallast á hana sem tillögu, skal hún senda afrit af ályktuninni til vörzluríkisins ásamt skýrslu um ákvörðun nefndarinnar. Vörzluríkið skal senda afrit af ályktuninni og skýrslu nefndarinnar til samningsríkjanna.

5. Nefndin getur, eftir að hafa haft samráð við allar svæðisnefndirnar, sent tillögur til vörzluríkisins innan ramma 1. mgr. þessarar greinar, sem taka til samningssvæðisins í heild.

6. Vörzluríkið skal senda hverja og eina tillögu, sem því berst, til samningsríkjanna til athugunar. Það getur lagt fram uppástungur, sem greiða fyrir samþykkt tillögunnar.

7. Samningsríkin skulu tilkynna vörzluríkinu, er þau hafa samþykkt tillöguna, og vörzluríkið skal tilkynna samningsríki um sérhvert slíkt samþykki, sem því er tilkynnt um, þ. á m. á hvaða degi því berst það.

8. Tillagan skal taka gildi gagnvart öllum samningsríkjunum fjórum mánuðum eftir að vörzluríkið hefur móttekið tilkynningu um samþykki frá öllum samn-

ingsríkjunum, sem aðild eiga að svæðisnefnd, eða nefndum, fyrir deilisvæðið eða svæðin, sem tillagan tekur til.

9. Hvenær sem er, eftir að eitt ár er liðið frá þeim degi, sem tillaga tekur gildi, getur hvert og eitt svæðisnefndarríki, sem aðild á að deilisvæði því, sem tillagan nær til, tilkynnt vörzluríkinu lyktir samþykkis síns við tillögunni. Og ef sú tilkynning er ekki afturkölluð skal tillagan hætta að gilda að því er svæðisnefndarríkið varðar, þegar eitt ár er liðið frá því, er vörzluríkinu barst tilkynningin. Hvenær sem er eftir að tillaga hefur hætt að gilda fyrir svæðisnefndarríki samkvæmt þessari málsgrein, skal tillagan hætta að gilda fyrir hvert annað samningsríki frá þeim degi, sem vörzluríkið fær tilkynningu frá slíku ríki um lyktir samþykkis þess. Vörzluríkið skal tilkynna öllum samningsríkjunum um sérhverja tilkynningu samkvæmt þessari málsgrein, jafnskjótt og hún berst því.

9. gr.

Nefndinni er heimilt að vekja athygli einhvers eða allra samningsríkjanna á sérhverjum þeim málefnum, sem snerta markmið og tilgang þessa samnings.

10. gr.

1. Nefndin skal leitast við að stofna til og viðhalda starfssambandi við aðrar opinberar alþjóðastofnanir, sem hafa svipuð markmið, sér í lagi Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og Alþjóða hafrannsóknaráðið, til þess að tryggja árangursríka samvinnu og samhæfingu við störf þeirra, og, að því er varðar Alþjóða hafrannsóknaráðið, til að forðast endurtekningu vísindarannsókna.

2. Nefndin skal athuga, þegar samningur þessi hefur verið tvö ár í gildi, hvort hún skuli leggja til við samningsríkin, að nefndinni skuli komið undir starfssvið sérstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

11. gr.

1. Sérhvert samningsríki skal greiða kostnað vegna þeirra fastafulltrúa, sérfræðinga og ráðunauta, sem það skipar.

2. Nefndin skal semja árlega starfsfjárhagsáætlun um áætluð nauðsynleg starfsútgjöld sín og árlega sérframkvæmdafjárhagsáætlun um sérstakar kannanir og rannsóknir, sem framkvæma á af nefndinni, eða í hennar þágu, samkvæmt 6. gr., eða í þágu einhverrar svæðisnefndanna, samkvæmt 7. gr.

3. Nefndin skal reikna það framlag, sem hverju samningsríki ber að greiða samkvæmt hinni árlegu starfsfjárhagsáætlun, samkvæmt eftirfarandi reglum:

a) draga skal 500 Bandaríkjadollara frá starfsfjárhagsáætluninni fyrir hvert samningsríki;
b) skipta skal afganginum í jafnmarga hluta og aðilar eru að svæðisnefndunum;
c) framlagið, sem hverju samningsríki ber að inna af hendi, skal vera 500 Bandaríkjadollarar, og að auki jafnmargir hlutar og þær svæðisnefndir eru, sem það ríki á aðild að.

4. Nefndin skal tilkynna hverju samningsríki, hvaða framlag því beri að greiða, samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar, og skal hvert samningsríki inna greiðslu þess framlags af hendi svo skjótt sem unnt er að því búnu.

5. Jafna skal upphæð hinnar árlegu sérframkvæmdafjárhagsáætlunar niður á samningsríkin samkvæmt reglum, sem þau koma sér saman um. Upphæð þá, sem þannig kemur í hlut hvers samningsríkis, skal það greiða til nefndarinnar.

6. Framlögin skulu greiðast í mynt þess ríkis, sem nefndin hefur aðsetur sitt í. Þó er nefndinni heimilt að taka við greiðslum í mynt, sem gera má ráð fyrir að nefndin þurfi öðru hvoru að annast greiðslu í vegna útgjalda, upp að ákveðnu hámarki, sem nefndin setur árlega, er hún semur hinar árlegu fjárhagsáætlanir.

7. Á fyrsta fundi sínum skal nefndin samþykkja starfsfjárhagsáætlun fyrir fjárhagsafstöðu fyrsta ársins, sem nefndin starfar, og skal senda samningsríkjunum afrit af þeirri fjárhagsáætlun, ásamt tilkynningu um áætluð framlög þeirra.

8. Á síðari fjárhagsárum skal nefndin senda hverju samningsríki uppkast af fjárhagsáætlunum, ásamt lista yfir áætluð framlög, ekki síðar en sex vikum fyrir ársfund nefndarinnar, þar sem fjallað skal um fjárhagsáætlanirnar.

12. gr.

Samningsríkin samþykkja að gera þær ráðstafanir, sem kunna að vera nauðsynlegar til að láta ákvæði samnings þessa ná fram að ganga, og að framkvæma hverjar þær tillögur, sem taka gildi samkvæmt 8. gr. 8. mgr. Sérhvert samningsríki skal senda nefndinni skýrslu um aðgjörðir sínar í þessu augnamiði.

13. gr.

Samningsríkin eru sammála um að vekja athygli hvers þess ríkis, sem ekki er aðili að samningi þessum, á hverju því máli, sem varðar fiskveiðar borgara eða skipa þess ríkis á samningssvæðinu, er virðast hafa óhagstæð áhrif á starf nefndarinnar eða markmið samningsins.

14. gr.

Fylgiskjalið, sem fylgir samningi þessum, er óaðskiljanlegur hluti hans, ásamt þeim breytingum, sem síðar kunna að vera gerðar á því.

15. gr.

1. Ríki þau, sem undirrita samning þennan, skulu fullgilda hann og fullgildingarskjölunum skal komið í vörzlu hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna, sem í samningi þessum er nefnt „vörzluríkið".

2. Samningur þessi skal taka gildi, þegar fjögur ríki, sem undirritað hafa hann, hafa afhent fullgildingarskjöl sín til vörzlu. Að því er varðar ríki, sem síðar fullgildir hann, tekur hann gildi frá þeim degi, sem það afhendir fullgildingarskjal sitt.

3. Sérhvert ríki, sem ekki hefur undirritað samning þennan, getur gerzt aðili að honum með skriflegri tilkynningu til vörzluríkisins. Aðildarskjöl, sem vörzluríkið móttekur áður en samningur þessi tekur gildi, skulu öðlast gildi á þeim degi, sem vörzluríkið móttekur þau.

4. Vörzluríkið skal tilkynna öllum þeim ríkjum, er undirritað hafa samninginn eða gerzt aðilar að honum, móttöku fullgildingar- og staðfestingarskjala.

5. Vörzluríkið skal tilkynna öllum hlutaðeigandi ríkjum, á hvaða degi samningur þessi tekur gildi.

16. gr.

1. Sérhverju samningsríki er heimilt, þegar tíu ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa, að hætta hvenær sem er aðild sinni að samningnum þrítugasta og fyrsta desember ár hvert, með því að tilkynna vörzluríkinu þar um þann þrítugasta júní, eða fyrr það ár. Vörzluríkið skal senda afrit af slíkum tilkynningum til hinna samningsríkjanna.

2. Sérhverju öðru samningsríki er þá heimilt að hætta aðild sinni að samningi þessum hinn sama dag, þrítugasta og fyrsta desember, með því að tilkynna vörzluríkinu þar um innan mánaðar frá þeim degi, er því berst tilkynning um aðildarlok samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

17. gr.

1. Frumriti samnings þessa skal komið í vörzlu ríkisstjórnar Bandaríkjanna, og skulu þau senda staðfest eftirrit af því til allra þeirra ríkja, sem samninginn undirrituðu, og allra þeirra ríkja, sem aðilar hafa gerzt að honum.

2. Vörzluríkið skal skrásetja samning þennan hjá aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna.

3. Samningur þessi skal bera dagsetningu fyrsta undirskriftardags og skal vera unnt að skrifa undir hann í næstu fjórtán daga.

Fylgiskjal.

1. Deilisvæðin, sem fyrir er mælt um í 1. gr. samnings þessa, skulu vera svo sem hér segir:

Deilisvæði 1.: Sá hluti samningssvæðisins, sem er fyrir norðan og austan kompásstrik frá punkti á 75°00′ n.br. og 73°30′ v.lgd. til punktar á 69°00′ n.br. og 59°00′ v.lgd.; fyrir austan 59°00′ v.lgd., og fyrir norðan og austan kompásstrik frá punkti á 61°00′ n.br. og 59°00′ v.lgd. til punkts á 52°15′ n.br. og 42°00′ v.lgd.

Deilisvæði 2.: Sá hluti samningssvæðisins, sem er fyrir sunnan og vestan deilisvæði 1, svo sem það er skilgreint að ofan, og fyrir norðan breiddarbaug, sem ákvarðast af 52°15′ n.br.

Deilisvæði 3.: Sá hluti samningssvæðisins, sem er fyrir sunnan breiddarbaug sem ákvarðast af 52°15′ n.br.; og fyrir austan línu, sem liggur í norður frá Cape Bauld á norðurströnd Nýfundnalands til 52°15′ n.br.; fyrir norðan breiddarbaug, sem ákvarðast af 39°00′ n.br.; og fyrir austan og norðan kompásstrik, sem liggur í norðvesturátt, og í gegnum punkt á 43°30′ n.br., 55°00′ v.lgd.; í átt til punktar á 47°50′ n.br., 60°00′ v.lgd., þar til það sker beina línu, sem liggur milli Cape Ray, á strönd Nýfundnalands, og Cape North á Cape Breton Island; og þaðan í norðaustlæga stefnu samhliða þeirri línu til Cape Ray.

Deilisvæði 4.: Sá hluti samningssvæðisins, sem er fyrir vestan deilisvæði 3, sem skilgreint er hér að framan, og fyrir austan línu, sem þannig liggur: hefst við hin alþjóðlegu landamæri milli Bandaríkjanna og Kanada í Grand Manan Channel, á 44°46′35.34″ n.br., 66°54′11.23″ v.lgd., þaðan suður til breiddarbaugs, sem ákvarðast af 43°50′ n.br.; þaðan vestur til baugsins á 67°40′ v.lgd.; þaðan í suður til breiddarbaugsins, sem ákvarðast af 42°20′n.br.; þaðan í austur til punkts á 66°00′ v.lgd.; þaðan eftir kompásstriki í suðausturátt til punkts á 42°00′ n.br., 65°40′ v.lgd.; þaðan suður til breiddarbaugsins, sem markast af 39°00′ n.br.

Deilisvæði 5.: Sá hluti samningssvæðisins, sem er vestan við vestari mörk deilisvæðis 4, svo sem það er skilgreint hér að framan.

2. Í tvö ár frá gildistökudegi þessa samnings skal aðild að svæðisnefndunum fyrir hvert deilisvæði vera svo sem hér segir:

a) **Deilisvæði 1:** Danmörk, Frakkland, Ítalía, Noregur, Portúgal, Spánn, Bretland;

b) **Deilisvæði 2:** Danmörk, Frakkland, Ítalía, Nýfundnaland;

c) **Deilisvæði 3:** Kanada, Danmörk, Frakkland, Ítalía, Nýfundnaland, Portúgal, Spánn, Bretland;

d) **Deilisvæði 4:** Kanada, Frakkland, Ítalía, Nýfundnaland, Portúgal, Spánn, Bandaríkin;

e) **Deilisvæði 5:** Kanada, Bandaríkin.

Í þessu sambandi er litið svo á, að á tímabilinu frá því að samningur þessi er undirritaður og þar til hann tekur gildi geti sérhvert ríki, sem undirritar samninginn eða gerist aðili að honum, horfið úr tölu þeirra ríkja, sem aðilar eru að svæðisnefnd fyrir eitthvert deilisvæðið, eða bætzt í hóp þeirra ríkja, sem eru aðilar að svæðisnefnd fyrir eitthvert það deilisvæði, sem það er ekki útnefnt í, með tilkynningu

til vörzluríkisins. Vörzluríkið skal tilkynna öllum öðrum ríkjum, sem hér eiga hlut að máli, um allar slíkar tilkynningar, sem það móttekur, og breyta skal aðild svæðisnefndanna því til samræmis.

Bókun við alþjóðasamninginn um fiskveiðar í norð-vestur Atlantshafi um árlega fundi, 25. júní 1956.

Ríki þau, sem aðilar eru að alþjóðasamningnum um fiskveiðar í norð-vestur Atlantshafi, er undirritaður var í Washington 8. febrúar 1949, og er hér á eftir nefndur samningurinn frá 1949, telja æskilegt að setja ákvæði um árlega fundi nefndarinnar utan Norður-Ameríku, og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

5. mgr. 2. gr. samningsins frá 1949 orðist þannig:

„5. Nefndin skal halda reglulegan ársfund á aðsetursstað sínum, eða á þeim stað í Norður-Ameríku, eða annars staðar, sem nefndin kemur sér saman um."

2. gr.

1. Öllum þeim ríkjum, sem aðilar eru að samningnum frá 1949, skal heimilt að undirrita og fullgilda bókun þessa, eða gerast aðilar að henni.

2. Bókun þessi skal taka gildi þann dag, sem Bandaríkin hafa fengið í vörzlu fullgildingarskjöl, eða skrifleg tilkynning um aðild hefur borizt þeim frá öllum aðildarríkjum samningsins frá 1949.

3. Ríkisstjórn Bandaríkjanna skal tilkynna öllum þeim ríkjum, sem undirritað hafa samninginn frá 1949, eða gerzt aðilar að honum, um öll þau fullgildingarskjöl, sem í vörzlu berast, og um þau ríki, sem aðild tilkynna, og jafnframt um það, á hvaða degi bókun þessi gengur í gildi.

3. gr.

1. Frumriti bókunar þessarar skal komið í vörzlu ríkisstjórnar Bandaríkjanna, og skal hún senda staðfest eftirrit af bókuninni til allra þeirra ríkja, sem undirritað hafa, eða gerzt aðilar að samningnum frá 1949.

2. Bókun þessi skal dagsett þann dag, sem hún er lögð fram til undirskriftar, og skal vera unnt að skrifa undir hana í næstu fjórtán daga, en að þeim tíma loknum skal vera unnt að gerast aðili að bókuninni.

Yfirlýsing um samkomulag um skeldýr, á grundvelli alþjóðasamningsins um fiskveiðar í norð-vestur Atlantshafi, 24. apríl 1961.

1. Ríki þau, sem aðilar eru að alþjóðasamningnum um fiskveiðar í norð-vestur Atlantshafi, er undirritaður var í Washington 8. febrúar 1949, hér á eftir nefndur samningurinn, lýsa hér með yfir samkomulagi sínu um það, að orðin „fiskur" og „fiskar", „fiskveiðar" og „veiðar", sem finnast í samningnum, taka til og gilda um skeldýr, jafnt sem fiska.

2. Þau ríki, sem aðilar eru að samningnum, geta gerzt aðilar að yfirlýsingu þessari með:

a) Undirritun án fyrirvara um samþykki;
b) Undirritun með fyrirvara um samþykki, ásamt eftirfarandi samþykki;
eða
c) Samþykki.

3. Samþykki skal veitt með skriflegri tilkynningu til ríkisstjórnar Bandaríkjanna.

4. Yfirlýsing þessi skal taka gildi þann dag, er öll þau ríki, sem aðilar eru að samningnum, hafa gerzt aðilar að þessari yfirlýsingu. Sérhvert það ríki, sem verður aðili að samningnum eftir að þessi yfirlýsing tekur gildi skal samþykkja þessa yfirlýsingu, og tekur það samþykki gildi á þeim sama degi, sem það ríki gerist aðili að samningnum.

5. Ríkisstjórn Bandaríkjanna skal tilkynna öllum þeim ríkjum, sem undirritað hafa samninginn, eða gerzt aðilar að honum, um allar undirritanir og samþykki á þessari yfirlýsingu og jafnframt um það, á hvaða degi þessi yfirlýsing tekur gildi.

6. Frumriti yfirlýsingar þessarar skal komið í vörzlu ríkisstjórnar Bandaríkjanna, og skal hún senda staðfest eftirrit af því til allra þeirra ríkja, sem undirritað hafa eða gerzt aðilar að samningnum.

7. Yfirlýsing þessi skal dagsett á þeim degi, sem hún er lögð fram til undirskriftar, og skal vera unnt að skrifa undir hana eða samþykkja hana í næstu fjórtán daga, en að þeim tíma loknum skal vera unnt að gerast aðili að henni.

Bókun við alþjóðasamninginn um fiskveiðar í norð-vestur Atlantshafi um vöðusel og blöðrusel, 15. júlí 1963.

Ríki þau, sem aðilar eru að alþjóðasamningnum um fiskveiðar í norð-vestur Atlantshafi, er undirritaður var í Washington 8. febrúar 1949, og er hér á eftir, með áorðnum breytingum, nefndur samningurinn, telja æskilegt að láta ákvæði samningsins ná til vöðusels og blöðrusels og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Ákvæði samningsins skulu gilda um vöðusel og blöðrusel, í samræmi við 2. og 3. grein bókunar þessarar.

2. gr.

1. Samningsríkin skulu setja á stofn og hafa starfandi svæðisnefnd, sem fer með lögsögu að því er varðar vöðusel og blöðrusel á samningssvæðinu. Upphafleg þátttaka í nefndinni skal ákveðin af Norðvesturatlantshafsfiskveiðanefndinni á grundvelli verulegra yfirstandandi veiða vöðu- og blöðrusels, þó þannig að sérhvert það samningsríki, sem liggur að samningssvæðinu, skal eiga rétt á aðild að svæðisnefndinni.

2. Aðild að svæðisnefndinni skal árlega endurskoðuð af nefndinni, sem hafa skal vald til þess, eftir að hafa haft samráð við svæðisnefndina, að ákveða aðild að svæðisnefndinni á sama grundvelli og varðar hina upphaflegu aðild, sbr. 1. grein samningsins.

3. gr.

Tillögur samkvæmt 8. gr. samningsins, um sameiginlegar aðgjörðir samningsríkjanna varðandi vöðusel og blöðrusel, skulu taka gildi gagnvart öllum samningsríkjunum fjórum mánuðum eftir þann dag, sem vörzluríkinu berast tilkynningar um samþykki frá öllum samningsríkjunum, sem aðild eiga að svæðisnefndinni fyrir vöðusel og blöðrusel.

4. gr.

1. Öllum þeim ríkjum, sem aðilar eru að samningnum, skal heimilt að undirrita bókun þessa og fullgilda hana eða gerast aðilar að henni.

2. Bókun þessi skal taka gildi þann dag, er fullgildingarskjöl hafa verið afhent ríkisstjórn Bandaríkjanna til vörzlu, eða skriflegar tilkynningar um aðild hafa borizt henni frá öllum aðildarríkjum samningsins.

3. Sérhvert það ríki, sem gerist aðili að samningnum eftir að bókun þessi tekur gildi, skal gerast aðili að henni og tekur aðild þess að bókuninni gildi sama dag og ríkið gerist aðili að samningnum.

4. Ríkisstjórn Bandaríkjanna skal tilkynna öllum þeim ríkjum, sem undirritað hafa samninginn eða gerzt aðilar að honum, um öll þau fullgildingarskjöl og aðildarskjöl, sem þeim berast, og einnig um það, á hvaða degi bókun þessi tekur gildi.

5. gr.

1. Frumriti bókunar þessarar skal komið í vörzlu Bandaríkjanna, og skulu þau senda staðfest eftirrit af henni til allra þeirra ríkja, sem undirritað hafa, eða gerzt aðilar að samningnum.

2. Bókun þessi skal dagsett þann dag, er hún er lögð fram til undirskriftar, og skal vera unnt að skrifa undir hana í næstu fjórtán daga, en að þeim tíma loknum skal vera unnt að gerast aðili að bókuninni.

Bókun við alþjóðasamninginn um fiskveiðar í norð-vestur Atlantshafi um eftirlitsaðgjörðir, 29. nóvember 1965.

Ríki þau, sem aðilar eru að alþjóðasamningnum um fiskveiðar í norð-vestur Atlantshafi, er undirritaður var í Washington 8. febrúar 1949, og er hér á eftir, með áorðnum breytingum, nefndur samningurinn, óska þess að setja ákvæði um eftirlitsaðgjörðir hvers ríkis, og alþjóðlegar eftirlitsaðgjörðir, á úthafinu til þess að tryggja framkvæmd samningsins, og þeirra fyrirmæla, sem í gildi eru samkvæmt honum, og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Sú breyting er gerð á 4. mgr. 8. gr. samningsins, að við er bætt eftirfarandi:

„og getur einnig, að eigin frumkvæði, gert tillögur um eftirlitsaðgjörðir hvers ríkis og alþjóðlegar eftirlitsaðgjörðir, á úthafinu til þess að tryggja framkvæmd samningsins og þeirra fyrirmæla, sem í gildi eru samkvæmt honum.“

2. gr.

Sú breyting er gerð á 8. mgr. 8. gr. samningsins, að við er bætt eftirfarandi:

„eða, þegar um er að ræða tillögur samkvæmt 5. mgr. hér að framan, frá öllum samningsríkjum.“

3. gr.

1. Öllum þeim ríkjum, sem aðilar eru að samningnum, skal heimilt að undirrita bókun þessa og fullgilda eða gerast aðilar að henni.

2. Bókun þessi skal taka gildi þann dag, er fullgildingarskjöl hafa verið afhent ríkisstjórn Bandaríkjanna til vörzlu, eða skriflegar tilkynningar um aðild hafa borizt henni frá öllum aðildarríkjum samningsins.

3. Sérhvert það ríki, sem gerist aðili að samningnum eftir að bókun þessi tekur gildi, skal gerast aðili að bókuninni og tekur aðild þess að henni gildi sama dag og ríkið gerist aðili að samningnum.

4. Ríkisstjórn Bandaríkjanna skal tilkynna öllum þeim ríkjum, sem undirritað hafa samninginn eða gerzt aðilar að honum, um öll þau fullgildingarskjöl og aðildarskjöl, sem þeim berast, og einnig um það, á hvaða degi bókun þessi tekur gildi.

4. gr.

1. Frumriti bókunar þessarar skal komið í vörzlu ríkisstjórnar Bandaríkjanna, og skal hún senda staðfest eftirrit af bókuninni til allra þeirra ríkja, sem undirritað hafa, eða gerzt aðilar að samningnum.

2. Bókun þessi skal dagsett þann dag, sem hún er lögð fram til undirskriftar, og skal vera unnt að skrifa undir hana í næstu fjórtán daga, en að þeim tíma loknum skal vera unnt að gerast aðili að henni.

Bókun við alþjóðasamninginn um fiskveiðar í norð-vestur Atlantshafi um gildistöku tillagna samþykktra af nefndinni, 29. nóvember 1965.

Ríki þau, sem aðilar eru að alþjóðasamningnum um fiskveiðar á norð-vestur Atlantshafi, er undirritaður var í Washington 8. febrúar 1949, og er hér á eftir, með áorðnum breytingum, nefndur samningurinn, óska þess að auðvelda gildistöku tillagna, sem samþykktar hafa verið af nefndinni, og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

7. og 8. mgr. 8. gr. samningsins orðist þannig:

„7. a) Hver sú tillaga, sem fram er borin af nefndinni samkvæmt 1. eða 5. mgr. þessarar greinar, skal taka gildi gagnvart öllum samningsríkjunum sex mánuðum eftir þann dag, sem vörzluríkið tilkynnir og sendir tillöguna til samningsríkjanna, nema öðruvísi sé ákveðið í samningi þessum.

b) Ef eitthvert samningsríki, sem aðild á að svæðisnefnd eða nefndum deilisvæðis eða svæða, sem tillaga tekur til, eða samningsríki samkvæmt tillögu, sem fram er borin skv. 5. mgr. hér að framan, ber fram mótmæli við vörzluríkið varðandi einhverja tillögu innan sex mánaða frá því að vörzluríkið tilkynnti um hana, skal tillagan ekki taka gildi gagnvart nokkru ríki í sextíu daga í viðbót. Að svo búnu getur hvert annað samningsríki, sem þátt tekur í þeirri svæðisnefnd eða nefndum, sem í hlut á, eða eitthvert annað samningsríki, þegar um er að ræða tillögur fluttar samkvæmt 5. mgr. að framan, mótmælt á sama hátt áður en sextíu daga viðbótartímabilið er liðið, eða innan þrjátíu daga eftir að tilkynning um mótmæli hefur borizt frá einhverju samningsríki, sem uppi eru höfð innan sextíu daga viðbótartímabilsins, eftir því hvor dagurinn er síðari. Tilkynningin skal taka gildi fyrir öll samningsríkin, nema þau ríki, sem hafa borið fram mótmæli, þegar viðbótartímabilið eða tímabilin til mótmæla eru liðin. Ef hins vegar meiri hluti samningsríkjanna, sem aðild eiga að svæðisnefndinni eða nefndunum, sem um er að ræða, ber fram mótmæli, eða þau eru borin fram af meiri hluta allra samningsríkjanna, þegar um er að ræða tillögu samkvæmt 5. mgr., skal tillagan ekki taka gildi, nema einhver eða öll samningsríkin komi sér samt sem áður saman um að láta hana öðlast gildi á tilteknum tíma.

c) Sérhvert samningsríki, sem hefur mótmælt tillögu, getur hvenær sem er dregið þau mótmæli til baka og tillagan skal taka gildi gagnvart slíku ríki strax, ef tillagan er þegar í gildi, eða á þeim tíma, sem hún tekur gildi samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

8. Vörzluríkið skal tilkynna hverju samningsríki strax og það móttekur sérhver mótmæli og um afturköllun mótmæla og gildistöku sérhverra tillagna."

2. gr.

1. Öllum þeim ríkjum, sem aðilar eru að samningnum, skal heimilt að undirrita bókun þessa og fullgilda hana eða samþykkja hana eða gerast aðilar að henni.

2. Bókun þessi skal taka gildi þann dag, er fullgildingarskjöl hafa verið afhent ríkisstjórn Bandaríkjanna til vörzlu, eða skriflegar tilkynningar um aðild hafa borizt henni frá öllum aðildarríkjum samningsins.

3. Sérhvert það ríki, sem gerist aðili að samningnum eftir að bókun þessi tekur gildi, skal gerast aðili að henni og tekur aðild þess að bókuninni gildi sama dag og ríkið gerist aðili að samningnum.

4. Ríkisstjórn Bandaríkjanna skal tilkynna öllum þeim ríkjum, sem undirritað hafa samninginn eða gerzt aðilar að honum, um öll þau fullgildingarskjöl og aðildarskjöl, sem þeim berast, og einnig um það, á hvaða degi bókun þessi tekur gildi.

3. gr.

1. Frumriti bókunar þessarar skal komið í vörzlu ríkisstjórnar Bandaríkjanna, og skal hún senda staðfest eftirrit af því til allra þeirra ríkja, sem undirritað hafa, eða gerzt aðilar að samningnum.

2. Bókun þessi skal dagsett þann dag, er hún er lögð fram til undirskriftar, og skal vera unnt að skrifa undir hana í næstu fjórtán daga, en að þeim tíma loknum skal vera unnt að gerast aðili að bókuninni.

Bókun við alþjóðasamninginn um fiskveiðar í norð-vestur Atlantshafi um skipan svæðisnefnda og verndarreglur, 1. október 1969.

Ríki þau, sem aðilar eru að alþjóðasamningnum um fiskveiðar á norð-vestur Atlantshafi, er undirritaður var í Washington 8. febrúar 1949, og er hér á eftir, með áorðnum breytingum, nefndur samningurinn, óska þess að leggja betri grundvöll að skipan svæðisnefnda, sem gert er ráð fyrir í samningnum, og að stuðla að auknum sveigjanleik í tegund verndarreglna, sem norð-vestur Atlantshafsfiskveiðinefndin kann að gera tillögur um, og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

2. málsgrein 4. greinar samningsins orðist þannig:

„2. Aðild að svæðisnefnd skal endurskoðuð árlega af nefndinni, sem skal hafa vald til þess, í samráði við þá svæðisnefnd, sem hér á hlut að máli, að ákveða aðild að hverri svæðisnefnd á grundvelli verulegra fiskveiða á því deilisvæði, sem um er að ræða, eða á grundvelli verulegra veiða á vöðusel og blöðrusel á samningssvæðinu. Þó skal samningsríki, sem á strendur að deilisvæði, hafa rétt til aðildar í svæðisnefnd þess deilisvæðis".

2. gr.

2. málsgrein 7. greinar samningsins orðist þannig:

„2. Sérhver svæðisnefnd getur, á grundvelli vísindarannsókna og hagfræðilegra og tæknilegra sjónarmiða, samþykkt ályktanir til nefndarinnar um sameiginlegar aðgjörðir samningsríkjanna varðandi þau atriði, sem greind eru í 1. málsgrein 8. greinar."

3. gr.

1. málsgrein 8. greinar samningsins orðist þannig:

„1. Nefndin getur samkvæmt ályktunum einnar eða fleiri svæðisnefndar og á grundvelli vísindalegra rannsókna og hagfræðilegra og tæknilegra sjónarmiða sent vörzluríkinu viðeigandi tillögur um sameiginlegar aðgjörðir samningsríkjanna, sem miða að því, að stofnar þeirra fisktegunda, sem alþjóðlegar fiskveiðar á samningssvæðinu byggjast á, séu til staðar í því magni, sem gerir stöðugan hámarksafla mögulegan.

4. gr.

1. Öllum þeim ríkjum, sem aðilar eru að samningnum, skal heimilt að undirrita bókun þessa og fullgilda hana eða gerast aðilar að henni.

2. Bókun þessi skal taka gildi þann dag, er fullgildingarskjöl hafa verið afhent ríkisstjórn Bandaríkjanna til vörzlu, eða skriflegar tilkynningar um aðild hafa borizt henni frá öllum aðildarríkjum samningsins.

3. Ríki, sem gerist aðili að samningnum eftir að bókun þessi er lögð fram til undirskriftar, skal samtímis gerast aðili að bókuninni.

4. Ríkisstjórn Bandaríkjanna skal tilkynna öllum þeim ríkjum, sem undirritað hafa samninginn eða gerzt aðilar að honum, um öll þau fullgildingarskjöl og aðildarskjöl, sem henni berast, svo og um það, hvaða dag bókun þessi tekur gildi.

5. gr.

1. Frumriti bókunar þessarar skal komið í vörzlu ríkisstjórnar Bandaríkjanna, og skal hún senda staðfest eftirrit af því til allra þeirra ríkja, sem undirritað hafa eða gerzt aðilar að samningnum.

2. Bókun þessi skal dagsett þann dag, sem hún er lögð fram til undirskriftar, og skal heimilt að undirrita hana í næstu fjórtán daga, en að þeim tíma liðnum skal heimilt að gerast aðili að bókuninni.

Ed. 562. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Sami háttur hefur verið hafður á við afgreiðslu frumvarpsins og verið hefur á undanförnum árum. Til þess að flýta fyrir afgreiðslu frumvarpsins og til að tryggja, að samræmis gæti um afgreiðslu milli deilda, var þingmönnum úr allsherjarnefnd hvorrar þingdeildar ásamt skrifstofustjóra Alþingis falið að athuga frv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, er síðar bárust nefndinni.

Að athugunum þessum loknum var nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, síðast í nefndaráliti 460 frá 29. marz 1968, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar.

Alþingi, 14. apríl 1970.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr.	Auður Auðuns.
Björn Fr. Björnsson.	Kristján Thorlacius.	Karl Guðjónsson.
	Ólafur Björnsson.	

Ed. 563. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætast í stafrófsröð:

1. Bochert, Silke, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 28. febrúar 1943.
2. Frodason, Finnur Arnds Parelius, innanhúsarkitekt í Reykjavík, f. í Danmörku 20. janúar 1946.
3. Graupner, Elisabeth, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Þýzkalandi 26. febrúar 1939.
4. Heinzelmann, Ingrid Margarete, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Þýzkalandi 19. nóvember 1912.
5. Lyras, Michael, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Grikklandi 7. september 1937. Fær réttinn 7. október 1970.
6. Marock, Marlis, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 7. október 1942.

7. Owen, Haraldur, verkamaður á Selfossi, f. í Bandaríkjunum 13. ágúst 1948.
8. Owen, Richard Bluford, verkamaður í Hafnarfirði, f. í Bandaríkjunum 1. apríl 1947.
9. Sannerud, Arne, bóndi að Víðifelli í Fnjóskadal, f. í Noregi 11. marz 1926.
10. Schulze, Gisela Brigitta Ursula, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. marz 1931.
11. Valtingojer, Richard, listmálari í Kópavogi, f. í Austurríki 2. ágúst 1935.
12. Viderö, Napoleon, sjómaður á Suðureyri, f. í Færeyjum 23. febrúar 1935.

Sþ. 564. Nefndarálit [65. mál]

um till. til þál. um verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um ofangreinda þáltill., en varð ekki sammála um afgreiðslu hennar. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að þáltill. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til að athuga, hvort rétt og hagfellt sé að koma á verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna og þá með hvaða framkvæmdahætti. Sérstaklega verði athuguð viðfangsefni í þágu þjóðarheildar fyrir ríki og sveitarfélög, góðgerðar- og mannúðarfélög. Nefndin skili áliti til Alþingis, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að lögfesting á verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna sé æskileg, þá skili hún um viðfangsefnið frumvarpi að lögum, sem lagt verði fyrir Alþingi.

Gísli Guðmundsson er fylgjandi meiri breytingu á þáltill. og skrifar undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 9. apríl 1970.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm. Jónas Pétursson, fundaskr. Matthías Bjarnason.
Friðjón Þórðarson. Gísli Guðmundsson, með fyrirvara.

Sþ. 565. Nefndarálit [69. mál]

um till. til þál. um endurskoðun læknaskipunarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft tillögu þessa til athugunar og sent hana til umsagnar ýmissa aðila. Hafa umsagnir borizt frá landlækni, læknadeild háskólans og Læknafélagi Íslands. Landlæknir bendir á, að sumir þættir núgildandi læknaskipunarlaga séu nánast ekki komnir á reynslustig enn, en telur þó athugandi um endurskoðun. Læknadeildin vekur og athygli á, að skammur tími sé liðinn síðan núgildandi læknaskipunarlög hafi verið sett og því vart komin reynsla á gagnsemi þeirra, en telur athugandi að skipa fastanefnd sérfróðra manna um heilbrigðismál, sem fylgist með framþróun þeirra mála. Læknafélagið mælir með samþykkt tillögunnar, en telur, að fela beri nefnd þeirri, er tillagan leggur til, að skipuð sé, víðtækari endurskoðun á heil-

brigðislöggjöfinni en tillagan gerir ráð fyrir, þar á meðal endurskoðun sjúkrahúslaganna.

Allsherjarnefnd leggur að athuguðu máli til, að tillagan verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela heilbrigðismálaráðherra að skipa nú þegar nefnd til að endurskoða ýmsa þætti heilbrigðislöggjafarinnar og þá sérstaklega um læknaskipan og sjúkrahús með það fyrir augum, að komið verði á betri heilbrigðisþjónustu í landinu, m. a. með það fyrir augum, að læknar fáist til starfa í þeim héruðum, sem nú eru læknislaus. Nefndin skal skipuð 5 mönnum: landlækni eða ráðuneytisstjóra heilbrigðismálaráðuneytisins, er vera skal formaður nefndarinnar, tveimur mönnum tilnefndum af Læknafélagi Íslands, og skulu þeir vera héraðslæknir og sjúkrahúslæknir, einum manni tilnefndum af læknadeild Háskóla Íslands og einum af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga.

Nefndin hefji þegar störf og skili tillögum sínum til úrbóta eigi síðar en 1. marz n.k.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði:

Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á ýmsum þáttum heilbrigðislöggjafar.

Alþingi, 14. apríl 1970.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm.
Jónas Árnason.	Gísli Guðmundsson.	Matthías Bjarnason, með fyrirvara.

Nd. 566. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyt. á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum, leitað hefur verið umsagnar Fiskifélags Íslands, Sjómannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna og Alþýðusambands Íslands.

Faglegar upplýsingar bárust frá Fiskifélaginu, en Sjómannasambandið mælir með samþykkt frv. með vissum skilyrðum, en meiri hluti stjórnar L. Í. Ú. mælir gegn frumvarpinu. Umsögn A. S. Í. hefur ekki borizt.

Að athuguðu máli mælir nefndin einróma með samþykkt frumvarpsins með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Síðari hluti 1. gr. frv. á eftir orðunum „skemmri tíma en“ orðist svo: fimm mánuði á ári og eigendur þessara báta tryggi áhafnir sínar sömu slysatryggingum svo og líf- og örorkutryggingum sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Alþingi, 13. apríl 1970.

Birgir Finnsson, form.	Sverrir Júlíusson, fundaskr., frsm.	Björn Pálsson.
Pétur Sigurðsson.	Jón Skaftason.	Guðl. Gíslason.
	Lúðvík Jósefsson.	

Nd. 567. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 82 frá 29. des. 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed., 13. apríl.)

1. gr.

Aftan við 12. gr. laganna bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

d. vegna uppskerubrests á kartöflum samkvæmt reglum, sem Bjargráðastjórn setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 568. Frumvarp til laga [48. mál]

um eftirlit með skipum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 559 (sbr. 50) með þessari breytingu:

41. gr. hljóðar svo:

Áður en saksóknari ákveður höfðun opinbers máls út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum, skal hann jafnan leita umsagnar skipaskoðunarstjóra. Ber skipaskoðunarstjóra að láta í té rökstudda umsögn og tillögur, svo fljótt sem verða má.

Dómstólar skulu láta Skipaskoðun ríkisins í té eftirrit dóma, dómsgerða og annarra gagna í málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum.

Ed. 569. Lög [25. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 25.

Ed. 570. Lög [14. mál]

um breyting á lögum nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 14.

Nd. 571. Lög [118. mál]

um endurhæfingu.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 454 (sbr. 153).

Nd. 572. Frumvarp til laga [12. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. apríl.)

1. gr.

70. gr. breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í vátryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við vátryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 1 000 000.00 fyrir létt bifhjól, kr. 1 500 000.00 fyrir dráttarvél, kr. 1 500 000.00 fyrir bifhjól og kr. 3 000 000.00 fyrir bifreið.

b. Í stað „kr. 100 000.00“ í 2. mgr. komi: kr. 200 000.00.

2. gr.

Fyrirsögn VIII. kafla orðist svo: **VIII. Um Umferðarráð, umferðarfræðslu o. fl.**

3. gr.

Í stað 82.—84. gr. komi níu greinar (82.—90. gr.), svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

a. (82. gr.) Almenningi skal veitt fræðsla í umferðarlöggjöf og öðru því, er stuðlað getur að umferðaröryggi og umferðarmenningu.

b. (83. gr.) Dómsmálaráðherra skipar 16 menn í Umferðarráð til þriggja ára í senn.

Eftirtaldir aðilar skulu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver og annan til vara í ráðið:

Bandalag íslenzkra leigubifreiðastjóra.
Bifreiðaeftirlit ríkisins.
Bindindisfélag ökumanna.
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
Félag íslenzkra bifreiðaeigenda.
Fræðslumálastjórn.
Landssamband vörubifreiðastjóra.
Landssamtök klúbbanna „Öruggur akstur“.
Reykjavíkurborg.
Ríkislögregla.
Samband íslenzkra sveitarfélaga.
Samband íslenzkra tryggingarfélaga.
Slysavarnafélag Íslands.
Vegagerð ríkisins.
Ökukennarafélag Íslands.

Dómsmálaráðherra skipar formann Umferðarráðs án tilnefningar, en varaformann skipar hann úr hópi ráðsmanna.

c. (84. gr.) Hlutverk Umferðarráðs skal vera sem hér segir:

1. Að beita sér fyrir því, að haldið sé uppi umferðarfræðslu í landinu.
2. Að vera fræðsluyfirvöldum, umferðarnefndum sveitarfélaga og samtökum, er vinna að bættri umferðarmenningu, til hjálpar og ráðuneytis, eftir því sem óskað er og aðstæður leyfa.
3. Að standa fyrir útgáfu fræðslurita og bæklinga um umferðarmál og hafa milligöngu um útvegun kennslutækja og annarra gagna til nota við fræðslustarfsemi.

4. Að hafa milligöngu um umferðarfræðslu í Ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og öðrum fjölmiðlunartækjum.
5. Að beita sér fyrir bættum umferðarháttum.
6. Að sjá um, að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu.
7. Að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál.
8. Að fylgjast með þróun umferðarmála erlendis og hagnýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á því sviði.
9. Að leitast við að sameina sem flesta aðila til samstilltra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættri umferðarmenningu.

Umferðarráði ber að hafa samvinnu við fræðsluyfirvöld, lögregluyfirvöld, umferðaryfirvöld sveitarfélaga, Slysavarnafélag Íslands, samtök bifreiðaeigenda og bifreiðastjóra, vátryggingarfélög, svo og öll önnur félög og stofnanir, sem fjalla um umferðarmál í landinu og láta sig umferðaröryggi skipta.

d. (85. gr.) Innan Umferðarráðs skal starfa þriggja manna framkvæmdanefnd, sem dómsmálaráðherra skipar til eins árs í senn, og skiptir ráðherra störfum með framkvæmdanefndarmönnum, eftir því sem þurfa þykir.

Framkvæmdanefnd skal vinna að gagnasöfnun, tillögugerð og öðrum undirbúningi mála, sem Umferðarráð fjallar um. Hún hefur einnig eftirlit með starfsemi þeirri, sem unnin er á vegum þess.

e. (86. gr.) Dómsmálaráðherra ákveður þóknun formanns og framkvæmdanefndar, en að öðru leyti eru störf í Umferðarráði ólaunuð. Framkvæmdanefnd ræður starfsfólk að fenginni heimild ráðherra.

Um kostnað af störfum Umferðarráðs skal gera áætlun, sem sendist ráðuneytinu til staðfestingar, svo og árleg reikningsskil.

f. (87. gr.) Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um störf Umferðarráðs.

g. (88. gr.) Sveitarstjórnum ber að fræða almenning um umferðarmál, eftir því sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur, er gilda á hverjum stað.

Sveitarstjórn getur skipað umferðarnefnd til þess að stuðla að umferðarfræðslu og vinna að bættu skipulagi umferðarmála í sveitarfélaginu. Sveitarstjórnum er og heimilt að stofna sameiginlega umferðarnefnd, er hafi með höndum framangreind verkefni.

Sveitarstjórn eða sveitarstjórnir setja nánari reglur um skipun og starfssvið slíkra umferðarnefnda.

h. (89. gr.) Kennsla í umferðarreglum skal fara fram í barna- og unglingaskólum. Menntamálaráðherra setur að fenginni umsögn Umferðarráðs reglugerð um tilhögun kennslunnar og prófkröfur.

i. (90. gr.) Skólastjórum er skylt í samráði við lögreglustjóra og sveitarstjórn að gera ráðstafanir til þess að vernda skólabörn gegn hættu, er stafar af umferð í næstu grennd við skóla.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. koma þó til framkvæmda 1. maí 1970.

Nd. 573. Frumvarp til laga [13. mál]

um breyting á lögum nr. 65 13. maí 1966, um hægri handar umferð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. apríl.)

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Á árunum 1967—1971 skal greiða í ríkissjóð sérstakan skatt (umferðarbreytingargjald) af bifreiðum sem hér segir:

a. Af fólksbifreiðum, 1—8 farþega: 240.00 kr. árið 1967, en 360.00 kr. árin 1968—1971 hvert ár.
b. Af öðrum bifreiðum: 420.00 kr. árið 1967, en 660.00 kr. árin 1968—1971 hvert ár.

Skatti þessum skal varið til að greiða kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara, svo og kostnað vegna starfsemi Umferðarráðs til ársloka 1970.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 574. Tillaga til þingsályktunar [218. mál]

um lagningu vandaðrar hringbrautar um landið.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson, Sigurvin Einarsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ágúst Þorvaldsson, Ásgeir Bjarnason, Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeim vilja sínum, að tekin verði ríkislán, innlend og erlend, til að ljúka á tilteknum tíma og svo fljótt sem hentugt þykir lagningu vandaðrar hringbrautar um landið, er liggi svo sem unnt er um byggðir og sé við það miðuð að vera fær allt árið.

Greinargerð.

Tillaga þessi er byggð á ályktun kjördæmisþings framsóknarmanna í Norðurlandskjördæmi eystra, er haldið var á Húsavík 5.—6. sept. 1969, og ályktun aðalfundar miðstjórnar Framsóknarflokksins 5. apríl 1970.

Samkvæmt skýrslum vegamálaskrifstofunnar var flokkun þjóðveganna sem hér segir í árslok 1968:

Hraðbrautir	334.4 km
Þjóðbrautir	2756.3 —
Landsbrautir	5621.0 —
Þjóðvegir í þéttbýli	96.7 —
Samtals	8808.4 km

„Þjóðvegir í þéttbýli“ skiptast milli aðalflokkanna þriggja. En ólagðar eða ruddar þjóðbrautir og landsbrautir og ófullgerðar hraðbrautir voru taldar í árslok 1968:

Hraðbrautir	295.8 km
Þjóðbrautir	468.8 —
Landsbrautir	1654.0 —

Óbrúaðar ár á þjóðvegum voru taldar 95. Á árinu 1969 hefur að sjálfsögðu nokkuð verið gert. Hins vegar er víst, að mikið af hinum „lögðu" vegum þarf að endurnýja, ef miðað skal við 12. gr. vegalaga.

Í vegamálum er Ísland enn vanþróað land og núverandi vegakerfi engan veginn við hæfi þeirra samgöngutækja, sem keypt hafa verið til landsins fyrir of fjár, eða byggðarlaganna, sem við það eiga að búa um land allt. Með stefnuyfirlýsingu þeirri um fjáröflun, sem tillagan fjallar um, yrði að því stefnt að horfast í augu við verkefni, sem ekki er unnt að komast hjá. Hér er um framtíðarmál að ræða, sem tímabundnir erfiðleikar í stjórnarfari og efnahagslífi mega ekki hafa áhrif á.

Hringbraut sú um landið, sem tillagan fjallar um, mundi að nokkru leyti teljast til hraðbrauta, en þó að mestu til þjóðbrauta. M. ö. o. er hér í meginatriðum um að ræða núverandi hraðbrautir og þjóðbrautir samkv. gildandi vegalögum, en hringbrautin öll yrði að sjálfsögðu hraðbraut eða þjóðbraut.

Stofnað hefur verið til lántöku erlendis vegna hraðbrauta, sem gert er ráð fyrir að leggja nú á næstunni í nágrenni höfuðborgarinnar. En jafnframt ber nauðsyn til að gera það sem unnt er til að hraða með lántökum lagningu þjóðbrautanna, sem ásamt hraðbrautunum eru lífæð byggðarlaganna um land allt, tengja þau saman og mynda hringbrautina um landið. Út frá hringbrautinni liggja svo landsbrautirnar, sem „afleggjarar" eða hliðarvegir.

Um landsbrautakerfið er ekki fjallað í þessari tillögu, en að sjálfsögðu nytu landsbrautirnar góðs af því hjá vegasjóði, ef ríkislán yrðu almennt tekin til hringbrautarinnar, og þyrfti hann þá ekki að standa straum af þeim lánum.

Ef tillaga þessi verður samþykkt, má ætla, að næsta skref í þessu máli verði að gera áætlun um framkvæmdir, framkvæmdakostnað, framkvæmdatíma og leiðir til lánsfjáröflunar.

Ed. 575. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp það, sem hér greinir, hefur legið fyrir sjávarútvegsnefnd deildarinnar nú um sinn, en nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar vill samþykkja frumvarpið, en þó með breytingu. Með samþykkt frumvarpsins eins og það liggur fyrir yrði Fiskveiðasjóður sviptur tekjum, sem sjóðurinn átti lögum samkvæmt að fá á árinu 1969, en hefur enn ekki fengið. Sú upphæð nemur um 40 milljónum króna. Enn fremur fengi sjóðurinn ekki heldur tekjur samkvæmt sömu lagagrein árið 1970, og má gera ráð fyrir, að sú upphæð yrði eigi lægri en 40 milljónir. Með samþykkt þessa frumvarps yrði því Fiskveiðasjóður sviptur tekjum fyrir áðurgreind 2 ár, sem nema munu eigi lægri upphæð en 80 milljónum króna.

Fiskveiðasjóður Íslands hefur tekizt á hendur miklar fjárhagslegar skuldbindingar, og fjárþörf sjóðsins er óumdeilanlega mikil. Greiðslubyrði sjóðsins á næstunni verður því mjög mikil. Til þess að gera sjóðnum kleift að standa við eðlilegar skuldbindingar verður að afla honum fjármagns. Að okkar dómi er eðlilegast, að sjóðurinn fái fyrst og fremst það fjármagn, sem hann lögum samkvæmt á að fá. Reynist það fjármagn of lítið, verður að afla sjóðnum tekna eftir öðrum leiðum.

Alþingi hefur áður tekið afstöðu til þess, hvort fella skuli niður framlag ríkissjóðs fyrir árið 1969 samkvæmt C-lið 4. greinar laganna um Fiskveiðasjóð. Hinn 12. maí 1969 var frumvarp um það atriði fellt í Nd. Með hliðsjón af þeirri afstöðu Alþingis eru það næsta undarleg vinnubrögð nú á árinu 1970 að leggja til, að lög verki aftur fyrir sig og hafi þannig áhrif á lögbundin framlög ársins 1969. Það er

skoðun okkar, sem að þessu nefndaráliti stöndum, að slíkar lagasetningar séu óhæfar. Það breytir engu um í þessu efni, að fjárlög áranna 1969 og 1970 hafa gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs þau ár falli niður. Fjárlög geta ekki breytt gildandi lögum í þessu efni.

Við höfum á sérstöku þingskjali borið fram breytingartillögur við þetta frumvarp. Nái þær brtt. fram að ganga, munum við greiða atkvæði með frumvarpinu svo breyttu. Verði brtt. hins vegar felldar, munum við greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 14. apríl 1970.

Bjarni Guðbjörnsson, frsm. Gils Guðmundsson. Ólafur Jóhannesson.

Ed. 576. Breytingartillögur [57. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   C-liður 4. gr. laganna orðist svo:
   til viðbótar framlagi til sjóðsins skv. b-lið greiðir ríkissjóður honum jafnháa fjárhæð árlega, þó aldrei lægri upphæð en 35 milljónir króna.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   7. gr. laganna orðist svo:
   Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Sameinað Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í stjórn sjóðsins og fimm til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar sjóðsins úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.
3. Við 2. gr. (verður 3. gr.). Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 577. Frumvarp til laga [174. mál]

um breyting á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 3. umr. í Nd., 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 369 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:
Á eftir síðustu mgr. 14. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
7. Með sama skilorði og í 6. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa, þar sem hætta er á, að lax og silungur geti veiðzt í veiðiútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

7. gr. hljóðar svo:
19. gr. laganna orðist svo:
1. Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangarveiði, 84 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 10 til þriðjudagsmorguns kl. 10. Friðunartíma þennan má stytta í 60 stundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiði-

félags, engin hætta á, að um þverrandi fiskstofn sé að tefla á viðkomandi veiðisvæði. Með sama skilorði má lengja friðunartímann um allt að 24 stundir, verði talin hætta á þverrandi fiskstofni í fiskihverfinu eða til jöfnunar fiskgengd í því vatni. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangarveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klst. á sólarhring hverjum. Rétt er að setja nánari reglur um daglegan stangarveiðitíma með sama hætti og ákveðið er í 2. mgr. 18. gr. Nú fer lax og göngusilungur um stöðuvatn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú var sagt.

2. Ráðherra er rétt að ákveða, að friðun sú, sem getur í 1. mgr., skuli gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til jöfnunar fiskgengd í því vatni.

3. Ráðherra er rétt, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, að leyfa veiðifélagi að veiða lax til flutnings á hrygningarstaði. Einnig getur hann leyft, eftir tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, veiðifélagi að veiða göngulax og flytja hann upp fyrir ólaxgenga fossa eða mannvirki, er hindra fiskför um vötn. Kostnað, er af þessu leiðir, má greiða úr fiskræktarsjóði að ⅓ hluta.

11. gr. hljóðar svo:

Ný mgr. komi í 27. gr., sem verði 2. mgr., og breytist töluröð annarra mgr. til samræmis við það:

2. Leyfi veiðimálanefndar og veiðimálastjóra þarf til að taka í notkun til veiða á laxi og silungi veiðarfæri úr nýjum efnum eða úr efnum framleiddum með nýjum aðferðum.

4. málsgr. 27. gr. laganna (sem verður 5. málsgr.) orðist svo:

Eigi má fjölga lögnum frá því, sem verið hefur síðustu 5 ár fyrir gildistöku laga þessara. Nú er breytt um veiðiaðferðir og veiði með föstum veiðivélum tekin upp, og skal þá heimilt að nota gamlar lagnir, sem löglegar teljast samkvæmt ákvæðum þessara laga. Einnig er það heimilt, ef veiði hefur ekki verið stunduð um ákveðið árabil, en er tekin upp aftur, eða ef veiði er tekin upp í vatni, þar sem ræktun hefur farið fram, þótt eigi hafi þar áður verið veitt.

19. gr. hljóðar svo:

44. gr. (áður 62. gr.) orðist svo:

1. Skylt er mönnum að gera með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi, svo fljótt sem kostur er. Rétt er félagi:

a. Að ákveða, að veiða skuli með tilteknum veiðitækjum, eftir því sem segir í lögum þessum.
b. Að láta stunda veiði.
c. Að selja á leigu rétt til stangarveiði í öllu fiskihverfinu eða hluta þess.
d. Að skipta veiði milli félagsmanna og úthluta hverjum veiðihlut sínum.

2. Veiðifélagi er skylt að stunda fiskrækt, eftir því sem við á. Fiskrækt telst friðun fisks, umbætur á lífsskilyrðum fisks, flutningur fisks í veiðivatn, auðveldun á gönguleiðum fisks, eftirlit með veiði og annað, er lýtur að aukningu fiskstofns eða viðhaldi hans.

3. Um slíkan félagsskap, sem getur í grein þessari, skal fara svo sem mælt er í kafla þessum.

20. gr. hljóðar svo:

45. gr. (áður 63. gr.) orðist svo:

1. Félagssvæði veiðifélags getur tekið yfir:

a. Heilt fiskihverfi.
b. Einstakt veiðivatn í fiskihverfi.
c. Hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti.

d. Veiðivötn á afrétti, sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum og eru á sama landssvæði,

2. Veiðifélag skal taka til allrar veiði á félagssvæðinu.

3. Nú er félagssvæði hluti straumvatns, og er rétt, að félagssvæði nái svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð, nema sérstaklega standi á.

29. gr. hljóðar svo:

59. gr. (áður 79. gr.) orðist svo:

1. Nú verða ábúendaskipti á jörð á félagssvæði, og er þá hinum nýja ábúanda skylt að gerast félagi og taka á sig skuldbindingar félagsmanns.

2. Eignir veiðifélags skulu teljast til jarða á félagssvæðinu í arðskrárhlutfalli. Ef ágreiningur verður vegna eignarhluta í veiðifélagi, sker mat úr, sbr. 94. gr.

32. gr. hljóðar svo:

61. gr. (áður 59. gr.) orðist svo:

1. Nú vill veiðifélag með ráði og samþykki veiðimálastjóra auka friðun eða láta vikufriðun gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, auka fjarlægð milli fastra veiðivéla frá því, sem í lögum er mælt, stytta hámarkslengd þeirra, draga úr veiðni veiðitækja, fækka þeim eða kveða á um meiri lágmarksstærð fisks, sem veiða má, og er það rétt, ef allir félagsmenn hverfa að einu ráði eða lögmætur félagsfundur samþykkir með $\frac{2}{3}$ atkvæða félagsmanna, enda fari um fundarboðun og atkvæðagreiðslu eins og mælt er í 49. gr. laga þessara, og fundarefnis sé getið í fundarboði.

2. Samþykkt samkvæmt 1. mgr. öðlast gildi, þá er ráðherra staðfestir hana, enda mæli veiðimálanefnd með samþykkt.

34. gr. hljóðar svo:

Á eftir 66. gr. komi ný grein, sem verði 67. gr. (áður 1. mgr. 60. gr.):

Skylt er að láta af hendi við veiðifélag land eða landsafnot, vatn eða afnot vatns, er þarf til byggingar eða starfsemi klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging slíkra stöðva eða starfsemi kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

37. gr. hljóðar svo:

75. gr. (ný gr.) orðist svo:

1. Ráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd, en í henni eiga sæti yfirdýralæknir, og sé hann formaður, veiðimálastjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Hún skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðgerðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað, er að fisksjúkdómum lýtur.

2. Rétt að ráðherra þeim, er í hlut á, að skipa við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum sérfræðing í fisksjúkdómum, og skal hann vera fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis.

45. gr. hljóðar svo:

a. 1. málsgr. 83. gr. (áður 98. gr.) orðist svo:

Nú eru friðlýst eða arðgæf selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær ósi vatns, er lax eða göngusilungur fer um, en 7 km, og getur þá ráðherra ófriðað þau eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, enda sýni mat, að arður af laxveiði eða göngusilungs- í ánni sé meiri en arður af selveiði.

Upphaf 2. málsgr. sömu greinar orðist svo:

Nú eru friðlýst eða arðgæf selalátur eða selalagnir í veiðivatni o. s. frv.

48.—64. gr. hljóða svo:

48. gr.

5. og 6. mgr. 88. gr. (áður 103. gr.) eru nýmæli og hljóði svo:

5. Nú leikur grunur á, að fiskur sé ólöglega veiddur, og getur eftirlitsmaður krafizt þess, að sá, er hefur hann undir höndum, geri eftirlitsmanni grein fyrir, hvar hann hafi fengið fiskinn, ella telst fiskurinn ólöglegt veiðifang.

6. Nú leikur grunur á, að ólöglegt veiðifang sé geymt í verzlun, reykhúsi, frystihúsi eða í öðru geymsluhúsi, og er eftirlitsmanni heimilt án undangengins úrskurðar dómara að gera leit að slíku veiðifangi og taka það í sína vörzlu, ef þurfa þykir, en gera skal hann dómara þeim, er í hlut á, þegar viðvart, en hann skal þegar taka málið til meðferðar.

49. gr.

Í upphafi XIV. kafla komi ný gr. og fyrirsögn breytist og verði: Um Fiskræktarsjóð og styrkveitingar til fiskræktar.

50. gr.

90. gr., ný gr., hljóði svo:

1. Stofna skal sjóð, er nefnist Fiskræktarsjóður, til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Tekjur sjóðsins eru:

a. Fjárveiting úr ríkissjóði.
b. Gjald af skírum veiðitekjum, 2%, er innheimtist af veiðifélögum.
c. Tekjuafgangur fiskeldisstöðva ríkisins, eftir ákvörðun ráðherra.
d. 3‰ af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings.
e. Aðrar tekjur.

2. Með stjórn Fiskræktarsjóðs fara veiðimálanefnd og veiðimálastjóri. Ákvarðanir um styrki og lán úr sjóðnum skulu háðar samþykki ráðherra. Ráðherra er rétt að setja Fiskræktarsjóði starfsreglur. Nú greinir veiðimálanefnd og veiðimálastjóra á, og sker ráðherra úr.

51. gr.

91. gr. (áður 105. gr.) orðist svo:

1. Lán og styrki skal veita úr Fiskræktarsjóði til framkvæmda, er lúta að fiskrækt eða fiskeldi, enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda, þær séu gerðar undir eftirliti hans og hann mæli með styrkveitingu.

2. Þessar framkvæmdir njóta styrks, er nemi allt að ⅓ af áætluðum kostnaði:

1. Fiskvegir og önnur meiri háttar mannvirki, er stefna að því að auka fiskför um vatn.
2. Klakhús og eldisstöðvar.

52. gr.

92. gr. (áður 106. gr.) breytist þannig, að orðin „úr Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 75 27. apríl 1962“ komi í stað orðanna „úr Ræktunarsjóði samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1947“.

53. gr.

Í 3. mgr. 93. gr. (áður 107. gr.) komi orðin „tveir mánuðir“ í stað orðanna „8 vikur“.

54. gr.

Í 1. mgr. 94. gr. (áður 108. gr.) komi orðin „að mestu eða öllu“ í stað orðanna „með öllu“, og ný mgr. bætist við gr., sem verði 3. mgr., svo hljóðandi:

3. Nú hefur maður í öðrum tilvikum en í 1. mgr. segir orðið að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna ákvæða og framkvæmdar laga þessara, og á hann kröfu til skaðabóta eftir mati. Skaðabætur skulu greiða eigendur veiðiréttar í fiskihverfi því, sem í hlut á, eftir ákvörðun matsnefndar, og má taka þær lögtaki. Ákveða má þeim, er tjón hefur beðið, bætur með því að úthluta honum arði í arðskrá. Stjórn veiðifélags er skylt að annast innheimtu bóta á félagssvæði sínu.

55. gr.

96. gr. (áður 110., 111., 112. og 113. gr.) orðist svo:

1. Það varðar mann sektum og varðhaldi, ef miklar sakir eru, ef:

a. Hann veiðir ólofað í vatni annars manns.
b. Hann hittist með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, nema sannað sé, að hann hafi átt þar lögmætt erindi.
c. Hann veiðir á tíma, þegar veiði er bönnuð, eða á stöðum, þar sem veiði er bönnuð.
d. Hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem bannað er að nota, eða fylgir eigi settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um veiðiaðferð.
e. Hann veiðir fisk, sem er minni en leyft sé að veiða, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er sleppa skal.
f. Hann brýtur ákvæði 23., 30. eða 38. gr.
g. Hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn.
h. Hann notar sprengiefni, skotvopn, rafmagn, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði.
i. Hann hlítir eigi settum reglum um veiðifélög eða samþykktum þeirra.
j. Hann hlítir annars eigi lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

2. Brot gegn ákvæðum 14. gr. innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi varðar fésektum allt að 500 000 kr. og auk þess varðhaldi, ef miklar sakir eru.

56. gr.

97. gr. (áður 114. gr.) orðist svo (óbreytt):

Brot þau, er getur í c-, d- og h-liðum 96. gr., teljast fullframin, jafnskjótt og veiðarfæri er komið að veiðistað, nema sannað sé, að það hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

57. gr.

98. gr. (áður að nokkru 1. mgr. 110. gr. laganna) orðist svo:

Nú veiðir maður ólofað í vatni annars manns, og skal sá, er misgert var við, fá allt veiðifang eða andvirði þess auk bóta fyrir annað tjón, sem hann kann að hafa orðið fyrir.

58. gr.

99. gr. (áður 115. gr.) orðist svo:

Ólögleg veiðitæki og veiðitæki, sem eru notuð með ólöglegum hætti, skulu upptæk ger. Eins fer um ólöglegt veiðifang, sbr. þó 98. gr.

59. gr.

116. gr. laganna verði 100. gr.

60. gr.

101. gr. er nýmæli og orðast svo:

1. Rétt er dómsmálaráðherra að fela Landhelgisgæzlunni löggæzlu samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við verður komið.

2. Rétt er dómsmálaráðherra, samkvæmt tillögu landbúnaðarráðherra, að skipa sakadómara í Reykjavík til þess að rannsaka og dæma brot gegn lögum þessum.

61. gr.

102. gr. (áður 117. gr.) orðist svo:

Veiðifélag, sem löglega hefur verið stofnað samkvæmt eldri lögum, skal haldast, en breyta skal samþykktum þess samkvæmt 1.—2. mgr. 49. gr.

62. gr.

Fella skal niður orðið „fiskræktarfélag“ úr gr. laganna og setja orðið „veiðifélag“ í staðinn svo og fella niður samtengingar eins og t. d. „og“, „eða“ með orðinu „fiskræktarfélag“, þar sem nauðsyn krefur, og orðin „ef til er“ á eftir orðinu „veiði-

félag". Þá skal og breyta tilvitnunum í einstakar gr., þar sem þörf verður á vegna breyttrar töluraðar á lagagreinum.

63. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, og gefa þau út svo breytt.

64. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 578. Tillaga til þingsályktunar [219. mál]

um Útflutningsráð.

Flm.: Tómas Árnason, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um Útflutningsráð, er hafi það hlutverk að annast um útflutnings- og markaðsmál í samvinnu við utanríkisráðuneytið og viðskiptaráðuneytið. Útflutningsráð verði sjálfstæð stofnun, skipað fulltrúum helztu samtaka íslenzkra útflytjenda og atvinnuvega. Viðskiptafulltrúar utanríkisþjónustunnar verði að hluta starfsmenn Útflutningsráðs.

Greinargerð.

Í nágrannalöndum okkar hefur verið komið á fót sérstökum útflutningsráðum til þess m. a. að greiða fyrir framleiðendum með sölu á framleiðsluvörum sínum á erlendum mörkuðum.

Að dómi flutningsmanna er hér um að ræða þýðingarmikið og tímabært málefni. Mjög er áríðandi að örva og efla útflutningsverzlun þjóðarinnar og finna markaði fyrir vaxandi útflutningsframleiðslu, sérstaklega í sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði. Með tilkomu markaðsbandalaga og aðildar okkar að EFTA vex nauðsyn á að tengja á lífrænan hátt framleiðslustarfsemi atvinnuveganna við erlenda markaði í þeim tilgangi að greiða fyrir sölu á framleiðsluvörum okkar. Ætla verður, að erfiðleikum sé bundið fyrir einstök fyrirtæki að standa fyrir markaðskönnun á erlendri grund. Hér þarf til að koma samstillt átak ríkisvaldsins og íslenzkra atvinnuvega.

Útflutningsráð færi fyrst og fremst með útflutnings- og markaðsmál í samvinnu við utanríkisráðuneytið og viðskiptaráðuneytið. Á skipulegan hátt yrði unnið að því að afla markaða erlendis fyrir íslenzkar framleiðsluvörur. Útflutningsráð þyrfti að vera upplýsinga- og kynningarmiðstöð fyrir útflytjendur og atvinnuvegina. Það væri útflytjendum til ráðuneytis um verzlun og viðskipti milli landa. Þá hefði Útflutningsráð forgöngu um framleiðslu nýrra vörutegunda, sem ætla mætti að markaður væri fyrir eða möguleikar á að skapa nýjan markað fyrir.

Lagt er til, að Útflutningsráð verði sjálfstæð stofnun, skipuð fulltrúum helztu samtaka íslenzkra útflytjenda og atvinnuvega. Ef hagkvæmt þætti, gætu utanríkisráðuneytið og viðskiptaráðuneytið einnig átt fulltrúa í Útflutningsráði.

Með því að Útflutningsráð verður sjálfstæð stofnun íslenzkra atvinnuvega, ætti að vera tryggður áhugi þessara aðila á stofnuninni.

Þá stæðu vonir til lífrænna starfs og þróttmeira, þar sem starfsemin sjálf og starfsmenn stæðu föstum fótum í atvinnulífinu, en hefðu jafnframt þekkingu á viðskiptamálum.

Starfsmenn Útflutningsráðs erlendis þyrftu ekki allir að vera fastir opinberir starfsmenn. Þeir yrðu að hafa trausta þekkingu á þörfum atvinnulífsins, verzlun og viðskiptum, en njóta jafnframt aðstoðar og fyrirgreiðslu utanríkisþjónustunnar.

Æskilegast væri, að viðskiptafulltrúar utanríkisþjónustunnar verði að hluta starfsmenn Útflutningsráðs og ráðnir til starfa í samráði við eða eftir tilnefningu ráðsins.

Flutningsmenn gera ekki tillögu um, hverjir eða hvernig afla skuli fjár til að greiða kostnað af störfum Útflutningsráðs. Þeir telja eðlilegt, að það mál verði sérstaklega athugað í samráði við þá aðila, sem hlut eiga að máli. Þó virðist eðlilegt, að þeir aðilar, sem standa að Útflutningsráði, greiði kostnað af starfseminni.

Nd. 579. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og aflað sér upplýsinga um ýmis atriði þess. Undirritaður meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn, sem skipa meiri hl., áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. við frv. og fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

Tveir háttv. nm., MK og SE, munu skila séráliti.

Eins og heiti frv. ber með sér, er efni þess tvíþætt. Annars vegar fjallar frv. um breytta skipan prestakalla og prófastsdæma og nokkra fjölgun prestsembætta, sem ekki eru bundin við sérstök prestaköll, hins vegar fjallar frv. um kristnisjóð. Meiri hl. nm. telur, að með þeirri breytingu á skipan prestakalla, sem frv. gerir ráð fyrir frá því, sem nú er, sé stefnt í rétta átt og til samræmis við þá þjóðfélagsháttu, sem við búum við í dag. Fólkinu hefur fækkað í strjálbýlinu og því eðlilegt, að fámenn prestaköll séu sameinuð í eitt, enda auðvelda allvíðast hvar bættar og batnandi samgöngur slíka sameiningu.

Álitamál hlýtur það þó ávallt að verða, hversu langt á að ganga á þessari braut, og þess er ekki að dyljast, að mörgu fólki er það ekki sársaukalaust, að forn prestssetur, sem mörg hver eiga merka sögu, séu lögð niður og prestaköll sameinuð öðrum. En þess ber einnig að gæta, að flest þau prestaköll, sem frv. gerir ráð fyrir að sameinuð verði öðrum köllum, hafa verið prestslaus um lengri eða skemmri tíma og sum hver um áratugi.

Segja má því, að sá samruni prestakalla, sem stefnt er að með frv., sé nánast viðurkenning á því, sem orðið er. Og þá raunasögu er að segja af mörgum hinna prestslausu prestssetursjarða, að þær hafa níðzt niður og orðið aftur úr í framkvæmdum, í byggingum og jarðabótum.

Þegar við 1. umr. frv. í hv. Nd. var flutt brtt. á þskj. 431, þess efnis, að Árnessprestakall í Strandasýslu verði áfram sérstakt prestakall, en verði ekki sameinað Hólmavíkurprestakalli. Meiri hl. nm. mælir með samþykkt þessarar brtt. Vegna vegalengdar og torleiðis hlýtur það að vera öndvert fyrir prest búsettan á Hólmavík að þjóna þessu kalli. Þá hafa þinginu borizt eindregnar áskoranir frá íbúum Árnessprestakalls um það, að prestakallið fái að haldast. N. þykir rétt, að á það sé reynt, hvort ekki fáist prestvígður maður til að starfa meðal þess fólks, sem byggir þetta norðlæga prestakall.

Annar kafli frv. fjallar um stofnun kristnisjóðs og hlutverk hans. Með þessari sjóðsmyndun eru kirkjunni ætluð nokkur sjálfstæð fjárráð. Það er álit meiri hl. nm., að kristnisjóður geti, ef vel er á haldið, orðið til þess að örva og efla kirkjulega starfsemi í landinu þjóðinni allri til góðs.

Alþingi, 15. apríl 1970.

Benedikt Gröndal, form. Bjartmar Guðmundsson, fundaskr. Gunnar Gíslason, frsm.

Birgir Kjaran. Tómas Árnason.

Ed. 580. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til l. um kaup á sex skuttogurum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt efni frumvarpsins. Hæstvirtur sjávarútvegsráðherra mætti á einum fundi nefndarinnar um málið. Fjórir nm., JÁ, SvG, AJ og JÁH, vilja samþ. frv. óbreytt. Þrír nm., ÓlJ, BGuðbj og GilsG, undirrita nefndarálitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 15. apríl 1970.

Jón Árnason, form.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr., frsm.
Gils Guðmundsson, með fyrirvara.
Ólafur Jóhannesson, með fyrirvara.
Bjarni Guðbjörnsson, með fyrirvara.
Axel Jónsson.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 581. Breytingartillögur [206. mál]

við frv. til laga um kaup á sex skuttogurum.

Frá Gils Guðmundssyni, Ólafi Jóhannessyni og Bjarna Guðbjörnssyni.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða allt að 12 skuttogara í þeim tilgangi, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram sem hlutafé úr ríkissjóði allt að 7.5% byggingarkostnaðar skipanna á byggingartíma þeirra. Þegar um er að ræða bæjarútgerðir eða útgerðarfélög, sem stofnuð hafa verið eða stofnuð verða fyrir forgöngu sveitarfélaga og með þátttöku þeirra, er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram eignarhlut eða hlutafé, er nemur allt að 10% af kostnaðarverði skipanna.

Ed. 582. Breytingartillögur [196. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1970.

Frá Bjarna Guðbjörnssyni, Kristjáni Thorlacius og Birni Jónssyni.

1. Við 3. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, þannig:
   Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nöfn eigenda.
2. Við 7. gr. Upptalning, hvernig verja skuli lánsfé, breytist þannig:
   Í stað „15 millj. kr.“ til rafvæðingar í sveitum komi: 30 millj. kr., og niðurstöðutala breytist samkv. því í 371.8 millj. kr.

Nd. 583. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Frá Stefáni Valgeirssyni, Braga Sigurjónssyni, Steingrími Pálssyni og Gísla Guðmundssyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Aftan við 4. málsgr. 65. gr. laganna bætist:

Við samkomustaði, þar sem meiri háttar útisamkomur fara fram, getur lögreglustjóri sett ákvæði um takmörkun umferðar um vegi á samkomusvæðinu, sem hann telur nauðsyn á, m. a. vegna gjaldtöku á leyfðri samkomu, enda annist lögreglumenn eftirlit með framkvæmd slíkrar takmörkunar.

Nd. 584. Frumvarp til laga [220. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi 1969—70.)

1. gr.

Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Við ákvörðun skattskyldra tekna á skattárinu 1969 skulu skattstjórar draga frá tekjum ársins 1969 fjárhæð, sem sé jöfn 20% af gjaldfærðum fyrningum fasteigna skattþegns, öðrum en íbúðarhúsnæði, fyrir árið 1968 og 40% af gjaldfærðum fyrningum lausafjár skattþegns, þar með talin skip og loftför, fyrir árið 1968, miðað við þær eignir, sem hann átti allt árið 1969, en að frádregnum þeim viðbótarfyrningum, sem hann kann að hafa fengið á árinu 1969 vegna gengistaps á árinu 1968.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1969.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að tilhlutan fjármálaráðherra hefur fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis lagt fram í neðri deild frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þess er ekki að vænta, að það frumvarp nái afgreiðslu á þessu þingi. Ákvæði það, sem hér er gerð tillaga um, er tekið úr greindu frumvarpi og er eina ákvæði þess, sem afdráttarlaust var ætlað að hafa áhrif við álagningu skatta árið 1970 vegna ársins 1969.

Um greinargerð fyrir frumvarpinu vísast til greinargerðar með áðurnefndu frumvarpi á þingskjali nr. 530. Efni frumvarpsins er að hækka nokkuð við álagningu skatts vegna ársins 1969 fyrningu af eignum, sem fyrirtæki áttu í árslok 1968. Þessari ráðstöfun er ætlað að vega nokkuð upp á móti því, hversu raunverð fyrningar á upphaflegu kostnaðarverði rýrnaði við gengisbreytinguna 1968.

Nd. **585. Nefndarálit** [74. mál]

um frv. til l. um skattfrelsi heiðursverðlauna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar. Nefndinni hafa borizt tvö erindi varðandi mál þetta, og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu.

Nefndarmenn telja þörf á með tilliti til nýlegra dæma, að fjármálaráðuneytið athugi, með hvaða hætti rétt sé að lögbinda undanþágu í þá átt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og leggi síðan niðurstöður sínar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Með tilvísun til þessa leggur nefndin til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 15. apríl 1970.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Þórarinn Þórarinsson.	Lúðvík Jósefsson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.

Fylgiskjal I.

BANDALAG ÍSLENZKRA LISTAMANNA

Stjórn Bandalags íslenzkra listamanna leyfir sér hér með að senda háttvirtri fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var einróma á nýafstöðnum aðalfundi bandalagsins.

„Aðalfundur Bandalags íslenzkra listamanna, haldinn í Reykjavík 16. nóv. 1969, lýsir fyllsta stuðningi við frumvarp Magnúsar Kjartanssonar alþingismanns um skattfrelsi heiðurslauna, sem mönnum eru veitt fyrir unnin afrek í listum eða vísindum."

Virðingarfyllst,

f. h. Bandalags íslenzkra listamanna,

Hannes Kr. Davíðsson. Ingólfur Kristjánsson.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

Til fjárhagsnefndar Alþingis.

Málefni: Verðlaunasjóður Ásu Guðmundsdóttur Wright.

Á síðasta ári barst Vísindafélagi Íslendinga peningagjöf að upphæð $ 20.000.00 frá frú Ásu Guðmundsdóttur Wright, sem er kona íslenzkrar ættar, en erlendur ríkisborgari. Gjöfinni fylgdi skipulagsskrá, sem gerði ráð fyrir, að stofnaður yrði verðlaunasjóður. Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, en vexti skal flytja til Íslands eftir þörfum, og skulu þeir standa undir fjárveitingum og viðurkenningargjöfum til Íslendinga, sem unnið hafa veigamikið vísindalegt afrek á Íslandi eða fyrir Ísland.

Sjóðsstjórnin er skipuð þremur mönnum og eiga sæti í henni dr. Kristján Eldjárn, dr. Jóhannes Nordal og undirritaður, sem er formaður.

Sjóðsstjórnin gerir sér grein fyrir því, að verðmæti heiðursverðlaunanna, sem nú munu nema eitt þúsund bandarískum dollurum, skerðast verulega, verði þau skattlögð sem aðrar tekjur, og æskir þess, að þau verði undanþegin skatti.

Til stuðnings þeirri umleitan vísast til þess:
að Nóbelsverðlaun Halldórs Laxness voru undanþegin tekjuskatti og útsvari;
að Sonningsverðlaunin hlutu sömu meðferð á síðasta Alþingi;
að rektor Háskólans, Magnús Már Lárusson, fær væntanlega einnig undanþágu skatts fyrir þau heiðursverðlaun, sem honum voru veitt og kennd eru við Heinrich Steffen.

Athygli skal vakin á því, að heiðursverðlaun Ásu Guðmundsdóttur Wright verða væntanlega veitt árlega. Raunverulega er um erlenda fjárveitingu að ræða, sem að því leyti er hliðstæð fyrrnefndum dæmum, enda þótt tilnefningin sé framkvæmd af íslenzkum aðilum.

Þess er góðfúslega vænzt, að hið háa Alþingi beiti sér fyrir því, að heiðursverðlaun Ásu Guðmundsdóttur Wright njóti skattfrelsis.

Virðingarfyllst,

Sturla Friðriksson,
formaður sjóðsstjórnar.

Ed. 586. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til laga um Fjárfestingarfélag Íslands h.f.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkv. 1. gr. þessa frv. skal heimilt verða að stofna hlutafélag, sem hafi það hlutverk að efla íslenzkan atvinnurekstur og örva til þátttöku í honum með því að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum, veita þeim fjárhagslega fyrirgreiðslu og beita sér fyrir nýjungum í atvinnumálum. Síðan er nánar til tekið, með hvaða hætti þessum tilgangi verður náð, og er það sérstaklega tilgreint, að félag þetta muni verða frumkvöðull að stofnun atvinnufyrirtækja, kaupa, eiga og selja hlutabréf í fyrirtækjum, annast tæknilega og viðskiptalega ráðgjafarþjónustu fyrir þau o. fl. þessum hlutverkum skylt.

Ekki verður séð, að nokkurt það ákvæði um tilgang og fyrirhuguð störf þessa félags, eins og þau eru skýrð í 1. gr. frv., þarfnist sérstakra lagaheimilda. Áhugaaðilar, sem kynnu að vilja leggja fé í slíkt fyrirtæki og starfrækja það, hafa til þess fullgildar heimildir í gildandi lögum, að því er bezt verður séð.

Hinn raunverulegi tilgangur með þessari tilraun til lagasetningar felst hins vegar í ákvæðum 4. og 6. gr. frv., en þar er að finna tvö nýmæli. Í fyrsta lagi það, að einkabönkum og opinberum sjóðum sé heimilt að kaupa og eiga hlutabréf í fyrirtækinu, þótt bannað sé í lögum um þessar stofnanir, og í öðru lagi það, að þetta sérstaka hlutafélag skuli njóta skattfrelsis til ársloka 1977.

Það er skoðun minni hl. fjárhagsnefndar, að ekkert nema gott væri um það að segja, að þeir tilgreindu aðilar, sem skv. frv. á að löggilda sem forgönguaðila nefnds hlutafélags, beindu því fjármagni, sem þeir hafa yfir að ráða, og fjármagni annarra einkaaðila í vaxandi mæli til ýmiss konar þjóðhagslega hagkvæms atvinnurekstrar, hvort sem væri með stofnun nýrra fyrirtækja eða eflingu annarra. Sé þar vilji fyrir hendi, eru engar lagahindranir þar heldur í vegi og sérstök löggjöf því með öllu óþörf.

Á hinn bóginn fær minni hluti fjhn. ekki séð, að til neinna bóta horfi að draga fé úr viðskiptabönkum og opinberum stofnlánasjóðum, sem fyrir hendi eru, og fá það í hendur stofnun, sem er óljóst sambland af fjárfestingarlánastofnun og atvinnurekstrarfyrirtæki. Enn fráleitara virðist þó að veita slíku einkafyrirtæki um fjölda ára algert skattfrelsi. Í því fælist mismunun, sem engin rök mæla með.

Atvinnurekstur í landinu er óumdeilanlega hrjáður af fjármagnsskorti bæði til stofnframkvæmda og rekstrar, en sú meinsemd verður trauðla læknuð með því að fjölga enn þeim aðilum, sem fást við úthlutun þess fjármagns, sem lánakerfið hefur yfir að ráða. Þvert á móti þyrfti að því að stefna að fækka verulega þessum aðilum og samræma aðgerðir þeirra. Með þeim aragrúa meira eða minna fjárvana stofnlánasjóða atvinnuveganna, sem nú eru starfandi, og því skipulagsleysi, sem þar er ríkjandi, notast hið takmarkaða fjármagn illa og miklu verr en vera þyrfti, ef þar yrði komið á nauðsynlegri heildarstjórn.

Með frv. þessu er því stefnt til öfugrar áttar við þau markmið, sem undirritaður minni hl. fjhn. telur æskileg og nauðsynleg, og leggur hann því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 16. apríl 1970.

Björn Jónsson, frsm. Bjarni Guðbjörnsson. Kristján Thorlacius.

Ed. 587. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta felur í sér, að falla skuli úr gildi lög nr. 33 frá 1915, er banna verkföll opinberra starfsmanna. Flutningsmenn frumvarpsins álíta, að með samþykkt þess yrði stigið spor í áttina til verkfallsréttar fyrir opinbera starfsmenn. Meiri hluti allsherjarnefndar telur, að áður en ákvörðun verður um það tekin, hvort veita skuli opinberum starfsmönnum verkfallsrétt eða ekki, þurfi nauðsynlega, vegna þess hve hér er um veigamikið og örlagaríkt mál að tefla, að kanna eftirfarandi atriði til hlítar:

1. Hvort ríkir þjóðfélagshagsmunir séu í húfi, ef verkfallsréttur verði veittur.
2. Hvort ríki og sveitarfélög skuli öðlast verkbannsrétt, ef opinberum starfsmönnum verði heimilað að gera verkföll.
3. Hvort launabarátta opinberra starfsmanna hafi eftir gildistöku laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 55 frá 1962 borið minni árangur en launabarátta verkalýðsfélaga, er njóta verkfallsréttar.
4. Hvernig skipan þessara mála sé hjá nágrannaþjóðum okkar og hvernig hún hafi gefizt.
5. Hver verði niðurstaða af þeirri endurskoðun á lögum nr. 38 frá 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er nú stendur yfir.
6. Hvort samningsréttur ríkisstarfsmanna verði áfram á hendi heildarsamtaka þeirra, BSRB, eða hvort samningsréttinum verði dreift á fleiri aðila.

Í trausti þess, að framangreind athugun fari fram og að henni verði kappsamlega unnið, leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 16. apríl 1970.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Sveinn Guðmundsson, fundaskr. Auður Auðuns.

Ólafur Björnsson.

Ed. 588. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til laga um Togaraútgerð ríkisins og stuðning við útgerð sveitarfélaga.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarpið hefur verið rætt í sjávarútvegsnefnd, og náði nefndin ekki samstöðu um málið. Minni hl., BGuðbj, ÓlJ, GilsG, vill samþykkja frv. óbreytt og mun skila séráliti. Meiri hl., JÁ, SvG, AJ og JÁH, leggur til með skírskotun í frumv. hæstvirtrar ríkisstjórnar um kaup á sex skuttogurum, að frv. verði **vísað til hæstvirtrar ríkisstjórnar.**

Alþingi, 7. apríl 1970.

Jón Árnason, form. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr., frsm. Sveinn Guðmundsson.
Axel Jónsson.

Ed. 589. Nefndarálit [38. mál]

um togarakaup ríkisins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarpið hefur verið rætt í sjávarútvegsnefnd, og náði nefndin ekki samstöðu um málið. Minni hl., BGuðbj, ÓlJ og GilsG, mun skila séráliti. Meiri hl., JÁ, JÁH, SvG og AJ, leggur til með skírskotun í frv. hæstvirtrar ríkisstjórnar um kaup á sex skuttogurum, að frv. verði **vísað til hæstvirtrar ríkisstjórnar.**

Alþingi, 7. apríl 1970.

Jón Árnason, form. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr., frsm. Sveinn Guðmundsson.
Axel Jónsson.

Ed. 590. Frumvarp til laga [12. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

(Eftir 3. umr. í Nd., 16. apríl.)

1. gr.

Aftan við 4. málsgr. 65. gr. laganna bætist:

Við samkomustaði, þar sem meiri háttar útisamkomur fara fram, getur lögreglustjóri sett ákvæði um takmörkun umferðar um vegi á samkomusvæðinu, sem hann telur nauðsyn á, m. a. vegna gjaldtöku á leyfðri samkomu, enda annist lögreglumenn eftirlit með framkvæmd slíkrar takmörkunar.

2. gr.

70. gr. breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í vátryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við vátryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 1 000 000.00 fyrir létt bifhjól, kr. 1 500 000.00 fyrir dráttarvél, kr. 1 500 000.00 fyrir bifhjól og kr. 3 000 000.00 fyrir bifreið.

b. Í stað „kr. 100 000.00“ í 2. mgr. komi: kr. 200 000.00.

3. gr.

77. gr. breytist sem hér segir:

a. Í stað orðanna „Vörubílstjórafélaginu Þrótti, Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, Félagi sérleyfishafa og Félagi íslenzkra bifreiðaeigenda“ í 2. mgr. komi: Bandalagi íslenzkra leigubifreiðastjóra, Félagi íslenzkra bifreiðaeigenda, Félagi sérleyfishafa og Landssambandi vörubifreiðastjóra.

b. Aftan við 2. mgr. bætist:

Óheimilt er endurskoðendum þessum að hafa með höndum starf, sem að mati dómsmálaráðherra er ósamrýmanlegt endurskoðunarstarfi þessu.

4. gr.

Fyrirsögn VIII. kafla orðist svo: VIII. Um Umferðarráð, umferðarfræðslu o. fl.

5. gr.

Í stað 82.—84. gr. komi níu greinar (82.—90. gr.) svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

a. (82. gr.) Almenningi skal veitt fræðsla í umferðarlöggjöf og öðru því, er stuðlað getur að umferðaröryggi og umferðarmenningu.

b. (83. gr.) Dómsmálaráðherra skipar 16 menn í Umferðarráð til þriggja ára í senn.

Eftirtaldir aðilar skulu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver og annan til vara í ráðið:

Bandalag íslenzkra leigubifreiðastjóra.
Bifreiðaeftirlit ríkisins.
Bindindisfélag ökumanna.
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
Félag íslenzkra bifreiðaeigenda.
Fræðslumálastjórn.
Landssamband vörubifreiðastjóra.
Landssamtök klúbbanna „Öruggur akstur“.
Reykjavíkurborg.
Ríkislögregla.
Samband íslenzkra sveitarfélaga.
Samband íslenzkra tryggingarfélaga.
Slysavarnafélag Íslands.
Vegagerð ríkisins.
Ökukennarafélag Íslands.

Dómsmálaráðherra skipar formann Umferðarráðs án tilnefningar, en varaformann skipar hann úr hópi ráðsmanna.

c. (84. gr.) Hlutverk Umferðarráðs skal vera sem hér segir:

1. Að beita sér fyrir því, að haldið sé uppi umferðarfræðslu í landinu.
2. Að vera fræðsluyfirvöldum, umferðarnefndum sveitarfélaga og samtökum, er vinna að bættri umferðarmenningu, til hjálpar og ráðuneytis, eftir því sem óskað er og aðstæður leyfa.

3. Að standa fyrir útgáfu fræðslurita og bæklinga um umferðarmál og hafa milligöngu um útvegun kennslutækja og annarra gagna til nota við fræðslustarfsemi.
4. Að hafa milligöngu um umferðarfræðslu í Ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og öðrum fjölmiðlunartækjum.
5. Að beita sér fyrir bættum umferðarháttum.
6. Að sjá um, að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu.
7. Að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál.
8. Að fylgjast með þróun umferðarmála erlendis og hagnýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á því sviði.
9. Að leitast við að sameina sem flesta aðila til samstilltra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættri umferðarmenningu.

Umferðarráði ber að hafa samvinnu við fræðsluyfirvöld, lögregluyfirvöld, umferðaryfirvöld sveitarfélaga, Slysavarnafélag Íslands, samtök bifreiðaeigenda og bifreiðastjóra, vátryggingarfélög, svo og öll önnur félög og stofnanir, sem fjalla um umferðarmál í landinu og láta sig umferðaröryggi skipta.

d. (85. gr.) Innan Umferðarráðs skal starfa þriggja manna framkvæmdanefnd, sem dómsmálaráðherra skipar til eins árs í senn, og skiptir ráðherra störfum með framkvæmdanefndarmönnum, eftir því sem þurfa þykir.

Framkvæmdanefnd skal vinna að gagnasöfnun, tillögugerð og öðrum undirbúningi mála, sem Umferðarráð fjallar um. Hún hefur einnig eftirlit með starfsemi þeirri, sem unnin er á vegum þess.

e. (86. gr.) Dómsmálaráðherra ákveður þóknun formanns og framkvæmdanefndar, en að öðru leyti eru störf í Umferðarráði ólaunuð. Framkvæmdanefnd ræður starfsfólk að fenginni heimild ráðherra.

Um kostnað af störfum Umferðarráðs skal gera áætlun, sem sendist ráðuneytinu til staðfestingar, svo og árleg reikningsskil.

f. (87. gr.) Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um störf Umferðarráðs.

g. (88. gr.) Sveitarstjórnum ber að fræða almenning um umferðarmál, eftir því sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur, er gilda á hverjum stað.

Sveitarstjórn getur skipað umferðarnefnd til þess að stuðla að umferðarfræðslu og vinna að bættu skipulagi umferðarmála í sveitarfélaginu. Sveitarstjórnum er og heimilt að stofna sameiginlega umferðarnefnd, er hafi með höndum framangreind verkefni.

Sveitarstjórn eða sveitarstjórnir setja nánari reglur um skipun og starfssvið slíkra umferðarnefnda.

h. (89. gr.) Kennsla í umferðarreglum skal fara fram í barna- og unglingaskólum. Menntamálaráðherra setur að fenginni umsögn Umferðarráðs reglugerð um tilhögun kennslunnar og prófkröfur.

i. (90. gr.) Skólastjórum er skylt í samráði við lögreglustjóra og sveitarstjórn að gera ráðstafanir til þess að vernda skólabörn gegn hættu, er stafar af umferð í næstu grennd við skóla.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. koma þó til framkvæmda 1. maí 1970.

Nd. 591. Lög [167. mál]

um breyting á lögum nr. 82 frá 29. des. 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 567.

Nd. 592. Frumvarp til laga [54. mál]

um breyting á læknalögum, nr. 80 23. júní 1969.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. apríl.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita læknar, er lokið hafa prófi við læknadeild Háskóla Íslands, framhaldsnámi í sjúkrahúsi eftir reglum, sem læknadeild setur og ráðherra staðfestir, og hafa gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni 6 mánuði að loknu námi, enda séu slík störf fyrir hendi. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá héraðslæknisskyldu umsækjendum, sem teljast ekki færir um að inna hana af hendi af heilsufarsástæðum, enda leggi þeir fram læknisvottorð, er landlæknir metur gilt.

Framhaldsnámi samkv. 1. mgr. skal lokið hér á landi eða erlendis við sjúkrahús, sem fullnægir skilyrðum til þess að dómi heilbrigðisstjórnar, að fengnum tillögum læknadeildar háskólans.

Þeir einir geta hlotið lækningaleyfi, sem eru íslenzkir ríkisborgarar, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum og eru lögráða, enda mæli læknadeildin og landlæknir með leyfisveitingunni. Ráðherra getur þó veitt tímabundið lækningaleyfi mönnum, sem ekki eru íslenzkir ríkisborgarar, ef þeir fullnægja ákvæðum 1. mgr. 3. gr., hafa lokið prófi í læknisfræði frá viðurkenndum háskóla og hafa nægilega kunnáttu í töluðu og rituðu íslenzku máli að dómi landlæknis, enda sé um að ræða tiltekið læknisstarf, er enginn íslenzkur læknir hefur fengizt til að gegna.

Læknadeildin eða landlæknir mega ekki mæla með lækningaleyfi til handa þeim, sem eru heilsulausir á þann hátt andlega eða líkamlega, að stafað geti hætta af þeim við læknisstörf, eða þeir fyrir það séu ófærir eða lítt hæfir til læknisstarfa, eða kunnir að drykkjuskaparóreglu eða eiturlyfjanotkun eða hafa kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi og ódugnaði í störfum sínum.

Heimilt er að synja manni um lækningaleyfi, ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 593. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. apríl.)

1. gr.

Við 17. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, bætist ný mgr., sem verður 2. mgr., svo hljóðandi:

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða eigendum fiskibáta með þilfari, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, hluta af fæðiskostnaði sjómanna þeirra báta: 85 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann. Skilyrði fyrir greiðslu þessari er, að eigendur viðkomandi báta fullnægi reglum áhafnadeildar aflatryggingasjóðs, sem deildin setur fyrir greiðslu hluta fæðiskostnaðar á þessari bátastærð, áhafnir bátanna hafi fulla atvinnu af þessum störfum eigi skemmri tíma en fimm mánuði á ári og eigendur þessara báta tryggi áhafnir sínar sömu slysatryggingum svo og líf- og örorkutryggingum sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

2. gr.

18. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, orðist svo:

Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu inntar af hendi eigi síðar en einum mánuði eftir lok hvers kauptryggingartímabils, eins og þau eru ákveðin í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

3. gr.

Á eftir 1. málslið 19. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Á bátum, sem eigi hafa lögskráningarskyldu, skal trúnaðarmaður Fiskifélags Íslands staðfesta úthaldsdagafjölda og áhafnarstærð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

Nd. 594. Breytingartillaga [130. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 28. maí 1969, um breyt. á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Orðin „með þilfari" falli niður.

Ed. 595. Breytingartillaga [196. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1970.

Frá fjármálaráðherra.

Við 5. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán hjá Alþjóðabankanum og öðrum lánastofnunum að fjárhæð allt að 500 millj. kr. eða jafnvirði hennar í erlendum gjaldeyri og endurlána fé þetta vegasjóði til lagningar hraðbrauta.

Ed. 596. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um Útflutningslánasjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með tveimur brtt., er nefndin flytur á sérstöku þingskjali. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja frekari brtt.

Alþingi, 16. apríl 1970.

Ólafur Björnsson, form., frsm.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.
Bjarni Guðbjörnsson.
Kristján Thorlacius.
Björn Jónsson.
Axel Jónsson.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 597. Breytingartillögur [202. mál]

við frv. til l. um Útflutningslánasjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 2. gr. a-lið. Í stað orðanna „að veita lán vegna útflutnings meiri háttar véla og tækja“ komi: að veita lán til meiri háttar útflutnings véla og tækja.
2. Við 3. gr. 1. mgr. Orðin „ekki skemmri tíma en þremur árum og“ falli niður.

Ed. 598. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 16. apríl 1970.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Bjarni Guðbjörnsson.
Kristján Thorlacius. Björn Jónsson. Axel Jónsson.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 599. Frumvarp til laga [127. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bochert, Silke, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 28. febrúar 1943.
2. Christensen, Sigrid Österby, húsmóðir að Laugarási, f. í Danmörku 6. febrúar 1937.
3. Frodason, Finnur Arnds Parelius, innanhúsarkitekt í Reykjavík, f. í Danmörku 20. janúar 1946.
4. Gomez, Ana Pancorbo, húsmóðir í Reykjavík, f. á Spáni 26. janúar 1921.
5. Grabst, Hildegard Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. febrúar 1943.
6. Graupner, Elisabeth, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Þýzkalandi 26. febrúar 1939.
7. Gunnar Bjarnason, Hurðarbaki, Borgarfirði, f. í Þýzkalandi 21. nóvember 1953.
8. Heinzelmann, Ingrid Margarete, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Þýzkalandi 19. nóvember 1912.
9. Karhunen, Annikki Marjatta Antintytär, nuddkona í Reykjavík, f. í Finnlandi 30. maí 1940.
10. Lyras, Michael, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Grikklandi 7. september 1937. Fær réttinn 7. október 1970.

11. Malmström, Astrid Kristina Elisabet, húsmóðir í Reykjavík, f. í Svíþjóð 8. apríl 1936.
12. Marock, Marlis, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 7. október 1942.
13. Niemenen Sigurður Kristján, sjómaður í Reykjavík, f. í Reykjavík 18. október 1946.
14. Owen, Haraldur, verkamaður á Selfossi, f. í Bandaríkjunum 13. ágúst 1948.
15. Owen, Margrét Anna, verkakona í Hafnarfirði, f. í Hafnarfirði 26. maí 1946.
16. Owen, Richard Bluford, verkamaður í Hafnarfirði, f. í Bandaríkjunum 1. apríl 1947.
17. Palumbo, Louis, nemandi í Reykjavík, f. í U.S.A. 17. febrúar 1954.
18. Pedersen, Ole, Reykjavík, f. í Danmörku 29. apríl 1948.
19. Reppin, Helga Ruth Ilse, húsmóðir í Ólafsfirði, f. í Póllandi 6. apríl 1938.
20. Sannerud, Arne, bóndi að Víðifelli í Fnjóskadal, f. í Noregi 11. marz 1926.
21. Schulze, Gisela Brigitta Ursula, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. marz 1931.
22. Valtingojer, Richard, listmálari í Kópavogi, f. í Austurríki 2. ágúst 1935.
23. Vang, Hjórun Fribjörg, húsmóðir í Þorlákshöfn, f. í Færeyjum 28. ágúst 1942.
24. Viderö, Napoleon, sjómaður á Suðureyri, f. í Færeyjum 23. febrúar 1935.
25. Þóra Bjarnadóttir, Hurðarbaki, Borgarfirði, f. í Reykjavík, 5. febrúar 1955.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 600. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til laga um afnám laga nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Meiri hluti allsherjarnefndar vill vísa frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar. Við undirritaðir leggjum til, að það verð samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1971.

Frumvarp þetta er um afnám laga nr. 33 frá 1915, er banna verkföll opinberra starfsmanna.

Eins og nú er komið, er það algert misrétti að banna verkföll opinberra starfsmanna, eftir að aðrir launþegar hafa fyrir löngu fengið verkfallsrétt með sérstakri löggjöf.

Í nútímaþjóðfélagi tilheyrir það almennum mannréttindum að mynda samtök, er semji um launakjör hlutaðeigandi starfsmanna, og verkfallsrétturinn er eðlilegur og nauðsynlegur til að skapa starfsmönnum samningsaðstöðu til jafns við vinnuveitendur. Engin haldbær rök eru fyrir því, að opinberir starfsmenn búi í þessu efni við annan rétt en aðrir þegnar þjóðfélagsins, og lítil hætta á því, að þeir beiti sér fyrir harkalegum verkföllum öðrum mönnum fremur.

Í greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir því, að ef frumvarpið verður að lögum, verði lögfest sérstök ákvæði, í samráði við samtök opinberra starfsmanna,

um samningsrétt þeirra, er starfa að öryggisþjónustu, og er það í samræmi við yfirlýsta stefnu samtaka opinberra starfsmanna. Með hliðsjón af þessu berum við fram breytingartillögu um, að lögin öðlist gildi 1. janúar 1971, þannig að á næsta þingi yrði unnt að lögfesta slík ákvæði.

Alþingi, 16. apríl 1970.

Kristján Thorlacius, frsm. Karl Guðjónsson. Björn Fr. Björnsson.

Sþ. 601. Tillaga til þingsályktunar [221. mál]

um byggingu þjóðarbókhlöðu.

(Lögð fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

Alþingi ályktar, að í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974 skuli reist þjóðarbókhlaða, er rúmi Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Enginn ágreiningur mun vera um það meðal Íslendinga, að rétt sé að minnast 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar með eftirminnilegum hætti. Árið 1966 kaus Alþingi nefnd til þess að gera tillögur um, með hverjum hætti afmælisins skyldi minnzt. Ein af tillögum nefndarinnar var bygging þjóðarbókhlöðu, er rúmi Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn.

Alþingi samþykkti árið 1957 tillögu um, að sameina skyldi Landsbókasafn og Háskólabókasafn. Í þeim húsakynnum, sem þessi söfn hafa nú til umráða, er það ekki framkvæmanlegt. Viðræður hafa þó farið fram milli menntamálaráðuneytis, Landsbókasafns og Háskólabókasafns um sameiningu safnanna og ákvæði verið tekin í lög um Landsbókasafn Íslands, sem samþykkt voru 1969, varðandi þetta efni. Nokkur undirbúningur að byggingu þjóðarbókhlöðu hefur og farið fram og frumáætlanir verið gerðar, m. a. með aðstoð sérfræðinga frá Menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna, og hefur Alþingi veitt nokkrar byrjunarfjárveitingar.

Í tillögu þessari til þingsályktunar leggur ríkisstjórnin til, að Alþingi ákveði að reisa þjóðarbókhlöðu í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Ef tillagan verður samþykkt, mun ríkisstjórnin leggja áherzlu á að hraða undirbúningi öllum og leggja til við Alþingi, að nauðsynlegar fjárveitingar verði veittar á næstu árum. Vegna þess, hve skammt er til afmælisins, og hins, hversu undirbúningur slíkrar byggingar er vandasamur og tímafrekur, er ekki við því að búast, að byggingunni geti verið lokið 1974, enda verður hér einnig um mjög vandaða og dýra byggingu að ræða. Engu að síður á bygging þjóðarbókhlöðunnar að vera tengd þessum merkisatburði í sögu Íslendinga.

Sþ. 602. Tillaga til þingsályktunar [222. mál]

um heimflutning Íslendinga frá Ástralíu.

Flm.: Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess að gera Íslendingum, sem flutzt hafa búferlum til Ástralíu og vilja snúa til Íslands aftur, fjárhagslega kleift að komast heim.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa allmargir Íslendingar flutzt búferlum til Ástralíu, þar á meðal barnafjölskyldur. Hafa áströlsk stjórnarvöld sent agenta hingað til lands, sem gyllt hafa mjög fyrir mönnum lífskjör og aðstæður í Ástralíu og lagt fram verulega fjármuni til þess að standa undir ferðakostnaði. Margir Íslendinga, sem lögðu trúnað á gylliboð agentanna, hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum í Ástralíu og búa þar nú við erfið kjör. Hefur hluti af því fólki, sem þannig fluttist til Ástralíu á fölskum forsendum, fullan hug á því að hverfa aftur heim til Íslands. Það ferðalag er hins vegar afar dýrt, og þau áströlsku stjórnarvöld, sem styrkja innflytjendur fjárhagslega, greiða ekki á sama hátt götu þeirra, sem vilja flytjast brott. Þess vegna er hér lagt til, að ríkisstjórnin geri íslenzkum Ástralíuförum, sem það vilja, kleift að hverfa heim aftur með fjárhagslegri fyrirgreiðslu.

Ed. 603. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn vill vísa því til ríkisstjórnarinnar með hliðsjón af fram komnu frumvarpi um kaup á sex skuttogurum. Minni hl. nefndarinnar telur það frv. með öllu ófullnægjandi, þar sem þar er einungis um að ræða heimild til ríkisstjórnarinnar til að láta smíða sex skuttogara, alla af sömu stærð, 1000—1100 smálestir. Telur minni hl. nauðsynlegt, að hafinn verði undirbúningur að smíði fleiri skuttogara en þar um ræðir og af öðrum stærðargráðum. Yrði með því móti komið til móts við óskir og fyrirætlanir útgerðarstaða víðs vegar um land, þar sem áhugi er á togaraútgerð til að bæta úr hráefnisskorti hraðfrystihúsa og treysta atvinnulíf þessara staða. Jafnframt telja undirritaðir rétt, að ráðstafanir verði til þess gerðar af opinberri hálfu að gera innlendum skipasmíðastöðvum kleift að smíða nokkur hinna nýju togskipa.

Með hliðsjón af framansögðu leggur minni hl. n. til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 17. apríl 1970.

Gils Guðmundsson, frsm. Ólafur Jóhannesson. Bjarni Guðbjörnsson.

Nd. 604. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Fyrir þrem árum flutti ríkisstjórnin frv. um skipan prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð. Frv. komst til menntmn. Nd., en þar stöðvaði ríkisstjórnin það. Á tveimur síðustu þingum flutti hún ekki slíkt frv.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er efnislega í tvennu lagi: Annars vegar er skipun prestakalla og prófastsdæma. Er þar um sameiningu prestakalla að ræða og nokkra fækkun sóknarpresta og prófasta. Sú skipan veldur ekki neinum verulegum ágreiningi. Hins vegar felast í frv. margs konar ákvæði um embættafjölgun innan kirkjunnar og ríflegar fjárveitingar þar að auki til ráðstöfunar fyrir biskup og ráðherra.

Fjölgun embætta skv. frv. er þessi:

1. Heimild til að fjölga farprestum, og er fjölgunin ótiltekin.
2. Heimild til að ráða tvo aðstoðaræskulýðsfulltrúa. Nú er einn æskulýðsfulltrúi.
3. Heimild til að ráða presta til sjúkraþjónustu. Fjöldi þeirra er ótiltekinn.
4. Heimild til að ráða prest til starfa á Norðurlöndum, utan Íslands. Heimild var í fjárlögum til að launa slíkan prest fyrir nokkrum árum, en hún var felld niður og hefur ekki verið tekin upp aftur.

   Laun allra þessara embættismanna eiga að greiðast beint úr ríkissjóði.

   Þá eru ný embætti skv. ákvæðum frv. um kristnisjóð, en fjármagnið til starfsemi hans á allt að koma úr ríkissjóði.
5. Prestar og guðfræðingar til aðstoðarþjónustu í víðlendum eða fjölmennum prestaköllum skv. ákvörðun biskups að höfðu samráði við hlutaðeigandi sóknarpresta og prófasta. Fjöldi þessara embættismanna er ótiltekinn.
6. Starfsmenn, sem ráðnir skulu til sérstakra starfa í þágu kirkjunnar skv. ákvörðun biskups með samþykki kirkjuráðs. Fjöldi þeirra er ótiltekinn.
7. Styrkveitingar til safnaða, er ráða vilja starfsmenn á sínum vegum til ýmissa starfa.

Framangreindir starfsmenn kirkjunnar, sem ráðnir eru til fullrar vinnu, eiga að teljast opinberir starfsmenn.

Til viðbótar þeirri fjölgun embættismanna, sem hér hefur verið nefnd og frv. gerir ráð fyrir, kemur sjálfkrafa fjölgun presta í þéttbýli, skv. ákvæðum gildandi laga, sem eiga að haldast. T. d. mun verða fjölgað innan skamms a. m. k. um 6 presta alls í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði.

Ekki er gerð nein tilraun til að rökstyðja það í greinargerð frv., hvaða nauðsyn er á öllum þessum nýju embættismönnum. Minni hl. n. getur því ekki fallizt á slíka embættismannafjölgun, ekki sízt þegar þess er gætt, að mjög víða í þjóðfélaginu er tilfinnanlegur skortur á fjármagni til aðkallandi framkvæmda. Má þar t. d. nefna, að hundruð geðsjúkra manna fá enga hælisvist né læknishjálp vegna fjárskorts til geðverndarmála. Þá er fjöldi æskufólks þannig fjárhagslega settur, að framhaldsnám í skólum landsins er því ofviða í sívaxandi dýrtíð. Hvarvetna blasa við vandamálin, sem ekki eru leyst vegna skorts á fjárhagslegum stuðningi hins opinbera.

Þótt minni hl. n. geti ekki fallizt á þá fjölgun embættismanna, sem að framan getur, vill hann þó veita söfnuðum landsins nokkurn fjárhagsstuðning í fjárlögum til félagslegra starfa, svo og til innlendrar og alþjóðlegrar hjálpar- og mannúðarstarfsemi, og flytur um það sérstaka brtt. við frv.

Allir söfnuðir Núpsprestakalls í Dýrafirði sendu menntmn. óskir um, að prestakallið héldist áfram. Héraðsskóli er að Núpi og því allfjölmennt þar hálft árið. Hefur Núpsprestur jafnan annazt einnig kennslu í skólanum. Minni hl. n. vill verða við þessum óskum og flytur um það brtt.

Þá styður minni hl. n. fram komna tillögu um, að Árnesprestakall í Strandasýslu haldist áfram, en um það bárust eindregnar óskir frá heimamönnum.

Aðrar brtt. minni hl. n. eru í samræmi við það, sem að framan hefur verið gerð grein fyrir, en allar eru brtt. á sérstöku þskj.

Alþingi, 16. apríl 1970.

Magnús Kjartansson, frsm. Sigurvin Einarsson.

Nd. 605. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá Magnúsi Kjartanssyni og Sigurvin Einarssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Við 58. tölulið. Í stað „Hrauns-, Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir“ komi: og Hraunssóknir.
   b. Á eftir 58. tölulið bætist nýr töluliður:
      Núpur í Dýrafirði: Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir. Prestssetur: Núpur.
2. Við 6. gr. Síðasti málsl. („Ef þörf krefur ... skv. þessari grein“) falli niður.
3. Við 8. gr. Greinin falli niður.
4. Við 9. gr. Greinin falli niður.
5. Við 10. gr. (er verði 8. gr.). Greinin orðist svo:
   Starfsmenn kirkjunnar taka laun samkv. launakerfi opinberra starfsmanna.
6. Við 15. gr. (er verði 13. gr.). Síðasti málsliður falli niður.
7. Á eftir 15. gr. (er verði 13. gr.) komi ný grein, svo hljóðandi:
   Prestslaus prestaköll skulu auglýst laus til umsóknar að minnsta kosti einu sinni á ári. Nú verður prestakall prestslaust þrátt fyrir auglýsingu, og skal þá fela nágrannapresti að þjóna því, þar til prestur er þar kosinn. Skulu honum greidd hálf prestslaun fyrir þá þjónustu.
8. Við 18. gr. Greinin orðist svo (kaflaskipti og kaflafyrirsögn falli niður):
   Veita skal árlega fé á fjárlögum til safnaða í landinu. Ráðherra ákveður skiptingu fjárins að fengnum tillögum Synodus. Fénu skal varið til hvers konar félagslegrar starfsemi í söfnuðunum, en einnig til innlendrar og alþjóðlegrar hjálpar- og mannúðarstarfsemi.
9. Við 19. gr. Greinin falli niður.
10. Við 20. gr. Greinin falli niður.
11. Við 21. gr. Greinin falli niður.
12. Við 22. gr. Greinin falli niður.
13. Við 23. gr. Greinin falli niður.
14. Við 24. gr. Orðin „svo og 5. gr. laga“ o. s. frv. til enda greinarinnar falli niður
15. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
    Frumvarp til laga um skipun prestakalla og prófastsdæma.

Nd. 606. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Töluliður 31 falli niður.
   b. Töluliður 37 orðist svo:
      Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells-, Þingvalla- og Viðeyjarsóknir. Prestssetur: Mosfell.
2. Við 6. gr. Fyrri málsgrein greinarinnar falli niður.
3. Við 7. gr. Síðari málsgrein greinarinnar falli niður.

Nd. **607. Frumvarp til laga** [223. mál]

um breyting á lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Síðasti málsliður 1. mgr. 16. gr. orðist svo:

Þar sem eitt sveitarfélag stendur að iðnfræðsluskóla á móti ríkissjóði, tilnefnir hlutaðeigandi sveitarstjórn fjóra skólanefndarmenn.

2. gr.

1. mgr. 20. gr. orðist svo:

Skylt er að taka í iðnskóla til iðnnáms í þeim iðngreinum, sem kenndar eru við hlutaðeigandi skóla, alla þá í umdæmi skólans, er gert hafa löglega námssamninga eða fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum, sbr. þó 45. gr.

3. gr.

Á eftir 2. tl. 22. gr. komi :

Iðnfræðsluráð getur áskilið, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að nemandi hafi hlotið tiltekna lágmarkseinkunn á miðskólaprófi í einstökum námsgreinum svo og í aðaleinkunn.

Þá er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, að ákveða, að almenn inntökuskilyrði í iðnfræðsluskóla skuli vera staðlað gagnfræðapróf. Slík breyting skal tilkynnt með a. m. k. eins árs fyrirvara.

4. gr.

Aftan við 28. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Iðnfræðsluskólar skulu greiða slysatryggingariðgjald samkvæmt lögum um almannatryggingar vegna þeirra nemenda, sem nám stunda í verknámsskóla iðnaðarins, enda séu þeir nemendur ekki á staðfestum námssamningi.

5. gr.

Á eftir 2. tl. 35. gr. komi nýr liður:

3. Hafi nemandi fatlazt, andlega eða líkamlega, meðan á námstíma stendur eða áður, en telst þó fullgildur verkmaður í sumum þáttum iðngreinar, enda hljóti slíkur nemandi aldrei meistarabréf, þótt hann standist verklegt próf.

6. gr.

Í stað 1.—3. mgr. 44. gr. komi:

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar iðnfræðsluskóla, en hlutaðeigandi sveitarsjóðir hvers skólaumdæmis, sbr. 12. gr., helming, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum nr. 49/1967, 7. og 11. gr.

Nú verður ekki samkomulag milli allra sveitarfélaga í skólaumdæmi um að standa sameiginlega að iðnfræðsluskóla, og getur þá ráðherra heimilað því sveitarfélagi, þar sem skólasetur hefur verið ákveðið skv. 12. gr., að standa einu eða ásamt fleirum að skólanum á móti ríkissjóði.

7. gr.

45. gr. hljóði þannig:

Ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður, — sveitarsjóðir, ef fleiri en eitt sveitarfélag standa að skóla, — greiða rekstrarkostnað iðnfræðsluskóla í samræmi við lög nr. 49/1967, eftir því sem við getur átt.

Standi sveitarfélag ekki að iðnfræðsluskóla, skal það greiða námsvistargjald til þeirra skóla, sem nemendur úr sveitarfélaginu sækja. Sveitarfélag nemanda telst í þessu sambandi lögheimili þess atvinnurekstrar, er nemandinn stundar iðnnám við. Stundi nemandi nám við verknámsskóla iðnaðarins án þess að vera kominn á námssamning hjá meistara, skal lögheimilissveit nemandans greiða námsvistargjaldið.

Á sama hátt ber sveitarfélagi að greiða námsvistargjald, ef nemendur úr sveitarfélaginu verða að sækja skóla annars skólaumdæmis, vegna þess að iðngreinin er ekki kennd í skólaumdæmi sveitarfélagsins.

Námsvistargjald samkv. lögum þessum er fullt framlag sveitarfélags samkv. 1. mgr. þessarar gr. svo og greiðsla miðað við eðlilega afskrift stofnkostnaðar samkv. 44. gr. þessara laga. Menntamálaráðuneytið ákveður árlega námsvistargjald að fengnum sameiginlegum tillögum þeirra sveitarstjórna, sem að rekstri viðkomandi skóla standa.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sbr. lög nr. 69/1962, annast uppgjör námsvistargjalds samkvæmt þessari grein, milli þeirra sveitarfélaga, sem í hlut eiga hverju sinni, af framlagi sjóðsins til þess sveitarfélags, sem inna á greiðslu af hendi, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn samþykkt greiðsluskyldu sína

Ráðherra ákveður skólagjald í iðnskólum og meistaraskólum, svo og þátttöku nemenda í verknámsskólum í efniskostnaði, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs. Gjöld þessi svo og hreinar tekjur af skólaverkstæðum og skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði, áður en honum er skipt.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Menntamálarnefnd flytur frv. þetta að ósk menntamálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur hvað snertir afstöðu til málsins. Frv. fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Með bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 14. október 1969, var iðnfræðslunefnd falið að endurskoða ákvæði laga nr. 68/1966 um iðnfræðsluskóla, skólanefndir og önnur ákvæði, er lúta að samstarfi fleiri sveitarfélaga um stofnun og rekstur iðnfræðsluskóla. Síðar var vísað til nefndarinnar nokkrum fleiri atriðum, sem ráðuneytið og/eða iðnfræðsluráð taldi rétt að taka til athugunar í sambandi við þessa endurskoðun laganna.

Ástæður þess, að ráðuneytið fól nefndinni að taka umrædd ákvæði laganna til endurskoðunar, eru í meginatriðum þær, sem nú skal greina:

Með lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu, var m. a. stefnt að því að fækka iðnskólum verulega frá því, sem verið hefur, eða úr 22 skólum í 10 skóla. Í þessu skyni er í lögunum gert ráð fyrir að skipta landinu í 8 skólaumdæmi, sem í meginatriðum falli saman við núverandi kjördæmi landsins, og gert ráð fyrir einum skóla í hverju umdæmi, nema í Suðurlandsumdæmi og Reykjanesumdæmi, þar gera lögin ráð fyrir tveimur skólum í hvoru umdæmi, sbr. 12. gr. laganna.

Samkvæmt 44. og 45. gr. er svo ákveðið, að sveitar- og sýslusjóðir hvers umdæmis greiði sameiginlega stofn- og rekstrarkostnað viðkomandi skóla að hálfu á móti ríkissjóði.

Frá því er lög þessi tóku gildi, hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að koma á samstarfi milli sveitarfélaga um stofnun og rekstur skóla í samræmi við lögin. Hafa þær tilraunir einkum beinzt að þeim skólaumdæmum, þar sem þörfin er ríkust á því að koma á fót skólum, þ. e. Reykjanesumdæmi, Austurlandsumdæmi og Norðurlandsumdæmi vestra.

Er skemmst af því að segja, að þessar tilraunir hafa ekki borið tilætlaðan árangur, og hefur ekki tekizt að koma á samstarfi sveitarfélaga í þessum skólaumdæmum.

Þau viðhorf sveitarstjórna, sem valdið hafa því, að ókleift hefur reynzt að koma á umræddu samstarfi, má draga saman í þrjú meginatriði.

1) Sveitarstjórnir, sem starfsrækt hafa iðnskóla á grundvelli áður gildandi laga, eru ófúsar til þess að leggja þá skóla niður og taka þátt í stofnun og rekstri skóla í öðru sveitarfélagi, þótt innan sama kjördæmis sé.
2) Skiptar skoðanir eru innan hinna ýmsu skólaumdæma um það, hvar hentugast sé að hafa skólasetur. Hafa deilur um þetta komið í veg fyrir samstarf um skóla.
3) Sveitarstjórnir, sem ekki hafa áður starfrækt skóla af þessu tagi, telja nemendum úr sínu byggðarlagi henta betur að sækja annan skóla en þann, sem staðsettur er í skólaumdæminu, eða vilja a. m. k. hafa valfrelsi í þessum efnum.

Við þetta má svo bæta viðhorfi þeirra sveitarstjórna, þar sem skólasetur hafa verið ákveðin, en þær hafa ekki treyst sér, þrátt fyrir brýna þörf fyrir skólabyggingar, til þess að hefjast handa um framkvæmdir vegna óvissu um hlutdeild annarra sveitarfélaga í stofn- og rekstrarkostnaði skólanna.

Nefndin hefur rætt þessi sjónarmið ýtarlega, auk þess sem Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, kom á fund hennar til viðræðna um viðhorf sveitarfélaganna. Enn fremur fékk nefndin á sinn fund Torfa Ásgeirsson, deildarstjóra í Efnahagsstofnuninni, til viðræðna um þessi mál.

Að loknum þessum umræðum er það samdóma álit nefndarinnar, að meginstefna gildandi laga sé rétt, sem sé sú að stefna að fáum stórum skólaumdæmum, og að ekki komi til greina að gera breytingar á lögunum, sem hefðu í för með sér frekari fjölgun iðnskóla frá því, sem lögin gera ráð fyrir. Þvert á móti hlýtur sú spurning að vakna, hvort með 10 skólum með nauðsynlegum búnaði sé ekki meira í fang færzt en þjóðfélagið hafi í raun tök á að sinni.

Nefndin telur þó ekki efni til að gera tillögur um frekari fækkun að svo stöddu. Kemur þar hvort tveggja til, að viðkomandi yfirvöld hafa í hendi sér að ákveða, hve hratt uppbyggingu þessara skóla miðar, svo og hitt, að yfir stendur endurskoðun fræðslukerfisins í heild, en sú endurskoðun getur að sjálfsögðu haft áhrif á endanlegan fjölda umræddra skóla og tengsl þeirra við fræðslukerfið.

Kemur þá til álita, með hvaða hætti sé unnt að leysa úr þeim vanda, sem nú steðjar að og á orsakir sínar í því, að ekki hefur tekizt að gera gildandi ákvæði virk í framkvæmd, með þeim afleiðingum, að ekki hefur reynzt unnt að koma upp skólahúsnæði í samræmi við tilgang téðra laga, þrátt fyrir brýna þörf.

Að dómi nefndarinnar kemur hér einkum tvennt til greina:

I. Þegar litið er til þeirrar sérstöðu, sem iðnfræðsluskólar hafa í íslenzku fræðslukerfi, þ. e. þess, að þeir eru í eðli sínu framhaldsskólar, sem taka við, þar sem miðskóla lýkur, og að í þá á aðeins erindi hluti þeirra unglinga, sem miðskólanámi ljúka, kemur fyllilega til greina, að ríkið eitt standi undir stofn- og rekstrarkostnaði þessara skóla svo sem annarra framhaldsskóla.

Hefur þetta sjónarmið t. d. komið fram í samþykkt fulltrúaráðsfundar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Slík breyting verður þó vart gerð, nema samtímis eigi sér stað breyting á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í heild. Á þessu stigi treystir nefndin sér því ekki til þess að gera tillögu í þessa átt, en telur eðlilegt, að slík breyting verði tekin til athugunar í sambandi við frekari umræður um ofangreinda breytingu á skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga.

II. Samkvæmt framansögðu telur nefndin, að enn um sinn verði að gera ráð fyrir því, að stofn- og rekstrarkostnaður iðnfræðsluskóla skiptist á ríki og sveitarfélög með þeim hætti, sem lög um iðnfræðslu og lög um skólakostnað gera ráð fyrir. Hins vegar ber brýna nauðsyn til að koma í veg fyrir, að ósamkomulag sveitarfélaga innan einstakra skólaumdæma hindri, að nauðsynlegum skólastofnunum verði komið upp.

Tryggja verður með ákvæðum í löggjöfinni, að eitt eða fleiri sveitarfélög geti stofnað og rekið iðnfræðsluskóla í samræmi við ákvæði laganna á þeim stöðum, þar sem skólasetur hefur verið ákveðið, þótt ekki náist samkomulag milli allra sveitarfélaga, sem að skóla ættu að eiga aðild. Gera verður þó þá kröfu, að þær sveitarstjórnir, sem stofna og reka skólana, fái greiddan þann kostnað, sem þær verða fyrir vegna skólasóknar nemenda úr sveitarfélögum, sem ekki kjósa að eiga aðild að skóla.

Þessu marki telur nefndin, að megi ná með þeim hætti, að þær sveitarstjórnir, sem ekki standa að skólum þessum, greiði námsvistargjald vegna þeirra nemenda úr umdæmi sínu, sem þessa skóla sækja. Gjald þetta yrði við það miðað, að það eða þau sveitarfélög, sem starfrækja skóla, fái greiddan rekstrarkostnað, sem leiðir af skólasókn nemenda úr öðrum sveitarfélögum, svo og eðlilega hlutdeild í stofnkostnaði þeim, sem lagður er fram af öðrum en ríkinu.

Á framangreindum grundvelli hefur nefndin samið meðfylgjandi frumvarp til breytinga á lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

Frumvarpið fjallar enn fremur um nokkur önnur atriði, sem eins og áður er getið hefur verið beint til nefndarinnar. Verður gerð nánari grein fyrir þeim atriðum í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Tilnefning í skólanefndir samræmd ákvæðum 6. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Skylda iðnskóla til þess að taka við nemendum takmörkuð við þær iðngreinar, sem kenndar eru við hlutaðeigandi skóla. Er þetta nauðsynlegt, svo að unnt sé að koma við eðlilegri verkaskiptingu milli skólanna. Þá er skylda skólanna til þess að taka við nemendum úr sveitarfélögum, sem ekki eiga aðild að skóla, takmörkuð við það, að hlutaðeigandi sveitarfélag greiði námsvistargjald skv. 7. gr. frv.

Um 3. gr.

Reynslan hefur sýnt, að meðan miðskólapróf gildir sem inntökuskilyrði í iðnfræðsluskóla, er óhjákvæmilegt að hafa heimild til þess að áskilja lágmarkseinkunnir í tilteknum greinum, m. a. vegna þess, að miðskólapróf er ekki staðlað. Fyrri málsgr. þessarar greinar gerir ráð fyrir slíkri heimild.

Í síðari mgr. er hins vegar gert ráð fyrir heimild til handa ráðherra til þess að ákveða, að gagnfræðapróf megi áskilja til inngöngu í iðnfræðsluskóla (iðnskóla og verknámsskóla). Ástæðan til þess, að rétt þykir að afla slíkrar heimildar, er fyrst og fremst sú, að með þeirri samræmingu námsefnis á gagnfræðastigi, sem undanfarið hefur átt sér stað og stefnir að því, að gagnfræðaprófið verði orðið landspróf 1972, ættu að skapast möguleikar til þess, að iðnfræðsluskólar geti látið niður falla kennslu í almennum bóknámsgreinum, en einbeitt sér að séreigna- og faggreinakennslu, sem miðuð væri við sérstakar þarfir iðnaðarins í hverri grein.

Með slíkri tilhögun yrði væntanlega unnt að gera hvort tveggja í senn, að auka verknámskennslu í skólunum, en stytta þó heildartíma. Slíkt er að dómi nefndarinnar tvímælalaust það markmið, sem ber að stefna að.

Þykir því nauðsynlegt, að ráðherra hafi heimild til þeirra breytinga á inntökuskilyrðum, sem hér er lagt til, en gert ráð fyrir, að slík breyting eigi sér nokkurn aðdraganda.

Um 4. gr.

Hér er lagt til, að iðnfræðsluskólum sé gert að skyldu að slysatryggja þá nemendur sína, sem nám stunda í verknámsskóla, með þeim hætti að greiða iðgjald til slysatrygginganna. Nemendur verknámsskólans eru yfirleitt ekki á námssamningi hjá ákveðnum meistara eða iðnfyrirtæki og því ekki slysatryggðir, svo sem raunin

er á um þá iðnnema, sem á námssamningi eru. Þykir nauðsyn bera til, að nemendur verknámsins séu tryggðir í sama mæli og aðrir nemendur iðnfræðsluskóla. Þar sem á þessu stigi námsins er ekki til að dreifa meisturum eða fyrirtækjum, þykir rétt, að skólarnir sjálfir annist um slysatryggingu nemenda og beri af því kostnað, enda nemendurnir alfarið á vegum og ábyrgð skólanna.

Um 5. gr.

Í 129. gr. reglugerðar um iðnfræðslu, nr. 143 15. sept. 1967, er ráðuneytinu veitt heimild til þess að veita undanþágu frá iðnskólanámi og leyfi til sveinsprófs með vissum takmörkunum þeim nemendum, sem fatlast andlega eða líkamlega á námstíma sínum.

Hefur slík heimild verið í öllum reglugerðum, sem settar hafa verið um iðnfræðslu frá árinu 1952, enda framkvæmd þessa ákvæðis verið ágreiningslaus fram til síðasta árs. Það gerðist hins vegar á síðast liðnu ári, að sveinafélag fékk sett lögbann við útgáfu sveinsbréfs til manns, sem fengið hafði slíka undanþáguheimild og staðizt sveinspróf. Náði lögbannið fram að ganga á þeim forsendum, að ákvæðið bresti stoð í lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

Það er álit iðnfræðsluráðs, að nauðsyn beri til, að umrætt ákvæði sé fyrir hendi, og gerir því nefndin tillögu um, að heimildin verði lögfest.

Um 6. gr.

Hér er opnuð heimild til þess, að unnt sé að stofna til skólahalds á þeim stöðum, þar sem skólasetur hafa verið ákveðin, þótt ekki náist samkomulag allra sveitarfélaga í umdæmunum. Er gert ráð fyrir, að ýmist standi það sveitarfélag eitt að skóla, þar sem skólasetur er, eða í samvinnu við önnur, þótt ekki sé um öll sveitarfélögin að ræða.

Um 7. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að þau sveitarfélög, sem ekki kjósa að eiga aðild að skóla síns umdæmis, greiði námsvistargjald vegna þeirra nemenda úr sveitarfélaginu, sem nám stunda við iðnfræðsluskóla, sem stofnaðir eru og reknir af öðrum sveitarfélögum.

Í því skyni að auðvelda uppgjör skv. ákvæðum þessarar greinar er gert ráð fyrir, að jöfnunarsjóður sveitarfélaga hafi það á hendi, enda munu öll sveitarfélög landsins hafa samskipti við sjóðinn.

Ed. 608. Frumvarp til laga [57. mál]

um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. apríl.)

1. gr.

C-liður 4. gr. laganna orðist svo:

c. til viðbótar framlagi til sjóðsins samkvæmt b-lið greiðir ríkissjóður honum árlega 35 milljónir króna, í fyrsta skipti á árinu 1971.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Framlag ríkissjóðs samkvæmt c-lið 4. gr. laganna fellur niður fyrir árin 1969 og 1970.

Ed. 609. Frumvarp til laga [196. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1970.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. apríl.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum í 1. gr., að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P.L. 480 lán) allt að $ 1.500 þús. Heimilt er að verja þeim hluta lánsins, sem er andvirði fóðurvörukaupa, eða allt að 32 millj. kr., til Framkvæmdasjóðs Íslands til endurlána í þágu kornhlöðubyggingar í Reykjavík.

6. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán hjá Alþjóðabankanum og öðrum lánastofnunum að fjárhæð allt að 500 millj. kr. eða jafnvirði hennar í erlendum gjaldeyri og endurlána fé þetta vegasjóði til lagningar hraðbrauta.

7. gr.

Heimilt er Áburðarverksmiðju ríkisins að taka erlent lán að jafnvirði allt að 115 millj. kr. vegna stækkunar verksmiðjunnar.

8. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslum af áður útgefnum spariskírteinalánum og með P.L. 480 láni skv. 5. gr., sbr. þó 2. málslið þeirrar gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Reykjanesbraut	27.2
Vegaframkvæmdir skv. Vestfjarðaáætlun	11.8
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	12.0
Landshafnir	8.6
Rafmagnsveitur ríkisins	35.0
Rafvæðing í sveitum	15.0
Jarðvarmaveitur ríkisins	18.2
Orkurannsóknir	19.0
Laxárvirkjun	55.0

	Millj. kr.
Landsvirkjun, stofnframlag	41.0
Áburðarverksmiðja ríkisins	55.0
Jarðefnaleit	2.0
Sjóefnarannsóknir	2.0
Framkvæmdir á Keldnaholti	15.0
Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík	10.0
Byggingaframkvæmdir á vegum Háskóla Íslands	30.0
Samtals	356.8

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 610. Frumvarp til laga [224. mál]

um breyting á lögum nr. 47 11. júní 1960, um tollvörugeymslur o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi 1969—70.)

2. mgr. 15. gr. laganna hljóði svo:

Verzlunum samkvæmt 1. málsgrein er eingöngu heimilt að selja vörur sínar áhöfnum og farþegum millilandaflugvéla. Þegar selt er farþega, sem er að leggja af stað til útlanda, skal fyrirskipa, að vörurnar séu afhentar í sérstaklega gerðum lokuðum umbúðum, sem kaupandi ber ábyrgð á að viðlagðri refsingu, að ekki séu opnaðar fyrr en komið er út úr íslenzkri tolllandhelgi. Enn fremur er verzlunum þeim, sem hér um ræðir, heimilt að senda vörur sínar í pósti til viðtakenda búsettra erlendis samkvæmt reglum, er ráðherra setur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fram að þessu hefur Fríhafnarverzlun ríkisins á Keflavíkurflugvelli einungis verið heimilt að selja farþegum, sem eru á leið til útlanda. Með frv. þessu er lagt til, að heimildin verði víkkuð þannig, að leyfilegt sé að selja öllum farþegum, sem um fríhafnarsvæðið (transitsvæðið) fara, líka við komu til landsins. Setja verður upp sérstaka sölubúð í þessu skyni, þar sem tollyfirvöld hafa eftirlit með því, að farþegar, sem eru að koma til landsins, fari rakleitt í tollskoðun. Til sölu yrðu einungis þær vörur, sem hafðar eru á boðstólum í flugvélum, þ. e. áfengi, tóbak, sælgæti og ilmvötn. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir, að hver farþegi fái keypt aðeins það magn, sem heimilt er að koma með til landsins hverju sinni, enda má segja, að í þessari ríkisstofnun verði verzlað undir tolleftirliti.

Með tilkomu þotanna hefur flugtíminn stytzt verulega og þá um leið sá tími, sem unnt er að selja varning í flugvél. Kemur þetta óhjákvæmilega niður á almennri þjónustu við farþega, en það er hins vegar hagsmunamál flugfélaganna, að hún sé sem bezt.

Gert er ráð fyrir, að Loftleiðir h/f taki í notkun, um miðjan maí n. k., 2 þotur, og getur hvor um sig flutt um 250 farþega. Hefur félagið áhuga á því að hætta allri sölu, ef farþegar þeir, sem hér fara af, geta einnig fengið keyptan varning í Fríhöfninni.

Með samvinnu við íslenzku flugfélögin um þessi mál, t. d. með víðtækri auglýsingastarfsemi meðal farþega félagsins, sem félögin önnuðust, má án efa efla hag allra aðila.

Reiknað er með verulegri tekjuaukningu Fríhafnarinnar, ef þetta fyrirkomulag verður lögtekið, auk þess sem staða hennar gagnvart erlendum fríhöfnum mundi styrkjast.

Ed. 611. Tillaga til þingsályktunar [225. mál]

um endurskoðun laga um almenningsbókasöfn.

Flm.: Gils Guðmundsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða lög nr. 22 26. apríl 1963, um almenningsbókasöfn. Skal sú endurskoðun vera gagnger og við það miðuð, að ríkið veiti á komandi árum stóraukið fjármagn til almenningsbókasafna til þess að gera þeim kleift að verða sem lifrænastar mennta- og tómstundastofnanir, snar þáttur nútíma þjóðlífs og þjóðmenningar. Skal endurskoðun þessari hraðað og frv. til nýrra laga um almenningsbókasöfn lagt fyrir Alþingi svo fljótt sem tök eru á.

Greinargerð.

Með lögum frá 26. apríl 1963 um almenningsbókasöfn var mikið framfaraspor stigið í bókasafnsmálum og traustur grundvöllur lagður, að því er ýmsa starfshætti og skipulag snerti. Skeleggasti baráttumaðurinn fyrir setningu þeirrar löggjafar og aðalhöfundur hennar, Guðmundur G. Hagalín rithöfundur, vann á þessu sviði mjög gott brautryðjandaverk, sem þegar hefur skilað miklum árangri. Góð bókasafnshús eru ýmist risin eða að rísa á allmörgum stöðum í þéttbýli, og er góðs að vænta af starfsemi þeirra. Hafa ýmis bæjarfélög sýnt fullan skilning á málefnum bókasafna og kostað verulegu fé til að koma þeim í sæmilegt horf. En hlutur ríkisins liggur að verulegu leyti eftir, stuðningur þess fer síminnkandi með ári hverju, eftir því sem verðgildi krónunnar rýrnar, og er nú orðinn svo lítill, að telja verður bæði til skaða og skammar.

Það er að sjálfsögðu kostnaðarsamt að reisa bókasafnshús með nútímasniði, þar sem gera verður kröfu til þess, að húsrými og aðstaða leyfi iðkun fjölþætts menningar- og tómstundastarfs, sem víða er kostað kapps um að eigi sér stað í góðu almenningsbókasafni. Hér á landi hafa slík söfn fyrst og fremst verið útlánasöfn, en nú er sá skilningur óðum að vakna, að hlutverk safnanna eigi að vera miklu víðtækara. En það krefst að sjálfsögðu aukins fjármagns, bæði til byggingar og rekstrar.

Samkvæmt gildandi lögum er landinu öllu skipt í 31 bókasafnshverfi, og er að því stefnt, að eitt stórt bókasafn rísi í hverju þessara hverfa. Bæjar- og sveitarfélög standa straum af byggingu og rekstri bókasafnanna, en fá árlegan styrk frá ríkinu. Styrkur þessi er allt of lítill og kemur því að næsta takmörkuðu gagni. Styrkurinn er bundinn við ákveðinn krónufjölda á íbúa og hefur því í raun farið minnkandi ár frá ári vegna verðhækkana, á sama tíma og hann hefði þurft að stóraukast að raungildi sakir þeirrar nauðsynjar, að starfsemi almenningsbókasafna sé gerð fjölþættari og lifrænni en áður var. Afleiðingin hefur orðið sú, að þátttaka ríkisins í rekstrarkostnaði safnanna rýrnar með ári hverju, en sveitarfélögin verða að axla æ þyngri byrðar. Í mörgum tilvikum getur ekki hjá því farið, að þessi naumi stuðningur ríkisins komi í veg fyrir eðlilega og nauðsynlega þróun almenningsbókasafna.

Hinn 17. marz s. l. birtist í Alþýðublaðinu fróðlegt viðtal við núverandi bókafulltrúa ríkisins, Stefán Júlíusson rithöfund. Í viðtali þessu er lögð þung áherzla á aukið ríkisframlag til safnanna. Þar segir:

„Héraðssöfnin þurfa að verða eins konar mennta- og fræðslusetur, miðstöðvar menningarverðmæta, er veita fjölbreytta þjónustu og verða lifandi kjarni hvers byggðarlags. Safnahús eru að rísa á ýmsum stöðum um landið, t. d. á Sauðárkróki, Húsavík, Vestmannaeyjum, Akranesi og Borgarnesi, og miklar vonir eru tengdar við

framtíð þeirra. Ný og glæsileg bókhlaða hefur þegar verið tekin í notkun á Akureyri og þar hefur útlánaaukningin orðið feiknaleg og aðsóknin að lesstofum sýnir, hvílík þörf er á slíkri þjónustu við safngesti. En við eigum langt í land, þangað til bókasafnsmálin verða komin í viðunandi horf."

Sá kafli gildandi laga, sem fjallar um sveitarbókasöfn, þarfnast endurskoðunar, einkum að því er tekur til fjárframlaga úr ríkissjóði.

Eitt þeirra atriða, sem gefa þarf sérstakan gaum við endurskoðun laganna, er kaflinn um bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana. Á því sviði er óhjákvæmilegt að gera stórátak, þar eð sá þáttur skólastarfs, sem að notkun handbóka og bókasafna lýtur, hefur víða verið vanræktur svo hróplega, að til hins mesta skaða hefur orðið. Þarf án efa að gera að skyldu að hafa bókasöfn í skólum, semja um það reglugerð og síðast, en ekki sízt leggja af mörkum verulegt fé til að koma skólasöfnum upp og efla þau.

Efling almenningsbókasafna okkar og margföldun opinberra fjárframlaga til þeirra er að dómi flutningsmanns þessarar tillögu eitt hið brýnasta og veigamesta verkefni á sviði uppeldis- og menningarmála. Verður að vænta þess, að alþingismenn hafi gert sér ljóst mikilvægi málsins og vilji að því stuðla með samþykkt þessarar tillögu, að lögin um almenningsbókasöfn verði endurskoðuð og nægilegs fjármagns aflað til að gera þau virk og áhrifarík.

Ed. 612. Frumvarp til laga [226. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi 1969—70.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1968 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

	Útborganir:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	46 109	49 283
01	Forsætis- og menntamálaráðuneytið	956 405	990 117
02	Utanríkisráðuneytið	91 722	107 705
03	Atvinnumálaráðuneytið	844 546	1 203 060
04	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	694 564	768 135
05	Félagsmálaráðuneytið	1 887 340	1 973 657
06	Fjármálaráðuneytið	361 300	435 058
07	Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið	661 372	799 431
08	Viðskiptamálaráðuneytið	580 570	563 073
09	Hagstofa Íslands	7 629	7 934
10	Ríkisendurskoðun	8 206	9 297
	Mismunur	101 722	
	Samtals	6 241 485	6 906 750

	Innborganir:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	6 193 967	6 657 769
12	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	12 218	23 056
13	Ýmsar tekjur	35 300	60 224
	Mismunur		165 701
	Samtals	6 241 485	6 906 750

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1968, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Sþ. 613. Frumvarp til fjáraukalaga [227. mál]

fyrir árið 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi 1969—70.)

Til viðbótar við gjöldin í 2. gr. fjárlaga 1968 er veitt:

		Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	730
01	Forsætis- og menntamálaráðuneytið	33 712
02	Utanríkisráðuneytið	15 983
03	Atvinnumálaráðuneytið	358 514
04	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	73 571
05	Félagsmálaráðuneytið	86 317
06	Fjármálaráðuneytið	73 758
07	Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið	138 059
09	Hagstofa Íslands	305
10	Ríkisendurskoðun	1 091
	Samtals	782 040

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1968. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1968 sýnir.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1968.

Til viðbótarskýringar á þeirri fjárhæð gjalda, sem óskað er heimilda fyrir með frumvarpi þessu, skal tekið fram, að af þessari fjárhæð eru 441 millj. kr. ekki eiginleg útgjöld umfram fjárlög. Vísast í því efni til ríkisreiknings 1968, bls. 154—157.

Þar er að finna sundurliðaðar skýringar á umræddum 441 millj. kr., sem stafa af lækkun heimilda eða auknum útgjöldum samkvæmt sérstökum lögum, aukningu útgjalda vegna þess að markaðar tekjur hafa orðið hærri en ráðgert var og loks gjaldfærslu á framkvæmdum, sem fjármagnaðar hafa verið með lánsfé utan fjárlaga, aðallega samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1968.

Ed. 614. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um heimild til handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur ekki náð samstöðu um frv. það, sem hér liggur fyrir. Leggur meiri hl. n. gegn frv., en við undirritaðir mælum með því, að það verði samþykkt.

Hlutverk Kvennaskólans í Reykjavík hefur sem kunnugt er verið það að veita undirbúningsmenntun undir störf, sem öðru fremur eru stunduð af konum, svo sem húsmóðurstörf, svo og undir nám í stofnunum, er veita sérmenntun í þeim greinum, svo sem kennaraskóla, hjúkrunarskóla, húsmæðrakennaraskóla, fóstruskóla o. fl. Með vaxandi kröfum, sem stofnanir þessar gera til inntökuskilyrða, er menntun sú, sem Kvennaskólinn veitir nú, orðin ófullnægjandi. Með tilliti til þessa svo og þess, að sú stefna er nú uppi í skólamálum að stefna að meiri sérhæfingu og nýjum námsleiðum, teljum við það í fullu samræmi við kröfur tímans, að heimild sú, er í frv. felst, verði veitt.

Alþingi, 20. apríl 1970.

Ólafur Björnsson, fundaskr., frsm. Páll Þorsteinsson. Kristján Thorlacius.

Ed. 615. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um Fjárfestingarfélag Íslands h.f.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki náð samstöðu um það. Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþykkt, en aðrir nm. tjá sig því andvíga og munu skila séráliti.

Alþingi, 20. apríl 1970.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Axel Jónsson.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 616. Breytingartillaga [203. mál]

við frv. til laga um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á, er tryggingadeild einnig heimilt að tryggja samkeppnislán til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, sem framleidd eru innanlands.

Nd. **617. Frumvarp til laga** [228. mál]

um náttúruvernd.

Frá menntamálanefnd.

Hlutverk náttúruverndar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og náttúru, þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land, né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenzkrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess, sem þar er sérstætt eða sögulegt.

Lögin eiga að auðvelda þjóðinni umgengni við náttúru landsins og auka kynni af henni.

Stjórn náttúruverndarmála.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn náttúruverndarmála.

3. gr.

Í hverju sýslu- og bæjarfélagi og Reykjavík skal starfa þriggja manna náttúruverndarnefnd. Sýslunefnd, bæjar- eða borgarstjórn kýs nefndarmenn til fjögurra ára í senn og ákveður formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma.

Hlutverk náttúruverndarnefnda er að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m. a. með ábendingum og tillögugerð til sveitarstjórna, Náttúruverndarþings eða Náttúruverndarráðs.

4. gr.

Náttúruverndarþing kemur saman þriðja hvert ár. Hlutverk þess er að fjalla um náttúruvernd landsins og gera tillögur um röðun þeirra verkefna, sem það telur brýnast að leysa.

Á Náttúruverndarþingi eiga sæti:

1) Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
2) Einn fulltrúi fyrir hvert af eftirfarandi samtökum: Samband dýraverndunarfélaga Íslands, Ferðamálaráð, Fuglaverndarfélag Íslands, Félag íslenzkra náttúrufræðinga, Hið íslenzka náttúrufræðifélag, Náttúruverndarsamtök, Bandalag íslenzkra skáta, Skógræktarfélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennasamband Íslands, Æskulýðssamband Íslands, Bandalag íslenzkra farfugla, Ferðafélag Íslands.
3) Þrír fulltrúar fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands, sérfróðir um jarðfræði, grasafræði og dýrafræði.
4) Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
5) Náttúruverndarráð.
6) Eftirtaldir embættismenn: Búnaðarmálastjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri rannsóknaráðs, landgræðslustjóri, landlæknir, formaður eiturefnanefndar, skipaskoðunarstjóri, yfirdýralæknir, framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, framkvæmdastjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, fulltrúi frá Háskóla Íslands, orkumálastjóri, skipulagsstjóri, skógræktarstjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, þjóðminjavörður og fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu.

5. gr.

Náttúruverndarráð boðar þingið, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því, unz það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingsköp.

Seta á Náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa.

6. gr.

Náttúruverndarráð er skipað sjö mönnum. Sex þeirra kýs Náttúruverndarþing óbundinni kosningu, að undanskildum fulltrúum í 6. lið 4. gr. Hinn sjöunda skipar menntamálaráðherra, áður en kosning fer fram, og er hann formaður ráðsins. Varamenn skulu valdir jafnmargir á sama hátt til sama tíma.

7. gr.

Nátúruverndarráð hefur með höndum framkvæmdir í náttúruverndarmálum, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Ráðið hafi forgöngu um fræðslu fyrir almenning um náttúru landsins og leitist við að efla áhuga á náttúruvernd, m. a. með útgáfustarfsemi, kynningu í skólum og fjölmiðlunartækjum.

Ráðið skal hafa náið samstarf við samtök áhugamanna um náttúruvernd, m. a. með því að stuðla að héraðsfundum um náttúruvernd.

8. gr.

Náttúruverndarráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Náttúruverndarsjóður og fjáröflun til hans.

9. gr.

Náttúruverndarsjóður greiðir kostnað náttúruverndarþinga og kostnað af verkefnum á sviði náttúruverndar, þ. á m. nauðsynlegum rannsóknum, sem öðrum aðilum ber ekki að standa straum af.

Sjóðurinn greiðir kostnaðinn samkvæmt fjárhagsáætlun, saminni af Náttúruverndarráði og staðfestri af ráðherra, eða ákvörðun ráðherra með öðrum hætti eftir tillögu ráðsins.

10. gr.

Til náttúruverndarsjóðs greiðist ½% af heildsöluverði þeirrar vatnsorku og ¼% af söluverði þeirrar varmaorku, sem virkjuð er í landinu.

Seljendur greiða gjaldið eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Enn fremur skulu renna í sjóðinn 2% af söluverði áfengis, sem framleitt er í landinu.

Aðgangur almennings að náttúru landsins og umgengni.

11. gr.

Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi.

Gangandi fólki er heimil för um óræktuð lönd manna og dvöl þar í því skyni að njóta náttúrunnar, enda hafi dvöl manna þar ekki í för með sér óhagræði fyrir landeigendur eða aðra rétthafa að landinu. Sé land girt, er aðeins heimilt að fara um hlið á girðingunni.

För um ræktuð landsvæði er háð leyfi forráðamanna lands, svo og dvöl þar.

12. gr.

Almenningi er heimilt að lesa ber, sem vaxa villt á óræktuðu landi, til neyzlu á vettvangi.

Öllum er heimil berjatínsla á landsvæðum utan landareigna lögbýla.

Náttúruverndarráði er heimilt að leggja bann við notkun tækja eða verkfæra við berjatínslu, ef uggvænt þykir, að af þeim hljótist spjöll á gróðri.

13. gr.

Öllum er skylt að sýna varúð, svo að náttúru landsins sé ekki spillt að þarflausu. Spjöll á náttúru landsins, sem framin eru með ólögmætum hætti af ásetningi eða gáleysi, varða refsingu.

Heimilt er Náttúruverndarráði að banna óþarfan akstur ökutækja utan vega og merktra bílaslóða, þar sem náttúruspjöll geta af hlotizt.

Á víðavangi er bannað að fleygja frá sér eða skilja eftir rusl, sem er til hættu eða óprýði, svo og að bera rusl eða sorp í sjó, í fjörur eða á sjávarbakka, í ár eða á árbakka, í læki eða á lækjarbakka. Skylt skal að ganga frá áningarstað og tjaldstæði, er menn hafa tekið sér úti í náttúrunni, þannig, að ekkert sé þar eftir skilið, sem lýti umhverfið.

Bannað er að safna rusli í hauga á almannafæri eða við alfaraleiðir. Skylt er að ganga svo frá sorphaugum, að hvorki fjúki úr þeim né fljóti. Hreinsa má rusl á kostnað þess, er sannur er að broti á þessu fyrirmæli.

14. gr.

Bannað er að eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

Bannað er að saurga vatnsból eða spilla vatni, hvort heldur er rennandi vatn í ám og lækjum eða í stöðuvötnum og brunnum.

15. gr.

Hafi byggingar, skip í fjöru, bifreiðar eða áhöld eða mannvirki, þ. á m. girðingar, verið skilin eftir í hirðuleysi og grotni þar niður, svo að telja verði til lýta eða spjalla á náttúru, er eiganda skylt að fjarlægja það.

Fari jörð í eyði, er landeiganda skylt að ganga svo frá jarðarhúsum, girðingum, brunnum og öðrum mannvirkjum, að ekki valdi hættu fyrir fólk og skepnur né valdi náttúruspjöllum eða sé til lýta.

Sveitarstjórn skal annast framkvæmdir þær, sem nauðsynlegar eru samkvæmt fyrirmælum þessum, á kostnað þess, er skylt var að annast þær, en hefur látið það ógert.

16. gr.

Við samkomustaði úti í náttúrunni, skemmtisvæði, garðlönd almennings og aðra þvílíka staði, sem almenningi er ætlað að safnast á, skal jafnan komið fyrir nauðsynlegum hreinlætistækjum, áður en staðurinn er tekinn til afnota.

17. gr.

Malarnám, sandnám, grjótnám og gjallnám er hverjum manni heimilt til afnota á jörð sinni, ef ekki gengur í berhögg við 22.—26. gr. Eigi að flytja efnið burt til afnota annars staðar, þarf samþykki sveitar- eða bæjarstjórnar, sem beri málið undir náttúruverndarnefnd. Skal sveitarstjórn segja fyrir um framkvæmd námsins og hvernig við skal skilja og gæta þess við leyfisveitinguna, að ekki verði sérkennilegu landslagi eða merkum náttúruminjum raskað.

Á afréttum og almenningum, er falla utan hreppamarka, er allt slíkt nám bannað nema að fengnu leyfi Náttúruverndarráðs.

Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um veitingu leyfa samkv. þessari grein. Má ákveða þar, að umsóknir skuli sendar Náttúruverndarráði til umsagnar og umsögn þess skuli liggja fyrir, áður en leyfi er veitt.

Allar umsóknir, sem samstaða næst ekki um í sveitarstjórn og í náttúruverndarnefnd, skulu sendar Náttúruverndarráði til umsagnar.

Um jarðefni til vega fer eftir vegalögum.

18. gr.

Hafi jarðrask orðið við mannvirkjagerð, malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða á annan hátt af mannavöldum, skal þeim, er valdið hefur, skylt að ganga frá því á snyrtilegan hátt. Náttúruverndarráð getur sett fyrirmæli um, hvernig við skal skilið, og m. a. sett mönnum ákveðinn frest til að ljúka frágangi.

19. gr.

Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á eign, þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram.

Hvers konar áletranir á náttúrumyndanir eru óheimilar.

Spjöld með leiðbeiningum fyrir vegfarendur, svo sem um leiðir, nöfn bæja, áningarstaði, þjóðgarða og friðunarsvæði falla ekki undir ákvæði þessi.

Náttúruverndarráð setur reglur um auglýsingar og leiðbeiningar samkvæmt þessari grein og úrskurðar vafaatriði.

20. gr.

Eigi má setja byggingar, girðingar né önnur mannvirki á sjávarströnd í minni fjarlægð en 150 metra frá hæsta flóðmáli né á vatnsbakka og árbakka í minni fjarlægð en 100 metra frá vatnsborði. Ákvæði þessarar málsgreinar á þó ekki við um þær byggingar eða þau mannvirki, sem nauðsynleg eru vegna atvinnurekstrar, né þau, sem reist eru með leyfi réttra yfirvalda á skipulögðum svæðum.

21. gr.

Í sveitarfélögum, sem ekki eru skipulagsskyld, er óheimilt að byggja sumarbústaði án leyfis sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn skal, áður en leyfi er veitt, leita umsagnar náttúruverndarnefndar héraðsins.

Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um leyfi til bygginga sumarbústaða og ákveður þar meðal annars, að Náttúruverndarráð skuli jafnan gefa umsögn um staðsetningu og skipulag sumarbústaðahverfa.

Það telst sumarbústaður, ef bygging er reist til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum árs, t. d. um helgar.

Friðlýsing náttúruminja og stofnun útivistarsvæða.

22. gr.

Náttúruverndarráð getur friðlýst sérstæðar náttúrumyndanir, svo sem fossa, eldstöðvar, hella, dranga, svo og fundarstaði steingervinga og sjaldgæfra steintegunda, ef telja verður mikilvægt að varðveita þær sakir fræðilegs gildis þeirra eða þess, að þær eru fagrar eða sérkennilegar. Náttúrumyndanir, sem friðlýstar eru samkv. þessu ákvæði, nefnast náttúruvætti.

Friðlýsa skal svæði í kringum náttúruvætti, svo sem nauðsynlegt er, til þess að þau fái notið sín, og skal þess greinilega getið í friðlýsingu og markað á staðnum.

Friðlýstum náttúruvættum má enginn granda, spilla né breyta nema eftir fyrirmælum Náttúruverndarráðs.

23. gr.

Náttúruverndarráð getur friðlýst jurtir eða dýr, sem miklu skiptir frá náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað, fækkað eða útrýmt.

Friðunin getur ýmist verið staðbundin eða tekið til landsins alls.

Ef ætla má, að fyrirhugaðar framkvæmdir raski svo náttúrlegu umhverfi, að hætta sé á, að ákveðnar jurtir eða dýr eyðist eða verði fyrir verulegum skaða, getur Náttúruverndarráð látið friðlýsingu sína taka til banns við slíkum framkvæmdum, enda sé áður fengin umsögn stofnana á viðkomandi sérsviði.

24. gr.

Landsvæði, sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs, getur Náttúruverndarráð friðað í heild, og nefnast þau landsvæði friðlönd. Má þar ekki spilla né breyta náttúrufari né gera mannvirki, sem raska svip landsins. Í friðlýsingu skal nánar kveðið á um, hversu víðtæk friðunin er, að hve miklu leyti framkvæmdir á landinu eru takmarkaðar, umferð og umferðarrétt almennings og notkun veiðiréttar. Þá mega og fylgja friðlýsingu fyrirmæli um nauðsynlegar aðgerðir, til þess að almenningur njóti svæðisins, svo sem um lagningu göngustíga, girðingar og þess háttar.

Friðlöndum má enginn, hvorki landeigendur, ábúendur né aðrir, raska að því leyti sem fyrirmæli friðlýsingarinnar taka til.

Náttúruverndarráð getur veitt undanþágu frá settum fyrirmælum í friðlýsingu, ef ástæður eru fyrir hendi.

25. gr.

Sé landsvæði sérstætt um landslag, gróðurfar eða dýralíf eða á því hvíli söguleg helgi, þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum, getur Náttúruverndarráð lýst það þjóðgarð, enda sé svæðið ríkiseign.

Náttúruverndarráð fer með stjórn þjóðgarða og setur reglur um meðferð þeirra og umgang almennings.

26. gr.

Eignist bæjar- eða sveitarfélag landsvæði, sem það ætlar til útivistar almennings, eða félag eða einstaklingar leggja slíkt landsvæði fram, og má þá lýsa það fólkvang. Náttúruverndarráð skal setja reglur um almenna umgengni þar í samráði við sveitarstjórnir.

27. gr.

Til stuðnings við útivist almennings getur Náttúruverndarráð eða náttúruverndarnefndir gengizt fyrir að halda opnum göngustígum, strandsvæðum til sjóbaða, vatnsbökkum og öðrum stígum og svæðum, sem ástæða er til að halda opnum til að greiða fyrir því, að almenningur fái notið náttúrunnar; enn fremur sett upp göngubrýr og girðingarstiga og afmarkað tjaldstæði og gert annað það, er þurfa þykir í þessu skyni.

Framkvæmdir samkvæmt þessari grein skulu einungis gerðar með samþykki landeiganda.

28. gr.

Friðlýsingar og friðunarákvæði samkv. framangreindum ákvæðum skulu birt í Stjórnartíðindum og taka gildi frá þeim degi, sem þau eru birt.

Þau skulu og fest upp á staðnum, eftir því sem við verður komið og nauðsynlegt er að mati Náttúruverndarráðs.

Framkvæmd friðlýsingar.

29. gr.

Náttúruverndarráð skal með aðstoð náttúruverndarnefnda kynna sér eftir föngum náttúruminjar, sem ástæða er til að friðlýsa, svo og lönd þau, sem ástæða kann að verða til að lýsa friðlönd eða leggja til þjóðgarða eða fólkvanga. Skal ráðið semja skrá um slíkar minjar og slík lönd.

Ef Náttúruverndarráð telur ástæðu til friðlýsingar eða annarra náttúruverndaraðgerða samkvæmt lögum þessum, skal það freista að komast að samkomulagi við landeigendur, sveitarstjórnir og aðra, er hagsmuna eiga að gæta. Verði samkomulag, skal það fært til bókar og síðan auglýst í Stjórnartíðindum sem friðlýsing.

30. gr.

Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask hættu á því, að landið breyti varanlega um svip, að merkum náttúruminjum verði spillt eða hættu á mengun lofts eða lagar, er skylt að leita álits Náttúruverndarráðs, áður en framkvæmdir hefjast.

Ef það er vanrækt, getur Náttúruverndarráð krafizt atbeina lögreglustjóra til að varna því, að verk verði hafið eða því fram haldið.

Virkjanir, verksmiðjur og önnur stór mannvirki skulu hönnuð í samráði við Náttúruverndarráð. Sama gildir um vegalagningu til slíkra mannvirkja.

Nánari fyrirmæli samkv. þessari grein setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.

31. gr.

Ákveði Náttúruverndarráð friðlýsingu og liggi ekki þegar fyrir samþykki eigenda eða annarra rétthafa eða sveitarfélags þess, er hlut á að máli, þá skal Náttúruverndarráð semja tillögu að friðlýsingunni.

Tillagan skal send landeigendum, ábúendum og öðrum rétthöfum, er friðlýsingin snertir, svo og sveitarfélögum. Skal þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir við friðlýsinguna, koma að mótmælum eða gera bótakröfur til Náttúruverndarráðs innan 4 mánaða. Jafnframt skal í tillögunni tekið fram, að berist kröfur ekki innan þess tíma, verði þær ekki teknar til greina í friðlýsingunni.

Berist ekki mótmæli eða kröfur innan fjögurra mánaða, auglýsir Náttúruverndarráð friðlýsinguna í Stjórnartíðindum.

32. gr.

Berist mótmæli gegn friðlýsingu eða bótakröfur vegna hennar, getur Náttúruverndarráð reynt samninga á ný um bótakröfurnar og breytt friðlýsingunni í samræmi við mótmælin og gefið friðlýsinguna út svo breytta, enda skerði breytingin í engu rétt annarra.

33. gr.

Verði friðlýsingu ekki komið á samkvæmt framangreindum ákvæðum, leggur Náttúruverndarráð málið fyrir menntamálaráðherra. Hann tekur ákvörðun um, hvort friðlýsingin skuli gefin út og auglýst eða ekki.

Ýmis ákvæði.

34. gr.

Um sölu jarðar, sem öll eða að hluta hefur verið sett á náttúruminjaskrá samkv. 29. gr., fer eftir ákvæðum laga nr. 40 5. apríl 1948, en þó þannig, að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum, sem hann er veittur með þeim lögum.

35. gr.

Menntamálaráðuneyti er heimilt að taka eignarnámi lönd, mannvirki og réttindi til stofnunar þjóðgarða og fólkvanga og til þess að framkvæma friðlýsingu, er í lögum þessum greinir.

36. gr.

Hver sá, er fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmdar á framangreindum ákvæðum, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur, skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám, nr. 61 1917.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi.

Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum, er renna í ríkissjóð, allt að 2000 krónum, til að knýja menn

til framkvæmda á ráðstöfunum, sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögunum, eða til þess að láta af atferli, sem er ólögmætt.

38. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um náttúruvernd, nr. 48 7. apríl 1956.

Lög nr. 59 1928, um friðun Þingvalla, halda gildi sínu þrátt fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði til bráðabirgða.

Náttúruverndarráð, sem skipað var samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 48 7. apríl 1956, skal starfa samkvæmt lögum þessum, unz nýtt hefur verið kosið. Náttúruverndarþing skal kallað saman innan árs frá gildistöku þessara laga.

Sýslunefndir og bæjar- eða borgarstjórnir skulu hafa lokið kosningu náttúruverndarnefnda eigi síðar en 8 mánuðum eftir gildistöku laganna.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta samkvæmt ósk menntamálaráðherra. Nefndarmenn hafa frjálsar hendur hvað snertir afstöðu til frumvarpsins í heild og einstakra atriða þess. Frv. fylgdi eftirfarandi greinargerð.

Inngangur.

Þann 18. apríl 1968 var samþykkt á Alþingi eftirfarandi þingsályktun um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög nr. 59 1928, um friðun Þingvalla, og lög nr. 48 1956, um náttúruvernd, og semja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til nýrra laga um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða. Endurskoðunin miði að því að auka náttúruvernd og auðvelda almenningi aðgang að heppilegum stöðum til útivistar og náttúruskoðunar. Einnig verði verk- og valdsvið Náttúruverndarráðs og Þingvallanefndar skilgreint sem gleggst."

Með bréfi, dags. 28. júní 1968, skipaði menntamálaráðherra nefnd í tilefni af þingsályktuninni. Í nefndina voru skipaðir: Birgir Kjaran, formaður, Benedikt Gröndal, Eysteinn Jónsson og Gils Guðmundsson.

Í byrjun lagði nefndin áherzlu á að safna gögnum frá innlendum og erlendum aðilum um nútíma viðhorf til náttúruverndar. Fjölmörgum félögum og stofnunum voru send bréf, þar sem óskað var eftir umsögn, og enn fremur öfluðu sendiráð Íslands erlendis gagna frá viðkomandi löndum. Eftirtaldir innlendir aðilar sendu umsagnir: Hið íslenzka náttúrufræðifélag, Æskulýðssamband Íslands, Ferðafélag Íslands, Skógrækt ríkisins, Búnaðarfélag Íslands, forstöðumenn þriggja deilda Náttúrufræðistofnunar Íslands, skipulagsstjóri, Ferðamálaráð, Bandalag íslenzkra skáta og forstöðumaður Náttúrugripasafnsins á Akureyri. Þá hafði nefndin hliðsjón af náttúruverndarlöggjöf hinna Norðurlandanna svo og gögnum frá alþjóðastofnunum, sem hafa náttúruvernd á stefnuskrá sinni.

Til úrvinnslu á ofangreindum gögnum og til aðstoðar við samning frumvarps og greinargerðar fékk nefndin þá Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmann og dr. Guðmund E. Sigvaldason jarðfræðing, sem jafnframt var framkvæmdastjóri og ritari nefndarinnar. Í byrjun naut nefndin enn fremur aðstoðar Knúts Hallssonar fulltrúa menntamálaráðuneytisins.

Þegar líða tók á starfstíma nefndarinnar og viðhorf til ákveðinna málaflokka tóku að mótast, kvaddi nefndin eftirtalda menn á sinn fund og leitaði álits þeirra og umsagnar: Jón Guðmundsson, oddvita Mosfellssveitar, Matthías Sveinsson, sveit-

arstjóra Mosfellssveitar, Pál Líndal, borgarlögmann, Zóphónías Pálsson, skipulagsstjóra, Þórhall Halldórsson, heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Inga Ú. Magnússon, gatnamálastjóra, Steingrím Hermannsson, framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins, Eyþór Einarsson, grasafræðing, Hjálmar Bárðarson, skipaskoðunarstjóra, Sigurð Sigurðsson, landlækni, Baldur Johnsen, forstjóra Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Þorkel Jóhannesson, prófessor, Friðgeir Grímsson, Öryggiseftirliti ríkisins. Sumir þessara manna voru kvaddir oftar en einu sinni á fundi nefndarinnar.

Fyrstu drög að frumvarpinu voru sýnd nokkrum aðilum, sem síðan gerðu athugasemdir og báru fram breytingartillögur. Nefndin vann síðan úr öllum gögnum og samdi endanlega gerð frumvarpsins, sem nú liggur fyrir.

Almenn atriði.

Lög um náttúruvernd frá 7. apríl 1956 hafa nú verið í gildi í þrettán ár. Gildistaka þessara laga markaði tímamót í viðhorfi löggjafarvaldsins til náttúruverndarmála á Íslandi. Í greinargerð með frumvarpi til náttúruverndarlaganna var fjallað mjög ítarlega um fræðilegar og félagslegar röksemdir, sem voru forsendur frumvarpsins, og mörg dæmi nefnd um yfirvofandi hættu á alvarlegum og óbætanlegum náttúruspjöllum.

Í fjórða kafla greinargerðarinnar eru dregin saman þau grundvallaratriði, sem náttúruverndarhugtakið byggist á. Þar segir orðrétt: „Greina má milli náttúruverndar, sem styðst við menningarleg rök og sjónarmið, náttúruverndar, sem á rót í félagslegum viðhorfum, og náttúruverndar, sem reist er á fjármunalegum grundvelli.“

Enda þótt viðhorf til náttúruverndar hafi tekið verulegum breytingum á þeim árum, sem liðin eru frá gildistöku laganna, er óhætt að segja, að þessi grundvallaratriði eru enn þá burðarásinn í skilgreiningu nútíma náttúruverndar. Þær viðhorfsbreytingar, sem orðið hafa á síðustu árum, felast einkum í því, að enda þótt mönnum sé fullljóst, að leggja þurfi síaukna áherzlu á menningarleg rök og sjónarmið náttúruverndar, þá eru hin félagslegu og fjármunalegu náttúruverndarviðhorf þeim mun mikilvægari, að á þeim byggist efnaleg og andleg velferð þjóðarinnar og raunar mannkyns alls.

Sé þetta haft í huga, verður ljóst, að gera þarf mjög víðtækar kröfur til framkvæmdaraðilans, sem falið er að fjalla um náttúruverndarmál. Hlutverk hans er ekki einungis það að hindra afmarkaðar framkvæmdir, sem valdið geta náttúruspjöllum, hvort heldur eru fegurðarspjöll eða eyðing náttúruminja, heldur verður hann að horfa fram á við og hafa frumkvæði að ýmsu því, sem beinlínis stuðlar að varðveizlu náttúrunnar, eða gefa leiðbeiningar um skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda. Þetta verkefni verður ekki rækt, nema til komi aukin lagaleg stoð til aukinna náttúruverndarframkvæmda og stóraukið fjárframlag til þeirra.

Í náttúruverndarlögum frá 1956 er framkvæmd náttúruverndarmála fengin í hendur Náttúruverndarráði skipuðu af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn. Auk þess eru skipaðar náttúruverndarnefndir í hverju sýslufélagi og kaupstöðum. Nefndirnar áttu að gegna nokkurs konar útvarðarhlutverki, og þeim var ætlað að eiga frumkvæði að náttúruvernd hver í sínu héraði. Náttúruverndarráð skyldi samræma störf nefndanna og hafa frumkvæði um stærri mál og marka stefnu í náttúruverndarmálum almennt. Í greinargerð með frumvarpi til náttúruverndarlaga frá 1956 segir um stjórn náttúruverndarmála: „Að sjálfsögðu koma margir aðrir hættir til greina um skipulag á þessum málum en þeir, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Reynslan ein fær úr því skorið, hvert skipulag sé heppilegast. En sjálfsagt er að taka þessi atriði upp til endurskoðunar eftir nokkurra ára reynslu.“

Náttúruverndarráð og náttúruverndarnefndir hafa nú starfað í þrettán ár. Á þessum tíma hefur ráðið fjallað um mjög mörg mál, þar af um það bil 40—50, sem

lúta beinlínis að friðlýsingu staða eða náttúruvætta. Í nokkrum atvikum, sem máli skipta, hefur friðlýsing farið fram með einhverjum hætti. Hér skulu nefnd helztu mál, sem hafa verið afgreidd: Helgafell í Vestmannaeyjum, Rauðhólar við Reykjavík, Grábrók í Norðurárdal, friðun dropasteinsmyndana í hellum, Hveravellir, friðun sjaldgæfra jurta, Surtsey. Auk þessa hefur ráðið haft afskipti af fjölmörgum málum, einkum í sambandi við náttúruspjöll af völdum efnistöku (malarnám, sandnám, gjallnám). Þá hefur álits ráðsins verið leitað í sambandi við sumar meiri háttar verklegar framkvæmdir, t. d. kísilgúrverksmiðju við Mývatn, Gljúfurversvirkjun o. fl.

Hlutur náttúruverndarnefnda í þessu starfi hefur ekki orðið að sama skapi og til var ætlazt í upphafi. Telja má til undantekninga, að náttúruverndarnefndir hafi vakið máls á náttúruverndarframkvæmdum, og þess eru dæmi, að náttúruverndarnefndir hafi leyft framkvæmdir, sem Náttúruverndarráð þurfti síðan að leggja bann við vegna augljósra náttúruspjalla. Þrátt fyrir einstök mál af þessu tagi er óhætt að fullyrða, að náttúruverndarnefndir hafi gegnt þörfu hlutverki með því að veita nokkurt aðhald í náttúruverndarmálum til sveita.

Þau atriði í störfum Náttúruverndarráðs og náttúruverndarnefnda, sem hér hafa verið talin, lúta einkum að því að standa vörð um einstakar náttúruminjar eða hindra spjöll, sem virtust yfirvofandi, eða stöðva framkvæmdir, sem þegar höfðu valdið skaða. Þá er ótalinn sá þáttur í störfum ráðsins, sem er nokkuð annars eðlis og lýtur að stofnun þjóðgarða. Engin einstök náttúruverndarframkvæmd sameinar á jafnákjósanlegan hátt náttúrufræðileg, menningarleg og félagsleg sjónarmið náttúruverndar. Stofnun þjóðgarðs felur í sér afmörkun og friðun landsvæðis, þar sem fjölbreytileg náttúra fær að þróast eftir eigin lögmálum, en almenningi er um leið auðveldaður aðgangur að svæðinu til útivistar og náttúruskoðunar. Stofnun þjóðgarða er að því leyti mun áhrifameiri náttúruverndarframkvæmd en friðlýsing náttúruvætta, að innan þjóðgarðs er náttúrufar heils svæðis látið halda sérkennum sínum. Hins vegar má stundum líta á náttúruvætti sem sérstæðar minjar úr horfinni eða hverfandi heild.

Náttúruverndarráð hefur beitt sér fyrir stofnun eins þjóðgarðs og stofnun annars er í undirbúningi. Með kaupum á Skaftafelli í Öræfum var stigið mikilvægt spor til að varðveita sérstætt og fagurt landsvæði þjóðinni allri til heilla og hugsvölunar.

Það er skoðun nefndarinnar, að stofnun þjóðgarða og rekstur þeirra eigi að vera mjög snar þáttur í störfum þeirra aðila, sem um náttúruvernd fjalla. Nefndin lítur enn fremur svo á, að framkvæmd náttúruverndar þurfi í síauknum mæli að beinast að félagslegum sjónarmiðum með framkvæmdum, sem eru til þess fallnar, að almenningur eigi um alla framtíð kost á því að njóta ósnortinnar náttúru landsins.

Með þessi meginsjónarmið í huga hefur nefndin endurskoðað núgildandi lög um náttúruvernd. Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, eru veigamiklar nýjungar, sem stefna að því að gera stjórn náttúruverndarmála traustari en nú er og að veita stjórnendum náttúruverndarmála aukið umboð til náttúruverndarframkvæmda. Þá er öll meðferð náttúruverndarmála gerð mun einfaldari en í núgildandi lögum.

Athugasemdir við einstaka kafla frumvarpsins.

Hlutverk náttúruverndar.

Um 1. gr.

Enda þótt orðið náttúruvernd sé flestum kunnugt og mikið notað, bæði í fjölmiðlum og manna á meðal, þá er ekki víst, að öllum sé það sama í huga, þegar um er rætt. Nefndin taldi því rétt að gera stuttlega grein fyrir því í inngangskafla lagafrumvarpsins, hvern hún teldi tilgang laganna, en það er jafnframt skilgreining nefndarinnar á hugtakinu náttúruvernd. Þessi grein er að því leyti þýðingarmikil, að þar er reynt að orðfæra þær hugmyndir, sem nefndin var sammála um að gera að leiðarljósi við samningu frumvarpsins.

Stjórn náttúruverndarmála.

Um 2. gr.

Nefndin telur eðlilegt, að yfirstjórn náttúruverndarmála heyri undir menntamálaráðuneytið, enda hefur sá háttur verið á hafður hingað til. Margir lagabálkar, sem að einhverju leyti fela í sér ákvæði um náttúruvernd, heyra undir önnur ráðuneyti, t. d. lög um fuglafriðun, veiðitakmarkanir í ám og vötnum, mengun vatns og lofts o. s. frv. Af hagkvæmnissökum og eins vegna menningarlegs mikilvægis náttúruverndar verður þó að telja eðlilegt, að yfirstjórn náttúruverndarmála sé falin menntamálaráðuneytinu.

Um 3. gr.

Þessi grein felur í sér verulega breytingu á skipan náttúruverndarmála frá því, sem nú er. Þó er grundvallarhugmyndinni haldið, en að því stefnt að gera náttúruverndarnefndir virkari en verið hefur til þessa. Það úrskurðarvald, sem náttúruverndarnefndir áður höfðu, er nú fengið öðrum, og liggja til þess eftirfarandi ástæður:

1) Reynslan hefur sýnt, að náttúruverndarnefndir skjóta málum sínum yfirleitt til Náttúruverndarráðs til úrskurðar.
2) Oftar en einu sinni hefur það komið fyrir, að náttúruverndarnefnd hefur úrskurðað mál í héraði, sem síðan hefur verið kært af þriðja aðila til Náttúruverndarráðs, þar sem nefndirnar höfðu gefið samþykki til framkvæmda, sem leiddu af sér augljós og óþörf spjöll á náttúrufari viðkomandi svæðis. Á hinn bóginn er náttúruverndarnefndum gefinn aukinn möguleiki til að koma málum sínum á framfæri og til að hafa áhrif á mörkun heildarstefnu í náttúruverndarmálum með því að senda fulltrúa á Náttúruverndarþing (sbr. 4. gr.). Hingað til hefur sá háttur verið hafður á, að sýslumaður skuli vera formaður nefndarinnar. Við endurskoðun þessa atriðis hefur þótt heppilegra að gefa þeim aðilum, sem kjósa skulu náttúruverndarnefndir, frjálsar hendur um val nefndarmanna og formanns.

Um 4. og 5. gr.

Ein helzta breytingin, sem þetta lagafrumvarp felur í sér, er stofnun Náttúruverndarþings. Á Náttúruverndarþingi koma saman þeir aðilar, sem

1) hafa sérstakan áhuga á náttúruverndarmálum,
2) hafa sérþekkingu á sviði náttúrufræða,
3) hafa vegna stöðu sinnar það hlutverk að beita sér fyrir náttúruverndarframkvæmdum,
4) hafa vegna stöðu sinnar hagsmuna að gæta, sem kunna að brjóta í bág við náttúruverndarsjónarmið.

Náttúruverndarþingi er ætlað að ræða öll þau mál, sem varða almenna stefnumörkun í náttúruvernd. Það á enn fremur að verða vettvangur, þar sem fulltrúar náttúruverndarnefnda og ýmissa áhugamannasamtaka um náttúruvernd geta komið hugmyndum og skoðunum á framfæri, og þar eiga einnig að koma fram skoðanir þeirra aðila, sem stöðu sinnar vegna eiga að sjá um hagnýtingu náttúruauðlinda til almenningsheilla.

Með Náttúruverndarþingi skapast vettvangur, þar sem gerð verður tilraun til að samræma ólík sjónarmið landsmanna um veigamikið sameiginlegt hagsmunamál.

Í töluliðum 1—6 eru taldir þeir aðilar, sem eiga sæti á Náttúruverndarþingi. Fyrsti töluliður gerir ráð fyrir fulltrúa kjörnum af hverri náttúruverndarnefnd. Fulltrúi náttúruverndarnefndar getur orðið hver sem nefndin óskar að tilnefna, en er ekki bundið við nefndarmenn sjálfa. Í öðrum tölulið eru talin þau félagasamtök, sem rétt þykir að eigi fulltrúa á þinginu. Hér er um að ræða áhugamannasamtök um náttúruvernd og náttúruskoðun, samtök sérfræðinga á sviði náttúrufræða og verkfræða og önnur samtök, sem ástæða þykir til að eigi fulltrúa á þinginu. Í þriðja

tölulið eru taldir fulltrúar frá Náttúrufræðistofnuninni, sérfróðir í helztu greinum náttúrufræða. Í fjórða tölulið er gert ráð fyrir einum fulltrúa frá hverjum þingflokki á Alþingi, en seta alþingismanna á Náttúruverndarþingi er talin tryggja nauðsynlegt samband við löggjafar- og fjárveitingarvald. Í sjötta tölulið eru taldir þeir embættismenn, sem á einhvern hátt hafa afskipti af eða afstöðu til náttúruverndarmála. Í þessum hópi er að finna þá aðila, sem væntanlega túlka þau sjónarmið, sem kunna að vera andsnúin einstökum náttúruverndarframkvæmdum, en hér er einnig að finna trausta talsmenn náttúruverndar. Þar eð embættismannahópurinn er bundinn af hagsmunasjónarmiðum þeirra stofnana, sem þeir eru fulltrúar fyrir, þykir ekki rétt að veita þeim kosningarrétt eða kjörgengi til Náttúruverndarráðs (sbr. 6. gr.).

Um 6. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er Náttúruverndarráð skipað sjö mönnum. Þar af eru þrír forstöðumenn einstakra deilda Náttúrufræðistofnunar Íslands, þrír eru skipaðir af ráðherra samkvæmt tilnefningu félagasamtaka, og einn er skipaður án tilnefningar, og er hann jafnframt formaður ráðsins. Í greinargerð með frumvarpi til núgildandi náttúruverndarlaga segir orðrétt: „Nú er út af fyrir sig æskilegt að tengja sem flest þeirra félaga, sem starfa að málum, er lúta að náttúruvernd, við Náttúruverndarráðið. En afleiðingin yrði þá sú, að Náttúruverndarráð yrði geysifjölmenn stofnun. Hefur því verið horfið að því ráði að takmarka fjölda ráðsmanna við sjö menn.“ Þá er vikið að því í greinargerðinni, að Náttúruverndarráð skuli vera skipað sérfræðingum í ýmsum greinum náttúruverndar, svo og þeim greinum, sem snerta náttúruverndarframkvæmdir, þ. e. lögfræði og verkfræði.

Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, leggur megináherzlu á það „að tengja sem flest þeirra félaga, sem starfa að málum, er lúta að náttúruvernd, við Náttúruverndarráðið“. Tengiliðurinn er Náttúruverndarþing, og því er óhjákvæmilegt að láta þingið kjósa menn í ráðið. Eigi að síður þykir eðlilegt, að menntamálaráðherra skipi formann ráðsins, þar eð ákvarðanir Náttúruverndarráðs eru háðar samþykki menntamálaráðherra (sbr. 33. gr.).

Ekki þykir rétt að binda hendur þingsins með sérstakri lagasetningu, er kveði á um menntun þeirra manna, sem kosnir eru í Náttúruverndarráð. Sérmál geta verið á dagskrá, sem krefjast mismunandi afbrigða í samsetningu ráðsins. Náttúruverndarþingi eru því gefnar frjálsar hendur um þetta efni. Þá skal á það bent, að starf Náttúruverndarráðs verður með nokkuð öðrum hætti samkvæmt nýju lögunum en hingað til hefur verið. Tilkoma fastráðins framkvæmdastjóra og skrifstofa léttir þeirri kvöð af ráðinu, að einstakir ráðsmenn þurfi að hafa dagleg afskipti af málum ráðsins. Þá er í 23. gr. gert ráð fyrir, að Náttúruverndarráð feli stofnunum á viðkomandi sérsviði rannsókn mála, er varða fyrirhugaðar náttúruverndarframkvæmdir. Með þessu móti hvílir minna á viðhorfi eins sérfræðings, og viðleitnin er í þá átt að fá sem hlutlægast mat á hverju máli.

Nefndin telur, að með þessum ákvæðum verði fyllilega séð fyrir sérfræðilegri þekkingu við úrlausn náttúruverndarmála.

Um 7. gr.

Fyrsta málsgrein er almenns eðlis varðandi starfsemi Náttúruverndarráðs. Í annarri og þriðju málsgrein eru nú ákvæði, sem gera Náttúruverndarráði skylt að hafa forgöngu um fræðslustarfsemi í fjölmiðlum og skólum, svo og að hafa náið samstarf við áhugamannasamtök um náttúruvernd.

Við undirbúning þessa frumvarps hefur það verið rætt mjög ítarlega, með hvaða hætti væri unnt að bæta umgengni fólks úti í náttúrunni með lagasetningum og refsiákvæðum. Sumir þeirra aðila, sem nefndin leitaði til í upphafi, lögðu áherzlu á strangari viðurlög við hirðulausri umgengni almennings en núgildandi lög gera ráð fyrir. Nefndin hefur hins vegar komizt að þeirri niðurstöðu, að framkvæmd slíkra lagaákvæða verði ætíð mjög í molum, og að af gæti hlotizt almennt virðingar-

leysi fyrir lögunum. Líklegasta leiðin til verulega bættrar umgengni almennings úti í náttúrunni virðist vera sú að skapa sterkt almenningsálit með hvers konar náttúruvernd. Þess vegna er áherzla á það lögð, að Náttúruverndarráð beiti sér fyrir almenningsfræðslu um þetta efni og leiti í því skyni samvinnu við áhugasamtök í landinu.

Með náttúruverndarnefndum og Náttúruverndarþingi er leitazt við að skapa tengsl milli sem flestra aðila, sem á einhvern hátt hafa áhuga á eða afskipti af náttúruvernd. Nú virðist sú þróun framundan, að náttúruverndarsamtök áhugamanna verði stofnuð víða um landið. Þessi samtök, svo og áhugasamir einstaklingar, munu hafa tillögur fram að færa, hver á sínu sviði, sem hætt er við að ekki komi fyllilega til skila á Náttúruverndarþingi. Því er lagt fyrir Náttúruverndarráð að stuðla að héraðsfundum um náttúruvernd. Slíka héraðsfundi ætti að halda milli Náttúruverndarþinga og ekki sjaldnar en á þriggja til fjögurra ára fresti.

Um 8. gr.

Starf Náttúruverndarráðs, sem skipað er samkvæmt núgildandi lögum, er nær eingöngu framkvæmt af þeim mönnum, sem í ráðinu sitja, allt frá sérfræðilegum umsögnum til sendiferða. Ráðið hefur að vísu getað keypt nokkra aðstoð, en hvergi nærri fullnægjandi, til þess að unnt væri að sinna öllum þeim málum, sem að berast eða æskilegt væri, að ráðið hefði frumkvæði að. Reynslan sýnir, að þau hin stærri mál hafa jafnan tekið mestan hluta af starfstíma ráðsins, en smærri málin hafa oft dregizt úr hömlu. Sívaxandi áhugi almennings á náttúruvernd og aukinn fjöldi mála, sem af honum leiðir, gera það að verkum, að ekki verður hjá því komizt að ráða framkvæmdastjóra, sem annazt getur um daglegan rekstur, undirbúið mál í hendur ráðsins og séð um framkvæmd ályktana þess. Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, eykur enn á skyldur Náttúruverndarráðs. Veigamikil forsenda þess, að vel takist um framkvæmd laganna, er því sú, að Náttúruverndarráð hafi skrifstofu undir stjórn framkvæmdastjóra, sem fylgt getur málunum eftir, aflað sérfræðilegra umsagna, undirbúið og annazt Náttúruverndarþing og verið í stöðugu sambandi við náttúruverndaraðila um allt landið. Nefndin leggur mjög ríka áherzlu á þetta atriði og telur raunar, að frumvarpið standi eða falli með þessu ákvæði. Þá telur nefndin eðlilegt, að kostnaður við skrifstofuhald Náttúruverndarráðs greiðist úr ríkissjóði.

Náttúruverndarsjóður og fjáröflun til hans.

Um 9. gr.

Flestar náttúruverndarframkvæmdir hafa nokkurn kostnað í för með sér. Þær upphæðir, sem um er að ræða, eru mjög mishárr, allt frá framkvæmdum, er miða að stuðningi við útivist almennings (sbr. 27. gr.), til kaupa á jörðum í sambandi við stofnun nýrra þjóðgarða. Stuðningur við útivist almennings getur orðið mjög fjárfrekur útgjaldaliður, eins og nánar er gerð grein fyrir í 27. gr. Á þessu sviði er um mjög brýna þörf að ræða, sem ekki er séð fyrir með öðru móti.

Það sjónarmið hefur orðið mjög ríkjandi í umræðum nefndarinnar, að ósnortin náttúra landsins muni í nánustu framtíð verða þjóðinni drýgri tekjulind en margar þær framkvæmdir, sem nú er mjög haldið á loft. Í næsta nágrenni við okkur búa tugir milljóna manna, sem aldrei hafa kynnzt ósnortinni náttúru, hvorki séð ómengaðan fjallalæk né andað að sér fersku lofti í þeim skilningi, sem við leggjum í orðin. Það þarf ekki mikið hugarflug til að sjá, hvaða möguleikar eru fyrir hendi á sviði ferðamála, ef okkur tekst að viðhalda ósnortinni náttúru mitt í heldur óhrjálegum heimi mengunar og náttúruspjalla.

Sérhvert framlag til náttúruverndar á Íslandi er því ekki aðeins trygging fyrir því, að við varðveitum landið til nytja og ánægju okkur sjálfum og afkomendum okkar til handa, heldur er beinlínis hægt að staðhæfa, að sérhver fjárfesting í þessu skyni muni bera margfaldan ávöxt í beinum tekjum af erlendum ferðamönnum.

Náttúruverndarsjóður á að gegna því hlutverki að gefa Náttúruverndarráði svigrúm til mjög aukinna framkvæmda. Nefndin hefur rætt fjölmörg verkefni, sem hún telur brýna þörf á að leysa á sem skemmstum tíma. Þar á meðal er mjög mikil fjölgun þjóðgarða frá því, sem nú er, þannig að ekki séu færri en einn til tveir þjóðgarðar í hverjum landsfjórðungi. Verkefni af þessu tagi verða ekki unnin með nægilegum hraða, nema því aðeins að Náttúruverndarráð geti tekið á sig fjárhagslegar skuldbindingar með tilstyrk árvissra og helzt vaxandi tekjustofna.

Önnur verkefni, sem Náttúruverndarráði er ætlað að standa straum af, lúta að rannsóknum, sem ýmist eru beinn undirbúningur náttúruverndarframkvæmda eða miða að því að upplýsa, hvort og að hve miklu leyti friðlýsing einhvers svæðis er nauðsyn. Algengustu tegundir rannsókna, sem hér eru hafðar í huga, eru umhverfisrannsóknir (ecologia), sem segja til um, hvaða áhrif truflun viss þáttar í náttúrlegu umhverfi hafi á aðra þætti náttúrunnar. Í mörgum tilvikum mundi kostnaður við slíkar rannsóknir dæmast á þann aðila, sem að trufluninni stendur, en náttúruverndarsjóður gefur Náttúruverndarráði frjálsar hendur, þar sem um vafaatriði er að ræða eða ágreiningur kemur upp. Loks er náttúruverndarsjóði ætlað að greiða kostnað af Náttúruverndarþingum. Ráðstöfun fjár úr sjóðnum er háð samþykki ráðherra í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins (sjá 33. gr.).

Um 10. gr.

Við athugun á hugsanlegum tekjustofnum náttúruverndarsjóðs var það fyrst og fremst haft í huga, að sjóðurinn yrði óháður fjárlögum og að honum yrði tryggður eðlilegur vöxtur. Við endanlega ákvörðun þeirra tillagna um skattlagningu á orkuframleiðslu, sem settar voru fram í frumvarpinu, voru eftirfarandi sjónarmið ráðandi: Ein veigamesta náttúruauðlind landsins er sú orka, sem fæst úr fallvötnum þess og varma jarðhitasvæða. Hvað fallvötnin snertir, þá veldur virkjun þeirra yfirleitt verulegri röskun á náttúrlegu umhverfi, bæði vegna stíflugarða og jarðganga. Engum blandast hugur um þjóðhagslega nauðsyn slíkra mannvirkja, og því verða náttúruverndarsjónarmið stundum að víkja, þegar orkuvinnsla er annars vegar. Það viðhorf virðist því eiga sér fullan rétt, að notendur orku leggi nokkuð af mörkum til verndar annarra svæða, enda má líta á slíkan skatt sem nokkurs konar skaðabótagreiðslu til landsins vegna þess rasks, sem virkjun hefur valdið. Þetta er einnig að því leyti réttlátt, að stórir orkuneytendur eru að jafnaði iðjufyrirtæki, sem oft valda verulegum náttúruspjöllum og stundum mengun sjávar, vatns og andrúmslofts.

Lausleg athugun á því, hversu miklar fjárhæðir er um að ræða, leiðir í ljós, að á árinu 1968 nam sala á raforku í heildsölu 330 milljónum króna. Hálft prósent af þessari upphæð er 1.65 milljónir. Söluverð varmaorku frá hitaveitu nam á árinu 1968 230 milljónum króna. Fjórðungur af prósenti þessarar upphæðar er 575 þúsund krónur. Á árinu 1968 hefðu þessir tekjustofnar veitt u. þ. b. 2.2 milljónir króna í náttúruverndarsjóð. Nefndin telur, að þessi upphæð muni hvergi nærri fullnægja fjárþörf sjóðsins, og því er lagt til, að tvö prósent af söluverði þess áfengis, sem framleitt er í landinu, renni til náttúruverndarsjóðs. Samkvæmt upplýsingum frá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins mun heildarframleiðsla innanlands nema u. þ. b. 300 þúsund flöskum. Tvö prósent af söluverði er um 5 krónur á flösku, og heildarupphæð þess skatts, sem rynni til náttúruverndarsjóðs, næmi 1.5 milljónum króna. Alls gerir frumvarpið því ráð fyrir, að árlegar tekjur náttúruverndarsjóðs verði 3.7 milljónir, ef miðað er við ofangreindar upplýsingar. Er það að vísu of lítið að dómi nefndarinnar, en væri þó viðunandi byrjunarskref.

Aðgangur almennings að náttúru landsins og umgengni.

Um 11. og 12. gr.

Þessar greinar fela í sér almenn ákvæði um aðgang almennings að náttúru landsins og eru að mestu leyti samhljóða hliðstæðum greinum í núgildandi lögum. Þó eru

felld niður ákvæði, sem varða tjónabætur vegna skaða, sem fólk veldur á landi annarra, og afskipti náttúruverndarnefnda af slíkum málum. Slík mál heyra eðlilega undir venjulega dómstóla. Ákvæðin um berjatínslu eru mun einfaldari en í núgildandi lögum, og afskipti náttúruverndarnefnda eru felld niður.

Um 13. gr.

Ákvæði frumvarpsins um umgengni almennings úti í náttúrunni eru mjög aukin miðað við núgildandi lög. 13. gr. felur í sér öll ákvæði 3. greinar núgildandi laga að viðbættum veigamiklum nýjum fyrirmælum. Óþarfa akstur svonefndra fjallabíla og dráttarvéla utan merktra bílaslóða hefur færzt mjög í vöxt á síðari árum. Víða hafa ökumenn slíkra farartækja gert sér leik að því að þreyta akstur í bröttum brekkum til þess eins að reyna hæfni farartækjanna. Afleiðing þessarar dægradvalar blasir við, hvar sem farið er um landið, jafnt í byggð sem óbyggð. Fallegar gróðurbrekkur og gíghólar hafa verið rist í sundur af hjólbörðum ökutækjanna, og vatn og vindar taka síðan við og fullkomna eyðilegginguna. Augljóst er, að mjög erfitt er að framfylgja banni um óþarfa akstur, og hér verður að skírskota til þess, að sterkt almenningsálit skapist varðandi þetta atriði. Nefndin telur því heppilegast að heimila Náttúruverndarráði að leggja bann við slíkum akstri á tilteknum stöðum eða í tilteknum tegundum umhverfis eða á tilteknum árstímum (t. d. bann við akstri um gróðurvinjar á öræfum eða bann við akstri að vori til, meðan frost er að fara úr jörðu).

Þriðja og fjórða málsgrein fjalla um rusl og frágang þess, svo og um frágang og staðsetningu sorphauga. Þessi ákvæði eru ekki aðeins bundin við umgengni almennings úti í náttúrunni, heldur skylda þau alla landsmenn, hvort heldur eru einstaklingar, bæjar- eða sveitarfélög, að ganga þannig frá úrgangi, að náttúrulýti, náttúruspjöll, hætta eða mengun geti ekki af hlotizt. Þannig er sérhverjum ferðamanni bannað að fleygja frá sér eða skilja eftir rusl, sem er til hættu eða óprýði. Vilji menn losa sig við rusl, er bannað að fleygja því í ár eða læki, jafnt þótt um straumþung fallvötn sé að ræða. Eini tryggilegi frágangurinn á rusli, sem menn vilja losa sig við, er að grafa það í jörð með þeim umbúnaði, að öruggt sé, að vindar eða vatn nái ekki til þess, og þannig, að engin ummerki sjáist.

Bannað er að fleygja rusli og úrgangi frá atvinnurekstri og heimilishaldi í ár, læki eða sjó og óheimilt er að safna úrgangi í hauga á almannafæri. Öllu sorpi verður að koma þannig fyrir á afviknum stöðum, að hvorki fjúki úr því né fljóti.

Hér verður óhjákvæmileg snerting á milli náttúruverndarlaga og laga um heilbrigðismál og hollustuhætti, einkum varðandi þéttbýlissvæði landsins. Frágangi sorphauga nálægt þéttbýliskjörnum hefur verið mjög ábótavant um allt landið. Tilkoma gerviefna, sem ekki eyðast við venjulegar náttúrlegar aðstæður, knýr enn á um aukna aðgæzlu við frágang úrgangs. Nefndinni er ljóst, að einstök bæjar- og sveitarfélög eiga í erfiðleikum með að koma sorpi þannig fyrir, að lýtalaust megi telja, ýmist vegna skorts á heppilegu landrými eða vegna annarra ástæðna. Hér þarf því að koma til samvinna milli nálægra sveitarfélaga, þannig að eitt sveitarfélag geti losnað við sorp innan lögsagnarumdæmis nágrannasveitarfélags, ef aðstæður eru þar betri.

Um framkvæmd þessara mála verður að takast náin samvinna milli heilbrigðisyfirvalda og Náttúruverndarráðs.

Um 14. gr.

Varðandi mengun vatns í ám, lækjum, stöðuvötnum og brunnum gegnir sama máli og um frágang á sorpi. Hér snerta ákvæði frumvarpsins ákvæði í öðrum lögum, bæði heilbrigðislöggjöf og vatnalög. Ákvæði þessa lagafrumvarps taka til landsins alls, bæði byggða og óbyggða.

Mengun vatns og andrúmslofts eru meðal alvarlegustu og brýnustu viðfangsefna nútíma náttúruverndar. Mengun vatns á Íslandi vex hröðum skrefum ár frá ári, þó að enn séu aðstæður í þessu efni allt aðrar og betri en í flestum nálægum löndum. Nálægt þéttbýliskjörnum er ástandið í þessum efnum þó orðið nær óþolandi, og nægir að benda á staði eins og Reykjavík, Kópavog og Akureyri, þar sem mengun í

ám og lækjum og kyrrstæðum flóum og fjörðum við ströndina er geigvænleg. Augljóst er, að hér er stærra mál á ferð en svo, að unnt sé að gera því full skil í náttúruverndarlögum, enda koma hér til fleiri lagabálkar, eins og áður er að vikið. Nefndin hefur varið miklum tíma í umræðu um þessi mál og kallað á sinn fund aðila, sem á einhvern hátt hafa afskipti af mengunarvandamálum. Niðurstaða nefndarinnar er sú, að ekki sé ástæða til að fella inn í náttúruverndarlög frekari ákvæði en þau, sem fram koma í 14. gr. Hins vegar telur nefndin nauðsyn bera til að samræma aðgerðir allra þeirra aðila, sem að þessum málum standa. Með það markmið í huga mun nefndin beita sér fyrir því, að komið verði á fót sérstakri mengunarnefnd, er marki þjóðinni heildarstefnu í þessum málum og geri tillögur til viðkomandi aðila um einstakar framkvæmdir.

Um 15. gr.

Í þessari grein eru ákvæði, sem skylda þá, er yfirgefa eignir sínar þannig, að þær séu til lýta eða valdi náttúruspjöllum eða séu hættulegar umhverfinu, til þess að bæta úr eða greiða kostnað af nauðsynlegum úrbótum. Sveitarstjórnum er falið framkvæmdavald í þessum efnum.

Um 16. gr.

Á síðari árum hefur það mjög færzt í vöxt, að ýmsir aðilar stefni fólki til hátíðahalda úti í náttúrunni. Til þessa eru jafnan valdir staðir, sem hafa orð á sér fyrir náttúrufegurð. Nauðsynlegt er að veita forstöðumönnum slíkra samkvæma það lágmarksaðhald, að þeir sjái gestum sínum fyrir nauðsynlegum hreinlætistækjum, þ. á m. salernishúsnæði, rennandi vatni til drykkjar og þvotta, svo og flátum undir sorp. Á forráðamönnum hvílir einnig sú skylda skv. 13. gr. þessa frumvarps að taka þessi tæki niður að hátíðahöldum loknum og ganga úr skugga um, að á svæðinu sé ekkert eftir skilið, sem lýti umhverfið, hvorki hlutir né verksummerki. Náttúruverndarráði ber að ganga ríkt eftir, að þessum fyrirmælum sé fylgt til hins ýtrasta.

Um 17. gr.

Sá málaflokkur, sem fjallar um nám byggingarefna, mun vera umfangsmestur í starfi þess Náttúruverndarráðs, er skipað var samkvæmt núgildandi lögum. Greinin skýrir sig að mestu sjálf, en á það skal bent, að hér gegna náttúruverndarnefndir mikilvægu hlutverki varðandi veitingu leyfa til efnistöku. Þrátt fyrir neikvæða reynslu af svipuðu fyrirkomulagi í núgildandi lögum þykir rétt að viðhalda þessu formi, þar eð framkvæmd leyfisveitinga getur orðið mjög flókin og nánast óvirk, ef hverju sinni þarf að leita til Náttúruverndarráðs, sem hefur aðsetur sitt í Reykjavík. Afskipti Náttúruverndarráðs af slíkum málum eru takmörkuð við afrétti og almenninga utan hreppamarka og þau mál, sem ágreiningi valda milli sveitarstjórna og náttúruverndarnefnda.

Greinilegt er, að nákvæmar reglur þarf að setja um allt efnisnám og mun víðtækari en hægt er að festa í lög. Því er gert ráð fyrir því, að menntamálaráðuneytið setji með reglugerð nánari ákvæði um veitingu leyfa til efnistöku. Þá er enn fremur sá varnagli sleginn, að menntamálaráðuneytið geti ákveðið, að allar umsóknir skuli sendar Náttúruverndarráði til umsagnar, ef það leyfisveitingakerfi, sem greinin gerir ráð fyrir, reynist illa í framkvæmd.

Samkvæmt núgildandi lögum eiga náttúruverndarnefndir að hafa eftirlit með því, að sérkennilegu landslagi og náttúruminjum sé ekki raskað með efnisnámi. Af þessu leiðir, að bann við slíku námi kemur yfirleitt ekki fram, fyrr en jarðrask er hafið og skaðinn skeður. Þess vegna er nú horfið að því ráði að banna allt jarðrask, nema leyfi sveitar- og bæjarstjórnar sé fengið ásamt umsögn náttúruverndarnefndar.

Um 18. gr.

Þetta ákvæði er hliðstætt 3. málsgrein 2. greinar núgildandi laga. Eins og víðar í þessu frumvarpi er afskipta náttúruverndarnefnda ekki getið beinum orðum. Hér

er þó ljóst, að náttúruverndarnefndir hljóta að gegna eftirlitshlutverki, og samkv. 3. gr. frumvarpsins eiga þær að gefa ábendingar og tillögur til sveitarstjórnar. Beri það ekki árangur, gengur málið til Náttúruverndarráðs eða jafnvel Náttúruverndarþings. Málsmeðferð er því sú sama og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum, en umbúnaður er einfaldari.

Um 19. gr.

Ákvæði um auglýsingar eru nokkuð frábrugðin núgildandi lögum. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að allar auglýsingar meðfram vegum, eða annars staðar utan þéttbýlis, verði bannaðar, eins og núgildandi lög kveða á um, en hins vegar verði ekki á valdi náttúruverndarnefnda framvegis að veita undanþágur. Það er mikið happ, að núgildandi lög um náttúruvernd skuli innihalda ströng ákvæði um auglýsingaspjöld meðfram vegum. Hvarvetna í Evrópu og Ameríku eru auglýsingaspjöld meðfram þjóðvegum til stórrar óprýði. Þeir, sem til landsins koma, taka einna fyrst eftir því, að auglýsingaspjöld eru ekki hluti af landslagsmyndinni eins og hvarvetna annars staðar, og það gefur landinu ferskan og ósnortinn svip, sem útlendir ferðamenn hafa ekki kynnzt áður.

Augljóst er, að ekki er unnt að leggja bann við auglýsingum, sem festar eru á eign, en þó er til þess ætlazt, að slíkar auglýsingar séu látlausar. Náttúruverndarráð getur því gert athugasemdir við sundurgerðarlegar auglýsingar, ef því finnst þær vera til náttúrulýta.

Enn fremur verður að setja upp margs konar leiðbeiningar fyrir ferðamenn. Slíkar leiðbeiningar eiga að vera smekklega úr garði gerðar og að einhverju leyti samræmdar um allt land. Nægir þar að minna á vel heppnaða vegvísa Vegagerðar ríkisins. Náttúruverndarráði er falið að setja reglur um allar slíkar auglýsingar og leiðbeiningar.

Um 20. gr.

Í nýjum náttúruverndarlögum nágrannalandanna, Danmerkur og Noregs, eru ákvæði, sem banna mannvirkjagerð í minni fjarlægð frá sjávarbakka, vatnsbakka eða árbakka en 100—150 metra. Frá upphafi var nefndin einhuga um að taka þetta ákvæði upp í frumvarpið, og liggja til þess eftirfarandi orsakir: Eitt veigamesta grundvallaratriði nútíma náttúruverndar er hið félagslega viðhorf. Náttúran er sameign allra landsmanna, ekki aðeins þeirra landsmanna, sem eru ofan moldar, heldur líka hinna, sem horfnir eru, og þeirra, sem enn eru óbornir. Þetta viðhorf er svo þungt á metunum, að smávægilegar hömlur á athafnafrelsi þeirra, sem hafa aðstöðu til að eigna sér skákir á fegurstu stöðum landsins, virðast fyllilega réttmætar.

Ákvæði 20. gr. taka t. d. til eftirfarandi mannvirkja:

1. Sumarbústaðir eru mjög oft reistir í nánd við vötn, ár eða sjó. Sama máli gegnir um veiðikofa. Eigendur slíkra húsa hafa tilhneigingu til að reisa þau sem næst vatnsbakka og gera síðan girðingu umhverfis á þrjá vegu. Almenningur velur sér mjög gjarna gönguleiðir meðfram vatnsbökkum, og hljóta því girðingar sumarbústaðaeigenda að hindra eðlilega og sjálfsagða umferð.
2. Benzínstöðvar og söluskálar eru oft reist mjög nálægt vatnsbakka. Enda þótt umferð almennings sé sjaldnast hindruð vegna slíkra mannvirkja, þá kemur annað til. Komist leki að benzín- eða olíugeymi á vatnsbakka, fer innihaldið beint út í vatnið með ófyrirsjáanlegum mengunarafleiðingum. Ef slíkt á sér stað í 100 metra fjarlægð frá vatnsbakka, eru líkur á, að verulegur hluti lekans bindist í jarðveginum. Nefndinni þykir rétt að benda á í þessu sambandi, að setja þarf mjög strangar reglur um umbúnað olíugeyma, en svo virðist sem málmgeymar séu yfirleitt grafnir beint í jörð án steyptrar þróar. Slíkir geymar með tvo til þrjá tugi tonna af olíu eru t. d. staðsettir á bakka Mývatns, auk allra þeirra olíugeyma, sem bændur umhverfis vatnið hafa komið sér upp, án nokkurs opinbers eftirlits með frágangi.

Ákvæði greinarinnar taka að sjálfsögðu ekki til mannvirkja, sem nauðsynleg eru vegna atvinnurekstrar, né heldur til framkvæmda á skipulögðum svæðum.

Um 21. gr.

Hér er nánar vikið að byggingu sumarbústaða. Nefndin hefur kynnt sér hugmyndir yfirmanna skipulagsmála um sumarbústaðabyggingar og telur, að ákvæði í skipulagslögum nr. 19/1969 séu fullnægjandi að því er varðar skipulögð svæði. Þó vill nefndin, að umsagnar Náttúruverndarráðs sé jafnan leitað um staðsetningu og skipulag sumarbústaðahverfa. Á svæðum, sem ekki eru skipulagsskyld, er brýn nauðsyn að krefjast leyfis sveitarstjórnar fyrir byggingu, en sveitarstjórn skal fyrirlagt að leita umsagnar náttúruverndarnefndar. Til samræmingar og til þess að veita visst aðhald í þessum málum skal menntamálaráðuneyti setja almennar reglur um leyfi til byggingar sumarbústaða. Þar verður m. a. að skylda menn til að koma upp nauðsynlegum hreinlætisaðbúnaði og sorpeyðslu. Enn fremur gilda ákvæði 15. gr. frumvarpsins um sumarbústaði.

Skilgreining á sumarbústað í síðustu málsgrein 21. greinar tekur einnig til veiðihúsa.

Friðlýsing náttúruminja og stofnun útivistarsvæða.

Um 22.—28. gr.

Friðlýsingar eru með ýmsu móti samkvæmt frumvarpinu. Tilraun er gerð til að gera lagaákvæðin þannig úr garði, að þau svari til nýjustu viðhorfa í náttúruvernd.

Tegundir friðlýsingar eru þessar:

Náttúruvætti (22. gr.) eru ólífrænar náttúrumyndanir, sem ástæða er til að vernda gegn eyðingu eða skemmdum.

Tegundavernd (23. gr.). Hér er um það að ræða að friðlýsa ákveðnar tegundir jurta eða dýra, sem hætta er á að eyðist eða skaddist. Tegundaverndin þarf ekki endilega að fela í sér veiðibann á dýrinu, heldur getur verið um að ræða bann gegn framkvæmdum, sem fyrirsjáanlega munu raska lífsskilyrðum tegundarinnar að verulegu marki. Hér getur augljóslega verið um mjög viðkvæm stórmál að ræða, eins og t. d. áhrif virkjunar Þjórsár á lífsskilyrði heiðagæsarinnar í Þjórsárverum. Þegar slík mál koma til kasta Náttúruverndarráðs, verður það að hlutast til um, að ítarleg rannsókn fari fram á lífsháttum viðkomandi tegundar og umhverfi, þannig að draga megi hlutlæga ályktun varðandi áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Á grundvelli slíkra rannsókna verður síðan að taka ákvörðun um, hvort lagt skuli bann við framkvæmdinni. Ákveði Náttúruverndarráð að banna framkvæmdir, kemur til kasta ráðherra að taka ákvörðun um staðfestingu samkv. 33. gr. frumvarpsins, ef mótmæli koma fram.

Friðland (24. gr.). Ákvæðin um náttúruvætti og tegundavernd taka til einstæðra fyrirbrigða í náttúrunni. Vernd dýra- eða jurtategundar getur þó krafizt takmarkaðrar verndunar þess umhverfis, sem skapar lífsskilyrði tegundarinnar, en að öðru jöfnu er ekki ástæða til víðtækrar verndunar.

Þau landsvæði eru mörg, stór og smá, þar sem náttúran er með svo sérstæðum hætti, að mikilvægt er að friða þau í heild sinni. Víða er samleikur lífrænnar og ólífrænnar náttúru í svo flóknu, en viðkvæmu jafnvægi, að veruleg röskun eins háttar getur gereytt dýralífi eða grandað gróðri. Nærtækasta dæmið er saga gróðureyðingar á Íslandi, sem hófst með þeirri jafnvægisröskun, sem landnámið hafði í för með sér. Náttúruverndarframkvæmdir, sem miða að verndun eða friðun náttúrukerfa (ecosystem), verða því að byggjast á vísindalegri fyrirhyggju. Hvert svæði hefur ákveðin sérkenni og náttúrufræðilega sérstöðu, sem taka verður tillit til í friðunarákvæðunum, og því geta reglurnar orðið jafnmargbreytilegar og náttúran sjálf.

Nefndin telur, að ákvæði 24. gr. frumvarpsins gefi Náttúruverndarráði svigrúm til að framkvæma friðlýsingar við mjög breytilegar aðstæður. Þannig má hugsa sér algera friðun einhvers svæðis, þar sem veruleg hætta er á röskun náttúrlegs jafnvægis, eða svæðis, sem hefur sérstætt vísindalegt gildi (sbr. friðun Surtseyjar). Annað stig friðlýsingar gæti fjallað um takmarkaða friðun afskekktra byggðarlaga, sem nú eru í eyði, eins og t. d. Hornstrandir, eða svæðisins sunnan og vestan við Snæfells-

jökul. Hér gætu friðunarákvæði fjallað um takmörkun á sumarbústaðabyggingum eða öðrum framkvæmdum, sem raskað gætu jafnvægi því, sem nú er að skapast á þessum svæðum, eða rofið landslagsmynd svæðisins. Þá gæti friðlýsing tekið til svæða í byggð, sem með einhverjum hætti eru með sérstæðu náttúrufari, sem mikilvægt er að vernda. Friðlýsing þyrfti á engan hátt að raska búskaparháttum eða atvinnurekstri byggðarlagsins, en fæli í sér þá kvöð, að allar nýjar framkvæmdir, svo sem byggingar, ræktunarframkvæmdir, stíflugerðir, meðferð nýrra áburðar- og eiturefna o. s. frv., yrðu undir vísindalegu eftirliti Náttúruverndarráðs, eftir því sem nánar yrði ákveðið í fyrirmælum friðlýsingarinnar. Friðlýsing af þessu tagi væri hugsanleg í Mývatnssveit, umhverfis Þingvallavatn og víðar. Augljóst er, að friðlýsingar samkvæmt þessari grein verða með mjög misjöfnum hætti.

Þjóðgarðar (25. gr.). Í greinargerð með frumvarpi til núgildandi náttúruverndarlaga var þjóðgarðshugmyndinni rækilega lýst og áherzla lögð á tvíþætt gildi þjóðgarða, þ. e. náttúrufræðilegt og félagslegt.

Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum varðandi þetta atriði, en hins vegar er Náttúruverndarráði falin stjórn þjóðgarða. Eins og tekið var fram hér að framan (9. gr.), telur nefndin mikla fjölgun þjóðgarða nauðsynlega. Helzt ættu einn til tveir þjóðgarðar að vera í hverjum landsfjórðungi, þannig að allir landsmenn eigi þess kost að njóta þeirra með lítilli ferðafyrirhöfn. Þá er brýn nauðsyn að vernda sem fjölbreytilegust dæmi ósnortinnar íslenzkrar náttúru innan þjóðgarðanna, áður en búseta og tækni breyta náttúrufari landsins meira en orðið er.

Fólkvangur (26. gr.). Orðið fólkvangur hefur ekki hlotið almenna útbreiðslu, en í þess stað hefur orðið útivistarsvæði verið notað. Fólkvangur eða útivistarsvæði gegnir fyrst og fremst félagslegu hlutverki, enda eiga þau svæði yfirleitt að vera tengd þéttbýlinu. Hér er því ekki fyrst og fremst um það að ræða, að vernda eigi það, sem er sérstætt eða mikilvægt frá sjónarmiði náttúrufræða eða náttúrufegurðar, heldur stefnt að því að hafa opin svæði til útivistar fyrir almenning, sem ekki á greiðan aðgang að náttúrunni. Þó er að sjálfsögðu æskilegt, að þetta fari saman, verði því við komið. Frumkvæði að stofnun slíkra fólkvanga sé í höndum bæjar- og sveitarstjórna, en Náttúruverndarráð setji reglur um almenna umgengni og greiði fyrir útvegun lands, sbr. einnig 35. gr.

Nefndin vill leggja á það megináherzlu, að hverjum þéttbýliskjarna er engu síður nauðsynlegt að afla landsvæðis til útivistar almennings en t. d. til hafnarframkvæmda eða flugvalla.

27. gr. Hér á landi hefur enn sem komið er of lítið verið gert til að skapa almenningi aðstöðu til útivistar með lagningu göngustíga, afmörkun tjaldstæða o. s. frv.

Aukin sókn almennings út í náttúruna veldur síaukinni þörf á tjaldstæðum og leiðbeiningum um gönguleiðir eða aðrar dægradvalir. Eins og nú standa sakir, verða flestir þeir, sem hyggjast tjalda úti í náttúrunni, að treysta á að finna einhvern stað, sem fullnægi frumskilyrðum tjaldstæðis. Því miður eru slíkir staðir ekki auðfundnir. Hvarvetna í Evrópu og Ameríku eru sérstaklega útbúin tjaldstæði með hæfilegu millibili, þar sem fólk getur fengið afmarkaðan bás, gjarna með grófum borðum og bekkjum og eldstæði. Þá er ætíð á slíkum stöðum séð fyrir rennandi vatni til drykkjar og þvotta, svo og salernisútbúnaði.

Slík tjaldstæði gegna ekki aðeins því sjálfsagða hlutverki að gera fólki auðveldara að ferðast um landið, heldur stuðla slíkir staðir mjög að snyrtilegri umgengni fólks úti í náttúrunni.

Í sambandi við tjaldstæði af þessu tagi, svo og annars staðar, þarf að útbúa merkta göngustíga, sem liggja um þá staði, sem eru heppilegir til náttúruskoðunar. Um hvern slíkan göngustíg þarf að gefa út leiðbeiningar um jarðfræði og líffræði svæðisins og sögustaði.

Nefndin telur, að Náttúruverndarráð sé heppilegasti aðilinn til að annast framkvæmdir af þessu tagi eða styðja framkvæmdir annarra. Kostnaður við slíkar fram-

kvæmdir er verulegur, og því er mikið undir því komið, að náttúruverndarsjóði verði tryggðir hæfilegir tekjustofnar, eins og nánar er gerð grein fyrir hér að framan (9. gr.).

Framkvæmd friðlýsingar.

Um 29. gr.

Fyrri hluti þessarar greinar fjallar um náttúruminjaskrá. Á náttúruminjaskrá skal færa alla þá staði á landinu, sem Náttúruverndarráð telur ástæðu til að friðlýsa, hvort sem slík friðlýsing virðist framkvæmanleg að svo stöddu eða ekki. Staðir eða minjar geta komizt á náttúruverndarskrá að frumkvæði Náttúruverndarráðs, samkvæmt tillögum náttúruverndarnefnda eða eftir ábendingu einstaklinga. Náttúruverndarnefndir eiga síðan, hver á sínu svæði, að hafa vakandi auga með því, að skráðum náttúruminjum verði ekki raskað fyrirvaralaust.

Síðari hluti greinarinnar fjallar um framkvæmd friðlýsingar, þegar enginn ágreiningur verður við þá aðila, sem yfir landi ráða. Tekur friðlýsing þá gildi með auglýsingu í Stjórnartíðindum.

Um 30. gr.

Þessi grein fjallar um framkvæmdir, sem ekki flokkast undir efnisnám, en allt slíkt jarðrask er háð leyfisveitingu samkvæmt 17. gr. Allar aðrar framkvæmdir, sem hugsanlega geta valdið verulegum náttúruspjöllum, falla undir þessa grein. Með þessu ákvæði er Náttúruverndarráði ekki fengið vald til að stöðva eða tefja mikilvægar framkvæmdir, en hins vegar er til þess ætlazt, að haft verði samráð við Náttúruverndarráð í tæka tíð, áður en meiri háttar mannvirkjagerð er hafin. Á hönnunarstigi slíkra framkvæmda er oft hægt að taka tillit til náttúruverndarsjónarmiða, og miðar greinin að því að tryggja, að slíkt verði gert, þar sem því verður við komið. Með þessu móti er hægt að koma í veg fyrir mjög alvarleg ágreiningsefni, sem óhjákvæmilega rísa og geta valdið stórfelldu fjártjóni.

Þar eð hér er um flókið og viðkvæmt mál að ræða, þykir rétt, að menntamálaráðuneytið láti sérfræðinga semja reglugerð um þetta efni með nánari fyrirmælum um, hvernig samvinnu Náttúruverndarráðs og yfirmanna verklegra framkvæmda skuli hagað.

Um 31.—33. gr.

Þessar greinar fjalla um framkvæmd friðlýsingar, þar sem samþykki landeiganda eða rétthafa lands liggur ekki fyrir. Greinarnar skýra sig að mestu sjálfar, en þó skal á það bent, að Náttúruverndarráði er ekki gefið vald til að gefa út friðlýsingu, nema fullt samkomulag hafi orðið við landeiganda. Slíkt vald er aðeins í höndum ráðherra.

Ýmis ákvæði.

Um 34. gr.

Þessi grein vísar til 29. greinar, sem fjallar um náttúruminjaskrá. Ef jörð, sem að einhverju eða öllu leyti hefur verið sett á náttúruminjaskrá, er til sölu, þykir rétt að veita ríkissjóði forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum, þ. e. ábúanda og sveitarstjórn, sem forgangsrétt hafa samkvæmt öðrum lögum.

Um 35.—37. gr.

Þessar greinar eru almenns eðlis og sjálfskýrðar. Þær koma í stað nokkru margbrotnari ákvæða í núgildandi lögum um meðferð náttúruverndarmála, sem nefndinni þykir ekki ástæða til að viðhalda.

Um 38. gr.

Varðandi lög nr. 59 1928, um friðun Þingvalla, vill nefndin taka það fram, að hún telur brýna þörf á breytingu þeirra laga. Hins vegar telur hún, að vegna sérstöðu Þingvalla sé rétt, að sérstök lög gildi um þann þjóðgarð.

Ed. 618. Frumvarp til laga [202. mál]

um Útflutningslánasjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 493 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:
Hlutverk Útflutningslánasjóðs er:

a) að veita lán til meiri háttar útflutnings véla og tækja, þar á meðal skipa og annarra fjárfestingarvara, sem framleiddar eru innanlands, og skulu slík lán tryggð hjá tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð eða með annarri fullgildri ábyrgð.
b) að veita samkeppnislán, þ. e. a. s. lán til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, þar með talin skip, sem framleidd eru innanlands, gegn bankaábyrgð eða annarri fullgildri ábyrgð.

3. gr. hljóðar svo:
Stofnaðilar sjóðsins leggja hver um sig fram 50 millj. króna, sem greiðast til sjóðsins á ekki lengri tíma en fimm árum.
Auk stofnfjár er sjóðnum heimilt að afla fjár til starfsemi sinnar með lántökum hjá innlendum bönkum og sjóðum. Einnig er honum heimilt að taka lán erlendis.

Sþ. 619. Nefndarálit [180. mál]

um till. til þál. um að auka rækjuveiðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft tillöguna til athugunar og leitað umsagnar um hana hjá Hafrannsóknastofnuninni og Fiskifélagi Íslands.
Nefndin er sammála um að mæla með því, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist þannig:
Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að ráðinn verði til reynslu á vegum Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunarinnar vel hæfur erindreki, sem ferðist um landið til að glæða áhuga og kynna mönnum nýjungar við leit, útbúnað báta, veiðar og vinnslu á rækju og þá sérstaklega eins og það gerist meðal þeirra þjóða, sem lengst eru komnar á þessu sviði.

Alþingi, 17. apríl 1970.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
Gísli Guðmundsson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Friðjón Þórðarson.

Jónas Árnason.

Sþ. 620. Fyrirspurnir. [229. mál]

I. Til menntamálaráðherra um stuðning við íslenzka námsmenn.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert eða hyggst gera nú þegar á þessu vori til að koma í veg fyrir, að íslenzkir námsmenn erlendis neyðist til að hætta námi sakir fjárskorts?
2. Hefur ríkisstjórnin ákveðið að láta endurskoða gildandi lög um Lánasjóð íslenzkra námsmanna með það fyrir augum að koma á námslaunakerfi eða stórefla á annan hátt stuðning við íslenzka námsmenn?

II. Til samgönguráðherra um brú yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

Frá Ágúst Þorvaldssyni og Birni Fr. Björnssyni.

1. Hefur verið gerð rannsókn á brúarstæði yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi?
2. Hefur brúarstæði verið ákveðið, og hvenær má búast við, að brúargerðin verði hafin?

III. Til kirkjumálaráðherra um tekjustofn þjóðkirkjunnar.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni og Gunnari Gíslasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 13. maí 1964 um undirbúning frumvarps um tekjustofn handa þjóðkirkju Íslands og aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu?

Ed. 621. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Eystra-Stokkseyrarsel og hluta af Vestra-Stokkseyrarseli í Stokkseyrarhreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarpið hefur verið rætt í landbúnaðarnefnd. Umsagnir bárust frá landnámsstjóra og jarðeignadeild ríkisins. Að athugun lokinni leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 20. apríl 1970.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Jón Árnason.
Páll Þorsteinsson.	Ásgeir Bjarnason.	Karl Guðjónsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Nd. 622. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá Ingvari Gíslasyni, Gísla Guðmundssyni og Stefáni Valgeirssyni.

Við 1. gr. XIII. Eyjafjarðarprófastsdæmi.

a. 82. tölul. hljóði þannig:

82. Akureyri: Akureyrar- og Lögmannshlíðarsóknir.
Prestssetur: Akureyri.

b. Nýr liður:

83. Grímsey: Miðgarðasókn.
Prestssetur: Grímsey.
Meðan óskipað er embættið, skal að jafnaði annar hvor prestur Akureyrar hafa með höndum þjónustu Miðgarðasóknar í Grímsey.

Nd. 623. Frumvarp til laga [230. mál]

um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi 1969—70.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er hafi það að markmiði að kanna aðstæður til að reisa og reka olíuhreinsunarstöð hér á landi og stuðla að því, að slíku fyrirtæki verði komið á fót.

Með olíuhreinsunarstöð er í lögum þessum átt við iðjuver til framleiðslu á olíuvörum og öðrum efnaiðnvarningi fyrir innlendan og erlendan markað með hreinsun og vinnslu úr jarðolíu og skyldum efnum, svo og hvers konar atvinnufyrirtæki, sem starfrækja má í þágu slíks iðjuvers eða í tengslum við það.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda eða erlenda. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins eða innlendra aðila og stjórn þess skipuð fulltrúum þess eða þeirra að meiri hluta.

3. gr.

Hlutafélagi samkvæmt 1. gr. skal heimilt að framkvæma eða láta framkvæma hvers konar athuganir og aðgerðir til rannsóknar og skipulagningar á starfsgrundvelli olíuhreinsunarstöðvar og undirbúnings að því, að hefjast megi handa um byggingu hennar og rekstur. Skal að því stefnt, eftir því sem fært þykir, að unnt verði að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur aðila eða aðilum, sem takast það verkefni á hendur, þannig að félagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgoldinn.

Nú reynist unnt að koma á fót olíuhreinsunarstöð hér á landi, án þess að fyrirtækinu þurfi að veita sérstaka aðstöðu eða forréttindi með lögum eða lagabreytingum eða fara þurfi í bága við það fyrirkomulag, sem nú er á innkaupum og sölu á olíuvörum hér á landi, og er hlutafélagi samkvæmt 1. gr. þá heimilt að gerast aðili að samtökum um að reisa og reka stöðina, með þeim skilmálum, sem ríkisstjórnin leyfir. Að öðrum kosti skal slík aðild óheimil félaginu, nema samþykki Alþingis komi til.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan:

1. Að leggja fram allt að 5 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, sem hlutafé í félagi samkvæmt 1. gr. eða til greiðslu á kostnaði þess, af fé ríkissjóðs eða lánsfé, sem henni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánum, er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar, að fjárhæð samtals allt að 5 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í

erlendri mynt, eða taka lán innan sömu marka og endurlána félaginu í sama tilgangi.

3. Að leyfa félaginu umferð og afnot af löndum og mannvirkjum eftir því sem nauðsynlegt kann að vera í þágu rannsókna samkvæmt 3. gr., enda greiði félagið fullar bætur fyrir það tjón, sem umferðin eða afnotin kunna að valda eigendum eða ábúendum lands eða mannvirkja.

5. gr.

Íslenzka ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkvæmt 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, innlendir eða erlendir, skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélags samkvæmt 1. gr., án tillits til ákvæða 2. málsliðs 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málsliðs þeirrar málsgreinar. Sama máli gegnir um tölu hluthafa þess, að því er varðar 38. gr. hlutafélagalaganna.

Fulltrúar í stjórn hlutafélags, samkvæmt 1. gr., mega vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis, ef því er að skipta, þó ekki sá meiri hluti, sem áskilinn er í 2. gr. hér að framan. Þurfa stjórnendur ekki að eiga hlut í félaginu. Fulltrúar af hálfu ríkisins skulu skipaðir af ráðherra.

Hlutabréf í félagi, samkvæmt 1. gr., skulu skráð á nafn. Ákvæði 2. málsliðs 2. málsgreinar 31. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög, skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.

6. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignarhlutdeild ríkisins í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. og aðild að starfsemi þess.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðastliðnum áratug, eða um það bil, hafa allmikið verið athugaðir og ræddir möguleikar þess að byggja og reka olíuhreinsunarstöð á Íslandi. Hinar varhugaverðu sveiflur í atvinnulífi Íslendinga vegna einhæfni þess hafa orðið mönnum vaxandi áhyggjuefni og knúið á þörfina til þess að leita nýrra leiða, er stuðluðu að fjölþættara atvinnulífi og um leið meira öryggi. Aukinn áhugi fyrir því hin síðari ár að byggja og reka hér olíuver, helzt í tengslum við annan efnaiðnað, er m. a. af þessum toga spunninn.

Á Alþingi hefur þetta mál verið til umræðu og verið látinn í ljósi áhugi fyrir því, að þinginu gæfist sem beztur kostur að fylgjast með framvindu mála á þessu sviði.

Á síðastliðnu ári hefur forganga þessa máls einkum verið í höndum iðnaðarráðuneytisins. Á þess vegum var samin greinargerð um málið, dagsett 11. maí 1969, og var henni útbýtt meðal þingmanna, áður en Alþingi lauk störfum í fyrra. Í þeirri greinargerð er að finna yfirlit um framvindu þessa máls fram á síðastliðið vor. Einstakir áhugamenn höfðu stofnað til viðræðna við erlenda aðila á árinu 1961, og héldu þær viðræður áfram hér á landi árið 1963. Af stjórnvalda hálfu var fylgzt með málinu og á síðara stigi fékk Stóriðjunefnd, sem starfaði á vegum ríkisstjórnarinnar, málið til frekari athugunar. Þrátt fyrir nokkuð langan aðdraganda hefur þetta mál samt ekki komizt á framkvæmdastig. Hér skal látið nægja að vísa til áður nefndrar greinargerðar iðnaðarráðuneytisins um olíuhreinsunarstöð, 11. maí 1969, og fylgir hún þessu þingskjali. (Fskj. nr. 2).

Eins og áður er að vikið, hefur síðan verið unnið áfram að þessu máli af hálfu iðnaðarráðuneytisins. Fyrir utan starfsmenn ráðuneytisins hefur iðnaðarráðherra kvatt sér til ráðuneytis sérfræðinga, einkum á fjárhagslegu og tæknilegu sviði máls-

ins. Hafa þeir dr. Guðmundur Magnússon, prófessor, og dr. Ágúst Valfells, efnaverkfræðingur, annazt margvíslegar sérfræðilegar athuganir ásamt Sigurði R. Helgasyni, M.B.A., sem hefur haft með höndum hina ýtarlegu markaðskönnun, sem nú liggur fyrir. Dr. Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, hefur jafnan verið til ráðuneytis í málinu á vegum ríkisstjórnarinnar.

Í byrjun þessa árs var aðstoðarmönnum iðnaðarráðherra falið að ganga endanlega frá þeim skýrslum, sem nú fylgja þessu máli.

Eftir að ríkisstjórnin hafði kynnt sér úrvinnslu þeirra gagna, sem fyrr og síðar hafa legið fyrir í málinu, taldi hún ráðlegast, að tillögu iðnaðarráðherra, að ekki yrði lengur dregið að leggja málið fyrir Alþingi í því formi, sem gert er með frumvarpi þessu.

Samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að koma á fót eins konar undirbúningsfélagi að því, að hér yrði byggð og rekin olíuhreinsunarstöð. Á vissan hátt er ekki ólíklegt, að farið verði að líkt og þegar kísilgúrverksmiðjan var byggð við Mývatn, en eins konar undirbúningsfélag vann að stofnun Kísiliðjunnar hf., sem nú rekur kísilgúrverksmiðjuna og er eigandi hennar.

Ýmis rök hníga að því, að slík málsmeðferð, sem hér er stungið upp á, sé hagkvæm og mundi greiða fyrir framgangi málsins. Um þetta munu þingmenn betur geta sannfærzt, eftir að þeim hefur gefizt kostur á að kynna sér þau gögn málsins, sem hér með fylgja. Er þá sérstaklega átt við nýjustu greinargerð iðnaðarráðuneytisins, bæði í heild og einstaka þætti hennar „Rannsóknir og áætlanir um olíuhreinsunarstöð á Íslandi“, 25. febrúar 1970. (Fskj. nr. 1).

Sérstaklega skal vitnað til eftirfarandi úr 4. kafla, „Rekstrarfræðileg atriði“:

„Þær niðurstöður, sem hér eru raktar, sýna ekki ótvírætt, hvort olíuhreinsunarstöð á Íslandi er ein út af fyrir sig hagkvæmt fyrirtæki eða ekki. Í fyrsta lagi er þörf nákvæmari útreikninga og í öðru lagi fer það eftir þeim arðsemiskröfum (endurgreiðslutímabili), sem gerðar eru, hvort slíkt fyrirtæki teldist hagkvæmt (sbr. síðar). Varðandi fyrra atriðið er talið, að það mundi kosta allmikið fé að komast verulega lengra en nú er og síðan sennilega um 250 000 dollara eða um 22 millj. króna að hanna stöðina og fá þannig fram nákvæmustu áætlun um hagkvæmni stöðvarinnar. Mikilvægasti þátturinn er efalaust jarðolíuverð, sem nemur um 85% árlegs rekstrarkostnaðar. Varðandi arðsemiskröfur, er það enginn vafi, að olíuhreinsunarstöð á Íslandi, sem fjármögnuð væri að einhverju eða öllu leyti með innlendu fjármagni, væri hagkvæmari kostur en að kaupa olíuafurðir frá Sovétríkjunum, eins og nú er gert, ef jafnframt er gert ráð fyrir, að hluti jarðolíunnar kæmi frá Sovétríkjunum. En með því mætti tryggja áframhaldandi viðskipti við Sovétríkin með svipuðum hætti og verið hefur. Þetta er m. a. vegna þess, að jarðolía er ódýrari í flutningum en unnar olíutegundir, og auk þess yrði verulegur gjaldeyrissparnaður af innlendri stöð. Sömuleiðis væri að því hagur fyrir Íslendinga að fá hlutdeild í þeim virðisauka, sem þannig skapast, enda þótt þeir ættu ekki í stöðinni.

Nú eru ýmsar leiðir til þess að auka arðsemi stöðvarinnar umfram það, sem gert er ráð fyrir í ofangreindum útreikningum. Ástæðan fyrir því, að þessir möguleikar eru taldir sérstaklega, er sú, að þeir hafa ekki verið kannaðir nógu gaumgæfilega, sem er röksemd fyrir því, að einhver ákveðinn samningsaðili taki slíka rannsókn að sér.

Möguleikar til að auka hagkvæmni stöðvarinnar.

1. Talið er mjög arðvænlegt að framleiða olíukox (petroleum coke), sem notað er í skaut kerja við álbræðslu. Talið er, að eftirspurn eftir olíukoxi muni á næstunni aukast hraðar en framboð, og eins og stendur, er olíukox jafnvel flutt inn dýru verði frá Ameríku til Evrópu. Kanna þarf nánar möguleika á að selja olíukox til Alusuisse.
2. Möguleiki ætti að vera fyrir hendi að selja meira af þotueldsneyti til flugfélaganna, svo og að hafa þotueldsneyti til sölu í Keflavík og á Grænlandi.

3. Eins og áður er vikið að, er ekki ósennilegt, að breyta megi notkunarhlutfallinu milli gasolíu og svartolíu.
4. Ekki er loku fyrir það skotið, að markaður sé fyrir millistig gasolíu og svartolíu. Ef svo er, mætti sennilega minnka útflutning á svartolíu (úr stöð, sem ynni úr venjulegri jarðolíu). Sömuleiðis er ekki víst, að þau verðhlutföll, sem nú gilda á markaðnum, séu hugsuð út frá því sjónarmiði að örva notkun svartolíu. Hagkvæmni þessa fer eftir teygni eftirspurnar mismunandi tegunda og tæknilegum möguleikum þess að geta notað mismunandi olíublöndur.
5. Ekki er ólíklegt, að örva megi asfaltnotkun með því lága verði, sem stöðin getur boðið upp á fyrir (þunga) svartolíu.
6. Síðast en ekki sízt skiptir jarðolíuverð miklu máli. Ekki er ólíklegt, að fá megi jarðolíu með viðunandi kjörum frá Sovétríkjunum. Þó sakar ekki að geta þess, að unnt er að fá jarðolíu á afar hagstæðu verði frá vestrænum olíufélögum, sem eiga aðgang að olíulindum ríkja við Miðjarðarhaf. T. d. er hægt að fá ódýra jarðolíu frá Egyptalandi, en hætt er við, að hún sé „eldfim“ — miðað við ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs.“

Enn fremur þykir rétt að vekja sérstaka athygli á niðurstöðum rannsókna og áætlana iðnaðarráðuneytisins, 27. febrúar 1970, en þar segir:

„1. Eins og stendur, er Ísland ekki í „olíuslóð“, og því virðist hagkvæmast að byggja stöð, sem fyrst og fremst er miðuð við innanlandsmarkað. Þá ber að byggja slíka stöð þannig, að unnt verði að stækka hana síðar.
2. Miðað við að reisa stöð, sem framleiddi fyrst og fremst fyrir innlendan markað, virðast þrír möguleikar vænlegastir:
   a. 670 000 tonna stöð, er notaði lagaða jarðolíu.
   b. 550 000 tonna stöð, sem ynni úr venjulegri jarðolíu.
   c. 670 000 tonna stöð, er framleiddi úr venjulegri jarðolíu.
3. Þessar niðurstöður byggja á gildandi verðhlutfalli lagaðrar og venjulegrar jarðolíu. Breytt verðhlutföll, bæði á hráefni og afurðum, geta haft áhrif á, hver þessara þriggja stöðva reynist hagkvæmust.
4. Einnig ber að hafa í huga, að forsendur þær, sem þessi könnun byggir á, eru háðar nokkurri óvissu. Auk þess er munurinn á arðsemi valkostanna það lítill, að ekki er tímabært að taka endanlega ákvörðun um, hver þessara þriggja möguleika er hagkvæmastur.
5. Ýmis atriði, sem varða hagkvæmni stöðvar, hafa ekki verið að fullu athuguð:
   a. Breytt verðhlutföll einstakra afurða mundu breyta hlutföllum í eftirspurn.
   b. Áhrif annarra þátta á eftirspurnina, t. d. mjög ódýrs rafmagns eða heits vatns til húshitunar, þarfnast einnig nánari athugunar.
   c. Langstærsti liður árlegs rekstrarkostnaðar (um 85%) er sú olía, sem unnið er úr. Breyting á jarðolíuverði hefur og áhrif á verð olíuafurða á heimsmarkaði, og verður því að taka tillit til þessa, ef athuguð eru áhrif breytts jarðolíuverðs á arðsemi (endurgreiðslutímabil) mismunandi stöðva. Verð lagaðrar jarðolíu er að sama skapi háð jarðolíuverði.
   d. Framleiðsla olíukox virðist geta aukið hagkvæmni stöðvarinnar. Talið er, að eftirspurn á heimsmarkaði muni á næstunni aukast hraðar en framboð.
   e. Möguleikar gætu verið fyrir hendi að selja þotueldsneyti á flugvöllum á Íslandi og á Grænlandi.
   f. Ekki er ósennilegt, að breyta megi notkunarhlutfalli milli gasolíu og svartolíu að einhverju leyti með því að gera vélar togara og stærri báta þannig úr garði, að þær geti brennt svartolíu. Einnig kemur framleiðsla á skipadíselolíu til greina, einkum fyrir kaupskipaflotann.
6. Við ákvörðun um byggingu olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi, ber ekki eingöngu að líta á arðsemi stöðvarinnar sjálfrar, heldur einnig að taka tillit til þjóðhagslegs gildis stöðvarinnar, svo sem gjaldeyrissparnaðar, aukinna atvinnumöguleika,

margfeldisáhrifa á þjóðartekjur og annarra óbeinna áhrifa, t. d. á sviði efnaiðnaðar".

Í niðurstöðunum eru færðar sterkar líkur að því, að fyrir hendi séu vænlegir valkostir við byggingu og rekstur olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi. Hins vegar hafi ekki verið hægt að athuga til fulls ýmis atriði, sem varða hagkvæmni slíkrar stöðvar, og sem séu þess eðlis, að slíkt undirbúningsfélag, eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að stofnað verði, sé líklegasti aðilinn til þess að sinna slíku hlutverki, áður en endanlegar ákvarðanir um byggingu og rekstur olíuhreinsunarstöðvar yrðu teknar.

Sérstaklega er vikið að mikilvægi þess í skýrslu ráðuneytisins, ef hægt væri að breyta hlutfalli eftirspurnar milli gasolíu og svartolíu úr 75/25 í t. d. 55/45 (bls. 51). Iðnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti hafa látið athuga þetta mál nokkuð, sbr. fskj. nr. 3. Í einum togara hér, m.s. Narfa, hefur svartolía í stað gasolíu verið reynd með góðum árangri og iðnaðarráðuneytið, ásamt Fiskimálasjóði, styrkja nú frekari rannsókn þessa mikilvæga máls.

Í áætlunum iðnaðarráðuneytisins er talið, að framangreind hlutfallsbreyting á notkun gasolíu og svartolíu í fiskiskipaflota okkar gæti hækkað árlegar tekjur 670 000 tonna olíuhreinsunarstöðvar um 352 000 dollara, eða um 30 millj. kr. Embættismenn ríkisstjórnarinnar telja í sínum athugasemdum (fskj. nr. 3), að áætlaður brúttó-sparnaður fiskiskipaflotans í heild gæti numið um 65 millj. kr. árlega og árlegur gjaldeyrissparnaður gæti numið um 32 millj. kr.

Á miklu veltur að vanda sem best undirbúning slíks máls, er hér um ræðir, en láta þó ekki við það sitja, að raunhæfar framkvæmdir dragist úr hömlu ár frá ári.

Þjóðhagslegt gildi olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi verður tæpast lengur véfengt og vísast sérstaklega í því sambandi í 5. kaflann í skýrslu iðnaðarráðuneytisins (fskj. nr. 1).

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er fyrst og fremst um lagalega skilgreiningu að ræða á því, hvers konar fyrirtæki olíuhreinsunarstöð er, um leið og ákveðið er, að ríkisstjórnin skuli beita sér fyrir stofnun hlutafélags, sem hafi það markmið að halda áfram lokakönnun þess, að olíuhreinsunarstöð verði byggð á Íslandi.

Um 2. gr.

Ríkisstjórnin mundi hafa forustu um myndun undirbúningsfélags, en til samvinnu um slíkt er henni heimilt að kveðja jafnt innlenda sem erlenda aðila.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki sérstakra skýringa, en að því er stefnt, að undirbúningsfélagið geti framselt árangurinn af starfsemi sinni í hendur þeim, sem síðar kynnu að byggja og reka olíuhreinsunarstöð hér, þannig að undirbúningsfélagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgoldinn.

Um 4. gr.

Ekki er talin þörf á víðtækari heimildum til fjárskuldbindinga fyrir ríkissjóð vegna undirbúningsfélagsins en greinin gerir ráð fyrir.

Um 5., 6. og 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

RANNSÓKNIR OG ÁÆTLANIR UM OLÍUHREINSUNARSTÖÐ Á ÍSLANDI

1. KAFLI
INNGANGUR

Alþingi fékk hinn 4. maí 1969 greinargerð um hugsanlega olíuhreinsunarstöð á Íslandi. Hið helzta, sem gerzt hafði fram til þess tíma, var rakið í inngangi skýrslunnar:

1. Árið 1963 fóru fram viðræður milli íslenzkra embættismanna og erlendra aðila, sem einstakir áhugamenn höfðu leitað samráðs við frá árinu 1961.
2. Málið var lagt til hliðar í nokkur ár, einkum vegna þess að ráðizt var í að reisa álbræðsluna í Straumsvík og Búrfellsvirkjun og sennilega einnig vegna þess, að innlent vinnuafl til frekari stórframkvæmda var ekki fyrir hendi og hagkvæmni olíuhreinsunarstöðvar hafði ekki verið sönnuð með ítarlegum undirbúningsrannsóknum.
3. Árið 1966 bauðst amerískt verkfræðifyrirtæki, Lummus, til að gera áætlun um byggingu olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi. Hafði Vilhjálmur Þór, sem þá var hjá Alþjóðabankanum, milligöngu um þetta mál, og sendi Lummus frá sér áætlun, sem Vilhjálmur Þór endurskoðaði síðar að nokkru leyti.
4. Árið 1968 gengust olíufélögin þrjú hér á landi fyrir því, að erlendir fulltrúar þeirra endurskoðuðu áætlun Lummus.
5. Undir lok ársins hófust viðræður við bandaríska aðila, Barron Ulmer Kidd, búsettan í Dallas í Texas. Kom hann til Íslands í febrúar 1969 og átti viðræður við iðnaðarráðherra og samstarfsmenn hans. Kidd hafði látið ameríska verkfræðifirmað Purvin & Gertz gera áætlun um hagkvæmni olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi. Var fulltrúi frá Lundúnaskrifstofu fyrirtækisins með Kidd í förinni.
6. Nokkru síðar komu fulltrúar frá American International Oil Company (AMACO), í Chicago, til Íslands til að ræða byggingu olíuhreinsunarstöðvar.
7. Brezkt ráðgjafafyrirtæki, Cooper Brothers, veitti nokkra aðstoð við að vega og meta þau tilboð, sem fram komu frá hinum ýmsu aðilum.

Hér á eftir fer yfirlit um gang olíumálsins, frá því er Alþingi var síðast upplýst um málið 4. maí 1969.

Á þeim tíma, sem liðinn er, hafa ýmsir áhugaaðilar leitað til iðnaðarráðuneytisins varðandi byggingu og rekstur olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi. Ráðuneytið hefur tekið vel málaleitan slíkra aðila og veitt upplýsingar og fyrirgreiðslu eftir föngum. Ráðuneytið hefur hins vegar ekki tekið afstöðu til tilboða einstakra aðila.

Hér hefur verið um ýmiss konar áhugaaðila að ræða: fjárfestingarfyrirtæki, verktaka, ráðgjafa, olíusala og lánsfjárstofnanir. Getið verður hér nokkurra atriða í framhaldi af því, sem áður greinir, um framvindu málsins.

8. Fulltrúi hollenzks olíufélags kom til Íslands 24. júní 1969. Lýsti þá forsvarsmaður fyrirtækisins því yfir, að það óskaði eftir að setja hér upp 2 millj. tonna olíuhreinsunarstöð með helmingsaðild íslenzku ríkisstjórnarinnar. Skyldi það ábyrgjast sölu afurða umfram innanlandsþörf á Íslandi. Fyrirtækið hvarf frá ráðagerðum sínum í lok júlímánaðar, og hefur ekkert frekar heyrzt frá því síðan.
9. Mr. Barron U. Kidd, sá áhugaaðili, sem lengst hefur staðið í sambandi við íslenzku ríkisstjórnina, kom aftur til viðræðu 1. júlí, í framhaldi af fyrri fundi (í febrúar). Var sá fundur haldinn til frekari athugunar á hagkvæmni þess að reisa og reka olíuhreinsunarstöð á Íslandi. Það varð að samkomulagi, að iðnaðarráðherra og Mr. Kidd skyldu vinna að hagkvæmnisathugun á byggingu olíu-

hreinsunarstöðvar á Íslandi, án þess að um frekari skuldbindingar væri að ræða.

10. Fulltrúar bandarískra olíufélagsins AMACO (American International Oil Company) komu hingað til viðræðna í annað sinn 26. maí 1969. Fyrirtækið sendi síðan 18. ágúst kostnaðaráætlanir, sem byggðust á vinnslu á lagaðri jarðolíu (spiked crude).
11. Dagana 23.—25. september s. l. átti iðnaðarráðherra viðræður ásamt aðstoðarmönnum sínum við Mr. B. U. Kidd í London. Voru þar ræddar ýmsar þær athuganir, er báðir aðilar höfðu staðið fyrir þá um sumarið. Í lok fundar var ákveðið að hittast í byrjun árs 1970 til frekari viðræðna.
12. Ráðherra átti viðræður við fulltrúa Shell í London í september, ásamt forstjóra Skeljungs hf. Áður hafði ráðherra átt viðræður við erlendan fulltrúa BP í sama mánuði í Reykjavík, ásamt forstjóra Olíuverzlunar Íslands hf. Þegar heim kom frá London, átti ráðherra viðræður við forstjóra Olíufélagsins hf.
13. Efnt var til fundar í New York 6. október með fulltrúum A. Johnson & Co. um byggingu og rekstur olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi. Í framhaldi af þeim fundi hefur iðnaðarráðuneytið látið A. Johnson & Co. í té upplýsingar varðandi íslenzk olíumál. Málið er nú í athugun hjá A. Johnson & Co.
14. Hinn 15. október s. l. barst iðnaðarráðuneytinu bréf frá bandarísku fyrirtækinu Southmark Resources Corporation, þar sem látinn var í ljós áhugi á byggingu og rekstri olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi og leitað upplýsinga um olíumál hér á landi. Bauðst Southmark til þess að leggja fram tilboð um byggingu og rekstur stöðvarinnar.
15. Iðnaðarráðherra fór í stutta ferð til Finnlands 27. nóvember 1969, ásamt aðstoðarmönnum sínum. För þessi var farin til þess að kanna reynslu Finna af rekstri olíuhreinsunarstöðva. Viðræðufundir áttu sér stað með iðnaðarráðherra Finna, Väino Leskinen, svo og með fulltrúum finnska olíufélagsins Neste Oy.
16. Þann 26. janúar s. l. kom fulltrúi Southmark Resources, Dr. Hallsson, konsúll Íslands í Houston, til fundar við iðnaðarráðherra með tilboð Southmark Resources. Framhaldsumræður voru haldnar í iðnaðarráðuneytinu 3. febrúar og skýrði iðnaðarráðherra þá frá því, að til umræðu væri nú í ríkisstjórninni að mynda undirbúningsfélag, sem gæti annazt að öllu leyti undirbúning stofnunar hlutafélags um byggingu og rekstur olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi. Lagði ráðherra til, að fulltrúar Southmark Resources kæmu til Íslands, þegar og ef undirbúningsfélagið hefði verið stofnsett. Gæti þá Southmark hafið beinar samningaviðræður við það. Jafnframt mundi tilboðið verða athugað nánar í ráðuneytinu og haft samband við Southmark varðandi ýmis atriði tilboðsins.

Síðan vorið 1969 hefur verið unnið sleitulaust að markaðsrannsókn og athugun á hagkvæmni olíuhreinsunarstöðvar í iðnaðarráðuneytinu.

Í viðræðum um hugsanlega olíuhreinsunarstöð á Íslandi hefur yfirleitt verið lögð áherzla á eftirfarandi atriði:

a. Að meirihluti hlutafjár yrði í höndum Íslendinga.
b. Að erlendir samstarfsaðilar mundu, ef með þyrfti, leggja til tækni- og stjórnþekkingu, auk hluta nauðsynlegs fjármagns.
c. Að einstaklingum yrði gefinn kostur á að eignast hlutabréf í stöðinni.
d. Að íslenzku olíufélögin mundu sjá um dreifingu olíunnar hér á landi.
e. Að miðað væri við olíuverð, sem ekki væri hærra en það, sem nú er.
f. Að möguleikar á efnaiðju væru kannaðir.
g. Að sem mest af hönnun og byggingu stöðvarinnar yrði í höndum Íslendinga.
h. Að girt yrði fyrir skaðlega mengun andrúmslofts eða mengun með öðrum hætti við rekstur olíuhreinsunarstöðvar.

2. KAFLI
ÍSLENZKI OLÍUMARKAÐURINN

2.1 Lýsing íslenzka olíumarkaðarins 1968.[1])

Í markaðslýsingu þessari mun stuðzt við eftirfarandi flokkaskiptingu: Bifreiðar, flug, upphitun, rafmagnsframleiðsla, skip, landbúnaður, iðnaður og önnur notkun[2]).

Í nokkrum tilvikum eru takmörk fremur ógreinileg milli einstakra flokka, t. d. milli landbúnaðar og iðnaðar annars vegar og upphitunar og rafmagnsframleiðslu hins vegar. Tilgangur þessarar flokkaskiptingar er að gera markaðslýsinguna sem aðgengilegasta, þó að það kunni að vera á kostnað ítrustu nákvæmni.

2.1.1 Bifreiðar.

Árið 1968 voru á Íslandi:

Fólksbifreiðar	37.009
Almenningsvagnar	559
Vörubifreiðar	6.038
Bifreiðar alls	43.606

Benzínneyzlan 1968 var 52 200 tonn. Nokkuð af þessu magni var notað af dráttarvélum og öðrum vinnuvélum. Þessi hluti neyzlunnar er hins vegar svo smár, að ekki verður tekið tillit til hans. Litið verður því svo á, að allt benzín, sem notað er hér á landi, fari til bifreiða.

Gasolíunotkun bifreiða verður ekki svo auðveldlega greind frá annarri gasolíunotkun, eins og er um benzínnotkun bifreiða. Því verður að grípa til áætlana. Samkvæmt samgönguskýrslu Kampsax (1)[3]) er ekki fjarri lagi að ætla, að meðalársnotkun díselbifreiðar sé 5 tonn gasolíu. Samkvæmt tölum frá Efnahagsstofnuninni munu gasolíuknúnar bifreiðar vera um 4 600 (2) og áætlast því heildarnotkunin 23 000 tonn 1968.

2.1.2 Flug.

Þessum flokk má skipta í fernt:

a) Flugfélag Íslands.
b) Loftleiðir.
c) Erlend flugfélög.
d) Aðrir.

Liðir a) og b) þarfnast engrar skýringar.

Sá þriðji hefur að geyma erlend flugfélög eins og PAA, SAS, KLM og ýmis leigufélög. Annaðhvort eru viðkomur þessara félaga áætlaðar (PAA, SAS og sum leiguflugfélög) eða á strjálingi ýmissa hluta vegna, t. d. sakir mikils álags á flugvöllum beggja vegna hafs, veðurs o. s. frv.

Fjórði og síðasti hópurinn samanstendur af smáfélögunum íslenzku, einkavélum o. fl. Notkun þessa hóps fæst með því að draga samanlagða notkun hinna hópanna frá heildarnotkuninni.

---

1) Stuðzt er að nokkru við athugun Davíðs Gunnarssonar, verkfræðings, á íslenzka olíumarkaðinum.

2) Töflur 12—34 og línurit 1—7 um ýmis atriði varðandi íslenzka olíumarkaðinn er að finna í 2.4 (aftast í þessum kafla).

3) Tölur innan sviga vísa til tilvitnana aftast í þessari greinargerð.

Notkun flugeldsneytis 1968.

	Flugbenzín tonn	Þotueldsneyti tonn
Flugfélag Íslands	1075	550
Loftleiðir	1118	15000
Erlend flugfélög	1500	18000
Aðrir	572	2239
	4365	40746

2.1.3 Upphitun.

Þessi hluti olíuneyzlunnar er einna mest einkennandi fyrir Ísland. Hin harða samkeppni milli hitaveitu og olíukyndingar veldur hér mestu um. Samkeppni þessi er þó staðbundin, þar sem því fer fjarri, að alls staðar finnist nýtilegt heitt vatn í jörðu á Íslandi. Reykjavíkursvæðið er þó að miklu leyti hitað hveravatni. Helmingur þjóðar eða u. þ. b. býr á þessu svæði, þar sem enn eru miklir möguleikar til frekari notkunar jarðvarmans.

Haganlegast er við athugun á þessum flokki, að skipta honum í tvennt: a. **Gasolíunotkun,** b. **Svartolíunotkun.**

a. Gasolíunotkun.

Karl Ó. Jónsson, verkfræðingur, hefur lagt fram í tímariti Verkfræðingafélags Íslands (3) niðurstöður rannsókna sinna á hitunarkostnaði íbúðarhúsa á Íslandi. Samkvæmt rannsóknum þessum voru þeir, er nutu hverahitunar, 77 000 talsins 1967. Mestur hluti þeirra var á höfuðborgarsvæðinu eða 70 000. Þeir, sem notuðu rafmagn til upphitunar, voru 8 500, en 114 000 notuðu olíu. Upphitun bændabýla mun síðar rædd, en að henni undanskilinni eru notendur olíu til upphitunar 84 000 talsins.

Árið 1967 var rúmmál húsnæðis á hvern landsmann 138 m³, og er þá verzlunar-, iðnaðar- og opinbert stjórnsýsluhúsnæði með talið. Hér verður rúmmál á hvern olíuneytanda talið nokkru minna eða 100 m³. Sá munur, sem hér er á (138 m³ og 100 m³), stafar af því, að skrifstofu- og verzlunarhúsnæði er að miklu leyti saman komið á hitaveitusvæðunum. Bæjaryfirvöld Kópavogs og Reykjavíkur (4) telja, að gróft áætlað séu 20 000 manns aðnjótandi svartolíuupphitunar. Þegar hér er komið, munu 64 000 eftir, sem nota gasolíu til upphitunar. Sé gert ráð fyrir, að hver þessara 64 000 noti 100 m³, þá er heildarhúsnæðisnotkun þeirra 6 400 000 m³. Sé enn fremur gert ráð fyrir, að 14 lítrar gasolíu séu notaðir við upphitun 1 m³ húsnæðis á ári, þá verður heildarnotkunin 89 600 000 lítrar, sem samsvarar 76 160 tonnum gasolíu.

b. Svartolíuupphitun.

Þessum lið má skipta í tvo hópa:

b 1. Stórhýsi.
b 2. Hverfamiðstöðvar.

b 1. *Stórhýsi.*

Það munu vera ein 10 stórhýsi í Reykjavík, þar sem notuð er svartolía til upphitunar. Nokkur slík hús munu einnig vera utan Reykjavíkur.

Svartolíukynding er hluti heildarolíuneyzlunnar í ýmsum iðngreinum.

Engar tölur eru fyrir hendi um heildarneyzlu svartolíu í þessum stórhýsum. Notkun nokkurra þessara húsa liggur þó fyrir. Heildaráætlunin mun byggð á þessum einstöku tilvikum.

Samkvæmt tölulegum upplýsingum frá Olíufélaginu hf. var olíunotkun í eftirfarandi 2 húsum:

	1967	1968
Bændahöllin	496 tonn	515 tonn
Háskólabíó	121 tonn	129 tonn

Sé gert ráð fyrir, að meðalneyzlan í þessum hóp sé 250 tonn árlega og að heildarfjöldi svartolíukyntra stórhýsa sé 20, verður áætluð árleg notkun þessa hóps 5 000 tonn. Áætlun þessi er augsýnilega næsta ónákvæm.

b 2. *Hverfamiðstöðvar.*

Það eru 5 stórar hverfamiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu: Árbær, Breiðholt, 2 í Kópavogi og Arnarnes. Toppstöðin við Elliðaár mun einnig notuð til hverfisupphitunar. Stöð þessi verður rædd síðar.

Tvær hverfamiðstöðvar, Breiðholt og Árbær, eru staðsettar í þeim bæjarhlutum, sem eru í uppbyggingu, og notaðar á byggingartímanum. Miðstöðin í Árbæ, sem er óhreyfanleg, mun verða lögð niður í upphafi árs 1970, þar sem hverfið mun þá tengjast hitaveitukerfinu.

Breiðholtsstöðin er hins vegar hreyfanleg, og er ráð fyrir gert að nota hana framvegis í hverfum, sem eru í byggingu. Engar tölur voru fáanlegar um olíunotkun Arnarnesstöðvar. Notkun einstakra stöðva árið 1968 var eftirfarandi:

Breiðholt	1338	tonn	
Árbær	4500	tonn	
Kópavogur	900	tonn	
Arnarnes	300	tonn	(áætlað)
Elliðaár	6204	tonn	
	13242	tonn	

2.1.4 Rafmagnsframleiðsla.

Þessum flokki er eðlilegast að skipta í tvo hópa:

a. Bæjar- og ríkisrafveitur.
b. Einkarafstöðvar.

a. Bæjar- og ríkisrafveitur.

Rafveitur í opinberri eigu framleiddu 718 567 Mkh. 1968, en 85.6% þess, eða 686 850 Mkh., voru framleidd í vatnsaflsstöðvum. Samkvæmt tölum frá Orkustofnuninni nam olíunotkun rafstöðva í opinberri eigu árið 1968 6800 tonnum gasolíu og 8006 tonnum svartolíu. Einungis 1802 tonn svartolíunnar voru þó notuð til þess að framleiða rafmagn. Afgangurinn, 6204 tonn, var notaður til hverfisupphitunar. (Sjá undirkafla um upphitun).

b. Einkastöðvar.

Rafstöðvar í einkaeign voru 1222 árið 1968, með samanlögðu afli, sem nam 21 703 Kw. Fjöldi einkarafstöðva hefur verið mjög stöðugur á síðustu árum. Áætluð framleiðsla þessara rafstöðva er 12 000 Mkh.

Samkvæmt tölulegum upplýsingum frá Orkustofnuninni (5), er eigendum rafstöðva skipt á eftirfarandi hátt:

	Framleiðsla Mkh.	Olíutegund
Landbúnaður	1.830	Gasolía
Annað	6.000	Gasolía
Annað	1.170	Svartolía
	12.000	

1170 x 0,4 = 0.468 tonn svartolíu.
6800 x 0,3 = 2.040 tonn gasolíu.

Notkun einkarafstöðva í landbúnaði mun rædd síðar.

2.1.5 Siglingar.

Eftirfarandi flokkun er hér fram sett eins og hún er á skipaskrá Skipaskoðunar ríkisins, en hún verður lögð til grundvallar þeirri flokkun, sem hér verður beitt:

1. Fiskiskip.
2. Togarar.
3. Hvalveiðiskip.
4. Vöruflutningaskip.
5. Farþegaskip.
6. Varðskip.
7. Björgunarskip.
8. Olíuflutningaskip.
9. Olíuprammar.
10. Dráttarbátar.
11. Gröfur og dæluskip.
12. Toll- og hafnsögubátar.
13. Önnur skip.

Til hagræðingar munu ofangreindir flokkar stokkaðir upp á eftirfarandi hátt:

a. Fiskiskip	(1)
b. Togarar	(2)
c. Hvalveiðiskip	(3)
d. Flutningaskip	(4, 5 og 8)
e. Varðskip	(6)
f. Önnur skip	(7, 9, 10, 11, 12 og 13)

a. Fiskiskip.

Reikningaskrifstofa sjávarútvegsins hefur gert úrtaksrannsókn um olíunotkun íslenzkra fiskiskipa. Áætlun um heildarolíunotkun fiskiskipaflotans er hér byggð á niðurstöðum þessara úrtaksrannsókna. (Tafla 24). Samkvæmt tölum frá Olíufélaginu hf. mun olíunotkun hverrar aflvélar vera um 96% heildarolíunotkunar. Úrtak það, sem rannsóknir Reikningaskrifstofunnar eru byggðar á, mun fremur lítið, en er þó mjög ábyggilegt (6).

Gengið verður út frá, að fiskiskipaflotinn noti eingöngu gasolíu til brennslu. Heildarnotkun áætlast því 88 000 tonn fyrir 1968 (sjá töflu 16).

b. Togarar.

Tölur um heildarolíunotkun togara er hvergi að fá. Áætlun heildarnotkunar mun hér byggð á tölulegum upplýsingum frá Bæjarútgerð Reykjavíkur (7). Notkuninni verður hér skipt í innlenda og erlenda notkun.

Togarar hafa tvenns konar aflvélar, gasolíu- og svartolíuvélar. Hér verður notazt við meðalnotkun togara Bæjarútgerðarinnar í hvorum flokki við áætlanagerðina. Meðaltöl þessi eru unnin úr bókum Bæjarútgerðarinnar. 5 togarar þeirra 28, sem eru í íslenzkri eigu, eru reknir af Bæjarútgerð Reykjavíkur (8). 22 þessara 28 voru gerðir út til fiskveiða árið 1968.

Samkvæmt ofanskráðu er áætluð olíunotkun togara hérlendis eftirfarandi:

10.900 tonn svartolíu.
3.680 tonn gasolíu. (Sjá töflu 34).

c. Hvalveiðiskip.

Eina hvalveiðistöðin, sem rekin er á Íslandi, er í eigu Hvals hf. Fyrirtækið gerir út fjóra báta. Bátar þessir notuðu 5 678 tonn svartolíu árið 1968.

d. Flutningaskip.

Það munu 5 útgerðarfyrirtæki á Íslandi, sem gera út 2 eða fleiri skip til vöruflutninga. Þau eru:

1) Eimskipafélag Íslands.
2) Hafskip.
3) Jöklar.
4) Skipadeild SÍS.
5) Ríkisskip.

Olíunotkun þriggja ofanskráðra félaga er að finna í töflu 26. Engar upplýsingar liggja fyrir um notkun hinna tveggja.

Skip í eigu E. Í., SÍS, Jökla og Hafskips eru að mestu í siglingum milli Íslands og útlanda. Skip þessi taka hartnær alla olíu erlendis, þar sem þar er verð bæði miklu lægra og olíutegundir hentugri en á íslenzkum markaði. Næstum öll þessara skipa eru knúin svokallaðri marin-díselolíu, sem ekki hefur verið flutt til landsins síðastliðið ár.

Olíukaup SÍS-skipa hér á landi 1965—1968 voru eftirfarandi:

1965	1.008	tonn
1966	627	tonn
1967	127	tonn
1968	879	tonn

Til samanburðar fara heildarolíukaup skipadeildarinnar hér á eftir:

1965	6.319	tonn
1966	5.914	tonn
1967	5.500	tonn
1968	5.840	tonn

Innlend olíukaup E. Í., Jökla og Hafskips munu langtum meiri en SÍS. Hér mun áætlað, að innlend kaup þessara fjögurra félaga hafi numið 1300 tonnum gasolíu árið 1968. Hinn hluti heildarnotkunarinnar mun ræddur frekar í spánni.

Ríkisskip fæst eingöngu við strandsiglingar. Gasolíunotkun skipa þess nam 2025 tonnum gasolíu 1968.

Vegna upplýsingaskorts mun hér áætluð olíunotkun annarra flutningaskipa en þeirra, sem rædd eru hér að framan. Áætlun þessi byggist á fjölda hestafla hvers skips.

Reynt hefur verið að fá fram kerfisbundna fylgni milli brúttó-tonnatölu og olíuneyzlu annars vegar og hestaflatölu og olíuneyzlu hins vegar. Augljóst er, samkvæmt eftirfarandi, að fjöldi hestafla gefur góða vísbendingu um olíuneyzlu. E. Í. og skipadeild SÍS mynda hóp I og Ríkisskip hóp II í eftirfarandi athugun. (Tölurnar eru frá 1967).

$$\text{I.}\quad \frac{\text{Summa olíunotkun}}{\text{Summa GRT}^{1)}} = \frac{23.511}{35.309} = 0{,}67$$

$$\frac{\text{Summa olíunotkun}}{\text{Summa HÖ}^{2)}} = \frac{23.511}{47.005} = 0{,}50$$

$$\text{II.}\quad \frac{\text{Summa olíunotkun}}{\text{Summa GRT}} = \frac{2.010}{2.259} = 0{,}89$$

$$\frac{\text{Summa olíunotkun}}{\text{Summa HÖ}} = \frac{2.010}{4.110} = 0{,}49$$

1) GRT = Gross tonnage.
2) HÖ = Hestöfl.

Hópur I samanstendur af hlutfallslega stærri skipum, en hópur II af minni skipum. Hefði verið um fleiri skip að ræða, hefði mögulega verið kleift að fá fram fylgni milli GRT og olíunotkunar. Vegna upplýsingaskorts er nauðsynlegt að nota

$$\frac{\text{olíunotkun}}{\text{HÖ}} = 0{,}5 \text{ fyrir allan flotann.}$$

Skipum í áætlun þessari mun skipt í 3 hópa.

A		B		C	
Einungis strandferðir		Strandferðir og utanf.		Einungis utanferðir	
GRT	HÖ	GRT	HÖ	GRT	HÖ
5.212	6.165	4.355	3.130	10.251	11.595

Erfitt er að slá föstu, hve mikill hluti notkunar hópanna B og C er keyptur hér á landi. Gengið verður hér út frá, að skip í A- og B-hóp kaupi eingöngu olíu á Íslandi og að öll skip í C-hóp kaupi alla olíu erlendis.

Olía keypt erlendis er að mestu marín-dísel. Sú olía, sem keypt er hérlendis, er hins vegar gasolía.

Samanlögð hestaflatala flokkanna A og B er 9 295 hestöfl. Samkvæmt því mætti ætla að olíunotkun A + B sé $(9.295 \times 0.5) = 4\,648$ tonn gasolíu.

Geta má þess, að flest skipa í hópunum A og B eru smá skip, sem eru að miklu leyti í stuttum og tíðum áætlanaferðum. Því benda líkur til, að 4 648 tonn sé of lág tala og mun því gert ráð fyrir, að notkunin hafi verið 6 000 tonn árið 1968. Eins og áður var sagt, er ætlað að C-hópur fái olíu til allra nota erlendis. Mun C-hópur ræddur frekar síðar.

c. Varðskip.

Olíunotkun varðskipa var samkvæmt ársskýrslu Landhelgisgæzlunnar 2 211 tonn gasolíu árið 1968.

f. Önnur skip.

Tölur um heildarnotkun þeirra skipa, sem þennan hóp fylla, eru ekki fyrir hendi. Hér mun reynt að áætla þessa notkun á grundvelli brúttó-lestafjölda skipanna, sem var 2 799 GRT 1968. Í kaflanum um flutningaskip var útkoma útreikninga um hlutfall heildarolíunotkunar og GRT 0,67 annars vegar og 0,89 hins vegar. Sé miðað við meðaltal þessara talna, 0,76, má áætla heildarolíunotkunina 1968 2 120 tonn gasolíu.

2.1.6 Landbúnaður.

Fjöldi býla í ábúð mun nú vera um 5 000 á Íslandi, og munu um 30 000 manns búa á þessum býlum. Vitað er, að 10 005 dráttarvélar voru fluttar til landsins á tímabilinu 1918—1968. Mestur hluti þessara véla voru díselvélar, en afgangurinn (3 624) benzínknúinn. Óvíst er, hve margar innfluttar dráttarvélar eru enn í notkun. Eftirfarandi áætlun er byggð á upplýsingum í töflu 19. Sé gert ráð fyrir, að allar dráttarvélar innfluttar fyrir 1951 séu úr notkun, áætlast fjöldi dráttarvéla, sem nú eru í notkun 8 568. Þess ber að geta, að meðal-endingartími dráttarvéla er 15—20 ár á Íslandi.

Innflutningur benzín-dráttarvéla dróst mjög saman eftir 1955 og lagðist af með öllu eftir 1960. Eðlilegt er því að áætla, að mestur hluti þeirra dráttarvéla, sem úr notkun er, sé benzínknúinn. Svo sem getið var í kaflanum um bifreiðar, þá er benzínnotkun dráttarvéla næsta óveruleg og mun hér látin liggja milli hluta.

Búnaðarfélag Íslands lét fara fram rannsókn á landbúnaðarvélaeign á Íslandi. Úrtak var notað, sem taldi 78 bú. Útkoma þessara rannsókna var, hvað dráttarvélar snertir, sem hér segir:

1) Ein á bú	22
2) Tvær á bú	43
3) Þrjár á bú	13

Sé gert ráð fyrir, að dráttarvélalaus býli vegi upp, hvað fjölda dráttarvéla snertir, þau býli, sem fleiri dráttarvélar hafa en þrjár, þá má nota ofangreinda flokkun til þess að komast fyrir um dráttarvélaeigu heildarinnar, þ. e. þeirra 5 000 býla, sem um er að ræða.

28,2%	Ein dráttarvél	1 x 1.410	= 1.410	dráttarvélar
55,1%	Tvær dráttarvélar	2 x 2.760	= 5.520	dráttarvélar
16,7%	Þrjár dráttarvélar	3 x 830	= 2.490	dráttarvélar
100,0%		1.410 5.000	9.420	dráttarvélar alls

Útkoma þessara útreikninga er, svo sem séð verður, 9 420 dráttarvélar. Þess ber að geta, að í rannsókn Búnaðarfélagsins var ekki farið eftir ströngustu tölfræðilegum reglum, þar sem úrtakið byggðist að mestu á svokölluðum „fyrirmyndarbúum". Því er líklegt, að dráttarvélar séu nokkru færri á Íslandi en rannsókn Búnaðarfélagsins gefur til kynna. Með þetta í huga er áætlað hér, að 8 600 dráttarvélar séu í notkun á Íslandi — hafandi tekið tillit til beggja ofangreindra niðurstaðna.

Söludeild Olíufélagsins setti 1967 saman áætlun um gasolíunotkun í landbúnaði. Gert var ráð fyrir, að notkun á hvert býli væri um 10 000 lítrar og því væri heildarnotkunin (5 000 $\times$ 10 000 $\times$ 0,85) 42 550 tonn.

Reynt verður að áætla gasolíunotkun til sveita á grundvelli þriggja höfuð-neyzluliða: upphitunar, rafmagnsframleiðslu og dráttarvéla. Samtala notkunar í þessum þrem liðum verður síðan borin saman við niðurstöður Olíufélagsins. Óhætt mun að fullyrða, að íslenzk sveitabýli séu að langmestu leyti upphituð með gasolíu. Samkvæmt því sem sagt var hér að ofan í kaflanum um upphitun, er ætlað, að húsnæði á hvern olíuneytanda sé 100 m^3. Sé gert ráð fyrir, að 30 000 manns búi á íslenzkum sveitabýlum, má áætla, að notkun gasolíu til upphitunar nemi 35 700 tonnum (3 000 000 m^3 $\times$ 14,01 $\times$ 0,85) á ári.

Magn gasolíu, sem notað er til raforkuframleiðslu í landbúnaði, var 549 tonn 1968 samkvæmt áætlunum Orkustofnunar.

Rannsóknir Búnaðarfélagsins (9) benda til þess að meðalvinnutímafjöldi hverrar dráttarvélar sé 467 klukkustundir á ári. Meðalhestaflatala dráttarvéla hérlendis mun vera um 50 hestöfl. Sé gert ráð fyrir að díseldráttarvélar séu um 6 400 og að neyzlan sé 0,18 kg á hestaflstímann, verður útkoman 26 899 tonn (467 $\times$ 50 $\times$ 6 400 $\times$ 0,18). Þessi útkoma felur í sér meðalnotkun, er nemur 4 tonnum á dráttarvél árlega. 4 tonn virðist mjög hátt, sérstaklega þegar haft er í huga, að díselknúnar bifreiðar munu nota að meðaltali um 5 tonn á ári.

Samtala þessara þriggja notkunarliða er:

Upphitun	35.700	tonn
Rafmagnsframleiðsla	549	tonn
Dráttarvélar	26.899	tonn
Alls	63.148	tonn

Þessi útkoma er miklum mun hærri en sú, sem söludeild Olíufélagsins hf. fékk og áður var getið.

Hér verður gert ráð fyrir, að heildarnotkun í landbúnaði sé 50 000 tonn af gasolíu, og hefur þá verið tekið tillit til beggja áðurgreindra niðurstöðutalna.

2.1.7 Iðnaður.

Þessi flokkur verður ræddur á grundvelli eftirfarandi skiptingar:

a. Fiskimjölsverksmiðjur.
b. Sementsverksmiðjan, Akranesi.
c. Hvalstöðin, Hvalfirði.
d. Mjólkurbúin.
e. Kísilgúrverksmiðjan, Mývatni.
f. Áburðarverksmiðjan, Gufunesi.
g. Álbræðslan, Straumsvík.

a. Fiskimjölsverksmiðjur.

48 fiskimjölsverksmiðjur voru starfandi á Íslandi 1968. Staðsetning verksmiðja þessara er að sjá í mynd 1. Tölur um heildarolíunotkun fiskimjölsverksmiðja eru ekki fyrir hendi. Rannsóknarstofnanir sjávarútvegsins hafa hins vegar reiknað olíuneyzlustuðla á hvert unnið tonn einstakra mjöltegunda. Áætluð olíuneyzla hvers árs og neyzlustuðlar eru birtir í töflu 20 og línuriti 7.

Heildarnotkunin 1968 var 18 507 tonn svartolíu samkvæmt ofangreindum útreikningum.

b. Sementsverksmiðjan, Akranesi.

Olíunotkun í Sementsverksmiðjunni var 11 908 tonn svartolíu samkvæmt ársskýrslu fyrirtækisins 1968.

c. Hvalstöðin, Hvalfirði.

Notkun olíu í Hvalstöðinni, Hvalfirði, var 1 583 tonn svartolíu (hvalbátar ekki meðtaldir) árið 1968, samkvæmt viðtali við Kristján Loftsson, verksmiðjustjóra.

d. Mjólkurbúin.

Heildarolíunotkun mjólkurbúanna nam 8 238 tonnum svartolíu. (Sjá töflu 21). Þessi tala nær einnig yfir verksmiðjur KEA á Akureyri. Nokkur minni háttar mjólkurbú nota gasolíu, en tölur yfir notkun þeirra eru ófáanlegar.

e. Kísilgúrverksmiðjan, Mývatni.

Olíunotkun verksmiðjunnar var eftirfarandi árin 1966—1968, samkvæmt tölum frá söludeild Olíufélagsins hf.

1966	172	tonn svartolía
1967	290	tonn svartolía
1968	829	tonn svartolía

f. Áburðarverksmiðjan, Gufunesi.

Verksmiðjan notaði 1966—1968 eftirfarandi magn af olíu:

1966	620	tonn svartolía
1967	763	tonn svartolía
1968	489	tonn svartolía

Þessar tölur eru fengnar frá söludeild Olíufélagsins.

g. Álbræðslan, Straumsvík.

Bræðslan var í byggingu 1968 og var ekki tekin í notkun fyrr en á miðju sumri 1969.

2.1.8 Önnur notkun.

Þessi hópur hefur að geyma alla þá notkun, sem ekki er getið annars staðar. Stærsti þáttur flokksins mun ugglaust vera farandvélar alls konar: heflar, ámoksturs-vélar, lyftarar, ýtur, skurðgröfur, loftpressur o. fl. Því miður munu engar heillegar upplýsingar af neinu tagi vera fyrir hendi um farandvélar á Íslandi.

Annar meiri háttar þáttur þessa flokks er erlend skip, sem neyðast til að taka hér olíu, en um þau skip eru heldur engar heildartölur til.

Notkunartölur þessa flokks áætlast á þann veg, að samtala annarra flokka er dregin frá heildarsölu hverrar tegundar.

Annarri notkun verður gerð nánari skil í næsta kafla.

Eftirmáli við 2.1: Varnarliðið.

Notkun Varnarliðsins 1968 var, sem hér segir:

Þotueldsneyti	33.220	tonn
Flugbenzín	6.365	tonn
Benzín	2.450	tonn
Marin dísel	33.500	tonn
Alls	75.555	tonn

Þessi geiri markaðarins er ræddur sérstaklega ýmissa hluta vegna. Í fyrsta lagi er notkun markaðsgeirans algerlega óháð afkomu íslenzka hagkerfisins ólíkt því, sem er um aðra notkun, sem hér er rædd. Í öðru lagi gilda ýmsar aðrar reglur um þennan markaðsgeira en almennt gerist, t. d. varðandi gæðakröfur (only American products rule). Í þriðja lagi er erfitt að spá nokkru um þróun þessa hluta markaðar-ins. Samningar eru gerðir í samræmi við árlegar fjárveitingar og því eingöngu til eins árs í senn. Þess ber að geta, að notkunin hefur verið mjög stöðug. Olíunotkunar-hluti NATO af heildarnotkuninni er sýndur í töflu 14 til frekari glöggvunar.

2.2 Neyzlusamsetningin 1968.

Olíutegundir þær, sem hér eru teknar til umræðu, eru eftirfarandi (sjá töflu 1): Svartolía, gasolía, benzín, flugbenzín og þotueldsneyti.

Gæðaákvarðanir þessara olíutegunda er að finna í töflu 9—13.

Ástæða er til að leggja áherzlu á nauðsyn þess að gera sér fulla grein fyrir gæðakröfum íslenzka markaðarins, áður en lengra er haldið.

Í töflu 1 má sjá skiptingu olíuneyzlunnar á einstaka notkunarflokka. Stærð flokksins „önnur notkun“ er fengin með því að draga samtölu hinna flokkanna frá heildarnotkun hverrar olíutegundar. Mismunurinn, sem þannig kemur fram fyrir árið 1968, var 22 650 tonn gasolíu og 10 424 tonn svartolíu.

Í töflu 2 birtist hlutfallsleg olíunotkun hvers notkunarhóps, svo og hlutfallsleg notkun einstakra olíutegunda. Tafla 22 hefur að geyma frekari fróðleik um notkun einstakra olíutegunda á síðastliðnum áratug. Sambærilegar upplýsingar um þróun í einstökum notkunarflokkum eru ekki fyrir hendi.

Hlutfallsleg notkun einstakra olíutegunda í hverjum notkunarflokki birtist í töflu 3. Ógerlegt er að greina á viðhlítandi hátt frá þróun í þessu tilviki sökum upplýsingaskorts.

Tafla 1. Olíunotkunin 1968 í einstökum tegundum og notendahópum.
Tonn á ári.

	Gasolía	Svartolía	Benzín	Flugbenzín	Þotueldsn.	Alls
Bifreiðar	23.000		52.200			75.200
Flug				4.365	40.746	45.111
Upphitun	76.160	18.242				94.402
Rafmagnsframleiðsla	8.840	2.270				11.110
Siglingar	106.136	16.578				122.714
Landbúnaður	50.000					50.000
Iðnaður		41.554				41.554
Önnur notkun	22.650	10.424				33.074
Alls	286.786	89.068	52.200	4.365	40.746	473.165

Tafla 2. Hlutfallsleg skipting olíunotkunarinnar 1968 samkvæmt notkunarflokkum og olíutegundum.

	Gasolía	Svartolía	Benzín	Flugbenzín	Þotueldsn.	Alls
Bifreiðar						15.9%
Flug						9.5%
Upphitun						20.0%
Rafmagnsframleiðsla						2.3%
Siglingar						25.9%
Landbúnaður						10.6%
Iðnaður						8.8%
Önnur notkun						7.0%
Alls	60.7%	18.8%	11.0%	0.9%	8.6%	100.0%

Tafla 3. Hlutfallsleg skipting notkunar hverrar olíutegundar á notkunarflokka árið 1968.

	Gasolía	Svartolía	Benzín	Flugbenzín	Þotueldsn.
Bifreiðar	8.0%		100%		
Flug				100%	100%
Upphitun	26.6%	20.5%			
Rafmagnsframleiðsla	3.1%	2.5%			
Siglingar	37.0%	18.6%			
Landbúnaður	17.4%				
Iðnaður		46.7%			
Önnur notkun	7.9%	11.7%			
Alls	100.0%	100.0%	100%	100%	100%

2.3 Spá um olíunotkun á Íslandi 1969—1980.

2.3.1 Bifreiðar.

a. *Spá.*

Tafla 4. Eldsneytisnotkun bifreiða í tonnum einstök ár.

	Notkun 1968	Spánotkun 1972	Spánotkun 1976	Spánotkun 1980
Benzín	52.200 tonn	47.740 bifreiðar x 1.37 tonn = 65.404 tonn	62.200 bifreiðar x 1.35 tonn = 83.970 tonn	76.400 bifreiðar x 1.33 tonn = 101.612 tonn
Gasolía	4.600 bifreiðar x 5 tonn = 23.000 tonn (áætlað)	5.300 bifreiðar x 5.2 tonn = 28.000 tonn	5.800 bifreiðar x 5.4 tonn = 31.000 tonn	6.200 bifreiðar x 5.6 tonn = 35.000 tonn

Þróun: Vaxandi notkun gasolíu á tímabilinu 1968—80 er talin verða sakir fjölgunar og hlutfallslegrar aukningar díselbifreiða. Sú fjölgun á sér ýmsar rætur. Í fyrsta lagi mun þróun sú að öllum líkindum viðhaldast, að díselknúnar almennings- og flutningabifreiðar komi í stað benzínknúinna. Í öðru lagi munu betri vegir auðvelda notkun stærri og aflmeiri bifreiða, en díselbifreiðar eru að mestu einráðar í því tilviki. Vaxandi neyzlustuðull á bifreið er talinn verða sakir stærri bifreiða og betri nýtingar vegna sífellt bættra vegasamgangna.

Áætluðum neyzlustuðli benzínknúinna farartækja er spáð lækkun á árunum 1968—80, andstætt því, sem er um gasolíuna. Þessi andhverfa spá er byggð á þeirri ætlan, að fólksbifreiðum á hvern Íslending fjölgi hraðar en nemur aukinni flutningaþörf. Reynsla annarra þjóða bendir mjög til þess, að svo verði.

Ætlað er, að heildarnotkun benzíns tvöfaldist á spátímabilinu. Orsakir þessarar þróunar eru bæði ör fólksfjölgun svo og fjölgun bifreiða á hvern íbúa. Talið er, að Íslendingum muni fjölga um á að gizka 25% á þessu tímabili.

b. *Athugasemdir við spá.*

Aðstaða til breytingar spánotkunar: Bifreiðar nota nú annaðhvort benzín eða gasolíu. Breytingar á hlutfallslegu verðlagi þessara tveggja olíutegunda mundu tæplega hafa teljandi áhrif á notkunarsamsetninguna í þessum flokki, þar sem markaðurinn fyrir gasolíu er mjög bundinn við flutningabifreiðar og almenningsvagna.

Samkeppnisaðstaða flutningabifreiða og almenningsvagna gagnvart öðrum samgöngutækjum er eðlilega að nokkru leyti háð olíuverðlagi. Völuflutningar í lofti hafa aukizt á síðustu árum hér innanlands. Breytingar á hlutfallslegu verðlagi flugeldsneytis og gasolíu mundu ugglaust hafa áhrif á þessa þróun, svo og hlutfallslega notkun þessara tveggja olíutegunda.

2.3.2 Flug.

Tafla 5. Eldsneytisnotkun flugvéla einstök ár.

	Notkun 1968		Spánotkun 1972		Spánotkun 1976		Spánotkun 1980	
	ATK	ATG	ATK	ATG	ATK	ATG	ATK	ATG
Flugfélag Íslands	5.507	1.175	6.200	700	11.100	300	11.800	300
Loftleiðir	15.000	1.118	21.000	0	28.000	0	33.200	0
Erlend flugfélög	18.000	1.500	24.000	1.500	27.000	1.000	29.000	500
Aðrir aðilar	2.239	572	2.500	500	3.000	400	3.200	400
Alls (tonn)	40.746	4.365	52.700	2.700	69.100	1.700	77.200	1.200

a. *Spá.*

Fjallað verður um þennan notkunarflokk í fjórum hlutum, svo sem var í markaðslýsingunni að ofan.

a.1 Flugfélag Íslands.
a.2 Loftleiðir.
a.3 Erlend flugfélög.
a.4 Aðrir aðilar.

a.1 Flugfélag Íslands.

Flugfélag Íslands átti eftirfarandi vélar 1968:

1 Boeing 727.
1 Vickers Viscount.
2 Fokker F. 27.
1 DC 6B.
2 DC 3.

Allar Douglasvélar Flugfélagsins eru hafðar til vara. Þotan (Boeing 727) er nær eingöngu höfð til millilandaflugs. Fokker-vélarnar og Viscount-vélin eru að mestu notaðar til innanlandsflugs.

Engar langtímaáætlanir eru fáanlegar um framtíð Flugfélags Íslands. Reynt verður þó að setja fram slíka áætlun, hvað varðar flugvélakaup, á grundvelli viðræðna við Flugfélagsmenn (10). Ólíklegt er, að Flugfélagið festi kaup á fleiri vélum á næstu árum vegna þeirrar umframafkastagetu, sem fyrir hendi er. Umframafkastagetu þá, er hér um ræðir, má einkum rekja til versnandi afkomu almennings síðustu árin. Á hinn bóginn virðist allt benda til ört vaxandi ferðamannastraums til landsins. Því verður að telja mjög líklegt, að Flugfélagið muni kaupa nýja þotu sambærilega þeirri, sem það nú rekur, í kringum 1975—76. Álitið er af sérfræðingum Kampsax stofnunarinnar, að eftirspurn eftir loftflutningum muni aukast um 10% á ári næstu 10 árin (11). Mikill vöxtur hefur t. d. orðið á vöruflutningum með flugvélum síðustu 2—3 árin. Flugfélagsmenn telja hins vegar, að vöruflutningar í lofti hafi náð hámarki í bili, þar sem auknir flutningar, miðað við núverandi skilyrði, færu að mestu aðra leið. Því verður einungis gert ráð fyrir aukningu, sem nemur einni Fokkervél fjórða hvert ár fram til 1980.

Spánotkun Flugfélagsins getur að líta í töflunni við upphaf þessa kafla, en spáin er byggð á tölulegum upplýsingum, sem sjá má í töflu 32.

a.2 Loftleiðir.

Loftleiðir ráku 5 Cl 44 1968 á leiðum til og frá Íslandi. Félagið hafði og 2 DC 6 vélar til vara. Nýlega áskotnaðist Loftleiðum flugfélagið Air Bahamas, sem hefur eina Boeing 727 í ferðum utan þess markaðar, sem hér er til umræðu.

Loftleiðir láta lítið uppi um sínar framtíðaráætlanir. Erfitt er og mjög að setja saman spá um framtíð Loftleiða. Allt er á hverfanda hveli á sviði flugmála. Tæknibreytingar eru örar og samkeppnin virðist mjög harðnandi. Höfuðmarkaður Loftleiða hefur verið lágtekjufólk beggja vegna hafs, og hafa þeir því lagt áherzlu á verðstefnu sína. Fargjaldasamningar IATA og afstaða bandarísku flugmálastjórnarinnar voru þess lengi valdandi, að Loftleiðir áttu ekki í harðri samkeppni. Á síðustu árum hafa ýmis leiguflugfélög aukið mjög samkeppni á markaðshluta Loftleiða, og nú á þessu ári (1969) hafa jafnvel IATA félögin brotið innbyrðissamninga og lagt út í fargjaldastríð.

Þrátt fyrir vaxandi samkeppni hafa Loftleiðir haldið sínu. Atlantshafsmarkaðurinn hefur vaxið mjög hratt um árabil eða um 15% árlega hin síðari ár. Hlutur Loftleiða hefur jafnvel aukizt enn meira. Augljóst er, að þessi markaður á eftir að vaxa mikið og lengi. Ekki virðist óeðlilegt að ætla, að Loftleiðir haldi hlutfallslegri aukningu a. m. k. næstu árin.

Loftleiðir munu nú hafa hug á að kaupa DC 8-63 flugvél til viðbótar við flugflotann, sem fyrir er. Þetta mun leiða til endanlegrar endurnýjunar flugflota félagsins, og kæmi DC 8 eða sambærileg vél í stað Rolls Royce vélanna. DC 8-63 eyðir 2200 (amerískum) gallonum af þotueldsneyti á hvern flugtíma. Sé gert ráð fyrir 8 stunda flugi á dag 360 daga ársins, yrði árleg notkun 19 200 tonn. Sé enn fremur gert ráð fyrir, að þotan taki 36% eldsneytisþarfa sinna á Íslandi, svo sem var á síðasta ári, mundi eldsneytismagn keypt innanlands vegna þotunnar verða 6 912 tonn. Þar sem eldsneytisþörf skrúfuvéla er allmiklu minni en þotna, má búast við verulegri eldsneytisaukningu vegna fluggerðaskiptanna.

Í ljósi þess, sem að ofan greinir, er gert ráð fyrir, að neyzlan 1972 verði 21 000 tonn þotueldsneytis. Frá 1972—78 verður gert ráð fyrir 8% aukningu eldsneytisnotkunar félagsins og um 4% aukningu til 1980. Spánotkunin birtist í töflu 5 við upphaf þessa kafla.

a.3 Erlend flugfélög.

Notkun þessa hluta markaðarins hefur vaxið stórlega á síðustu árum, t. d. úr 12 000 í 18 000 tonn þotueldsneytis árið 1968. Aukningu þessa má að nokkru rekja til vaxandi fjölda áætlunarferða erlendra flugfélaga til Íslands, t. d. PAA og sér í lagi SAS. Bæði þessi félög hafa opnað söluskrifstofu í Reykjavík. PAA og SAS hafa vikulega viðkomu í Keflavík á vetrum, en SAS flýgur tvisvar í viku til Íslands á sumrum. Athyglisvert er, að óáætlaðar lendingar þessara félaga í Keflavík jukust margfalt, þegar þau opnuðu skrifstofur á Íslandi. Þegar á allt er litið, virðast aukin eldsneytiskaup af hendi PAA og SAS vera til frambúðar. Bæði PAA og SAS virðast hafa fullan hug á að auka þann farþegafjölda, sem þau flytja til Íslands. PAA mun jafnvel áætla að koma upp hóteli á Íslandi — fáist nauðsynleg leyfi.

Vaxandi leiguflug er annar helzti þátturinn í hinni miklu aukningu sölu þotueldsneytis á Keflavíkurflugvelli. Erfitt er að henda reiður á einstökum kaupendum í þessu tilviki, en þó hefur t. d. eitt dótturfyrirtæki KLM tíðar viðkomur á Keflavíkurflugvelli.

Í þriðja lagi má rekja þessa aukningu til þrengsla á loftleiðum yfir Norður-Atlantshafi, svo og yfir flugvöllum beggja vegna hafs. Fjöldi flugvéla neyðist til að taka eldsneyti á Íslandi vegna þessa. Forsvarsmenn flugmála sjá alls ekki fyrir endann á þessum loftþrengslum.

Í ljósi ofanskráðs virðast auknar lendingar erlendra flugvéla á Íslandi vera til frambúðar. Sú aukning, sem hér er áætluð fyrir næstu ár, er ekki jafnmikil og verið hefur. Sjálf spáin birtist í töflu 5 við upphaf þessa kafla.

a.4 Aðrir notendur.

Þessi markaðshluti samanstendur af minni flugfélögum innlendum, flugskólum, einkaflugvélum o. s. frv. Sjálf spáin er í töflu 5 við upphaf kaflans.

b. *Athugasemdir við spá.*

Aðstaða til breytingar spánotkunar: Væri hlutfallslegu verðlagi gasolíu og þotueldsneytis breytt, mætti búast við nokkurri hreyfingu notkunar milli olíutegunda. Hlutfallslega lægra verð á gasolíu en á þotueldsneyti kynni að draga verulega úr loftflutningum almennt og auka fólks- og vöruflutninga með bifreiðum. Það magn, sem hér er um að ræða, er ugglaust heldur smávægilegt — a. m. k. sem stendur.

Hinn erlendi hluti markaðarins er öllu athyglisverðari en sá innlendi. Í því tilviki virðist svo sem auka mætti sölu þotueldsneytis um tugi þúsunda tonna. Loftleiðir kaupa t. d. einungis 36% eldsneytis á Íslandi og Flugfélagið kaupir um 25% til nota á erlendum flugleiðum. Að öllum líkindum er svo um önnur flugfélög, sem hér kaupa eldsneyti, þ. e. þau kaupa eins lítið og mögulegt er. Kauptregðu þá, sem ríkir í þessum markaðshluta, má rekja til einkar hárra skatta, sem íslenzka ríkið leggur á flugvélaeldsneyti. Lendingargjöld munu hins vegar allmiklu lægri hér en annars staðar. Lendingargjöld munu yfirleitt jöfn alls staðar annars staðar, og því er það, að eldsneytisverð er að jafnaði látið ráða, hvar lent er og hvar ekki.

Sé gert ráð fyrir, að þær flugvélar, sem lent hafa á Íslandi í millilandaferðum, íslenzkar eða erlendar, taki 30% af eldsneytisþörf sinni á Íslandi og að auki 50% væru keypt hér, ef verð væri samkeppnisfært, þá mundi salan aukast um 66% eða um 25 000 tonn árið 1968 og 50 000 tonn 1980 umfram spánotkun. Engin tilraun verður gerð hér til að áætla þann fjölda flugvéla, sem mundi lenda á Íslandi umfram það, sem nú er, ef eldsneytisverð væri samkeppnishæft. Samkvæmt viðtölum við flugvallarumsjónarmenn, flugeldsneytissala og starfsmenn flugfélaga mundi viðkomum erlendra flugfélaga fara mjög fjölgandi, væri verðlag eldsneytis samkeppnishæft.

2.3.3 Upphitun.

Tafla 6. Eldsneytisnotkun til upphitunar í tonnum einstök ár.

	Notkun 1968	Spánotkun 1972	Spánotkun 1976	Spánotkun 1980
Gasolía	76.160	79.420	82.100	85.040
Svartolía	18.242	20.606	20.606	20.606

a. *Spá.*

Tveir helztu þættir þróunarinnar á þessu sviði eru íbúafjöldinn og jarðhitamálin.

Tilvitnanir.

1. Republic of Iceland — Transport Survey, Kampsax Consulting Engineers — Copenhagen.
Febr. 1969. CL 9 bls. 18.
2. Ibid. CI 11 bls. 7.
3. Karl Ó. Jónsson: „Húshitun, orkunotkun og kostnaður". Tímarit Verkfræðingafélags Íslands, 53. árg. 1968, hefti 4—6, bls. 86.
4. Gunnar Kristinsson, Hitaveita Reykjavíkur, einkasamtal.
5. Rútur Halldórsson, Orkustofnun, einkasamtal.
6. Óli Valdimarsson: „Skýrsla um rekstur vélbátaútvegsins". Reikningaskrifstofa sjávarútvegsins 1964—1968.
7. Kristín Einarsdóttir, Bæjarútgerð Reykjavíkur, einkasamtal.
8. Skrá yfir íslenzk skip 1969, skipaskoðunarstjóri, Reykjavík.
9. Ketill A. Hannesson, Búnaðarfélag Íslands, búreikningaskrifstofa, einkasamtal.
10. Gunnar Mogensen og Gunnar Finnsson, Flugfélag Íslands, einkasamtöl.
11. Republic of Iceland — Transport Survey, op. cit. CL 15 bls. 54.
12. Karl Ó. Jónsson, op. cit. bls. 89.
13. Rútur Halldórsson, Orkustofnun, einkasamtal.
14. Viggó Maack, Eimskipafélag Íslands, einkasamtal.
15. Republic of Iceland — Transport Survey, op. cit. CL 15 bls. 49.
16. Rútur Halldórsson, Orkustofnun, einkasamtal.
17. Preliminary Study 1 000 000 Metric tons/year Refinery — The Lummus Co., N. Y.
18. Current Economics of Iceland Refinery Project, Purvin & Gerz, London, June 24, 1969.
19. An Icelandic Refinery. Some Notes, AMACO, Chicago, August 18, 1969.

3. KAFLI
TEGUND STÖÐVAR

Fyrsta val við ákvörðun á heppilegustu tegund og stærð stöðvar hérlendis er á milli þess, hvort miða á stöðina fyrst og fremst við erlendan eða innlendan markað.

Sé hún aðallega miðuð við erlendan markað, verður hún að vera nægilega stór til þess að smæðin ein verði henni ekki fjötur um fót í samkeppni við stórar stöðvar erlendis. Þyrfti hún þá að anna hreinsun á minnst 2 millj. tonna af olíu á ári — og helzt meiru. Helmingur eða meir af framleiðslunni yrði fluttur út, en afgangurinn notaður á innanlandsmarkaði, og fengist hann á ódýrari hátt en úr smærri stöð. Hins vegar yrði jafnvel stór stöð ekki samkeppnisfær við stöðvar á erlendum vettvangi vegna flutningsgjalds fram og til baka, nema því aðeins að hún væri í „olíuleið", þ. e. flutningaleið olíu frá Norður-Ameríku (t. d. Alaska) til Evrópu, eða þá Evrópu til Norður-Ameríku (t. d. eru fluttar olíuafurðir frá Hollandi til Kanada, sbr. fyrirtækið Vitol).


Sé einkum miðað við framleiðslu fyrir innanlandsmarkað, er hætt við, að einingarkostnaður yrði hærri úr slíkri stöð en olíuhreinsunarstöð af hagkvæmustu stærð erlendis. Hins vegar ber m. a. að taka tillit til þess, að unnar olíuafurðir eru dýrari í flutningi en óunnar, sem veldur miklu um hagkvæmni olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi.

Ef ráðizt verður í að byggja minni stöð á Íslandi, koma einkum þrír möguleikar til greina:


a) Vinnsla úr nægilegu jarðolíumagni, sem fullnægði innlendri benzín- og svartolíuþörf. Yrði þá að flytja inn talsvert magn af gasolíu og þotueldsneyti til að fullnægja eftirspurn.
b) Vinnsla úr nægilegu magni lagaðrar jarðolíu, þannig að framleiðsluhlutföllin

væru í sem nánustu samræmi við íslenzkan markað. Þó yrði ekki komizt hjá því að flytja inn nokkurt magn af þotueldsneyti og að flytja út LPG, nafta og svartolíu, sbr. töflu 38.

c) Vinnsla úr nægilegu jarðolíumagni til að fullnægja innlendri gasolíueftirspurn, sem er áætluð 340 000 tonn fyrir árið 1976. Yrði þá að flytja út verulegt magn af LPG, nafta og svartolíu. Jafnframt yrði að flytja inn þotueldsneyti.



Mynd 2
Atriði er varða ákvörðun um tegund stöðvar



Mynd 3

Frumáætlanir mismunandi aðila um stofnkostnað stöðvar (670.000 tonn/ári og 2 millj. tonn/ári til samanburðar)

Mynd 2 sýnir yfirlit yfir þessa möguleika. Gerðar hafa verið lauslegar kostnaðaráætlanir fyrir þær tegundir minni stöðva, er koma til greina: Lummus (17), Purvin & Gertz (18) og Amaco (19). Áætlanirnar eru gerðar á mismunandi tímum og fyrir mismunandi stærðir stöðva, en með því að heimfæra þær á árið 1970 (með Chemical Construction Index) og sömu stærð (með 0.6 veldisreglunni)[1]), má fá nánari samanburð á áætluðum stofnkostnaði þeirra, og er hann sýndur á mynd 3.

Sjá má af myndinni, að Lummus hefur áætlað lægst verð, Amaco, Purvin & Gertz og Southmark mjög svipað, en mat það, er var gert hér á vegum íslenzku olíufélaganna af fyrirtækjum þeim, er þau eru tengd, var hæst. Hins vegar var Lummus áætlunin ítarlegust. Mun nánar rætt um áætlanirnar í næsta kafla.

Þar sem Ísland er hvorki í almennri olíuleið, eins og er, né í sambandi við aðila, er selja olíuafurðir, sem fluttar eru eftir þessum leiðum, en hins vegar í sambandi

1) Yfirleitt er gert ráð fyrir í handbókum, að eftirfarandi gildi, sem nálgun (approximation) stofnkostnaðar mismunandi stöðvarstærða: $K_2 = K_1 \cdot (S_2/S_1)\ 0.6$ K_1 = stofnkostnaður stöðvar af stærðinni S_1 K_2 = stofnkostnaður stöðvar af stærðinni S_2.

við aðila, er sýnt hafa áhuga á að reisa smáa stöð, virðist raunhæft að velja þann kostinn fyrst að miða við smáa stöð. Hins vegar gæti þróun mála orðið sú, að Ísland yrði í almennri olíuleið, eða að einhver aðili, er notar þessa leið nú fyrir fullunnar olíuvörur, fengi áhuga á vinnslu hér. Ber því að miða sérhverja smáa stöð, sem byggð yrði, við það, að hægt yrði að stækka hana. Sem dæmi um slíka stækkun má nefna, að Neste Oy í Finnlandi byrjaði með litla stöð í Naantali árið 1957 með 875 000 tonna ársafköstum, sem stækkuð hefur verið upp í 3 milljónir tonna. Síðar var byggð stöð í Porvoo nálægt Helsinki, sem smám saman hefur verið stækkuð upp í 6 milljón tonna afköst á ári, og myndar hún jafnframt undirstöðu olíuefnaiðnaðar.

Viðvíkjandi smærri stöð er líklegt, að smæð stöðvar, er miðaði við að fullnægja innanlandsþörf á öðrum olíuafurðum en gasolíu ásamt innflutningi á gasolíu (tegund a), mundi há henni það mikið, að hún yrði heldur óhagkvæmari en hinar tvær tegundirnar (b og c). Þessi munur er þó það lítill, að breytingar á öðrum þáttum geta haft meiri áhrif. Rétt er því að grundvalla ákvörðunina um, hvort byggja eigi þannig stöð eða ekki, einnig á öðrum atriðum, og ef tekið er tillit til líklegs vaxtar markaðarins á næstu árum, er einnig rökréttara frá því sjónarmiði að hafa stöðina heldur stærri.

Stöð, er notaði „lagaða" jarðolíu (tegund b), yrði nokkuð einfaldari, en smærri en sú, sem notaði venjulega jarðolíu og fullnægði gasolíueftirspurn á innanlandsmarkaði (tegund c). Af þeim sökum yrði sú fyrrnefnda nokkuð ódýrari í stofnkostnaði, en hins vegar nokkuð óhagkvæmari í rekstri. Þessir þættir hafa því nokkra tilhneigingu til að hefja hvor annan upp. Reyndar eru áhrif einfaldari starfsrásar stöðvar, sem notar lagaða jarðolíu, ekki svo mikil, að ekki megi nota stöð fyrir venjulega olíu af sömu stærð sem grundvöll kostnaðarútreikninga.

Hitt hefur svo öllu meiri áhrif á mun reksturskostnaðar fyrir þessar tvær tegundir af stöðvum, hver verðmunur á lagaðri og venjulegri jarðolíu er.

Enda þótt sumar af þeim frumathugunum, sem vísað hefur verið í hér að framan, bendi til þess, að stöð, sem notar lagaða jarðolíu (tegund b), sé hagkvæmari en sú, sem notar venjulega jarðolíu og er með umframframleiðslu á léttum og þungum olíuafurðum (tegund c), þá veldur óvissa í verði á lagaðri og venjulegri jarðolíu því, að taka verður til greina bæði möguleika b) og c) á þessu stigi málsins.

Niðurstaða viðvíkjandi vali á framleiðsluaðferð er því sú, að vart komi til greina, að einhver erlendur aðili hafi áhuga á að taka að sér byggingu stórrar stöðvar (2 millj. tonn á ári eða meir) og sölu á afurðum frá slíkri stöð. Ber að miða að smærri stöð (innan við 1 millj. tonn á ári), sem annaðhvort fullnægir eftirspurn á olíuafurðum innanlands með eimingu á lagaðri jarðolíu eða stöð, sem miðast við gasolíueftirspurn á innanlandsmarkaði ásamt útflutningi á umframframleiðslu.

Hvor stöðin verður hagkvæmari, veltur á hlutfallslegu verði lagaðrar og venjulegrar jarðolíu, svo og verði á framleiðsluvörum stöðvanna á innan- og utanlandsmarkaði.

Hvor tegundin, sem endanlega verður fyrir valinu, ber að byggja stöðina þannig, að stækkunarmöguleikar séu fyrir hendi.

4. KAFLI
REKSTRARHAGFRÆÐILEG ATRIÐI

Í sambandi við vinnsluaðferðir og kostnaðarútreikninga hér að framan, voru gerðar áætlanir um stofnkostnað, árlegar tekjur og rekstrarkostnað stöðva af fjórum stærðargráðum: Stöðvum með 550 000, 670 000, 850 000 og 1 000 000 tonna ársframleiðslu, er framleiddu úr venjulegri jarðolíu. Enn fremur hefur verið athugaður sá möguleiki að framleiða úr lagaðri jarðolíu í 670 000 tonna stöðinni. Við útreikn-

ingana var stuðzt við áætlanir frá erlendum verkfræðifirmum, innlendum aðilum í sambandi við aðstæður hérlendis svo og markaðsrannsókn þá, sem er að finna í þessari skýrslu. Er ekki úr vegi að taka saman helztu niðurstöður þessara útreikninga.

Tafla 35. Kostnaður og endurgreiðslutímabil stöðva af mismunandi stærð, miðað við árið 1967 á verðlagi ársins 1970. (Vinnsla úr venjulegri jarðolíu).

	Framleiðsla í þúsundum tonna á ári			
	550	670	850	1000
1. Stofnkostnaður í millj. $	13.086	14.661	17.178	18.051
2. Tekjur á ári í millj. $	11.054	13.081	15.772	18.036
3. Rekstrarkostnaður á ári í millj. $	9.529	11.561	14.494	16.974
4. Vergur ágóði á ári (2—3) í millj. $	1.525	1.520	1.278	1.062
5. Endurgreiðslutímabil fyrir skatt í árum (1:4)	8.58	9.65	13.44	17.00

Yfirlit yfir kostnað og endurgreiðslutímabil stöðva af mismunandi stærð er að finna í töflu 35.

Helztu atriði í því sambandi eru þessi:

1) Með stofnkostnaði eru taldar allar nauðsynlegar vélar og tæki, vatnskerfi, geymar, rýming og útjöfnun lands, hafnaraðstaða, byggingar, leyfisgjöld, rekstrarfé, vextir og ýmis útgjöld á byggingartíma. Um einstaka liði er það helzt að segja, að erlend verkfræðifirmu reikna yfirleitt með, að stöðin sjái sér sjálf fyrir vatni, rafmagni, tönkum og höfn. Talið hefur verið eðlilegt, miðað við gildandi verð á vatni til iðnaðarþarfa, að stöðin hefði eigið vatnskerfi (lokað), en keypti aftur á móti rafmagn (frá Landsvirkjun), gæti að nokkru leyti notað tanka íslenzku olíufélaganna, (sem væntanlega ættu hlut í stöðinni), og að greidd yrðu hafnargjöld í stað þess að byggja bryggju. Þetta veldur nokkurri lækkun á stofnkostnaði, en hafnargjöld og rafmagnskostnaður koma síðan til hækkunar á breytilegum kostnaði (3. raðliður í töflu 35). Varðandi tækniútbúnað vísast til kaflans um vinnsluaðferðir.
2) Við útreikning á árlegum tekjum er reiknað með sama verði á olíu og benzíni innanlands og gildir samkvæmt samningi við Sovétríkin fyrir árið 1970, (sem er nokkru lægra en 1969). Varðandi útflutning er miðað við verð í Rotterdam, að frádregnum flutningskostnaði.

   Í tveimur minni stöðvunum er reiknað með, að nokkurt magn yrði flutt inn af gasolíu, þar sem stöðin fullnægir ekki innlendri eftirspurn. Aftur á móti yrði flutt út nokkurt magn nafta og svartolíu. Magn þessa útflutnings eykst með stærð stöðvar. Þetta stafar af þeim sérkennum íslenzka markaðarins, sem áður er að vikið. Ef hægt væri að breyta hlutfalli eftirspurnar milli gasolíu og svartolíu úr 75/25 í t. d. 55/45, mundu árlegar tekjur 670 000 tonna stöðvarinnar hækka um 352 000 dollara, sbr. nánar fylgiskjal 3. Þessi tekjuaukning stafar af því, að eftirspurn eftir innflutningnum mundi færast yfir á svartolíuna, sem annars yrði flutt út á verði, sem er 7 dölum lægra en á heimamarkaði. Ekki er reiknað með að framleiða skipadíselolíu í tveimur minni stöðvunum. Um allar stöðvarnar gildir, að hagkvæmt er að hafa útflutning sem minnstan. Það kemur í ljós, að tekjur vaxa ekki í beinu hlutfalli við stærð stöðvar, sem fyrst og fremst má rekja til þess, að sá hagur, sem er af því að framleiða meira af gasolíu og þotueldsneyti til sölu innanlands, tapast að nokkru við útflutning svartolíu og LPG.
3) Varðandi rekstrarkostnað er tekið tillit til jarðolíuverðs, starfsmannahalds, viðhaldsefna, efna og hvata, trygginga, hafnargjalda og rafmagnskostnaðar. Hér

skiptir jarðolíuverðið langmestu máli og er raunar sú stærð, sem nánast ræður úrslitum um, hvort olíuhreinsunarstöðin reynist „arðbært" fyrirtæki eða ekki.

Samkvæmt töflu 35, þar sem gert er ráð fyrir vinnslu úr venjulegri jarðolíu, virðist 550 000 tonna stöð af þessari tegund hagkvæmust, sbr. lægst endurgreiðslutímabil.

Sem dæmi um þær forsendur, sem tafla 35 byggist á, má taka áætlaða sölu, eftirspurn og inn- og útflutning fyrir 670 000 tonna stöðina í töflu 36.

Tafla 36. Áætluð framleiðsla, sala, eftirspurn, inn- og útflutningur árið 1976. Stærð stöðvar 670 000 tonn[1]). (Vinnsla úr venjulegri jarðolíu).

Afurð	Framleiðsla þús. tonn	Innlend eftirspurn þús. tonn	Sala innanlands þús. tonn	Útflutt þús. tonn	Innflutt þús. tonn
LPG	16	1	1	15	0
Nafta	29	0	0	29	0
Benzín	84	84	84	0	0
Þotueldsneyti	22	69	22	0	47
Gasolía	290	340	290	0	50
Skipadísilolía	0	30	0	0	0[2])
Svartolía	175	131	131	44	0
Svartolía til asfaltframleiðslu	10	10	10	0	0

1) Stærð er miðuð við vinnslu úr 670 þúsund tonnum af jarðolíu á ári. Nokkurt magn glatast við vinnslu, og magnið, sem út úr stöðinni kemur, er 626 þúsund tonn skv. töflunni.

2) Öll íslenzk kaupskip birgja sig upp af dísilolíu erlendis, eins og er.

Töflur 37—38 eru hliðstæðar töflum 35—36 fyrir 670 000 tonna stöð, er notar lagaða jarðolíu.

Tafla 37. Kostnaður og endurgreiðslutímabil fyrir 670 000 tonna stöð, er notar lagaða jarðolíu.

	Framleiðsla í þúsundum tonna á ári
	670
1. Stofnkostnaður í millj. $	14.600
2. Tekjur á ári	13.618
3. Rekstrarkostnaður á ári í millj. $	11.795
4. Vergur ágóði á ári (2—3)	1.823
5. Endurgreiðslutímabil fyrir skatt í árum (1:4)	8.0

Tafla 38. Áætluð framleiðsla, sala, eftirspurn, inn- og útflutningur árið 1976 fyrir 670 000 tonna stöð, sem notar lagaða jarðolíu.

Afurð	Framleiðsla þús. tonn	Innlend eftirspurn þús. tonn	Sala innanlands þús. tonn	Útflutt þús. tonn	Innflutt þús. tonn
LPG	14	1	1	13	0
Nafta	12	0	0	12	0
Benzín	84	84	84	0	0
Þotueldsneyti	20	69	20	0	49
Gasolía	340	340	340	0	0
Skipadísilolía	0	30	0	0	0
Svartolía	160	131	131	19	0
Svartolía til asfaltframleiðslu		10	10	0	0

Niðurstöður útreikninga þessara benda til þess, að 670 000 tonna stöð, er notaði lagaða jarðolíu, yrði hagkvæmust, eins og er. Næsthagkvæmust yrði þá 550 000 tonna stöð, er ynni úr venjulegri jarðolíu, og yrði hún heldur hagkvæmari en sams konar 670 000 tonna stöð.

Það skal skýrt tekið fram, að þessar niðurstöður byggja á núverandi verðhlutfalli venjulegrar og lagaðrar jarðolíu ($ 2.00 á olíutunnu, cif., af venjulegri á móti $ 2.35, cif., af lagaðri).

Einnig ber að athuga, að forsendur þær, sem þessi könnun byggir á, eru háðar nokkurri óvissu. Auk þess er munurinn á endurgreiðslutímabilum tveggja minni stöðvanna við vinnslu úr venjulegri jarðolíu og 670 000 tonna stöðvar, er notar lagaða jarðolíu, tiltölulega lítill. Þess vegna er ekki tímabært að taka endanlega ákvörðun um, hver þessara þriggja möguleika sé hagkvæmastur.

Þær niðurstöður, sem hér eru raktar, sýna ekki ótvírætt, hvort olíuhreinsunarstöð á Íslandi er ein út af fyrir sig hagkvæmt fyrirtæki eða ekki. Í fyrsta lagi er þörf nákvæmari útreikninga og í öðru lagi fer það eftir þeim arðsemiskröfum (endurgreiðslutímabili), sem gerðar eru, hvort slíkt fyrirtæki telst hagkvæmt (sbr. síðar). Varðandi fyrra atriðið er talið, að það mundi kosta allmikið fé að komast verulega lengra en nú er og síðan sennilega um 250 000 dollara eða um 22 millj. króna að hanna stöðina og fá þannig fram nákvæmustu áætlun um hagkvæmni stöðvarinnar. Mikilvægasti þátturinn er eflaust jarðolíuverð, sem nemur um 85% árlegs rekstrarkostnaðar. Varðandi arðsemiskröfur, er enginn vafi, að olíuhreinsunarstöð á Íslandi, sem fjármögnuð væri að einhverju eða öllu leyti með innlendu fjármagni, er hagkvæmari kostur en að kaupa olíuafurðir frá Sovétríkjunum, eins og nú er gert, ef jafnframt er gert ráð fyrir, að hluti jarðolíunnar kæmi frá Sovétríkjunum, en með því mætti tryggja áframhaldandi viðskipti við Sovétríkin með svipuðum hætti og verið hefur. Þetta er m. a. vegna þess, að jarðolía er ódýrari í flutningum en unnar olíutegundir, og auk þess yrði verulegur gjaldeyrissparnaður af innlendri stöð. Sömuleiðis væri að því hagur fyrir Íslendinga að fá hlutdeild í þeim virðisauka, sem þannig skapast, enda þótt þeir ættu ekki í stöðinni.

Nú eru ýmsar leiðir til þess að auka arðsemi stöðvarinnar umfram það, sem gert er ráð fyrir í ofangreindum útreikningum. Ástæðan fyrir því, að þessir möguleikar eru taldir sérstaklega, er sú, að þeir hafa ekki verið kannaðir nógu gaumgæfilega, sem er röksemd fyrir því, að einhver ákveðinn samningsaðili taki slíka rannsókn að sér.

Möguleikar til að auka hagkvæmni stöðvarinnar.

1) Talið er mjög arðvænlegt að framleiða olíukox (petroleum coke), sem notað er í skaut kerja við álbræðslu. Talið er, að eftirspurn eftir olíukoxi muni á næstunni aukast hraðar en framboð, og eins og stendur, er olíukox jafnvel flutt inn dýru verði frá Ameríku til Evrópu. Kanna þarf nánar möguleika á að selja olíukox til Alusuisse.
2) Möguleiki ætti að vera fyrir hendi að selja meira af þotueldsneyti til flugfélaganna, svo og að hafa þotueldsneyti til sölu í Keflavík og á Grænlandi.
3) Eins og áður er vikið að, er ekki ósennilegt, að breyta megi notkunarhlutfallinu milli gasolíu og svartolíu.
4) Ekki er loku fyrir það skotið, að markaður sé fyrir millistig gasolíu og svartolíu. Ef svo er mætti sennilega minnka útflutning á svartolíu (úr stöð, sem ynni úr venjulegri jarðolíu). Sömuleiðis er ekki víst, að þau verðhlutföll, sem nú gilda á markaðnum, séu hugsuð út frá því sjónarmiði að örva notkun svartolíu. Hagkvæmni þessa fer eftir teygni eftirspurnar mismunandi tegunda og tæknilegum möguleikum þess að geta notað mismunandi olíublöndur.
5) Ekki er ólíklegt að örva megi asfaltnotkun með því lága verði, sem stöðin getur boðið upp á fyrir (þunga) svartolíu.
6) Síðast en ekki sízt skiptir jarðolíuverð miklu máli. Ekki er ólíklegt, að fá megi jarðolíu með viðunandi kjörum frá Sovétríkjunum. Þó sakar ekki að geta þess, að unnt er að fá jarðolíu á afar hagstæðu verði frá vestrænum olíufélögum, sem eiga aðgang að olíulindum ríkja við Miðjarðarhaf. T. d. er hægt að fá ódýra jarðolíu frá Egyptalandi, en hætt er við, að hún sé „eldfim" — miðað við ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs.

5. KAFLI
ÞJÓÐHAGSLEGT GILDI OLÍUHREINSUNARSTÖÐVAR Á ÍSLANDI

Hvort olíuhreinsunarstöð á Íslandi yrði talin arðbært fyrirtæki eða ekki, fer m. a. eftir því, hvaða arðsemiskröfur eru gerðar til þess fjármagns, sem leggja þarf í fyrirtækið. Frá sjónarhóli þeirra einkaaðila eða fyrirtækja, sem legðu til fjármagnið, væri eðlilegt, að kröfur um arðsemi færu að verulegu leyti eftir væntanlegum arði fjármagnsins á öðrum sviðum. Sá, sem leggur í fjárfestingu á einu sviði og sækist eftir sem mestum ágóða, verður að taka tillit til þess fórnarkostnaðar, er hann verður fyrir við að draga fé úr öðrum notum.

Gera má ráð fyrir, að einstaklingar hér á landi miði arðsemiskröfur sínar fyrst og fremst við aðra innlenda valkosti — við að ávaxta fé skattfrjálst í banka, við að kaupa verðbréf, fjárfesta í fyrirtækjum eða fasteignum eða þá kaupa frímerki. Sömuleiðis má reikna með, að erlendir aðilar miði arðsemi fjármagnsins við útlenda valkosti, þegar þeir íhuga fjárfestingu í olíuhreinsunarstöð hér á landi.

Nú er það þekkt fyrirbrigði, að fyrirtæki þræða gjarnan kunnar slóðir með því að fjárfesta í sams konar fyrirtækjum í ýmsum löndum, frekar en fjárfesta í algerlega nýjum framleiðslugreinum. Stafar þetta sjálfsagt af mismunandi ástæðum, t. d. tækniþekkingu á vissu sviði og þar af leiðandi minni óvissu um árangur, sérstakra aðstæðna í hráefnisöflun eða sölu, o. s. frv. Þess vegna er eðlilegt, að það séu fyrst og fremst erlend olíufélög og olíumenn, sem sýnt hafa byggingu olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi áhuga.

Þegar ríkisstjórn á í hlut, er ekki eins sjálfsagt, að styðjast eigi við arðsemi fjárfestingarinnar í beinhörðum peningum, þegar taka á ákvörðun um, hvort ríkið eigi að leggja fé í slíkt fyrirtæki. Nýtt fyrirtæki af þessari stærðargráðu hefur ýmis óbein áhrif á þjóðarhag. Má þar nefna gjaldeyrissparnað, aukna atvinnu, eflingu efnaiðju, bætta tæknikunnáttu, áhættudreifingu, virkjun erlends fjármagns

o. fl. Auk þess er öll byrjun erfiðust, og gæti þátttaka ríkisins ýtt undir stofnun fleiri fyrirtækja hérlendis. Oft kjósa erlendir aðilar heldur að eiga fyrirtæki með ríki en einstaklingum, einkum vegna aukins öryggis fjárfestingarinnar, sbr. að oft er sótzt eftir ríkistryggingu á lánum.

Af neikvæðum áhrifum er helzt að nefna hugsanlega mengun andrúmsloftsins, en ekki ætti að þurfa að óttast, að hún verði of mikil, að dómi sérfróðra manna.

Framsýnir forráðamenn þjóðfélagsins hljóta að taka tillit til þeirra atriða, sem hér hafa verið talin. Viðmiðunargrundvöllur hins opinbera við fjárfestingu í „stórfyrirtækjum" er því nánast sá að bera saman þjóðfélagslega arðsemi mismunandi fjárfestinga.

„Þjóðfélagsleg arðsemi" er að vísu loðið og afstætt hugtak, en hjá því verður tæplega komizt. Með þessu hugtaki er átt við peningalega arðsemi (vexti) að viðbættum nettó-áhrifum fjárfestingarinnar á þjóðarbúskapinn. Skal nú vikið nánar að þeim hagstæðu áhrifum, sem hugsanleg olíuhreinsunarstöð á Íslandi hefði á þjóðarhag.

1. Gjaldeyrissparnaður.

Innflutningur á gasolíu, svartolíu og benzíni nam um 10.5 millj. dollara (cif.), eða um 924 millj. króna 1967 og sömuleiðis árið 1968. Auk þess var flutt inn þotueldsneyti fyrir rúml. 76 millj. króna 1968.

Eins og fram kemur í kaflanum um íslenzka olíumarkaðinn, kaupir kaupskipaflotinn díselolíu erlendis. Samkvæmt þeim útreikningum, sem hér er stuðzt við, er ekki talið hentugt að framleiða skipadíselolíu í 670 000 tonna stöðinni, en aftur á móti í 750 000 og 1 000 000 tonna stöðvunum.

Eftirfarandi tölur eiga við 670 000 tonna stöðina, og er þá ekki reiknað með framleiðslu á skipadíselolíu, en innflutningi á nokkru magni af díselolíu og útflutningi af nokkru magni af svartolíu, sbr. töflu 36. Verulegur gjaldeyrissparnaður verður af fyrirtækinu sökum þess, hve jarðolía er ódýrari en fullunnar olíutegundir. Gera má ráð fyrir, að gjaldeyrissparnaður yrði um 3.7 millj. dollara eða um 325 millj. króna að meðaltali á ári af rekstri stöðvarinnar fyrstu 10 árin, áður en tillit er tekið til stofnkostnaðar. Ef gerð er greiðsluáætlun stöðvarinnar, kemur í ljós, að hún mundi skila aftur þeim gjaldeyri, sem til hennar færi, á tiltölulega skömmum tíma.

2. Efnaiðnaður.

Stöð af þeirri stærð, sem einkum er reiknað með hér (670 000 tonn á ári), er of lítil til að efla efnaiðju. Í viðræðum þeim, sem átt hafa sér stað við erlenda aðila, hefur alltaf verið lögð á það áherzla af hálfu Íslendinga, að það væri mikill kostur, ef hægt væri að hafa stöðina nægilega stóra til eflingar efnaiðju, einkum í sambandi við hugsanlega sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Til þessa hefur sú raun orðið á, að allir erlendir aðilar, sem komið hafa með alvarleg tilboð og ekki dregið sig í hlé aftur, hafa talið arðvænlegra að reisa tiltölulega litla stöð, sem fyrst og fremst væri miðuð við þarfir íslenzka markaðarins. Er sjálfsagt að halda áfram athugunum á því, hvort ekki mætti semja við erlenda aðila um olíuefnaframleiðslu. Sá kostur, er virðist vænlegri um þessar mundir, er að byrja smátt, en e. t. v. gera ráð fyrir stækkun síðar. Kæmist olíuefnaiðja á laggirnar, mundi skapast nýr gjaldeyrisstofn.

Jafnvel þótt olíuhreinsunarstöðin yrði smá, er ekki þar með sagt, að ekki eigi að leggja áherzlu á að rannsaka, hvernig tengja megi olíuefni innlendum náttúruauðæfum og framleiðslu. Má geta þess, að það kom fram í för iðnaðarráðherra til Finnlands, að Finnar stunda mikla rannsóknarstarfsemi í sambandi við sínar stöðvar, og hefur það borið sýnilegan árangur í sameiningu trjáefna og olíuefna, eins konar „plastvið".

3. Atvinna og margfeldisáhrif á þjóðartekjur.

Sjálf stöðin (670 000 tonn á ári) mun þurfa um 150 manns að staðaldri í starfrækslu. Auk þess yrðu ýmsar framkvæmdir í skamman tíma (2—3 ár) í sambandi við uppsetningu stöðvarinnar og allan undirbúning.

Áætlað er, að innlendur kostnaður yrði nálægt 20% af heildarkostnaði og að vinnuaflsþörfin yrði 300—350 manns við byggingu stöðvarinnar. Fram hefur komið vilji og skilningur erlendra aðila á því, að sem mest af verkfræðistörfum í sambandi við hönnun stöðvarinnar, svo og undirbúningur allur og uppsetning, yrðu innt af hendi af Íslendingum. Sumum kann að finnast, að betra væri, ef framkvæmd sem þessi stuðlaði að meiri atvinnuaukningu í rekstri, en slíkt fer að sjálfsögðu eftir atvinnuástandi í landinu á hverjum tíma. Einnig ber að hafa í huga, að slíkar framkvæmdir hafa í eðli sínu margfeldisáhrif á þjóðfélagið; raunveruleg aukning atvinnu- og þjóðartekna gæti orðið 3—4 sinnum meiri en stöðin ein segir til um.

4. Iðnþróun.

Íslenzk stjórnvöld stefna nú markvisst að því að efla iðnað á Íslandi og jafnframt að meiri fjölbreytni í framleiðslunni, eða réttara sagt meira jafnvægi í höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar, sem leiddi til jafnari þjóðartekna.

Miðað við ríkjandi aðstæður er tiltölulega lítil óvissa bundin rekstri olíuhreinsunarstöðvar, eftir að hún er komin í gang. (Hitt er svo annað mál, að erfitt er að fá upplýsingar um jafnmikilvægan þátt og jarðolíuverð, fyrr en farið er að semja um byggingu stöðvarinnar fyrir alvöru).

Einnig hlýtur það að vekja þeim mun meiri athygli fjárfestingaraðila erlendis á Íslandi, sem vel rekin stórfyrirtæki á Íslandi verða fleiri. Gæti þetta e. t. v. haft einhverja þýðingu í framtíðinni, ef farið yrði að flytja olíu frá Alaska til Evrópu og Ísland yrði allt í einu í „olíuslóð".

5. Lítið álag á íslenzkum peningamarkaði og virkjun erlends fjármagns.

Þegar ráðast á í fjárfestingu á borð við þá, sem stofnsetning olíuhreinsunarstöðvar hefði í för með sér, eða yfir 1 milljarð íslenzkra króna, verður annaðhvort að tryggja fé að verulegu leyti erlendis frá eða draga úr öðrum framkvæmdum innanlands.

Líklegt er, að unnt sé að afla erlends fjármagns fyrir 80% af stofnfjárþörf án ríkisábyrgðar, en það jafngildir erlendum kostnaði. Þetta þýðir, að aukið álag á innlendum peningamarkaði yrði fremur lítið, að ekki yrði gengið á gjaldeyrisvarasjóð þjóðarinnar og að lánstraust íslenzka ríkisins gagnvart erlendum lánsfjárstofnunum yrði óskert, þar sem ekki yrði krafizt ríkisábyrgðar á lánum. Hinn erlendi hluti fjármagnsins mundi koma bæði frá þeim erlenda aðila (eða aðilum), sem ætti hlutafé í stöðinni, og erlendum verktökum og undirverktökum.

6. Skatttekjur af stöðinni.

Að sjálfsögðu má reikna með því, að ríki og viðkomandi bæjar- eða sveitarfélag fengju skatttekjur af stöðinni, bæði beint og óbeint. Hversu miklar þessar skatttekjur yrðu og hversu fljótt þær fengjust, færi einkum eftir vergum hagnaði stöðvarinnar á ári hverju, hraða afskrifta og afborgana af lánum. Jafnvel þótt litlar skatttekjur yrðu af rekstri stöðvarinnar fyrst í stað — ef hún er á mörkum þess að borga sig —, kæmi að því fyrr eða síðar, að búið væri að afskrifa hana og greiða niður lán (5—7 ár). Yrði þá um engar smáskatttekjur að ræða.

7. Aukið öryggi olíuafurða.

Erfitt er að vega og meta, hvort betri trygging skapaðist fyrir öflun olíuafurða við tilkomu stöðvar í landinu sjálfu. Slíkt fer eftir framboði og eftirspurn á annars

vegar unnum og hins vegar óunnum olíutegundum, stórveldapólitík o. fl. Eins og er, virðist auðveldara að fá keypta jarðolíu en ýmsar fullunnar tegundir, sem bendir til þess, að stöð í landinu ætti að tryggja innlendum kaupendum olíuafurðir betur en ella.


8. Möguleiki ódýrari efna til vegagerðar.

Við samningu rekstraráætlunar fyrir hugsanlega olíuhreinsunarstöð á Íslandi, hefur verið stuðzt við verð einstakra olíutegunda skv. samningi við Sovétríkin fyrir árið 1970. Asfalt hefur verið flutt inn hingað til, en asfalt er dýrt í flutningi og því möguleiki á að fá það ódýrar frá innlendri stöð. Hið sama gildir um LPG (liquified petroleum gas), en notkun þess er sáralítil hér á landi.

6. KAFLI

HELZTU NIÐURSTÖÐUR ÞESSARAR SKÝRSLU ERU EFTIRFARANDI:

1. Eins og stendur, er Ísland ekki í „olíuslóð", og því virðist hagkvæmast að byggja stöð, sem fyrst og fremst er miðuð við innanlandsmarkað. Þó ber að byggja slíka stöð þannig, að unnt verði að stækka hana síðar.
2. Miðað við að reisa stöð, sem framleiddi fyrst og fremst fyrir innlendan markað, virðast þrír möguleikar vænlegastir:
   a. 670 000 tonna stöð, er notaði lagaða jarðolíu.
   b. 550 000 tonna stöð, sem ynni úr venjulegri jarðolíu.
   c. 670 000 tonna stöð, er framleiddi úr venjulegri jarðolíu.
3. Þessar niðurstöður byggja á gildandi verðhlutfalli lagaðrar og venjulegrar jarðolíu. Breytt verðhlutföll, bæði á hráefni og afurðum, geta haft áhrif á, hver þessara þriggja stöðva reynist hagkvæmust.
4. Einnig ber að hafa í huga, að forsendur þær, sem þessi könnun byggir á, eru háðar nokkurri óvissu. Auk þess er munurinn á arðsemi valkostanna það lítill, að ekki er tímabært að taka endanlega ákvörðun um, hver þessara þriggja möguleika er hagkvæmastur.
5. Ýmis atriði, sem varða hagkvæmni stöðvar, hafa ekki verið að fullu athuguð:
   a. Breytt verðhlutföll einstakra afurða mundu breyta hlutföllum í eftirspurn.
   b. Áhrif annarra þátta á eftirspurnina, t. d. mjög ódýrs rafmagns eða heits vatns til húshitunar, þarfnast einnig nánari athugunar.
   c. Langstærsti liður árlegs rekstrarkostnaðar (um 85%) er sú olía, sem unnið er úr. Breyting á jarðolíuverði hefur og áhrif á verð olíuafurða á heimsmarkaði, og verður því að taka tillit til þessa, ef athuguð eru áhrif breytts jarðolíuverðs á arðsemi (endurgreiðslutímabil) mismunandi stöðva. Verð lagaðrar jarðolíu er að sama skapi háð jarðolíuverði.
   d. Framleiðsla olíukox virðist geta aukið hagkvæmni stöðvarinnar. Talið er, að eftirspurn á heimsmarkaði muni á næstunni aukast hraðar en framboð.
   e. Möguleikar gætu verið fyrir hendi að selja þotueldsneyti á flugvöllum á Íslandi og Grænlandi.
   f. Ekki er ósennilegt, að breyta megi notkunarhlutfalli milli gasolíu og svartolíu að einhverju leyti með því að gera vélar togara og stærri báta þannig úr garði, að þær geti brennt svartolíu. Einnig kemur framleiðsla skipadíselolíu til greina, einkum fyrir kaupskipaflotann.
6. Við ákvörðun um byggingu olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi, ber ekki eingöngu að líta á arðsemi stöðvarinnar sjálfrar, heldur einnig að taka tillit til þjóðhagslegs gildis stöðvarinnar, svo sem gjaldeyrissparnaðar, aukinna atvinnumöguleika, margfeldisáhrifa á þjóðartekjur og annarra óbeinna áhrifa, t. d. á sviði efnaiðnaðar.



Mynd 4
Einföld olíuhreinsunarstöð (670.000 tonn/ári)

Fylgiskjal II.

GREINARGERÐ UM OLÍUHREINSUNARSTÖÐ

1. INNGANGUR

Þann 5. febrúar 1964 svaraði iðnaðarráðherra fyrirspurn frá þáverandi þingmanni Einari Olgeirssyni um þetta mál, en spurt var þá um, hvaða samningar mundu hafa farið fram í því máli og hvaða kosti það sé talið hafa að byggja slíka stöð hér á landi. Eftir að ráðherra hafði svarað þessari fyrirspurn, kom það mjög berlega fram í umræðum þingmanna að þeir lögðu mikla áherzlu á, að Alþingi væri á hverjum tíma gefinn kostur á því að fylgjast með framvindu slíks máls.

Í upplýsingum ráðherra á háttvirtu Alþingi 1964 kom það fram, að árið áður hefðu hafizt athuganir á möguleikum til þess að koma hér upp olíuhreinsunarstöð og hversu hagkvæmt það kynni að vera og þar á meðal sérstaklega í sambandi við gjaldeyrissparnað. Ríkisstjórnin hafði ekki átt frumkvæði að þessu máli, heldur einstakir áhugamenn, sem leitað höfðu samráðs við erlenda aðila. Á síðara stigi fékk hins vegar Stóriðjunefnd, sem starfaði á vegum ríkisstjórnarinnar, málið til frekari athugunar, og á athugun hennar voru byggðar þær upplýsingar, sem ráðherra þá gat gefið þinginu.

Af ýmsum ástæðum, sem ekki þykir þörf á að rekja nánar, var þetta mál nokkru síðar lagt til hliðar, ef svo mætti segja, og þá kannski fyrst og fremst vegna þess, að annað stórmál var í deiglunni og í samningagerð af hálfu ríkisstjórnarinnar og fulltrúa hennar, — undirbúningur samninga um byggingu álbræðslu á Íslandi.

Þetta mál hefur hins vegar ekki legið algjörlega í þagnargildi síðan.

Á árinu 1966 bauð amerískt verkfræðifirma, Lummus, þjónustu sína sem verkfræðilegur aðili við áætlunargerð um byggingu olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi, en Vilhjálmur Þór, sem þá var fulltrúi Íslands í stjórn Alþjóðabankans, hafði milligöngu um það.

Á s. l. ári höfðu olíufélögin þrjú hér á landi forgöngu um það, að fulltrúar þeirra, erlendir, endurskoðuðu athugun þá, sem framkvæmd hafði verið af hinu ameríska verkfræðifirma, Lummus. Niðurstöður athugana olíufélaganna reyndust því miður neikvæðar. Vilhjálmur Þór átti einnig hlut að bráðabirgðaendurskoðun á áætlun fyrirtækisins Lummus í september s. l. og mun þá ítrekað hafa lagt til við fyrirtækið, að það gerði nýja útreikninga á því, hvaða fyrirkomulag hreinsunarstöðvar yrði Íslandi hagkvæmust í byrjun og hvaða hagnaðar mætti vænta af rekstri hverrar aðferðar, því að væntanlega getur hér orðið um fleiri en einn valkost að ræða.

Undir lok ársins í fyrra hafði sendiherra Íslands í Washington, Pétur Thorsteinsson, tekið upp samband við bandarískan mann búsettan í Dallas í Texas, Barron Ulmer Kidd. Hér er um óháðan aðila að ræða, en þessi einstaklingur sýndi mikinn áhuga á því að geta átt þess kost að athuga möguleika á að stuðla að byggingu olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi. Fyrstu viðræður við þennan aðila fóru fram í Washington af hálfu sendiherrans þar. Síðar talaðist svo til milli sendiherrans og iðnaðarráðherra, að hann óskaði eftir því fyrir hönd ráðherrans, að þessi aðili kæmi hingað til Íslands til viðræðna um málið, og úr þeirri heimsókn varð svo um miðjan febrúarmánuð s. l. Hefur síðan verið haldið tengslum við þennan aðila og ekki ósennilegt, að hann komi bráðlega aftur til Íslands til frekari viðræðna.

Nokkru síðar komu hingað til viðræðna um olíuhreinsunarmálið tveir fulltrúar frá American International Oil Company (AMACO), Chicago, og höfðu þeir aftur viðkomu hér á Íslandi á leið sinni frá Evrópu til Bandaríkjanna nú fyrir skömmu, og fóru þá fram nokkrar frekari viðræður. Þess er einnig að vænta, að frá þessum aðila berist okkur nánari vitneskja um, hvað þeim kynni að vera í huga.

Væntanlegir eru fulltrúar frá hollenzku fyrirtæki, sem haft hafa áhuga á að kynna sér málið.

Fleiri aðilar erlendir hafa látið til sín heyra, sem kynnu að hafa nokkurn áhuga fyrir þessu máli með einum eða öðrum hætti.

Í sambandi við viðræður og athugun þessa máls á liðnum vetri hefur eins og áður, þegar upphaflegar athuganir fóru fram, verið haft samráð við brezkt ráðgjafafirma, Cooper Brothers & Co., okkur til ráðuneytis. Á þessu síðasta tímabili hefur iðnaðarráðuneytið haft forgöngu í málinu, en notið aðstoðar dr. Jóhannesar Nordal, seðlabankastjóra, og annarra sérfræðinga, sem til hafa verið kvaddir.

Í því, sem nú hefur verið rakið, felst aðeins lauslegt yfirlit um gang þessa máls frá því það síðast var rætt hér á Alþingi á árinu 1964. Alger óvissa ríkir enn um það, hver framvinda máls þessa getur orðið. Jafnan hefur verið gert ráð fyrir því, ef til byggingar olíuhreinsunarstöðvar hér á landi kæmi, að hún yrði framkvæmd í samvinnu og sameign með erlendum aðilum. Einnig hefur verið gert ráð fyrir því, að íslenzkir aðilar væru meirihluta aðilar, og gæti þá verið um að ræða þátttöku ríkisins, olíufélaganna, sem hér starfa og annarra einkaaðila, sem kynnu að óska þess að vera hluthafar, þannig, að um opið hlutafélag væri að ræða. Um aðild erlendra aðila vil ég láta þess getið, að við höfum jafnan rætt um að samið væri um, að þeir væru á vissu árabili skuldbundnir til að selja Íslendingum sín hlutabréf eða hluta af hlutafjáreigninni.

Ekki er hægt á þessu stigi málsins að gera neina grein fyrir því, hvaða líkur eru á framvindu málsins. Málið er verulega flókið, því að um mismunandi leiðir getur verið að ræða, sem erfitt er að velja á milli, og á þessu stigi málsins ekki vitað, til hvers konar samstarfs kann að verða stofnað til þess að hrinda málinu í framkvæmd.

Ástæða þykir til þess að gera nú nokkra grein fyrir því, hvers konar fyrirtæki hér gæti verið um að ræða. Nokkuð var að því vikið á sínum tíma á Alþingi, en aðstæður hafa mikið breytzt síðan og ný sjónarmið komið til álita.

2. HAGFRÆÐILEG ATRIÐI

2.1 Þjóðhagslegt gildi olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi.

Ef unnt er að reka olíuhreinsunarstöð á Íslandi á arðbæran hátt, án þess að til hærra olíuverðs komi en nú er, er ástæðulaust fyrir okkur að kaupa unna olíu að öllu leyti erlendis frá. Hagkvæmni stöðvarinnar er þó fyrst og fremst fólgin í þeim mikilvægu áhrifum, er stöðin mundi hafa á þjóðarbúið og vikið verður að hér á eftir.

Gjaldeyrissparnaður. Verulegur gjaldeyrissparnaður verður að þessu fyrirtæki strax og það er komið í gang, en ætla má, að byggingartími sé um 2 ár. Sparnaðurinn verður a. m. k. 300 millj. kr. á fyrsta ári, en vex í hlutfalli við aukna neyzlu innanlands, og gæti orðið um 400 millj. kr. eftir 5 ár.

Efnaiðnaður. Þar sem alls konar efnaiðnaður byggist á efnum unnum úr olíu, yrði ekki aðeins gjaldeyrissparnaður þegar fram í sækir, heldur mundi beinlínis nýr gjaldeyrisstofn myndast, þegar olíuefnaiðnaður kæmist á laggirnar.

Atvinna. Sjálf stöðin mun þurfa um 150 manns að staðaldri í starfrækslu. Auk þess yrðu ýmsar framkvæmdir um skamman tíma í sambandi við uppsetningu stöðvarinnar. Áætlað er, að innlendur kostnaður yrði nálægt 20% af heildarkostnaði við uppsetningu, og að vinnuaflsþörfin yrði um 300 manns. Sumum kann að finnast, að betur væri, ef slík framkvæmd stuðlaði að meiri atvinnuaukningu í rekstri, en það fer að sjálfsögðu eftir því, hvernig atvinnuástandið í landinu er á hverjum tíma. Það ber og að hafa í huga, að slíkar framkvæmdir hafa í eðli sínu margfeldisáhrif á þjóðfélagið, þannig, að raunveruleg aukning á atvinnu og þjóðartekjum gæti orðið 3—4 sinnum meiri en stöðin ein segir til um.

Áhættudreifing. Í sambandi við atvinnuaukningu er rétt að hafa í huga, að olíuhreinsunarstöðin mundi stuðla að því að dreifa og þar með draga úr áhættunni í framleiðslu þjóðarbúsins.

Lítið álag á innlendum peningamarkaði. Enginn byggir upp fyrirtæki með handafli einu saman. Þar þarf einnig fjármagn að koma til. Einn kostur við að velja olíuhreinsunarstöð sem næstu stórframkvæmd á Íslandi er sá, að búast má við, að hún muni auka álagið á innlendum peningamarkaði fremur lítið. Líklegt er, að unnt sé að koma upp samstarfi við erlenda aðila, er sæju fyrir 80% af fjármagninu og þar með öllum erlendum gjaldeyri fyrst í stað. En eins og flestum er kunnugt er stundum erfiðara að afla fjár en manna til fyrirtækja á Íslandi.

2.2 Helztu stefnumarkandi atriði.

Það hefur jafnan verið áformað af hálfu ríkisstjórnarinnar, að íslenzkir aðilar ættu meirihluta fyrirtækisins, þ. e. a. s., að minnsta kosti 51% hlutafjárins yrði í höndum Íslendinga. Jafnframt hefur verið ráðgert að semja strax í upphafi um kaup á hinum erlenda hluta á ákveðnum árafjölda. Hin innlenda hlutafjáreign gæti skipzt milli ríkisins, íslenzku olíufélaganna og almennings, þannig, að um opið hlutafélag væri að ræða.

Ríkisstjórnin ætlar sér ekki að ábyrgjast erlend lán vegna uppsetningar stöðvarinnar. Hins vegar er eðlilegt, að hið væntanlega fyrirtæki fái tryggingu fyrir því, að ekki verði fluttar inn samkeppnisvörur um nokkurt árabil, eða þangað til verksmiðjan hættir að geta fullnægt innlendri eftirspurn á framleiðslusviði sínu. Eru þetta raunar engar nýjar samkeppnishömlur frá því sem nú er, því aðeins einn aðili semur um innflutning á olíu, þ. e. íslenzka ríkið, en afhendir samninginn olíufélögunum til framkvæmda.

Reiknað er með því, eins og áður hefur verið minnzt á, að erlendir aðilar standi undir öllum erlendum kostnaði og rekstrarfé.

Eðlilegt er, að hin íslenzku olíufélög sjái um dreifingu framleiðslunnar á innanlandsmarkaði.

Stærð stöðvarinnar skal miðast við olíunotkun á Íslandi fyrst og fremst, en neyzlumynstrið er hér talsvert frábrugðið því, er almennt gerist í Vestur-Evrópu. Við notum tiltölulega miklu meira af gasolíu en minna af svartolíu. Einnig þarf að ákveða framleiðslugerðir stöðvarinnar með möguleikum á efnaiðnaði í huga.

Gengið er út frá því, að olíuverð verði í meginatriðum hið sama og nú er, enda ber að gæta hagsmuna neytenda. Auðvitað markast núverandi eftirspurn af þeim verðhlutföllum, sem nú gilda á ýmsum olíutegundum, svo og á samkeppnisorkugjöfum, eins og hitaveitu og raforku. Þessi verðhlutföll gætu breytzt í framtíðinni, en það fer meðal annars eftir stærð og afurðategundum olíuhreinsunarstöðvarinnar sjálfrar, hvernig verðhlutföllin koma til með að verða.

Ekki er talið álitlegt að byggja mikið á útflutningi á hinum einföldustu tegundum, eins og svartolíu og nafta, sökum flutningskostnaðar, sölukostnaðar og slæmrar samkeppnisaðstöðu við stórar stöðvar, sem hafa mun lægri einingarkostnað en væntanleg stöð hér mundi hafa.

Ástæða er til að ætla, að hentugt sé að gera heildarsamning við einhvern aðila, þ. e. að semja á „einu bretti“ um hráefniskaup, vinnslu og útflutning, ef til kemur. Áhætta í sambandi við hráefnisöflun og sölu á umframframleiðslu verður þá minni en ella.

Miðað hefur verið við, að kaup hráolíu gætu verið frá Sovétríkjunum, ef það þætti af öðrum viðskiptaástæðum nauðsynlegt, a. m. k. að vissu marki.

2.3 Kostnaðarútreikningar.

Það fer aðallega eftir stærð markaðarins og orkukostnaði, hvort það borgar sig betur almennt séð, að staðsetja olíuhreinsunarstöð nálægt uppsprettunni eða markaðnum. Sé orðinn markaður fyrir 3—4 milljón tonn af olíu á ári, mun vafalítið borga sig að staðsetja hreinsunarstöðina sem næst markaðnum. Sú stærð á stöð, sem mest hefur verið rætt um að reisa hér, er fyrir 750 000—1 000 000 tonn á ári. Enn stærri

stöð gæti að vísu komið til álita í sambandi við annan kemiskan iðnað og samstarf við aðra erlenda aðila um markað. Minnsta og einfaldasta stöð, sem til greina kæmi, miðað við núverandi markaðsþörf, er 500 000 tonna stöð með eimingu einvörðungu, en innanlandsneyzlan var rúmlega 550 000 tonn 1968. Stærsta og dýrasta stöð, er til athugunar kæmi miðað við gildandi eftirspurn, væri stöð fyrir framleiðslu á 1 milljón tonna á ári, sem byggði bæði á eimingu og öðrum aðferðum til að breyta hlutföllum efna, er fást við eiminguna, til samræmis við eftirspurnina eftir hinum ýmsu afurðategundum (gasolíu, svartolíu, benzíni).

Áætlaður kostnaður við uppsetningu olíuhreinsunarstöðvarinnar, að meðtöldum lóðakaupum, kostnaði við ýmsar framkvæmdir á stöðvarsvæðinu m. m., er 1300—1750 milljónir króna (15—20 millj. dollarar), eftir því hvaða stærð og framleiðsluleiðir eru valdar, sbr. töflu 1. Árlegur rekstrarkostnaður er talinn nema 175—265 millj. kr. (2—3 millj. dollurum).

Tafla 1. Stofn- og reksturskostnaður við íslenzka stöð.

Stærð tonn/ári	Stofnkostnaður millj. kr.	Reksturskostnaður millj. kr./ári	Gjaldeyrissparnaður millj. kr./ári
750.000	1.300	175	300
1.000.000	1.750	265	?

Beinn gjaldeyrissparnaður við 750 000 tonna stöðina yrði mismunurinn á að kaupa jarðolíu og unna olíu, eða um 280 millj. kr. á ári. Sé tekið tillit til vaxtagreiðslna, kaupa á erlendu hlutafé og arðgreiðslum, yrði gjaldeyrissparnaðurinn nokkru minni fyrstu 7—10 árin.

Erfitt er að meta gjaldeyrissparnaðinn við stærri stöðina, þar sem mikil óvissa ríkir um tekjur af útflutningi. Einnig mundi stærri gerðin geta veitt væntanlegum efnaiðnaði meiri stuðning, sbr. síðar, en um arðsemi þessa er erfitt að spá sökum þess, hve undirbúningur er skammt á veg kominn.

Hafa ber í huga skattatekjur ríkis og sveitarfélags af rekstri stöðvarinnar.

Það gæti verið fróðlegt að rekja helztu annmarka í sambandi við uppsetningu og rekstur olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi.

1. Hvaða framleiðsluleið, sem valin verður, kemur mjög stór stöð (3 millj. tonn á ári eða meira) ekki til greina sökum smæðar markaðsins, nema í sambandi við aðrar stórframkvæmdir í efnaiðnaði eða samvinnu við erlenda aðila í markaðsmálum.
2. Erfitt er að láta hlutföll í framleiðslu og eftirspurn falla saman.
3. Ódýrari flutningar fást með stórum skipum. Heppilegasta flutningamagn finnst með því að vega magnafslátt og afgreiðslukostnað á móti birgða- og vaxtakostnaði. Hjá okkur kemur til álita umskipun einhvers staðar á flutningaleiðinni úr stóru olíuflutningaskipi (250 000 tonn) yfir í minna (50 000 tonn).
4. Það eru takmörk fyrir því, hversu mikla umframframleiðslu hægt er að byggja fyrir í upphafi, þar sem slíkt veldur auknum uppsetningar- og reksturskostnaði.
5. Olíuhreinsunarstöð, er gerði meira en að anna innanlandsmarkaði, mundi eiga við útflutningsvandamál að stríða.

Segja má í stórum dráttum, að aðalflutningaæðarnar liggi til stórmarkaðanna með stórum olíuflutningaskipum og að þær greinist þaðan til smærri markaða.

Það ber að hafa í huga, að hér á landi er sterkur markaður fyrir olíuafurðir, en í hinum ýmsu þróunarlöndum, sem hafa viljað koma upp olíuhreinsunarstöðvum hjá sér, er vandamálið það, að verðið á afurðunum hefur verið of lágt til að stöðvarnar stæðu undir sér.

Það mætti draga þetta saman og orða á þann veg, að við verðum að taka á okkur eitthvert óhagræði miðað við hagkvæmustu olíuhreinsunarstöð að öllu leyti, en vandinn er að velja þann kost, er hefur minnst óhagræði í för með sér og gefur þó samtímis mestan arð.

3. TÆKNILEG ATRIÐI

3.1 Hráolía.

Hráolía er blanda kolvetnissambanda, sem hafa myndazt við klofnun lífrænna sameinda úr plöntuleifum, sem legið hafa undir þrýstingi jarðlaga í tugmilljónir ára.

Fjöldi kolefnisfrumeindanna í hinum einstöku efnum blöndunnar er breytilegur, allt frá tveimur til þremur kolvetnisfrumeindum í sameindum léttustu efnanna upp í tugi kolefnisfrumeinda í hverri sameind.

Efnin með fæstu kolefnisfrumeindirnar í hverri sameind hafa lægsta suðumarkið og eru eldfimust, og öfugt.

Vegna hinna mismunandi suðumarka hinna ýmsu efna blöndunnar má aðgreina þau með eimingu, og vegna hinnar mismunandi eldfimni þeirra hafa þau mismunandi gildi til ýmissa nota.

Þannig eru þau eldfimustu og léttustu, svo sem nafta, ekki notuð sem orkugjafar fyrir vélar, en einkum notuð í öðrum efnaiðnaði eða til ýmissa sérnota.

Önnur létt kolvetni, sem fást úr hráolíunni (um það bil átta kolefnisfrumeindir í sameind), eru notuð sem eldsneyti á litla mótora, sem oft þarf að ræsa (benzín, steinolía).

Meðalþung efni í blöndunni (sautján eða fleiri kolefnisfrumeindir í sameind) mynda svo gasolíu og dieselolíu, þyngri efni svartolíu, og loks eru þyngstu efnin þykkar smurolíur, og að síðustu föst efni, svo sem asfalt, er eftir verður þegar búið er að eima allt hitt burt.

3.2 Vinnsluaðferðir.

Eins og áður er getið, er eiming einfaldasta og ódýrasta aðferðin við að skilja sundur hin ýmsu efni hráolíublöndunnar. (Í þessu sambandi má geta þess, að hveragufa hefur ekki nægilega hátt hitastig til þess konar eimingar).

Hráolía er eimuð í háum turnum og gufa þeirra efna, er hæsta suðumarkið hafa, þéttist neðst í turninum, og er vökvinn fjarlægður þaðan, en efst í turninum fæst vökvi, er myndast við þéttingu á gufu léttustu efnanna.

Hin ýmsu önnur efni blöndunnar þéttast svo þar á milli og eru fjarlægð jafnóðum.

Eiming skilar að sjálfsögðu hinum ýmsu efnum hráolíublöndunnar í þeim sömu hlutföllum og þau hafa í blöndunni, en þessi hlutföll eru oftast allt önnur en henta markaðnum bezt.


Því fylgir sá galli eimingu sem vinnsluaðferð, að framleiðslan verður ekki í samræmi við markaðinn, ef notuð er eðlileg hráolía.

Því eru einnig notaðar vinnsluaðferðir, sem geta breytt hinum einstöku efnum blöndunnar í önnur, þannig, að hlutföllin hæfi markaðnum betur. Til dæmis má fá léttari efnin til að bindast og mynda þyngri kolvetni („reforming"). Á þennan hátt má búa til benzín úr nafta.

Einnig má sundra sameindum þyngri kolvetnanna og mynda þannig léttari efni („cracking"). Til dæmis má breyta dieselolíu í benzín á þennan hátt. Ástæðan fyrir því, að framhaldsvinnsluaðferðin miðar yfirleitt að því að auka benzínframleiðsluna, er sú, að víðast hvar er tiltölulega mest eftirspurn eftir benzíni.

Við klofnun þyngri efnanna myndast einnig gas („kósangas"), sem má nota ýmist sem hitagjafa eða til áframhaldandi efnaiðnaðar. Einnig má kljúfa nafta í gas.

Tæki til framhaldsvinnslu auka að sjálfsögðu á kostnað olíuhreinsunarstöðvarinnar og borga sig ekki nema að litlu leyti við smáar stöðvar.



Mynd 1. 1 000 000 tonna árleg olíuhreinsun með útflutningi.

Til er önnur aðferð til að hagræða hlutföllum efnanna, sem fást við olíuhreinsunina, eftir markaðsþörfinni. Hún er sú að blanda hráolíuna með þegar hreinsuðum efnum í því magni sem þarf til þess, að efnahlutföllin, sem fást við eimingu á þannig „lagaðri“ hráolíu, henti markaðnum. Að sjálfsögðu er „löguð“ hráolía venjulega nokkuð dýrari en eðlileg hráolía, en þó geta sérstakar aðstæður (flutningsmáti o. fl.) leitt til þess, að munurinn þarf ekki að vera mikill.

3.3 Vinnsla á Íslandi.

Tvö vandamál takmarka mjög val framleiðsluaðferða við olíuhreinsunarstöð, sem einkum væri ætlað að hreinsa fyrir íslenzkan markað, en þau eru: a) smæð stöðvarinnar, og b) hlutföll í markaðnum, einkum hve eftirspurnin eftir gasolíu og dieselolíu er tiltölulega mikil.

Frá tæknilegu sjónarmiði koma þrjár aðferðir til greina:

a) Eiming á nægilegu magni af hráolíu til þess að fullnægja innanlandseftirspurn eftir benzíni og svartolíu, ásamt innflutningi á hreinsaðri gasolíu til að fullnægja viðbótarþörf á henni.
b) Eiming á lagaðri hráolíu, sem gæfi framleiðsluefni í réttum hlutföllum við íslenzkan markað.
c) Eiming og nokkur framhaldsvinnsla á nægilegu magni af hráolíu til þess að fullnægja eftirspurninni eftir gasolíu og útflutningur á umframframleiðslu benzíns (eða nafta) og svartolíu.

Frá fjárhaglegu sjónarmiði borgar aðferð a) sig ekki, þar eð olíuhreinsunarstöðin yrði þá allt of smá.

Tafla 2 sýnir líklega markaðsþörf 1972 og enn fremur, hvað fæst með hinum tveimur aðferðunum. Enn fremur sýna myndir 1 og 2, hvernig fyrirkomulag flutninga og vinnslu gæti orðið.

Hagkvæmni beggja aðferðanna er háð því, að núverandi innanlandsverð verði greitt áfram fyrir þá vöru, sem seld er á innlendum markaði. Hagkvæmni seinni aðferðarinnar, c), er enn fremur háð því, að nægilegt verð fáist fyrir útflutta umframframleiðslu. Þessi aðferð er því áhættusamari.

Tafla 2. Áætluð markaðsþörf 1972 og framleiðsla með mismunandi aðferðum.


Efni	Þörf tonn/ári	Framleiðsluaðferð b	c
Benzín	64.000	64.000	64.000
Þotueldsneyti	31.000	31.000	31.000
Gasolía	378.000	378.000	362.000
Svartolía	160.000	160.000	210.000
Nafta	0	0	(144.000)[2]
Kósangas	[1]	0	27.000

1) Upplýsingar vantar.
2) Eða sem benzín.

4.4 Tengsl við annan efnaiðnað.

Ef annar efnaiðnaður, svo sem sjóefnavinnsla, kemst á laggirnar hér á landi, mun það auka hagkvæmni olíuvinnslunnar, og öfugt. Þannig myndu þau 144 000 tonn af nafta, sem flytja verður út, ef aðferð c) er notuð, geta bundið um 30 000 tonn af klóri, sem mundi verða framleitt sem hálfgert aukaefni í sjóefnavinnslu.

Þessi tengsl við sjóefnavinnsluna væru þó ekki bundin við framleiðsluaðferð



Mynd 2. 750 000 tonna árleg olíuhreinsun með lagaðri hráolíu.

c), heldur mætti byggja umframgetu í tækin, sem framleiðsluaðferð b) nýtir, og bæta við naftaframleiðslu á seinna stigi, ef sjóefnavinnslan kæmi seinna.

Klórið og naftað yrðu notuð til framleiðslu á polyvinylklóríð plasti. Þó ber að gæta þess, að tækin til að umbreyta nafta í ethylen, sem notað er til að binda klórið, eru tiltölulega dýr fyrir þetta litla verksmiðju.

Þá væru einnig möguleikar á að umbreyta hluta af hráolíunni í olíukox („petroleum coke"). Þetta efni er notað í sambandi við álframleiðslu.

Fylgiskjal III.

Iðnaðarráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið fólu þremur embættismönnum að athuga hugmyndir, sem fram hafa komið um að nota svartolíu í stað gasolíu í fiskiskipum. Þessir embættismenn skiluðu eftirfarandi áliti, sem byggt er á hugmyndum og rannsóknum Ólafs Eirikssonar tæknifræðings.

Hagkvæmnisathugun á breytingu á vélum fiskiskipa til þess að nota svartolíu í stað gasolíu.

1. Athugasemdir.

Kunnugt er, að tilraunir sama eðlis og þær, sem Ólafur Eiríksson hyggst gera, hafa fyrr verið framkvæmdar erlendis, með jákvæðum árangri tæknilega séð. Ástæða er hins vegar til að ætla, að hagkvæmni svartolíubrennslu í bátavélum yrði miklu meiri á Íslandi, að öllu óbreyttu, þar sem þær olíutegundir, sem hentugastar eru bátaflotanum, eru ófáanlegar hér á landi. Verða því bátar að notast við miklu dýrari olíur.

Eftirfarandi yfirlit er um mögulegan brúttósparnað fiskiskipa, svo og sparnað gjaldeyris, er kynni að hljótast af notkun svartolíu í stað gasolíu á íslenzkum fiskiskipum.

2. Olíukostnaður fiskiskipa 1969.

(Gasolía/svartolía).

2.1 Meðalverð hérlendis[1]).

1. Svartolía kr./tonn	2.120.00
2. Gasolía kr./tonn	3.545.00
3. 1. í hlutfalli af 2.	60%

2.2 Olíukostnaður stærri báta og togara, sem brenna gasolíu (skv. upplýsingum úr rekstrarreikningum).

166 bátar, 111—500 brl.	Þús. kr.
1. Brennslu- og smurolía	159.755
2. ÷ Smurolíukostnaður, um 8%	12.780
3. ÷ Gasolía v. ljósavéla um 10%	15.976
4. Gasolía á aðalvél	130.999
5. Áætlaður brúttósparnaður í olíunotkun, ef svartolía kemur í stað sama magns af gasolíu, 40% af 4.	52.400

10 dísiltogarar, 609—987 brl.	Þús. kr.
1. Brennsluolía	37.266
2. ÷ Gasolía, vegna ljósavéla um 12%	4.472
3. Gasolía á aðalvél	32.794
4. Áætlaður brúttósparnaður í olíunotkun, ef svartolía kemur í stað sama magns af gasolíu, 40% af 3.	13.118

1) Geta ber þess, að hlutfallslegt verðlag á olíum er sambærilegt hér og erlendis.

2.3 Hlutfall alls olíukostnaðar af heildargjöldm.
1. Bátar, 111—500 brl. um 8%.
2. Diseltogarar, 609—987 brl. um 10%.

2.4 Kostnaður við tækjabúnað til þess að geta brennt svartolíu í stað gasolíu er, samkv. upplýsingum frá vélaeftirlitsmanni BÚR og með hliðsjón af greinargerð Ólafs Eirikssonar, um 350—500 þús. kr. pr. skip. Breytingin á togurunum er jafnvel ódýrari, þar sem flestir diseltogararnir hafa nú þegar hluta af þeim tækjum, sem með þarf, þ. e. skilvindur.

2.5 Ekki er vitað með vissu, hvort slit á aðalvél eykst, ef svartolía er notuð, og óljóst er, hver upphitunarkostnaður yrði á svartolíunni annar en beinn stofnkostnaður. Enn fremur eru ýmis önnur atriði óljós, sem þarfnast frekari athugunar.

2.6 Samkvæmt útreikningum í B-lið gæti gasolíunotkun, er nemur 163 793 þús. kr., eða um 46 000 tonnum, færzt yfir á svartolíu. Gjaldeyrissparnaður sá, er af þessari tilfærslu hlytist, mundi við núverandi verðlag, nema 32.0 millj. króna á ári.

2.7 Hvað afkomu olíuhreinsunarstöðvar snertir, þá má slá því föstu, að sú breyting, sem hér um ræðir, á notkunarsamsetningu íslenzks olíumarkaðar yrði mjög til hagsbóta. Stöðin verður, að öllu óbreyttu, að flytja út a. m. k. 50 000 tonn svartolíu á ári næstu 6—7 ár. Hagnaður af því, að geta losnað við 46 000 tonn á innanlandsmarkað, yrði 28.3 millj. íslenzkra króna á ári.

3. Niðurstöður.

Vegna þeirra margþættu tilrauna, sem hafa verið framkvæmdar erlendis um notkun svartolíu í diselvélum, þá geta undirritaðir ekki lagt mat á vísindalegt gildi umræddra tilrauna. Hins vegar er ljóst, að verði þessar tilraunir til þess, að fiskiskipaflotinn noti almennt svartolíu í stað gasolíu, þá má ætla, af útreikningum hér að framan, að um verulegan þjóðhagslegan sparnað geti verið að ræða. Þar sem svo mikið virðist í húfi, má eðlilegt telja, að hið opinbera leggi til fé í tilraun þessa.

Jón L. Arnalds. *Sigurður R. Helgason.* *Kristinn Zimsen.*

Ed. 624. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 20. apríl 1970.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Jón Árnason.
Karl Guðjónsson.	Ásgeir Bjarnason, með fyrirvara.	Jónas G. Rafnar.
	Páll Þorsteinsson, með fyrirvara.	

Nd. 625. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til laga um skipamælingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur kynnt sér og athugað frumvarp þetta um leið og frv. til laga um Skipaskoðun ríkisins, en bæði eru frumvörpin nátengd og komin frá Ed.

Leggur nefndin einróma til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur og prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 21. apríl 1970.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Sverrir Júlíusson, fundaskr.	Björn Pálsson.
Jón Skaftason.	Jóhann S. Hlíðar.	Pétur Sigurðsson.
	Lúðvík Jósefsson.	

Nd. 626. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til laga um skipamælingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 2. gr. Í stað orðsins „skipaskoðunarstjóri“ í greininni og hvarvetna síðar í frv. komi (í viðeigandi beygingarföllum): siglingamálastjóri.

Nd. 627. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til laga um skráningu skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta jafnhliða frv. til laga um Skipaskoðun ríkisins, en bæði eru frumvörpin komin frá háttv. Ed.

Nefndin leggur einróma til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þskj.

Nánar verður gerð grein fyrir brtt. nefndarinnar í framsögu.

Alþingi, 21. apríl 1970.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Sverrir Júlíusson, fundaskr.	Björn Pálsson.
Jón Skaftason.	Jóhann S. Hlíðar.	Pétur Sigurðsson.
	Lúðvík Jósefsson.	

Nd. 628. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til laga um skráningu skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 3. gr. Í stað orðsins „skipaskoðunarstjóri“ í greininni og hvarvetna síðar í frv. komi (í viðeigandi beygingarföllum): siglingamálastjóri.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „Skipaskoðun ríkisins“ í upphafi 1. mgr. komi: Siglingamálastofnun ríkisins.
   b. Í stað orðanna „Skipaskoðun ríkisins“ í 3. mgr. og hvarvetna síðar í frv. komi (í viðeigandi beygingarföllum): Siglingamálastofnunin.

Nd. 629. Nefndarálit [48. mál]

um frv. til laga um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta jafnhliða frv. til laga um Skipaskoðun ríkisins, en bæði eru frumvörpin komin frá háttv. Ed.

Nefndin leggur einróma til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali. Verður nánar gerð grein fyrir brtt. nefndarinnar í framsögu.

Alþingi, 21. apríl 1970.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Sverrir Júlíusson, fundaskr.	Björn Pálsson.
Jón Skaftason.	Jóhann S. Hlíðar.	Pétur Sigurðsson.
	Lúðvík Jósefsson.	

Nd. 630. Breytingartillögur [48. mál]

við frv. til laga um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 4. gr. Í stað orðanna „Skipaskoðun ríkisins“ í greininni og hvarvetna síðar í frv. komi (í viðeigandi beygingarföllum): Siglingamálastofnunin.
2. Við 8. gr. Í stað orðsins „skipaskoðunarstjóri“ í greininni og hvarvetna síðar í frv. komi (í viðeigandi beygingarföllum): siglingamálastjóri.
3. Við 38. gr.
   a. Í stað „37. gr.“ í 2. tölul. komi: 36. gr.
   b. 4. tölul. falli niður.
4. Við 39. gr. 5. mgr. orðist svo:
   Að sjóprófi loknu skal formaður sjódóms senda siglingamálastjóra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands og Slysavarnafélagi Íslands eftirrit af því.
5. Við 44. gr. Greinin orðist svo:
   Við Siglingamálastofnunina skal starfa siglingafróður maður, er hafi það meginverkefni að kanna orsakir sjóslysa. Skal hann mæta við sjópróf, ef um

er að ræða manntjón, veruleg meiðsli manna eða meiri háttar eignatjón, og hefur hann þá fyrir dómnum að öllu leyti sama rétt og eftirlitsmaður samkvæmt ákvæðum 39. gr.

Með honum skulu vinna að þessum málum fjórir menn skipaðir af ráðherra til 6 ára í senn samkvæmt tilnefningu þessara aðila: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Slysavarnafélags Íslands.

Samstarfsnefnd þessi skal fylgjast eftir föngum með starfi sjódóma og siglingadóms, safna saman upplýsingum, sem skýrt geta eða upplýst orsakir sjóslysa, koma á framfæri leiðbeiningum um slysavarnir og varúðarráðstafanir, miðla slíkum upplýsingum til sjómannaskóla, sjómanna og útgerðarmanna og gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr slysahættu á sjó.

Framangreindur starfsmaður Siglingamálastofnunarinnar skal í samráði við samstarfsmenn sína í nefndinni, þegar þess er óskað af skólastjórum sjómannaskóla, skýra fyrir nemendum helztu orsakir sjóslysa hér við land og hvernig unnt sé að forðast þau.

Nefndin semur greinargerðir um rannsókn sjóslysa og ályktanir sínar í því efni. Siglingamálastofnunin birtir niðurstöður nefndarinnar árlega eða oftar, þegar sérstök ástæða þykir til. Ferðakostnaður og önnur nauðsynleg útgjöld nefndarinnar greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

6. Við 45. gr. Greinin falli niður.
7. Við 46. gr. Greinin falli niður.

Nd. 631. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til laga um Skipaskoðun ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur á nokkrum fundum athugað frv. þetta, sem komið er frá Ed. Efni þess hefur verið ýtarlega rætt við skipaskoðunarstjóra, Hjálmar Bárðarson, og dr. Þórð Eyjólfsson, fyrrv. hæstaréttardómara, en þeir hafa í sameiningu endurskoðað frv. til laga um sama efni, sem lagt var fram í Ed. á 88. löggjafarþingi, 1967—68. Það frv. hét þá „Frumvarp til laga um Siglingamálastofnun ríkisins". Náði það ekki fram að ganga, en var vísað til ríkisstjórnarinnar vegna fram kominna athugasemda frá ýmsum aðilum, svo sem frá er greint í athugasemdum með frumvarpinu. Þar er einnig greint frá því, hvaða athugun hefur farið fram á frumvarpinu, unz það var lagt fram á ný snemma á þessu þingi undir sama nafni og áður.

Í meðförum háttv. Ed. hefur nafni frumvarpsins verið breytt í „Frumvarp til laga um Skipaskoðun ríkisins".

Nefndin hefur einnig rætt efni frumvarpsins við fimm manna nefnd frá Verkfræðingafélagi Íslands, skipaða þessum mönnum: Gunnari Bjarnasyni, Agnari Norland, Jóni Hafsteinssyni, Jóni H. Sigurðssyni og Óttari Karlssyni.

Samhliða því að ræða efni þessa frumvarps við framangreinda aðila var rætt við þá um eftirtalin frumvörp, sem nú liggja einnig fyrir háttv. deild og tengd eru afgreiðslu þessa máls:

Frv. til l. um eftirlit með skipum.
Frv. til l. um skráningu skipa.
Frv. til l. um skipamælingar.

Einnig hefur nefndin eftir föngum kynnt sér ýmis gögn, sem fyrir liggja varðandi málið.

Niðurstaðan af athugun nefndarinnar á frumvarpinu er sú, að hún mælir einróma með samþykkt þess með nokkrum breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Ein þeirra breytingartillagna er sú, að nafn stofnunarinnar verði Siglingamálastofnun ríkisins og forstöðumaður hennar verði nefndur siglingamálastjóri, eins og lagt var til í upphaflega frumvarpinu. Þessi breytingartillaga, ef samþykkt verður, hefur áhrif á frumvörpin um eftirlit með skipum, um skráningu skipa og um skipamælingar, og leggur nefndin til, að þeim verði einnig breytt að því er þetta varðar.

Nefndin fellst á það fyrir sitt leyti, að heitið Skipaskoðun ríkisins geti ekki lengur átt við um öll þau verkefni, sem stofnuninni hafa þegar verið falin og ætlunin er að fela henni samkv. upptalningu í 2. gr. frv. Álítur hún orðið: „Siglingamálastofnun“ fara vel í íslenzku máli og telur það nægilega víðtækt til þess, að ekki þurfi að breyta því í framtíðinni, þótt starfssvið stofnunarinnar kunni þá enn á ný að verða aukið.

Nánar verður gerð grein fyrir brtt. nefndarinnar í framsögu.

Alþingi, 21. apríl 1970.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Sverrir Júlíusson, fundaskr.	Björn Pálsson.
Jón Skaftason.	Jóhann S. Hlíðar.	Pétur Sigurðsson.
Lúðvík Jósefsson.		

Nd. 632. Breytingartillögur [50. mál]

við frv. til laga um Skipaskoðun ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Siglingamálastofnun ríkisins starfar undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með siglingamál.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „Skipaskoðunar ríkisins“ í upphafi greinarinnar komi: Siglingamálastofnunar ríkisins.
   b. Í stað orðanna „öryggismál skipa“ í 1. tölul. komi: siglingamál.
   c. Í stað heitisins „Skipaskoðun ríkisins“ í 2. tölul. og hvarvetna síðar í frv. komi (í viðeigandi beygingarföllum): Siglingamálastofnunin.
   d. Við 6. tölul. Liðurinn orðist svo:
      Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi. Rita umsögn um sjópróf til saksóknara ríkisins. Birta niðurstöður rannsókna á sjóslysum árlega eða oftar, þegar sérstök ástæða þykir til.
3. Við 3. gr. Í stað orðanna „öryggismál skipa“ komi: siglingamál.
4. Við 4. gr. Í stað orðsins „skipaskoðunarstjóri“ í greininni og hvarvetna síðar í frv. komi (í viðeigandi beygingarföllum): siglingamálastjóri.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra skipar fasta starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar að fengnum tillögum siglingamálastjóra. Fast starfsfólk Siglingamálastofnunarinnar tekur laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisins.
   Skipaskoðunarmenn og skipamælingamenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum siglingamálastjóra.
   Ekki má siglingamálastjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Siglingamálastofnuninni, hafa á hendi störf, sem ósamrýmanleg eru stöðum þeirra. Þannig er þeim ekki heimilt að vinna nein þau störf fyrir einkaaðila, sem háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar.
6. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um Siglingamálastofnun ríkisins.

Nd. 633. Frumvarp til laga [203. mál]

um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð.

(Eftir 3. umr. í Ed., 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 494 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Hlutverk tryggingardeildar er að taka að sér að tryggja lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum útflytjendum til fjármögnunar á útflutningslánum, sem þeir veita eða útvega erlendum kaupendum.

Enn fremur er tryggingardeild heimilt að tryggja aðrar kröfur íslenzkra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenzkum vörum.

Þegar sérstaklega stendur á, er tryggingardeild einnig heimilt að tryggja samkeppnislán til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, sem framleidd eru innanlands.

Ed. 634. Frumvarp til laga [231. mál]

um Alþýðubankann h.f.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heiti Alþýðubankinn h.f. Hlutverk félagsins skal vera að starfrækja banka, er hafi það að markmiði að efla atvinnuþróun og treysta atvinnuöryggi launafólks, svo og að styðja menningarlega og félagslega starfsemi verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi.

2. gr.

Hlutafé félagsins skal nema eigi minna en 40 milljónum króna. Alþýðusamband Íslands og verkalýðsfélög innan þess skulu safna innan sinna vébanda og leggja fram hlutafé að fjárhæð 40 milljónum króna.

Ábyrgðarmenn Sparisjóðs alþýðu skulu hafa rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi allt að tífaldri fjárhæð núverandi hluta þeirra í heildarábyrgðarfé Sparisjóðs alþýðu. Þessi réttur gildir í sex mánuði frá því að ábyrgðarmenn hafa með fundarsamþykkt ákveðið að leggja niður sparisjóðinn með þeim hætti, er segir í 4. gr.

Innan níu mánaða frá því að lög þessi taka gildi, skal boðað til stofnfundar hlutafélagsins, en hafi ofangreindir aðilar þá eigi safnað tilskildu hlutafé, skal stjórn Sparisjóðs alþýðu bjóða út innanlands það, sem á vantar.

3. gr.

Heimili og varnarþing Alþýðubankans h.f. er í Reykjavík. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða, að bankinn hafi útibú og umboðsskrifstofur, sbr. þó 10. gr. laga nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

4. gr.

Alþýðubankinn h.f. skal taka við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Sparisjóðs alþýðu og starfsemi hans og koma að öllu leyti í hans stað, enda samþykki meiri hluti ábyrgðarmanna Sparisjóðs alþýðu þá yfirtöku.

5. gr.

Stjórn félagsins (bankaráð) skal kosin á aðalfundi ár hvert. Skal hún skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

6. gr.

Stjórn félagsins ræður bankastjóra, einn eða fleiri, ákveður ráðningarkjör og setur bankastjóra erindisbréf.

7. gr.

Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir. Þá skal og setja reglugerð um starfsemi bankans. Í samþykktum og reglugerð skal setja nánari ákvæði um félagið og bankann. Skulu þar á meðal vera ákvæði um aukningu hlutafjár, aðilaskipti að hlutabréfum og endurskoðun á reikningum bankans (félagsins). Samþykktir og reglugerð bankans (félagsins) skulu vera háð staðfestingu viðskiptaráðherra.

8. gr.

Arð af hlutafé má því aðeins greiða, að innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði í hlaupareikningum og sparisjóði. Þegar því marki er náð, skal eigi heimilt að greiða hærri arð en sem nemur innlánsvöxtum af sparifé á almennum bókum, unz innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemur 10% af innlánsfénu.

9. gr.

Bankanum skal heimilt í samræmi við tilgang sinn, sbr. 1. gr.:

a) Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og í hlaupareikning.
b) Að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir.
c) Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnvalda.
d) Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
e) Að kaupa og selja skuldabréf ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga eða önnur trygg auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa eða selja nema í umboði annarra.
f) Að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

10. gr.

Bankinn skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessi skal hækka upp í allt að 20%, ef viðskiptaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar bankans (bankaráðs), telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í Seðlabankanum.

11. gr.

Bankinn skal njóta sömu réttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 18., 19., 21. og 23. gr. laga nr. 11 frá 29. marz 1961.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Seinni hluta árs 1968 beindi stjórn Sparisjóðs alþýðu þeirri fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar, hvort hún væri reiðubúin að flytja stjórnarfrumvarp, er heimili breytingu sparisjóðsins í banka. Var í þessu sambandi vitnað til ummæla í nefndaráliti fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis í maí 1960 um frumvarp um stofnun Verzlunarbanka Íslands h. f. og ummæla forsætisráðherra við forseta Alþýðusambandsins í marz 1966.

Hinn 28. nóvember 1968 var stjórn sparisjóðsins tilkynnt í bréfi viðskiptaráðherra, að ríkisstjórnin væri reiðubúin að flytja slíkt frumvarp, enda væri þá gert ráð fyrir því, að væntanlegur banki myndi fullnægja þeim reglum, sem allir bankar verða að hlíta í lögum, sem sett verða, þar sem áskilið verður m.a. um hlutfall milli eigin fjár og skuldbindinga og að rekstur þeirra verði með þeim hætti, að þeir uppfylli ætíð eðlilegar kröfur um greiðslugetu og öryggi í rekstri.

Nú hefur heildarinnlánsfé við sparisjóðinn meir en tvöfaldazt frá nóvember 1968 og var það í marzlok 1970 tæpar 110 millj. kr. Almenn bankalöggjöf hefur ekki verið sett, en frumdrög hennar eru í undirbúningi hjá Seðlabankanum. Undirbúningsstarf að slíkri lagasetningu er mjög viðamikið og tekur verulegan tíma.

Stjórn Sparisjóðs alþýðu hefur nú eindregið óskað þess, að frumvarp verði lagt fyrir Alþingi um breytingu sparisjóðsins í banka. Með hliðsjón af forsögu málsins og eftir athugun á högum sparisjóðsins nú, hefur ríkisstjórnin ákveðið að verða við þeirri ósk.

Hefur frumvarpið verið undirbúið í samráði við forráðamenn sparsjóðsins og hafa þeir tjáð sig samþykka því í aðalatriðum, eins og það er hér flutt, en ákvæði þess eru hliðstæð þeim, sem gilda um Samvinnubanka Íslands h.f. og Verzlunarbanka Íslands h. f.

Lagt er til, að hlutafé bankans verði eigi minna en 40 milljónir króna. Er gert ráð fyrir því, að Alþýðusamband Íslands og verkalýðsfélög innan þess safni innan sinna vébanda þessu hlutafé, og í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög getur bankinn (félagið) ekki hafið starfsemi, fyrr en fjórðungur hlutafjár, þ. e. 10 milljónir króna, hefur verið greiddur.

Bankinn tekur að sjálfsögðu ekki til starfa, fyrr en samþykktir hlutafélagsins og væntanleg reglugerð hafa verið staðfestar af ráðherra.

Um einstakar greinar frumvarpsins er þess að geta:

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að bankanum sé valið hlutafélagsform, sem er hið almenna félagsform viðskiptabanka í einkaeign hérlendis sem og í nágrannalöndum. Stjórn Sparisjóðs alþýðu mun að sjálfsögðu hafa forgöngu um stofnun hlutafélagsins og hún hefur lagt fram drög að samþykktum og reglugerð, sem eru í athugun í viðskiptaráðuneytinu.

Um 2. gr.

Í almennum athugasemdum er gerð nokkur grein fyrir hlutafé og innborgunarskyldu.

Um hugsanlega aukningu hlutafjár verða ákvæði í samþykktum félagsins.

Í greininni eru ákvæði um það, hvernig haga skuli hlutafjársöfnun. Er ráðgert, að Alþýðusamband Íslands og verkalýðsfélög innan þess safni innan sinna vébanda hlutafé að fjárhæð 40 milljónir króna.

Enn fremur er gert ráð fyrir því, að ábyrgðarmenn Sparisjóðs alþýðu skuli hafa rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi allt að tífaldri fjárhæð hluta þeirra í heildarábyrgðarfé Sparisjóðs alþýðu.

Fari svo, að ofangreindir aðilar hafa ekki tök eða hug á að skrifa sig fyrir þessu hlutafé, innan níu mánaða frá gildistöku laga þessara, skal stjórn Sparisjóðs alþýðu bjóða út innanlands það, sem á vantar.

Um 3. gr.

Þar sem talað er um útibú og umboðsskrifstofur í greininni, er að sjálfsögðu bæði átt við útibú og umboðsskrifstofur innan sem utan Reykjavíkursvæðisins.

Stofnun slíkra útibúa og umboðsskrifstofa verði háð sömu skilyrðum og aðrir bankar búa við, sem sett voru í 1. gr. laga nr. 10/1964, um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, þ. e. 10. gr. laga nr. 10 frá 29. marz 1961.

Um 4. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því, að Alþýðubankinn h.f. komi að öllu leyti í stað Sparisjóðs alþýðu, og að bankinn fái réttindi og yfirtaki skuldbindingar sparisjóðsins. Felst í þessu að sjálfsögðu, að bankinn yfirtekur eign sparisjóðsins í Tryggingarsjóði sparisjóða og á sama hátt fer um aðrar innstæður í Seðlabankanum.

Samkvæmt greininni er nægilegt, að meiri hluti ábyrgðarmanna sparisjóðsins samþykki yfirtökuna.

Um 5. gr.

Í greininni eru fyrirmæli um kosningu aðalmanna og varamanna í stjórn félagsins.

Um 6. gr.

Þessi grein fjallar um ráðningu bankastjóra, eins eða fleiri, samkv. ákvörðun stjórnar, svo og ráðningarkjör og erindisbréf bankastjóra.

Um 7. gr.

Samkvæmt þeirri venju, sem sköpuð hefur verið um áðurnefnda hlutafélagabanka, er gert ráð fyrir, að samþykktir félagsins verði háðar staðfestingu viðskiptaráðherra, en bankinn heyrir stjórnskipulega undir hann.

Sömuleiðis skal setja reglugerð með nánari ákvæðum um félagið og bankann. Frumvarpið er nánast sama að efni og lög Samvinnubanka og Verzlunarbanka. Eru þau stuttorð og nauðsynlegt að skipa ýmsum efnum með samþykktum og reglugerð, en auk þess er, eins og áður er getið, í undirbúningi frumvarp að almennri viðskiptabankalöggjöf, sem mun, ef að lögum verður, setja tæmandi ramma um starfsemi allra viðskiptabanka.

Um 8. gr.

Rétt þykir að hafa þetta ákvæði til þess að byggja upp eigin sjóði bankans og tryggja stöðu innstæðueigenda.

Um 9. gr.

Bankanum er ætlað að annast öll venjuleg viðskiptabankastörf, eftir því sem nú tíðkast eða síðar kann að tíðkast.

Um 10. gr.

Ákvæðið er hliðstætt samsvarandi ákvæðum í öðrum bankalögum.

Um 11. gr.

Ákvæðið er algerlega hliðstætt ákvæðum í öðrum viðskiptabankalögum.

Um 12. gr.

Gildistökuákvæðið er tengt og takmarkað þeim skilyrðum, sem koma fram í 2. gr., sbr. og almennar athugasemdir hér að framan.

Ed. 635. Breytingartillögur [161. mál]

við frv. til laga um dýralækna.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Þorsteinssyni.

1. Við 14. gr. Í stað orðanna „10 ár“ í 4. málsgr. komi: 5 ár.
2. Á eftir 14. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

   Nú er héraðsdýralæknis vitjað í brýnni nauðsyn um langan veg frá heimili hans (yfir 40 km), og greiðir þá sá, sem vitjunar beiðist, ferðakostnað allt að 40 km vegalengd frá heimili dýralæknis, en það, sem fram yfir er, greiðist af opinberu fé samkvæmt reglum, er ráðherra setur.

Ed. 636. Breytingartillaga [94. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Birni Fr. Björnssyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Orðin „sem átt hafði sér stað eftir 1. janúar 1961“ í niðurlagi 12. gr. laganna falli niður.

Ed. 637. Breytingartillögur [215. mál]

við frv. til l. um skemmtanaskatt.

Frá Auði Auðuns, Jóni Þorsteinssyni, Gils Guðmundssyni, Ólafi Björnssyni og Steinþóri Gestssyni.

1. Við 6. gr. 2. málsgr. falli niður.
2. Við 8. gr. 1. mgr. Í stað „2%“ komi: 3%.

Ed. 638. Breytingartillögur [214. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Niður falli orðin „og á þann hátt, sem ráðherra samþykkir“ í niðurlagi greinarinnar.
2. Við 2. gr. 2. mgr. Orðin „eða sérstökum deildum hans“ í síðasta málslið falli niður.

Ed. 639. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um heimild til hækkunar kvóta og framlags Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. apríl 1970.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Kristján Thorlacius.
Bjarni Guðbjörnsson. Björn Jónsson. Axel Jónsson.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 640. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til laga um leigubifreiðar.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess, en flytur á sérstöku þingskjali eina breytingartillögu við 5. gr. frv. til samræmingar á texta við 1. og 3. gr.
Fjarstaddur við afgreiðslu málsins var Karl Guðjónsson.

Alþingi, 22. apríl 1970.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm.	Jón Árnason, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Steinþór Gestsson.	Páll Þorsteinsson.	Jónas G. Rafnar.

Ed. 641. Breytingartillaga [125. mál]

við frv. til laga um leigubifreiðar.

Frá samgöngumálanefnd.

Við 5. gr. Aftan við 1. málsgrein komi:
Nú tekur félagssvæði stéttarfélags vörubifreiðastjóra til tveggja sýslna eða hluta úr þeim, en stéttarfélagið rekur vörubifreiðastöð fyrir allt félagssvæðið, og er þá sýslunefndunum heimilt að ákveða, að allar vörubifreiðar á svæðinu skuli hafa afgreiðslu á stöð félagsins.

Nd. 642. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki náð samstöðu um afgreiðslu þessa máls. Við undirritaðir leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 608.

Alþingi, 22. apríl 1970.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Sverrir Júlíusson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.
	Jóhann S. Hlíðar.	

Nd. 643. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 frá 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. þetta og mælir með því, að það verði samþykkt ásamt breytingartillögu, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Einn nefndarmanna, Jón Kjartansson, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 21. apríl 1970.

Matthías Bjarnason, form.	Unnar Stefánsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
Hannibal Valdimarsson.	Jóhann S. Hlíðar.	Jón Árnason.

Nd. 644. Breytingartillaga [209. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 frá 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 7. gr. Greinin orðist svo:

30. gr., e-liður orðist svo:

Sveitarfélag, þar sem útsvar er á lagt, hlýtur aldrei minna en ¼ hluta af útsvari, sem skipt er skv. d-lið 2, og eigi verður útsvari þá skipt, nema í hlut þess sveitarfélags, sem skiptikröfu gerir, komi a. m. k. kr. 75 000.00; þó má fjárhæðin lægri vera, ef hún eigi að síður nemur a. m. k. 5% af heildarútsvörum þess sveitarfélags, er kröfuna gerir.

Tekjuútsvari aðila, sem jafnframt greiðir landsútsvar, skal ekki skipt.

Nd. 645. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar ásamt öðrum þeim frv., sem flutt hafa verið á yfirstandandi þingi um breytingar á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt. Hafa komið til viðræðna við nefndina Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóri, Ólafur Nilsson skatteftirlitsstjóri og Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóri.

Frv. þetta er I. liður ákvæða til bráðabirgða í frv. því, er nefndin flutti að beiðni fjármálaráðherra á þskj. 530, og er það flutt vegna þess, að þess er ekki að vænta, að frumvarpið á þskj. 530 verði lögfest á þessu þingi.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþ., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Í umræðum um mál þetta munu nefndarmenn gera grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi önnur frumvörp um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Alþingi, 22. apríl 1970.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Þórarinn Þórarinsson.
Pálmi Jónsson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Lúðvík Jósefsson.
	Jóhann S. Hlíðar.	

Nd. 646. Frumvarp til laga [232. mál]

um breyting á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk lánasjóðs íslenzkra námsmanna er að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, kennaradeild stúdenta, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands, framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri, fyrsta hluta Tækniskóla Íslands, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu á gildandi lögum um námslán og námsstyrki, að framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri er bætt í hóp þeirra kennslustofnana, sem starfssvið lánasjóðs íslenzkra námsmanna tekur til. Í upphaflegri gerð laganna voru lánveitingar úr sjóðnum bundnar við Háskóla Íslands, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir. Með lögum nr. 89/1968 var gerð sú breyting, að heimilaðar voru lánveitingar til náms í kennaradeild stúdenta, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands, svo og í fyrsta hluta Tækniskóla Íslands. Réttmætt þykir að telja framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri það hliðstæða síðast töldu kennslustofnuninni, m. a. að því er varðar undirbúningsnám nemenda, að eðlilegt sé, að nemendur hennar eigi einnig kost á námslánum úr lánasjóði íslenzkra námsmanna.

Ed. 647. Breytingartillaga [215. mál]

við frv. til l. um skemmtanaskatt.

Frá Gils Guðmundssyni.

Við 8. gr. 1. málsgrein. Í stað „1.5%“ komi: 2%.

Ed. 648. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1969.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundi sínum og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 21. apríl 1970.

Jón Árnason, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson.
Ólafur Jóhannesson,	Bjarni Guðbjörnsson.	Sveinn Guðmundsson.
	Axel Jónsson.	

Ed. 649. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins, en nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið og styðja breytingartillögur, er fram kynnu að koma.

Alþingi, 21. apríl 1970.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Björn Jónsson.
Axel Jónsson.	Björn Fr. Björnsson.	Steinþór Gestsson.
	Ásgeir Bjarnason.	

Ed. 650. Nefndarálit [99. mál]

um till. til þál. um rannsókn á vandamálum landsbyggðarinnar vegna kostnaðar við vöruflutninga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leitaði umsagnar hagstofustjóra um tillögu þessa. Hann álítur óraunhæft að rannsaka hækkunaráhrif flutningskostnaðar á neyzluútgjöld íbúa í þeim byggðarlögum, sem fjarlæg eru höfuðborgarsvæðinu, nema jafnframt fari fram könnun á öllum útgjöldum fólks til neyzluvöru og þjónustu í þessum byggðarlögum. Hann telur, að til dæmis húsnæðiskostnaður sé almennt lægri utan höfuðborgarsvæðisins. Hagstofustjóri segir það sína skoðun, að það sé engan veginn víst, að framfærslukostnaður úti á landsbyggðinni sé hærri en á höfuðborgarsvæðinu. En hvað sem því líði, sé augljóst, ef upplýsa eigi mál þetta að fullu, þá þurfi til þess nokkra sérfræðinga með tilheyrandi aðstoðarliði og mikil fjárframlög. Á hinn bóginn telur hagstofustjóri ávinning að því að kanna, hvern kostnaðarauka einstakar atvinnugreinar bera vegna kostnaðar við vöruflutninga til byggðarlaga utan höfuðborgarsvæðisins og hvern aðstöðumun hann skapar, enda megi gera það án mikilla fjárútláta.

Að vel athuguðu máli leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

a. Tillögugreinin hljóði þannig:
   Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið fyrsta fara fram sérfræðilega rannsókn á þeim vanda, sem kostnaður vegna vöruflutninga skapar atvinnurekstri utan höfuðborgarsvæðisins, og hvernig helzt megi draga úr þeim vanda eða leysa hann.
b. Fyrirsögn tillögunnar hljóði þannig:
   Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á vandamálum atvinnurekstrar úti á landsbyggðinni vegna kostnaðar við vöruflutninga.

Alþingi, 21. apríl 1970.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr.	Ólafur Björnsson.
Kristján Thorlacius.	Auður Auðuns.	Björn Fr. Björnsson.
	Karl Guðjónsson.	

Nd. 651. Nefndarálit [224. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 47 11. júní 1960, um tollvörugeymslur o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar og leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 22. apríl 1970.

Matthías Á. Mathiesen, form.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm.
Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara.
Pálmi Jónsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson, með fyrirvara.
Þórarinn Þórarinsson.
Jóhann S. Hlíðar.

Nd. 652. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og leitað um það umsagnar. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að verða bornar.

Alþingi, 22. apríl 1970.

Matthías Bjarnason, form., frsm.
Unnar Stefánsson, fundaskr.
Jóhann S. Hlíðar.
Friðjón Þórðarson.
Hannibal Valdimarsson.
Jón Kjartansson.
Jónas Árnason.

Nd. 653. Frumvarp til laga [11. mál]

um skipun prestakalla og prófastsdæma og kristnisjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 430 með þessari breytingu:

1. gr. XI.—XIV. hljóðar svo:

XI. *Húnavatnsprófastsdæmi:*

64. Árnes: Árnesssókn.
Prestssetur: Árnes.

65. Hólmavík: Kaldrananess-, Drangsness-, Staðar-, Hólmavíkur- og Kollafjarðarnesssóknir.
Prestssetur: Hólmavík.

66. Prestsbakki í Hrútafirði: Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.
Prestssetur: Prestsbakki.

67. Melstaður: Melstaðar-, Hvammstanga-, Staðarbakka- og Efranúpssóknir.
Prestssetur: Melstaður.
68. Beiðabólsstaður: Tjarnar-, Vesturhópshóla-, Breiðabólsstaðar- og Víðidalstungusóknir.
Prestssetur: Breiðabólsstaður í Vesturhópi.
69. Þingeyrarklaustur: Þingeyrar-, Undirfells- og Bönduóssóknir.
Prestssetur: Blönduós.
70. Bólstaðarhlíð: Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Auðkúlu-, Svínavatns- og Holtastaðasóknir.
Prestssetur: Bólstaður.
71. Höfðakaupstaður: Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir.
Prestssetur: Höfðakaupstaður.

XII. *Skagafjarðarprófastsdæmi:*

72. Sauðárkrókur: Sauðárkróks-, Hvamms- og Ketusóknir.
Prestssetur: Sauðárkrókur.
73. Glaumbær: Glaumbæjar-, Víðimýrar- og Reynistaðarsóknir.
Prestssetur: Glaumbær.
74. Mælifell: Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir.
Prestssetur: Mælifell.
75. Miklibær: Miklabæjar-, Silfrastaða-, Flugumýrar- og Hofsstaðasóknir.
Prestssetur: Miklibær.
76. Hólar: Hóla-, Viðvíkur- og Rípursóknir.
Prestssetur: Hólar.
77. Hofsós: Hofsóss-, Hofs-, Fells-, Barðs- og Knappsstaðasóknir.
Prestssetur: Hofsós.

XIII. *Eyjafjarðarprófastsdæmi:*

78. Siglufjörður: Siglufjarðarsókn.
Prestssetur: Siglufjörður.
79. Ólafsfjörður: Ólafsfjarðarsókn.
Prestssetur: Ólafsfjörður.
80. Dalvík: Valla-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir.
Prestssetur: Dalvík.
81. Hrísey: Hríseyjar- og Stærra-Árskógssóknir.
Prestssetur: Hrísey.
82. Möðruvellir í Hörgárdal: Möðruvalla-, Glæsibæjar-, Bakka- og Bægisársóknir.
Prestssetur: Möðruvellir.
83.—84. Akureyri: Akureyrar-, Lögmannshlíðar- og Miðgarðasóknir.
Prestssetur: Akureyri. Annar hvor prestur Akureyrar skal jafnan hafa með höndum þjónustu Miðgarðasóknar í Grímsey.
85. Laugaland: Munkaþverár-, Kaupangs-, Grundar-, Möðruvalla-, Saurbæjar- og Hólasóknir.
Prestssetur: Laugaland.

XIV. *Þingeyjarpófastsdæmi:*

86. Laufás: Laufáss-, Svalbarðs- og Grenivíkursóknir.
Prestssetur: Laufás.
87. Háls: Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasóknir.
Prestssetur: Háls.
88. Staðarfell: Ljósavatns-, Þóroddsstaða- og Lundarbrekkusóknir.
Prestssetur: Staðarfell.
89. Skútustaðir: Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðirhólssóknir.
Prestssetur: Skútustaðir.

90. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarsstaða- og Nessóknir.
Prestssetur: Grenjaðarstaður.
91. Húsavík: Húsavíkur- og Flateyjarsóknir.
Prestssetur: Húsavík.
92. Skinnastaður: Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir.
Prestssetur: Skinnastaður.
93. Raufarhöfn: Raufarhafnarsókn.
Prestssetur: Raufarhöfn.
94. Sauðanes: Sauðaness- og Svalbarðssóknir.
Prestssetur: Sauðanes.

Ed. 654. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til laga um heimild handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Í frumvarpi þessu felst heimild til handa Kvennaskólanum í Reykjavík til þess að starfrækja menntadeild fyrir stúlkur og brautskrá stúdenta. Menntamálanefnd varð ekki sammála um afstöðu til frumvarpsins. Við undirrituð, sem skipum meiri hluta nefndarinnar, erum frumvarpinu andvíg af eftirtöldum ástæðum:

1. Með frumvarpinu er vikið til hliðar grundvallarreglu fræðslulöggjafarinnar um aðskilnað gagnfræðaskóla og menntaskóla. Slíkt fordæmi, ef leyft yrði, hlyti að draga dilk á eftir sér.
2. Menntaskólarnir eiga að vera samskólar ungs fólks af báðum kynjum, og er sú regla staðfest í nýsamþykktum lögum um menntaskóla.
3. Menntadeild við Kvennaskólann hlyti að verða of fámenn til þess, að um eðlilegt valfrelsi nemenda yrði að ræða.
4. Stúlkur í Reykjavík, sem hyggja á nám undir stúdentspróf, eiga þess nægan kost að nema við þá menntaskóla, sem fyrir eru, og af þeim sökum engin þörf fyrir menntadeild við Kvennaskólann.
5. Samkvæmt athugun byggingadeildar menntamálaráðuneytisins er núverandi skólahús Kvennaskólans algerlega ófullnægjandi til þess að starfrækja þar menntadeild.
6. Kostnaður við stofnun og rekstur menntadeildar við Kvennaskólann yrði óhjákvæmilega mikill, en þeim fjármunum yrði betur varið á öðrum vettvangi í þágu menntaskólastigsins.

Við leggjum til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 22. apríl 1970.

Auður Auðuns, form. Jón Þorsteinsson, frsm. Gils Guðmundsson.
Steinþór Gestsson.

Nd. 655. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Málið er komið frá hv. efri deild, sem gert hafði á því smávægilega breytingu.
Nefndin ræddi málið á einum fundi og varð sammála um að mæla með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 22. apríl 1970.

Matthías Bjarnason, form.	Unnar Stefánsson, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson, frsm.
Jón Kjartansson.	Friðjón Þórðarson.	Jóhann S. Hlíðar.
	Jónas Árnason.	

Nd. 656. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til l. um fólkvang á Álftanesi.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leitað álits nokkurra aðila á því, þar á meðal íbúa Álftaness. Eru skoðanir skiptar, en nokkuð þykir skorta á, að skilgreint sé nánar, hvaða landsvæði á nesinu frumvarpið á við.
Endurskoðun löggjafar um náttúruvernd er nýlokið og verður lagt fyrir þetta þing frumvarp um það efni. Nýskipan náttúruverndarmála er því ekki langt undan, en í kjölfar hennar hljóta að fara ákvarðanir um þjóðgarða, fólkvanga og fleiri friðuð svæði.
Menntamálanefnd er sammála um, að nauðsynlegt sé fyrir íbúa á svæðinu frá Reykjavík til Hafnarfjarðar að eiga aðgang að útivistarsvæðum á Álftanesi. Sérstaklega á þetta við um strandlengju nessins og nokkurt belti meðfram henni.
Nefndinni virðist eðlilegt, að mál þetta verði tekið til ýtarlegrar athugunar af náttúruverndarráði og engin meiri háttar mannvirki verði ákveðin á Álftanesi, fyrr en þeirri athugun er lokið. Í trausti þess, að svo verði, leggur nefndin til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 22. apríl 1970.

Benedikt Gröndal, form.	Bjartmar Guðmundsson, fundaskr.	Birgir Kjaran, frsm.
Sigurvin Einarsson.	Eysteinn Jónsson.	Gunnar Gíslason.

Sþ. 657. Þingsályktun [64. mál]

um bætta læknisþjónustu í strjálbýli.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 69.

Sþ. 658. Þingsályktun [69. mál]

um endurskoðun á ýmsum þáttum heilbrigðislöggjafar.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Alþingi ályktar að fela heilbrigðismálaráðherra að skipa nú þegar nefnd til að endurskoða ýmsa þætti heilbrigðislöggjafarinnar og þá sérstaklega um læknaskipan og sjúkrahús með það fyrir augum, að komið verði á betri heilbrigðisþjónustu í landinu, m. a. með það fyrir augum, að læknar fáist til starfa í þeim héruðum, sem nú eru læknislaus. Nefndin skal skipuð 5 mönnum: landlækni eða ráðuneytisstjóra heilbrigðismálaráðuneytisins, er vera skal formaður nefndarinnar, tveimur mönnum tilnefndum af Læknafélagi Íslands, og skulu þeir vera héraðslæknir og sjúkrahúslæknir, einum manni tilnefndum af læknadeild Háskóla Íslands og einum af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga.

Nefndin hefji þegar störf og skili tillögum sínum til úrbóta eigi síðar en 1. marz n.k.

Sþ. 659. Þingsályktun [86. mál]

um samvinnu yfirstjórnar fræðslumála og sjónvarps.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að efld verði sú samvinna yfirstjórnar fræðslumála og sjónvarps, sem þegar er hafin, og að þar verði lögð rík áherzla á að jafna námsaðstöðu nemenda og starfsaðstöðu kennara í hinum ýmsu landshlutum.

Sþ. 660. Þingsályktun [111. mál]

um endurskoðun laga um framkvæmd eignarnáms.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 134.

Sþ. 661. Þingsályktun [180. mál]

um að auka rækjuveiðar.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að ráðinn verði til reynslu á vegum Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunarinnar vel hæfur erindreki, sem ferðist um landið til að glæða áhuga og kynna mönnum nýjungar við leit, útbúnað báta, veiðar og vinnslu á rækju og þá sérstaklega eins og það gerist meðal þeirra þjóða, sem lengst eru komnar á þessu sviði.

Nd. 662. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. Í stað „Reykjavík“ komi: Reykjavíkurprófastsdæmi.
2. Við 8. gr. Í stað „sjúkrahúsaþjónustu“ komi: sjúkrahúsa- og fangahúsaþjónustu.
3. Við 14. gr. Í stað „umsögn biskups og“ komi: umsögn biskups og að fengnu samþykki.
4. Við 20. gr. C-liður greinarinnar falli niður.

Nd. 663. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1970.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, eins og hv. efri deild breytti því. Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 23. apríl 1970.

Matthías Á. Mathiesen, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Pálmi Jónsson, frsm.

Jóhann S. Hlíðar.

Nd. 664. Breytingartillögur [220. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar (MÁM, SI, PJ, JSH).

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   53. gr. laganna orðist svo:
   Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 4. gr., 1. mgr. 13. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 25. gr., ásamt frádráttarákvæðum 14. gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal af fjármálaráðherra, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra.
2. 2. gr. (verður 3. gr.) orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1970, en ákvæði 2. gr. við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1969.

Nd. 665. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til laga um kaup á sex skuttogurum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Við undirritaðir mælum með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. apríl 1970.

Birgir Finnsson, form., frsm. Sverrir Júlíusson, fundaskr. Jóhann S. Hlíðar.

Pétur Sigurðsson.

Nd. 666. Breytingartillögur [220. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Þórarni Þórarinssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (1. gr.) Á eftir 3. málsgr. 42. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:
Fram skal fara ýtarleg rannsókn á framtölum 10% allra framtalsskyldra aðila. Skulu þau framtöl valin með útdrætti úr öllum framtölum landsins af Hagstofu Íslands samkvæmt reglum, sem hún setur. Framtöl þau, sem tekin eru til rannsóknar, skal athuga vandlega, rannsaka bókhald aðila og leita upplýsinga um hvað eina, sem máli skiptir.

b. (2. gr.) 53. gr. laganna orðist svo:
Nú breytist framfærsluvísitala til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1964, og skal þá hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 4. gr., A-lið 13. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 25. gr., í réttu hlutfalli við það.

Nd. 667. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um fyrirhleðslu og lagfæringar á árfarvegum til að koma í veg fyrir landbrot.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og sent það til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands, Landgræðslu ríkisins og vegamálastjóra.

Búnaðarfélagið telur, að ekki sé ástæða til að setja sérstök lög um þetta efni, heldur beri að hraða endurskoðun á vatnalögum frá 20. júní 1923.

Vegamálastjóri sendi ýtarlegt álit, þar sem fram kemur á rökstuddan hátt, að þörf sé að koma á fastari skipan um fjárveitingar og undirbúning framkvæmda varðandi fyrirhleðslur vatna og landbrot en er að finna í vatnalögum, 7. og 11. kafla. Hins vegar telur hann, að sum ákvæði þessa frv. þurfi endurbóta við, þó að frv. í heild horfi í rétta átt.

Landgræðslan telur, að lagaákvæði um fyrirhleðslur og landbrot þurfi umbóta við, annað tveggja í formi sérstakra laga eða öðru.

Eftir athugun á frv. og með þessar bendingar fyrir augum leggur landbúnaðarnefnd til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að hún láti fara fram endurskoðun á 7. og 11. kafla vatnalaga með hliðsjón af þessu frumvarpi, áður en næsta Alþingi kemur saman.

Alþingi, 20. apríl 1970.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Benedikt Gröndal.
Stefán Valgeirsson. Jónas Pétursson. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ed. 668. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til l. um breyt. á læknalögum, nr. 80 23. júní 1969.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp þetta var flutt í neðri deild, en sætti þar nokkrum breytingum. Aðalefni frumvarpsins er að gera það að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjandi hafi gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni í 6 mánuði að loknu námi. Vakir það fyrir flutningsmönnum frumvarpsins að tryggja með þessum hætti aukna læknisþjónustu í dreifbýlinu, þar sem alvarlegur læknaskortur ríkir. Læknafélag Íslands og Félag læknanema hafa eindregið mótmælt frumvarpinu. Telja félögin, að lögbinding 6 mánaða skylduvinnu kandidata í héraði feli í sér beina skerðingu á persónufrelsi læknakandidata og muni hafa óheillavænleg áhrif á lausn læknisþjónustuvandamálsins í dreifbýlinu.

Ljóst er, að í frumvarpinu er ekki fólgin frambúðarlausn á vandkvæðum þeim, sem fólk úti á landi býr nú við vegna læknaskorts, og um gildi frumvarpsins sem bráðabirgðaúrræðis eru skiptar skoðanir. Á fundi, sem stjórn Læknafélags Íslands hélt fyrir skömmu með formönnum svæðafélaga innan L. Í., kom fram ný hugmynd um bráðabirgðaúrlausn á þessum vanda, sem grundvallast á því að láta framabraut ungra lækna liggja um dreifbýlið með þeim hætti, að tilteknar nýjar náms- og rannsóknarstöður við Landspítalann verði tengdar störfum í dreifbýlinu.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd telur farsælast að reyna til þrautar að leysa þetta mál í samvinnu við læknastéttina, áður en til einhliða aðgerða er gripið. Í trausti þess, að heilbrigðisyfirvöld geri sitt ýtrasta í þessu efni, áður en Alþingi kemur saman að hausti, leggur nefndin til, að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 22. apríl 1970.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Auður Auðuns, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.
Steinþór Gestsson. Ásgeir Bjarnason. Björn Jónsson.
Oddur Andrésson.

Nd. 669. Frumvarp til laga [50. mál]

um Siglingamálastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. apríl.)

1. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins starfar undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með siglingamál.

2. gr.

Hlutverk Siglingamálastofnunar ríkisins er:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um siglingamál og skipasmíðar, eftir því sem hún telur þörf á.
2. Að annast eftirlit með nýsmíði skipa, búnaði, breytingum og innflutningi og annað almennt eftirlit skipa samkvæmt lögum um eftirlit með skipum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim. Smíðateikningar skipa eru háðar viðurkenningu Siglingamálastofnunarinnar í samræmi við ákvæði laga og reglugerða.
3. Að annast framkvæmd alþjóðasamþykkta um öryggi mannslífa á hafinu, sem Ísland er aðili að, og gefa út skipsskjöl fyrir íslenzk skip samkvæmt þeim.
4. Að annast framkvæmd alþjóðahleðslumerkjasamþykkta, sem Ísland er aðili að, og ákveða hleðslumerki skipa og gefa út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt þeim.
5. Að ákvarða hleðslumerki fyrir fiskiskip eftir nánari reglum, er ráðherra setur.
6. Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi. Rita umsögn um sjópróf til saksóknara ríkisins. Birta niðurstöður rannsókna á sjóslysum árlega eða oftar, þegar sérstök ástæða þykir til.
7. Að annast framkvæmd laga um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu og reglugerða samkvæmt þeim í samræmi við alþjóðasamþykkt um sama efni, sem Ísland er aðili að.
8. Að annast framkvæmd laga og reglna um mælingu skipa, svo og mál, er varða alþjóðasamþykkt um mælingu skipa.
9. Að annast framkvæmd laga um skráningu skipa. Annast skýrslugerð um íslenzkan skipastól. Gefa árlega út skrá yfir íslenzk skip, miðað við 1. janúar ár hvert, og aukaskrár, ef þörf krefur. Þar skal og birta skrá yfir einkaleyfisnöfn skipa, skip í smíðum, skip, sem felld hafa verið niður af skipaskrá á árinu, og annan gagnlegan fróðleik um íslenzkan skipastól. Ráðherra getur sett nánari reglur um gerð skipaskrár.
10. Að annast af Íslands hálfu samstarf við alþjóðastofnanir varðandi þau mál, sem eru í verkahring stofnunarinnar.
11. Að annast mál, er varða siglingalög og sjómannalög, að því leyti sem þau varða skráningu skipa, skip og búnað þeirra, siglingaöryggi og önnur mál, sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni, varðandi siglingar og áhafnir skipa.

3. gr.

Ráðherra sá, er fer með siglingamál, kveður með reglugerð nánar á um hlutverk og starfshætti Siglingamálastofnunarinnar og um einstök verkefni hennar.

4. gr.

Forseti skipar siglingamálastjóra til að annast framkvæmdastjórn þeirra mála, sem falin eru Siglingamálastofnuninni. Hann skal vera skipaverkfræðingur eða hafa aðra sambærilega menntun og fullnægja kröfum þeim, sem þarf til þess að vera embættismaður hér á landi.

5 gr.

Siglingamálastofnunin hefur skrifstofu í Reykjavík.

6. gr.

Ráðherra skipar fasta starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar að fengnum tillögum siglingamálastjóra. Fast starfsfólk Siglingamálastofnunarinnar tekur laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisins.

Skipaskoðunarmenn og skipamælingarmenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

Ekki má siglingamálastjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Siglingamálastofnuninni, hafa á hendi störf, sem ósamrýmanleg eru stöðum þeirra. Þannig er þeim ekki heimilt að vinna nein þau störf fyrir einkaaðila, sem háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar.

7. gr.

Siglingamálastjóri skal hafa sérfróða starfsmenn, eftir nánari ákvörðun í reglugerð, sem ráðherra setur.

8. gr.

Landið skiptist í 5 eftirlitssvæði. Þau eru:

1. eftirlitssvæði: Frá Hjörleifshöfða að Skor á Barðaströnd. Allar eyjar meðtaldar.
2. eftirlitssvæði: Frá Skor í Hrútafjarðarbotn.
3. eftirlitssvæði: Frá Hútafjarðarbotni að Gunnólfsvíkurfjalli.
4. eftirlitssvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Hjörleifshöfða.
5. eftirlitssvæði: Vestmannaeyjar.

9. gr.

Siglingamálastjóri skipar eftirlitsmann fyrir hvert eftirlitssvæði. Annast hann framkvæmd eftirlits þar og umsjón með skoðunarmönnum undir yfirstjórn siglingamálastjóra.

Ef siglingamálastjóri telur ástæðu til, getur hann tilnefnt trúnaðarmenn til þess að annast einstök störf eftirlitsmanna, og hafa þeir þá sama rétt og skyldur og eftirlitsmenn.

Eftirlitsmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á þeim stað innan svæðis síns, er siglingamálastjóri samþykkir, vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann, og hafa að dómi siglingamálastjóra nægilega þekkingu á siglingum, skipum og vélum til þess að leiðbeina skoðunarmönnum, samræma eftirlitið til meira öryggis og skera úr um ágreining, sem upp kynni að rísa um haffæri skipa.

Siglingamálastjóri setur þeim erindisbréf og starfsreglur.

10. gr.

Hvert eftirlitssvæði skiptist í skoðunarsvæði. Þau eru:

I. eftirlitssvæði:
   1. skoðunarsvæði: Frá Hjörleifshöfða að Jökulsá á Sólheimasandi.
   2. skoðunarsvæði: Frá Jökulsá á Sólheimasandi að Þjórsá.
   3. skoðunarsvæði: Frá Þjórsá að Grindavík.
   4. skoðunarsvæði: Grindavík og Reykjanesskagi að Hafnarfirði.
   5. skoðunarsvæði: Hafnarfjörður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.
   6. skoðunarsvæði: Reykjavík og Kjósarsýsla.
   7. skoðunarsvæði: Borgarfjarðar- og Mýrasýsla (frá Hvalfjarðarbotni til Hítarár).
   8. skoðunarsvæði: Frá Hítará að Búlandshöfða.
   9. skoðunarsvæði: Frá Búlandshöfða að Skor. (Breiðafjarðareyjar meðtaldar).

II. eftirlitssvæði:
10. skoðunarsvæði: Frá Skor að Kópanesi.
11. skoðunarsvæði: Arnarfjörður.
12. skoðunarsvæði: Dýrafjörður.
13. skoðunarsvæði: Önundarfjörður.
14. skoðunarsvæði: Súgandafjörður.
15. skoðunarsvæði: Frá Gelti að Geirhólma.
16. skoðunarsvæði: Frá Geirhólma í Hrútafjarðarbotn.

III. eftirlitssvæði:
17. skoðunarsvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Skagatá.
18. skoðunarsvæði: Frá Skagatá að Haganesvík.
19. skoðunarsvæði: Haganesvík að Siglunestá.
20. skoðunarsvæði: Frá Siglunestá að Ólafsfjarðarmúla.
21. skoðunarsvæði: Frá Ólafsfjarðarmúla að Gjögri, svo og Grímsey.
22. skoðunarsvæði: Frá Gjögri að Tjörnestá, svo og Flatey á Skjálfanda.
23. skoðunarsvæði: Frá Tjörnestá að Gunnólfsvíkurfjalli.

IV. eftirlitssvæði:
24. skoðunarsvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Lagarfljóti.
25. skoðunarsvæði: Frá Lagarfljóti að Loðmundarfirði.
26. skoðunarsvæði: Loðmundarfjörður og Seyðisfjörður.
27. skoðunarsvæði: Frá Dalatá að Gerpi.
28. skoðunarsvæði: Frá Gerpi að Fáskrúðsfirði.
29. skoðunarsvæði: Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík.
30. skoðunarsvæði: Frá Breiðdalsvík að Austurhorni.
31. skoðunarsvæði: Frá Austurhorni að Hjörleifshöfða.

V. eftirlitssvæði:
32. skoðunarsvæði: Vestmannaeyjar.

11. gr.

Siglingamálastjóri skipar að fengnum tillögum eftirlitsmanns skoðunarmenn á hvert skoðunarsvæði. Tölu skoðunarmanna á hverju skoðunarsvæði ákveður siglingamálastjóri að fengnum tillögum eftirlitsmanns. Skoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á svæði sínu, hafa reynslu og þekkingu á siglingum, skipum og vélum og vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann.

Eftirlitsmaður skiptir með þeim verkum eftir sérþekkingu þeirra.

12. gr.

Siglingamálastofnunin skal að jafnaði hafa starfandi umferðaeftirlitsmenn, sem ferðast um landið til að samræma störf skipaskoðunarmanna, í samráði við skipaeftirlitsmann hvers eftirlitssvæðis. Skulu umferðaeftirlitsmenn einnig framkvæma skyndiskoðanir í höfnum eða á sjó, eftir því sem aðstæður leyfa og ástæða þykir til. Milli ferða skulu umferðaeftirlitsmenn starfa við skrifstofu Siglingamálastofnunarinnar, og skal siglingamálastjóri setja þeim starfsreglur.

13. gr.

Siglingamálastjóri löggildir eftir þörfum skipamælingamenn samkvæmt lögum um skipamælingar. Skipamælingamenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna. Þeir skulu hafa þekkingu á reglum þeim, er um skipamælingar gilda, og hafa fengið æfingu í notkun þeirra. Ráðherra getur sett reglur um prófraun skipamælingamanna eftir tillögum siglingamálastjóra.

14. gr.

Ráðherra getur skipt landinu í skipamælingaumdæmi eftir tillögum siglingamálastjóra. Heimilt er þó siglingamálastjóra að láta löggiltan mælingamann framkvæma mælingar utan umdæmis síns, hvenær sem ástæða þykir til.

15. gr.

Áður en embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunarinnar hefja störf, skulu þeir undirrita eið eða drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starfann eftir beztu samvizku og þekkingu.

Ekki mega þeir annast nein störf Siglingamálastofnunarinnar vegna skipa, er þeir eiga sjálfir að meira eða minna leyti, eða þeirra skipa, sem þeir eru á einn eða annan hátt við riðnir, þannig að þeir verði eigi taldir óvilhallir.

16. gr.

Þegar embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunarinnar eru að starfi, hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip, sem statt er í íslenzkri höfn eða innan íslenzkrar landhelgi, til þess að rannsaka það, sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Leita ber þó álits eftirlitsmanns eða siglingamálastjóra, ef eigi er nauðsyn skjótra aðgerða.

Útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, er í þeirra umboði starfa, svo og aðrir skipverjar, eru skyldir til að veita Siglingamálastofnuninni alla aðstoð og upplýsingar, sem óskað er og starfið varða.

Trúnaðarmenn Siglingamálastofnunarinnar skulu á hinn bóginn gæta þess að valda ekki skipi óþarfatöfum né torvelda vinnu um nauðsyn fram.

17. gr.

Embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunarinnar eru opinberir starfsmenn og njóta réttar og bera skyldur í samræmi við það.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi ákvæði laga, sem í bága kunna að fara við lög þessi.

Nd. **670. Frumvarp til laga** [5. mál]

um skipamælingar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 5.

Nd. **671. Frumvarp til laga** [6. mál]

um skráningu skipa.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 6.

Nd. 672. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og leitað um það umsagnar.
Nefndin er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, sem prentuð er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 24. apríl 1970.

Matthías Bjarnason, form., frsm. — Unnar Stefánsson, fundaskr. — Jóhann S. Hlíðar.
Friðjón Þórðarson. — Hannibal Valdimarsson. — Jón Kjartansson.
Jónas Árnason.

Nd. 673. Breytingartillögur [132. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Orðin „eða útgerðarmanni vegna hins slasaða" falli niður.
2. Við 3. gr. Orðin „eða útgerðarmanni vegna hins sjúka" falli niður.

Nd. 674. Frumvarp til laga [48. mál]

um eftirlit með skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 50 með þessum breytingum:

38. gr. hljóðar svo:
Hlutverk siglingadóms er:
1. Að skera úr um, hvort skoðun á skipi skuli fram fara, annast yfirskoðunargerðir og kveðja yfirskoðunarmenn, eins og nánar greinir í 21. gr.
2. Að skera úr um, hvort farbann skuli lagt á skip, og dæma um gildi farbanns, svo sem getið er í 36. gr.
3. Að fara með dómstörf í opinberum málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum í samræmi við ákvæði 40. gr.

39. gr. hljóðar svo:
Hinir reglulegu sjódómar annast sjópróf samkvæmt 39. gr. siglingalaga nr. 66 31. des. 1963. Skulu prófin fara fram að hætti opinberra mála.
Þegar sjópróf skal halda, ber formanni sjódóms að gera eftirlitsmanni Siglingamálastofnunarinnar í því umdæmi, þar sem próf er haldið, aðvart um það.
Eftirlitsmanni ber að mæta eða láta mæta við sjópróf, ef um er að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón á skipi eða veruleg meiðsli manna. Skal honum heimilt að kynna sér málsskjöl, bera fram tillögur um rann-

sókn málsins, spyrja vitni með milligöngu dómara eða beint með samþykki hans og að fara fram á þær bókanir, sem hann telur nauðsynlegar.

Eftirlitsmanni ber að hefjast handa um, að sjópróf sé haldið, ef hann telur ástæðu til eða þess er krafizt af aðilum þeim, sem taldir eru í b-lið 18. gr. Hann getur og krafizt framhaldsprófs, ef honum þykir þess þörf.

Að sjóprófi loknu skal formaður sjódóms senda siglingamálastjóra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands og Slysavarnafélagi Íslands eftirrit af því.

41. gr. hljóðar svo:

Áður en saksóknari ákveður höfðun opinbers máls út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum, skal hann jafnan leita umsagnar siglingamálastjóra. Ber siglingamálastjóra að láta í té rökstudda umsögn og tillögur, svo fljótt sem verða má.

Dómstólar skulu láta Siglingamálastofnuninni í té eftirrit dóma, dómsgerða og annarra gagna í málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum.

44.—57. gr. hljóða svo:

44. gr.

Við Siglingamálastofnunina skal starfa siglingafróður maður, er hafi það meginverkefni að kanna orsakir sjóslysa. Skal hann mæta við sjópróf, er um er að ræða manntjón, veruleg meiðsli manna eða meiri háttar eignatjón, og hefur hann þá fyrir dómnum að öllu leyti sama rétt og eftirlitsmaður samkvæmt ákvæðum 39. gr.

Með honum skulu vinna að þessum málum fjórir menn skipaðir af ráðherra til 6 ára í senn samkvæmt tilnefningu þessara aðila: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Slysavarnafélags Íslands.

Samstarfsnefnd þessi skal fylgjast eftir föngum með starfi sjódóma og siglingadóms, safna saman upplýsingum, sem skýrt geta eða upplýst orsakir sjóslysa, koma á framfæri leiðbeiningum um slysavarnir og varúðarráðstafanir, miðla slíkum upplýsingum til sjómannaskóla, sjómanna og útgerðarmanna og gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr slysahættu á sjó.

Framangreindur starfsmaður Siglingamálastofnunarinnar skal í samráði við samstarfsmenn sína í nefndinni, þegar þess er óskað af skólastjórum sjómannaskóla, skýra fyrir nemendum helztu orsakir sjóslysa hér við land og hvernig unnt sé að forðast þau.

Nefndin semur greinargerðir um rannsókn sjóslysa og ályktanir sínar í því efni. Siglingamálastofnunin birtir niðurstöður nefndarinnar árlega eða oftar, þegar sérstök ástæða þykir til. Ferðakostnaður og önnur nauðsynleg útgjöld nefndarinnar greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

45. gr.

Fyrir skoðanir á skipum, eimkötlum, mælingu á skipum, útgáfu skírteina, endurskoðun smíðauppdrátta og aðrar skoðanir skal eigandi greiða gjöld til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur. Þar skulu einnig sett ákvæði um fyrirkomulag innheimtu gjaldanna.

Gjöldunum fylgir lögveð í skipi, jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi í eitt ár frá því, er gjald var kræft.

46. gr.

Telji gjaldandi gjald ranglega krafið eða of hátt, getur hann leitað úrskurðar siglingamálastjóra, og skal þá greiða gjaldið samkvæmt honum. Gjaldandi getur þó á næstu þremur mánuðum frá því, er honum varð kunnugt um úrskurðinn, skotið honum til dómstóla.

Siglingamálastjóri er í fyrirsvari fyrir ríkissjóð í framangreindum málum.

Réttarhöld í málum samkvæmt þessari grein eru hin sömu og í einkamálum.

47. gr.

Ef eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, annar yfirmaður skips eða loftskeytamaður brýtur í verki eða með vítaverðri vanrækslu gegn fyrirmælum í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, varðar það sektum eða varðhaldi. Dæma má fangelsisrefsingu, ef um stórfellt brot er að ræða.

Nú er skipi, sem eigi hefur gilt haffærisskírteini eða farbann hvílir á, lagt úr höfn, eða skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, og skal þá ekki beita vægari refsingu en varðhaldi.

48. gr.

Ef maður, sem hefur fengið opinbera viðurkenningu eða próf sem smiður skips, vélar þess eða búnaðar, vanrækir af ásetningi eða vítaverðu gáleysi störf sín samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, varðar það hann refsingu eftir ákvæðum 1. mgr. 47. gr.

49. gr.

Um brot samkvæmt 47. og 48. gr. skal beitt reglum almennra hegningarlaga um hlutdeild.

Nú er brot framið með verknaði, sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum, og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

50. gr.

Þegar um brot er að ræða samkvæmt 47. gr., má svipta sökunaut rétti til skipstjórnar, stýrimennsku, vélstjórnar eða loftskeytamannsstarfs um ákveðinn tíma, er eigi sé skemmri en 3 mánuðir.

Nú er dæmd refsing samkvæmt 2. mgr. 47. gr. eða brot er að öðru leyti sérstaklega stórfellt eða ítrekað, og skal þá beita réttindasviptingu í 6 mánuði og allt að 5 árum eða ævilangt.

Dæma má sökunaut samkvæmt 48. gr. réttindasviptingu um ákveðinn tíma, er eigi sé skemmri en 3 mánuðir.

51. gr.

Svipting réttinda samkvæmt 50. gr. skal gerð með dómi. Sá er réttindum hefur verið sviptur, skal afhenda lögreglunni réttindaskírteini sitt.

Réttindasvipting skal tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

52. gr.

Þegar þrjú ár að minnsta kosti eru liðin frá því, að réttingasvipting var dæmd, getur dómsmálaráðherra, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt dómfellda réttindin aftur, enda þótt sá tími, sem til er tekinn í dóminum, sé eigi liðinn.

Endurveiting réttinda samkvæmt 1. mgr. er þó því aðeins heimil, að siglingamálastjóri og siglingadómur mæli með því.

53. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Þeim fylgir lögveð í skipi og búnaði þess jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi.

Aðför skal reynd fyrir sekt, áður en til afplánunar kemur.

Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sökunauts.

54. gr.

Lög þessi raska í engu ákvæðum 24. gr. áfengislaga nr. 82 2. júlí 1969, að því er snertir viðurlög, ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

55. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, lög nr. 24 7. apríl 1962, um breyting á þeim lögum, svo og önnur þau ákvæði, sem eigi fá samrýmzt lögum þessum.

56. gr.

Reglugerðir og reglur, sem út hafa verið gefnar samkvæmt lögum nr. 50 31. júlí 1959 eða eldri lögum um eftirlit með skipum, halda gildi sínu, þar til nýjar reglugerðir hafa verið settar.

57. gr.

Auk þess, sem getið er í einstökum greinum, er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um einstök ákvæði laganna og framkvæmd þeirra, enda sé tillagna siglingamálastjóra leitað. Í slíkar reglugerðir má og setja refsiákvæði innan þeirra marka, er lög þessi setja.

Nd. 675. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarp þetta felur í sér þá eina breytingu á gildandi lögum, að nemendur framhaldsdeildar Bændaskólans á Hvanneyri bætast í hóp þeirra, sem geta fengið námslán og námsstyrki. Eru þeir taldir algerlega hliðstæðir nemendum í fyrsta hluta Tækniskólans, sem fengið hafa þennan rétt.

Menntamálanefnd mælir með samþykkt frumvarpsins.

Einn nefndarmaður (MK) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. apríl 1970.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Bjartmar Guðmundsson, fundaskr.	Birgir Kjaran.
Sigurvin Einarsson.	Eysteinn Jónsson.	Gunnar Gíslason.

Nd. 676. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [93. mál]

í málinu: Frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar.

Frá Bjartmari Guðmundssyni og Gísla Guðmundssyni.

Þar sem ákvæði þessa frumvarps varðandi ráðstöfun á eignum og skuldum Flateyjarhrepps eru of óljós og ekki er heldur fyrirliggjandi vitneskja um, hverjar eignirnar eru né skuldirnar, og engin ákvæði eru í frv. um ráðstöfun á landi hreppsins vestan Flateyjarsunds, sem er Flateyjardalur og önnur verðmæt afréttarlönd, og að einnig er vitað, að sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu er því andvíg, að sveitarfélagið verði með lögum skilið frá sýslufélaginu, eins og sakir standa, telur deildin, að mál þetta þurfi að skoða nánar og því sé ótímabært að samþykkja frv., en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 677. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til laga um Alþýðubankann h.f.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar. Mælir nefndin með því, að frv. verði samþ.

Alþingi, 24. apríl 1970.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Pálmi Jónsson.
Jóhann S. Hlíðar. Lúðvík Jósefsson. Þórarinn Þórarinsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 678. Breytingartillögur [220. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni og Stefáni Valgeirssyni.

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Síðasti málsliður 3. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:
   Aldrei kemur þó hærri upphæð til frádráttar en 50 000 kr.
2. 2. gr. (verður 3. gr.) orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1970, en ákvæði 2. gr. við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1969.

Nd. 679. Breytingartillaga [224. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 11. júní 1960, um tollvörugeymslur o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Á eftir frumvarpsgreininni, sem verður 1. gr., komi ný grein, svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 680. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur haft þetta mál til meðferðar, en það hefur legið fyrir Alþingi þrisvar áður án þess að fá afgreiðslu.

Eins og venja er um slík mál, þá hefur það verið sent til umsagnar jarðeignadeildar ríkisins og landnámsstjóra. Svör bárust frá báðum þessum aðilum. Telur landnámsstjóri eðlilegt, að málið nái fram að ganga, en umsögn jarðeignadeildarinnar er neikvæð, og er það fremur sjaldgæft af hennar hendi um slík mál.

Hreppsnefndin í Dyrhólahreppi hefur fjallað um þetta mál, og samþykkti hún að mæla með frumvarpinu.

Þrír nefndarmenn gerðu ferð sína austur að Holti til þess að kynna sér með eigin augum legu jarðarinnar og hvernig landamerki milli Holts og nágrannajarða liggja. Ekki varð séð, að neinir sérstakir annmarkar séu á því að selja jörð þessa vegna ólöglegra landamerkja milli hennar og ríkisjarðarinnar Fells, sem einnig er í eyði, en jarðeignadeild hefur talið sölu Holts óráðlega vegna þess, hvernig lönd þessara jarða skiptast. Út af því má taka fram, að ekki er vitað, að til ágreinings hafi komið milli ábúenda Fells og Holts, þegar búið var á báðum jörðunum, og voru landamerki þá hin sömu og nú.

Á árunum um og upp úr 1930 gekk Hafursá mjög á land Holts og spillti því, meðal annars vegna framkvæmda Vegagerðar ríkisins. Þorsteinn Einarsson og Jóhanna Sæmundsdóttir, sem þá voru eigendur og ábúendur Holts, gátu ekki af þessum sökum fengið lán til nauðsynlegra húsabóta, þar eð Búnaðarbankinn taldi jörðina ekki veðhæfa vegna ágangshættu af völdum Hafursár. Neyddust þau því til að selja ríkinu jörðina og urðu að flytja af henni. Voru það þung spor fyrir þau, þar sem Holt hafði lengi verið í eigu Þorsteins og forfeðra hans.

Nú hefur svo til skipazt, að ekki er lengur talin hætta á landskemmdum af völdum Hafursár, enda eru líka komin til sögu úrræði til varnar, ef á þyrfti að halda, sem ekki voru áður fyrir hendi.

Jóhanna Sæmundsdóttir, ekkja Þorsteins Einarssonar, sem nú er orðin öldruð kona, hefur mikinn hug á því að ná aftur eignarrétti á Holti, svo að það megi eftirleiðis verða í eigu niðja þeirra hjóna, en þrír synir þeirra búa í Dyrhólahreppi og sumir þeirra við of lítið jarðnæði og þurfa á Holtinu að halda, en allt er í óvissu um not þeirra af því, þegar hennar missir við, þar sem jörðin er ekki leigð í erfðafestuábúð.

Landbúnaðarnefnd fékk í hendur ýmis gögn um viðskipti ríkisins við Jóhönnu Sæmundsdóttur í sambandi við jörðina Holt, meðal annars hæstaréttardóm, þar sem Jóhönnu var dæmd lífstíðarábúð á jörðinni. Ekki þykir ástæða til að birta þau gögn með þessu nefndaráliti, en þau eru í vörzlu landbúnaðarnefndar, og að sjálfsögðu geta þeir þingmenn, sem það vilja, fengið aðgang að þeim.

Minni hlutinn fær ekki séð, að ríkinu geti verið það til nokkurs gagns að eiga Holtið, og þykir það réttlætismál, að Jóhönnu Sæmundsdóttur verði seld jörðin, og er þá einnig haft í huga, að synir hennar, sem bændur eru í nágrenni Holts, geti í framtíðinni fengið að njóta ættaróðalsins, þar sem þeir stigu sín fyrstu spor.

Minni hlutinn leggur áherzlu á, að frv. fái afgreiðslu, og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 24. apríl 1970.

Stefán Valgeirsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson. Eðvarð Sigurðsson.

Nd. 681. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum nr. 51 frá 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 529 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

30. gr., e-liður orðist svo:

Sveitarfélag, þar sem útsvar er á lagt, hlýtur aldrei minna en ¼ hluta af útsvari, sem skipt er skv. d-lið 2, og eigi verður útsvari þá skipt, nema í hlut þess

sveitarfélags, sem skiptikröfu gerir, komi a. m. k. kr. 75 000; þó má fjárhæðin lægri vera, ef hún eigi að síður nemur a. m. k. 5% af heildarútsvörum þess sveitarfélags, er kröfuna gerir.

Tekjuútsvari aðila, sem jafnframt greiðir landsútsvar, skal ekki skipt.

Ed. 682. Breytingartillaga [215. mál]

við frv. til laga um skemmtanaskatt.

Frá Birni Jónssyni og Kristjáni Thorlacius.

Við 3. gr. Á eftir h-lið komi nýr liður, i, svofelldur:
Allar fjáröflunarskemmtanir íþróttafélaga.

Ed. 683. Breytingartillaga [215. mál]

við frv. til laga um skemmtanaskatt.

Frá Páli Þorsteinssyni og Kristjáni Thorlacius.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Í öllum sveitarfélögum landsins, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri, skal greiða skatt samkvæmt lögum þessum, þegar aðganga er seld að skemmtunum fyrir almenning.

Ed. 684. Breytingartillaga [215. mál]

við frv. til laga um skemmtanaskatt.

Frá Auði Auðuns.

Við 6. gr. Niður falli orðin „(sbr. lög nr. 77/1947)“ í 1. mgr.

Ed. 685. Frumvarp til laga [125. mál]

um leigubifreiðar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 173 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:
Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags vörubifreiðastjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar til vöruflutninga í kaupstaðnum, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar. Á sama hátt er sýslunefnd heimilt að ákveða, að allar leigubifreiðar til vöruflutninga í sýslunni eða tilteknum hluta hennar skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem hlotið hefur viðurkenningu sýslunefndar. Nú tekur félagssvæði stéttarfélags vörubifreiðastjóra til tveggja sýslna eða hluta úr þeim en stéttarfélagið rekur vörubifreiðastöð fyrir allt félagssvæðið, og er þá sýslunefndunum heimilt að ákveða, að allar vörubifreiðar á svæðinu skuli hafa afgreiðslu á stöð félagsins.

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, er öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd. Leiguakstur telst það, þegar vörubif-

reið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Ed. 686. Frumvarp til laga [214. mál]

um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. apríl.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Í Félagsheimilasjóð rennur skattur af skemmtunum, eftir því sem segir í lögum um skemmtanaskatt.

Verja skal allt að 90% af tekjum sjóðsins til að styrkja byggingar félagsheimila samkvæmt 1. gr. Til þess að hefja byggingu nýs félagsheimilis, er njóti styrks úr sjóðnum, þarf leyfi menntamálaráðherra, enda samþykki hann staðsetningu þess og teikningu. Hann getur sett það skilyrði fyrir styrkveitingu, að sveitarfélag, þar sem félagsheimili á að byggja, láti ókeypis í té viðunandi byggingarlóð. Einnig getur ráðherra sett það skilyrði fyrir styrk úr sjóðnum, að fleiri en eitt félag standi að byggingu félagsheimilis, svo og sett þau önnur skilyrði viðvíkjandi gerð og notkun félagsheimilanna, sem hann telur nauðsynleg til þess, að þau komi að sem beztum notum og séu sem mest við hæfi bæjar þess eða byggðar, þar sem þau eru reist.

Af tekjum Félagsheimilasjóðs skulu 10% renna í menningarsjóð félagsheimila. Skal því fé varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilunum. Styrkveitingu til menningarstarfsemi einstakra félagsheimila má binda því skilyrði, að tiltekinn hluti aðgangseyris að samkomum félagsheimilisins renni í sérstakan menningarsjóð þess. Skal stjórn félagsheimilisins varðveita þann sjóð, og verður honum eingöngu varið til menningarstarfsemi í því félagsheimili.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Félagsheimilasjóðs er í höndum menntamálaráðherra. Veitir hann styrki úr sjóðnum samkvæmt 2. gr. að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og íþróttanefndar.

Umsóknir um styrki skal senda íþróttanefnd. Ef um er að ræða umsókn um byggingarstyrk, skal fylgja nákvæm lýsing á húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, ásamt greinargerð fyrir þörfinni á félagsheimili á viðkomandi stað og um fyrirhugaða notkun þess. Sé sótt um styrk úr menningarsjóði félagsheimila, skal gerð nákvæm grein fyrir, hvernig fyrirhugað er að verja styrknum.

Ekki má styrkur til byggingar félagsheimilis, hvort heldur eitt eða fleiri félög standa að því, nema hærri fjárhæð en svarar 40% af byggingarkostnaði.

Nú hefur félagsheimili notið eða nýtur byggingarstyrks úr ríkissjóði, auk þess sem fyrir er mælt í lögum þessum, og má þá styrkur samkvæmt þeim ekki nema meiru en svo, að hann ásamt ríkisstyrknum nemi 40% af byggingarkostnaði.

Heimilt skal Félagsheimilasjóði að gefa út skuldabréf til allt að 15 ára með venjulegum vöxtum til greiðslu á styrk til þeirra félagsheimila, sem byggingu er lokið á eða eru í byggingu. Menntamálaráðherra gerir, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og íþróttanefndar, áætlun um, hvernig væntanlegum tekjum sjóðsins skuli skipt milli styrkja til félagsheimila og endurgreiðslu á skuldabréfunum ásamt vöxtum, enda skulu þá tekjur sjóðsins áætlaðar varlega. Heimilt er að veita ríkisábyrgð fyrir þessum skuldabréfum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Fellur þá jafnframt úr gildi 2. gr. laga nr. 47 5. júní 1957, um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt 1. gr. laga nr. 47 5. júní 1957 inn í lög nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, og gefa þau út svo breytt.

Sþ. 687. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1968.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið tölulega og ekkert fundið við það að athuga. Leggur hún til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 1970.

Jón Árnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Matthías Bjarnason.
Sverrir Júlíusson.	Gunnar Gíslason.	Halldór E. Sigurðsson.
Ingvar Gíslason.	Ágúst Þorvaldsson.	Geir Gunnarsson.

Ed. 688. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt frv. á nokkrum fundum, athugað umsagnir, sem um það hafa borizt, og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Þó áskilja nefndarmenn sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja þeim, sem fram kunna að koma.

Karl Guðjónsson tók ekki afstöðu til frv.

Alþingi, 25. apríl 1970.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Jón Árnason.
Jónas G. Rafnar.	Páll Þorsteinsson.	Ásgeir Bjarnason.

Ed. 689. Breytingartillaga [174. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

Frá Steinþóri Gestssyni, Jónasi G. Rafnar og Jóni Þorsteinssyni.

Á eftir 47. gr. komi ný grein, þannig:

87. gr. (áður 102. gr.) hljóði svo:

1. Í veiðimálanefnd eiga sæti fimm menn. Ráðherra skipar nefndina til 4 ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, einn samkvæmt tilnefningu

Landssambands stangarveiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Nú tilnefnir einhver framangreindra aðila eigi mann í veiðimálanefnd, og skipar ráðherra í nefndina í hans stað. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn.

2. Veiðimálanefnd er ráðherra til aðstoðar um veiðimál og fer með þau mál, sem henni er falið í lögum þessum. Getur hún gert tillögur um allt, er að veiðimálum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leita um setningu reglugerða og annarra ákvæða um friðun, fiskeldi og veiði.

3. Fundur er ályktunarfær, ef minnst þrír menn eru á fundi.

4. Atkvæði þriggja nefndarmanna þarf til þess, að ákvörðun veiðimálanefndar sé lögmæt.

Nd. 690. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til laga um kaup á sex skuttogurum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Mikils meiri hluta af útfluttum sjávarafurðum er aflað af 80—200 lesta fiskibátum. Þeir hafa reynzt mjög vel í verstöðvum sunnan- og vestanlands eða þar sem stutt er á aflasæl fiskimið. Nokkuð öðru máli gegnir um Norðurland, Austfirði og að minnsta kosti hluta Vestfjarða. Þar þarf lengra að sækja og veður að jafnaði harðari. Stór togskip henta eigi vel vegna aðstöðu við fiskvinnslu og misgóðra hafnarskilyrða. Minni togskip landa oftar og sigla síður með aflann óunninn til annarra landa. Þau eru því hagkvæmari til atvinnuaukningar en stóru togskipin. Það er ranglátt og óviturlegt, að ríkið stuðli að kaupum stórra skuttogara með vaxtalausu láni eða framlagi, án þess að veita minni togskipum hliðstæða fyrirgreiðslu. Skip hafa hækkað mjög í verði í íslenzkum krónum. Litlar líkur eru til, að ný togskip beri sig án aðstoðar. Sú aðstoð gæti verið með ýmsu móti, annaðhvort með lækkun vaxta, óendurkræfu framlagi eða vaxtalausu láni, Þess ber og að gæta, að fiskiskip, sem við eigum nú, búa að því leyti við hagkvæmari aðstöðu, að stofnkostnaður þeirra er minni, vegna þess að þau hafa verið smíðuð á öðrum tíma og mikill meiri hluti þeirra býr við lán í íslenzkum krónum án gengisáhættu.

Ég mæli því með því, að stærri skuttogarar fái aðstoð með vaxtalausu láni, og greiði því atkv. með frumvarpinu, en legg áherzlu á, að minni togskip fái hliðstæða fyrirgreiðslu á einn eða annan hátt

BREYTINGARTILLAGA:

Á eftir 3. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að stuðla að smíði og kaupum á allt að 14 minni skuttogurum, með því að lána án vaxta úr ríkissjóði eða atvinnujöfnunarsjóði 10% af andvirði þeirra til 15 ára. Stærð þessara skipa skal vera 250—700 lestir. Ríkisstjórnin skal vinna að því, að heimahöfn þessara skuttogara verði í kauptúnum og minni kaupstöðum, enda sé stærð þeirra miðuð við þá aðstöðu, sem þeir eiga væntanlega við að búa hvað snertir löndun og vinnslu aflans. Ríkisstjórninni er heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs lán í þessu skyni, ef með þarf.

Alþingi, 25. apríl 1970.

Björn Pálsson.

Nd. 691. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1970.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Enn heldur ríkisstjórnin uppteknum hætti að leggja frumvarp um lántökuheimildir ríkissjóðs þá fyrst fram, þegar örfáir dagar eru til þingloka og fjölmörg önnur þingmál bíða afgreiðslu.

Lántökuheimildir þessa frv. nema nálægt 1000 milljónum króna. Eðlilegt væri, að þinginu gæfist kostur á að fjalla ýtarlega um ráðstöfun svo mikilla fjármuna, en því er ekki að heilsa. Er ekki ólíklegt, að alþingismenn vildu t. d. athuga það nánar, hvort tímabært sé að hefjast handa um aukna raforkuöflun utan þess svæðis, sem Búrfellsvirkjunin nær til. Og þegar um er að ræða 500 milljón króna lántöku til lagningar hraðbrauta, kæmu að okkar dómi einnig til álita fleiri meiri háttar verkefni í vegagerð.

Það er eftirtektarvert, að í stað þess að áður voru erlend lán nær einvörðungu tekin til einstakra stórframkvæmda, til þess að efla arðbæran atvinnurekstur eða leysa verkefni, sem ætla mátti að hefðu þjóðhagslega þýðingu, þá er nú í vaxandi mæli notað erlent fjármagn til ýmissa smærri framkvæmda, sem áður þótti sjálfsagt að greiða með fjárveitingum á fjárlögum.

Á undanförnum árum hafa verið sívaxandi brögð að því, að alls konar skuldabréf eru með lögum undanþegin framtalsskyldu. Þetta teljum við óhæfu. Við teljum, að það sé frumskilyrði fyrir eðlilegu skatteftirliti, að eignir séu taldar fram, þó að þær séu undanþegnar skattlagningu, en slíkt getur í vissum tilfellum verið réttlætanlegt, og flytjum við brtt. við 3. gr. frv.

Eins og mál þetta ber að í Alþingi nú — og raunar áður — er útilokað að gera því þau skil, sem margir alþm. hefðu áreiðanlega viljað og vert væri. Við munum ekki flytja breytingartillögur við þau ákvæði frv., sem fjalla um skiptingu lánsfjárins, þó með einni undantekningu, að því er varðar rafvæðingu í sveitum. Í þeim efnum hefur myndazt svo mikið ósamræmi milli byggðarlaga, að við teljum nauðsynlegt að flýta fyrir því, meira en frv. gerir ráð fyrir, að rafvæðingu landsins verði lokið.

Við leggjum til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Orðin „framtalsskyldu og“ falli brott.
2. Við 8. gr. Upptalning, hvernig verja skuli lánsfé, breytist þannig:
   Í stað „15 millj. kr.“ til rafvæðingar í sveitum komi: 30 millj. kr., og niðurstöðutala breytist samkvæmt því í 371.8 millj. kr.

Alþingi, 25. apríl 1970.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Þórarinn Þórarinsson. Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 692. Nefndarálit [84. mál]

um till. til þál. um nýjar heyverkunaraðferðir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Nefndin telur heyverkunarmálin hin mikilvægustu og því ástæðu til, að Alþingi geri ályktun um þau. Leggur nefndin til, að þáltill. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að beita sér fyrir, að auknar verði rannsóknir á því, hvaða leiðir eru hagfelldastar til að tryggja góða heyverkun, svo að heyskapur verði sem óháðastur veðurfari. Sérstaklega verði kappkostað að meta gildi votheysgerðar og hraðþurrkunar á grasi, samanburð og samvirkni þeirra verkunarleiða.

Alþingi, 24. apríl 1970.

Unnar Stefánsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr., frsm.	Friðjón Þórðarson.
Jónas Árnason.	Gísli Guðmundsson.	Matthías Bjarnason.
	Vilhjálmur Hjálmarsson.	

Ed. 693. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til laga um framkvæmd alþjóðasamnings um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundi sínum og mælir einróma með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 25. apríl 1970.

Jón Árnason, form., frsm.	Sveinn Guðmundsson.	Ólafur Jóhannesson.
Oddur Andrésson.	Gils Guðmundsson.	Bjarni Guðbjörnsson.

Ed. 694. Frumvarp til laga [11. mál]

um skipun prestakalla og prófastsdæma og kristnisjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd., 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 430 með þessari breytingu:

1. gr. XI.—XIV. hljóðar svo:

XI. *Húnavatnsprófastsdæmi:*

64. Árnes: Árnesssókn.
Prestssetur: Árnes.

65. Hólmavík: Kaldrananess-, Drangsness-, Staðar-, Hólmavíkur- og Kollafjarðarnesssóknir.
Prestssetur: Hólmavík.

66. Prestsbakki í Hrútafirði: Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.
Prestssetur: Prestsbakki.

67. Melstaður: Melstaðar-, Hvammstanga-, Staðarbakka- og Efranúpssóknir.
Prestssetur: Melstaður.

68. Beiðabólsstaður: Tjarnar-, Vesturhópshóla-, Breiðabólsstaðar- og Víðidalstungusóknir.
Prestssetur: Breiðabólsstaður í Vesturhópi.
69. Þingeyrarklaustur: Þingeyrar-, Undirfells- og Bönduóssóknir.
Prestssetur: Blönduós.
70. Bólstaðarhlíð: Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Auðkúlu-, Svínavatns- og Holtastaðasóknir.
Prestssetur: Bólstaður.
71. Höfðakaupstaður: Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir.
Prestssetur: Höfðakaupstaður.

XII. *Skagafjarðarprófastsdæmi:*

72. Sauðárkrókur: Sauðárkróks-, Hvamms- og Ketusóknir.
Prestssetur: Sauðárkrókur.
73. Glaumbær: Glaumbæjar-, Víðimýrar- og Reynistaðarsóknir.
Prestssetur: Glaumbær.
74. Mælifell: Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir.
Prestssetur: Mælifell.
75. Miklibær: Miklabæjar-, Silfrastaða-, Flugumýrar- og Hofstaðasóknir.
Prestssetur: Miklibær.
76. Hólar: Hóla-, Viðvíkur- og Rípursóknir.
Prestssetur: Hólar.
77. Hofsós: Hofsóss-, Hofs-, Fells-, Barðs- og Knappsstaðasóknir.
Prestssetur: Hofsós.

XIII. *Eyjafjarðarprófastsdæmi:*

78. Siglufjörður: Siglufjarðarsókn.
Prestssetur: Siglufjörður.
79. Ólafsfjörður: Ólafsfjarðarsókn.
Prestssetur: Ólafsfjörður.
80. Dalvík: Valla-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir.
Prestssetur: Dalvík.
81. Hrísey: Hríseyjar- og Stærra-Árskógssóknir.
Prestssetur: Hrísey.
82. Möðruvellir í Hörgárdal: Möðruvalla-, Glæsibæjar-, Bakka- og Bægisársóknir.
Prestssetur: Möðruvellir.
83.—84. Akureyri: Akureyrar-, Lögmannshlíðar- og Miðgarðasóknir.
Prestssetur: Akureyri. Annar hvor prestur Akureyrar skal jafnan hafa með höndum þjónustu Miðgarðasóknar í Grímsey.
85. Laugaland: Munkaþverár-, Kaupangs-, Grundar-, Möðruvalla-, Saurbæjar- og Hólasóknir.
Prestssetur: Laugaland.

XIV. *Þingeyjarpófastsdæmi:*

86. Laufás: Laufáss-, Svalbarðs- og Grenivíkursóknir.
Prestssetur: Laufás.
87. Háls: Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasóknir.
Prestssetur: Háls.
88. Staðarfell: Ljósavatns-, Þóroddsstaða- og Lundarbrekkusóknir.
Prestssetur: Staðarfell.
89. Skútustaðir: Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðirhólssóknir.
Prestssetur: Skútustaðir.

90. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarsstaða- og Nessóknir.
Prestssetur: Grenjaðarstaður.
91. Húsavík: Húsavíkur- og Flateyjarsóknir.
Prestssetur: Húsavík.
92. Skinnastaður: Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir.
Prestssetur: Skinnastaður.
93. Raufarhöfn: Raufarhafnarsókn.
Prestssetur: Raufarhöfn.
94. Sauðanes: Sauðaness- og Svalbarðssóknir.
Prestssetur: Sauðanes.

2. gr. hljóðar svo:

Í Reykjavíkurprófastsdæmi skal vera safnaðarráð. Skal það skipað formönnum safnaðarnefnda og safnaðarfulltrúum í prófastsdæminu og prestum þess. Prófastur er formaður ráðsins og kallar það saman. Skylt skal að kalla safnaðarráð saman til fundar, þegar fullur þriðjungur safnaðarráðsmanna óskar þess. Verkefni ráðsins eru:

1. Að gera tillögur um skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll og um breytingar á þeim svo oft sem þörf er, og skal sú skipting að jafnaði miðuð við það, að einn prestur sé í hverju prestakalli.
2. Að sjá um kosningu safnaðarnefnda í prestaköllum eftir skiptingu. Ein safnaðarnefnd sé fyrir hvert prestakall, og hefur hún á hendi störf sóknarnefnda, eftir því sem við á, og er kosin með sama hætti. Þar, sem fleiri en einn söfnuður eiga sömu kirkju, skulu nefndirnar hafa sameiginlega stjórn á afnotum og fjármálum kirkjunnar.
3. Að vinna að eflingu kirkjulegs starfs og kristilegrar félagsstarfsemi innan prófastsdæmisins.

8. gr. hljóðar svo:

Biskupi er heimilt með samþykki ráðherra að ráða prestvígða menn til sérstakrar sjúkrahúsa- og fangahúsaþjónustu. Biskup setur þeim erindisbréf.

Ed. 695. Frumvarp til laga [224. mál]

um breyting á lögum nr. 17 11. júní 1960, um tollvörugeymslur o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd., 24. apríl.)

1. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna hljóði svo:

Verzlunum samkvæmt 1. málsgrein er eingöngu heimilt að selja vörur sínar áhöfnum og farþegum millilandaflugvéla. Þegar selt er farþega, sem er að leggja af stað til útlanda, skal fyrirskipa, að vörurnar séu afhentar í sérstaklega gerðum lokuðum umbúðum, sem kaupandi ber ábyrgð á að viðlagðri refsingu, að ekki séu opnaðar fyrr en komið er út úr íslenzkri tolllandhelgi. Enn fremur er verzlunum þeim, sem hér um ræðir, heimilt að senda vörur sínar í pósti til viðtakenda búsettra erlendis samkvæmt reglum, er ráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 696. Breytingartillaga [220. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við álagningu tekjuskatts árið 1970 (tekjur árið 1969) skal hækka persónufrádrátt frá því, sem ákveðið er í 16. gr. laganna, um 60% og verða:

a. Fyrir einstaklinga 128 000 kr.
b. Fyrir hjón 179 200 kr., telji þau fram sitt í hvoru lagi 89 600 kr. fyrir hvort.
c. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 25 600 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.

Nd. 697. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um sameiningu sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og náð samstöðu um að styðja að samþykkt þess með þeim breytingartillögum, er hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 24. apríl 1970.

Matthías Bjarnason, form.	Unnar Stefánsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
Jón Kjartansson.	Jóhann S. Hlíðar.	Jónas Árnason.
	Hannibal Valdimarsson.	

Nd. 698. Breytingartillögur [7. mál]

við frv. til laga um sameiningu sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Félagsmálaráðuneytið annast framkvæmd laga þessara í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga og hlutaðeigandi sveitarstjórnir.

Sérstök áherzla skal lögð á eftirfarandi:

a. að eiga frumkvæði að því, að athuguð verði skilyrði fyrir sameiningu einstakra sveitarfélaga um allt land.
b. að afla upplýsinga eftir föngum um allt það, sem máli skiptir í sambandi við sameiningu sveitarfélaga.
c. að vera samstarfsnefndum, sbr. 3. gr., til ráðuneytis og aðstoðar við störf þeirra.
d. að annast fyrirgreiðslu við stjórnvöld um þau mál, sem varða sameininguna.
e. að vera sveitarstjórnum til aðstoðar við ákvörðun þeirra atvika, sem um ræðir í 5. gr.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Þegar tvær eða fleiri sveitarstjórnir hafa ákveðið að rannsaka möguleika á sameiningu, skulu þær kjósa samstarfsnefnd til þess að annast rannsóknina. Sæti í samstarfsnefnd eiga fulltrúar, sem hver sveitarstjórn kýs, sem hlut á að máli. Nefndin kýs formann úr sínum hópi.
Samstarfsnefndir skulu haga störfum sínum í samráði við ráðuneytið, enda skal það láta þeim í té hvers konar aðstoð, sem það telur horfa til frekari sameiningar.
Að lokinni rannsókn þessari skal samstarfsnefnd skila áliti til hlutaðeigandi sveitarstjórna.
3. Við 4. gr. Í stað orðsins „Erindreki“ í upphafi greinarinnar komi: Félagsmálaráðuneytið.
4. Við 5. gr.
a. Í stað orðsins „Erindreka“ í 3. málsl. 2. málsgr. komi: Félagsmálaráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „hann“ í sama málslið komi: það.
c. Í stað orðsins „erindreka“ í 4. málsl. 2. málsgr. komi: ráðuneytið.
d. Í stað orðsins „erindreka“ í síðustu málsgr. komi: ráðuneytinu.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Þegar ráðuneytinu hafa borizt ályktanir sveitarstjórna, sbr. 5. gr., skal leitað álits hlutaðeigandi sýslunefnda eða sýslumanna fyrir þeirra hönd um málið. Rétt er að ákveða hæfilegan frest til þess að skila áliti.
6. Við 7. gr. Í stað orðanna „frá staðháttalegu sjónarmiði“ í 2. mgr. komi: miðað við staðhætti.
7. Við 13. gr. 1. málsgr. orðist svo:
Ráðherra er heimilt að sameina hrepp nágrannasveitarfélagi að fenginni jákvæðri umsögn viðkomandi sýslunefndar og/eða bæjarstjórnar, ef íbúatala hreppsins er lægri en 30.
8. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
Kostnaður við störf samstarfsnefnda greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra.

Ed. 699. Frumvarp til laga [220. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd., 25. apríl.)

1. gr.

53. gr. laganna orðist svo:
Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 4. gr., 1. mgr. 13. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 25. gr., ásamt frádráttarákvæðum 14. gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal af fjármálaráðherra, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra.

2. gr.

Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:
Við ákvörðun skattskyldra tekna á skattárinu 1969 skulu skattstjórar draga frá tekjum ársins 1969 fjárhæð, sem sé jöfn 20% af gjaldfærðum fyrningum fasteigna skattþegns, öðrum en íbúðarhúsnæði, fyrir árið 1968 og 40% af gjaldfærðum fyrningum lausafjár skattþegns, þar með talin skip og loftför, fyrir árið 1968, miðað við þær eignir, sem hann átti allt árið 1969, en að frádregnum þeim viðbótarfyrningum, sem hann kann að hafa fengið á árinu 1969 vegna gengistaps á árinu 1968.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1970, en ákvæði 2. gr. við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1969.

Nd. 700. Breytingartillaga [232. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

Frá Magnúsi Kjartanssyni og Þórarni Þórarinssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

2. gr. laganna orðist svo:

Stefnt skal að því, að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar. Skal ríkisstjórnin hlutast til um það, að gerð verði áætlun fyrir haustið 1970, sem feli í sér verulega aukningu á lánum og styrkjum til námsfólks, og verði við það miðað, að frá og með námsárinu 1974—75 verði unnt að fullnægja allri fjárþörf námsmanna umfram eigin tekjur þeirra.

Nd. 701. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, sem fjallar um skattfrádrátt einstæðra mæðra, og leitað álits Sigurbjörns Þorbjörnssonar ríkisskattstjóra og Jóns Sigurðssonar ráðuneytisstjóra, sem mætt hafa á fundum nefndarinnar.

Fyrir liggur, að endurskoðun laganna um tekju- og eignarskatt stendur yfir, og gert er ráð fyrir, að unnt reynist að leggja niðurstöður þeirrar endurskoðunar fyrir í upphafi næsta þings. Jafnframt er ljóst, að þó að frv. yrði samþ. á þessu þingi, gæti það naumast héðan af tekið gildi fyrr en við skattálagningu 1971.

Með tilvísun til þess og í trausti þess, að efnisatriði frv. fái jákvæða afgreiðslu við yfirstandandi endurskoðun skattalaganna, leggur nefndin til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Einn nefndarmanna, LJós, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. apríl 1970.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Pálmi Jónsson, frsm.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Þórarinn Þórarinsson.	Jóhann S. Hlíðar.

Ed. 702. Frumvarp til laga [215. mál]

um skemmtanaskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 554 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Skemmtanaskattur rennur í Félagsheimilasjóð, nema annars sé getið í lögum þessum.

Felld er niður undanþága sú frá greiðslu skemmtanaskatts, sem kvikmyndasýningar í Reykjavík á vegum Sáttmálasjóðs og kvikmyndasýningar bæjarsjóða Akraness og Hafnarfjarðar hafa notið samkvæmt d-lið 3. gr. laga nr. 56/1927, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1963, svo og undanþágur, sem kvikmyndahúsum hafa verið veittar skv. 2. mgr. 3. gr. l. nr. 56/1927, sbr. l. nr. 24/1963. Skemmtanaskattinn skal þó ráðherra heimilt að endurgreiða þeim aðilum, sem að undanförnu hafa notið tekna vegna framannefndra undanþága, með þeim skilmálum, að fé verði notað í því skyni, sem var ástæða undanþágunnar. Endurgreiðsluréttur nær þó eigi til þess hluta skemmtanaskattsins, sem renna á til Sinfóníuhljómsveitar og Menningarsjóðs, sbr. 7. og 8. gr. Heimilt er ráðherra að veita sams konar endurgreiðslurétt vegna eins kvikmyndahúss, er rekið sé af opinberum aðila, í hverjum hinna annarra kaupstaða, enda sé fénu varið til menningar- eða mannúðarmála.

8. gr. hljóðar svo:

Leggja skal sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða samkvæmt 2. flokki 2. gr., að undanteknum kvikmyndasýningum fyrir börn, og að dansleikjum samkvæmt a-lið 3. flokks sömu greinar. Nemur gjald þetta 1.5% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að kvikmyndahúsum og 3% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að dansleikjum.

Gjald þetta rennur óskipt í Menningarsjóð.

Um innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um innheimtu annars skemmtanaskatts samkvæmt lögum þessum.

Ed. 703. Lög [43. mál]

um Fjárfestingarfélag Íslands h.f.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 456.

Ed. 704. Lög [161. mál]

um dýralækna.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 497 (sbr. 319).

Ed. 705. Lög [181. mál]

um heimild til hækkunar kvóta og framlags Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 424.

Nd. 706. Breytingartillaga [109. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 1. gr. frv. Greinin orðist svo:
1. mgr. 4. gr. laganna orðist þannig:
Ákvæði laga þessara taka til atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og meðlima þeirra í öllum þeim sveitarfélögum, þar sem starfandi er verkalýðsfélag. Ákvæði laganna taka og til allra erlendra verktaka, sem hafa með höndum framkvæmdir hér á landi.

Ed. 707. Breytingartillaga [215. mál]

við frv. til laga um skemmtanaskatt.

Frá Jóni Þorsteinssyni.

Aftan við 2. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Skemmtanir samkvæmt 1. og 2. flokki haldnar í sveitarfélögum með færri en 1500 íbúa eru eigi skattskyldar.

Ed. 708. Breytingartillaga [215. mál]

við frv. til laga um skemmtanaskatt.

Frá Páli Þorsteinssyni og Kristjáni Thorlacius.

Við 1. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Í sveitarfélögum, sem hafa færri en 1500 íbúa, skal þó ekki innheimta skatt af verði aðgöngumiða á skemmtanir, sem taldar eru í 1. og 2. flokki.

Ed. 709. Breytingartillaga [215. mál]

við frv. til laga um skemmtanaskatt.

Frá Birni Jónssyni.

Við 2. gr. Síðari málsliður a-liðar í 3. flokki falli brott.

Nd. 710. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til l. um kaup á sex skuttogurum.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n., stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, vill samþykkja frv. óbreytt, en minni hl. telur, að gera þurfi verulegar breytingar á frumvarpinu.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin fái heimild til að láta smíða sex skuttogara af um 1000 rúml. stærð.

Ráðgert er, að ríkissjóður ábyrgist lán, sem nemi 80% af byggingarverði skipanna, og leggi auk þess fram um 7.5% af kostnaðarverði, sem ekki verði innheimt fyrr en eftir 18 ár og án vaxta.

Í greinargerð frv. kemur fram, að ríkisstjórnin ætlast til, að bæjarfélög leggi fram sem nemur 7.5% af verði skipanna á móti jafnháu framlagi væntanlegra kaupenda. Slíkt skilyrði teljum við mjög óeðlilegt.

Það er skoðun okkar, að með þessu frv. sé allt of skammt gengið til þess að hefjast handa um endurnýjun togaraflotans. Sex skip, öll af sömu stærð, leysa ekki þann mikla vanda, sem orðinn er í togaraútgerðarmálum þjóðarinnar. Við teljum, að heimild ríkisstjórnarinnar til kaupa á um 1000—1200 rúml. togurum þurfi að ná til um 12 skipa. Þó að slík heimild yrði veitt, kæmu þau skip ekki öll í gagnið fyrr en eftir 3—4 ár í fyrsta lagi.

Þá teljum við nauðsynlegt að efna einnig til smíði á nokkru minni skuttogurum, eða af 500—700 rúml. stærð. Komið hefur í ljós, að áhugi er á kaupum á slíkum skipum, og líklegt er, að þau séu hentug til veiða fyrir fiskvinnsluna í landi. Við leggjum áherzlu á, að ekki þarf síður að veita aðstoð til kaupa á slíkum skipum en hinum stærri.

Við teljum rétt að veita ríkisstjórninni heimild til að ábyrgjast lán allt að 90% af kostnaðarverði eins verksmiðjutogara af um 2500—3000 rúml. stærð. Kunnugt er, að Úthaf h/f hefur sótt um kaup á slíku skipi.

Það er skoðun okkar, að gagnlegt væri fyrir Íslendinga að eiga eitt slíkt skip og kynnast þar með slíkum útgerðarrekstri.

Við munum flytja á sérstöku þingskjali breytingartillögur við frv. í þá átt, sem gerð er grein fyrir í þessu nefndaráliti.

Við styðjum frv. ríkisstjórnarinnar, svo langt sem það nær, en teljum, að nauðsynlegt sé að gera á því verulegar breytingar.

Alþingi, 25. apríl 1970.

Lúðvík Jósefsson, frsm. Jón Skaftason.

Nd. 711. Breytingartillögur [206. mál]

við frv. til l. um kaup á sex skuttogurum.

Frá Lúðvík Jósefssyni og Jóni Skaftasyni.

1. Við 1. gr.
   a) 1. málsgr. orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða allt að 12 skuttogara, 1000—1200 rúml. að stærð, í þeim tilgangi, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.
   b) Ný málsgr. komi á eftir 1. málsgr., svo hljóðandi:
   Ríkisstjórnin skal jafnframt beita sér fyrir, að smíðaðir verði allt að 8 skuttogarar 500—700 rúml. að stærð og verði þeir seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.
2. Við 2. gr. Við greinina bætist:
   Nú óskar bæjar- eða sveitarfélag, eða útgerðarfélag, sem það er verulegur aðili að, eftir kaupum á skipi, sem smíðað er samkv. lögum þessum, og skal þá ríkissjóður leggja fram 10% af byggingarkostnaði skips, og fer um endurgreiðslu þess samkvæmt þessari grein.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 90% af kostnaðarverði verksmiðjutogara fyrir Úthaf h/f gegn fullnægjandi tryggingum.

Ed. 712. Þingsályktun [99. mál]

um rannsókn á vandamálum atvinnurekstrar úti á landsbyggðinni vegna kostnaðar við vöruflutninga.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl.)

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið fyrsta fara fram sérfræðilega rannsókn á þeim vanda, sem kostnaður vegna vöruflutninga skapar atvinnurekstri utan höfuðborgarsvæðisins, og hvernig helzt megi draga úr þeim vanda eða leysa hann.

Ed. 713. Lög [94. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 110.

Ed. 714. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. apríl.)

1. gr.

39. gr. laganna hljóði svo:

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkvæmt 18. gr. laga nr. 67 31. des. 1963, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða fullt kaup eða aflahlut í stað dagpeninga samkv. 35. gr., jafnlangan tíma og sjómannalög ákveða hverju sinni.

2. gr.

Við 1. mgr. 46. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 83/1967, bætist nýr töluliður, sem verði f-liður og hljóði svo:

f. Að greiða bætur skv. 53. gr., enda renni iðgjöld sjúkratrygginga, sem útgerðarmenn greiða og/eða ríkissjóður og sveitarsjóðir þeirra vegna, til sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar.

3. gr.

Ný gr., sem verði 53. gr. laganna, bætist við, en töluröð annarra greina breytist í samræmi við það:

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra veikinda, sem þeir bera samkvæmt 18. gr. laga nr. 67 31. des. 1963, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum sjúka fullt kaup eða aflahlut í stað dagpeninga sjúkrasamlags samkvæmt 50. gr., jafnlangan tíma og sjómannalög ákveða hverju sinni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 715. Breytingartillaga [146. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 2. gr. Aftan við 2. málsgr. komi:
Um slíka sjóði skulu gilda öll ákvæði þessara laga, sem við geta átt og varða skyldur launagreiðenda til að halda eftir af launum vegna iðgjaldagreiðslu og um innheimturétt, lögveð í skipum svo og önnur atriði, sem tryggja rétt lífeyrissjóðs samkvæmt þessum lögum.

Nd. 716. Breytingartillaga [196. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1970.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni og Stefáni Valgeirssyni.

Við 8. gr. Upptalning, hvernig verja skuli lánsfé, breytist þannig:
Í stað „15 millj. kr.“ til rafvæðingar í sveitum komi: 25 millj. kr., og niðurstöðutala breytist samkvæmt því í 366.8 millj. kr.

Ed. 717. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til laga um gæðamat á æðardún.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundum sínum. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 1970.

Steinþór Gestsson, form.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Jón Árnason, frsm.
Karl Guðjónsson.	Páll Þorsteinsson.	Jónas G. Rafnar.

Nd. 718. Breytingartillaga [232. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Við 1. gr. Á eftir orðunum „framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri“ bætist við: framhaldsdeildir stýrimannaskólanna í Reykjavík og Vestmannaeyjum, framhaldsdeildir Vélskólans í Reykjavík.

Ed. 719. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um skipan gerðardóms í kjaradeilu atvinnuflugmanna og flugvélstjóra og íslenzkra flugfélaga.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en samkomulag náðist ekki um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar (JÁ, JR, StG, JÁH) leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 27. apríl 1970.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm. Jón Árnason, fundaskr. Jónas G. Rafnar.
Steinþór Gestsson.

Nd. 720. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til laga um Útflutningslánasjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita útflutningslán eða samkeppnislán fleiri iðngreinum en þeim, sem a- og b-liðir ná til, ef hún metur það nauðsynlegt til að tryggja þeim sambærilega aðstöðu við erlenda samkeppnisaðila.

Alþingi, 27. apríl 1970.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Pálmi Jónsson.
Jóhann S. Hlíðar. Lúðvík Jósefsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.
Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 721. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. apríl 1970.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Pálmi Jónsson.
Jóhann S. Hlíðar. Lúðvík Jósefsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.
Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 722. Nefndarálit [146. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með breytingu, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 27. apríl 1970.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Pálmi Jónsson.
Jóhann S. Hlíðar. Lúðvík Jósefsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.
Þórarinn Þórarinsson.

Ed. 723. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um skipan gerðardóms í kjaradeilu atvinnuflugmanna og flugvélstjóra og íslenzkra flugfélaga.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin ræddi málið, en varð ekki sammála um afstöðu til þess. Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 27. apríl 1970.

Karl Guðjónsson, frsm. Páll Þorsteinsson. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 724. Nefndarálit [186. mál]

um till. til þál. um athugun á hafnargerð í Þjórsárósi.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna, og telur undirritaður meiri hluti, að vert sé, að málið sé gaumgæfilega rannsakað, og leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 27. apríl 1970.

Jón Árm. Héðinsson, form. Karl Guðjónsson, frsm. Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason.

Ed. 725. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um Alþýðubankann h/f.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt með einni breytingu, sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 27. apríl 1970.

Ólafur Björnsson, form., frsm.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.
Bjarni Guðbjörnsson.
Kristján Thorlacius.
Oddur Andrésson.
Björn Jónsson.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 726. Breytingartillaga [231. mál]

við frv. til l. um Alþýðubankann h/f.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 2. gr. 3. mgr. orðist svo:
Innan níu mánaða, frá því að lög þessi öðlast gildi, skal boðað til stofnfundar hlutafélagsins.

Nd. 727. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til laga um sölu Holts í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta hefur legið fyrir Alþingi þing eftir þing að undanförnu og hrakizt deild úr deild án þess að fá endanlega afgreiðslu. Það fjallar um það, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að selja Holt í Dyrhólahreppi, sem verið hefur í eyði nokkuð á annan áratug.

Landbúnaðarnefndir Alþingis hafa a. m. k. nú um sinn haldið sér við þá reglu að senda frumvörp sem þetta til umsagnar Landnámi ríkisins og landbúnaðarráðuneytinu, eða nánar tiltekið jarðeignadeild þess, og miðað afstöðu sína mjög við þeirra tillögur, því að þar er kunnugleiki á staðháttum og kringumstæðum fyrir hendi. Þá fylgja slíkum frumvörpum venjulega meðmæli viðkomandi hreppsnefnda. Séu umsagnir allra þessara aðila jákvæðar einróma, hefur landbúnaðarnefnd Nd. jafnan mælt með sölu. Má segja, að það sé viðtekin venja og eðlileg málsmeðferð.

Varðandi þetta frumvarp liggja ekki fyrir meðmæli frá Landnáminu, hins vegar ekki þó bein andmæli. Sýslunefnd hefur fjallað um málið og leiddi það hjá sér. Hreppsnefnd Dyrhólahrepps er klofin um það, en mun þó hafa samþykkt meðmæli með eins atkvæðis mun. Jarðeignadeildin andmælir því fast, að söluheimild sé veitt, og telur, að slíkt samræmist ekki hagsmunum eiganda jarðarinnar, ríkisins.

Af framangreindum ástæðum leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ekki eru fyrir hendi venjuleg og nauðsynleg meðmæli varðandi þetta mál, telur deildin ekki fært að samþykkja frumvarpið og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 25. apríl 1970.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Jónas Pétursson.

Sþ. 728. Nefndarálit [62. mál]

um till. til þál. um áætlunargerð vegna fjárhagsaðstoðar ríkisins við íþróttastarfsemina í landinu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leitað umsagnar um það hjá stjórn Í.S.Í., U.M.F.Í. og Íþróttanefnd ríkisins.

Fjárveitinganefnd leggur til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar,** með tilmælum um, að forseta Í.S.Í., form. U.M.F.Í. og íþróttafulltrúa ríkisins verði falið að gera umræddda fjárhagsáætlun til eins árs. Skulu þessir aðilar leggja áætlun sína fyrir fjárveitinganefnd við afgreiðslu fjárlagafrumvarps fyrir árið 1971.

Alþingi, 25. apríl 1970.

Jón Árnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Halldór E. Sigurðsson.
Matthías Bjarnason. Gunnar Gíslason. Sverrir Júlíusson.
Ágúst Þorvaldsson. Geir Gunnarsson. Ingvar Gíslason.

Sþ. 729. Nefndarálit [17. mál]

um till. til þál. um Vesturlandsáætlun.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur haft mál þetta til athugunar. Nefndin sendi tillöguna til Efnahagsstofnunarinnar og Sambands íslenzkra sveitarfélaga til umsagnar.

Það er álit fjárveitinganefndar, að nauðsynlegt sé, að gerðar verði slíkar almennar byggðaáætlanir sem hér um ræðir. Það er hins vegar álit nefndarinnar, að með tilliti til laga um Atvinnujöfnunarsjóð beri sjóðsstjórninni að framkvæma eða hafa forgöngu um gerð hinna einstöku áætlana. — Fyrir því leggur fjárveitinganefnd til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 25. apríl 1970.

Jón Árnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Halldór E. Sigurðsson.
Matthías Bjarnason. Gunnar Gíslason. Sverrir Júlíusson.
Ágúst Þorvaldsson. Geir Gunnarsson. Ingvar Gíslason.

Ed. **730. Frumvarp til laga** [233. mál]

um lífeyrissjóð bænda.

Frá fjárhagsnefnd.

I. KAFLI

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Lífeyrissjóður bænda og starfar með því markmiði, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar skulu vera, með þeim undantekningum, sem nefndar eru í 2. málsgr., allir bændur á lögbýlum, sem þar eiga lögheimili og náð hafa 20 ára aldri fyrir lok næsta almanaksárs á undan, þar með taldir aðilar að félagsbúum. Séu hjón bæði talin bændur, skal aðeins annað þeirra talið sjóðfélagi, og sama á við um sambúðarfólk.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum, sem ekki eiga lögheimili á lögbýlum sínum, aðild að sjóðnum, enda hafi þeir meiri hluta atvinnutekna sinna af búvöruframleiðslu. Þá er stjórninni heimilt að veita undanþágu frá þátttöku þeim bændum, sem eru sjóðfélagar í öðrum lífeyrissjóðum og hafa meiri hluta atvinnutekna sinna af öðru en búvöruframleiðslu.

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn á lögbýlum, sem ráðnir eru til eins árs eða lengur, enda komi beiðni um slíkt frá hlutaðeigandi vinnuveitanda.

Elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Einn skal skipaður af landbúnaðarráðherra, einn af þeim ráðherra, sem fer með málefni lífeyrissjóða, einn af stjórn Búnaðarfélags Íslands, og einn af stjórn Stéttarsambands bænda. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, sem skipaðir eru til fjögurra ára í senn. Skal annar tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda sameiginlega, en hinn af þeim ráðherra, sem fer með málefni lífeyrissjóða. Verði ekki samkomulag milli Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um skipun endurskoðanda, skal hann tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Stjórn sjóðsins skal sjá um reikningshald hans og annan rekstur. Heimilt er henni að semja við Búnaðarbanka Íslands eða aðra aðila um, að þeir annist reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn gegn umsaminni þóknun, og enn fremur er henni heimilt að ráða umboðsmenn fyrir sjóðinn, þó eigi fleiri en einn í hverju sýslufélagi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans með það fyrir augum, að féð ávaxtist vel og á tryggilegan hátt.

Stofnlánadeild landbúnaðarins á rétt á lánum, er nemi 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn fyrstu 15 starfsár hans. Heimilt er sjóðsstjórn að veita lán til íbúðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteigninni.

Heimilt er og sjóðsstjórninni í samráði við Stofnlánadeild landbúnaðarins að lána fé til vinnslustöðva landbúnaðarins, gróðurhúsa o. fl. stofnana, er starfa á vegum sjóðfélaga, enda séu skuldabréfin tryggð með ríkisábyrgð, veði í fasteignum eða öðrum tryggilegum hætti.

Lausafé sjóðsins skal ávaxtað í Búnaðarbanka Íslands og útibúum hans. Þó er sjóðsstjórn heimilt að víkja frá þessu í þeim byggðarlögum, er Búnaðarbankinn hefur ekki útibú í, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Í reglugerð skal nánar kveðið á um fasteignaveð og aðrar tryggingar, sem krafizt skal við lánveitingar og verðbréfakaup.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal eigi sjaldnar en fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans. Þyki honum rannsókn sú leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til sjóðsstjórnar um aðgerðir til að efla hann.

Nú hrökkva árlegar tekjur sjóðsins ekki fyrir ársútgjöldum hans, og er þá Stofnlánadeild landbúnaðarins skylt að leggja fram óafturkræft fé fyrir því, sem á vantar, þar til úr verður bætt samkvæmt ákvæðum 1. málsgr. þessarar greinar.

7. gr.

Iðgjöld bænda, sem eru sjóðfélagar, skulu innheimt af búvöruverði sem tiltekinn hundraðshluti þess. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn fyrirfram fyrir hvert almanaksár, þannig að hann samsvari 4% af grundvallarlaunum, sbr. 8. gr., í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan. Hundraðshlutinn skal reiknaður með tveimur aukastöfum, og við álagningu hans skal farið eftir sömu reglum og gilda um búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 38 1945.

Bændur, sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð, sbr. 21. gr., skulu ekki greiða hærra iðgjald en sem svarar 4% iðgjaldi af hálfum öðrum grundvallarlaunum samkvæmt 8. gr., en aðrir bændur skulu greiða iðgjald af allt að grundvallarlaunum. Hámörk þessi miðast hvert almanaksár við hjúskaparstétt í lok ársins.

Á móti iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt 1. málsgr. skal leggja gjald á allar búvörur, og skal gjald þetta vera ákveðinn hundraðshluti ár hvert þannig, að hann samsvari 6% framlagi af reiknuðum heildarlaunum allra bænda, er þeim ber að greiða iðgjöld af samkvæmt 1. og 2. málsgr. Heimilt er að hækka útsöluverð allra búvara sem þessu nemur.

Í reglugerð skal ákveða iðgjöld og framlög af tekjum af eggjatöku, fuglatekju, dún, selveiði, grásleppuveiði, lax- og silungsveiði og reka. Skal við það miðað, að iðgjald samkvæmt 1. málsgr. nemi 4%, en framlag samkvæmt 3. málsgr. 6% af þeim hluta þessara tekna, sem talinn er vinnutekjur. Aldrei skal þó reikna iðgjald af veiðileigu.

Nú hefur bóndi atvinnutekjur af öðru en búvöruframleiðslu og greiðir ekki af þeim iðgjöld til lífeyrissjóðs, og skal honum þá heimilt að greiða af slíkum tekjum iðgjöld til þessa sjóðs, en ekki mega þó heildariðgjaldagreiðslur fara fram úr mörkum þeim, sem tilgreind eru í 2. málsgr. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum, og teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda.

Iðgjöld af launþegum, sem eru sjóðfélagar samkvæmt 3. málsgr. 2. gr., skulu vera 10% af umsömdum föstum launum með þeim takmörkunum, sem nefndar eru í 2. málsgr. þessarar greinar. Teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda.

Þeir aðilar, sem taka búvörur bænda til sölumeðferðar, svo sem mjólkurbú, sláturhús og verzlanir, skulu innheimta iðgjöld og framlög samkvæmt 1. og 3. málsgr.

eftir fyrirmælum sjóðsstjórnar, gera skil á þeim til sjóðsins og sundurliða jafnframt eftir sjóðfélögum iðgjaldagreiðslur samkvæmt 1. málsgr. Nú innheimtist hærra iðgjald samkvæmt 1. málsgr. en greiða ber, sbr. 2. málsgr., og fer þá um endurgreiðslu eftir ákvæðum 2. málsgr. 14. gr. Gjalddagar iðgjalda og framlaga skulu ákveðnir í reglugerð, og heimilt er þar að kveða á um dráttarvexti frá gjalddaga, ef skil eru ekki gerð innan 30 daga frá gjalddaga.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

8. gr.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Grundvöllur stigaútreiknings hvert almanaksár skal vera samanlagt dagvinnukaup bónda og húsfreyju samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan að viðbættum 10%, og nefnist fjárhæð þessi grundvallarlaun ársins. Verði útreikningur verðlagsgrundvallar lagður niður eða svo veigamiklar breytingar gerðar á honum, að hann verði að dómi ráðherra ónothæfur sem mælikvarði að þessu leyti, skal ráðherra að fengnum tillögum frá sjóðsstjórn og Hagstofu Íslands ákveða nýjan grundvöll fyrir stigaútreikning.

Stig hvers árs reiknast þannig, að deilt skal með grundvallarlaunum ársins í 25-föld iðgjöld sjóðfélaga, ef hann hefur greitt iðgjöld af grundvallarlaunum eða lægri fjárhæð, en ella í 25-föld iðgjöld af grundvallarlaunum að viðbættum 10-földum þeim iðgjöldum, sem umfram eru.

Bóndi, sem greitt hefur iðgjöld af lægri fjárhæð en grundvallarlaunum og sannar, að hann hafi einvörðungu haft atvinnutekjur af búvöruframleiðslu, á rétt á, að stig hans séu reiknuð þannig, að deilt sé með grundvallarlaunum ársins í 35-föld iðgjöld, ef hann hefur greitt iðgjöld af hálfum grundvallarlaunum eða lægri fjárhæð, en ella í 35-föld iðgjöld af hálfum grundvallarlaunum að viðbættum 15-földum þeim iðgjöldum, sem umfram eru. Heimilt er sjóðsstjórn að beita sömu reglu, ef sjóðfélagi hefur að mestu leyti atvinnutekjur sínar af búvöruframleiðslu. Stjórn sjóðsins setur reglur um, hvernig umsóknum um stigaútreikning samkvæmt þessari málsgrein skuli hagað, en aldrei má beita þessari aðferð lengra aftur í tímann en þrjú ár, reiknuð frá byrjun þess almanaksárs, er umsókn berst.

Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30, skal aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára, sem afgangs verða.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma, eftir að taka ellilífeyris er hafin.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

9. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 5 almanaksár eða lengur, öðlazt hefur samanlagt a. m. k. 3 stig samkvæmt 8. gr. og orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1.8.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0.4% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarandi 18 mánuði, á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi til langframa, er trúnaðarlæknir sjóðsins metur 40% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að stunda landbúnaðarstörf. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri, meðan hann heldur óskertum þeim tekjum, er hann hafði áður,

og aldrei skal örorkulífeyrir verða hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem hann hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 9. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðsstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða slæms árferðis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann. Aldrei skal miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau, sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. málsgr.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorka óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár nái þeim mörkum, sem af 2. málsgr. 7. gr. leiðir.

11. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans undanfarandi 18 mánuði, og á þá maki, sem hann lætur eftir sig, rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn eftirlifandi maki verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans, hjónabandið hafi staðið a. m. k. 5 ár og verið stofnað, áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

Láti sjóðfélagi eftir sig barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir þó veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðing átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a. m. k. einu ári áður en hann lézt. Enn fremur skal makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans, ef trúnaðarlæknir sjóðsins telur makann vanta 50% eða meira á fulla starfsorku.

Sambúð karls og konu, sem bæði eru ógift, veitir sama rétt og hjúskapur samkvæmt 1. og 2. málsgr., enda hafi skilyrðum 21. gr. um tilkynningu til sjóðsins verið fullnægt. Það skal enn fremur vera skilyrði fyrir lífeyrisrétti samkvæmt 2. málsgr., að tilkynning um sambúð hafi borizt sjóðnum eigi síðar en einu ári fyrir andlát sjóðfélaga.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka hans hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0.9. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 10. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau, sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, í samræmi við ákvæði síðustu málsgr. 10. gr., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfall hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá

lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum elli- eða örorkulífeyris undanfarandi 6 mánuði, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi, ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo að barnalífeyrir úr þessum sjóði skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri og orkutap hans er metið.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

13. gr.

Nú hættir bóndi búskap vegna veikinda, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi, meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal, hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt. Sama gildir, ef launagreiðslur til sjóðfélaga, sem er launþegi, falla niður vegna veikinda.

Hætti sjóðfélagi búskap eða láti af starfi því, er veitti honum aðgang að sjóðnum, af öðrum ástæðum en veikindum, telst hann ekki lengur til sjóðfélaga, og sama gildir, ef iðgjaldagreiðslur vegna launþega falla niður í meira en 6 mánuði samfleytt. Skulu þá áunnin stig geymd, nema krafizt sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 14. gr. Eigi endurgreiðsla sér ekki stað og hafi sjóðfélaginn greitt iðgöld til sjóðsins í 5 almanaksár eða lengur og öðlazt samanlagt a. m. k. 3 stig samkvæmt 8. gr., fellur réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ekki niður, þótt sjóðfélaginn hverfi úr sjóðnum, en miðast einungis við áunnin geymd stig.

14. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af starfi því, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd iðgjöld þau, sem hann telst sjálfur hafa greitt til sjóðsins (4% iðgjöld), með almennum innlánsvöxtum Landsbanka Íslands, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma. Það er skilyrði fyrir slíkri endurgreiðslu, að hlutaðeigandi sjóðfélaga hafi ekki borið að greiða iðgjöld til sjóðsins næstu 6 mánuði, áður en endurgreiðsla á sér stað, og hafi ekki áunnið sér réttindi, er nemi fullum 5 stigum, sbr. 8. gr.

Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna manna, sem ekki eru sjóðfélagar, og sjóðfélaga, sem hafið hafa töku ellilífeyris, skal hann endurgreiða þann hluta, sem sjóðfélaginn hefur sjálfur greitt, enda komi krafa þar um innan þriggja ára frá lokum iðgjaldagreiðsluárs. Þá skulu iðgjöld, sem innheimt eru umfram þau mörk, sem tilgreind eru í 2. málsgr. 7. gr., endurgreidd eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

15. gr.

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er að lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans

vegna, með 4% vöxtum p. a. Sama gildir, ef sjóðfélaginn kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til, eða hjá tryggingafélagi eða stofnun svo sem að framan greinir. Það skal enn fremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein, að tilsvarandi takmarkanir gildi um endurgreiðslur eða endurkaup, þar sem réttindi eru leyfð, eins og segir í lögum þessum.

Fé, sem yfirfært kann að vera úr öðrum lífeyrissjóði, veitir ekki víðtækari endurgreiðslurétt en gildir í sjóðnum, sem það var yfirfært úr. Að öðru leyti setur stjórn sjóðsins um það reglur, að fengnum tillögum tryggingafræðings hans, með hvaða kjörum hún heimilar flutning réttinda úr öðrum sjóði til þessa sjóðs.

16. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga o. fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum laga þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Slíkir samningar eru þó því aðeins bindandi fyrir sjóðinn, að þeir hljóti staðfestingu ráðherra þess, sem fer með málefni lífeyrissjóða.

II. KAFLI

17. gr.

Bændum á lögbýlum, sem þar eiga lögheimili og orðnir voru 55 ára 31. desember 1969, skal tryggður ellilífeyrir í samræmi við ákvæði 18. gr., enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði:

a. hafi náð 70 ára aldri og látið af búskap,
b. hafi verið bændur á lögbýlum í árslok 1967 og átt þar lögheimili,
c. hafi áunnið sér réttindatíma samkvæmt 3. málsgr.

Nú fellur bóndi, sem uppfyllt hefur skilyrði 1. málsgr., frá eftir 31. desember 1969, og skal þá eftirlifandi maki eiga rétt til makalífeyris samkvæmt 18. gr., enda hafi hinn látni áunnið sér a. m. k. 5 ára réttindi, sbr. 3. málsgr., og fullnægt sé skilyrðum 1. málsgr. 11. gr. um aldur og hjúskapartíma. Sambúð, sbr. 3. málsgr. 11. gr., veitir sama rétt og hjúskapur, enda hafi skilyrðum 21. gr. um tilkynningu til sjóðsins verið fullnægt.

Til réttindatíma skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbýli og átt þar lögheimili. Haldi maður áfram búskap eftir 70 ára aldur, reiknast sá tími einnig til réttindatíma, þó eigi fram yfir 75 ára aldur.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrðum þessarar greinar um lögheimili, ef hlutaðeigandi bóndi hefur haft meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu.

18. gr.

Fjárhæð elli- og makalífeyris, sem veittur er samkvæmt 17. gr., miðast við réttindatíma, sbr. 3. málsgr. 17. gr. Makalífeyrir skal enn fremur miðast við meðaltal grundvallarlauna, sbr. 2. málsgr. 8. gr., næstu 5 almanaksár, áður en taka lífeyris hefst, og sama gildir um ellilífeyri, ef skilyrðum 2. málsgr. 17. gr. um hjúskap eða sambúð er fullnægt, en að öðrum kosti skal ellilífeyrir miðast við 20% lægri tekjur. Skal lífeyrir vera eftirfarandi hundraðshluti nefndra tekna:

Réttindatími	Ellilífeyrir	Makalífeyrir
5 ár	—	10%
6 —	—	11%
7 —	—	12%
8 —	—	13%
9 —	—	14%
10 —	12.5%	15%
11 —	14.0%	16%
12 —	15.5%	17%
13 —	17.0%	18%
14 —	18.5%	19%
15 —	20.0%	20%
16 —	22.0%	21%
17 —	24.0%	22%
18 —	26.0%	23%
19 —	28.0%	24%
20 —	30.0%	25%

Skemmri réttindatími en 10 ár veitir ekki rétt til ellilífeyris samkvæmt 17. gr. Lífeyrir samkvæmt 9. og 11. gr. kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein, og telst frestun á töku lífeyris samkvæmt 9. gr. lokið, um leið og greiðslur samkvæmt þessari grein hefjast. Verði lífeyrir hærri samkvæmt 9. eða 11. gr., telst ekki vera um lífeyrisgreiðslur samkvæmt þessari grein að ræða.

Greiðslur úr öðrum lífeyrissjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt grein þessari. Hafi hlutaðeigandi eftir árslok 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann ella hefði átt rétt á, dragast frá á sama hátt. Stjórn Lífeyrissjóðs bænda úrskurðar, hvernig innstæða í lífeyrissjóði með séreignaskipulagi skuli metin til frádráttar. Til frádráttar koma enn fremur lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, svo og eftirlaunagreiðslur samkvæmt 18. gr. fjárlaga.

Lífeyrir samkvæmt þessari grein skerðist, ef hlutaðeigandi hefur tekjur af vinnu, er nema 1/12 grundvallarlauna eða meira á almanaksári, sbr. 2. málsgr. 8. gr., og skal þá skerða lífeyrinn um 1/12 fyrir hvern 1/12 hluta grundvallarlauna. Skerðist lífeyrir með þessu móti um meira en 3/4, skal hann felldur niður með öllu.

19. gr.

Til ársloka 1985 skal fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 18. gr. greitt að 2/5 af Stofnlánadeild landbúnaðarins og að 3/5 úr ríkissjóði. Frá 1. janúar 1986 skal Lífeyrissjóður bænda standa undir lífeyrisgreiðslum þessum.

20. gr.

Þeir bændur, sem telja sig eiga rétt til lífeyris skv. 18. gr., skulu senda stjórn sjóðsins umsókn um hann og láta í té allar upplýsingar, er sjóðsstjórnin telur sig þurfa að fá. Jafnframt skulu stjórnir búnaðarfélaganna senda sjóðsstjórn skrá um þá, sem þær telja, að eigi rétt til slíks lífeyris. Stjórn sjóðsins úrskurðar lífeyri samkvæmt 18. gr.

III. KAFLI

21. gr.

Skylt er sjóðfélaga að tilkynna þegar stjórn sjóðsins skriflega, ef hann gengur í hjónaband eða skilur við maka sinn. Getur sjóðsstjórn krafizt dráttarvaxta samkvæmt ákvæðum 7. málsgr. 7. gr., ef iðgjöld hafa ekki verið innheimt sökum þess,

að tilkynning um hjúskap hefur ekki borizt henni. Skilnaður að borði og sæng telst samkvæmt lögum þessum jafngilda lögskilnaði.

Óvígð sambúð, sbr. 2. málsgr. 7. gr., 3. málsgr. 11. gr. og 2. málsgr. 17. gr., reiknast ekki samkvæmt lögum þessum fyrir tíma, áður en skrifleg tilkynning sjóðfélaga um hana berst stjórn sjóðsins, og skylt er sjóðfélaga að tilkynna á sama hátt, ef sambúð er slitið.

Við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar skal áunnum stigum sjóðfélaga þau ár, sem hann hefur verið í hjónabandi eða sambúð, skipt að jöfnu.

22. gr.

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og í síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Lífeyrisgreiðslur samkvæmt 18. gr. skulu þó fyrst eiga sér stað fyrir janúarmánuð 1971 til þeirra bænda, sem þá hafa öðlazt rétt til þeirra.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða lífeyri sjaldnar en mánaðarlega, en þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

23. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

24. gr.

Um skipulag sjóðsins og starfsemi má kveða nánar á í reglugerð, er ráðherra sá, sem fer með málefni lífeyrissjóða, setur að fengnum tillögum sjóðsstjórnar.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1971.

Ákvæði til bráðabirgða.

Árið 1971 skulu iðgjöld og framlög til sjóðsins vera ¼ þess, sem í 7. gr. segir, helmingur árið 1972 og ¾ árið 1973. Frá 1. janúar 1974 skulu þau vera eins og segir í 7. gr.

Við úrskurðun makalífeyris samkvæmt 18. gr. skal þrátt fyrir ákvæði 2. málsgr. 21. gr. taka tillit til óvígðrar sambúðar, sem átt hefur sér stað fyrir árslok 1970, enda berist stjórn sjóðsins skrifleg tilkynning frá hlutaðeigandi bónda eigi síðar en 30. júní 1971, þar sem tilgreint sé, hve lengi sambúð hefur staðið.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt skv. beiðni fjmrh., en nefndarmenn lýsa yfir, að þeir hafi óbundnar hendur um afstöðu til frv.

Frv. fylgdi greinargerð lífeyrissjóðsnefndar, sem hér fer á eftir.

Greinargerð lífeyrissjóðsnefndar.

I. *Inngangur.*

Með bréfi dags. 12. janúar 1970, skipaði Ingólfur Jónsson, landbúnaðarráðherra, nefnd fimm manna til að semja frumvarp að lögum um lífeyrissjóð fyrir bændur.

Í nefndinni áttu þessir sæti:

Erlendur Vilhjálmsson, deildarstjóri.
Guðjón Hansen, tryggingafræðingur.
Gunnar Guðbjartsson, formaður Stéttarsambands bænda.
Gunnlaugur E. Briem, ráðuneytisstjóri.
Ólafur Björnsson, prófessor.

Guðjón Hansen var skipaður formaður nefndarinnar, en hún kaus Ólaf Björnsson ritara.

Nefndin hefur haldið 13 fundi. Í skipunarbréfi var fram tekið, að hún skyldi í starfi sínu m. a. hafa hliðsjón af drögum að frumvarpi til laga um lífeyrissjóð fyrir bændur og launþega í landbúnaði, sem nefnd, skipuð af Búnaðarþingi og stjórn Stéttarsambands bænda, afhenti landbúnaðarráðherra í desembermánuði 1969. Auk þessara frumvarpsdraga, frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 75 1962 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sem drögunum fylgdi, og greinargerða, er þessum tveimur frumvörpum fylgdu, hefur nefndin kynnt sér, hvernig eftirlaunamálum bændastéttarinnar er háttað á Norðurlöndum.

II. *Þróun lífeyrissjóða og afstaða bænda.*

Á undanförnum árum hefur lífeyrissjóðum fjölgað mjög hér á landi, og tala sjóðfélaga hefur vaxið hröðum skrefum. Í ársbyrjun 1969 voru starfandi 5 lögboðnir lífeyrissjóðir og um 60 sjóðir, sem öðlazt höfðu staðfestingu fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í febrúar 1969 náðist samkomulag milli samtaka útvegsmanna og sjómanna um lífeyrisréttindi bátasjómanna frá 1. janúar 1970 að telja, og í samningi samtaka vinnuveitenda og samninganefndar Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969 eru ákvæði um, að lífeyrissjóðir með skylduaðild skuli stofnaðir og starfræktir á félagsgrundvelli og skuli iðgjöld greidd frá 1. janúar 1970.

Samkvæmt þeim samningum, sem gerðir voru á árinu 1969 og að framan eru nefndir, hefur allur þorri íslenzkra launþega öðlazt aðild að lífeyrissjóðum. Ýmsir hópar launþega, sem eru utan vébanda Alþýðusambands Íslands, eru þó enn án lífeyrisréttinda, en aðallega eru það atvinnurekendur, sem utan við standa, þótt ýmsum þeirra sé heimil þátttaka í lífeyrissjóðum stéttarfélaga. Eru bændur þar vafalaust stærsti samstæði hópurinn.

Margsinnis hafa komið fram tillögur um stofnun lífeyrissjóðs fyrir bændur, og hafa bændasamtökin sýnt því máli mikinn áhuga. Árið 1962 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að gera tillögur um slíkan lífeyrissjóð, en hún hætti störfum, þar eð aðstæður til að skapa sjóðnum viðunandi fjárhagsgrundvöll þóttu erfiðar og farið var skömmu síðar að kanna hugmyndir um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Á Búnaðarþingi 1969 var kosin milliþinganefnd þriggja manna til að athuga, hvernig bændur gætu á hagkvæmastan hátt orðið aðilar að almennum lífeyrissjóði eða stofnað sérstakan lífeyrissjóð fyrir bændastéttina, og skyldi hún, ef ástæða þætti til, gera tillögur um aðild bænda að lífeyrissjóði. Á aðalfundi Stéttarsambands bænda 1969 var skorað á stjórn sambandsins að taka upp baráttu fyrir stofnun lífeyrissjóðs bænda, og unnu síðan milliþinganefnd Búnaðarþings og stjórn stéttarsambandsins saman að málinu, en þremur mönnum, þeim Gunnari Guðbjartssyni, Lárusi Ág. Gíslasyni og Páli Diðrikssyni, var falið að semja drög að lagafrumvarpi. Var leitað stuðnings landbúnaðarráðherra, og að beiðni hans vann Guðjón Hansen með þessum fulltrúum bænda að athugunum á ýmsum þáttum málsins. Er fulltrúar bænda höfðu gengið frá frumvarpsdrögunum, afhentu þeir þau landbúnaðarráðherra eins og áður er sagt.

III. *Eftirlaunaréttur bænda í Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Danmörku.*

Nefndin hefur aflað upplýsinga um, hvernig eftirlaunamálum bænda er háttað á Norðurlöndum. Skal hér í stuttu máli gerð grein fyrir því.

A. *Finnland.*

Árið 1969 voru sett tvenn lög í Finnlandi um eftirlaun atvinnurekenda, annars vegar bænda og hins vegar atvinnurekenda í öðrum atvinnugreinum. Áður hafði verið sett löggjöf um eftirlaunarétt launþega, og er því talið, að nú séu öllu starfandi fólki í Finnlandi tryggð eftirlaun til viðbótar þeirri grunntryggingu, er svarar til íslenzku almannatrygginganna.

Iðgjöld bænda og lífeyrir samkvæmt hinum nýju lögum miðast við stærð jarðar. Hámark ellilífeyris, sem veittur er frá 65 ára aldri, er 42% af þeim meðaltekjum, umreiknuðum með tilliti til kauplagsbreytinga, sem iðgjöld hafa verið greidd af. Aðrar bætur eru örorku- og fjölskyldulífeyrir.

Útgjöld hinnar finnsku eftirlaunatryggingar eru borin af bændum með iðgjaldagreiðslum og ríkissjóði með árlegu framlagi. Við iðgjaldaákvörðun er lagt til grundvallar það meðaliðgjald (hundraðshluti launa), sem greiða þarf vegna launþega, en með tilliti til fjárhagsástæðna smábænda er iðgjaldið þó haft miklum mun lægra upp að tilteknu tekjumarki. Framlag ríkissjóðs er með nokkrum undantekningum helmingur lífeyrisgreiðslna ár hvert. Eru tvenn rök færð fyrir þessu ríkisframlagi, annars vegar framangreind iðgjaldslækkun og hins vegar óhagstæð aldursskipting bænda, sem að öðrum kosti mundi hafa í för með sér stórum hærri iðgjöld.

B. *Noregur.*

Í Noregi var árið 1966 sett heildarlöggjöf um grunn- og eftirlaunatryggingu. Tekur hún til alls starfandi fólks, hvort sem það er í þjónustu annarra eða stundar sjálfstæðan atvinnurekstur.

Iðgjöld sjálfstæðra atvinnurekenda og bætur eftirlaunatryggingarinnar til þeirra miðast við hreinar tekjur samkvæmt skattframtölum án frádráttar vegna vaxtagreiðslna, en í staðinn er ákveðinn fastur 10% frádráttur. Auk þess er dregin frá tekjum, jafnt launþega sem atvinnurekenda, fjárhæð jafnhá einstaklingslífeyri grunntryggingarinnar. Í lögunum er heimild til að ákveða framleiðslugjald í einstökum atvinnugreinum í stað þess að fara eftir hinum almennu reglum, og hefur heimild þessari verið beitt gagnvart fiskimönnum, en ekki bændum. Gilda því engar sérreglur um bændur að þessu leyti. Hámark ellilífeyris eftirlaunatryggingarinnar er 45% af tryggðum tekjum. Ellilífeyrir er greiddur frá 70 ára aldri, en aðrar bætur eru örorku-, maka- og barnalífeyrir.

Iðgjöld eru greidd í einu lagi til grunn- og eftirlaunatryggingar, en síðan er tekjunum skipt milli þessara tveggja greina. Gert er ráð fyrir, að útgjöld eftirlaunatryggingarinnar séu að fullu borin af atvinnurekendum, þ. e. að vinnuveitendur greiði iðgjöld fyrir starfsmenn sína og þeir, sem sjálfstæða atvinnu stunda, greiði sjálfir iðgjöld sín.

C. *Svíþjóð.*

Árið 1962 var sett í Svíþjóð löggjöf um grunn- og eftirlaunatryggingu fyrir launþega jafnt sem atvinnurekendur, en þó er unnt að fá undanþágu frá eftirlaunatryggingunni að því er varðar tekjur af sjálfstæðum atvinnurekstri. Engar sérreglur gilda um bændur.

Sænska eftirlaunatryggingin er mjög svipuð hinu norska kerfi. Ellilífeyrir er veittur frá 67 ára aldri, og er hámark hans 60% af tryggðum tekjum. Útgjöldin eru borin af atvinnurekendum með iðgjöldum, sem atvinnurekendur greiða fyrir starfsfólk sitt, en hinir tryggðu sjálfir af tekjum af sjálfstæðri atvinnu.

D. *Danmörk.*

Í Danmörku er engin eftirlaunatrygging fyrir bændur til viðbótar dönsku almannatryggingunum, en fyrir launþega var almennri viðbótartryggingu með takmörkuðum bótarétti komið á árið 1964.

IV. *Almennar athugasemdir við frumvarpið.*

Þeir lífeyrissjóðir, sem stofnaðir hafa verið með lögum, eru allir launþegasjóðir, og reglugerðir flestra þeirra lífeyrissjóða, sem hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins, eru við það miðaðar, að félagar þeirra séu í fastri stöðu. Í sjóðum, þar sem iðgjaldagreiðslur geta verið ójafnar og stopular, hefur stundum verið horfið að séreignaskipulagi eða þeirri tilhögun, að hver einstök iðgjaldsgreiðsla veiti tiltekinn rétt að krónutölu. Nefndin telur slíka tilhögun ófullnægjandi og hefur við samningu meðfylgjandi lagafrumvarps leitazt við að taka með öðrum hætti tillit til sérstöðu bænda.

Nefndin hefur í veigamiklum atriðum fylgt áðurnefndum tillögum nefndar þeirrar, sem skipuð var af Búnaðarþingi 1969, og stjórnar Stéttarsambands bænda. Hins vegar hefur hún ekki talið það vera í verkahring sínum að taka afstöðu til frumvarps bændafulltrúanna um breytingu á lögunum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Gert er ráð fyrir, að fylgt verði þeirri meginreglu íslenzkra lífeyrissjóða, að iðgjöld og framlög nemi 10% af tryggðum tekjum, en þó verði greiðslur til sjóðsins lægri fyrstu þrjú árin. Er ekki ósennilegt, að miðað við núverandi verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara verði full iðgjöld og framlög samtals 90—100 millj. kr. á ári. Nefndinni er ljóst, að full ástæða væri til að hafa iðgjöld hærri til lífeyrissjóðs fyrir bændur eða lífeyrisgreiðslur takmarkaðri en tíðkast hjá öðrum sjóðum. Stafar þetta annars vegar af óhagstæðri aldursskiptingu bænda og litlum líkum fyrir fjölgun starfandi bænda í framtíðinni, er tekið gætu á sig auknar byrðar vegna þeirra, sem hættir væru störfum, en hins vegar af því, að tekjur af úrgöngu, sem ýmsum lífeyrissjóðum er verulegur fjárhagsstyrkur að, verða væntanlega litlar hjá lífeyrissjóði fyrir bændur. Í tillögum sínum gerir nefndin ráð fyrir, að Stofnlánadeild landbúnaðarins beri takmarkaða ábyrgð á sjóðnum, sbr. 6. gr.

Á því er enginn vafi, að mesta vandamál íslenzkra lífeyrissjóða er vanmáttur þeirra til að tryggja verðgildi lífeyrisgreiðslna. Fáeinir sjóðir veita slíka verðtryggingu, og fylgir henni þá yfirleitt ábyrgð hlutaðeigandi vinnuveitenda á sjóðunum. Í fyrirmynd að reglugerð fyrir lífeyrissjóði verkalýðsfélaga, sem samin hefur verið af nefnd Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands á grundvelli samnings þessara aðila frá 19. maí 1969, er gert ráð fyrir takmarkaðri verðtryggingu tiltekið tímabil í senn, sem fari eftir fjárhag hlutaðeigandi sjóðs hverju sinni. Með hliðsjón af því, hve veikan fjárhagsgrundvöll hér er um að ræða samkvæmt framanrituðu, hefur nefndin ekki treyst sér til að taka slík ákvæði inn í frumvarpið, en telur réttara, að möguleikar á verðtryggingu yrðu athugaðir við endurskoðun laganna síðar, er gleggri vitneskja væri fengin um fjárhagsstöðu sjóðsins.

Í frumvarpi bændafulltrúanna var gert ráð fyrir sérstökum lífeyrisréttindum til handa öldruðum bændum, hliðstæðum þeim réttindum, sem öldruðum félögum í stéttarfélögum var veitt fyrirheit um með yfirlýsingu forsætisráðherra 18. maí 1969 og nýlega er búið að lögfesta. Hefur nefndin tekið tillögur bændafulltrúanna upp í frumvarp sitt nær óbreyttar efnislega.

V. *Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í frumvarpi bændafulltrúanna var gert ráð fyrir, að sjóðfélagar skyldu vera bændur og fastráðið starfsfólk í landbúnaði. Nefndin ræddi annmarka, er á því væru að hafa þessa tvo starfshópa í sama sjóði, miðað við bótaákvæði, eins og þau voru í tillögum bændafulltrúanna. Þótt úr slíkum annmörkum hafi verið dregið með stiga-

útreikningi þeim, sem nefndin leggur til, að verði grundvöllur lífeyrisréttinda, telur hún heppilegra, að einungis verði um að ræða heimild til að veita fastráðnu starfsfólki aðild að sjóðnum. Má gera ráð fyrir, að ráðstafanir verði gerðar til að tryggja launþegum í landbúnaði, lausráðnum jafnt sem fastráðnum, lífeyrisréttindi eins og öðrum launþegum, og getur þá orðið álitamál, hvort eðlilegt sé að hafa fastráðið fólk í lífeyrissjóði bænda.

Sú sérstaða bænda, að húsfreyjur þeirra vinna að öllum jafnaði með þeim að atvinnurekstrinum, gæti haft í för með sér, að rétt þætti, að húsfreyjur yrðu sjálfstæðir sjóðfélagar á sama hátt og á sér stað um launþega, þegar hjón starfa bæði utan heimilis. Á móti slíkri tilhögun mælir einkum það, að húsfreyjan hættir venjulega starfi samtímis bónda sínum. Hefur nefndin því gert ráð fyrir sameiginlegum lífeyrisrétti, er miðast við aðstæður bóndans, en sérstaða kemur fram í ákvæðum 7. gr. um iðgjöld og ákvæðum 21. gr. um skiptingu áunninna réttinda við skilnað.

Um 3. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Nefndin gerir ráð fyrir, að samningur við Búnaðarbanka Íslands um, að bankinn annist reikningshald og afgreiðslu fyrir sjóðinn að meira eða minna leyti, geti orðið báðum aðilum í hag, en telur þó ekki rétt að útiloka aðra tilhögun.

Um 5. gr.

Ákvæði 2. málsgr. miða að því, að ráðstöfunarfé Stofnlánadeildar landbúnaðarins verði fremur aukið en rýrt á næstu árum vegna þeirra skuldbindinga, sem á hana eru lagðar samkvæmt 19. gr. Þá telur nefndin æskilegt, að samráð verði haft við Stofnlánadeild landbúnaðarins um sumar tegundir lánveitinga, sbr. 3. málsgr.

Ákvæði greinarinnar um fasteignaveð og aðrar tryggingar, sem krafizt skal við lánveitingar til íbúðabygginga, vinnslustöðva o. fl., eru svo rúm, að nauðsynlegt virðist vera, að nánar verði kveðið á um þessi atriði í reglugerð, sbr. síðustu málsgr.

Um 6. gr.

Ákvæði 1. málsgr. um tryggingafræðilega athugun eru hliðstæð ákvæðum hjá öðrum lífeyrissjóðum um það efni. Reynist lífeyrissjóður ófær um að standa við skuldbindingar sínar, kemur slíkt venjulega í ljós við hinar tryggingafræðilegu athuganir mörgum árum og jafnvel áratugum áður en til þess kemur, að árlegar tekjur hrökkva ekki fyrir ársútgjöldum. Ætti því ekki að þurfa að grípa skyndilega til fjár Stofnlánadeildar landbúnaðarins samkvæmt 2. málsgr. Þá getur fjárhagur lífeyrissjóðs, sem lengi hefur starfað, verið traustur, þótt sá tími komi, að árleg útgjöld fari fram úr árstekjum, og þarf þá að sjálfsögðu ekki að grípa til neinnar ábyrgðar.

Um 7. gr.

Eins og fram er tekið í almennum athugasemdum hér að framan, er gert ráð fyrir, að iðgjöld og framlög nemi 10% af tryggðum tekjum. Samkvæmt 3. málsgr. á að hækka allar búvörur svo, að nægi fyrir 6% framlagi af tryggðum tekjum allra bænda, sem í sjóðnum verða. Er áætlað, að útsöluverð búvara hækki af þessum sökum um tæp 2%. Þá er í 1. málsgr. gert ráð fyrir, að bændur greiði sjálfir 4% iðgjald af tryggðum tekjum, en álagningargrundvöllur verði framleiðsluverðmæti búsins.

Um mörk þau, sem tilgreind eru í 2. málsgr., skírskotast til athugasemda við 8. gr., og um iðgjöld fyrstu þrjú starfsár sjóðsins skírskotast til bráðabirgðaákvæða.

Um 8. gr.

Markmiðið með því að umreikna iðgjöld hvers almanaksárs í stig er fyrst og fremst, að áunnin réttindi fari eftir verðgildi iðgjaldanna, eins og það var, þegar

þau voru innt af hendi. Það er kostur við stigakerfið, að misræmi í réttindum myndast ekki, þótt sjóðfélagar hafi ýmist jafnar tekjur yfir ævina, stöðugt hækkandi tekjur eða lækkandi tekjur síðustu starfsárin. Þá hefur það óhjákvæmilega í för með sér skert réttindi, ef menn skjóta sér undan iðgjaldagreiðslum. Loks má geta þess, að í fyrirmynd þeirri að reglugerð fyrir sjóði verkalýðsfélaga, sem áður er nefnd, er gert ráð fyrir svipuðum stigagrundvelli, en minni þörf verður fyrir flutninga milli sjóða, er menn skipta um starf, ef hlutaðeigandi sjóðir nota báðir slíkan grundvöll.

Sem grundvallarlaun er notuð sama fjárhæð og hámarksiðgjald einhleyps bónda miðast við samkvæmt 7. gr. Nemur fjárhæð þessi um 214 þús. kr. á árinu 1970, og er þá hámarksupphæð, sem kvæntum bónda ber að greiða iðgjald af, um 321 þús. kr.

Reglur 3. og 4. málsgr. um umreikning iðgjalda í stig hafa í för með sér, að þeir bændur, sem lítið framleiða, fá hlutfallslega meiri réttindi, miðað við iðgjaldagreiðslur, en þeir, sem meira framleiða, og eru reglur þessar í samræmi við þann vilja, sem fram kom á Búnaðarþingi 1970, en í frumvarpi bændafulltrúanna var gengið enn lengra í jöfnunarátt.

Um 9. gr.

Hér er fylgt því ákvæði í frumvarpi bændafulltrúanna að miða rétt til ellilífeyris við 67 ára aldur, en hins vegar miðast hinn sérstaki lífeyrisréttur samkvæmt 17. og 18. gr. við 70 ára aldur, og í fyrirmynd að reglugerð fyrir lífeyrissjóði verkalýðsfélaga er einnig miðað við það aldursmark.

Um 10. gr.

Hér eru gerðar kröfur um meira orkutap en í ýmsum lífeyrissjóðum fyrir fastlaunafólk. Í þeim sjóðum kemur það hins vegar vart fyrir, að örorkulífeyrir sé veittur vegna minniháttar orkutaps, þar eð auðvelt er að sanna, að sjóðfélaginn heldur óskertum launum. Slík mál geta hins vegar orðið erfiðari viðfangs í sjóðum sem þessum. Þess má geta, að í lífeyrissjóðum verkalýðsfélaga verður væntanlega miðað við sama lágmarksorkutap.

Með tekjumissi í 1. málsgr. er að sjálfsögðu átt við lækkun hreinna tekna. Í tilvikum, þar sem ekki er um að ræða algert tap starfsorku og brúttótekjur haldast lítt breyttar með auknu aðkeyptu vinnuafli eða auknu starfi fjölskyldu bóndans, getur mat á slíkum tekjumissi reynzt erfitt, og kemur e. t. v. til greina að kveða nánar á um þetta í reglugerð.

Gert er ráð fyrir, að tekið sé tillit til framtíðarréttinda við úrskurðun örorkulífeyris, hvort sem rekja má orkutapið til starfs sjóðfélaga eða ekki, og er þetta mikil réttarbót frá þeirri reglu, sem nú gildir almennt í lífeyrissjóðum í þessu efni.

Um 11. gr.

Ákvæðin um makalífeyri eru allfrábrugðin þeim ákvæðum, sem nú eru algengust hjá lífeyrissjóðum, og miða breytingarnar að því að veita betri tryggingu eftir skamman iðgjaldagreiðslutíma í þeim tilvikum, er ætla má, að framfærslueyris sé veruleg þörf.

Í frumvarpi bændafulltrúanna var gert ráð fyrir, að fylgt yrði ákvæðum almannatryggingalaga í sambandi við lífeyrisréttindi sambúðarfólks. Nefndin taldi nauðsynlegt að kveða skýrar á um þetta atriði, sbr. 21. gr., m. a. vegna þess, að eðlilegt verður að teljast, að sambúð hafi einnig áhrif á iðgjaldagreiðslur, sbr. 2. málsgr. 7. gr., og skiptingu áunninna réttinda, sbr. 3. málsgr. 21. gr., ef hún er látin hafa í för með sér rétt til makalífeyris.

Um 12. gr.

Ákvæðin um barnalífeyri eru nær samhljóða tilsvarandi ákvæðum margra lífeyrissjóða.

Um 13. gr.

Rétt þykir að hafa í lögum skýr ákvæði um, hverjar afleiðingar það hefur fyrir sjóðfélaga, ef iðgjaldagreiðslur falla niður.

Um 14. gr.

Í greininni felst allmikil takmörkun á rétti til endurgreiðslu iðgjalda og afsali áunninna réttinda. Virðist vera full þörf á slíkum takmörkunum, er mikill meiri hluti landsmanna hefur öðlazt aðild að lífeyrissjóðum og stefnt er að því, að þeir myndi sem heilsteyptast kerfi, er veiti viðbótartryggingu við almannatryggingar.

Fyrirsjáanlegt er, að sjóðnum muni berast iðgjöld frá mjög mörgum framleiðendum, sem ekki eru bændur á lögbýlum, og verði oft um smáar fjárhæðir að ræða, sem erfitt getur reynzt að koma til skila. Er því gert ráð fyrir, að bera verði fram kröfu um endurgreiðslu innan tiltekins tíma.

Um 15. gr.

Samhljóða ákvæði er í reglugerðum fjölmargra lífeyrissjóða. Er nauðsynlegt að hafa heimild til flutnings á réttindum milli lífeyrissjóða, þótt ráðstafana til að draga úr slíkum flutningum geti orðið þörf.

Um 16. gr.

Ákvæði um heimild til samninga við aðra sjóði um flutninga o. fl. er nýmæli, sem þörf virðist vera fyrir sökum mikillar fjölgunar lífeyrissjóða og sjóðfélaga.

Um 17.—18. gr.

Í greinum þessum eru ákvæði um sérstök lífeyrisréttindi aldraðra bænda, sem lítil eða engin réttindi geta áunnið sér í hinum nýja sjóði. Eru ákvæði þessi samin með hliðsjón af lögunum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem nýlega hafa verið samþykkt á Alþingi. Nefndin hefur þó ekki talið rétt að fara að öllu leyti eftir ákvæðum þeirra laga. Þannig hefur hún til samræmis við ákvæði 11. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir rétti sambúðarkonu til makalífeyris. Þá er gert ráð fyrir misháum ellilífeyri eftir hjúskaparstétt, og skírskotast um það efni til þess, sem í almennum athugasemdum hér að framan er sagt um þátttöku húsfreyjunnar í atvinnurekstrinum. Hins vegar fara þær lágmarksgreiðslur, sem tryggðar eru samkvæmt 17. og 18. gr., ekki eftir framleiðslumagni hlutaðeigandi lífeyrisþega á undanförnum árum. Mundi lífeyrir kvæntra bænda, sem hæfu töku hans á árinu 1971, miðast við 162 þús. kr. árstekjur (meðaltal grundvallarlauna 1966—1970), en lífeyrir ókvæntra bænda mundi miðast við 129 600 króna árstekjur.

Um 19. gr.

Bændafulltrúarnir lögðu til, að útgjöldum vegna 17. og 18. gr. yrði skipt þannig, að ríkissjóður bæri 62,5%, en Stofnlánadeild landbúnaðarins 37,5%. Rökstuddu þeir tillögur sínar með því, að ríkissjóður legði fram helming árlegra framlaga til atvinnuleysistryggingasjóðs og næmi því framlag hans til útgjalda samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum raunverulega 62.5%, þ. e. 25% beint framlag og helmingur af afgangi. Sé nánar rakið, hvernig framlögum til atvinnuleysistrygginga annars vegar og Stofnlánadeildar landbúnaðarins hins vegar er háttað, má e. t. v. renna stoðum undir aðra skiptingu eða þátttöku fleiri aðila í útgjöldunum. Nefndin er þeirrar skoðunar, að hér velti fyrst og fremst á því, hvort það sé vilji Alþingis og ríkisstjórnar, að aldraðir bændur fái þau réttindi, sem hér um ræðir, og hvernig fært þyki að afla fjár til bótagreiðslnanna.

Mjög erfitt er að áætla útgjöld þau, sem ákvæði 17. og 18. gr. mundu hafa í för með sér, en á grundvelli athugunar, sem gerð var árið 1962 á aldursskiptingu bænda á lögbýlum, og þróunar síðan hafa útgjöld þessi verið áætluð 11 millj. kr. árið 1971.

Síðan má gera ráð fyrir aukningu útgjalda ár frá ári næsta áratug, og hefur verið áætlað, að þau næðu hámarki, 25 millj. kr., árið 1980, miðað við núverandi verðlagsgrundvöll. Með þeirri skiptingu milli ríkissjóðs og Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sem nefndin gerir ráð fyrir, mundu 4.4 millj. kr. koma í hlut stofnlánadeildarinnar og 6.6 millj. kr. í hlut ríkissjóðs árið 1971, en tilsvarandi tölur árið 1980 yrðu 10.0 og 15.0 millj. kr.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Þar eð hámark iðgjaldagreiðslna samkvæmt 7. gr. fer eftir hjúskaparstétt, er sjóðnum nauðsynlegt að fá vitneskju um stofnun hjúskapar og hjúskaparslit, og hið sama á við um óvígða sambúð. Ákvæði 2. málsgr. um missi réttinda, ef látið er undir höfuð leggjast að tilkynna sjóðnum um sambúð, er sett til að koma í veg fyrir deilur um lífeyrisréttindi síðar og deilur um skiptingu áunninna réttinda, ef sambúðarslit eiga sér stað.

Um 22. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir, að greiðslur samkvæmt 17. og 18. gr. hefjist í ársbyrjun 1971, um leið og lögin öðlast gildi, en það er ári síðar en greiðslur til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

Um 23.—25. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. málsgr. um lægri iðgjaldagreiðslur en þær, sem kveðið er á um í 7. gr., fyrstu þrjú starfsár sjóðsins, eru hliðstæð ákvæðum í samningi samtaka vinnuveitenda og verkalýðsfélaga frá 19. maí 1969.

22. apríl 1970.

Nd. 731. Lög [57. mál]

um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 608.

Nd. 732. Frumvarp til laga [215. mál]

um skemmtanaskatt.

(Eftir 3. umr. í Ed., 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 554 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Greiða skal skatt samkvæmt lögum þessum, þegar aðganga er seld að skemmtunum fyrir almenning.

Í sveitarfélögum, sem hafa færri en 1500 íbúa, skal þó ekki innheimta skatt af verði aðgöngumiða á skemmtanir, sem taldar eru í 1. og 2. flokki.

6. gr. hljóðar svo:

Skemmtanaskattur rennur í Félagsheimilasjóð, nema annars sé getið í lögum þessum.

Felld er niður undanþága sú frá greiðslu skemmtanaskatts, sem kvikmyndasýningar í Reykjavík á vegum Sáttmálasjóðs og kvikmyndasýningar bæjarsjóða Akraness og Hafnarfjarðar hafa notið samkvæmt d-lið 3. gr. laga nr. 56/1927, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1963, svo og undanþágur, sem kvikmyndahúsum hafa verið veittar skv. 2. mgr. 3. gr. l. nr. 56/1927, sbr. l. nr. 24/1963. Skemmtanaskattinn skal þó ráðherra heimilt að endurgreiða þeim aðilum, sem að undanförnu hafa notið tekna vegna framannefndra undanþága, með þeim skilmálum, að fé verði notað í því skyni, sem var ástæða undanþágunnar. Endurgreiðsluréttur nær þó eigi til þess hluta skemmtanaskattsins, sem renna á til Sinfóníuhljómsveitar og Menningarsjóðs, sbr. 7. og 8. gr. Heimilt er ráðherra að veita sams konar endurgreiðslurétt vegna eins kvikmyndahúss, er rekið sé af opinberum aðila, í hverjum hinna annarra kaupstaða, enda sé fénu varið til menningar- eða mannúðarmála.

8. gr. hljóðar svo:

Leggja skal sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða samkvæmt 2. flokki 2. gr., að undanteknum kvikmyndasýningum fyrir börn, og að dansleikjum samkvæmt a-lið 3. flokks sömu greinar. Nemur gjald þetta 1.5% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að kvikmyndahúsum og 3% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að dansleikjum.

Gjald þetta rennur óskipt í Menningarsjóð.

Um innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um innheimtu annars skemmtanaskatts samkvæmt lögum þessum.

Ed. 733. Frumvarp til laga [174. mál]

um breyting á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 369 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Á eftir síðustu mgr. 14. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

7. Með sama skilorði og í 6. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa, þar sem hætta er á, að lax og silungur geti veiðzt í veiðiútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

7. gr. hljóðar svo:

19. gr. laganna orðist svo:

1. Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangarveiði, 84 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 10 til þriðjudagsmorguns kl. 10. Friðunartíma þennan má stytta í 60 stundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags engin hætta á, að um þverrandi fiskstofn sé að tefla á viðkomandi veiðisvæði. Með sama skilorði má lengja friðunartímann um allt að 24 stundir, verði talin hætta á þverrandi fiskstofni í fiskihverfinu eða til jöfnunar fiskgengd í því vatni. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangarveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klst. á sólarhring hverjum. Rétt er að setja nánari reglur um daglegan stangarveiðitíma með sama hætti og

ákveðið er í 2. mgr. 18. gr. Nú fer lax og göngusilungur um stöðuvatn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú var sagt.

2. Ráðherra er rétt að ákveða, að friðun sú, sem getur í 1. mgr., skuli gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til jöfnunar fiskgengd í því vatni.

3. Ráðherra er rétt, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, að leyfa veiðifélagi að veiða lax til flutnings á hrygningarstaði. Einnig getur hann leyft, eftir tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, veiðifélagi að veiða göngulax og flytja hann upp fyrir ólaxgenga fossa eða mannvirki, er hindra fiskför um vötn. Kostnað, er af þessu leiðir, má greiða úr fiskræktarsjóði að ⅓ hluta.

11. gr. hljóðar svo:

Ný mgr. komi í 27. gr., sem verði 2. mgr., og breytist töluröð annarra mgr. til samræmis við það:

2. Leyfi veiðimálanefndar og veiðimálastjóra þarf til að taka í notkun til veiða á laxi og silungi veiðarfæri úr nýjum efnum eða úr efnum framleiddum með nýjum aðferðum.

4. málsgr. 27. gr. laganna (sem verður 5. málsgr.) orðist svo:

Eigi má fjölga lögnum frá því, sem verið hefur síðustu 5 ár fyrir gildistöku laga þessara. Nú er breytt um veiðiaðferðir og veiði með föstum veiðivélum tekin upp, og skal þá heimilt að nota gamlar lagnir, sem löglegar teljast samkvæmt ákvæðum þessara laga. Einnig er það heimilt, ef veiði hefur ekki verið stunduð um ákveðið árabil, en er tekin upp aftur, eða ef veiði er tekin upp í vatni, þar sem ræktun hefur farið fram, þótt eigi hafi þar áður verið veitt.

19. gr. hljóðar svo:

44. gr. (áður 62. gr.) orðist svo:

1. Skylt er mönnum að gera með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi, svo fljótt sem kostur er. Rétt er félagi:

a. Að ákveða, að veiða skuli með tilteknum veiðitækjum, eftir því sem segir í lögum þessum.
b. Að láta stunda veiði.
c. Að selja á leigu rétt til stangarveiði í öllu fiskihverfinu eða hluta þess.
d. Að skipta veiði milli félagsmanna og úthluta hverjum veiðihlut sínum.

2. Veiðifélagi er skylt að stunda fiskrækt, eftir því sem við á. Fiskrækt telst friðun fisks, umbætur á lífsskilyrðum fisks, flutningur fisks í veiðivatn, auðveldun á gönguleiðum fisks, eftirlit með veiði og annað, er lýtur að aukningu fiskstofns eða viðhaldi hans.

3. Um slíkan félagsskap, sem getur í grein þessari, skal fara svo sem mælt er í kafla þessum.

20. gr. hljóðar svo:

45. gr. (áður 63. gr.) orðist svo:

1. Félagssvæði veiðifélags getur tekið yfir:

a. Heilt fiskihverfi.
b. Einstakt veiðivatn í fiskihverfi.
c. Hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti.
d. Veiðivötn á afrétti, sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum og eru á sama landssvæði.

2. Veiðifélag skal taka til allrar veiði á félagssvæðinu.

3. Nú er félagssvæði hluti straumvatns, og er rétt, að félagssvæði nái svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð, nema sérstaklega standi á.

29. gr. hljóðar svo:
59. gr. (áður 79. gr.) orðist svo:
1. Nú verða ábúendaskipti á jörð á félagssvæði, og er þá hinum nýja ábúanda skylt að gerast félagi og taka á sig skuldbindingar félagsmanns.
2. Eignir veiðifélags skulu teljast til jarða á félagssvæðinu í arðskrárhlutfalli. Ef ágreiningur verður vegna eignarhluta í veiðifélagi, sker mat úr, sbr. 94. gr.

32. gr. hljóðar svo:
61. gr. (áður 59. gr.) orðist svo:
1. Nú vill veiðifélag með ráði og samþykki veiðimálastjóra auka friðun eða láta vikufriðun gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, auka fjarlægð milli fastra veiðivéla frá því, sem í lögum er mælt, stytta hámarkslengd þeirra, draga úr veiðni veiðitækja, fækka þeim eða kveða á um meiri lágmarksstærð fisks, sem veiða má, og er það rétt, ef allir félagsmenn hverfa að einu ráði eða lögmætur félagsfundur samþykkir með ⅔ atkvæða félagsmanna, enda fari um fundarboðun og atkvæðagreiðslu eins og mælt er í 49. gr. laga þessara, og fundarefnis sé getið í fundarboði.
2. Samþykkt samkvæmt 1. mgr. öðlast gildi, þá er ráðherra staðfestir hana, enda mæli veiðimálanefnd með samþykkt.

34. gr. hljóðar svo:
Á eftir 66. gr. komi ný grein, sem verði 67. gr. (áður 1. mgr. 60. gr.):
Skylt er að láta af hendi við veiðifélag land eða landsafnot, vatn eða afnot vatns, er þarf til byggingar eða starfsemi klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging slíkra stöðva eða starfsemi kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

37. gr. hljóðar svo:
75. gr. (ný gr.) orðist svo:
1. Ráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd, en í henni eiga sæti yfirdýralæknir, og sé hann formaður, veiðimálastjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Hún skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðgerðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað, er að fisksjúkdómum lýtur.
2. Rétt að ráðherra þeim, er í hlut á, að skipa við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum sérfræðing í fisksjúkdómum, og skal hann vera fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis.

45. gr. hljóðar svo:
a. 1. málsgr. 83. gr. (áður 98. gr.) orðist svo:
Nú eru friðlýst eða arðgæf selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær ósi vatns, er lax eða göngusilungur fer um, en 7 km, og getur þá ráðherra ófriðað þau eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, enda sýni mat, að arður af laxveiði eða göngusilungs- í ánni sé meiri en arður af selveiði.
b. Upphaf 2. málsgr. sömu greinar orðist svo:
Nú eru friðlýst eða arðgæf selalátur eða selalagnir í veiðivatni o. s. frv.

48. gr. hljóðar svo:
47. gr. (áður 102. gr.) hljóði svo:
1. Í veiðimálanefnd eiga sæti fimm menn. Ráðherra skipar nefndina til 4 ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, einn samkvæmt tilnefningu

Landssambands stangarveiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Nú tilnefnir einhver framangreindra aðila eigi mann í veiðimálanefnd, og skipar ráðherra í nefndina í hans stað. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn.

2. Veiðimálanefnd er ráðherra til aðstoðar um veiðimál og fer með þau mál, sem henni er falið í lögum þessum. Getur hún gert tillögur um allt, er að veiðimálum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leita um setningu reglugerða og annarra ákvæða um friðun, fiskeldi og veiði.

3. Fundur er ályktunarfær, ef minnst þrír menn eru á fundi.

4. Atkvæði þriggja nefndarmanna þarf til þess, að ákvörðun veiðimálanefndar sé lögmæt.

51. gr. hljóðar svo:

90. gr., ný gr., hljóði svo:

1. Stofna skal sjóð, er nefnist Fiskræktarsjóður, til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Tekjur sjóðsins eru:

a. Fjárveiting úr ríkissjóði.
b. Gjald af skírum veiðitekjum, 2%, er innheimtist af veiðifélögum.
c. Tekjuafgangur fiskeldisstöðva ríkisins, eftir ákvörðun ráðherra.
d. 3‰ af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings.
e. Aðrar tekjur.

2. Með stjórn Fiskræktarsjóðs fara veiðimálanefnd og veiðimálastjóri. Ákvarðanir um styrki og lán úr sjóðnum skulu háðar samþykki ráðherra. Ráðherra er rétt að setja Fiskræktarsjóði starfsreglur. Nú greinir veiðimálanefnd og veiðimálastjóra á, og sker ráðherra úr.

52. gr. hljóðar svo:

91. gr. (áður 105. gr.) orðist svo:

1. Lán og styrki skal veita úr Fiskræktarsjóði til framkvæmda, er lúta að fiskrækt eða fiskeldi, enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda, þær séu gerðar undir eftirliti hans og hann mæli með styrkveitingu.

2. Þessar framkvæmdir njóta styrks, er nemi allt að ⅓ af áætluðum kostnaði:

1. Fiskvegir og önnur meiri háttar mannvirki, er stefna að því að auka fiskför um vatn.
2. Klakhús og eldisstöðvar.

Nd. 734. Lög [196. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1970.

(Afgreidd frá Nd. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 609.

Ed. 735. Breytingartillaga [130. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyt. á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „ný mgr., sem verður 2. mgr.“ komi: tvær nýjar mgr., sem verða 2.—3. mgr.

b. Aftan við greinina bætist:
Fjárhæðir þær, sem fram koma í a- og b-lið 1. mgr. og í 2. mgr., skulu breytast í samræmi við fæðislið framfærsluvísitölu frá 1. janúar 1970.

Ed. 736. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til laga um skipamælingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 2. gr. Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í greininni og hvarvetna síðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): skipamálastjóri.

Ed. 737. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til laga um skráningu skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 3. gr. í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í greininni og hvarvetna síðar í frumv. komi (í viðeigandi beygingarföllum): skipamálastjóri.
2. Við 4. gr. Í stað orðsins „Siglingamálastofnun“ í greininni og hvarvetna síðar í frumv. komi (í viðeigandi beygingarföllum): Skipamálastofnun.

Ed. 738. Breytingartillögur [48. mál]

við frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 4. gr. Í stað orðsins „Siglingamálastofnun“ í greininni og hvarvetna síðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): Skipamálastofnun.
2. Við 8. gr. Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í greininni og hvarvetna síðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): skipamálastjóri.
3. Við 38. gr. Við greinina bætist nýr töluliður, sem orðist svo:
Að birta árlega niðurstöður rannsókna á sjóslysum.
4. Við 44. gr. Greinin orðist svo:
Ráðherra skipar 5 menn í rannsóknarnefnd sjóslysa, til 6 ára í senn, fjóra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Slysavarnarfélags Íslands, og formann, sem ráðherra skipar án tilnefningar.
Hlutverk rannsóknarnefndar sjóslysa er að fylgjast eftir föngum með starfi sjódóma, safna saman upplýsingum, sem skýrt geta eða upplýst orsakir sjóslysa, miðla slíkum upplýsingum til sjómannaskóla, sjómanna og útgerðarmanna og gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr slysahættu á sjó.
Rannsóknarnefnd sjóslysa ræður í þjónustu sína siglingafróðan mann, sem hefur það verkefni að upplýsa orsakir sjóslysa og koma á framfæri leiðbeiningum um slysavarnir og varúðarráðstafanir.
Ber starfsmanni nefndarinnar að mæta við sjópróf, ef um er að ræða manntjón eða veruleg meiðsli manna. Skal starfsmaður í samráði við nefndina og

skólastjóra sjómannaskóla landsins skipuleggja meðal sjómannaefna kennslu í slysavörnum, er miðist við að skýra helztu orsakir sjóslysa hér við land og hvernig unnt sé að forðast þau. Verksvið starfsmanns rannsóknarnefndar sjóslysa ákvarðast nánar með reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum nefndarinnar.

Ráðherra ákveður laun starfsmanns rannsóknarnefndar sjóslysa að fengnum tillögum nefndarinnar. Ferðakostnaður starfsmanns og önnur nauðsynleg útgjöld rannsóknarnefndar sjóslysa greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

Ed. 739. Breytingartillögur [50. mál]

við frv. til laga um Siglingamálastofnun ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðsins „Siglingamálastofnun“ í greininni og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): Skipamálastofnun.
   b. Í stað orðsins „siglingamál“ komi: öryggismál skipa.
2. Við 2. gr. 6. töluliður orðist svo:
   Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi.
3. Við 4. gr. Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í greininni og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi: skipamálastjóri.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra skipar fasta starfsmenn stofnunarinnar, að fengnum tillögum skipamálastjóra. Fast starfsfólk Skipamálastofnunar ríkisins tekur laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisins.
   Skipaskoðunarmenn og skipamælingarmenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum skipamálastjóra.
   Eigi má skipamálastjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Skipamálastofnun ríkisins, hafa á hendi störf, sem eru ósamræmanleg stöðu þeirra og háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Skipamálastofnunar ríkisins, svo sem eftirlit með skipum eða vélum fyrir einstaklinga, félög eða opinberar stofnanir.
5. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:
   Frumvarp til laga um Skipamálastofnun ríkisins.

Nd. 740. Frumvarp til laga [7. mál]

um sameiningu sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 7 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðuneytið annast framkvæmd laga þessara í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga og hlutaðeigandi sveitarstjórnir.

Sérstök áherzla skal lögð á eftirfarandi:

a. að eiga frumkvæði að því, að athuguð verði skilyrði fyrir sameiningu einstakra sveitarfélaga um allt land.
b. að afla upplýsinga eftir föngum um allt það, sem máli skiptir í sambandi við sameiningu sveitarfélaga.

c. að vera samstarfsnefndum, sbr. 3. gr., til ráðuneytis og aðstoðar við störf þeirra.
d. að annast fyrirgreiðslu við stjórnvöld um þau mál, sem varða sameininguna.
e. að vera sveitarstjórnum til aðstoðar við ákvörðun þeirra atvika, sem um ræðir í 5. gr.

3. gr. hljóðar svo:

Þegar tvær eða fleiri sveitarstjórnir hafa ákveðið að rannsaka möguleika á sameiningu, skulu þær kjósa samstarfsnefnd til þess að annast rannsóknina. Sæti í samstarfsnefnd eiga fulltrúar, sem hver sveitarstjórn kýs, sem hlut á að máli. Nefndin kýs formann úr sínum hópi.

Samstarfsnefndir skulu haga störfum sínum í samráði við ráðuneytið, enda skal það láta þeim í té hvers konar aðstoð, sem það telur horfa til frekari sameiningar.

Að lokinni rannsókn þessari skal samstarfsnefnd skila áliti til hlutaðeigandi sveitarstjórna.

4. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðuneytið getur af sjálfsdáðum gert tillögu um sameiningu tilgreindra sveitarfélaga og er þá sveitarstjórnum þeim, sem hlut eiga að máli, skylt að kjósa samstarfsnefndir, sbr. 3. gr., og fela þeim að rannsaka möguleika á sameiningunni.

Ákvæði 3. gr. gilda um slíkar nefndir.

5. gr. hljóðar svo:

Þegar samstarfsnefnd hefur skilað áliti sínu um sameiningu, skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveða, hvort og hvernig sameiningin skuli vera. Hafa skal tvær umræður í sveitarstjórn um málið samkvæmt 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.

Nú verður ágreiningur innan sveitarstjórnar um afgreiðslu málsins, og er þá sveitarstjórn heimilt að láta fara fram atkvæðagreiðslu innan sveitarfélagsins um sameininguna. Sveitarstjórn ákveður, hvenær atkvæðagreiðsla skuli fara fram. Félagsmálaráðuneytinu er og heimilt að ákveða, að fram skuli fara atkvæðagreiðsla um sameiningu í sveitarfélagi, ef sveitarstjórn þess hefur fellt ályktun um sameiningu, og ákveður það þá jafnframt, hvenær atkvæðagreiðsla skuli fara fram. Sveitarstjórn lætur gera atkvæðaseðil til afnota við atkvæðagreiðsluna í samráði við ráðuneytið. Um atkvæðagreiðslur, samkvæmt þessari málsgrein, fer eftir því, sem við getur átt, samkvæmt lögum nr. 5 frá 1962, um sveitarstjórnarkosningar. Ef meiri hluti atkvæðisbærra íbúa sveitarfélags hefur synjað sameiningu við slíka atkvæðagreiðslu, verður það sveitarfélag ekki sameinað öðrum sveitarfélögum að svo stöddu.

Hafi sameiningin hlotið samþykki, annaðhvort með eða án atkvæðagreiðslu, skulu sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, ákveða um gildistöku sameiningar, fjárhagsmálefni sveitarfélaganna og önnur atriði, sem um ræðir í 9. gr. laga þessara.

Ályktanir samkvæmt grein þessari skulu sendar ráðuneytinu til frekari fyrirgreiðslu.

6. gr. hljóðar svo:

Þegar ráðuneytinu hafa borizt ályktanir sveitarstjórna, sbr. 5. gr., skal leitað álits hlutaðeigandi sýslunefnda eða sýslumanna fyrir þeirra hönd um málið. Rétt er að ákveða hæfilegan frest til þess að skila áliti.

7. gr. hljóðar svo:

Þegar félagsmálaráðuneytinu hafa borizt samþykktir sveitarstjórna um sameiningu, sbr. 5. gr., ásamt álitsgerðum og tillögum, sbr. 6. gr., getur það ákveðið, að sameining skuli fram fara.

Ráðuneytinu er heimilt að skipta hreppi, ef slík skipting telst nauðsynleg, til þess að sameining á hluta eða hlutum úr hreppnum við nágrannasveitarfélag eða nágrannasveitarfélög geti orðið með þeim hætti, að hinn nýi hreppur eða hreppar fái eðlileg hreppamörk miðað við staðhætti. Slík hreppsskipting getur þó ekki farið fram, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd samþykki hana. Leita skal umsagnar sýslunefndar um skiptinguna, áður en hún verður framkvæmd.

Samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess að sameina sveitarfélög, eða hluta af sveitarfélögum, sem eru sitt í hvoru lögsagnarumdæmi. Samþykki Alþingis þarf til þess að sameina sveitarfélög, eða hluta af sveitarfélögum, sem eru sitt í hvoru kjördæmi.

Félagsmálaráðuneytið hlutast til um, að samþykktir og reglugerðir, sem gilda í þeim sveitarfélögum, sem sameina skal, verði endurskoðaðar og samræmdar og út gefnar nýjar samþykktir og reglugerðir, sem gilda í hinu nýja sveitarfélagi.

13. gr. hljóðar svo:

Ráðherra er heimilt að sameina hrepp nágrannasveitarfélagi að fenginni jákvæðri umsögn viðkomandi sýslunefndar og/eða bæjarstjórnar, ef íbúatala hreppsins er lægri en 30.

Til þess að koma í veg fyrir, að sveitarfélag, sem til verður samkvæmt 1. mgr. greinar þessarar, búi við óeðlilega mikla fjárhagsbyrði vegna sameiningarinnar, getur ráðherra veitt sveitarfélaginu árlegan styrk úr Jöfnunarsjóði í allt að fimm ár.

Birta skal tilkynningu um sameiningu samkvæmt grein þessari á sama hátt og fyrir er mælt í 8. gr.

14. gr. hljóðar svo:

Kostnaður við störf samstarfsnefnda greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra.

Nd. 741. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Sami háttur hefur verið hafður á við afgreiðslu framvarpsins og verið hefur á undanförnum árum. Til þess að flýta fyrir afgreiðslu frumvarpsins og til að tryggja, að samræmis gæti um afgreiðslu frumv. milli deilda, var þingmönnum úr allsherjarnefnd hvorrar þingdeildar ásamt skrifstofustjóra Alþingis falið að athuga frv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust nefndinni.

Að athugunum þessum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar. Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.

3. Karl eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eigi íslenzkan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því, að þeim 25 umsækjendum, sem taldir eru í 1. gr. frv., eins og hún er nú, og þeim 11 umsækjendum, sem taldir eru upp í breytingartillögum nefndarinnar á sérstöku þingskjali, verði nú veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Enginn umsækjenda, sem nefndin leggur til að öðlist íslenzkan ríkisborgararétt, hefur, að því er bezt verður vitað, sætt þeim viðurlögum hér á landi, sem hindri, að honum verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Alþingi, 27. apríl 1970.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Unnar Stefánsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson.
Steingrímur Pálsson.	Jónas Pétursson.	Stefán Valgeirsson.
	Pétur Sigurðsson.	

Sþ. 742. Tillaga til þingsályktunar [234. mál]

um starfrækslu alhliða hótelskóla.

Flm.: Jón Skaftason, Birgir Kjaran, Benedikt Gröndal, Magnús Kjartansson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar undirbúning að byggingu eða kaupum á húsnæði til starfrækslu alhliða hótelskóla. Skal að því stefnt, að skólinn verði tilbúinn fyrir haustið 1972.

Greinargerð.

Móttaka erlendra ferðamanna og þjónusta við þá er vaxandi ný atvinnugrein hér á landi, sem tvímælalaust á mikla möguleika, sé rétt að hlutunum staðið.

Árið 1962 nam fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi 17 000, en var kominn upp í 44 099 á s. l. ári, og er þá ekki meðtalinn sá fjöldi þeirra, er heimsótti landið með skemmtiferðaskipum. Námu gjaldeyristekjur af þjónustu við þá 330 milljónum króna í erlendum gjaldeyri, og eru þá ekki meðtaldar tekjur flutningsaðila af flutningi þeirra til og frá landinu.

Þessi öri vöxtur á heimsóknum erlendra ferðamanna til landsins verður þrátt fyrir ófullnægjandi auglýsingaþjónustu hins opinbera á Íslandi sem ferðamannalandi og lélega aðstöðu víða um land til þess að veita erlendum ferðamönnum sambærilega þjónustu á við það, sem víða fæst erlendis. Hlýtur það að benda ótvírætt til þess, að með vissum aðgerðum til úrbóta innanlands megi gera móttöku erlendra

ferðamanna og þjónustu við þá að veigamikilli atvinnugrein, sem fljótlega kæmist í fremstu röð, svo sem víða þekkist annars staðar.

Með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er miðað að því að ryðja úr vegi einni aðalhindruninni fyrir því, að þessu marki verði náð, en allir kunnugir vita, að skortur á sérþjálfuðu hótelstarfsfólki er þröskuldur í vegi þessarar þróunar.

Sá skóli, sem nú er starfræktur fyrir þessa atvinnugrein, menntar eingöngu matreiðslu- og framreiðslumenn, og er það aðeins hluti þeirrar sérmenntunar, sem hótelatvinnugreinin þarfnast. Matsveina- og veitingaþjónaskólinn hefur undanfarin ár starfað við mjög léleg skilyrði, og er nú svo komið, að útilokað er að fjölga nemendum, vegna húsnæðisskorts, hvað þá bæta við nýjum námsgreinum.

Bráðnauðsynlegt er því að skapa þessum skóla framtíðaraðstöðu og yrði þá jafnframt komið á fót vönduðum hótelskóla, er mennti og útskrifi starfsfólk til starfa í íslenzkum hótelum. Æskilegast væri, að skólinn yrði rekinn sem lítið hótel, þar sem nemendur fengju alhliða menntun í hótel- og veitingarekstri.

Að undanförnu hafa ferðamál og móttaka erlendra ferðamanna verið mjög á dagskrá hér á landi. Að tilhlutan opinberra aðila hafa a. m. k. tveir sérfróðir menn samið áætlanir um þróun þeirra fram til ársins 1980 og skilað tillögum í þeim efnum. Annar þeirra, prófessor Ejler Alkjær frá Kaupmannahöfn, sem er ráðgjafi Sameinuðu þjóðanna um ferðamál, skilaði skýrslu sinni um þau í september s. l. Áætlar hann, að tala erlendra ferðamanna á Íslandi verði þá orðin 124 000, og er þá ekki meðtalinn sá hópur, sem heimsækir landið með skemmtiferðaskipum og býr um borð yfir dvalartímann hér. Áætlar prófessor Alkjær, að ferðamenn þessir muni eyða hér gjaldeyri, er svarar til tæpra 900 milljóna króna, miðað við núverandi gengisskráningu, og að í hlut flutningaaðila, sem flytja gesti þessa til og frá landinu, komi um 3500 milljónir króna.

Má af þessum tölum sjá, að hér er um mikilvægt mál að ræða, sem vert er fyllstu athygli.

Nd. 743. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um skipan opinberra framkvæmda.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta eins og það var afgreitt frá Ed. Hún hefur kvatt á sinn fund Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóra og Gísla Blöndal hagsýslustjóra og rætt við þá ýmis efnisatriði þess.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. með nokkrum breytingum, en um þær flytur hún breytingartillögur á sérstöku þskj.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja fleiri breytingartillögum, ef fram koma.

Alþingi, 27. apríl 1970.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Pálmi Jónsson, frsm.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Lúðvík Jósefsson.	Þórarinn Þórarinsson.
	Jóhann S. Hlíðar.	

Nd. 744. Breytingartillögur [78. mál]

við frv. til laga um skipan opinberra framkvæmda.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 4. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Viðkomandi ráðuneyti gerir tillögur til fjármálaráðuneytis, fjárlaga- og hagsýslustofnunar, um fjárveitingar til einstakra framkvæmda á grundvelli frumathugana og jafnframt um röð framkvæmda til ákvörðunar við gerð fjárlagafrumvarps. Tillögur um röð innan sama framkvæmdaflokks, svo sem skólamannvirkja, skulu lagðar fyrir fjárveitinganefnd Alþingis, áður en hún ákvarðar tillögur sínar um skiptingu framkvæmdafjár við afgreiðslu fjárlagafrumvarps.
2. Við 5. gr. Síðari málsgrein falli niður.
3. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Í frumvarpi til fjárlaga skal tilfæra þá fjárhæð, sem ætluð er á fjárlagaárinu til viðkomandi framkvæmdar, og í greinargerð skal tilfæra þær fjárskuldbindingar, sem falla á seinni fjárlagaár í samræmi við áætlunina. Þegar um er að ræða fjárveitingar til einstakra framkvæmdaflokka, svo sem skólamannvirkja, skulu atriði þau, sem um getur í 1. málslið, koma fram í tillögum og sérstakri greinargerð fjárveitinganefndar Alþingis. Í fjárlagafrumvörpum næstu ára skal á sama hátt tilgreina fjárhæðir, sem skv. endurskoðaðri áætlun nægja til þess að ljúka framkvæmd á tilsettum tíma.
4. Við 14. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags, annast sveitarfélag útboð, undirbúning samningsgerðar við verktaka og reikningshald og greiðslur vegna verksins, nema öðruvísi um semjist eða fjármálaráðherra ákveði annað.
5. Við 18. gr. Í stað „umsjónarmanns“ komi: eftirlitsmanns.
6. Við 22. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Nefndin hefur það hlutverk að leiða saman sjónarmið eignaraðila opinberrar framkvæmdar á undirbúnings- og framkvæmdastigi og rannsaka frumathugun og áætlunargerð, sem er undanfari verklegrar framkvæmdar. Nefndin fylgist að öðru leyti með framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberrar framkvæmdar.
7. Við ákvæði til bráðabirgða. 1. mgr. orðist svo:
   Um framkvæmdir, sem fé hefur verið veitt til á fjárlögum, en ekki eru hafnar við gildistöku laga þessara, skal farið að þessum lögum, enda sé að jafnaði ekki raskað þeim undirbúningi, sem unninn hefur verið.

Nd. 745. Lög [125. mál]

um leigubifreiðar.

(Afgreidd frá Nd. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 685 (sbr. 173).

Nd. 746. Breytingartillögur [7. mál]

við frv. til l. um sameiningu sveitarfélaga.

Frá Gísla Guðmundssyni og Stefáni Valgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Félagsmálaráðuneytið skal í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga greiða fyrir því að koma á sameiningu tveggja eða fleiri sveitarfélaga í eitt sveitarfélag, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska eftir sameiningunni.
2. Við 2. gr. a-liður greinarinnar falli niður.
3. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frv. til l. um aðstoð félagsmálaráðuneytisins, þegar sameining sveitarfélaga hefur verið samþykkt af hlutaðeigandi sveitarfélögum.

Nd. 747. Breytingartillaga [109. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá Ingvari Gíslasyni.

1. málsliður 1. gr. orðist svo:
Ákvæði laga þessara taka til atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og meðlima þeirra í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúum eða fleiri, svo og til atvinnurekenda og meðlima verkalýðsfélaga, þótt búsettir séu í fámennari sveitarfélögum en hér greinir, enda séu hlutaðeigandi sveitarfélög á félagssvæði verkalýðsfélaga, sem ná til kaupstaða og kauptúna með 300 íbúum eða fleiri.

Ed. 748. Lög [11. mál]

um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

(Afgreidd frá Ed. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 694 (sbr. 430).

Nd. 749. Frumvarp til laga [146. mál]

um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 243 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:
3. gr. laganna orðist svo:
Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenzka togara, íslenzk farskip, sem notuð eru til farþegaflutninga eða vöruflutninga, og á íslenzk varðskip, nema yfirmenn á farskipum, sem tryggðir skulu í lífeyrissjóðum, sem skipafélögin

eru aðilar að. Yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna skulu tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Heimilt er þó útgerð farskipa að tryggja yfirmönnum lífeyrissjóðsréttindi í sjóði þessum, ef samkomulag næst um það við stéttarfélög yfirmanna.

Sjóðfélagar eru enn fremur þeir sjómenn og beitingamenn, sem lögskráðir eru á íslenzk vélskip, 12 lesta eða stærri, er stunda veiðar með línu, netum, botnvörpu, dragnót, humarvörpu, þorskveiðar með hringnót, lúðuveiðar með línu, síld- og loðnuveiðar, svo og aðrar veiðar, ef í samningum milli félaga sjómanna og útvegsmanna eru ákvæði um lífeyrissjóðsréttindi frá 1. janúar 1970 eða síðar. Sama gildir, ef slík skip eru notuð til flutninga innanlands, flutninga á ísvörðum fiski eða verið er að flytja þau milli landa eða milli staða innanlands. Undanþágu frá þátttöku samkvæmt þessari málsgrein skal þó veita fyrstu 4 mánuðina, sem viðkomandi starfsmaður er hjá sömu útgerð, enda leggi hann fyrir skráningarstjóra skriflega beiðni um slíka undanþágu og eigi ekki réttindi í sjóðnum vegna fyrra tímabils. Ráðherra skal ákveða, að sjómenn, sem þessi mgr. tekur til og lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, skuli vera utan við sjóðinn, ef fram kæmu um það óskir frá félögum sjómanna og útvegsmanna á þeim stöðum og forsvaranlega er frá lífeyrissjóðsmálum hlutaðeigandi manna gengið. Um slíka sjóði skulu gilda öll ákvæði þessara laga, sem við geta átt og varða skyldur launagreiðenda til að halda eftir af launum vegna iðgjaldagreiðslu og um innheimturétt, lögveð í skipum svo og önnur atriði, sem tryggja rétt lífeyrissjóðs samkvæmt þessum lögum.

Sjóðfélögum samkvæmt 2. málsgr., sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka, ef þeir hefja störf í landi við útgerð. Stjórn sjóðsins setur reglur um iðgjaldagreiðslur í slíkum tilvikum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja starfsmenn sína í sjóði þessum. Sömuleiðis er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa útgerð farskipa, varðskipa og togara að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð, flokkunarviðgerð, eða að öðrum störfum í þágu útgerðar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma, sem úr hefur fallið af þessum sökum, og ákveður stjórn sjóðsins iðgjald. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða iðgjald, er samsvari meðaltekjum togarasjómanna, ef togari tekur upp um skamman tíma aðrar veiðar en togveiðar.

6. gr. hljóðar svo:

11. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af launum, og greiðir sjóðfélagi 4%, en launagreiðandi 6%.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga samkvæmt 1. málsgr. 3. gr. skulu reiknast af heildarlaunum, er sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda. Skulu launagreiðendur halda iðgjöldum sjóðfélaga eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta beint til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga samkvæmt 2. málsgr. 3. gr. skulu á árinu 1970 miðast við eftirfarandi mánaðarlaun:

Fyrir skipstjóra	kr. 20 000.00
Fyrir 1. stýrimann og 1. vélstjóra	— 18 000.00
Fyrir 2. stýrimann, 2. og 3. vélstjóra, netamann og matsvein	— 16 000.00
Fyrir háseta	— 14 000.00

Fjárhæðir þessar skulu síðan ákveðnar í desembermánuði ár hvert fyrir fram fyrir eitt ár í senn og breytast í sama hlutfalli og kauptrygging háseta hefur

hækkað frá árslokum 1969, þó þannig, að jafnan séu fjárhæðirnar reiknaðar í heilum tugum króna.

Iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt næstu málsgrein hér á undan skulu launagreiðendur halda eftir af launum og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta beint til sjóðsins innan 30 daga frá lokum hvers kauptryggingartímabils.

Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar, skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip, ef krafa kemur fram um það af hálfu sjóðsstjórnar.

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Nd. 750. Frumvarp til laga [202. mál]

um Útflutningslánasjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 27. apríl.)

1. gr.

Heimilt er að stofna samkvæmt lögum þessum sjóð, er nefnist Útflutningslánasjóður.

Stofnaðilar sjóðsins eru Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlánasjóður. Þeir leggja honum til fé, sbr. 3. gr., fara með stjórn hans og fjármál og ábyrgjast fjárskuldbindingar hans.

Aðrir viðskiptabankar geta síðar orðið aðilar að sjóðnum, og fer þá um framlagsfé þeirra, ábyrgð og aðild að stjórn sjóðsins, eftir því sem um semst milli þeirra og sjóðsstjórnar.

2. gr.

Hlutverk Útflutningslánasjóðs er:

a) að veita lán vegna útflutnings meiri háttar véla og tækja, þar á meðal skipa og annarra fjárfestingarvara, sem framleiddar eru innan lands, og skulu slík lán tryggð hjá tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð eða með annarri fullgildri ábyrgð,

b) að veita samkeppnislán, það er að segja lán til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, þar með talin skip, sem framleidd eru innan lands, gegn bankaábyrgð eða annarri fullgildri ábyrgð.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita útflutningslán eða samkeppnislán fleiri iðngreinum en þeim, sem a- og b-liðir ná til, ef hún metur það nauðsynlegt til að tryggja þeim sambærilega aðstöðu við erlenda samkeppnisaðila.

3. gr.

Stofnaðilar sjóðsins leggja hver um sig fram 50 millj. króna, sem greiðast til sjóðsins á ekki skemmri tíma en þremur árum og ekki lengri tíma en fimm árum.

Auk stofnfjár er sjóðnum heimilt að afla fjár til starfsemi sinnar með lántökum hjá innlendum bönkum og sjóðum. Einnig er honum heimilt að taka lán erlendis.

4. gr.

Um stjórn sjóðsins og rekstur fer eftir stofnsamningi, er aðilar sjóðsins gera með sér, svo og reglugerð, sbr. 7. gr.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela Landsbanka Íslands eða annarri lánastofnun umsjá sjóðsins. Skal Landsbanki Íslands eða sú lánastofnun, sem til þess er kjörin, annast afgreiðslu lána og innheimtu.

Laust fé sjóðsins skal geymt á reikningi í Seðlabanka Íslands.

6. gr.

Sjóðurinn nýtur sömu réttinda og veitt eru Framkvæmdasjóði Íslands með 11. og 12. gr. laga nr. 66 frá 13. mai 1966.

7. gr.

Viðskiptaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum sjóðsstjórnar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 751. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætast í stafrófsröð:

1. Finn Sigfússon, hljómlistarmaður í Danmörku, f. í Danmörku 16. apríl 1942.
2. Fredriksen, Svava Randi, bankaritari í Reykjavík, f. á Íslandi 13. marz 1945.
3. Herrmann, Ernst Georg, sjónvarpstæknifræðingur, f. í Þýzkalandi 30. marz 1943.
4. Lane, Jóhanna Dagmar Magnúsdóttir, skrifstofustúlka í Grundarfirði, f. á Íslandi 21. marz 1936.
5. Nelke, Susi Martha Anna, húsmóðir í Hveragerði, f. í Þýzkalandi 7. október 1927.
6. Owen, Shirley, húsmóðir í Hornafirði, f. í Bandaríkjunum 1. apríl 1947.
7. Poulsen, Annelise Fribjörg, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Færeyjum 11. apríl 1941.
8. Símonarson, Símon Birgir, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 5. júlí 1948.
9. Stórá, Signy Hergerð, húsmóðir í Kópavogi, f. í Færeyjum 15. júlí 1936.
10. Thienelt, Erika Lina Hedwig, húsmóðir á Sauðárkróki, f. í Þýzkalandi 31. júlí 1927.
11. Viderö, Sylvie Lockey, húsmóðir á Ísafirði, f. í Færeyjum 21. okt. 1943.

Ed. 752. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 28. apríl 1970.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Björn Jónsson.
Steinþór Gestsson.	Björn Fr. Björnsson.	Oddur Andrésson.
	Ásgeir Bjarnason.	

Ed. **753. Nefndarálit** [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 frá 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 28. apríl 1970.

Jón Þorsteinsson, form.	Auður Auðuns, fundaskr., frsm.	Ásgeir Bjarnason.
Björn Jónsson.	Steinþór Gestsson.	Oddur Andrésson.
	Björn Fr. Björnsson.	

Nd. **754. Breytingartillaga** [215. mál]

við frv. til laga um skemmtanaskatt.

Frá Hannibal Valdimarssyni og Jóni Kjartanssyni.

Við 3. gr. Á eftir h-lið komi nýr liður, i, svofelldur:
Allar fjáröflunarskemmtanir íþróttafélaga.

Nd. **755. Breytingartillaga** [215. mál]

við frv. til laga um skemmtanaskatt.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 2. gr. Síðari málsliður a-liðar í 3. flokki falli brott.

Nd. **756. Breytingartillaga** [174. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

Frá Stefáni Valgeirssyni, Benedikt Gröndal, Ágúst Þorvaldssyni, Hannibal Valdimarssyni og Halldóri E. Sigurðssyni.

Við 48. gr. Greinin falli niður.

Nd. 757. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Eystra-Stokkseyrarsel og hluta af Vestra-Stokkseyrarseli í Stokkseyrarhreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Efri deild aflaði sér umsagnar Landnáms ríkisins og jarðeignadeildarinnar um þetta mál, og voru þær jákvæðar. Sama er að segja um umsögn hreppsnefndar. Að því athuguðu mælir nefndin með, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 28. apríl 1970.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.	Pálmi Jónsson, fundaskr.	Benedikt Gröndal.
Stefán Valgeirsson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Jónas Pétursson.

Nd. 758. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Gísla Jónssyni, bónda á Engimýri, eyðijörðina Fagranes í Öxnadalshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og aflað sér álits hreppsnefndar Öxnadalshrepps, Landnáms ríkisins og jarðeignadeildarinnar. Þessir aðilar allir mæla einróma með því, að söluheimild verði veitt. Nefndin mælir og með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 28. apríl 1970.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.	Pálmi Jónsson, fundaskr.	Benedikt Gröndal.
Stefán Valgeirsson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Jónas Pétursson.

Ed. 759. Nefndarálit [224. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 11. júní 1960, um tollvörugeymslur o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. apríl 1970.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson.
Björn Jónsson.	Kristján Thorlacius.	Oddur Andrésson.
	Sveinn Guðmundsson.	

Nd. 760. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Þar sem Alþingi hefur þegar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1970 samþykkt að taka hluta af framlagi til landnámsins, 7.5 millj. kr., út af fjárlögum, telja undirritaðir nefndarmenn, að samþykkt þessa frumvarps að því er tekur til framlags ríkisins 1970 sé eðlileg. Því mæla undirritaðir nefndarmenn með samþykkt frumvarpsins með þeirri breytingu, að heimildin nái aðeins til ársins 1970. Leggja þeir því til, að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Fyrir orðin „Á árunum 1970—1971 er ríkisstjórninni heimilt að lækka hvort ár framlög á fjárlögum“ komi: Á árinu 1970 er ríkisstjórninni heimilt að lækka framlag á fjárlögum.

Alþingi, 28. apríl 1970.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Benedikt Gröndal.

Jónas Pétursson.

Nd. 761. Frumvarp til laga [50. mál]

um Skipamálastofnun ríkisins.

(Eftir eina umr. í Ed., 28. apríl.)

1. gr.

Skipamálastofnun ríkisins starfar undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með öryggismál skipa.

2. gr.

Hlutverk Skipamálastofnunar ríkisins er:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um siglingamál og skipasmíðar, eftir því sem hún telur þörf á.
2. Að annast eftirlit með nýsmíði skipa, búnaði, breytingum og innflutningi og annað almennt eftirlit skipa samkvæmt lögum um eftirlit með skipum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim. Smíðateikningar skipa eru háðar viðurkenningu Skipamálastofnunarinnar í samræmi við ákvæði laga og reglugerða.
3. Að annast framkvæmd alþjóðasamþykkta um öryggi mannslífa á hafinu, sem Ísland er aðili að, og gefa út skipsskjöl fyrir íslenzk skip samkvæmt þeim.
4. Að annast framkvæmd alþjóðahleðslumerkjasamþykkta, sem Ísland er aðili að, og ákveða hleðslumerki skipa og gefa út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt þeim.
5. Að ákvarða hleðslumerki fyrir fiskiskip eftir nánari reglum, er ráðherra setur.
6. Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi.
7. Að annast framkvæmd laga um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu og reglugerða samkvæmt þeim í samræmi við alþjóðasamþykkt um sama efni, sem Ísland er aðili að.

8. Að annast framkvæmd laga og reglna um mælingu skipa, svo og mál, er varða alþjóðasamþykkt um mælingu skipa.
9. Að annast framkvæmd laga um skráningu skipa. Annast skýrslugerð um íslenzkan skipastól. Gefa árlega út skrá yfir íslenzk skip, miðað við 1. janúar ár hvert, og aukaskrár, ef þörf krefur. Þar skal og birta skrá yfir einkaleyfisnöfn skipa, skip í smíðum, skip, sem felld hafa verið niður af skipaskrá á árinu, og annan gagnlegan fróðleik um íslenzkan skipastól. Ráðherra getur sett nánari reglur um gerð skipaskrár.
10. Að annast af Íslands hálfu samstarf við alþjóðastofnanir varðandi þau mál, sem eru í verkahring stofnunarinnar.
11. Að annast mál, er varða siglingalög og sjómannalög, að því leyti sem þau varða skráningu skipa, skip og búnað þeirra, siglingaöryggi og önnur mál, sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni, varðandi siglingar og áhafnir skipa.

3. gr.

Ráðherra sá, er fer með siglingamál, kveður með reglugerð nánar á um hlutverk og starfshætti Skipamálastofnunarinnar og um einstök verkefni hennar.

4. gr.

Forseti skipar skipamálastjóra til að annast framkvæmdastjórn þeirra mála, sem falin eru Skipamálastofnuninni. Hann skal vera skipaverkfræðingur eða hafa aðra sambærilega menntun og fullnægja kröfum þeim, sem þarf til þess að vera embættismaður hér á landi.

5. gr.

Skipamálastofnunin hefur skrifstofu í Reykjavík.

6. gr.

Ráðherra skipar fasta starfsmenn stofnunarinnar, að fengnum tillögum skipamálastjóra. Fast starfsfólk Skipamálastofnunar ríkisins tekur laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisins.

Skipaskoðunarmenn og skipamælingarmenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum skipamálastjóra.

Eigi má skipamálastjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Skipamálastofnun ríkisins, hafa á hendi störf, sem eru ósamræmanleg stöðu þeirra og háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Skipamálastofnunar ríkisins, svo sem eftirlit með skipum eða vélum fyrir einstaklinga, félög eða opinberar stofnanir.

7. gr.

Skipamálastjóri skal hafa sérfróða starfsmenn, eftir nánari ákvörðun í reglugerð, sem ráðherra setur.

8. gr.

Landið skiptist í 5 eftirlitssvæði. Þau eru:
1. eftirlitssvæði: Frá Hjörleifshöfða að Skor á Barðaströnd. Allar eyjar meðtaldar.
2. eftirlitssvæði: Frá Skor í Hrútafjarðarbotn.
3. eftirlitssvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Gunnólfsvíkurfjalli.
4. eftirlitssvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Hjörleifshöfða.
5. eftirlitssvæði: Vestmannaeyjar.

9. gr.

Skipamálastjóri skipar eftirlitsmann fyrir hvert eftirlitssvæði. Annast hann framkvæmd eftirlits þar og umsjón með skoðunarmönnum undir yfirstjórn skipamálastjóra.

Ef skipamálastjóri telur ástæðu til, getur hann tilnefnt trúnaðarmenn til þess að annast einstök störf eftirlitsmanna, og hafa þeir þá sama rétt og skyldur og eftirlitsmenn.

Eftirlitsmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á þeim stað innan svæðis síns, er skipamálastjóri samþykkir, vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann, og hafa að dómi skipamálastjóra nægilega þekkingu á siglingum, skipum og vélum til þess að leiðbeina skoðunarmönnum, samræma eftirlitið til meira öryggis og skera úr um ágreining, sem upp kynni að rísa um haffæri skipa.

Skipamálastjóri setur þeim erindisbréf og starfsreglur.

10. gr.

Hvert eftirlitssvæði skiptist í skoðunarsvæði. Þau eru:

I. eftirlitssvæði:
1. skoðunarsvæði: Frá Hjörleifshöfða að Jökulsá á Sólheimasandi.
2. skoðunarsvæði: Frá Jökulsá á Sólheimasandi að Þjórsá.
3. skoðunarsvæði: Frá Þjórsá að Grindavík.
4. skoðunarsvæði: Grindavík og Reykjanesskagi að Hafnarfirði.
5. skoðunarsvæði: Hafnarfjörður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.
6. skoðunarsvæði: Reykjavík og Kjósarsýsla.
7. skoðunarsvæði: Borgarfjarðar- og Mýrasýsla (frá Hvalfjarðarbotni til Hítarár).
8. skoðunarsvæði: Frá Hítará að Búlandshöfða.
9. skoðunarsvæði: Frá Búlandshöfða að Skor. (Breiðafjarðareyjar meðtaldar).

II. eftirlitssvæði:
10. skoðunarsvæði: Frá Skor að Kópanesi.
11. skoðunarsvæði: Arnarfjörður.
12. skoðunarsvæði: Dýrafjörður.
13. skoðunarsvæði: Önundarfjörður.
14. skoðunarsvæði: Súgandafjörður.
15. skoðunarsvæði: Frá Gelti að Geirhólma.
16. skoðunarsvæði: Frá Geirhólma í Hrútafjarðarbotn.

III. eftirlitssvæði:
17. skoðunarsvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Skagatá.
18. skoðunarsvæði: Frá Skagatá að Haganesvík.
19. skoðunarsvæði: Haganesvík að Siglunestá.
20. skoðunarsvæði: Frá Siglunestá að Ólafsfjarðarmúla.
21. skoðunarsvæði: Frá Ólafsfjarðarmúla að Gjögri, svo og Grímsey.
22. skoðunarsvæði: Frá Gjögri að Tjörnestá, svo og Flatey á Skjálfanda.
23. skoðunarsvæði: Frá Tjörnestá að Gunnólfsvíkurfjalli.

IV. eftirlitssvæði:
24. skoðunarsvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Lagarfljóti.
25. skoðunarsvæði: Frá Lagarfljóti að Loðmundarfirði.
26. skoðunarsvæði: Loðmundarfjörður og Seyðisfjörður.
27. skoðunarsvæði: Frá Dalatá að Gerpi.
28. skoðunarsvæði: Frá Gerpi að Fáskrúðsfirði.
29. skoðunarsvæði: Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík.
30. skoðunarsvæði: Frá Breiðdalsvík að Austurhorni.
31. skoðunarsvæði: Frá Austurhorni að Hjörleifshöfða.

V. eftirlitssvæði:
32. skoðunarsvæði: Vestmannaeyjar.

11. gr.

Skipamálastjóri skipar að fengnum tillögum eftirlitsmanns skoðunarmenn á hvert skoðunarsvæði. Tölu skoðunarmanna á hverju skoðunarsvæði ákveður skipamálastjóri að fengnum tillögum eftirlitsmanns. Skoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á svæði sínu, hafa reynslu og þekkingu á siglingum, skipum og vélum og vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann.

Eftirlitsmaður skiptir með þeim verkum eftir sérþekkingu þeirra.

12. gr.

Skipamálastofnunin skal að jafnaði hafa starfandi umferðaeftirlitsmenn, sem ferðast um landið til að samræma störf skipaskoðunarmanna, í samráði við skipaeftirlitsmann hvers eftirlitssvæðis. Skulu umferðaeftirlitsmenn einnig framkvæma skyndiskoðanir í höfnum eða á sjó, eftir því sem aðstæður leyfa og ástæða þykir til. Milli ferða skulu umferðaeftirlitsmenn starfa við skrifstofu Skipamálastofnunarinnar, og skal skipamálastjóri setja þeim starfsreglur.

13. gr.

Skipamálastjóri löggildir eftir þörfum skipamælingamenn samkvæmt lögum um skipamælingar. Skipamælingamenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna. Þeir skulu hafa þekkingu á reglum þeim, er um skipamælingar gilda, og hafa fengið æfingu í notkun þeirra. Ráðherra getur sett reglur um prófraun skipamælingamanna eftir tillögum skipamálastjóra.

14. gr.

Ráðherra getur skipt landinu í skipamælingaumdæmi eftir tillögum skipamálastjóra. Heimilt er þó skipamálastjóra að láta löggiltan mælingamann framkvæma mælingar utan umdæmis síns, hvenær sem ástæða þykir til.

15. gr.

Áður en embættis- og sýslunarmenn Skipamálastofnunarinnar hefja störf, skulu þeir undirrita eið eða drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starfann eftir beztu samvizku og þekkingu.

Ekki mega þeir annast nein störf Skipamálastofnunarinnar vegna skipa, er þeir eiga sjálfir að meira eða minna leyti, eða þeirra skipa, sem þeir eru á einn eða annan hátt við riðnir, þannig að þeir verði eigi taldir óvilhallir.

16. gr.

Þegar embættis- og sýslunarmenn Skipamálastofnunarinnar eru að starfi, hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip, sem statt er í íslenzkri höfn eða innan íslenzkrar landhelgi, til þess að rannsaka það, sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Leita ber þó álits eftirlitsmanns eða skipamálastjóra, ef eigi er nauðsyn skjótra aðgerða.

Útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, er í þeirra umboði starfa, svo og aðrir skipverjar, eru skyldir til að veita Skipamálastofnuninni alla aðstoð og upplýsingar, sem óskað er og starfið varða.

Trúnaðarmenn Skipamálastofnunarinnar skulu á hinn bóginn gæta þess að valda ekki skipi óþarfa töfum né torvelda vinnu um nauðsyn fram.

17. gr.

Embættis- og sýslunarmenn Skipamálastofnunarinnar eru opinberir starfsmenn og njóta réttar og bera skyldur í samræmi við það.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi ákvæði laga, sem í bág kunna að fara við lög þessi.

Nd. 762. Frumvarp til laga [5. mál]

um skipamælingar.

(Eftir eina umr. í Ed., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 5 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Skip skal mæla samkvæmt þeim alþjóðasamþykktum, sem á hverjum tíma gilda um mælingu skipa og Ísland er aðili að.

Heimilt er að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt þá um mælingu skipa, sem undirrituð var í London 23. júní 1969 (International Convention on Tonnage Measurement of Ships, 1969). Þar til sú samþykkt tekur hér gildi, skal mæla skip samkvæmt Alþjóðareglum um mælingu skipa (International Regulations for Tonnage Measurement of Ships), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi, undirrituðum í Osló 10. júní 1947, að viðbættum breytingum á honum, undirrituðum í Osló 21. maí 1965.

Ráðherra getur undanþegið skip mælingu eftir tillögum skipamálastjóra, ef alveg sérstaklega stendur á.

4. gr. hljóðar svo:

Nú er skip smíðað hér á landi, og skal þá skipasmiður eða fyrirsvarsmaður hans senda mælingamanni í umdæminu (í Reykjavík skipamálastjóra) skriflega tilkynningu um skipasmíð með uppdráttum af skipi og einstökum hlutum þess og þeim öðrum gögnum, sem skipamálastjóri getur ákveðið, svo tímanlega, að mæla megi jafnskjótt sem þilfar er lagt og innanborðsþiljur hafa verið settar. Vistarverur og önnur hýsi ofan þilfars skal mæla svo fljótt sem unnt er, áður en mælibréf er út gefið.

8. gr. hljóðar svo:

Samkvæmt ósk eiganda skips eða skipstjóra skal mæla skip að nýju, nema skipamálastjóri telji slíka mælingu algerlega ástæðulausa.

Nú er skip mælt upp, og fer þá um útgáfu mælibréfs eftir 7. gr.

9. gr. hljóðar svo:

Skipamálastjóri getur, hvenær sem honum þykir ástæða til, látið mæla skip. Nú kemur það fram, að breytingar, er í þessu efni skipta máli, hafa orðið á skipi, eftir að það var mælt og ekki hefur verið sagt til þeirra, og skal þá mæling fara fram á kostnað eiganda skips. Annars kostar fer mæling fram á kostnað ríkissjóðs. Ef breytingar samkvæmt framanskráðu hafa orðið, fer um útgáfu mælibréfs eftir 7. gr.

15. gr. hljóðar svo:

Gjöld í ríkissjóð fyrir mælingar skipa samkvæmt lögum þessum, dagpeninga og ferðakostnað mælingamanna ábyrgist eigandi skips. Ráðherra setur eftir tillögum skipamálastjóra gjaldskrá um mælingagjald og dagpeninga og úrskurðar ferðakostnaðarreikninga mælingamanna, ef þörf gerist. Gjöld, dagpeningar og ferðakostnaður eru tryggð með lögveði í skipi með sama hætti sem lestagjald.

Nd. **763. Frumvarp til laga** [6. mál]

um skráningu skipa.

(Eftir eina umr. í Ed., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 6 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Svifskip teljast til skipa samkvæmt lögum þessum.

Skipamálastjóri ákveður, að hverju leyti för eða tæki, sem á sjó fljóta, en eru ekki knúin af hreyfiafli í þeim sjálfum, skuli tekin á skipaskrá.

Bráðabirgðaskráning má fara fram á skipum, sem eru í smíðum eða ófullgerð að öðru leyti, eftir reglum, sem skipamálastjóri setur.

4. gr. hljóðar svo:

Skipamálastofnun ríkisins heldur aðalskipaskrá yfir öll skip, sem skráð eru samkvæmt lögum þessum. Skráin má vera lausblaðabók.

Aðalskipaskrá skal greina um hvert skip sér:

1. Skipaskrárnúmer, sem helzt óbreytt, meðan skipið er skráð á Íslandi.
2. Nafn.
3. Einkennisbókstafi (kallmerki).
4. Umdæmisbókstafi og tölu.
5. Heimilisfang.
6. Gerð og aðalmál.
7. Smíðastöð og hvenær smíðað.
8. Hvenær mælibréf er gefið út.
9. Gerð og stærð aðalvélar.
10. Fullt nafn og heimilisfang eiganda. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn, og skal þá greina, hversu mikinn hluta hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er í eign félags eða stofnunar, skal greint nafn þess eða hennar, nöfn og heimili stjórnenda og nafn framkvæmdastjóra eða útgerðarstjóra.
11. Hvar og hvenær eignarskilríki eiganda er út gefið, eða eigenda, ef fleiri eru en einn.
12. Skráningardag og ár.

Skipamálastofnunin gefur árlega út skipaskrá yfir skráð íslenzk þilskip.

5. gr. hljóðar svo:

Heimahöfn skráðs skips skal vera þar, sem eigandi eða eigendur ætla því heimilisfang.

Skipamálastjóri getur veitt eiganda þilskips einkarétt til nafns á skipinu. Sama gildir um einkarétt til reykháfsmerkja og annarra einkenna á skipum, þar á meðal sérfána. Bannað er öðrum að nota skipanöfn eða einkenni, sem einkaréttur hefur verið veittur á, eða svo lík nöfn eða einkenni, að villu geti valdið. Þó má haldast óbreytt nafn og einkenni skips, sem skráð hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, meðan það helzt í eigu sama aðila. Einkaréttur til nafns eða einkennis fellur úr gildi fimm árum, eftir að skip hefur verið afmáð af skipaskrá, ef eigandi heitisins eða einkennisins hefur ekki endurnýjað það á öðru skipi. Skipamálastofnunin heldur skrá yfir nöfn og einkenni skipa, sem einkaréttur hefur verið veittur á, og birtir jafnóðum í Lögbirtingablaðinu allar einkaleyfisveitingar svo og í árlegri skipaskrá.

6. gr. hljóðar svo:

Um frumskráningu skips fer, sem hér segir: Ný skip, sem smíðuð eru hér á landi, skal tilkynna Skipamálastofnuninni til skráningar, áður en þau eru tekin til notkunar. Önnur skip, sem óskráð eru hér á landi, skal tilkynna um leið og þau komast í eign íslenzks aðila samkvæmt 1. gr., enda fari ekki fram bráðabirgðaskráning samkvæmt 9. gr.

Eigandi skips eða eigendur senda Skipamálastofnuninni beiðni um skráningu, ritaða á eyðublaði frá stofnuninni, eins og getið er í 17. gr.

Skipamálastjóri ákveður, hvaða upplýsingar um skip, sem um getur í 4. gr., skuli vera í skráningarbeiðni, enda skal eyðublað fyrir beiðnina bera það með sér.

Fylgja skal skráningarbeiðni skipasmíðaskírteini eða annað eignarheimildarbréf skráningarbeiðanda. Ef notað skip er flutt hingað til lands frá útlöndum, skal fylgja vottorð hlutaðeigandi erlends skráningaryfirvalds um, að skipið hafi annaðhvort ekki verið skráð þar eða að öðrum kosti afmáð þar af skipaskrá.

Skipamálastofnunin sendir hlutaðeigandi þinglýsingadómara tilkynningu um skráningu, þegar hún hefur farið fram.

Skipamálastjóri getur veitt leyfi og einkarétt til nafns skips og annarra einkenna, þó að skilyrði til skráningar séu ekki enn fyrir hendi.

7. gr. hljóðar svo:

Skipamálastjóri gefur út þjóðernisskírteini handa skráðum skipum, sem eru 30 rúmlestir brúttó eða stærri. Fari skip, sem er minna en 30 rúmlestir brúttó, milli Íslands og annarra landa, skal þjóðernisskírteini gefið út handa því.

Skráningarskyld skip, sem minni eru en 30 rúmlestir brúttó, skulu hafa mælibréf, eins og greinir í lögum um skipamælingar.

Í þjóðernisskírteini skal greina aðalmál skips, brúttó- og nettó-rúmlestatölu, gerð, nafn, heimahöfn, einkennisbókstafi, nafn eiganda eða eigenda og hvenær eignarskilríki er út gefið, nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild, hvenær hún er dagsett og hvar út gefin, svo og, sé um fiskiskip að ræða, umdæmisbókstafi og tölu.

8. gr. hljóðar svo:

Á hvert skráð skip, sem þjóðernisskírteini hlýtur, skal marka einkennisstafi þess á þiljubita við aðallestaropið, ef það má verða, en ella annars staðar, þar sem vel fer á því.

Setja skal nafn skips og heimili aftan á skip og nafnið á bóg þess. Ef skipið er fiskiskip, skal einnig setja umdæmisbókstafi og tölu á bóg þess.

Marka skal beggja megin að framan og aftan á skip, hversu djúpt það ristir í desimetrum.

Skipamálastjóri ákveður, hvernig haga skuli merkingu á skipum, sem minni eru en 30 rúmlestir brúttó.

Nafnbreytingu á skipi má því aðeins leyfa, að allir eigendur þess séu því samþykkir. Breyta má nafni á skipi, þegar eigendaskipti verða að því, en þó svo, að ekki fari í bág við einkarétt á nafni, sbr. 5. gr. Ella verður nafni skips ekki breytt, nema leyfi skipamálastjóra komi til. Þó að nafnbreyting verði, skulu einkennisstafir skips haldast óbreyttir.

Bannað er að leyna nafni skips eða heimili eða nema brott. Ekki má heldur merkja skip öðru nafni en það er skráð undir.

9. gr. hljóðar svo:

Nú er skip smíðað erlendis fyrir aðila, er hér má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og getur þá fulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands, sem til þess hefur fengið heimild, gefið út þjóðernisskírteini handa skipinu til bráðabirgða.

Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og hvers konar skip það sé.
2. Hvar og hvenær skip sé smíðað eða keypt og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt skipasmíðaskírteini eða öðru eignarheimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild.
4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um rúmlestatal skips, lögun þess og lýsingu.

Beiðni um útgáfu þjóðernisskírteinis til bráðabirgða skulu fylgja fullnægjandi gögn um atriði þau, sem greina skal í skírteininu, svo og vottorð hlutaðeigandi erlends skráningaryfirvalds um, að skipið hafi annaðhvort ekki verið skráð þar eða að öðrum kosti afmáð þar af skipaskrá.

Jafnskjótt sem fulltrúi Íslands gefur út þjóðernisskírteini, skal hann senda Skipamálastofnuninni staðfest endurrit af því og gögnum þeim, sem útgáfubeiðni fylgdu.

Bráðabirgðaþjóðernisskírteini skal gilda sem venjulegt þjóðernisskírteini, en þó eigi lengur en einn almanaksmánuð frá útgáfudegi, nema sérstök heimild skipamálastjóra komi til.

10. gr. hljóðar svo:

Þjóðernisskírteini skal ávallt fylgja skipi, enda skal sýna það yfirvöldum, þegar þess er krafizt.

Þegar skipstjóraskipti verða á íslenzku skipi, sem þjóðernisskírteini hefur hlotið, ritar lögskráningarstjóri, sbr. 22. gr. laga um lögskráningu sjómanna nr. 63 29. marz 1961, nafn skipstjóra þess, er við tekur, á þjóðernisskírteini og getur jafnframt skipstjórnarheimildar hans. Sama gildir um fulltrúa Íslands erlendis, sbr. 9. gr., ef skipstjóraskipti verða í erlendri höfn. Að öðru leyti er bæði handhafa þjóðernisskírteinis og öllum öðrum en Skipamálastofnuninni bannað að rita nokkuð á skírteinin eða breyta nokkru í þeim.

12. gr. hljóðar svo:

Þegar nýr eigandi að skráðu skipi eða skipshluta lætur þinglýsa eignarheimild sinni, skal hann í viðurvist þinglýsingadómara birta beiðni um skráningu á viðeigandi eyðublað, sbr. 17. gr. Þinglýsingadómari skal innan þriggja virkra daga senda Skipamálastofnuninni skráningarbeiðnina ásamt staðfestu endurriti af hinni þinglesnu eignarheimild.

Óheimilt er nýjum eiganda að láta lögskrá skipshöfn á skipið í sínu nafni, fyrr en skráningarbeiðnin hefur borizt Skipamálastofnuninni, skipið skráð á aðalskipaskrá og nauðsynleg skjöl gefin út því til handa, enda skulu þau sýnd lögskráningarmanni.

Þegar eigendaskipti verða samkvæmt framanskráðu, ber hinn fyrri eigandi ábyrgð á skoðunargjöldum vegna skipsins, unz umskráning hefur farið fram.

13. gr. hljóðar svo:

Ef eigandi skráðs skips vill fá því nýtt nafn eða nýtt heimilisfang, skal hann senda Skipamálastofnuninni tilkynningu um það, sbr. 17. gr. Óheimilt er að breyta nafni eða heimilisfangi, fyrr en Skipamálastofnunin hefur skráð hið nýja nafn eða heimilisfang á aðalskipaskrá.

Nú er nafni skips eða heimilisfangi breytt á aðalskipaskrá, og tilkynnir Skipamálastofnunin það þá þegar í stað þinglýsingadómara í því þinglýsingarumdæmi, þar sem skip á eða átti heimilisfang, en hann skal án tafar tilkynna breytinguna veðhöfum eða öðrum óbeinum rétthöfum í skipinu, ef þeir eru kunnir.

Nú veldur hið nýja heimilisfang því, að skip er flutt milli þinglýsingaumdæma, og skal Skipamálastofnunin þá einnig tilkynna flutninginn þinglýsingadómara í því umdæmi, sem skip er flutt í. Þinglýsingadómari í því umdæmi, þar sem skipið átti áður heimilisfang, skal tafarlaust senda þinglýsingadómara í því umdæmi, sem

skip er flutt í, staðfest endurrit af öllum þinglýstum skjölum, sem í gildi eru um skipið, og enn fremur eignar- og veðbókarvottorð. Skulu skjöl þessi þinglesin í hinu nýja umdæmi skipsins, enda rofna réttaráhrif þinglýsingar ekki vegna flutningsins. Fyrir hinn nýja þinglestur skal ekkert gjald greiða.

14. gr. hljóðar svo:

Nú verður breyting á einhverjum atriðum, sem skrá skal á aðalskipaskrá samkvæmt 4. gr., en er ekki þegar getið í 12. eða 13. gr., og ber þá eiganda eða eigendum skips að tilkynna Skipamálastofnuninni breytinguna þegar í stað, sbr. 17. gr.

15. gr. hljóðar svo:

Afmá skal skip af aðalskipaskrá:

1. Ef það fullnægir ekki lengur þjóðernisskilyrðum 1. gr.
2. Ef það hefur farizt, svo að um sé kunnugt, og sömuleiðis ef það hefur horfið, án þess að til þess hafi spurzt í 6 mánuði.
3. Ef það er rifið, metið ónýtt eða ekki talið þess virði, að við það sé gert.
4. Ef það hefur legið ónotað í höfn eða skipalægi eða staðið á landi í 3 ár samfleytt hérlendis eða erlendis.
5. Ef um opinn bát er að ræða og aðalskoðun hefur ekki farið fram á honum í 5 ár samfleytt.

Framangreind atriði skulu sönnuð með opinberu vottorði, skoðun eða á annan þann hátt, sem skipamálastjóri telur fullnægjandi.

Nú eru líkur til, að bætt verði úr skorti á þjóðernisskilyrðum, sbr. 1. tölul., að skipi verði bjargað eða það komi fram, sbr. 2. tölul., að gert verði við skip, sbr. 3. tölul., eða að skip verði að nýju tekið í notkun, sbr. 4. og 5. tölul., og getur skipamálastjóri þá ákveðið, að afmáningu skips af aðalskipaskrá skuli frestað um tiltekinn tíma, er hann metur eftir aðstæðum hverju sinni. Aldrei má þó veita lengri frest en 6 mánuði til að bæta úr skorti á þjóðernisskilyrðum.

Þegar eiganda skips verður kunnugt um einhver atriði, sem eiga að valda afmáningu þess af skipaskrá samkvæmt 1. mgr., skal hann þegar í stað tilkynna Skipamálastofnuninni það á viðeigandi eyðublaði, sbr. 17. gr. Ef skipið hefur hlotið þjóðernisskírteini, skal eigandi afhenda það Skipamálastofnuninni, nema glatað sé.

16. gr. hljóðar svo:

Nú er skip afmáð af aðalskipaskrá, og tilkynnir Skipamálastofnunin það þá þegar í stað hlutaðeigandi þinglýsingadómara, en hann tilkynnir það án tafar þinglesnum rétthöfum í skipinu, sem um er kunnugt. Ef skipið er ekki fellt úr þinglýsingabókum, skal afmáningar af skipaskrá getið þar á blaði skips og einnig á veðbókarvottorðum um skipið.

17. gr. hljóðar svo:

Skráningarbeiðnir og tilkynningar samkvæmt 6. gr., 12. gr., 1. mgr. 13. gr., 14. gr. og 15. gr. skal rita á viðeigandi eyðublöð, sem Skipamálastofnunin lætur í té og fá má hjá henni og þinglýsingadómurum.

18. gr. hljóðar svo:

Ef skipamálastjóri telur vafa leika á því, að skip fullnægi skilyrðum um skráningu hér á landi, eða hann telur einhver önnur atriði, sem skráningu varða, ekki nægilega í ljós leidd, getur hann æskt þess, að héraðsdómari rannsaki málið að hætti opinberra mála. Að rannsókn lokinni getur skipamálastjóri borið undir úrskurð ráðherra, hvernig með málið skuli fara.

Hvort sem rannsókn samkvæmt 1. mgr. hefur fram farið eða ekki, getur eigandi skips eða annar aðili, sem réttar hefur að gæta, en telur rétti sínum hallað með úrlausn skipamálastjóra eða ráðherra, borið mál sitt undir úrlausn dómstóla.

19. gr. hljóðar svo:

Skipamálastjóri getur, þegar sérstök ástæða er til, veitt skipi, sem heima á hér á landi, leiðarbréf til að fara hér hafna á milli, áður en það er skráð á aðalskipaskrá. Hefur þá leiðarbréf sama gildi hér á landi sem þjóðernisskírteini.

Skipamálastjóra er einnig heimilt, ef nauðsyn ber til að skip fari þegar til útlanda, að veita því þjóðernisskírteini til bráðabirgða til siglingar þangað, enda þótt eitthvað bresti á til þess, að skráning á aðalskipaskrá megi þegar fram fara.

23. gr. hljóðar svo:

Hver, sem í skráningarbeiðni eða tilkynningu til Skipamálastofnunarinnar samkvæmt lögum þessum veitir rangar eða villandi upplýsingar eða skýrslur eða vanrækir að senda stofnuninni lögboðnar skráningarbeiðnir eða tilkynningar, skal sæta sektum, ekki minni en 10 000 krónum, eða varðhaldi.

Hver, sem lætur skip, sem skylt er að hafa þjóðernisskírteini, sigla án þess, sbr. 10. gr., skal sæta sektum, ekki minni en 4000 krónum. Sömu refsingu varðar að skila ekki þjóðernisskírteini, þegar slíkt er skylt, sbr. 11. og 15. gr. Enn varðar sömu refsingu að rita nokkuð á þjóðernisskírteini heimildarlaust, sbr. 10. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. gr. um notkun þjóðfána og brot gegn ákvæðum 5. gr. um einkarétt til nafns eða einkenna varða sektum.

Ed. 764. Nefndarálit [186. mál]

um till. til þál. um athugun á hafnargerð í Þjórsárósi.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd hefur rætt tillöguna á einum fundi og gat ekki orðið sammála um málið.

Undirritaðir nefndarmenn vilja vekja athygli á eftirfarandi: Þegar samgöngumálaráðherra svaraði fyrirspurn um hafnarmálefni í Ed. hinn 5. marz s. l., gaf hann um það yfirlýsingu, að hann hefði ákveðið að leggja það fyrir hafnamálastjóra að láta fram fara rannsókn á möguleikum til hafnargerðar við Þjórsárós, enda væri nánast um sama svæði að ræða og Þykkvabæjarsvæðið, en þar var þá þegar ákveðin frekari rannsókn. Hinn 9. marz s. l. ritaði svo samgöngumálaráðherra hafnamálastjóra eftirfarandi bréf:

„Ráðuneytið felur yður hér með, hr. hafnamálastjóri, að láta athuganir á möguleikum til hafnaframkvæmda í Þykkvabæ jafnframt ná til slíkra athugana við Þjórsárósa.

Jafnframt felur ráðuneytið yður að festa nú þegar kaup á nýjum bylgjumæli í stað þess, sem glataðist á s. l. ári, en mælirinn greiðist af fjárveitingu til áhaldakaupa á þessu ári. Bylgjumælinn skal nota til áframhaldandi mælinga hjá Dyrhólaey, svo lengi sem þess verður talin þörf."

Tíu dögum síðar, eða hinn 19. marz, er svo þingsályktunartillaga sú, er hér er rætt um, lögð fram í Ed., tillaga, sem fer í þá átt að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara rannsókn, sem þá þegar var búið að gefa út fyrirmæli um að láta framkvæma.

Með vísun til þessa teljum við undirritaðir, að samþykkt tillögunnar hafi engin áhrif á framgang þessa máls og að hún sé því með öllu óþörf.

Alþingi, 28. apríl 1970.

Jón Árnason, fundaskr. Steinþór Gestsson, frsm. Jónas G. Rafnar.

Nd. 765. Frumvarp til laga [48. mál]

um eftirlit með skipum.

(Eftir eina umr. í Ed., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 50 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Skip skal telja óhaffært:

a. Ef gilt haffærisskírteini, hleðslumerkjaskírteini og, sé um farþegaskip að ræða, öryggisskírteini er ekki sýnt, þegar þess er krafizt af Skipamálastofnuninni eða trúnaðarmanni hennar.
b. Ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa.
c. Ef bol þess, búnaði, vél eða vélartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, það svo ofhlaðið mönnum eða munum, vanhlaðið, kjölfestulítið, illa birgt af vistum, vatni, kolum, olíu eða öðrum vélarnauðsynjum, sé það vélskip, eða af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að telja verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er við siglingar.

6. gr. hljóðar svo:

Nú tekur skip grunn, slæst við bryggju, verður fyrir árekstri eða það annað ber til, er ætla má, að af muni hljótast, að skipið verði óhaffært, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka tjón það, sem orðið hefur, með skoðunargerð á þeim stað, er henni verður fyrst við komið.

Skoðunarmenn Skipamálastofnunarinnar skulu framkvæma skoðun, verði því komið við án verulegrar tafar, en annars skal hún gerð af sérfróðum mönnum, er sjódómur á þeim stað kveður til.

Ef svo ber við, að ekki verður náð til sérfróðra manna, þar sem skip er statt, skal skipstjóri, yfirvélstjóri og yfirstýrimaður ásamt tveimur mönnum, er skipshöfn velur, framkvæma bráðabirgðaskoðun á tjóninu. Ágrip af skoðunarskýrslunni skal ritað í eftirlitsbók skipsins og undirritað af þeim öllum, er hana önnuðust. Þar skal kveðið skýlaust á um haffæri skipsins. Afrit af því, sem bókað var, skal þá þegar sent Skipamálastofnuninni, og ákveður hún, hvort ný skoðun skuli fara fram.

7. gr. hljóðar svo:

Eftirlitsmönnum Skipamálastofnunarinnar ber hverjum í sínu umdæmi að gæta þess, að fullnægt sé ákvæðum gildandi laga, tilskipana og reglugerð um öryggi skipa. Í því skyni ber þeim m. a. að athuga skip í umdæmi sínu, hleðslu þeirra og haffæri fyrirvaralaust, þegar hentugt þykir eða ástæða virðist til, einkum er skip kemur til hafnar eða fer úr höfn. Komi fram, að vafi leiki á því, hvort skip sé haffært samkvæmt lögum þessum, skal það stöðvað til bráðabirgða samkvæmt 10. gr., sbr. og 34. gr.

8. gr. hljóðar svo:

Eftirlitsmaður skal sjálfur annast allt eftirlit þar á svæði sínu, sem mest þörf er eftirlits á hverjum tíma árs. Ef erfiðleikar eru á því, að hann vegna fjarlægðar

geti á sama tíma haft fullnægjandi eftirlit á öðrum stað eða öðrum stöðum á svæðinu, þar sem sérstök þörf er eftirlits, ber honum, að fengnu samþykki skipamálastjóra, að fela hæfum manni eftirlit þar, enda fullnægi hann skilyrðum þeim, sem sett eru um eftirlitsmenn.

9. gr. hljóðar svo:

Skipaskoðunarmenn annast allar skoðanir, er um ræðir í lögum þessum og tilskipunum og reglugerðum samkvæmt þeim, sem gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið á þar heimilisfang eða eigi.

Nú er um skoðun að ræða, er eftirlitsmaður telur þess eðlis, að meiri sérfræðilegrar þekkingar sé þörf, og kveður hann þá sérfróðan mann eða menn til aðstoðar skoðunarmönnum.

Ef þörf krefur, getur skipamálastjóri kvatt skoðunarmann til að framkvæma skoðun utan umdæmis síns.

10. gr. hljóðar svo:

Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sé þeim kröfum um öryggi skipa, sem gerðar eru í lögum þessum eða tilskipunum og reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Eftirlits- og skoðunarmenn skulu líta eftir umgengni og hreinlæti í vistarverum og forðageymslum, svo og lestum fiskiskipa. Skal þess sérstaklega gætt, að lestir fiskiskipa og báta séu vel hirtar og hreinar.

Að lokinni skoðun er skipaskoðunarmönnum skylt að sjá um, að bætt sé úr því, sem þeir telja áfátt. Telji skoðunarmenn eigi öruggt, að skip sé í förum, skulu þeir ekki láta skoðunarvottorð af hendi, en tilkynna útgerðarmanni eða skipstjóra, að vottorð verði eigi afhent, fyrr en úr göllunum sé bætt, enda skal og skipinu bannað að vera í förum. Um málið fer síðan samkvæmt VII. kafla.

Ef það, sem áfátt þykir, er þannig vaxið, að haffæri skips er óskert og eigi er hægt að bæta úr því þegar í stað, þar sem skipið er statt, skal skoðunarmaður gefa skipstjóra hæfilegan frest til þess að fullnægja gerðum kröfum, þó eigi lengri en 3 mánuði. Skrá skal í eftirlitsbók skips, hvers vant er, ástæður til frestveitingar og lengd frests.

Þegar frestur er liðinn, ber skoðunarmanni að ganga úr skugga um, að bætt hafi verið úr því, sem áfátt var. Hafi það eigi verið gert, ber honum tafarlaust að skýra eftirlitsmanni frá, og ákveður hann þá, hvort frestur skuli framlengdur eða hvort útgerðarmaður eða skipstjóri skuli sóttir til saka.

Verði ekki náð til skipsins, þegar fresturinn er útrunninn, skal eftirlitsmaður tilkynna skipamálastjóra málið, og ákveður hann þá, hvað gera skuli.

11. gr. hljóðar svo:

Verði skipaskoðunarmenn, lögreglumenn, hafnsögumenn, tollmenn, trúnaðarmenn stéttarfélaga sjómanna á staðnum, starfsmenn tryggingafélaga eða lögskráningarmenn varir við, að lög þessi séu brotin eða að brotnar séu reglugerðir, settar samkvæmt þeim, eða telji þeir sig hafa ástæðu til að ætla, að skip sé ekki haffært, skulu þeir tafarlaust gera næsta eftirlitsmanni aðvart, og skal hann þá að athuguðu máli gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt 7. gr.

Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva, er þeir eru að starfi sínu, þó þannig, að þeir skulu gera forstjóra stöðvarinnar aðvart. Athugar hann málið og snýr sér til eftirlitsmanns Skipamálastofnunarinnar, ef hann telur ástæðu til.

15. gr. hljóðar svo:

Við aðalskoðun skal athuga vandlega allt öryggi skips, bæði sjálfs bols þess, þilfars og skilrúma, siglu og reiða, véla og vélatækja, búnaðar alls og áhalda, svo og allt annað, er lýtur að öryggi skips.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi og framvísað er gildu flokkunarskírteini, skal sú skoðun, sem fram fór á því til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, ef farið hefur verið eftir reglum, sem settar hafa verið samkvæmt Kaupmannahafnarsamþykktinni frá 28. jan. 1926 um haffæri og búnað skipa og um samvinnu milli viðurkenndra flokkunarfélaga og Skipamálastofnunarinnar.

Nú hefur ríkisstjórnin viðurkennt flokkunarfélag, og ber þá að líta svo á, að reglur þær, sem félagið hefur sett um skip þau, er það hefur flokkað, gildi sem réttarreglur hér á landi um öll þau atriði, sem ekki er sérstaklega mælt fyrir um í íslenzkum lögum eða reglum.

16. gr. hljóðar svo:

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda eftirlitsmanni skýrslu um skoðunina eftir fyrirmynd, er skipamálastjóri setur. Eftirlitsmaður sendir síðan skipamálastjóra skýrsluna ásamt athugasemdum sínum.

Hafi skoðun leitt í ljós, að skip sé haffært, skal skipamálastjóri, eftirlitsmaður eða skoðunarmaður, sem til þess hefur fengið sérstaka heimild frá skipamálastjóra, gefa því haffærisskírteini. Skírteini þau, sem út skulu gefin samkvæmt alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á hafinu frá 17. júní 1960, skal þá skipamálastjóri gefa út.

17. gr. hljóðar svo:

Á haffærisskírteini skal skráð nafn skips, heimili, kallmerki, rúmlestatala brúttó og nettó, smíðastaður og ár, nafn eiganda, umdæmisbókstafir fiskiskipa, til hvaða ferða skírteinið gildir, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa, sem gerðar eru í lögum þessum eða tilskipunum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, enn fremur gildistími skírteinisins og útgáfudagur.

Haffærisskírteini skips skal gilda í eitt ár, enda glati skipið ekki rétti sínum til haffærisskírteinis á tímabilinu.

Skipamálastjóri getur framlengt gildi skírteinis um ákveðinn tíma, þó eigi lengur en 3 mánuði, enda sé eigi ástæða til að ætla, að skip sé ekki haffært. Er honum heimilt að fela slíka framlengingu öðrum opinberum aðila hverju sinni.

Haffærisskírteini skal fylgja skipsskjölunum og ávallt sýnt við tollafgreiðslur skips, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja, þegar um skip er að ræða, sem ekki er skylt að lögskrá á, svo og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum Skipamálastofnunarinnar eða lögreglunni. Nú er sá tími, er skírteinið gildir, á enda, eða skoðun, er gerð skyldi á skipi á þeim tíma samkvæmt lögum þessum, er vanrækt, hvort sem er aðalskoðun eða aukaskoðun, eða það kemur í ljós við slíka skoðun, að skip sé óhaffært, og skal skip þá lagt í farbann, sbr. VII. kafla.

18. gr. hljóðar svo:

Aukaskoðun skal gerð:

a. Þegar skip hefur sætt verulegri viðgerð, en eigi kveður samt svo mikið að viðgerðinni, að aðalskoðun skyldi gera samkvæmt 14. gr.
b. Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, vélstjóri, meiri hluti skipshafnar eða stjórn stéttarfélags eða félaga sjómanna á staðnum krefst skoðunar. Krafa skal send eftirlitsmanni og vera skrifleg og rökstudd. Trúnaðarmenn Skipamálastofnunarinnar eru bundnir þagnarheiti um, hver kært hefur, nema kæran hafi reynzt ástæðulaus. Þá skal Skipamálastofnunin gefa upp þann aðila, sem kært hefur, ef útgerðarmaður krefst þess.
c. Þegar annars þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess.

Synji eftirlitsmaður um skoðun, þegar hennar er krafizt samkvæmt b-lið þessarar greinar, má skjóta málinu til skipamálastjóra.

20. gr. hljóðar svo:

Nú fer fram aukaskoðun eða skyndiskoðun á skipi, og getur þá skipamálastjóri ákveðið, að aðalskoðun skuli fara fram þá þegar, enda skal sú ákvörðun rökstudd.

21. gr. hljóðar svo:

Synji skipamálastjóri um skoðun, þegar hennar er krafizt samkvæmt b-lið 18. gr., eða telji einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, sig eigi geta unað úrslitum skoðunargerðar, getur sá, er telur sig vanhaldinn, stefnt ágreiningnum fyrir siglingadóm, sbr. 38. gr.

Dómurinn kveður endanlega á um, hvort skoðun eða eftir atvikum yfirskoðun skuli fara fram.

Dómurinn annast yfirskoðun sjálfur eða kveður til sérstaka yfirskoðunarmenn, ef þörf þykir. Þeir skulu vera þrír eða fimm eftir ákvörðun dómsins, sérfróðir, hæfir og óvilhallir menn, er fullnægja skilyrðum til þess að gegna embætti eða sýslan hér á landi.

Yfirskoðunargerð verður ekki haggað, ef hún hefur farið löglega fram. Hún skal staðfest með eiði eða drengskaparheiti, ef krafizt er af einhverjum þeim, er hlut á að máli.

22. gr. hljóðar svo:

Skip skal að jafnaði fullnægja skilyrðum þeim, sem hér segir:

A. Bolur, reiði og vélar.
1. Bolur og yfirbygging, reiði og reiðabúnaður og vélar skal vera nægilega sterkt og í góðu ástandi.
2. Í stálskipi skulu vera fullnægjandi vatnsþétt skilrúm.
3. Stýri og stýrisbúnaður, akkeri, keðjur, kaðlar og dælubúnaður skal vera fullnægjandi og í góðu ástandi.
4. Í skipi skulu vera varahlutir, verkfæri og önnur nauðsynleg áhöld.
5. Skip skal láta vel að stjórn og vera nægilega stöðugt, svo að því verði örugglega siglt.

Sé eigi annars getið í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal kröfum þeim, sem um ræðir í 1.—4. tölulið, að jafnaði talið fullnægt, ef skip fullnægir þeim kröfum, er flokkunarfélag, viðurkennt af ráðherra, gerir til þess á hverjum tíma, að slíkt skip nái 1. flokki, þegar gætt er tegundar þess og þeirra ferða, sem því eru ætlaðar.

B. Siglingatæki.
1. Skip skal búið þeim áhöldum og tækjum, sem nauðsynleg eru, til þess að því verði örugglega siglt, þar með talin fjarskiptatæki, sem fyrirskipuð eru eða kunna að verða.

Í skipi skal vera a. m. k. einn áttaviti og honum komið fyrir á öruggum stað.

Skipamálastjóri löggildir menn að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans til þess að rétta áttavita.

Skip skal búið þjóðfána.

C. Öryggisráðstafanir og eldvarnir.
1. Varnir gegn slysum, er leitt geta af venjulegri notkun skips, skulu vera í því horfi, að menn, sem dvelja eða vinna á skipsfjöl eða eru á leið úr skipi eða á, eigi ekki meiðsli á hættu, enda gæti þeir almennrar varfærni.

Auknar kröfur má gera um öryggi tækja, ef gallar á þeim valda sérstakri slysahættu.
2. Skip skulu búin tækjum til slökkvistarfa, og viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar gegn eldhættu.

D. Björgunartæki.
1. Skip skal búið traustum björgunartækjum, er komið sé fyrir á hentugum stöðum. Skal það ákveðið nánar í reglugerð.

E. Vistarverur.
1. Vistarverur skipverja og forðageymslur skips skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða í reglugerð um stærð, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, hreinlætistæki og viðhald.
Reglur um rúmmál, gólfflöt og lofthæð skulu miðaðar við gerð skips og ferðir, sem því eru ætlaðar.
Sérstök rekkja skal vera fyrir hvern skipverja.
2. Í reglugerð skal og kveða á um búnað skips að lyfjum og hjúkrunargögnum.
3. Reglugerðir, sem um ræðir í 1. og 2. tölulið, skulu settar af ráðherra að fengnu áliti landlæknis og skipamálastjóra.

F. Fjarskiptatæki.
1. Öll skip með þilfari skulu búin talstöð eða loftskeytastöð með ákveðnu lágmarksafli og ákveðnu öldusviði. Einn skipverja, að minnsta kosti, skal hafa starfræksluskírteini fyrir slíka stöð samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 27. júní 1941 um fjarskipti.
Stöðvar þessar eru háðar eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar, sem gefur út öryggisskírteini fyrir fjarskiptatækin í skipum, sem ekki falla undir ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um öryggi mannslífa á hafinu, sbr. 16. gr. laga þessara. Að lokinni skoðun tækjanna tilkynnir póst- og símamálastjórnin skipamálastjóra árangur skoðunar á þeim og annað varðandi þau, sem ástæða þykir til.

G. Eftirlitsbók.
1. Auk skjala þeirra og bóka, sem fyrirskipuð eru í öðrum lögum og reglugerðum, skulu skip hafa eftirlitsbók, sem í eru skráð vottorð eftirlits- og skoðunarmanna um framkvæmdar skoðunargerðir ásamt greinargerð skipstjóra og vélstjóra um framkvæmd þess eftirlits, sem á þeim hvílir, auk annarra upplýsinga um skipið, sem krafizt kann að verða.
Gerð og færslu eftirlitsbókar skal hagað á þann hátt, er skipamálastjóri kveður á um.

H. Lög og reglur.
1. Eintak þessara laga ásamt reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu vera í skipi, svo og eintök annarra laga og reglna, eftir því sem boðið kann að vera.
2. Á þar til gerðum stöðum skal festa auglýsingar og leiðbeiningar um þau efni, er krafizt er, að þannig séu birt.

23. gr. hljóðar svo:
Um farþegaskip gilda ákvæði 22. gr. með þeim breytingum og viðbótum, er hér segir:
1. Farþegaskip skal að öllu vera þannig gert og búið, að því er snertir öryggi mannslífa, að hæft sé til mannflutninga og ferða þeirra, sem það er notað til.
2. Um búnað og björgunartæki farþegaskipa skal setja sérreglur.
3. Um vistarverur farþega, stærð þeirra, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, viðhald og hreinsun setur ráðherra reglugerð að fengnum tillögum skipamálastjóra.
4. Í skipi skal vera auglýst, svo að á ber, til hvers konar flutninga skip sé ætlað, og hámark farþegafjölda.

24. gr. hljóðar svo:

Farþegaskip, hvort heldur þau eru smíðuð til millilanda- eða strandsiglinga, skulu vera nægilega stöðug með alla farþega í annarri hliðinni á efsta þilfari, og er þá miðað við hæstu tölu farþega, sem hugsanlegt er, að skip flytji.

Að lokinni tæknilegri skoðun á stöðugleika skips skal skipamálastjóri ákveða í samráði við skipasmíðastöðina, hvernig úr skuli bætt, sé um ófullnægjandi stöðugleika að ræða.

25. gr. hljóðar svo:

Þegar skip, sem telst ekki farþegaskip samkvæmt lögum þessum, er að áliti skipamálastjóra notað til reglulegra farþegaflutninga, skal hann kveða á um það sérstaklega um hvert skip, hvers krafizt skuli um gerð þess og búnað. Þegar svo ber undir, að skip, sem ekki er farþegaskip, flytur annað fólk en skipverja, skulu settar sérreglur um aðbúð þeirra og öryggi.

26. gr. hljóðar svo:

A. Nýsmíði skipa.
   1. Nýsmíði skipa er háð eftirliti Skipamálastofnunarinnar. Sá, sem tekið hefur að sér smíði skips, skal senda skipamálastjóra tilkynningu þar um ásamt smíðalýsingu og uppdráttum þeim, sem skipamálastjóri telur nauðsynlega vegna eftirlitsins. Skulu uppdrættirnir vera í þríriti, nema skipamálastjóri telji færri nægja.
   2. Um nýsmíði skipa fer eftir reglum, sem ráðherra setur, og þar sem þær ná ekki til, skulu ekki gerðar vægari kröfur en gerðar eru af viðurkenndum flokkunarfélögum um smíði skipa.
   3. Þegar nýtt skip er smíðað, skipar skipamálastjóri skoðunarmann, sem hefur öruggt eftirlit með smíðinni af hálfu hins opinbera. Verði því við komið, skal skipa einn hinna föstu skoðunarmanna skipaeftirlitsins á staðnum, enda verði hann talinn óhlutdrægur. Enn fremur skulu sérfróðir starfsmenn Skipamálastofnunarinnar ferðast milli skipasmíðastöðvanna samkvæmt ákvörðun skipamálastjóra, og skulu þeir leiðbeina við skipasmíðina, eftir því sem þörf krefur. Einnig skal skipamálastjóra heimilt að fela eftirlitið hæfum stofnunum eða einstaklingum.
   4. Eigendum skipa, skipasmiðum eða skipamálastjóra er heimilt að fela einhverju hinna viðurkenndu flokkunarfélaga eftirlit með smíði skipa, annarra en tréskipa, enda sé skipið smíðað eftir reglum þeirra, að því leyti sem þær ná til.
   5. Skipamálastjóri skal annast um, að skip fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru að alþjóðalögum og íslenzkum réttarreglum um öryggi skipa og búnað þeirra.

B. Breytingar á gömlum skipum.
   1. Engar meiri háttar breytingar, sbr. a-lið 14. gr., má gera á gömlum skipum, án þess að sérstakt leyfi skipamálastjóra sé fengið fyrirfram. Allar breytingar og viðgerðir skipa, sem varða öryggi skips, skulu gerðar undir eftirliti Skipamálastofnunarinnar, og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og um nýsmíði væri að ræða. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett með reglugerð.

C. Innflutningur skipa.
   1. Skip, sem keypt eru frá útlöndum til skráningar hér á landi, skulu fullnægja íslenzkum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri.
   2. Skoðun skal fara fram á skipi, áður en það er keypt, þó þarf skoðunin ekki að taka til þeirra atriða, sem hin viðurkenndu flokkunarfélög annast, ef það hefur gilt flokkunarskírteini.

Skipamálastjóri framkvæmir skoðun þessa, en má fela hana hæfri stofnun eða einstaklingi.

Er skipamálastjóri hefur fengið skoðunarskýrslu, kveður hann á um, hvort hann vilji mæla með innflutningi skips eða ekki. Því aðeins má hann mæla með innflutningi skips, að styrkleiki þess og búnaður jafnist í aðalatriðum við það, sem krafizt er í lögum þessum, og að það sé eigi eldra en 12 ára.

27. gr. hljóðar svo:

Undanþágu frá ákvæðum laganna getur ráðherra veitt skipum, sem eru sérstakrar gerðar, úr sérstöku efni eða með sérstökum vélabúnaði, svo og skipum, sem gerð eru til sérstakra ferða í sérstökum tilgangi.

Undanþágu samkvæmt grein þessari má því aðeins veita, að skipamálastjóri mæli með henni, enda er honum heimilt, ef hann telur ástæðu til, að leita umsagnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambandsins.

29. gr. hljóðar svo:

Þau íslenzk skip, sem hleðslumerkjasamþykkt, gerð í London 5. apríl 1966, nær til, skulu hafa alþjóða-hleðslumerkjaskírteini.

Ráðherra setur reglur um hleðslu annarra íslenzkra skipa.

Skipamálastjóri ákveður hleðslumerki skipa og gefur út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt samþykkt þeirri, er um ræðir í 1. mgr., og reglum, er ráðherra setur.

31. gr. hljóðar svo:

Á skip, sem eru 30 rúmlestir brúttó eða stærri, skal marka beggja megin að framan og aftan, hversu djúpt skipið ristir í desimetrum.

Skipamálastjóri getur ákveðið, að djúpristumörk skuli sett á skip, þótt minna sé en að framan greinir, og hvernig þeirri mörkun skuli hagað.

32. gr. hljóðar svo:

Hleðslumerkjaskírteini skal fylgja skipsskjölum og ávallt sýnt bæði við tollafgreiðslu og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum Skipamálastofnunarinnar, sbr. III. kafla, eða lögreglunni.

Hafi skip hleðslumerkjaskírteini, útgefið af þar til bærum erlendum stjórnarvöldum í ríki, sem er aðili að alþjóðasamþykkt um hleðslumerki, gerðri í London 5. apríl 1966, eða viðurkenndu flokkunarfélagi, getur skipamálastjóri veitt því íslenzkt hleðslumerkjaskírteini í þess stað, án þess að láta mælingu þá eða skoðun, er með þarf til ákvörðunar hleðslumerkja, fara fram.

Nú er skipi breytt þannig, að hleðsluborð þess breytist að dómi skipamálastjóra, og er þá hleðslumerkjaskírteini þess úr gildi fallið.

33. gr. hljóðar svo:

Um flutning á hættulegum varningi og lausu korni skal farið eftir alþjóðareglum.

Um fermingu, flutning og affermingu farms að öðru leyti setur ráðherra reglur að fengnu áliti skipamálastjóra, þar á meðal um flutning á dýrum.

34. gr. hljóðar svo:

Eftirlitsmenn skera úr því, hvort för skips skuli bönnuð samkvæmt lögum þessum. Skoðunarmenn geta hindrað för skips samkvæmt 3. mgr. 10. gr., unz úrlausn eftirlitsmanns er fengin.

Nú hefur eftirlitsmaður lagt farbann á skip, og skal það þá þegar í stað tilkynnt skipstjóra og, ef hentugt þykir, útgerðarmanni. Tilkynningin skal vera skrif-

leg. Ástæður fyrir banni skulu tilgreindar, svo og skilyrði fyrir því, að banni verði af létt. Skýrslu um málið ásamt nauðsynlegum upplýsingum skal senda skipamálastjóra, og loks skal lögreglustjóra, hafnar- og tollyfirvöldum á staðnum skýrt frá banninu, enda ber þessum aðilum, hverjum á sínu sviði, að veita fulltingi sitt til þess, að banni verði framfylgt.

35. gr. hljóðar svo:

Skipamálastjóri skal fella farbann skips úr gildi, ef hann telur það ekki á rökum reist, en telji hann bannið nægilega rökstutt, staðfestir hann það og sendir skipstjóra eða eftir atvikum útgerðarmanni rökstuddan úrskurð sinn.

Telji skipamálastjóri gögn skorta, sér hann um, að þeirra verði aflað.

37. gr. hljóðar svo:

Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig:

Dómsmálaráðherra skipar formann dómsins og varaformann til 6 ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Þá skipar dómsmálaráðherra 12 meðdómendur og 6 varameðdómendur, alla til 6 ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi í utanlandssiglingum.
2. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi og annar þeirra á diesel-skipi.
3. Tveir skulu vera eða hafa verið sjómenn, án þess þó að vera eða hafa verið skipstjórar, stýrimenn, vélstjórar eða loftskeytamenn síðastliðin 5 ár.
4. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði skipa.
5. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði véla.
6. Tveir skulu vera sérfróðir um firðtæki.

Einn varamann skal skipa fyrir hverja starfsgrein.

Embættis- og sýslunarmenn Skipamálastofnunarinnar geta ekki verið dómendur.

Fastir dómendur eru: Formaður dómsins, annar þeirra skipstjóra, sem tilnefndir hafa verið, og annar sjómannanna (sbr. 3. lið).

Formaður dómsins kveður fasta dómendur úr flokki hinna skipuðu dómenda, og gildir sú kvaðning, þar til dómurinn er skipaður næst.

Í meðferð hvers máls taka þátt hinir föstu dómendur og tveir úr flokki aukadómendanna, valdir í hvert skipti af föstu dómendunum, eftir því hverrar sérþekkingar er þörf.

Dómendur siglingadóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.

38. gr. hljóðar svo:

Hlutverk siglingadóms er:

1. Að skera úr um, hvort skoðun á skipi skuli fram fara, annast yfirskoðunargerðir og kveðja yfirskoðunarmenn, eins og nánar greinir í 21. gr.
2. Að skera úr um, hvort farbann skuli lagt á skip, og dæma um gildi farbanns, svo sem getið er í 36. gr.
3. Að fara með dómstörf í opinberum málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum í samræmi við ákvæði 40. gr.
4. Að birta árlega niðurstöður rannsókna á sjóslysum.

39. gr. hljóðar svo:

Hinir reglulegu sjódómar annast sjópróf samkvæmt 39. gr. siglingalaga nr. 66 31. des. 1963. Skulu prófin fara fram að hætti opinberra mála.

Þegar sjópróf skal halda, ber formanni sjódóms að gera eftirlitsmanni Skipamálastofnunarinnar í því umdæmi, þar sem próf er haldið, aðvart um það.

Eftirlitsmanni ber að mæta eða láta mæta við sjópróf, ef um er að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón á skipi eða veruleg meiðsli manna. Skal honum heimilt að kynna sér málsskjöl, bera fram tillögur um rannsókn málsins, spyrja vitni með milligöngu dómara eða beint með samþykki hans og að fara fram á þær bókanir, sem hann telur nauðsynlegar.

Eftirlitsmanni ber að hefjast handa um, að sjópróf sé haldið, ef hann telur ástæðu til eða þess er krafizt af aðilum þeim, sem taldir eru í b-lið 18. gr. Hann getur og krafizt framhaldsprófs, ef honum þykir þess þörf.

Að sjóprófi loknu skal formaður sjódóms senda skipamálastjóra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands og Slysavarnafélagi Íslands eftirrit af því.

41. gr. hljóðar svo:

Áður en saksóknari ákveður höfðun opinbers máls út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum, skal hann jafnan leita umsagnar skipamálastjóra. Ber skipamálastjóra að láta í té rökstudda umsögn og tillögur, svo fljótt sem verða má.

Dómstólar skulu láta Skipamálastofnuninni í té eftirrit dóma, dómsgerða og annarra gagna í málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum.

42. gr. hljóðar svo:

Málum, sem höfðuð eru samkvæmt 21. eða 36. gr. laga þessara, skal beint gegn skipamálastjóra. Þeim skal hraðað, svo sem föng eru á. Sérstaklega skal hraða máli, svo sem unnt er, þegar úrskurða skal um farbann. Þeim úrskurði, sem skal vera rökstuddur, verður ekki áfrýjað.

Frestir reiknast sem aðilar væru búsettir innan sömu þinghár. Um málið fer að öðru leyti sem venjuleg sjódómsmál.

Skaðabótamál vegna ólöglegs farbanns ber undir almenna dómstóla.

Bótaréttur gegn ríkissjóði fellur niður, ef mál er eigi höfðað innan tveggja mánaða, frá því er siglingadómur hefur kveðið á um gildi farbanns.

44.—57. gr. hljóða svo:

44. gr.

Ráðherra skipar 5 menn í Rannsóknarnefnd sjóslysa, til 6 ára í senn, fjóra samkv. tilnefningu eftirtalinna aðila: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Slysavarnafélags Íslands, og formann, sem ráðherra skipar án tilnefningar.

Hlutverk Rannsóknarnefndar sjóslysa er að fylgjast eftir föngum með starfi sjódóma, safna saman upplýsingum, sem skýrt geta eða upplýst orsakir sjóslysa, miðla slíkum upplýsingum til sjómannaskóla, sjómanna og útgerðarmanna og gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr slysahættu á sjó.

Rannsóknarnefnd sjóslysa ræður í þjónustu sína siglingafróðan mann, sem hefur það verkefni að upplýsa orsakir sjóslysa og koma á framfæri leiðbeiningum um slysavarnir og varúðarráðstafanir.

Ber starfsmanni nefndarinnar að mæta við sjópróf, ef um er að ræða manntjón eða veruleg meiðsli manna. Skal starfsmaður í samráði við nefndina og skólastjóra sjómannaskóla landsins skipuleggja meðal sjómannaefna kennslu í slysavörnum, er miðist við að skýra helztu orsakir sjóslysa hér við land og hvernig unnt sé að forðast þau. Verksvið starfsmanns Rannsóknarnefndar sjóslysa ákvarðast nánar með reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum nefndarinnar.

Ráðherra ákveður laun starfsmanns Rannsóknarnefndar sjóslysa að fengnum tillögum nefndarinnar. Ferðakostnaður starfsmanns og önnur nauðsynleg útgjöld Rannsóknarnefndar sjóslysa greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

45. gr.

Fyrir skoðanir á skipum, eimkötlum, mælingu á skipum, útgáfu skírteina, endurskoðun smíðauppdrátta og aðrar skoðanir skal eigandi greiða gjöld til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur. Þar skulu einnig sett ákvæði um fyrirkomulag innheimtu gjaldanna.

Gjöldunum fylgir lögveð í skipi, jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi í eitt ár frá því, er gjald var kræft.

46. gr.

Telji gjaldandi gjald ranglega krafið eða of hátt, getur hann leitað úrskurðar skipamálastjóra, og skal þá greiða gjaldið samkvæmt honum. Gjaldandi getur þó á næstu þremur mánuðum frá því, er honum varð kunnugt um úrskurðinn, skotið honum til dómstóla.

Skipamálastjóri er í fyrirsvari fyrir ríkissjóð í framangreindum málum.

Réttargjöld í málum samkvæmt þessari grein eru hin sömu og í einkamálum.

47. gr.

Ef eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, annar yfirmaður skips eða loftskeytamaður brýtur í verki eða með vítaverðri vanrækslu gegn fyrirmælum í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, varðar það sektum eða varðhaldi. Dæma má fangelsisrefsingu, ef um stórfellt brot er að ræða.

Nú er skipi, sem eigi hefur gilt haffærisskírteini eða farbann hvílir á, lagt úr höfn, eða skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, og skal þá ekki beita vægari refsingu en varðhaldi.

48. gr.

Ef maður, sem hefur fengið opinbera viðurkenningu eða próf sem smiður skips, vélar þess eða búnaðar, vanrækir af ásetningi eða vítaverðu gáleysi störf sín samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, varðar það hann refsingu eftir ákvæðum 1. mgr. 47. gr.

49. gr.

Um brot samkvæmt 47. og 48. gr. skal beitt reglum almennra hegningarlaga um hlutdeild.

Nú er brot framið með verknaði, sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum, og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

50. gr.

Þegar um brot er að ræða samkvæmt 49. gr., má svipta sökunaut rétti til skipstjórnar, stýrimennsku, vélstjórnar eða loftskeytamannsstarfs um ákveðinn tíma, er eigi sé skemmri en 3 mánuðir.

Nú er dæmd refsing samkvæmt 2. mgr. 47. gr. eða brot er að öðru leyti sérstaklega stórfellt eða ítrekað, og skal þá beita réttindasviptingu í 6 mánuði og allt að 5 árum eða ævilangt.

Dæma má sökunaut samkvæmt 48. gr. réttindasviptingu um ákveðinn tíma, er eigi sé skemmri en 3 mánuðir.

51. gr.

Svipting réttinda samkvæmt 50. gr. skal gerð með dómi. Sá, er réttindum hefur verið sviptur, skal afhenda lögreglunni réttindaskírteini sitt.

Réttindasvipting skal tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

52. gr.

Þegar þrjú ár að minnsta kosti eru liðin frá því, að réttindasvipting var dæmd, getur dómsmálaráðherra, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt dómfellda réttindin aftur, enda þótt sá tími, sem til er tekinn í dóminum, sé eigi liðinn.

Endurveiting réttinda samkvæmt 1. mgr. er þó því aðeins heimil, að skipamálastjóri og siglingadómur mæli með því.

53. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Þeim fylgir lögveð í skipi og búnaði þess jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi.

Aðför skal reynd fyrir sekt, áður en til afplánunar kemur.

Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sökunauts.

54. gr.

Lög þessi raska í engu ákvæðum 24. gr. áfengislaga nr. 82 2. júlí 1969, að því er snertir viðurlög, ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

55. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, lög nr. 24 7. apríl 1962, um breyting á þeim lögum, svo og önnur þau ákvæði, sem eigi fá samrýmzt lögum þessum.

56. gr.

Reglugerðir og reglur, sem út hafa verið gefnar samkvæmt lögum nr. 50 31. júlí 1959 eða eldri lögum um eftirlit með skipum, halda gildi sínu, þar til nýjar reglugerðir hafa verið settar.

57. gr.

Auk þess, sem getið er í einstökum greinum, er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um einstök ákvæði laganna og framkvæmd þeirra, enda sé tillagna skipamálastjóra leitað. Í slíkar reglugerðir má og setja refsiákvæði innan þeirra marka, er lög þessi setja.

Ed. 766. Lög [29. mál]

um skipan gerðardóms í kjaradeilu atvinnuflugmanna og flugvélstjóra og íslenzkra flugfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 29.

Ed. 767. Lög [168. mál]

um gæðamat á æðardún.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 326.

Ed. 768. Frumvarp til laga [231. mál]

um Alþýðubankann h.f.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 634 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Hlutafé félagsins skal nema eigi minna en 40 milljónum króna. Alþýðusamband Íslands og verkalýðsfélög innan þess skulu safna innan sinna vébanda og leggja fram hlutafé að fjárhæð 40 milljónum króna.

Ábyrgðarmenn Sparisjóðs alþýðu skulu hafa rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi allt að tífaldri fjárhæð núverandi hluta þeirra í heildarábyrgðarfé Sparisjóðs alþýðu. Þessi réttur gildir í sex mánuði frá því að ábyrgðarmenn hafa með fundarsamþykkt ákveðið að leggja niður sparisjóðinn með þeim hætti, er segir í 4. gr.

Innan níu mánaða frá því að lög þessi öðlast gildi skal boðað til stofnfundar hlutafélagsins.

Ed. 769. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. apríl.)

1. gr.

Við 17. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, bætist tvær nýjar mgr., sem verða 2.—3. mgr., svo hljóðandi:

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða eigendum fiskibáta með þilfari, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, hluta af fæðiskostnaði sjómanna þeirra báta: 85 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann. Skilyrði fyrir greiðslu þessari er, að eigendur viðkomandi báta fullnægi reglum áhafnadeildar aflatryggingasjóðs, sem deildin setur fyrir greiðslu hluta fæðiskostnaðar á þessari bátastærð, áhafnir bátanna hafi fulla atvinnu af þessum störfum eigi skemmri tíma en fimm mánuði á ári og eigendur þessara báta tryggi áhafnir sínar sömu slysatryggingum svo og líf- og örorkutryggingum sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Fjárhæðir þær, sem fram koma í a- og b-lið 1. mgr. og í 2. mgr., skulu breytast í samræmi við fæðislið framfærsluvísitölu frá 1. janúar 1970.

2. gr.

18. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, orðist svo:

Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu inntar af hendi eigi síðar en einum mánuði eftir lok hvers kauptryggingartímabils, eins og þau eru ákveðin í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

3. gr.

Á eftir 1. málslið 19. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Á bátum, sem eigi hafa lögskráningarskyldu, skal trúnaðarmaður Fiskifélags Íslands staðfesta úthaldsdagafjölda og áhafnarstærð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

Nd. **770. Lög** [206. mál]

um kaup á sex skuttogurum.

(Afgreidd frá Nd. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 501.

Ed. **771. Lög** [146. mál]

um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 749 (sbr. 243).

Ed. **772. Lög** [202. mál]

um Útflutningslánasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 750.

Nd. **773. Nefndarálit** [168. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins, en efni þess er að lækka framlög ríkissjóðs til Landnáms ríkisins um 7.5 millj. kr. á ári í tvö ár.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt. Skoðun okkar er hins vegar sú, að enda þótt dregið hafi úr nýbýlaframkvæmdum, þá hafi Landnám ríkisins ærin verk að vinna á öðrum sviðum. Við teljum t. d. bæði æskilegt og eðlilegt, að Landnám ríkisins hafi forustu um heykögglaframleiðslu og greiði jafnframt fyrir því, að komið verði upp fóðurforðabúrum, þar sem það þætti henta.

Við lítum svo á, að Landnám ríkisins hafi fulla þörf fyrir þá fjármuni alla, sem stofnunin hefur fengið til umráða árlega — og þótt meira hefði verið, og leggjum til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 28. apríl 1970.

Stefán Valgeirsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 774. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1969.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 29. apríl 1970.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Sverrir Júlíusson, fundaskr.	Lúðvík Jósefsson.
Björn Pálsson.	Jón Skaftason.	Pétur Sigurðsson.
	Jóhann S. Hlíðar.	

Nd. 775. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til laga um framkvæmd alþjóðasamnings um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundi sínum og mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 29. apríl 1970.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Sverrir Júlíusson, fundaskr.	Lúðvík Jósefsson.
Pétur Sigurðsson.	Jón Skaftason.	Björn Pálsson.
	Jóhann S. Hlíðar.	

Nd. 776. Breytingartillögur [50. mál]

við frv. til l. um Skipamálastofnun ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „Skipamálastofnun“ í greininni og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): Siglingamálastofnun.
2. Við 2. gr. 6. töluliður orðist svo:
   Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi. Rita umsögn um sjópróf til saksóknara ríkisins. Birta niðurstöður rannsókna á sjóslysum árlega eða oftar, þegar sérstök ástæða þykir til, í samstarfi við rannsóknarnefnd sjóslysa.
3. Við 4. gr. Í stað orðsins „skipamálastjóri“ í greininni og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): siglingamálastjóri.

4. Við 6. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Ekki má siglingamálastjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Siglingamálastofnuninni, hafa á hendi störf, sem ósamrýmanleg eru stöðum þeirra. Þannig er þeim ekki heimilt að vinna nein þau störf fyrir einkaaðila, sem háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar.
5. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um Siglingamálastofnun ríkisins.

Nd. 777. Breytingartillögur [48. mál]

við frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 4. gr. Í stað orðsins „Skipamálastofnun“ í greininni og hvarvetna síðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): Siglingamálastofnun.
2. Við 8. gr. Í stað orðsins „skipamálastjóri“ í greininni og hvarvetna síðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): siglingamálastjóri.
3. Við 38. gr. 4. tölul. falli brott.
4. Við 44. gr.
   a. Aftan við 3. málsgr. bætist:
      Skal nefndin og starfsmaður hennar hafa náið samstarf við Siglingamálastofnun ríkisins.
   b. Aftan við 1. málslið 4. málsgr. bætist:
      eða verulegt eignatjón. Skal fulltrúi nefndarinnar fyrir dómi hafa allan sama rétt og eftirlitsmaður samkv. ákvæðum 39. gr. laganna.

Nd. 778. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um skráningu skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 3. gr. Í stað orðsins „skipamálastjóri“ í greininni og hvarvetna síðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): siglingamálastjóri.
2. Við 4. gr. Í stað orðsins „Skipamálastofnun“ í greininni og hvarvetna síðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): Siglingamálastofnun.

Nd. 779. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til l. um skipamælingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 2. gr. Í stað orðsins „skipamálastjóri“ í greininni og hvarvetna síðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): siglingamálastjóri.

Ed. 780. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki náð samstöðu um afgreiðslu þess. Mæla undirritaðir nm. með því, að frv. verði samþykkt, en tveir nm., þeir BJ og KTh, munu skila séráliti.

Alþingi, 29. apríl 1970.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson, með fyrirvara.

Oddur Andrésson. Sveinn Guðmundsson.

Ed. 781. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta er I. liður ákvæða til bráðabirgða í frv. á þskj. 530, sem fjárhagsnefnd neðri deildar flutti að beiðni fjármálaráðherra. Efni frumvarpsins er að hækka við álagningu skatts vegna ársins 1969 fyrningu af tilteknum eignum. Í greinargerð frv. segir, að þessari ráðstöfun sé ætlað að vega nokkuð upp á móti því, hversu raunverð fyrningar á upphaflegu kostnaðarverði rýrnaði við gengisbreytingu 1968.

Minni hluti fjárhagsnefndar telur höfuðnauðsyn, eins og nú er komið, að skattar og útsvör verði lækkuð verulega á almennum tekjum. Þar sem persónufrádráttur hefur ekki hækkað að undanförnu í hlutfalli við aukinn framfærslukostnað, eru skattar orðnir óbærilega háir á lágum tekjum og miðlungstekjum. Ef frumvarpið yrði að lögum, mundi það valda verulegum tekjumissi hjá sveitarfélögum, sem væntanlega mundu þá ekki hafa önnur ráð en að bæta sér það upp með hækkuðum útsvörum á almenning.

Í stað nauðsynlegrar skattlækkunar mundi þannig með samþykkt frumvarpsins væntanlega koma til allveruleg hækkun útsvara.

Slíkt teljum við ekki koma til mála að samþykkja. Minni hluti fjárhagsnefndar telur, að ekki eigi að slíta þennan þátt málsins úr samhengi við önnur ákvæði skattalaganna, en brýn nauðsyn er nú á heildarendurskoðun skattalaganna og útsvarslaganna.

Í frv. þetta vantar auk þess ýmis ákvæði að dómi minni hlutans, eins og t. d. um, hvernig með skuli fara, ef fasteign er að nokkru notuð til atvinnurekstrar, en að öðru leyti til íbúðar. Samkv. frv. virðist aukafyrningin eiga að ná einnig til þeirra húseigna, sem leigðar eru út til atvinnurekstrar. Í greinargerð frv. er hins vegar einungis talað um hækkun fyrningar af eignum, sem fyrirtæki áttu í ágústlok 1968.

Svo virðist sem allmörg önnur atriði í sambandi við þetta mál þurfi nánari athugunar við.

Eftir að í neðri deild hafa verið felldar breytingartillögur um hækkun persónufrádráttar miðað við breytingar á framfærsluvísitölu, er ljóst, að ekki verður komið fram á þessu þingi neinum lagafæringum á sköttum af almennum tekjum, og yrði því afleiðingin af samþykkt þessa frv. beinlínis skattahækkun á almenningi.

Með hliðsjón af því, er hér að framan segir, leggur minni hluti fjárhagsnefndar til, að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 29. apríl 1970.

Kristján Thorlacius, frsm. Björn Jónsson.

Nd. 782. Breytingartillaga [109. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá Pétri Sigurðssyni, Þórarni Þórarinssyni, Unnari Stefánssyni, Hannibal Valdimarssyni og Eðvarð Sigurðssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „í kauptúnum“ komi: í sveitarfélögum.

Sþ. 783. Þingsályktun [84. mál]

um nýjar heyverkunaraðferðir.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að beita sér fyrir, að auknar verði rannsóknir á því, hvaða leiðir eru hagfelldastar til að tryggja góða heyverkun, svo að heyskapur verði sem óháðastur veðurfari. Sérstaklega verði kappkostað að meta gildi votheysgerðar og hraðþurrkunar á grasi, samanburð og samvirkni þeirra verkunarleiða.

Nd. 784. Lög [174. mál]

um breyting á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 733 (sbr. 369).

Nd. 785. Lög [203. mál]

um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 633 (sbr. 494).

Ed. 786. Lög [224. mál]

um breyting á lögum nr. 47 11. júní 1960, um tollvörugeymslur o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 695.

Ed. **787. Lög** [129. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 183.

Ed. **788. Lög** [209. mál]

um breyting á lögum nr. 51 frá 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 681 (sbr. 529).

Nd. **789. Frumvarp til laga** [127. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bochert, Silke, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 28. febrúar 1943.
2. Christensen, Sigrid Österby, húsmóðir að Laugarási, f. í Danmörku 6. febrúar 1937.
3. Finn Sigfússon, hljómlistarmaður í Danmörku, f. í Danmörku 16. apríl 1942.
4. Fredriksen, Svava Randi, bankaritari í Reykjavík, f. á Íslandi 13. marz 1945.
5. Frodason, Finnur Arnds Parelius, innanhúsarkitekt í Reykjavík, f. í Danmörku 20. janúar 1946.
6. Gomez, Ana Pancorbo, húsmóðir í Reykjavík, f. á Spáni 26. janúar 1921.
7. Grabst, Hildegard Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. febrúar 1943.
8. Graupner, Elisabeth, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Þýzkalandi 26. febrúar 1939.
9. Gunnar Bjarnason, Hurðarbaki, Borgarfirði, f. í Þýzkalandi 21. nóvember 1953.
10. Heinzelmann, Ingrid Margarete, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Þýzkalandi 19. nóvember 1912.
11. Herrmann, Ernst Georg, sjónvarpstæknifræðingur, f. í Þýzkalandi 30. marz 1943.
12. Karhunen, Annikki Marjatta Antintytär, nuddkona í Reykjavík, f. í Finnlandi 30. maí 1940.
13. Lane, Jóhanna Dagmar Magnúsdóttir, skrifstofustúlka í Grundarfirði, f. á Íslandi 21. marz 1936.
14. Lyras, Michael, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Grikklandi 7. september 1937. Fær réttinn 7. október 1970.
15. Malmström, Astrid Kristina Elisabet, húsmóðir í Reykjavík, f. í Svíþjóð 8. apríl 1936.
16. Marock, Marlis, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 7. október 1942.
17. Nelke, Susi Martha Anna, húsmóðir í Hveragerði, f. í Þýzkalandi 7. október 1927.

18. Niemenen, Sigurður Kristján, sjómaður í Reykjavík, f. í Reykjavík 18. október 1946.
19. Owen, Haraldur, verkamaður á Selfossi, f. í Bandaríkjunum 13. ágúst 1948.
20. Owen, Margrét Anna, verkakona í Hafnarfirði, f. í Hafnarfirði 26. maí 1946.
21. Owen, Richard Bluford, verkamaður í Hafnarfirði, f. í Bandaríkjunum 1. apríl 1947.
22. Owen, Shirley, húsmóðir í Hornafirði, f. í Bandaríkjunum 1. apríl 1947.
23. Palumbo, Louis, nemandi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 17. febrúar 1954.
24. Pedersen, Ole, Reykjavík, f. í Danmörku 29. apríl 1948.
25. Poulsen, Annelise Fribjörg, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Færeyjum 11. apríl 1941.
26. Reppin, Helga Ruth Ilse, húsmóðir í Ólafsfirði, f. í Póllandi 6. apríl 1938.
27. Sannerud, Arne, bóndi að Víðifelli í Fnjóskadal, f. í Noregi 11. marz 1926.
28. Schulze, Gisela Brigitta Ursula, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. marz 1931.
29. Símonarson, Símon Birgir, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 5. júlí 1948.
30. Stórá, Signy Hergerð, húsmóðir í Kópavogi, f. í Færeyjum 15. júlí 1936.
31. Thienelt, Erika Lina Hedwig, húsmóðir á Sauðárkróki, f. í Þýzkalandi 31. júlí 1927.
32. Valtingojer, Richard, listmálari í Kópavogi, f. í Austurríki 2. ágúst 1935.
33. Vang, Hjórun Fribjörg, húsmóðir í Þorlákshöfn, f. í Færeyjum 28. ágúst 1942.
34. Viderö, Napoleon, sjómaður á Suðureyri, f. í Færeyjum 23. febrúar 1935.
35. Viderö, Sylvie Lockey, húsmóðir á Ísafirði, f. í Færeyjum 21. okt. 1943.
36. Þóra Bjarnadóttir, Hurðarbaki, Borgarfirði, f. í Reykjavík 5. febrúar 1955.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 790. Frumvarp til laga [109. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Eftir 3. umr. í Nd., 29. apríl.)

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði laga þessara taka til atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og meðlima þeirra í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúum eða fleiri, svo og til atvinnurekenda og meðlima verkalýðsfélaga í sveitarfélögum, sem fámennari eru, ef þar er starfandi verkalýðsfélag, sem nær til kaupstaða eða kauptúna, sem telja 300 íbúa eða fleiri. Ákvæði laganna taka og til allra erlendra verktaka, sem hafa með höndum framkvæmdir hér á landi. Ráðherra getur ákveðið, að lögin taki til annarra staða, ef verkalýðsfélög og atvinnurekendur þar óska þess og hlutaðeigandi sveitarstjórn mælir með því.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú stundar meðlimur verkalýðsfélags að hluta sjósókn á eigin fari, en vinnur að öðru leyti í þjónustu gjaldskyldra atvinnurekenda, og er hann þá gjaldskyldur

með sama hætti og atvinnurekendur skv. 1. og 2. mgr. af vinnu í eigin þágu. Hver róðrardagur telst sem einn vinnudagur, þegar gjald er reiknað. Bótaréttur viðkomanda skv. öðrum ákvæðum laganna skal ákvarðaður á sama grundvelli.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 791. Lög [130. mál]

um breyting á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 769.

Ed. 792. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 65 13. maí 1965, um hægri handar umferð.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Frumvarpið er flutt til framlengingar á skatti þeim, sem tekinn hefur verið tvö undanfarin ár af bifreiðum til að standa straum af kostnaðinum við breytinguna í hægri umferð árið 1968. Átti sá kostnaður nú að vera greiddur samkvæmt áætlun þar um, en hefur farið fram úr áætlun.

Það, sem enn vantar á, að þessi sérstaki skattur nægi fyrir kostnaðinum, tel ég eðlilegt, að ríkissjóður greiði. En meðan enn vantar á, að hringvegur sé lagður um Ísland, tel ég rétt, að skatturinn renni til þess að opna þá bifreiðaleið.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Skatti þessum skal varið til að byggja akveg og brýr um þann hluta hringleiðarinnar um Ísland, sem enn hefur ekki verið gerður ökufær.

Alþingi, 30. apríl 1970.

Karl Guðjónsson.

Ed. 793. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 66/1917, um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið og fylgja breytingartillögum, er fram kynnu að koma.

Einn nefndarmanna, Ásgeir Bjarnason, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 30. apríl 1970.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Björn Fr. Björnsson.	Oddur Andrésson.	Björn Jónsson.

Ed. 794. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Einn nefndarmanna, Ásgeir Bjarnason, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 30. apríl 1970.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Björn Fr. Björnsson.	Oddur Andrésson.	Björn Jónsson.

Nd. 795. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til meðferðar á nokkrum fundum sínum og átt viðræður við marga aðila um málið.

Nefndin leggur til, að allmargar breytingar verði gerðar á frumvarpinu, og eru þær prentaðar á sérstöku þingskjali. Nánar verður gerð grein fyrir þessum breytingartillögum í framsögu.

Jón Kjartansson tekur fram, að hann sé efnislega samþykkur öllum breytingartillögum, sem nefndin flytur, að undanteknum 3. og 4. lið, ákvæði til bráðabirgða, og áskilur sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum við frumvarpið.

Hannibal Valdimarsson áskilur sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum, er fram kunna að verða bornar.

Jónas Árnason áskilur sér rétt til að fylgja og flytja breytingartillögur við frv.

Alþingi, 30. apríl 1970.

Guðl. Gíslason, form.	Unnar Stefánsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
Friðjón Þórðarson.	Hannibal Valdimarsson.	Jón Kjartansson.
	Jónas Árnason.	

Ed. 796. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar. Borizt hafði nefndinni erindi frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, þar sem lagt er til, að gerðar séu nokkrar breytingar á lögunum. Ber nefndin fram þær breytingar á sérstöku þingskjali.

Allsherjarnefnd mælir með frv. eins og Nd. afgreiddi það, en með þeim breyt., sem hún flytur, eins og að ofan greinir.

Alþingi, 30. apríl 1970.

Jón Þorsteinsson, form.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr., frsm.	Ólafur Björnsson.
Auður Auðuns.	Karl Guðjónsson.	Björn Fr. Björnsson.

Ed. 797. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 65 13. maí 1965, um hægri handar umferð.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar. Meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt eins og Nd. gekk frá því. Minni hl., KGuðj og BFB, mun skila sérálíti.

Alþingi, 30. apríl 1970.

Jón Þorsteinsson, form.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr., frsm.	Ólafur Björnsson.
	Auður Auðuns.	

Nd. 798. Breytingartillögur [198. mál]

við frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. 1. málsl. 2. mgr. orðist þannig:
      Í húsnæðismálastjórn eiga sæti átta menn, þar af sjö kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands.
   b. Fyrri málsl. 3. mgr. orðist þannig:
      Félagsmálaráðherra skipar Húsnæðismálastofnuninni framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.
2. 3. gr. orðist þannig:
   Húsnæðismálastofnun ríkisins skal vinna að umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði með því meðal annars:
   1. Að gera grein fyrir raunverulegri þörf landsmanna fyrir íbúðabyggingar á hverjum tíma og láta gera tillögur og áætlanir um, hvernig þeirri þörf verði fullnægt á sem hagkvæmastan hátt og með minnstum tilkostnaði. Félagsmála-

ráðherra er heimilt í því skyni að fela húsnæðismálastjórn, í samvinnu við sveitarstjórnir, fasteignamat ríkisins og Hagstofuna, að koma upp spjaldskrá yfir allt íbúðarhúsnæði í landinu.

2. Að fylgjast jafnan nákvæmlega með byggingarkostnaði í landinu í því skyni að finna, hverjir byggja ódýrust hús, hvaða gerðir íbúðarhúsnæðis reynast beztar og hagkvæmastar, og með hvaða hætti þeim verði komið upp með minnstum tilkostnaði. Í þessu skyni er húsnæðismálastjórn heimilt að láta fara fram samkeppni um uppdrætti og byggingu hagkvæmra íbúða og veita lán þeim, sem geta tekið að sér að byggja hagkvæmar íbúðir af ákveðinni meðalstærð með minnstum kostnaði.
3. Að starfrækja teiknistofu, er láti í té hagkvæmar teikningar og annist leiðbeiningarstarf um hvers konar umbætur og vinnutækni við byggingu íbúðarhúsa.
4. Að setja þau skilyrði fyrir lánum, sem telja má að stuðli að því, að byggðar verði fyrst og fremst hagkvæmar íbúðir af hóflegri stærð.
5. Að annast leiðbeiningarstarf í því skyni að lækka byggingarkostnað og veita almenna fræðslu um byggingarmálefni.
6. Að leggja áherzlu á stöðlun (standardiseringu) sem flestra hluta til íbúðarhúsabygginga, fjöldaframleiðslu slíkra hluta og leiðbeiningar til húsbyggjenda um notkun þeirra.
7. Í samvinnu við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðnaðarmálastofnun Íslands skal stofnunin gangast fyrir tæknirannsóknum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, tilraunum, sýningum, námskeiðum, útgáfu rita, heimsóknum erlendra sérfræðinga, náms- og kynnisferðum íslenzkra byggingarmanna erlendis. Enn fremur skal að sama marki stefnt með byggingu tilraunahúsa, þar sem reyndar verða nýjungar í húsagerð.
8. Að beita sér fyrir því, að úthlutun lóða tefji ekki, að byggingar geti hafizt.
9. Að semja og gefa út reglur um lágmarkskröfur um byggingar, sem lán eru veitt til, svo sem um lágmarkseinangrun, lágmarkslofthæð o. s. frv., sem og leiðbeiningar um undirbúning teikninga og áætlana.
10. Að beita sér fyrir því, að vinna við íbúðabyggingar sé sem samfelldust árið um kring og sem jöfnust frá ári til árs.

Við lausn þessara mála er Húsnæðismálastofnun ríkisins heimilt að leita samvinnu við hvern þann aðila, sem hefur sérþekkingu á þessum málum, og er opinberum aðilum skylt að veita stofnuninni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar.

Félagsmálaráðherra skipar nefnd sérfróðra manna húsnæðismálastjórn til aðstoðar og ráðuneytis um tæknileg mál, og ákveður ráðherra þóknun til nefndarmanna.

3. Við 4. gr. 1. mgr. orðist þannig:
   a. Hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins skal vera að annast lánveitingar til íbúðabygginga, annarra en þeirra, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins lánar fé til, svo og að standa straum af framkvæmdum, er húsnæðismálastjórn kann að ráðast í til lausnar á húsnæðisvandamálum almennings.
   b. d-liður orðist þannig:
      Afborganir og vextir lána, sem veitt hafa verið af eigin fé, eða veitt verða af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.
4. Við 6. gr.
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist þannig:
      Eftirtaldir aðilar kaupi skuldabréf (bankavaxtabréf) samkvæmt 5. gr., sem hér segir:
   b. 3. tölul. falli niður.

5. Við 7. gr. D-lið. Niður falli orðið „Erlend“.
6. Við 8. gr.
   a-liður orðist þannig:
   a. Lánin veitast til byggingar nýrra íbúða, meiri háttar viðbygginga eða til kaupa á nýjum íbúðum. Lánin skulu greidd lántakendum í peningum og koma til útborgunar, eftir því sem húsnæðismálastjórn ákveður og þá í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu húsnæðisins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Engum einstaklingi skal veitt lán samkvæmt þessari mgr. nema út á eina íbúð.

5. Við 9. gr. 3. málsliður orðist svo:
   Skal veðdeildin sjá um, að afgreiðsla og innheimta geti farið fram í peningastofnun sem næst lögheimili lántakenda.

6. Við 11. gr. 3. málsgr.
   a. Fyrir „4%“ komi: 6%.
   b. Niður falli „sbr. 5. málsgr. 5. gr.“.
   c. Í staðinn fyrir orðið „mega“ komi: skulu.
7. Á eftir 18. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Nú hefur sveitarstjórn ekki ákveðið að hefja byggingar samkv. IV. kafla þessara laga innan tveggja ára frá gildistöku laganna, og getur þá byggingarfélag verkamanna, sem starfað hefur samkv. eldri lögum um verkamannabústaði, tekið að sér byggingar samkv. þessum lögum og nýtur þá allra réttinda samkv. IV. kafla laganna, en viðkomandi sveitarfélag greiðir Byggingarsjóði verkamanna gjald samkv. ákvörðun húsnæðismálastjórnar.
8. Við 20. gr. Við greinina bætist eftirfarandi málsgreinar:
   Enn fremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður, en hlutaðeigandi sveitarsjóður stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem hann kann að fá til byggingarframkvæmda í kaupstaðnum eða kauptúninu af lánsfé sjóðsins.
   Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á þá íbúa kauptúnsins, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.
9. Á eftir 26. gr. (IV. kafla) komi nýr kafli, sem verður V. kafli: **Um leiguhúsnæði,** og orðist svo:
   Nú kýs sveitarfélag að koma sjálft upp íbúð eða íbúðum og leigja lágtekjufólki, sem af eigin rammleik getur ekki eignazt húsnæði, og er þá húsnæðismálastjórn heimilt að leyfa slíkar byggingar og lána til þeirra á sama hátt og til verkamannabústaða. Húsnæðismálastjórn setur reglur um leigukjör slíkra íbúða.
10. Við ákvæði til bráðabirgða.
    a. Við tölulið 3 bætist:
       Haldast skulu óbreytt ákvæði laga og reglugerða um framkvæmd byggingaráætlana.
    b. Við tölulið 4. Í stað „35 m.kr.“ komi: 85 millj. kr.
    c. Á eftir tölulið 4 komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

       Það fé, sem Byggingarsjóður ríkisins leggur af mörkum til framkvæmdaáætlunar um byggingar í Breiðholti í Reykjavík, ber framkvæmdanefnd byggingaáætlunarinnar að endurgreiða Byggingarsjóði eftir þeim reglum, sem ráðherra setur. Ríkisstjórnin skal, eftir því sem þörf krefur, afla þess fjár, sem framkvæmdanefndinni er skylt að endurgreiða. Því fé, sem þannig rennur í Byggingarsjóð ríkisins, ber húsnæðismálastjórn að úthluta eftir reglum hins almenna veðlánakerfis.

Sþ. 820. Breytingartillaga [50. mál]

við frv. til laga um Siglingamálastofnun ríkisins.

Frá Jóni Árnasyni og Birgi Finnssyni.

Við 6. gr. Á eftir orðunum „fyrir einkaaðila“ í síðustu málsgr. komi: eða félög.

Nd. **821. Frumvarp til laga** [198. mál]

um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 486 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Húsnæðismálastofnun ríkisins heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Húsnæðismálastjórn veitir stofnuninni forstöðu.

Í húsnæðismálastjórn eiga sæti átta menn, þar af sjö kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt. Kjörtími húsnæðismálastjórnar skal vera fjögur ár. Félagsmálaráðherra skipar formann húsnæðismálastjórnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

Félagsmálaráðherra skipar Húsnæðismálastofnuninni framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar. Ráðherra ákveður þóknun til húsnæðismálastjórnar.

Þóknun húsnæðismálastjórnar og laun framkvæmdastjórans greiðast úr ríkissjóði, en annar kostnaður stofnunarinnar úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna í hlutfalli við útlán hvors sjóðsins fyrir sig.

3. gr. hljóðar svo:

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal vinna að umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði með því meðal annars:

1. Að gera grein fyrir raunverulegri þörf landsmanna fyrir íbúðabyggingar á hverjum tíma og láta gera tillögur og áætlanir um, hvernig þeirri þörf verði fullnægt á sem hagkvæmastan hátt og með minnstum tilkostnaði. Félagsmálaráðherra er heimilt í því skyni að fela húsnæðismálastjórn, í samvinnu við sveitarstjórnir, fasteignamat ríkisins og Hagstofuna, að koma upp spjaldskrá yfir allt íbúðarhúsnæði í landinu.
2. Að fylgjast jafnan nákvæmlega með byggingarkostnaði í landinu í því skyni að finna, hverjir byggja ódýrust hús, hvaða gerðir íbúðarhúsnæðis reynast beztar og hagkvæmastar, og með hvaða hætti þeim verði komið upp með minnstum tilkostnaði. Í þessu skyni er húsnæðismálastjórn heimilt að láta fara fram samkeppni um uppdrætti og byggingu hagkvæmra íbúða og veita lán þeim, sem geta tekið að sér að byggja hagkvæmar íbúðir af ákveðinni meðalstærð með minnstum kostnaði.
3. Að starfrækja teiknistofu, er láti í té hagkvæmar teikningar og annist leiðbeiningarstarf um hvers konar umbætur og vinnutækni við byggingu íbúðarhúsa.
4. Að setja þau skilyrði fyrir lánum, sem telja má að stuðli að því, að byggðar verði fyrst og fremst hagkvæmar íbúðir af hóflegri stærð.
5. Að annast leiðbeiningarstarf í því skyni að lækka byggingarkostnað og veita almenna fræðslu um byggingarmálefni.
6. Að leggja áherzlu á stöðlun (standardiseringu) sem flestra hluta til íbúðarhúsabygginga, fjöldaframleiðslu slíkra hluta og leiðbeiningar til húsbyggjenda um notkun þeirra.
7. Í samvinnu við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðnaðarmálastofnun Íslands skal stofnunin gangast fyrir tæknirannsóknum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, tilraunum, sýningum, námskeiðum, útgáfu rita, heimsóknum

erlendra sérfræðinga, náms- og kynnisferðum íslenzkra byggingarmanna erlendis. Enn fremur skal að sama marki stefnt með byggingu tilraunahúsa, þar sem reyndar verða nýjungar í húsagerð.
8. Að beita sér fyrir því, að úthlutun lóða tefji ekki, að byggingar geti hafizt.
9. Að semja og gefa út reglur um lágmarkskröfur um byggingar, sem lán eru veitt til, svo sem um lágmarkseinangrun, lágmarkslofthæð o. s. frv., sem og leiðbeiningar um undirbúning teikninga og áætlana.
10. Að beita sér fyrir því, að vinna við íbúðabyggingar sé sem samfelldust árið um kring og sem jöfnust frá ári til árs.

Við lausn þessara mála er Húsnæðismálastofnun ríkisins heimilt að leita samvinnu við hvern þann aðila, sem hefur sérþekkingu á þessum málum, og er opinberum aðilum skylt að veita stofnuninni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar.

Félagsmálaráðherra skipar nefnd sérfróðra manna húsnæðismálastjórn til aðstoðar og ráðuneytis um tæknileg mál, og ákveður ráðherra þóknun til nefndarmanna.

4. gr. hljóðar svo:

Hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins skal vera að annast lánveitingar til íbúðabygginga, annarra en þeirra, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins lánar fé til, svo og að standa straum af framkvæmdum, er húsnæðismálastjórn kann að ráðast í til lausnar á húsnæðisvandamálum almennings.

Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera:

a. Launaskattur, samkvæmt lögum um launaskatt.
b. Framlag úr ríkissjóði, að fjárhæð 75 milljónir króna.
c. 1% álag, er innheimta skal aukalega, á tekju- og eignarskatt, og ½% á aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá.
d. Afborganir og vextir lána, sem veitt hafa verið af eigin fé, eða veitt verða af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.
e. 1% lántökugjald af lánum, er húsnæðismálastjórn veitir, svo og vaxtatekjur byggingarsjóðs.
f. Höfuðstóll vaxtabréfa samkvæmt 5. gr. og vaxtafé af þeim, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, sé þess ekki vitjað innan 20 ára frá gjalddaga, sbr. 18. gr. laga nr. 55/1945.

Byggingarsjóðurinn skal vera í vörzlu veðdeildar Landsbanka Íslands.

6. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldir aðilar kaupi skuldabréf (bankavaxtabréf) samkvæmt 5. gr., sem hér segir:

1. Atvinnuleysistryggingasjóður sem svarar árlegu framlagi ríkissjóðs til þessa sjóðs, sbr. lög nr. 29/1956, 12. gr.
2. Tryggingafélög, samkvæmt lögum nr. 17/1964, 4. gr.

7. gr. hljóðar svo:

Til útlána eða framkvæmda á vegum húsnæðismálastjórnar kemur:

A. Fé Byggingarsjóðs ríkisins, samkvæmt 4. gr.
B. Fé það, sem aflast með sölu skuldabréfa (bankavaxtabréfa), samkvæmt 5. gr., sbr. 6. gr.
C. Sparnaðarfé, samkvæmt III. kafla laga þessara.
D. Lán, sem Byggingarsjóður ríkisins eða veðdeild Landsbanka Íslands kunna að taka til íbúðabygginga.

8. gr. hljóðar svo:

Húsnæðismálastjórn veitir lán úr Byggingarsjóði ríkisins samkvæmt eftirfarandi reglum:

A. Lánin veitast til byggingar nýrra íbúða, meiri háttar viðbygginga eða til kaupa á nýjum íbúðum. Lánin skulu greidd lántakendum í peningum og koma til útborgunar, eftir því sem húsnæðismálastjórn ákveður og þá í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu húsnæðisins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Engum einstaklingi skal veitt lán samkvæmt þessari mgr. nema út á eina íbúð.

Húsnæðismálastjórn er heimilt, meðan á byggingartíma stendur, að veita framkvæmdalán til byggingarsamvinnufélaga, byggingameistara, byggingafyrirtækja, sveitarfélaga og annarra byggingaraðila, sem byggja íbúðir, er seldar verði fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja lánareglum húsnæðismálastjórnar. Lán þessi skiptast síðan milli væntanlegra íbúðarkaupenda. Það er skilyrði fyrir slíkum lánum, að íbúðir verði eigi seldar, nema húsnæðismálastjórn samþykki söluverð þeirra fullgerðra. Við verðlagningu íbúðanna skal höfð hliðsjón af byggingarvísitölu. Húsnæðismálastjórn ákveður, hvaða tryggingar skuli settar fyrir lánum samkvæmt þessari mgr.

Húsnæðismálastjórn getur enn fremur veitt lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum og á öðrum skipulagsbundnum stöðum. Heimilt er að veita slík lán meðan á byggingartíma stendur, sbr. 2. mgr. Ráðherra setur, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leiguíbúðir.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 50 milljónum króna árlega til lánveitinga til kaupenda eldri íbúðarhúsa. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um úthlutun, lánstíma og tryggingar slíkra lána að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

B. Lánsfjárhæðin má nema allt að kr. 600 000.00 á hverja íbúð, þó ekki meira en ¾ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands. Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki ráðherra, breytt lánsfjárhæð þessari á tveggja ára fresti til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

C. Ársvextir af lánum þessum skulu vera 4%. Þau skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu á 25 árum með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Hvert lán skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð. Á vexti af lánum þessum fyrsta árið, og af ársgreiðslum af þeim síðar, skal skuldari greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. mgr. 5. gr.) frá lántökutíma og til 1. febrúar næst fyrir hverja ársgreiðslu. Til greiðslu á kostnaði veðdeildar Landsbankans vegna starfa hennar í þágu Byggingarsjóðsins skulu skuldarar árlega greiða sem svarar ¼% af lánsfjárhæðinni. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og árlegir vextir, og við það skal lögð hlutfallslega sama vísitöluviðbót og greidd er á ársgreiðslu af láninu hverju sinni.

D. Heimilt er húsnæðismálastjórn að stytta lánstímann vegna sérstakra byggingahátta eða takmarkaðs leigutíma lóðarréttinda.

E. Félagsmálaráðherra skal að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar setja með reglugerð nánari ákvæði um veitingu lána, er húsnæðismálastjórn hefur með höndum. Um lánveitingar til einstaklinga skal þar m. a. setja ákvæði, sem tryggi, að farið sé eftir ástæðum umsækjenda, húsnæði, fjölskyldustærð, efnahag, lántökumöguleikum o. fl. Enn fremur um hámarksstærð íbúða, sem veita má lán til.

Ákveðið skal í reglugerð, hvaða skilríki umsækjandi skuli láta fylgja umsókn sinni, og um önnur almenn skilyrði fyrir lánveitingu.

10. gr. hljóðar svo:

Sérstök innlánsdeild skal starfa á vegum Byggingarsjóðs ríkisins.

Þeir, sem leggja fé inn í deildina, skulu að minnst 10 árum liðnum, frá því að innlög hófust, eiga kröfu á að fá það útborgað, að viðbættum innlánsvöxtum með viðbót skv. kaupvísitölu, sbr. 5. mgr. 5. gr. Nemi hin innlagða upphæð minnst 20 þús. krónum á ári, er skylt að láta þá, er taka þátt í innlögum þessum, sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist, þó aldrei yfir ¾ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þessarar innlánsdeildar og um réttindi og skyldur samkvæmt þessari grein skulu sett í reglugerð.

Tilsvarandi ákvæði gilda um þá menn utan kaupstaða og kauptúna, sem leggja á þennan hátt fé í stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands.

11. gr. hljóðar svo:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, en í stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveit.

Fé það, sem skylt er að spara á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkvæmt 1. málsgr., hefur náð 26 ára aldri — eða stofnað til hjúskapar, verði það fyrr, kaupir eða byggir íbúð til eigin þarfa, sbr. e-lið 12. gr. — skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt samkvæmt 1. málsgr. með 4% vöxtum frá þeim tíma, er það var innlagt, og með viðbót samkvæmt kaupvísitölu, sbr. 5. málsgr. 5. gr. Enn fremur skulu þeir sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir ¾ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjársöfnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samanlagt að minnsta kosti 150 000.00 kr.

Fé, sem lagt er til hliðar samkvæmt þessari grein og 10. gr., skal vera skatt- og útsvarsfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt. Enn fremur skulu vextir af þessu fé undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.

12. gr. hljóðar svo:

Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

a. Gift fólk, sem hefur stofnað heimili.
b. Skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, og iðnnemar, meðan þeir stunda iðnnám.
c. Unglingar í sveitum, sem vinna hjá foreldrum sínum eða fósturforeldrum og leggja árlega 25% af kaupi sínu, að fæði frádregnu, í bústofnsaukningu.
d. Þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er hafa yfir 75 þús. kr. skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá.
e. Þeir, sem kaupa eða byggja íbúðir til eigin þarfa.

Heimilt er skattstjórum að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar. Skýrslur um slíkar undanþágur skal senda húsnæðismálastjórn. Ákvörðun skattstjóra má áfrýja til félagsmálaráðherra.

Þó að maður kunni að eiga rétt á undanþágu frá sparnaðarskyldu, verður hann

að láta hið tilskilda sparifé af hendi, þar til hann hefur fengið formlega undanþágu, en þá á hann rétt til endurgreiðslu, svo fljótt sem við verður komið.

Útlendingar, sem hafa landvistar- eða atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir, skulu fá skyldusparnað sinn endurgreiddan, er þeir hverfa af landi burt.

15. gr. hljóðar svo:

Nú ákveður sveitarstjórn að kanna möguleika á byggingu verkamannabústaða í sveitarfélaginu, og skal hún þá tilkynna félagsmálaráðuneytinu um þessa ákvörðun sína.

Ráðherra skipar þá stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í stjórn þessari eiga sæti sex menn, sem skipa skal þannig: Þrír eftir tilnefningu sveitarstjórnar, tveir eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnar og einn eftir tilnefningu verkalýðsfélaga í sveitarfélaginu. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi hinna tilnefndu manna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera fjögur ár.

Stjórnarnefndarmenn og varamenn þeirra skulu eiga lögheimili í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

16. gr. hljóðar svo:

Stjórn verkamannabústaða skal, þegar eftir að hún hefur verið skipuð, rannsaka þörfina fyrir byggingu verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í því skyni skal hún auglýsa eftir væntanlegum umsækjendum um slíkar íbúðir. Stjórnin semur síðan rökstudda greinargerð um þörf fyrir byggingu verkamannabústaða, þar sem lýsa skal hugmyndum um stærð og fjölda íbúða, sem æskilegt væri að byggja á næstu fjórum árum.

22. gr. hljóðar svo:

Þegar sveitarfélag hefur byggingarframkvæmdir, samkvæmt 15.—21. gr., skal fjár aflað til þeirra svo sem hér segir:

A. Væntanlegur íbúðareigandi skal leggja fram 20% byggingarkostnaðar.
B. Byggingarsjóður ríkisins veitir hámarkslán samkvæmt 8. gr. laga þessara með almennum lánakjörum þess sjóðs.
C. Byggingarsjóður verkamanna veitir lán, sem nemur heildarbyggingarkostnaði hverrar íbúðar að frádregnu eigin framlagi samkvæmt staflið A og láni samkvæmt staflið B. Lán þessi skulu vera til 42 ára með 2% ársvöxtum og greiðast með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitetslán). Til greiðslu á kostnaði veðdeildarinnar vegna starfrækslu hennar í þágu byggingarsjóðsins skulu lántakendur greiða ⅛% af lánsfjárhæðinni, sem reiknast á sama hátt og árlegir vextir. Lán þessi má ekki vísitölubinda. Lánið skal tryggt með 2. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð. Húsnæðismálastjórn úthlutar lánum úr Byggingarsjóði verkamanna.

23. gr. hljóðar svo:

Stjórn verkamannabústaða annast byggingaframkvæmdir.

Verkamannabústaðir skulu gerðir samkvæmt teikningum, sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Íbúðir í verkamannabústöðum mega ekki vera stærri en 100 fermetrar og byggðar í fjölbýlishúsum. Heimilt er þó að byggja íbúðirnar í sambýlishúsum, raðhúsum eða einbýlishúsum, ef um litla byggingaráfanga er að ræða, eða gildandi skipulag krefst slíkra frávika. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um stærð íbúða miðað við fjölskyldustærð.

Íbúðir í verkamannabústöðum skulu gerðar úr varanlegu efni og hafa til að bera venjuleg nútímaþægindi, en án íburðar. Íbúðunum skal skila fullgerðum. Leitazt skal við, að íbúðirnar verði svo ódýrar í byggingu sem frekast er kostur. Í því skyni skulu byggingaframkvæmdir faldar viðurkenndum byggingaverktökum á samkeppnisgrundvelli og með sem víðtækustum útboðum. Reynt verði að koma við sem mestri hagkvæmni við byggingaframkvæmdir, og leggja ber áherzlu á fjöldaframleiðsluaðferðir, þar sem um stóra byggingaráfanga er að ræða.

Stjórn verkamannabústaða ákveður skiptingu heildarbyggingarkostnaðar á einstakar íbúðir. Kostnaðarverð, þannig fundið, skal vera söluverð íbúða, sbr. 25. gr., enda hafi húsnæðismálastjórn staðreynt á grundvelli framlagðra og viðurkenndra reikninga, að um raunverulegt kostnaðarverð sé að ræða.

24. gr. hljóðar svo:

Rétt til þess að kaupa verkamannabústað hafa þeir einir, sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Eiga lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi.
2. Búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu.
3. Hafa eigi haft yfir 220 þúsund króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 20 þúsund krónum fyrir hvert barn innan 16 ára á framfæri, né yfir 400 þúsund króna skuldlausa eign, allt miðað við þann tíma, þegar íbúðin er keypt. Tölur þessar breytast í samræmi við breytingar á kaupgreiðsluvísitölu.

26. gr. hljóðar svo:

Íbúðareiganda er óheimilt að veðsetja íbúð í verkamannabústað nema til tryggingar lánum, samkvæmt B- og C-lið 22. gr.

Ekki má leigja íbúð í verkamannabústað nema með samþykki sveitarstjórnar.

Enginn, sem eignazt hefur íbúð í verkamannabústað, má selja hana, nema sveitarstjórn hafi áður hafnað forkaupsrétti. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kaupverð hennar, að viðbættri verðhækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á kostnaðarverði íbúðarinnar, nema þess hluta, er svarar til láns úr Byggingarsjóði verkamanna og eftir stendur, þegar forkaupsréttar er neytt. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum láns úr Byggingarsjóði verkamanna, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu.

Nú er íbúð, sem keypt hefur verið samkvæmt 3. mgr., seld á nauðungaruppboði, samkvæmt lögum nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð, og getur sveitarstjórn þá neytt forkaupsréttar síns og krafizt þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð sveitarstjórn út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina, eða á söluverði, samkvæmt 3. mgr., ef það er lægra en hæsta boð. Söluverð þetta skal ákveðið áður en liðinn er sá frestur, sem uppboðshaldari hefur, samkvæmt uppboðsskilmálum, til samþykkis eða synjunar á boði, enda veiti uppboðshaldari sveitarstjórn hæfilegan frest til þess að fá ákvörðun um söluverðið. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni, samkvæmt 36. gr. laga nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

Íbúðir, sem sveitarfélag kann að eignast samkvæmt þessari grein, skulu endurseljast að fullnægðum skilyrðum 22., 24. og 25. gr., þannig að hlutföll í fjármögnun samkvæmt 22. gr. verði hin sömu og voru í upphafi á þessari íbúð.

Hafni sveitarstjórn forkaupsrétti að íbúðinni, er íbúðareiganda frjálst að selja hana, enda greiði hann að fullu áhvílandi lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

1. Heimilt er byggingarfélögum verkamanna að fela hlutaðeigandi sveitarstjórnum hlutverk sitt, en skulu þó áður hafa lokið byggingu þeirra verkamannabústaða, sem ekki eru fullgerðir við gildistöku laga þessara.
2. Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita viðbótarlán, allt að 200 000.00 krónur, samkvæmt 22. gr. C, til verkamannabústaða, sem eru í byggingu við gildistöku þessara laga.
3. Haldast skulu óbreytt ákvæði laga og reglugerða um framkvæmd byggingaráætlunar í Reykjavík, en heimilt er ríkisstjórninni, Reykjavíkurborg og fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík að semja svo um, að þær 735 íbúðir í byggingaráætlun þessari, sem eigi er hafin bygging á, eða hluti þeirra verði byggður sem verkamannabústaðir, samkvæmt IV. kafla laga þessara.
4. Hækkun sú á árlegu framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins, sem nemur 35 m.kr., sbr. 4. gr. b, greiðist í fyrsta sinn á árinu 1971. Sama gildir um hækkanir, sem verða kunna á framlagi ríkissjóð til Byggingarsjóðs verkamanna, sbr. 20. gr., að svo miklu leyti sem þær fara fram úr framlagi ríkisins samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1970.
5. Húsnæðismálastjórn er heimilt til ársloka 1970 að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, allt að kr. 75 000.00 á íbúð.

Nd. 822. Breytingartillaga [198. mál]

við frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 6. gr. Nýr töluliður, svo hljóðandi:
Seðlabanki Íslands 100 millj. kr. á ári.

Nd. 823. Lög [145. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Eystra-Stokkseyrarsel og hluta af Vestra-Stokkseyrarseli í Stokkseyrarhreppi.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 242.

Nd. 824. Lög [231. mál]

um Alþýðubankann h.f.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 768 (sbr. 634).

Ed. 825. Þingsályktun [186. mál]

um athugun á hafnargerð í Þjórsárósi.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 445.

Ed. **826. Lög** [109. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 790.

Nd. **827. Lög** [217. mál]

um framkvæmd alþjóðasamnings um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 561.

Ed. **828. Lög** [220. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 699.

Ed. **829. Lög** [127. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 789.

Ed. **830. Lög** [7. mál]

um sameiningu sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 740 (sbr. 7).

Ed. **831. Lög** [78. mál]

um skipan opinberra framkvæmda.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 802 (sbr. 87).

Ed. **832. Lög** [10. mál]

um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumurin 1969 og 1970.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 808.

Sþ. **833. Fjáraukalög** [227. mál]

fyrir árið 1968.

(Afgreidd frá Sþ. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 613.

Sþ. **834. Þingsályktun** [221. mál]

um byggingu þjóðarbókhlöðu.

(Afgreidd frá Sþ. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 601.

Sþ. **835. Lög** [50. mál]

um Siglingamálastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Sþ. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 803 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar fasta starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar að fengnum tillögum siglingamálastjóra. Fast starfsfólk Siglingamálastofnunarinnar tekur laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisins.

Skipaskoðunarmenn og skipamælingamenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

Ekki má siglingamálastjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Siglingamálastofnuninni, hafa á hendi störf, sem ósamrýmanleg eru stöðum þeirra. Þannig er þeim ekki heimilt að vinna nein þau störf fyrir einkaaðila eða félög, sem háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar.

Sþ. **836. Lög** [5. mál]

um skipamælingar.

(Afgreidd frá Sþ. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 5.

Sþ. **837. Lög** [6. mál]

um skráningu skipa.

(Afgreidd frá Sþ. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 6.

Sþ. **838. Lög** [48. mál]

um eftirlit með skipum.

(Afgreidd frá Sþ. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 806 (sbr. 50).

Ed. **839. Lög** [56. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1917, um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 61.

Ed. **840. Lög** [132. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 714.

Ed. **841. Lög** [13. mál]

um breyting á lögum nr. 65 13. maí 1966, um hægri handar umferð.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 573.

Ed. **842. Lög** [188. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Gísla Jónssyni, bónda á Engimýri, eyðijörðina Fagranes í Öxnadalshreppi.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 453.

Ed. **843. Nefndarálit** [198. mál]

um frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Endurskoðun hefur farið fram á gildandi lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins svo og lögum um verkamannabústaði. Frumvarp þetta er niðurstaða þeirrar endurskoðunar. Frumvarpið hefur sætt ýmiss konar breytingum í meðförum neðri deildar. Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með áorðnum breytingum, en tveir nefndarmenn, Ásgeir Bjarnason og Björn Fr. Björnsson, áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið og fylgja breytingartillögum, er fram kynnu að koma.

Einn nefndarmanna, Björn Jónsson, var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1970.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Björn Fr. Björnsson.	Steinþór Gestsson.	Oddur Andrésson.

Ed. **844. Breytingartillögur** [198. mál]

við frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Jóni Kjartanssyni, Hannibal Valdimarssyni og Jónasi Árnasyni.

1. Við 3. gr. bætist ný málsgr., sem orðist svo:

   Húsnæðismálastjórn er heimilt að láta undirbúa byggingu íbúðarhúsahverfa í kaupstöðum með því að láta gera skipulagsuppdrætti af þeim í samráði við skipulagsnefnd ríkisins. Þegar slíkir skipulagsuppdrættir hafa verið samþykktir af skipulagsnefnd og félagsmálaráðherra, er viðkomandi bæjarfélagi skylt að heimila byggingar þar og láta af hendi eða útvega landssvæði fyrir þær, ef með þarf með eignarnámi, og fer um eignarnám samkvæmt lögum nr. 61 frá 1917. Sömuleiðis er viðkomandi bæjarfélagi skylt að leggja nauðsynlega vegi og leiðslur um slík hverfi innan hæfilegs tíma að mati húsnæðismálastjórnar og félagsmálaráðherra.
2. Við 4. gr. b-liður orðist svo:

   Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð 125 milljónir króna, nema hærri upphæð sé ákveðin á fjárlögum.
3. 5. gr. orðist svo:

   Veðlánakerfi til aðstoðar við byggingu íbúðarhúsnæðis skal starfrækt undir stjórn húsnæðismálastjórnar.

   Byggingarsjóður skal gefa út og selja skuldabréf til 35 ára. Kaupendur slíkra bréfa skulu hafa rétt til að draga andvirði þeirra frá skattskyldum tekjum það ár, sem þeir kaupa bréfin af byggingarsjóði, þó skulu ekki frádráttarbær meiri bréfakaup ár hvert en sem nemur kr. 100 000.00 hjá einstaklingum og 300 000.00 hjá fyrirtækjum.

   Bankavaxtabréf þessi skulu vera ríkistryggð og 1/35 hluti hvers lánaflokks, árssala, dreginn út ár hvert. Visitöluuppbót skal greidd á bréf þessi við útdrátt á sama hátt og af lánum byggingarsjóðs.

   Bankavaxtabréf þessi skulu skráð á nafn, og hver lánaflokkur má eigi nema hærri fjárhæð en 300 milljónum króna. Bankavaxtabréfin skal byggingarsjóður hafa til sölu í öllum bönkum og bankaútibúum, svo og þeim sparisjóðum, sem húsnæðismálastjórn ákveður.

   Húsnæðismálastjórn og veðdeild Landsbankans skulu ákveða gerð bréfanna og fjárhæð hvers lánaflokks.

   Vextir af bréfum þessum skulu vera 6%. Nánari ákvæði um sölu og útdrátt bréfanna skulu sett með reglugerð.
4. Við 8. gr.

   3. málsgr. A-liðar orðist svo:

   a. Húsnæðismálastjórn getur enn fremur veitt sveitarstjórnum og Öryrkjabandalagi Íslands lán til byggingar leiguhúsnæðis o. s. frv.
   b. Fyrir orðin „á tveggja ára fresti“ í B-lið komi: árlega.
   c. C-liður orðist svo:

   Ársvextir af lánum þessum skulu vera 6%. Þau skulu vera afborgunarlaus fyrstu 3 árin, en endurgreiðast síðan að fullu á 32 árum með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Hvert lán skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð.

   Til greiðslu á kostnaði veðdeildar Landsbankans vegna starfa hennar í þágu Byggingarsjóðs ríkisins skulu skuldarar greiða árlega sem svarar ¼% af lánsfjárhæðinni.

5. Við 9. gr. 3. málsliður orðist svo:
   Skal veðdeildin sjá um, að afgreiðsla og innheimta geti farið fram í peningastofnun sem næst lögheimili lántakenda.
6. Við 11. gr. 3. málsgr.
   a. Fyrir „4%“ komi: 6%.
   b. Niður falli „sbr. 5. málsgr. 5. gr.“.
   c. Í staðinn fyrir orðið „mega“ komi: skulu.
7. Á eftir 18. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Nú hefur sveitarstjórn ekki ákveðið að hefja byggingar samkv. IV. kafla þessara laga innan tveggja ára frá gildistöku laganna, og getur þá byggingarfélag verkamanna, sem starfað hefur samkv. eldri lögum um verkamannabústaði, tekið að sér byggingar samkv. þessum lögum og nýtur þá allra réttinda samkv. IV. kafla laganna, en viðkomandi sveitarfélag greiðir Byggingarsjóði verkamanna gjald samkv. ákvörðun húsnæðismálastjórnar.
8. Við 20. gr. Við greinina bætist eftirfarandi málsgreinar:
   Enn fremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður, en hlutaðeigandi sveitarsjóður stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem hann kann að fá til byggingarframkvæmda í kaupstaðnum eða kauptúninu af lánsfé sjóðsins.
   Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á þá íbúa kauptúnsins, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.
9. Á eftir 26. gr. (IV. kafla) komi nýr kafli, sem verður V. kafli: **Um leiguhúsnæði,** og orðist svo:
   Nú kýs sveitarfélag að koma sjálft upp íbúð eða íbúðum og leigja lágtekjufólki, sem af eigin rammleik getur ekki eignazt húsnæði, og er þá húsnæðismálastjórn heimilt að leyfa slíkar byggingar og lána til þeirra á sama hátt og til verkamannabústaða. Húsnæðismálastjórn setur reglur um leigukjör slíkra íbúða.
10. Við ákvæði til bráðabirgða.
    a. Við tölulið 3 bætist:
    Haldast skulu óbreytt ákvæði laga og reglugerða um framkvæmd byggingaráætlana.
    b. Við tölulið 4. Í stað „35 m.kr.“ komi: 85 millj. kr.
    c. Á eftir tölulið 4 komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
    Það fé, sem Byggingarsjóður ríkisins leggur af mörkum til framkvæmdaáætlunar um byggingar í Breiðholti í Reykjavík, ber framkvæmdanefnd byggingaáætlunarinnar að endurgreiða Byggingarsjóði eftir þeim reglum, sem ráðherra setur. Ríkisstjórnin skal, eftir því sem þörf krefur, afla þess fjár, sem framkvæmdanefndinni er skylt að endurgreiða. Því fé, sem þannig rennur í Byggingarsjóð ríkisins, ber húsnæðismálastjórn að úthluta eftir reglum hins almenna veðlánakerfis.

Ed. 845. Tillaga til þingsályktunar [235. mál]

um setningu laga um neytendavernd.

Flm.: Sigurður E. Guðmundsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja í sumar frumvarp til laga um neytendavernd og verði það lagt fyrir Alþingi, er það kemur saman

í haust. Með lagafrumvarpi þessu verði stefnt að því að vernda og tryggja hagsmuni neytenda á hinum ýmsu sviðum viðskiptalífsins, svo sem með könnun á gæðum söluvöru, innlendrar og erlendrar, könnun á gildi og/eða gæðum seldrar þjónustu ýmiss konar, lögfestum skyldum framleiðenda og seljenda hverra við aðra og um hin ýmsu viðskipti þeirra.

Greinargerð.

Varla mun nokkrum manni blandast hugur um nauðsyn þess, að sett verði hið fyrsta lög, er tryggi og verndi hagsmuni neytenda í mun ríkari mæli en nú er. Að vísu eru fyrir hendi lög eins og kaupalögin, er á sínum tíma voru merkilegt framlag til þessara mála og hafa enn mikið gildi. En þau eru nú komin talsvert til ára sinna og því eru þau að vonum ekki lengur fullnægjandi. Segja má raunar einnig, að fyrir hendi séu önnur lög, er að hluta til fjalla um þetta mál, en ekki dugir það til, til sögunnar eru komin ýmiss konar viðskipti, er ekki voru fyrir hendi, er lögin voru sett, og því ná þau ekki til þeirra. Þar við bætist, að einnig hafa viðskiptahættir breytzt mikið, einkum síðari árin.

Mikilvægt er, að í hinni hörðu samkeppni viðskiptalífsins nú á dögum verði hlutur neytandans ekki fyrir borð borinn, heldur verði beinlínis leitazt við að vernda hann og tryggja. Í því skyni starfa samtök eins og Neytendasamtökin. Það hrekkur þó skammt, þótt þau séu öll af vilja gerð. Þau hafa einnig lagt fram eindregnar óskir um, að efnt verði til lagasetningar í þeim dúr, sem lagt er til með þessari þingsályktunartillögu. Meðal annars af þeirri ástæðu er hún hér með fram lögð.

Ed. 846. Tillaga til þingsályktunar [236. mál]

um setningu laga um starfsemi stjórnmálaflokkanna.

Flm.: Sigurður E. Guðmundsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja í sumar lög, er marki meginlínur í starfsemi stjórnmálaflokkanna. Með lögum þessum verði einkum stefnt að því að tryggja það, að lýðræðið verði virt innan þeirra, bæði að því er varðar stefnumótun, töku ákvarðana, er verulegu máli skipta, val frambjóðenda í almennum kosningum og kjör manna í æðstu stjórnir þeirra. Í lögunum skal einnig kveðið á um, hvernig fara skal með fjármál þeirra, og þeim gert að skyldu að gera opinbera grein árlega fyrir fjármálum sínum. Þar skal einnig sett takmark fyrir því, hve miklu fjármagni stjórnmálaflokkar og aðrir þeir, er bjóða fram í almennum kosningum, mega verja til kosningabaráttunnar.

Greinargerð.

Þeir, sem sannfærðir eru um gildi lýðræðis og þingræðis, hljóta að geta fallizt á þá skoðun, að það njóti sín ekki til fulls, nema jafnframt sé m. a. tryggt, að lýðræðið sé í heiðri haft innan stjórnmálaflokkanna og lýðræðisleg vinnubrögð viðhöfð þar. Svo mikilvæg eru þau samtök og svo mikilvægt er, að þau starfi á grundvelli meginreglna, er tryggi lýðræðisleg vinnubrögð innan þeirra, að flutningsmaður telur eðlilegt, að þeim séu settar vissar starfsreglur, er séu hinn lýðræðislegi starfsgrundvöllur þeirra. Reglur þessar kveði m. a. á um, hvar stefna viðkomandi flokks skuli mótuð, með hverjum hætti skuli skipað á framboðslista við almennar kosningar, hverjar stjórnarstofnanir hans skuli vera og með hverjum hætti ákvarðanir

skuli þar teknar. Einnig er lagt til, að í lögunum verði sérstakur kafli um fjármál flokkanna og þeim þar gert að skyldu að birta árlega reikninga sína, er endurskoðaðir hafa verið af svörnum opinberum trúnaðarmönnum. Tíðum eru uppi getsakir í garð stjórnmálaflokkanna um, að þeir hafi tekjur og noti fé, sem ekki sé fengið með hinum venjulega, almenna hætti. Því er ekki heldur að leyna, að fjármál stjórnmálaflokkanna eru í augum almennings nánast sem lokuð bók. Flutningsmaður er sannfærður um, að verði flokkarnir skyldaðir til þess með lögum, að gerðu samkomulagi sín í milli, að birta árlega reikninga sína, er endurskoðaðir hafa verið af þar til kjörnum endurskoðendum hins opinbera, er allir gætu treyst, mundi tortryggni almennings af þessum sökum í garð flokkanna hverfa með öllu og andrúmsloftið þar með hreinsast til mikilla bóta. Þá er einnig lagt til, að flokkunum og frambjóðendum séu sett ákveðin takmörk að því er varðar notkun fjár í kosningabaráttunni. Það getur ekki talizt í fyllsta samræmi við leikreglur lýðræðisins, að fjársterkir stjórnmálaflokkar beiti fjármagni sínu ótæpilega til áróðurs í kosningabaráttunni, en fjárvana flokkar hafi takmarkaða getu til að kynna málstað sinn og stefnu fyrir kjósendum. Í Bretlandi munu vera lög, er ákvarða, hve miklu fé frambjóðendur og stjórnmálaflokkar mega verja til kosningabaráttunnar. Þau voru sett á sínum tíma fyrir forgöngu Verkamannaflokksins, og hefur flutningsmaður þessarar tillögu ekki orðið annars var en þau þyki nú orðið sjálfsögð leikregla þar í landi. Hið sama þyrfti að verða hér á landi.

Stjórnmálaflokkarnir eru einhver mikilvægustu félagasamtök þjóðarinnar og meðal gildustu máttarstólpa, er bera uppi lýðræðisþjóðfélagið. Slíkar stoðir verða að vera heilar og ófeysknar, þær verða að vera eitt með því lýðræðisþjóðfélagi, er þær bera uppi. Að svo verði, verður bezt tryggt með því, að lög verði sett, er flokkarnir byggi starf sitt á. Háværar raddir eru nú uppi um lýðræðislegri vinnubrögð innan stjórnmálaflokkanna, og hafa ýmis félagasamtök gert samþykktir þar að lútandi. Slík lagasetning sem þessi á því greinilega mikinn hljómgrunn með þjóðinni.

Ed. 847. Tillaga til þingsályktunar [237. mál]

um endurskoðun laga um orlof húsmæðra.

Flm.: Sigurður E. Guðmundsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara í sumar endurskoðun á gildandi lögum um orlof húsmæðra. Endurskoðun þessi skal stefna að því, að húsmæðrum almennt, einkum þó hinum efnaminni, verði í ríkari mæli en nú er tryggt árlegt orlof, eftir því sem aðstæður frekast leyfa.

Greinargerð.

Þau lög um orlof húsmæðra, sem nú eru í gildi, eru nr. 45 frá 9. júní 1960. Með þeim er stefnt að því, að allar þær konur, er veita heimili forstöðu, njóti orlofs og eigi kost á orlofsfé í því skyni. Kemur það úr orlofssjóði, en til hans rennur fé úr ríkissjóði (10 krónur fyrir hverja húsmóður í landinu), frá sveitarfélögunum, kvenfélögunum í landinu og með frjálsum framlögum. Landinu er skipt í 40 orlofssvæði.

Þótt ljóst sé, að lög þau, sem hér er lagt til að endurskoðuð verði, hafi verið hið þarfasta nýmæli á sínum tíma, blasir nú við nauðsyn þess, að þau verði færð til samræmis við nýja og breytta tíma. Eins og áður segir, er með lögunum stefnt að því, að allar húsmæður njóti árlegs orlofs. En þau hafa ekki náð þeim tilgangi

sínum. Á síðasta ári nutu a. m. k. 1088 húsmæður orlofs skv. lögunum. Augljóst má vera, að tryggja hefði þurft miklu fleiri húsmæðrum orlof, ekki sízt hinum efnaminni. Sem dæmi þess, hve skammt lög þessi ná í rauninni, má benda á, að á síðasta ári nutu aðeins 230 húsmæður í Reykjavík orlofs á grundvelli laganna, 4 húsmæður á Akureyri, 8 húsmæður á Ísafirði, 48 húsmæður á Austfjörðum, 27 húsmæður á Akranesi. Þessi dæmi eru tekin af handahófi, en eftir því sem flutningsmaður fær bezt séð, virðist mjög misjafnlega stór hundraðshluti húsmæðra í hinum ýmsu byggðarlögum njóta orlofs á grundvelli þessara laga.

Þær konur, sem vinna ekki utan heimilis með húsmóðurstörfunum, hafa sýnilega lítinn eða jafnvel engan sjálfstæðan fjárhagsgrundvöll til orlofs, enda munu fæstar aðrar en þær, sem vel eru efnum búnar, geta veitt sér raunverulegt (hvíldar-)orlof árum saman, þótt heimilisfeðurnum sé hins vegar tryggt árlegt orlof með lögum. Þetta ástand er eigi viðunandi lengur, sízt af öllu fyrir hinar efnaminni húsmæður, sem vegna efnaleysis og erfiðra aðstæðna þarfnast í rauninni miklu fremur árlegs orlofs en hinar, sem betur eru settar efnalega. Það er löggjafans að tryggja a. m. k. þeim það, minna má ekki gagn gera. En eðlilegast og réttast er þó vitaskuld að gera hlut allra húsmæðra jafnan í þessum efnum og tryggja það með lögum. Yrði þá húsmæðrum almennt tryggt nokkurt orlofsfé árlega og þeim jafnframt gefinn kostur á að velja milli ýmissa (hvíldar-)orlofsleiða.

Er þessi tillaga til þingsályktunar kemur fram, er eigi langt til þingloka. Er því eigi víst, að hún fái þinglega afgreiðslu. Engu að síður er hún lögð fram til að minna á það nauðsynja- og réttindamál, sem hér er um að ræða. Nýlega er fram komin tillaga til þingsályktunar um vetrarorlof, er fimm alþingismenn standa að. Þá er og vitað, að endurskoðun gildandi laga um orlof, nr. 16 frá 26. febr. 1943, hefur staðið yfir nú um 4—5 ára skeið, að því er flutningsmanni hefur skilizt. Allt þetta kveikir þá hugmynd, hvort eigi sé rétt, að sett verði hið fyrsta heildarlöggjöf um orlof karla og kvenna. Er sú hugmynd hér með sett fram.

Nd. 848. Frumvarp til laga [215. mál]

um skemmtanaskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. maí.)

Samhljóða þskj. 554 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Greiða skal skatt samkvæmt lögum þessum, þegar aðganga er seld að skemmtunum fyrir almenning.

Í sveitarfélögum, sem hafa færri en 1500 íbúa, skal þó ekki innheimta skatt af verði aðgöngumiða á skemmtanir, sem taldar eru í 1., 2. og 3. flokki.

3. gr. hljóðar svo:

Undanþegnar öllum skemmtanaskatti eru þessar skemmtanir:

a. Hljómleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, svo og aðrir klassískir tónleikar og klassískar söngskemmtanir, eftir nánari ákvörðun ráðherra.
b. Leiksýningar Þjóðleikhússins, svo og hliðstæðar leiksýningar annarra aðila, eftir nánari ákvörðun ráðherra.
c. Sýningar á listdansi og þjóðdönsum.
d. Fræðandi fyrirlestrar.

e. Sýningar á íslenzkum kvikmyndum, og telst það sýning á íslenzkri kvikmynd, ef hún tekur a. m. k. helming venjulegs sýningartíma, þótt erlend kvikmynd sé sýnd með henni.
f. Íþróttasýningar, enda renni ágóðinn óskiptur til íþróttastarfsemi.
g. Skemmtanir skóla og skólafélaga, annarra en dansskóla, enda séu þær aðeins fyrir nemendur og kennara ásamt gestum þeirra og haldnar undir umsjá skólastjórnar.
h. Innanfélagsskemmtanir, aðrar en dans, sem eru aðeins fyrir félagsmenn og gesti þeirra. En sannist það, að utanfélagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemmtunum, skal það skoðað sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemmtun eftir 2. gr., 3. flokki.

Ráðherra er heimilt að láta haldast að nokkru eða öllu leyti undanþágur þær frá greiðslu skemmtanaskatts, er þær skemmtanir hafa notið, sem haldnar eru til fjáröflunar fyrir góðgerðar-, líknar- og björgunarstarfsemi, sjúkrasjóði með staðfestri skipulagsskrá, sjúkrahús, elliheimili, æskulýðsheimili, kirkjustarfsemi eða bindindisstarfsemi, sem nýtur styrks úr ríkissjóði.

Ráðherra er enn fremur heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti dansleiki, sem unglingar frá 16 til 21 árs aldurs eiga einir aðgang að, enda sé aðgangur seldur vægu verði og fullnægt öðrum skilyrðum, sem ráðherra setur.

Loks er ráðherra heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti dansskemmtanir, með eða án minni háttar skemmtiatriða, enda sé vín ekki um hönd haft á þessum skemmtunum og þær ekki haldnar í danshúsum, sem löggilt eru fyrir 300 gesti eða fleiri í sæti. Ráðherra ákveður, hvaða skemmtistaðir skuli teljast danshús í þessu sambandi. Þó skulu samkomu- eða veitingahús, þar sem dans fer að jafnaði fram 20 sinnum á mánuði, ávallt talin danshús. Þeir, sem fá undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts samkvæmt framansögðu, eru skyldir til að greiða þann kostnað af löggæzlu, sem nauðsynleg er talin í þessu sambandi.

6. gr. hljóðar svo:

Skemmtanaskattur rennur í Félagsheimilasjóð, nema annars sé getið í lögum þessum.

Að því er tekur til reglugerða fyrir bæjar- og hreppsfélög, sem settar hafa verið og staðfestar samkvæmt lögum um skemmtanaskatt, nr. 3 22. nóv. 1918, og enn eru í gildi, þá skal haldast réttur viðkomandi bæjar- og hreppsfélaga til að innheimta í bæjar- eða sveitarsjóði skemmtanaskatt, svo sem í reglugerðunum greinir, enda fer og um önnur atriði, sem skattinn varða, eftir ákvæðum reglugerðanna. Skattur samkvæmt lögum þessum lækkar um þann hluta, sem fellur til hreppseða bæjarfélaga samkvæmt reglugerðunum.

Felld er niður undanþága sú frá greiðslu skemmtanaskatts, sem kvikmyndasýningar í Reykjavík á vegum Sáttmálasjóðs og kvikmyndasýningar bæjarsjóða Akraness og Hafnarfjarðar hafa notið samkvæmt d-lið 3. gr. laga nr. 56/1927, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1963, svo og undanþágur, sem kvikmyndahúsum hafa verið veittar skv. 2. mgr. 3. gr. l. nr. 56/1927, sbr. l. nr. 24/1963. Skemmtanaskattinn skal þó ráðherra heimilt að endurgreiða þeim aðilum, sem að undanförnu hafa notið tekna vegna framannefndra undanþága, með þeim skilmálum, að fé verði notað í því skyni, sem var ástæða undanþágunnar. Endurgreiðsluréttur nær þó eigi til þess hluta skemmtanaskattsins, sem renna á til Sinfóníuhljómsveitar og Menningarsjóðs, sbr. 7. og 8. gr. Heimilt er ráðherra að veita sams konar endurgreiðslurétt vegna eins kvikmyndahúss, er rekið sé af opinberum aðila, í hverjum hinna annarra kaupstaða, enda sé fénu varið til menningar- eða mannúðarmála.

8. gr. hljóðar svo:

Leggja skal sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða samkvæmt 2. flokki 2. gr., að undanteknum kvikmyndasýningum fyrir börn, og að dansleikjum samkvæmt a-

lið 3. flokks sömu greinar. Nemur gjald þetta 1.5% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að kvikmyndahúsum og 3% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að dansleikjum.

Gjald þetta rennur óskipt í Menningarsjóð.

Um innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um innheimtu annars skemmtanaskatts samkvæmt lögum þessum.

Ed. 849. Breytingartillögur [198. mál]

við frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Birni Jónssyni og Kristjáni Thorlacius.

1. Við 1. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Ráðherra skipar húsnæðismálastjórn. Í stjórninni skulu eiga sæti fimm menn, og skulu tveir skipaðir samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, tveir eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Félags íslenzkra iðnrekenda og Landssambands íslenzkra útvegsmanna og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt.
2. Við 15. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Ráðherra skipar þá stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í stjórninni eiga sæti þrír menn, sem skipa skal þannig: Einn eftir tilnefningu sveitarstjórnar, einn samkv. tilnefningu húsnæðismálastjórnar og einn eftir tilnefningu verkalýðsfélaga í sveitarfélaginu.

Nd. 850. Lög [12. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 818.

Nd. 851. Lög [214. mál]

um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 686.

Ed. 852. Lög [198. mál]

um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 821 (sbr. 486).

